

**ÚRSKURÐUR
ÓBYGGÐANEFNDAR**

Mál nr. 4/2014

Arnarvatnsheiði, Geitland og Langjökull



11. október 2016

EFNISYFIRLIT

1	ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD	3
2	MÁLSMEDFERÐ	3
2.1	Hlutverk óbyggðanefndar	3
2.2	Mýra- og Borgarfjarðarsýsla, að undanskildum Kolbeinsstaðahreppi ásamt Langjökli (svæði 8 vestur), tekin til umfjöllunar	4
2.3	Lýstar kröfur og kynning	4
2.4	Mál nr. 4/2014, Arnarvatnsheiði, Geitland og Langjökull	5
3	KRÖFUGERÐ	7
3.1	Kröfur íslenska ríkisins	7
3.2	Kröfur Blóghóskólagabyggðar vegna Langjökuls	9
3.3	Kröfur Sjálfseignarstofnunar um Arnarvatnsheiði og Geitland vegna Arnarvatnsheiðar og útskipts lands Þorvaldsstaða	9
3.4	Kröfur Halldórs Sigurðssonar vegna útskipts lands úr Þorvaldsstöðum	10
3.5	Kröfur Sjálfseignarstofnunar um Arnarvatnsheiði og Geitland vegna Geitlands	11
3.6	Kröfur eigenda Kalmanstungu I og II vegna sameignarlands Kalmanstungna	12
3.7	Kröfur Ólafs Magnússonar um réttindi Gilsbakka innan ágreiningsvæða vegna Arnarvatnsheiðar útskipts lands úr Þorvaldsstöðum	12
3.8	Kröfur Borgarbyggðar vegna Arnarvatnsheiðar og Geitlands	13
4	GÖGN OG GAGNAÖFLUN	14
4.1	Inngangur	14
4.2	Rannsóknarskylda óbyggðanefndar	14
4.3	Vettvangsferð	15
4.4	Skýrslutökur	15
5	SAGA LANDSVÆÐA	16
5.1	Landnám	16
5.2	Afréttir og afréttarnot	20
5.3	Kalmanstunga og Arnarvatnsheiði	37
5.3.1	Aðliggjandi og tengd svæði	87
5.3.1.1	Efranúpsheiði	87
5.3.1.2	Fljótstunga (aðliggjandi)	88
5.3.1.3	Gilsbakki og Lambatungur (aðliggjandi og heimildir um réttindi á Arnarvatnsheiði)	89
5.4	Þorvaldsstaðir	99
5.4.1	Aðliggjandi og tengd svæði	102
5.4.1.1	Arnarvatnsheiði	102
5.4.1.2	Gilsbakki og Lambatungur	102
5.4.1.3	Fljótstunga	103
5.5	Geitland	104
5.5.1	Aðliggjandi og tengd svæði	157
5.5.1.1	Húsafell	157
5.6	Langjökull	158
6	NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR	159
6.1	Efnisskipan og sameiginleg atriði	159
6.1.1	Almennar niðurstöður óbyggðanefndar	159
6.1.2	Dómafordæmi í þjóðlendumálum	159

6.2	Landnám.....	160
6.3	Kalmanstunga og Arnarvatnsheiði	160
6.3.1	Inngangur	160
6.3.2	Sjónarmið aðila	161
6.3.3	Niðurstaða	170
6.4	Porvaldsstaðaland.....	202
1.4.1	Inngangur	202
1.4.2	Sjónarmið aðila	203
1.4.3	Niðurstaða	205
6.5	Geitland	211
6.5.1	Inngangur	211
6.5.2	Sjónarmið aðila	211
6.5.3	Niðurstaða	221
6.6	Langjökull	241
6.6.1	Inngangur	241
6.6.2	Sjónarmið aðila	241
6.6.3	Niðurstaða	243
6.7	Um málskostnað	245
7	ÚRSKURÐARORÐ.....	246

VIÐAUKI

Almennar niðurstöður óbyggðanefndar með viðaukum. Svæði 1–8 norður.

FYLGISKJÖL

- I. Kort
- II. Aðilaskrá
- III. Skjalaskrá

1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Þriðjudaginn, 11. október 2016, er tekið fyrir mál nr. 4/2014, Arnarvatnsheiði, Geitland og Langjökull, og í því kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Allan V. Magnússon formaður og nefndarmennirnir Ása Ólafsdóttir og Hulda Árnadóttir.

Aðilar máls eru¹:

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna.

(Andri Árnason hrl.)

Sveitarfélagið Bláskógarbyggð vegna Langjökuls.

(Ólafur Björnsson hrl.)

Sjálfseignastofnunin Arnarvatnsheiði og Geitland vegna Geitlands, Arnarvatnsheiðar og útskipts lands úr Þorvaldsstöðum.

Ástríður Sigurðardóttir og Ólafur Kristófersson vegna Kalmanstungu I.

Bryndís J. Jónsdóttir og db. Kalmans Stefánssonar vegna Kalmanstungu II.

Halldór Sigurðsson vegna Þorvaldsstaða.

(Óskar Sigurðsson hrl.)

Ólafur Magnússon vegna Gilsbakka.

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Borgarbyggð vegna Arnarvatnsheiðar og Geitlands.

(Gunnlaugur A. Júlíusson sveitarstjóri)

2 MÁLSMEÐFERÐ

2.1 Hlutverk óbyggðanefndar

Hinn 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr:

- a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar, fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

¹ Sjá nánar í aðilaskrá (fylgiskjal II).

2.2 Mýra- og Borgarfjarðarsýsla, að undanskildum Kolbeinsstaðahreppi ásamt Langjökli (svæði 8 vestur), tekin til umfjöllunar.

Með bréfi, dagsettu 21. febrúar 2008, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til umfjöllunar svæði 8, sbr. 8., 11. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Landsvæði þetta, hið níunda í röðinni hjá óbyggðanefnd, tók til Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Sveitarfélagsins Skagastrandar, Skagabyggðar, Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps vestan Blöndu, Húnaþings vestra, Borgarbyggðar (fyrir utan fyrrum Kolbeinsstaðahrepp), Skorradalshrepps, Hvalfjarðarsveitar og Akraneskaupstaðar. Með bréfi til fjármálaráðherra, dags. 28. október 2008, tilkynnti óbyggðanefnd að ákveðið hefði verið, að höfðu samráði við sérfræðinga á Þjóðskjalasafni Íslands, að skipta svæði 8 í tvennt. Landsvæði það sem til umfjöllunar er eftir þessa breytingu er nefnt Mýra- og Borgarfjarðarsýsla að undanskildum fyrrum Kolbeinsstaðahreppi ásamt Langjökli (8B eða 8 vestur). Ákveðið var að fyrrum Kolbeinsstaðahreppur skyldi tilheyra svæði 9. Var sú ákvörðun tekin í kjölfar álits sérfræðinga á Þjóðskjalasafni Íslands, dags. 10. október 2008. Norðurhluti hins upprunalega svæðis nefnist Norðvesturland (svæði 8A eða 8 norður), og voru úrskurðir kveðnir upp á því svæði 19. desember 2014.

Landsvæðið Mýra- og Borgarfjarðarsýsla að undanskildum fyrrum Kolbeinsstaðahreppi ásamt Langjökli afmarkast svo:

Að norðvestan- og norðanverðu afmarkast svæðið af sveitarfélagamörkum Borgarbyggðar gagnvart austurmörkum fyrrum Kolbeinsstaðahrepps, Dalabyggð, Húnaþingi vestra og Húnavatnshreppi þar til komið er að jaðri Langjökuls. Að austan afmarkast svæðið af austur- og suðurjaðri Langjökuls þar til komið er að suðausturmörkum Borgarbyggðar. Þaðan er þeim mörkum fylgt þar til kemur að austurmörkum Hvalfjarðarsveitar sem svo er fylgt til suðvesturs og vesturs að hafi. Að vestanverðu afmarkast svæðið af hafi.

Fjármála- og efnahagsráðherra var upphaflega veittur frestur til 31. maí 2013 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, væri um slíkar kröfur að ræða. Kröfulýsingafrestur fjármála- og efnahagsráðherra var fyrst framlengdur til 31. júlí 2013, síðar til 15. október sama ár og svo til 1. desember 2013. Að lokum var veittur frestur til 10. desember 2013, og með því orðið við rökstuddum beiðnum íslenska ríkisins um fresti, að teknu tilliti til stöðu gagnaöflunar vegna svæðisins.

Sýslumönnum og fyrirsvarsmönnum viðkomandi sveitarfélaga, þ.e. Borgarbyggðar, Skorradalshrepps, Hvalfjarðarsveitar og Akraneskaupstaðar, var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar og gerð grein fyrir framhaldinu.

2.3 Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsingar fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, um þjóðlendur í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu bárust óbyggðanefnd þann 10. desember

2013. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um málsmeðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingablaðinu 18. desember 2013, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 20. mars 2014. Þá kom fram að yfirlýsingu um kröfugerð og málsmeðferð yrði þinglýst á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar væru í þinglýsingabók og málið varðaði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Kröfulýsingarfrestur annarra en íslenska ríkisins var síðar framlengdur til 16. apríl 2014.

Kröfur fjármála- og efnahagsráðherra voru gerðar aðgengilegar almenningi á skrifstofum sýslumanna á Akranesi, Borgarnesi og Búðardal, auk viðomandi sveitarfélaga og á heimasíðu óbyggðanefndar. Þá var málið kynnt í fjölmiðlum.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og voru þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum sýslumanna á Akranesi, Borgarnesi og Búðardal, frá 5. maí til og með 5. júní 2014, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 12. júní 2014. Framangreind kynningargögn voru jafnframt aðgengileg á skrifstofum viðkomandi sveitarfélaga, skrifstofu óbyggðanefndar og heimasíðu óbyggðanefndar. Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdarfrests.

Fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, lagði fram kröfulýsingar um þjóðlendur á svæðinu í einum hluta. Á móti bárust 27 kröfulýsingar ýmissa aðila, sem sumar sköruðust eða náðu til fleiri en eins landsvæðis.

2.4 Mál nr. 4/2014, Arnarvatnsheiði, Geitland og Langjökull.

Þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins var skipt niður í fimm mál, þ.e. mál nr. 1/2014, landsvæði milli Hítarvatns og Fossdalsár; mál nr. 2/2014, hluti fyrrum Norðurárdalshrepps; mál nr. 3/2014, Hvítársíða, Þverárhlið og Norðurárdalur; mál nr. 4/2014, Arnarvatnsheiði, Geitland og Langjökull og mál nr. 5/2014, fyrrum Lundarreykjadalshreppur og hluti fyrrum Hálsahrepps.

Mál nr. 4/2014 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila þann 5. maí 2014. Farið var yfir forsögu meðferðar svæðis 8B og stöðu kynningar krafna aðila. Gerð var grein fyrir skiptingu svæðisins í mál og því að óbyggðanefnd skipuðu í málinu þau Allan V. Magnússon varaformaður, Ása Ólafsdóttir og Hulda Árnadóttir. Gefið var færi á athugasemdum en engar slíkar komu fram. Lögð voru fram skjöl til upplýsinga fyrir lögmenn, ásamt skjalaskrá, og upplýst um ýmis atriði varðandi gagnaöflun nefndarinnar. Skorað var á lögmenn að fara yfir tiltekin atriði af sinni hálfu og gera athugasemdir ef þeir teldu ástæðu til. Þá var vakin athygli á þinglýsingu athugasemdar um yfirstandandi þjóðlendumál á landsvæði á ágreiningssvæði, skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, og óskað eftir að lögmenn gerðu umbjóðendum sínum grein fyrir því atriði. Einnig var gerð grein fyrir mikilvægi

Þess að lögmenn og óbyggðanefnd ynnu saman að því að þeir sem hagsmuna ættu að gæta gerðust aðilar að málinu. Ennfremur var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr. Þjóðlendulaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Þá var því beint til lögmanna að kanna hvort ljúka mætti málinu að einhverju eða öllu leyti með sátt, sbr. 15. gr. Þjóðlendulaga. Farið var yfir væntanlegt fyrirkomulag aðalmeðferðar í málinu. Loks var íslenska ríkinu veittur frestur til að skila greinargerð í málinu.

Við aðra fyrirtöku málsins, 5. júní 2014, var lögð fram greinargerð af hálfu íslenska ríkisins. Einnig voru lögð fram frekari gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti. Gerð var grein fyrir stöðu gagnaöflunar óbyggðanefndar. Við sama tækifæri var öðrum málsaðilum veittur frestur til skila á greinargerðum.

Við þriðju fyrirtöku málsins, 8. júlí 2014, voru lagðar fram greinargerðir af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins vegna Arnarvatnsheiðar og útskipts lands Þorvaldsstaða, Geitlands, Kalmandstungu I og II og Þorvaldsstaða. Einnig voru lögð fram frekari gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti. Gerð var grein fyrir stöðu málsmeðferðar vegna kynningar heildarkrafna. Sveitarfélaginu Bláskógarbyggð var veittur umbeðinn viðbótarfrestur til að skila greinargerð. Að lokum var farið yfir tilhögun fyrirhugaðrar aðalmeðferðar.

Við fjórðu fyrirtöku málsins, 14. ágúst 2014, var lögð fram greinargerð fyrir hönd Bláskógarbyggðar vegna Langjökuls. Einnig voru lögð fram frekari gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti. Gerð var grein fyrir stöðu gagnaöflunar óbyggðanefndar.

Sá hluti aðalmeðferðar er snýr að vettvangsferð fór fram 26. ágúst 2014 en um hana vísast nánar til kafla 4.3.

Við fimmtu fyrirtöku málsins, 29. september 2014, var gerð grein fyrir stöðu gagnaöflunar óbyggðanefndar og farið yfir sjónarmið lögmanna varðandi gagnöflun, sáttaferli og aðalmeðferð.

Við sjöttu fyrirtöku málsins, 8. október 2014, var látið reyna á sættir aðila að frumkvæði óbyggðanefndar, sbr. 15. gr. laga nr. 58/1998. Óskað var eftir afstöðu lögmanna aðila til þess hvort grundvöllur væri til að setta málín að einhverju eða öllu leyti. Var lögmönnum boðið að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum. Ekki reyndist grundvöllur til sátta að svo stöddu. Farið var yfir stöðu gagnaöflunar óbyggðanefndar.

Við sjöundu fyrirtöku málsins, 12. desember 2014, voru lagðar fram, af hálfu íslenska ríkisins, breytingar á kröfulínu um þjóðlendu á milli punkta nr. 25–26 og milli punkta nr. 26–28. Lögmaður gagnaðila andmælti breytingunni á milli punkta nr. 25–26 en gerði ekki athugasemdir við síðarnefndu breytinguna. Var farið yfir fyrirkomulag þess hluta aðalmeðferðar er sneri að skýrslutökum og málflutningi og frekari gögn lögð fram.

Sá hluti aðalmeðferðar er snýr að skýrslutökum og málflutningi fór fram 15. desember 2014. Fundað var á Hótel Hamri í Borgarnesi. Vísast nánar um það til kafla 4.4. Var málið tekið til úrskurðar að málflutningi loknum.

Málið var endurupptekið 29. ágúst 2016 og lögð fram ný gögn. Þau höfðu áður verið kynnt lögmonnum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum. Engar athugasemdir komu fram og ekki var talin þörf á endurflutningi málsins. Við endurupptökuna skýrði óbyggðanefnd lögmonnum frá því að nefndin hefði með vísan til 2. mgr. 13. gr. laga nr. 58/1998 vakið athygli Borgarbyggðar á því að í málinu væru tilvik sem kynni að vera að ágreiningssvæði eða hluti þess væri afréttur jarða í hreppum sem sameinuðust undir merkjum Borgarbyggðar, sbr. b-lið 7. gr. þjóðlendlaga nr. 58/1998. Sveitarstjóri Borgarbyggðar hafði fyrir þennan sama dag óskað eftir frekari upplýsingum og fresti til að taka efnislega afstöðu til málsins. Lögmenn gerðu ekki athugasemd við að sá frestur yrði veittur og var málinu því frestað.

Málið var tekið fyrir að nýju 5. október 2016. Lögð voru fram ný gögn, þ.á m. þrautavarakrafa Borgarbyggðar um að viðurkennt yrði að Arnarvatnsheiði og Geitland væri afréttur jarða í sveitarfélaginu, sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Af hálfu Borgarbyggðar var sérstaklega tekið fram að þrautarvarakrafan viki fyrir betri rétti sem Sjálfseignarstofnun um Arnarvatnsheiði og Geitland kynni að eiga um afréttareign á svæðinu. Engar athugasemdir komu fram varðandi þrautavarakröfuna. Ákveðið var að lögmenn fengju færi á að kynna sér ný gögn sem komið hefðu fram í málinu áður en afstaða yrði tekin til þess hvort málin yrðu endurflutt.

Loks var málið tekið fyrir föstudaginn, 7. október 2016. Þar kom fram að lögmenn teldu ekki þörf á endurflutningi. Var málið því tekið til úrskurðar að nýju.

3 KRÖFUGERÐ

3.1 Kröfur íslenska ríkisins

Af hálfu fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins er kröfum í málinu lýst í fjórum hlutum. *Í fyrsta lagi* er lýst kröfum til landsvæðis sem vísað er til sem Arnarvatnsheiðar af hálfu ríkisins. Þar er um að ræða svæði sem gagnaðilar íslenska ríkisins vísa til sem Arnarvatnsheiðar, sameignarlands Kalmanstungu I og II og útskipts lands úr Þorvaldsstöðum. *Í öðru lagi* taka kröfur íslenska ríkisins til Geitlands. *Í þriðja lagi* taka kröfurnar til landsvæðis sunnan Geitlands, miðað við afmörkun íslenska ríkisins á Geitlandi, og *í fjórða lagi* til Langjökuls. Að því er varðar landsvæðið sem íslenska ríkið byggir á að sé sunnan marka Geitlands skal þess getið að í kröfu íslenska ríkisins til þess svæðis er lýst í einu lagi og án aðgreiningar með kröfum til ágreiningssvæða sem fjallað er um í máli nr. 5/2014 hjá óbyggðanefnd. Hér á eftir er lýst þeim hluta krafna íslenska ríkisins sem tekur til umrædds svæðis. Þar sem gagnaðili íslenska ríkisins vegna Geitlands miðar kröfur sínar við að umrætt svæði sé innan marka Geitlands er þó fjallað um svæðið með Geitlandi í þessu máli. Þess er nánar tiltekið krafist að viðurkennt verði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað þjóðlenda og allt til viðmiðunarmarka kröfusvæðis:

Arnarvatnsheiði:

Upphafspunktur hér eru ármót Skammár og Lambár, rétt norðan við Hólmavatn (21). Skammá er fylgt í Árneshól (22), sem svo ræður þar til það fellur í Litlafljót (23). Litlafljót ræður þar til Þorvaldslækur fellur í það (24), þaðan í Axlarþúfu (25), niður hlíðina, yfir vestari klett á mel, merkjaklett og eftir læk þeim sem fellur ofan eftir Stórufljót nokkru fyrir vestan Kleppa en rétt fyrir framan köstin í Norðlingafljót (26), þaðan suður eftir merkjagirðingu (yngri) sem liggur á milli Kalmanstungu II og sameignarlands Kalmanstungna að Hvítá (28), en þar er hornpunktur landamerkja Kalmanstungu II, sameignarlands Kalmanstungna og Geitlands.[...]Hvítá er svo fylgt í Hafragil (29), Hafragili er fylgt að vesturjaðri Langjökuls (30), sbr. kröfulýsing í Langjökul, vesturjaðri jökulsins er svo fylgt í norður og í jökulenda við sýslumörk Húnavatnssýslu og þaðan beint norður í Lyklafell (31), úr Lyklafelli er sýslumörkum og afmörkun kröfusvæðis fylgt alla leið að austurenda Urðhæðavatn (32) þar sem er hornmark gagnvart upprekstrarlandi Gilsbakka, þaðan í suður í vesturenda Úlfsvatns (33), þaðan eftir Úlfsvatnsá niður að Úlfsvatnsárlóni, (34), þar sem mætast merki Arnarvatnsheiðar, útskipts lands Þorvaldsstaða og upprekstrarlands Gilsbakka, þaðan í hávestur yfir og síðan suður, yfir Grunnuvötn að Lambá við Grunnuvötn (35), þaðan er Lambá fylgt til suðurs að ármótum hennar og Skammár, rétt norðan við Hólmavatn (21) sem er upphafspunktur.

Geitland:

Upphafspunktur eru ármót Geitár og Hvítár (1), þaðan er Hvítá fylgt austur eins og hún fellur á mörkum Hvítársíðu – og Hálsahreppa, allt til upptaka í Langjökli (2), þaðan er jökuljaðar Langjökuls og síðan Geitlandsjökuls látin ráða mörkum til suðurs að upptökum Geitár (3) við jökuljaðarinn fyrir austan Prestahnjúk, megin – eða lengstu kvísl árinna sunnan Prestahnjúks er svo fylgt vestur í miðjan Kaldadal og ánni svo fylgt til norðurs og að ármótum hennar og Hvítár, sem er upphafspunktur (1).

Langjökull:

Upphafspunktur er sveitafélagamörk Borgarbyggðar og Húnavatnshrepps við jökuljaðar Langjökuls beint suður af Hundavötnum (1), þaðan er farið réttsælis með austurjaðri og síðan suðurjaðri Langjökuls að sýslumörkum Borgarfjarðarsýslu og Árneshól í Geitlandsjökli (2), þaðan er farið með vesturjaðri Langjökuls alla leið norður að sveitafélagamörkum Borgarbyggðar og Húnavatnshrepps við jökuljaðar Langjökuls beint suður af Hundavötnum, sem jafnframt er upphafspunktur (1).

Loks er þeim hluta krafna íslenska ríkisins sem taka til svæðisins sem byggt er á að sé sunnan marka Geitlands, lýst svo:

[...] við hábungu Oks, yfir þveran Kaldadal að Geitá (13), á þeim stað u.þ.b. á miðjum Kaldadal þar sem megin – eða lengsta kvísl árinna frá Geitlandsjökli

fer að renna til norðurs, þaðan er farið austur að upptökum Geitár (14), en þau munu vera í Geitlandsjökli í miðju þess gljúfurs sem er á milli jökulsins og Syðra-Hádegisfells, þaðan er farið til suðausturs eftir jökuljaðri Geitlandsjökuls að sveitarfélagamörkum og sýslumörkum Borgarfjarðar – og Árnassýslna (15). Þaðan er sýslumörkum sem jafnframt eru sveitarfélagamörk og afmarka ennfremur kröfusvæðið til vesturs skv. tilkynningu óbyggðanefndar, fylgt í hábungu Þórisjökuls (16), þaðan til vesturs í vörðu við eða í vesturhlíðum Þórisjökuls (17), þaðan er farið með sýslumörkum til suðurs [...].²

3.2 Kröfur Blógskógabyggðar vegna Langjökuls

Þess er krafist að við meðferð óbyggðanefndar á framkominni þjóðlendukröfu fjármálaráðherra, f.h. íslenska ríkisins, að því er varðar Langjökul að gætt verði hagsmuna sveitarfélagsins Bláskógarbyggðar að því er sveitarfélagamörk varðar.

Þess er krafist að viðurkennt verði að landamerki lands á jökli innan marka sveitarfélagsins Bláskógarbyggðar verði ákvörðuð í samræmi við heimildir um vatnaskil, framlagðar landamerkjaskrár aðliggjandi eigna, hefð og venju, sbr. sameiginlegt kröfukort.

Jafnframt er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur sveitarfélagsins á landsvæðinu. Í þeim afnotarétti felist öll venjubundin afréttarnot, að fornu og nýju, sem og þeim sem mögulega eru eða verða, ef land kemur undan jökli.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar, í samræmi við framlagðan málskostnaðarreikning, landeiganda að skaðlausu.

3.3 Kröfur Sjálfseignarstofnunar um Arnarvatnsheiði og Geitland vegna Arnarvatnsheiðar og útskipts lands Þorvaldsstaða

Þess er krafist aðallega að viðurkenndur verði beinn eignaréttur landeiganda að því landsvæði sem lýst er innan neðangreindra merkja og ber annars vegar heitið Arnarvatnsheiði og er hins vegar nefnt útskipt land Þorvaldsstaða:

Arnarvatnsheiði:

Frá því sem mætast landamerki óskipts sameignarlands Kalmanstungna og landamerki Arnarvatnsheiðar á vatnaskilum Langjökuls (1) til norðaustur eftir vatnaskilum Langjökuls í punkt suður af Lyklafelli (2) og svo í hánorður í Lyklafell (3), þaðan í hávestur í Réttarvatnstanga (4) og þaðan áfram til vesturs í merkjastein á Svartarhæð (5) og þaðan áfram til vesturs í hól norðan Hlíðarvatns (6), þaðan enn til vesturs niður að hólma í Strýpálónalæk norðan Hávaðavatns (7), þaðan í merkjastein á Hraungörðum (8) og þá til suðurs að austurenda Urðhæðavatn þar sem mætast landamerki Arnarvatnsheiðar og upprekstrarlands Gilsbakka (9), þaðan til suðurs að vesturenda Úlfsvatns (10)

² Gerð er grein fyrir umræddri kröfugerð að öðru leyti í kafla 3.1 í máli nr. 5/2014.

og þaðan eftir Úlfsvatnsá niður að Úlfsvatnsárlóni þar sem mætast landamerki Arnarvatnsheiðar, útskipts lands Þorvaldsstaða og upprekstrarland Gilsbakka (11), þaðan áfram til suðurs að Arnarsteini (12) og áfram í Þorvaldsvötn norðan til (13) og síðar Þorvaldsvötn (14) og þaðan með Þorvaldslæk að Litla-Fljóti þar sem mætast landamerki Arnarvatnsheiðar, útskipts lands Þorvaldsstaða og Fljótstungu (15), þaðan áfram til suðurs í Axlarþúfu (16), síðan vestari klett á mel (17), og þá í merkjaklett (18) og merkjavörðu neðst á mel (19) og þaðan í Lágargil (20) og síðan að Norðlingafljóti við Lágargil þar sem mætast landamerki Arnarvatnsheiðar, Kalmanstungu II og óskipts sameignarlands Kalmanstungna (21), þaðan til norðausturs að Norðlingafljóti við merkjagirðingu (22) þaðan til norðausturs og síðar austurs eftir Norðlingafljóti og síðar Reykía að ósi Reykár við norðurbakka Reykjarvatns (23), þaðan eftir norðurbakka Reykjarvatns í beinni línu suðaustur að vatnaskilum á Langjökli þar sem mætast landamerki Arnarvatnsheiðar og óskipts sameignarlands Kalmanstungna (1).

Útskipt land Þorvaldsstaða:

Frá Litla Fljóti við Árnegil við landamerki útskipts lands Þorvaldsstaða, Þorvaldsstaða og Fljótstungu (1) til norðurs og norðausturs að Þorvaldslæk við landamerki útskipts lands Þorvaldsstaða, Fljótstungu og Arnarvatnsheiðar (2), þaðan áfram til norðausturs með Þorvaldslæk að Þorvaldsvötnum (3) og síðar Þorvaldsvötnum norðan til (4) og áfram í Arnarstein (5) og þaðan í Úlfsvatnsárlón þar sem mætast landamerki útskipts lands Þorvaldsstaða, upprekstrarland Gilsbakka og Arnarvatnsheiði (6), þaðan til vesturs milli Grunnuvatna (7) og síðar suðurs að Lambá við Grunnuvötn (8) og síðan til suðvesturs með Lambá að Skammá þar sem mætast landamerki útskipts lands Þorvaldsstaða, Gilsbakka, upprekstrarlands Gilsbakka og Þorvaldsstaða (9), þaðan til suðausturs að Árnegili (10) og síðan suðurs að Litla-Fljóti við Árnegil (1).

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn og óskoraður afnotaréttur landeiganda að nefndum landsvæðum innan áðurlýstra merkja, sem kunna að verða úrskurðuð þjóðlendur. Undir þann afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.á m. upprekstrar-, beitar-, námu- og veiðiréttur.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi íslenska ríkisins, samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi eða að mati óbyggðanefndar, að viðbættum virðisaukaskatti.

3.4 Kröfur Halldórs Sigurðssonar vegna útskipts lands úr Þorvaldsstöðum

Þess er krafist að viðurkenndur verði óbeinn eignaréttur landeiganda, í formi beitarréttar, að því landsvæði sem lýst er innan neðangreindra merkja og nefnt er útskipt land Þorvaldsstaða:

Frá Litla Fljóti við Árneshól til norðurs og norðausturs að Þorvaldsslæk við landamerki útskipts lands Þorvaldsstaða, Þorvaldsstaða og Fljótstungu (1) til norðurs og norðausturs að Þorvaldsslæk við landamerki útskipts lands Þorvaldsstaða, Fljótstungu og Arnarvatnsheiðar (2), þaðan áfram til norðausturs með Þorvaldsslæk að Þorvaldsvötnum (3) og síðar Þorvaldsvötnum norðan til (4) og áfram í Arnarstein (5) og þaðan í Úlfsvatnsárlón þar sem mætast landamerki útskipts lands Þorvaldsstaða, upprekstrarland Gilsbakka og Arnarvatnsheiði (6), þaðan til vesturs milli Grunnuvatna (7) og síðar suðurs að Lambá við Grunnuvötn (8) og síðan til suðvesturs með Lambá að Skammá þar sem mætast landamerki útskipts lands Þorvaldsstaða, Gilsbakka, upprekstrarlands Gilsbakka og Þorvaldsstaða (9), þaðan til suðausturs að Árneshóli (10) og síðan suðurs að Litla-Fljóti við Árneshól (1).

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi íslenska ríkisins, samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi eða að mati óbyggðanefndar, að viðbættum virðisaukaskatti.

3.5 Kröfur Sjálfseignarstofnunar um Arnarvatnsheiði og Geitland vegna Geitlands

Þess er krafist aðallega að viðurkenndur verði beinn eignaréttur landeiganda að því landsvæði sem lýst er innan neðangreindra merkja og ber heitið Geitland:

Frá vesturhlíðum Þórisjökuls þar sem mætast landamerki Geitlands og Leirdala (1), austur í hábungu Þórisjökuls (2), þaðan í norðaustur í hábungu Geitlandsjökuls (3), þaðan áfram til norðausturs eftir vatnaskilum Langjökuls þar til mætast landamerki Geitlands og óskipts sameignarlands Kalmanstungna á vatnaskilum Langjökuls (4), þaðan til norðvesturs að drögum Hafragils (5), þaðan til norðvesturs og síðar vesturs að Hvítá við Hafragil (6), þaðan til vesturs að Hvítá við gamlan farveg Hvítár (7) eftir Hafragili og Hvítá að merkjagirðingu milli Geitlands og Kalmanstungu II (8), þaðan áfram til vesturs að Markarkletti við Hvítá (9), þaðan eftir gömlum farvegi Hvítár að Hvítá við landamerki Kalmanstungu I, Húsafells III og Geitlands (10), þaðan til austurs að Geitá við merkjagirðingu Geitlands og Húsafells II (11), þaðan í suður eftir Geitá að drögum Geitár milli Oks, Þórisjökuls og Geitlandsjökuls (12) og áfram til suðurs að vesturhlíðum Þórisjökuls (1).

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn og óskoraður afnotaréttur landeiganda að nefndu landsvæði innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir þann afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.á m. upprekstrar-, beitar-, námu- og veiðiréttur.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi íslenska ríkisins, samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi eða að mati óbyggðanefndar, að viðbættum virðisaukaskatti.

3.6 Kröfur eigenda Kalmanstungu I og II vegna sameignarlands Kalmanstungna

Þess er krafist aðallega að að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeigenda að því landsvæði sem lýst er innan eftirfarandi merkja:

Frá því sem mætast landamerki Geitlands og óskipts sameignarlands Kalmanstungna á vatnaskilum Langjökuls (1) til norðausturs og síðar norðurs eftir vatnaskilum Langjökuls þar til mætast landamerki óskipts sameignarlands Kalmanstungna og landamerki Arnarvatnsheiðar (2), þaðan í beinni línu til norðvesturs að Reykjarvatni (3), þaðan eftir norðurbakka Reykjarvatns að ósi Reykár (4), þaðan með Reykár og síðar Norðlingafljóti til vesturs og síðar suðvesturs að Norðlingafljóti við merkjagirðingu þar sem mætast landamerki óskipts sameignarlands Kalmanstungna, Arnarvatnsheiði og Kalmanstungu II (5), þaðan til suðurs eftir merkjagirðingu milli óskipts sameignarlands Kalmanstungna og Kalmanstungu II að Hvítá við merkjagirðingu þar sem mætast landamerki óskipts sameignarlands Kalmanstungna, Kalmanstungu II og Geitlands (6), þaðan til austurs og síðan suðausturs eftir Hafragili að punkti milli Hafragils og Langjökuls (7) og áfram til suðausturs að vatnaskilum á Langjökli (1).

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn og óskoraður afnotaréttur landeigenda að nefndu landsvæði innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir þann afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.á m. upprekstrar-, beitar-, námu- og veiðiréttur, þ.á m. skotveiði.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi íslenska ríkisins, samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi eða að mati óbyggðanefndar, að viðbættum virðisaukaskatti.

3.7 Kröfur Ólafs Magnússonar um réttindi Gilsbakka innan ágreiningssvæða vegna Arnarvatnsheiðar útskipts lands úr Þorvaldsstöðum

Af hálfu eiganda Gilsbakka er lýst í einu lagi kröfum um réttindi innan ágreiningssvæða sem fjallað er um í máli þessu og máli nr. 3/2014. Kröfugerðin snertir nánar tiltekið ágreiningssvæði vegna Arnarvatnsheiðar og útskipts lands úr Þorvaldsstöðum, auk tiltekinna ágreiningssvæða sem fjallað er um í máli nr. 3/2014. Þess er nánar tiltekið krafist að eftirtalin réttindi á ágreiningssvæðunum verði viðurkennd:

1. Öll veiði í ám, lækjum og vötnum á svæðinu vestan Lambár, Grunnuvatna, Úlfsvatnsár, Úlfsvatns og Urðhæðarvatns, þ.m.t. öll veiði í vötnum þeim er Kjarará rennur úr, og einnig öll veiði í Lambá, Krókuvatnsá, og öðrum lækjum er milli þeirra vatna renna. Undir þessa skilgreiningu falla Krókuvatn, Þverárvötn, Breiðavatnslón, Breiðavatn, Skjaldartjörn, Langavatn, Flóavatn, Kvíslavatn nyrðra, og Reyðartjörn (Urðhæðavatn). Einnig Hlandbrekkulækur,

Pverárvatnaskvísl, Breiðavatnaskvísl, Flóavatnaskvísl, Kvíslavatnaskvísl og Urðhæðavatnslækur; auk smærri tjarna og lækja, sem eru á þessu vatnasvæði og fiskur kann að vera í eða ganga í. Öll fiskveiði í öllum vötnum fyrir sunnan á þá er fellur úr Vesturflóa ofan í Brattagil, frá Brattagili með Hrutafjarðardal til Norðurárdals, með Norðurárdal fyrir sunnan til Dögurðaráreyjar og í Gíslavatni neðst fyrir sunnan Norðurárdal; Undir þessa skilgreiningu falla m.a. auk Gíslavats og vatna sem áður eru nefnd á vatnasvæði Kjararár; Lónavatn, Krókavatn og aðrar tjarnir á þeim slóðum, vötnin austan vegar en sunnan háheiðar á Holtavörðuheiði, einnig Lambadalstjörn og Hrólfsvatn, auk smærri tjarna þar í Lambadal og víðar, Nautavatn í Vatnaflóa, allar tjarnir í Hellisdal, einnig í Holtavörðuvatni og Reipavatni á Hrutafjarðarheiði. Öll veiði á Lambatungum þ.m.t. í Grunnuvötnum, Skálalæk og Syðra- Kvíslavatni.

2. Öll veiði í Kjarará yfir þvera á, jafnt við bæði lönd, neðan frá Silungalæk til upptaka að meðtöldum Langavats- og Skjaldartjarnarkvíslum, og samveiði á móti Sámsstöðum frá Fiskilæk til Silungalækjar.

3. Hálf veiði í Úlfsvatni, Úlfsvatnsá, Austurlæk og Flóðlæk (Gilsbakkaá) og hálf veiði í Skammá.

4. Réttur til beitar búfjár og til slægna á fornu landi Gilsbakka norðan Kjararár.

Þá er gerð er krafa um viðurkenningu á eignarrétti Gilsbakka út í miðjan farveg Kjararár frá Silungalæk til Lambár og í Lambá frá Kjarará að Skammá og í Skammá að Hólmavatni.

Framangreindar kröfur um veiðiréttindi í Grunnuvörnum, Úlfsvatni, Úlfsvatnsá, Austurlæk, Flóðlæk og Skammá varða, ýmist að hluta eða í heild, ágreiningssvæði sem eru til umfjöllunar í máli þessu.

Þá er krafist málskostnaðar úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000 og við ákvörðun málskostnaðar verði haft mið af gjaldskrá lögmanns landeiganda.

3.8 Kröfur Borgarbyggðar vegna Arnarvatnsheiðar og Geitlands

Af hálfu sveitarfélagsins Borgarbyggðar er, fyrir hönd jarða í Borgarbyggð og með vísan til 2. mgr. 11. gr. 1. nr. 58/1998 lýst þeirri kröfu til óbyggðanefndar að viðurkennt verði að Arnarvatnsheiði og Geitland sé afréttur jarða í sveitarfélaginu, sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Eignarréttarkröfu þessari er lýst til þrautavara ef svo fer að nefndin fellst hvorki á fullkominn eignarrétt sem er aðalkrafa, né afréttareign, sem er varakrafa Sjálfseignarstofnunar um Arnarvatnsheiði og Geitland að landsvæðinu svo sem fram kemur í kröfulýsingu aðila. Af hálfu Borgarbyggðar er sérstaklega tekið fram að þrautarvarakrafan víki fyrir betri rétti sem

Sjálfseignarstofnun um Arnarvatnsheiði og Geitland kunni að eiga um afréttareign á svæðinu. Loks er krafist málskostnaðar úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. sömu laga.

4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN

4.1 Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl í skjalaflokkum nr. 1–12 ásamt undirskjölum eða samtals 320 skjöl, auk 27 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fái um einstök álitafni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til umfjöllunar. Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og grundvallast á „Yfirliti yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmönnum málsaðila og engar athugasemdir komið fram. Við samningu þess naut óbyggðanefnd ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar, sagnfræðings, Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar, starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmenn um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna eða afla. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðll. Lögmönnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til skilabréfs Þjóðskjalasafns Íslands um þetta efni, skjal nr. 2. Um afraksturinn vísast til

skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirnúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

4.3 Vettvangsferð

Óbyggðanefnd skoðaði vettvang málsins þriðjudaginn 26. ágúst og miðvikudaginn 27. ágúst 2014 í fylgd með lögmonnum aðila og tilteknum málsaðilum. Staðkunnugir önnuðust leiðsögn. Jafnframt voru með í för fulltrúar frá Þjóðskjalasafni Íslands og starfsfólk óbyggðanefndar.

Þriðjudaginn 26. ágúst var ekið frá Bifröst að Kalmanstungu og þaðan var ekið, í góðu skyggni, upp á Strút. Á leiðinni upp var numið staðar við girðingu sem aðskilur land Kalmanstungu og ágreiningssvæði vegna svokallaðs sameignarlands Kalmanstungu I og II. Ofan að Strúti sást vel yfir ágreiningssvæði vegna Geitlands, Kalmanstungu og Arnarvatnsheiðar. Farið var yfir kennileiti, staðhætti og merki með heimamönnum. Af Strúti var ekinn vegur nr. F578 (Arnarvatnsvegur) til norðurs um ágreiningssvæði vegna Kalmanstungu. Sást vel yfir svæðið yfir Hallmundarhraun og að Eiríksjökli. Farið var yfir Norðlingafljót á Helluvaði inn á ágreiningssvæði vegna Arnarvatnsheiðar og inn í Álftakróka þar sem land er lítt grónar urðir og melar. Sást vel yfir bæði ágreiningssvæðin vegna Arnarvatnsheiðar og Kalmanstungu og farið var yfir kennileiti og merki með heimamönnum. Ekið var lengra til norðurs og farinn slóði austur upp af Arnarvatnsvegi við Svartarhæð og norðurmerki ágreiningssvæðis vegna Arnarvatnsheiðar skoðuð. Sást austur í Lyklafell og norðurenda Langjökuls.

Miðvikudaginn 27. ágúst, var vettvangsferð fram haldið frá Bifröst. Ekið var, í góðu skyggni, eftir vegi nr. 550 (Kaldadalsvegur), og farið upp á Kaldadal. Sást vel yfir ágreiningssvæðið vegna Geitlands og fóru staðkunnugir yfir staðhætti og náttúrufar Geitlands og hopun jökla á svæðinu. Ekið var suður Kaldadal að legu línu þeirrar er íslenska ríkið markar sem suðurmörk Geitlands og staðhættir skoðaðir. Að því loknu var farið að suðurmörkum kröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins vegna Geitlands og staðhættir skoðaðir.

4.4 Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtaldir skýrslur og svöruðu spurningum óbyggðanefndar og lögmanna: Ólafur Kristófersson, Kalmanstungu; Stefán Valgarð Kalmansson, Kalmanstungu 2; Óskar Guðmundsson, Véum; Sr. Geir Garðarsson Waage, Reykholti; Einar Gunnar Pétursson, Tómasarhaga 35 í Reykjavík; Snorri Jóhannesson, Augastöðum; Guðmundur Kristinsson, Grímsstöðum 2.

Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum, eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal gagna málsins.

5 SAGA LANDSVÆÐA

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á svæði því sem til umfjöllunar er. Því næst verða raktar heimildir um einstök landsvæði sem þjóðlendukröfur íslenska ríkisins í máli þessu ná til, að því leyti sem þær fjalla um afmörkun, eignarréttindi og nýtingu. Þar á eftir verður fjallað um jarðir og önnur landsvæði sem tengjast ágreiningssvæðunum vegna legu sinnar eða réttinda. Er þar að mestu fylgt tímaröð.³

5.1 Landnám

Kalmanstungu er getið í Landnámu. Þar segir:

Maðr hét Kalman, suðreyskr að ætt; Hann fór til Íslands ok kom í Hvalfjorð ok sat við Kalmansá. Þar drukknuðu synir hans tveir í Hvalfirði. En síðan nam hann land fyrir vestan Hvítá á milli ok Fljóta, Kalmanstungu alla, ok svá allt austr undir jokla sem gros eru vaxin, ok bjó í Kalmanstungu. Hann drukknaði í Hvítá, er hann hafði farit suðr í hraun at hitta friðlu sína, ok er haugr hans á Hvítárbakka fyrir sunnan. Hans son var Sturla goði, er bjó á Sturlustoðum uppi undir Tungufelli upp frá Skáldskelmisdal, en síðan bjó hann í Kalmanstungu. Hans son var Bjarni, er deildi við Hrólfr enn yngra ok sonu hans um Tunguna litlu; þá hét Bjarni at taka kristni; eptir þat braut Hvítá út farveg þann, er nú fellr hon. Þá eignaðisk Bjarni Tunguna litlu ok ofan um Grindr ok Solmundarhofda.⁴

Getið er um Geitland í Landnámu.⁵ Um landnám þar segir í Sturlubók:

Úlfr, sonur Gríms ens háleyska ok Svanlaugar, dóttur Þórmóðar af Akranesi, systur Bersa, hann nam land milli Hvítár ok suðrjökla ok bjó í Geitlandi. Hans synir váru þeir Hrólfr enn auðgi, faðir Halldóru, er átti Gizurr hvíti, þeira dóttir Vilborg er átti Hjalti Skeggjason. Annarr son var Hróaldr, faðir Hrólfs ens yngra, er átti Þuríði Valþjófsdóttur, Ørlygssonar ens gamla; þeira born váru þau Kjallakr at Lundi í Syðradal, faðir Kolls, foður Bergþórs. Annarr var Solvi í Geitlandi, faðir Þórðar í Reykjaholti, foður Solva, foður Þórðar, foður Magnúss, foður Þórðar, foður Helgu, móður Guðnýjar, móður Sturlusona. Þriði son Hrólfs var Illugi enn rauði, er fyrst bjó í Hraunsási; hann átti þá Sigríði, dóttur Þórarins ens illa, systur Músa-Bolverks. Þann bústað gaf Illugi Bolverki, en Illugi fór þá at búa á Hofstoðum í Reykjadal, því at Geitlendingar áttu at halda upp hofi því at helmingi við Tungu-Odd.⁶

Þá segir eftirfarandi í Hauksbók:

³Þessi kafli er að hluta til byggður á drögum að greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 4.7.2014, sbr. skjal nr. 8. Þó hefur verið felld út eða stytt umfjöllun um heimildir sem ekki þykja hafa þýðingu fyrir úrlausn málsins. Jafnframt hefur bætt við umfjöllun um gögn sem komið hafa fram eftir að umrædd drög komu fram.

⁴ Skjal nr. 4(66).

⁵ Skjal nr. 4(66).

⁶ Íslenzk fornrit. Íslendingabók – Landnámabók. Hið íslenzka fornritafélag, 1986, bls. 77–78.

Úlfr, son Gríms ens háleyska ok Svanlaugar, dóttur Þormóðar af Akranesi, systur Bersa, hann Úlfr nam land á millim Hvítár ok suðrjokla ok bjó í Geitlandi. Hans synir váru þeir Hrólfr hinn auðgi, faðir Halldóru, er átti Gizurr hvíti, þeira dóttir Vilborg, er átti Hjalti Skeggjason. Annarr son hans var Hróaldr, faðir Hrólfs hins yngra, er átti Þuríði Valþjófsdóttur, Ørlygssonar hins gamla; þeira born váru þau Kjallakr at Lundi í Syðradal, faðir Kolls, foður Bergþórs. Annarr var Solvi í Geitlandi, faðir Þórðar í Reykjaholti, foður Solva, foður Þórðar, foður Magnúss, foður Þórðar, foður Helgu, móður Guðnýjar, móður Sturlusona, Sighvats ok Þórðar ok Snorra. Son Sighvats var Sturla, faðir Þuríðar, er herra Hrafn átti, þeira born Jón korpr, Hallkatla ok Valgerðr ok Þorgerðr. Synir Hallkotlu ok Jóns Pétssonar váru þeir Sturla ok Pétur ok Steinunn dóttir, er átti Guðmundr Þorsteinsson, Skeggjasonar. Þriði son Hrólfs var Illugi hinn rauði, er fyrst bjó í Hraunsási; hann átti þá Sigríði, dóttur Þórarins hins illa systur Músa-Bolverks. Þann bústað gaf hann Bolverk, en Illugi fór þá at búa á Hofstoðum í Reykjardal, því at Geitlendingar áttu at halda upp hofi því at helmingi við Tungu-Odd. Síðarst bjó hann at Hólmi iðra á Akranesi, því at hann keypti við Hólm-Starra bæði londum ok konum ok fé ollu. Þá fekk Illugi Jórunnar, dóttur Þormóðar Þjóstarssonar af Álptanesi, en Sigríðr hengði sik í hofinu, því at hon vildi eigi mannakaupin. Hrólfr hinn yngri gaf Þorlaugu gyðju, dóttur sína, Odda Ýrarsyni. Því rézk hann vestr til Ballarár og ok bjó þar lengi ok var kallaðr Hrólfr at Ballará.⁷

Ennfremur segir í Landnámu:

Kýlan hét bróðir Kalmans; hann bjó fyrir neðan Kollshamar. Hans son var Kári, er deildi við Karla Konálsson á Karlastoðum, leysingja Hrólfs ór Geitlandi, um oxa, ok reyndisk svá, at Karli átti. Síðan eggjaði Kári þræl sinn til at drepa Karla. Þrællinn lét sem ærr væri ok hljóp suðr um hraun. Karli sat á þreskildi; þrællinn hjó hann banahogg. Síðan drap Kári þrællinn. Þjóðólfr, son Karla, drap Kýlan Kárason í Kýlanshólmum. Síðan brenndi Þjóðólfr Kára inni, þar sem nú heitir á Brennu.⁸

Um landnám Kalmans og Kýlans segir í ritinu *Landið og Landnáma* eftir Harald Matthíasson:

Landnám Kalmans hefur verið mjög stórt. „Fljót“ er Norðlingafljót. Fljótin eru raunar tvö, Norðlingafljót austar, en vestar Litla-Fljót. Koma þau saman litlu ofar en gegnt Stóra-Ási. Fljótstungan milli þeirra er mikið land. Hefur hún verið í landnámi Kalmans.

Allmörg örnefni og bæjanöfn koma fyrir í kaflanum um Kalman og landnám hans, og er vafi eða óvissa um sum þeirra. Meðal þeirra eru Sturlustaðir og Skáldskelmisdalur. Er þar um alger óvissa, þó að ágizkanir hafi komið fram.

⁷ Íslensk fornrit. Íslendingabók – Landnámabók. Hið íslenska fornritafélag, 1986, bls. 79.

⁸ Skjal nr. 4(66).

Tunga heitir mikil hæð til útsuðurs frá Kalmanstungu. Sunnan í henni er brekka, er nefnist Háabrekka. Þar í brekkurótum voru Kýlansstaðir. Þar heitir nú Brenna. Þar skammt suður frá eru hraunhólar, sem nefnast Kýlanshólar. Rústir voru á Brennu, en framburður úr gili hefur hulið þær, sáust þó fram um aldamót 1900.

Sturlubók og Hauksbók segja, að Kýlan hafi búið fyrir neðan Kollshamar, en Þórðarbók segir „norðan Karlshamra“. Hvougt þekkist nú. Brynjólfur Jónsson taldi, að Nónborg, sem er uppi á fellinu, hlyti að vera Kollshamar, en Matthías Þórðarson taldi, að hún væri nokkru sunnar.

Tungan litla hefur verið neðsti hluti Geitlandsins milli Hvítár og Geitár. Glögglega má sjá merki þess, að Hvítá hefur eitt sinn runnið norðan og vestan við bæ á Bjarnastöðum. Blásið hraun er þar sem bærinn hefur staðið. Ekki sjást þar miklar byggðarleifar. Þó eru þar dreifar af hellugrjóti, sem sýnilega er aðflutt. Þar hafa einnig sézt leifar af grafreit.

Grindur og Sölmundarhöfði hafa verið þar neðar í tungunni, en ekki þekkjast þau örnefni nú.

Óvíst er, hvar Karlstaðir hafa verið. Sagt er, að rúst hafi verið í Kaldárbotnum skammt ofan við Húsafell. Litlu austar rennur Selgil og hefur rutt fram kynstrum af möl og grjóti, og sér nú ekkert eftir af rústunum. Hefur verið gizkað á, að þarna hafi Karlstaðir verið. Það kæmi heim við orð Landnámu um þrælinn, sem hljóp frá Brennu suður um hraun og drap Karla.⁹

Um landnám Úlfs segir Haraldur í sama riti:

Landnám Úlfs er glögg afmarkað að mestu: Hvítá að norðan, en að austan og sunnan eru háfjöll og jöklar, Langjökull með Þórisjökli ásamt Hafrafelli. Okíð er að suðvestan. Meginhluti þessa landnáms er Geitlandið, tungan milli Geitár og Hvítár, og þar bjó Úlfur.

Ekki er fulljóst, hvort Geitland er nafn bæjarins. Sennilega er það nafnið á landsvæðinu, svo sem nú er, og er bæjarnafnið þá óþekkt. Ekki er heldur vitað, hvar bærinn stóð. Rústir eru í Geitlandi af tveimur bæjum. Ekki er vitað um aldur þeirra. Geitland er ekki álitlegt byggðarland nú, gróðurlítið að austan og suðaustan, en að vestan til er víða fagurt beutiland. Sennilega hefur verið þar allblómlegt fyrrum. Þar hefur verið skógur. Er Geitland með skógi talið eign Reykholtskirkju árið 1185, og virðist þá engin byggð vera þar.

Sturlubók nefnir ekki, hversu langt niður með Hvítá landnám Úlfs hefur náð. En Þórðarbók (Melabók) segir, að hann hafi numið fyrir ofan Deildargil og allt til jökla fyrir sunnan Hvítá. Er það í samræmi við landnám Krömu-Odds, sem nam upp til Deildargils.¹⁰

Gilsbakka í Hvítársíðu er getið í Landnámu. Illugi hinn svarti bjó á Gilsbakka.¹¹

⁹ Skjal nr. 4(14).

¹⁰ Skjal nr. 4(14).

¹¹ Skjal nr. 4(66).

Reykholts (Reykjaholts) í Borgarfirði er getið í Landnámu.¹² Þar segir meðal annars frá því að Tungu-Oddur hafi farið frá húsi til laugar í Reykjaholt, sem og að þar hafi sauðahús hans verið.¹³

Getið er um Þorvaldsstaði í Landnámu undir heitinu Þorvarðsstaðir. Þar segir:

Hrosskell fór til Íslands og kom í Grunnafjord; hann bjó fyrst á Akranesi; þá omuðusk þeir Ketill bræðr við hann. Síðan nam hann Hvítársíðu milli Kjarrár og Fljóta; hann bjó á Hallkelsstöðum og Hallkell son hans eptir hann, ok átti hann Þuríði dyllu, dóttur Gunnlaugs ór Þverárhlið ok Vélaugar Ørlygsdóttur frá Esjubergi.

Hrosskell gaf land Þorvarði, foður Smiðkels, foður þeira Þórarins ok Auðunar, er réðu fyrir Hellismonnum; hann bjó á Þorvarðsstöðum ok átti Fljótsdal allan upp með Fljótum. Hrosskell gaf Þorgauti skipverja sínum land niðri í Síðu; hann bjó á Þorgautsstöðum; hans synir váru Gíslar tveir.¹⁴

Um landnám þeirra Hrosskels og Þorvarðar segir í ritinu *Landið og Landnáma* eftir Harald Matthíasson:

Landnám Hrosskels var mjög stórt. Hann nemur ekki aðeins alla hlíðina upp frá Hvítá að norðan, heldur einnig út yfir fjallið allt til Kjarrár. Er þar uppi á fjallinu sveitarmörk milli Hvítársíðu og Stafholtstungna. Niðurmörk Hrosskels eru ekki nefnd. Líklegt er, að hann hafi numið niður fyrir Síðumúlaveggi; þar eru neðri mörk Hvítársíðu. Hann hefur því numið allan Hvítársíðuhrepp að undanteknu landi Kalmanstungu, einnig nokkra sneið af Stafholtstungum. Er landnám hans um 30 km langt upp frá líklegum mörkum og upp á byggðarenda, breidd víða 6–7 km. Hefur hann verið ærið stórtækur, þegar hann var rekinn úr þrengslunum niður á Akranesi. Sýnilega hefur honum þótt efri hluti landnámsins betri, því að hann velur sér bústað mjög ofarlega. Er landnámsbærinn Hallkelsstaðir, kenndur við Hallkel, son hans. Þó lætur hann frá sér efsta hluta landnámsins.

[...]

Mörk milli þeirra Hrosskels og Þorvarðar eru ekki nefnd. Er skammt milli bæjanna, og hefur Hrosskell sett annan landnámsmann einkennilega nærri bæ sínu, svo stórt sem landnám hans var.¹⁵

¹² Skjal nr. 4(66).

¹³ Skjal nr. 4(66).

¹⁴ Landnámabók, fyrri hluti, (1986), bls. 82–83.

¹⁵ Skjal nr. 4(14).

5.2 Afréttir og afréttarnot

Hér verða raktar heimildir um afrétti og gerð grein fyrir nýtingu þeirra á svæðinu almennt. Því næst segir frá afréttarlöndum. Þá fylgir umfjöllun um aðliggjandi jarðir. Vitnisburður heimilda er jafnan rakinn í tímaröð.

Um afréttarlönd í Reykholts- og Stóra-Ássóknum segir eftirfarandi í sóknalýsingu séra Jónasar Jónssonar, frá árinu 1842:

32. *Afréttir*. Enga hafa þessar sóknir almenninga eða afréttarlönd nema ef telja skal Geitland er liggur undir Reykholtskirkju en þar það er lítið graslendi í því og þessvegna ekki nema fyrir 3–400 fjár og vatn ekki nema í vatnsföllum þeim er takmörkum þess ráða tíðka menn þar ekki upprekstur heldur kaupa hann flestir úr þessum sóknum á Húsafelli og eru þar engin afréttarlönd heldur víðlendir búfjárhagar.

Réttir voru fyrr meir í Geitlandi og kallaðar Geitlandsréttir, þær eru nú aflagðar. Á Húsafelli eru réttir hvar Húsafellsmenn draga fé sitt úr en síðan er safnið rekið að rétt þeirri sem stendur við Rauðsgil vestanvert [...].¹⁶

Þann 3. júlí 1877 birtist í Ísafold auglýsing sem bar yfirskriftina: „Auglýsing um geldfjárrekstur úr hinum kláðagrunuðu sveitum“. Þar segir:

Amtmaðurinn yfir suður- og vesturumdæminu hefir í dag ritað mjer á þessa leið:

„Í tilefni af þóknanlegum brjefum yðar, dags. 25. og 30. f. m., læt jeg eigi hjá líða þjónustusamlega að gefa yður til vitundar, að eins og jeg í brjefi til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, dags. 8. f. m., hefi lýst því yfir, að jeg ekki fyndi ástæðu til að hlutast til um, að skipaður yrði Botnsvogavörður á þessu sumri, þannig finn jeg eigi heldur ástæðu til að leggja bann móti fjárrekstrum yfir Botnsvogalínuna, nje heldur að fara fram á, að landshöfðinginn yfir Íslandi ákveði slíkt rekstrarbann“.

Af þessu brjefi leiðir, að ekki getur komið til máls að setja Botnsvogavörð í sumar.

Aptur á móti standa fyrirskipanir landshöfðingja um bann gegn rekstrum yfir takmörk hins kláðagrunaða svæðis alveg óhaggaðar, þótt enn sje eigi kominn á vörður nema á norður- og vesturtakmörkum svæðisins. Ber því öllum þeim fjáreigendum, sem upprekstur eiga í afrjettarland það, sem er fyrir sunnan Ok, Kaldadal og Geitlandsjökul, og takmarkast af Hvítá og Deildargili vestanmegin, en Brúará austan megin, að reka geldfje sitt í miðjan þennan afrjett eða einmitt að Botnsvogalínunni, og frá Brúará- og Deildargilslínunum. Skyldi samt fje úr kláðasvæðinu í haust koma fyrir í rjettum fyrir utan þetta svæði, eða hins vegar fje úr heilbrigðum sveitum koma fyrir í kláðagrunuðum sveitum, skal taka slíkt fje í sjerstaka gæzlu, og

¹⁶ Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1873, (2005), bls. 289.

má ekki reka eða flytja það lifandi yfir takmörk hins kláðagrunaða svæðis nema með sjerstöku leyfi yfirbjóðenda minna eða mínu.

Lögreglustj. í fjárkláðamálinu, Reykjavík, 2. júlí 1877.

*Jón Jónsson.*¹⁷

Í 24. gr. „reglugjörðar um notkun afrjetta, rjettir, fjallskil, o.fl. í Mýrasýslu“, sem samþykkt var á fundi amtráðsins í Vesturumdæminu 11.–13. júlí 1878 er m.a. mörkum Fljótstunguréttar lýst. Þar segir m.a.:

Þessi rjett tilheyrir öllum jörðum í Hvítársíðu fyrir framan Gilsbakka, að þessari jörðu meðtaldri, og skal því leita til hennar öll lönd þessara jarða að undanteknum Lambatungum, bæði heimalönd og fjall-lönd [svo] að Kjararar að vestan og að löndum Húnvetninga að norðan og að jöklum og svo sem Hvítá ræður að sunnan; [...]¹⁸

Árið 1882 birtist í tímaritinu *Fróða* grein eftir Einar B. Guðmundsson sem bar yfirskriftina „Nokkur orð um búnaðarskóla og fyrirmyndarbú á Vesturlandi“. Þar er m.a. fjallað um afréttarmál í Borgarfjarðarsýslu en í greininni segir:

En það eru að eins [svo] einstakir hreppar á stangli í öðrum sýslum, sem betur eru lagaðir til nautpeningsræktar heldur enn sauðfjárræktar, svo sem Andakíllinn í Borgarfjarðarsýslu, því efri hreppar sýslunnar eru fjalldalir, og nyrðstu hreppar hennar hafa nú fengia [svo] gott og mikið afrjettarland fyrir norðan Hvítá, sem þá vanhagaði svo mjög um — og má þá heita upp talið, nema svo sem svarar tveimur hreppum í Skagafirði, sem ná til flæðiengja og fergistjarna, og ef velja skyldi nokkurn hluta af Stafholtstungum í Mýrasýslu, og hefir þó mikill hluti þeirrar sveitar góðan afrjett að sumrinu, enda hefir líka sveit þessi meira að tiltölu af sauðfje heldur enn nautpeningi, og gæti þó, eins og margar aðrar sveitir, haft talsvert fleira sauðfje og með meira arði, ef hrossin væru ekki óþarflega mörg. Það eru þá í mestalagi svo sem 12 eða 13 hreppar á öllu landinu af næstum því 170 hreppum, sem teljast mega betur lagaðir fyrir nautpening en sauðfjárrækt.¹⁹

Í grein eftir Einar B. Guðmundsson sem birtist í tímaritinu Ísafold 10. febrúar 1892 og ber yfirskriftina: „Nokkur orð um brýr“, segir m.a.:

Óskandi væri, að víða á landinu kæmi fram annað eins fjör til framkvæmdar, samheldni og félagsskapar, eins og hjá íbúunum í Reykholtsdals- og Hálsasveit. Það var drengilega gert af þeim — eitthvað 40 búendum? — að snara fyrst út 3000 kr. fyrir afrjettarland, er þeir keyptu á Arnarvatnsheiði af Stefáni bónda í Kalmanstungu, og svo þegar á eptir að brúa Hvítá til að gera fjárrekstrana auðveldar og hættulausa til og frá.²⁰

¹⁷ Hliðsjónargagn.

¹⁸ Skjal nr. 4(59).

¹⁹ Hliðsjónargagn.

²⁰ Hliðsjónargagn.

Í 50. gr. fjallskilareglugjörðar fyrir Borgarfjarðarsýslu, nr. 80/1896 segir um Rauðagilsrétt (skilarétt):

Þessi rétt tilheyrir öllum jörðum í Hálsahreppi og Reykholtisdalshreppi. Leitartakmörk hennar eru þessi: Hvítá ræður að norðanverðu, að austanverðu Eiríksjökull, að sunnan Geitlandsjökull, þá norðanvert við Kaldadal í Okjökul, þá suður með Okjökli í Flókadalsárdrög, síðan ræður Flókadalsá ofan til Hvítár.²¹

Í 86. gr. fjallskilareglugjörð fyrir Borgarfjarðarsýslu nr. 87/1914 er takmörkum leitarsvæðis Rauðagilsréttar lýst á eftirfarandi hátt:

Hvítá ræður að norðan, Langjökull að austan, Geitlandsjökull að sunnan, þá norðanvert við Kaldadal í Ok, þá út og suður með oki [svo] í Flókadalsdrög. Síðan ræður Flókadalsá ofan að brú hjá Hjálmsvaði. Þaðan ræður þjóðvegurinn að Grímsá. Úr því ræður Grímsá.²²

Með bréfi dagsettu þann 29. desember árið 1919, óskaði Stjórnarráð Íslands eftir skýrslu frá sýslumönnum um þau svæði sem talin væru til almenninga eða afrétta innan hvers og eins sýslumannsembættis.²³

Svar hreppstjórans í Reykholtisdalshreppi, dagsett 17. janúar 1920, vegna fyrirspurnar sýslumanns um almenninga og afréttarlönd í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hljóðar svo:

Bréfi yðar herra sýslumaður dagsett 9. þ.m. hef jeg meðtekið í dag, og svara því samstundis. Enginn almenningur tilheyrir Reykholtisdalshreppi en afréttarland á hreppurinn á Arnarvatnsheiði sem keyptur var fyrir mörgum árum af bóndanum í Kalmanstungu partur af eignarjörð hans, og mun ekki um neitt vatnsorkuafli að ræða í afrétti Reykhóladalshrepps.

Virðingarfyllt

Ingólfur Guðmundsson²⁴

Svar hreppstjórans í Hálsahreppi, dagsett 31. janúar 1920, vegna fyrirspurnar sýslumanns um almenninga og afréttarlönd í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hljóðar svo:

Skýrsla yfir útlendur og afréttarlönd í Hálsahreppi:

1. Útlendan Geitland liggur í hreppnum.
2. Hálsahreppur á, í sameign við Reykhóladalshrepp afréttarland á Arnarvatnsheiði, í Mýrasýslu.

Augastöðum 31. jan. 1920.

Nikulás Gíslason²⁵

²¹ Skjal nr. 4(15).

²² Skjal nr. 4(17).

²³ Skjal nr. 4(2).

²⁴ Skjal nr. 4(6).

²⁵ Skjal nr. 4(5).

Svar hreppstjórans í Hvítársíðuhreppi, dagsett 9. febrúar 1920, vegna fyrirspurnar sýslumanns um almenninga og afréttarlönd í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hljóðar svo:

Með bréfi 9. f m hafið þér herra sýslumaður spurst fyrir um alenninga hér í hreppi og skal yður svarað því að almenningar eru engir í þessum hreppi aðrir en hinn sameiginlegi afréttur Þverárréttarupprekstrarfélags sem liggur að löndum hreppsins á einn veg

Jón Sigurðsson²⁶

Svar sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýsla, dagsett 8. júlí 1920, vegna fyrirspurnar Stjórnarráðs Íslands um almenninga og afréttarlönd í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hljóðar svo:

Stjórnarráðið hefir, með brjefi dags. 29. des. f.á., beðið mig um upplýsingar um þau svæði hjer í sýslu, sem talin eru almenningar, svo og um afrjettarlönd.

Jeg leyfi mjer, allra virðingarfullst, að senda hinu háa stjórnarráði skýrslur þær er hingað hafa borist frá hreppstjórunum, en skýrslurnar frá Hraun- Álftanes- og Skorradalshreppum hefi jeg krafið hreppstjórana um og vænti að geta sent þær áður en langt líður.²⁷

Í 1. tölul. 24. gr. fjallskilareglugjörðar fyrir Borgarfjarðarsýslu, dags. 9. ágúst 1920, er mörkum leitarsvæðis Rauðsgilsréttar lýst en þar segir m.a.:

1. R a u ð s g i l s r é t t. Leitarsvæði: Hvítá ræður að norðan, Langjökull að austan, Geitlandsjökull að sunnan, þá norðanvert við Ok, þá út og suður með Oki í Flókadalsárdrög. Síðan ræður Flókadalsá í Hvítá.²⁸

Í 33. gr. fjallskilareglugjörðar fyrir Mýrasýslu, dags. 2. júní 1921, er mörkum leitarsvæða lýst. Þar segir m.a.:

1. Fljótstungurétt. Leitarsvæði til hennar er: Heimalönd allra jarða í Hvítársíðu frá Gilsbakka að Kalmanstungu að þeim jörðum báðum meðtöldum, eins og Hvítá ræður að sunnan og girðingar að vestan og norðvestan að Skammá; svo og afrjettur Reykdæla og Hálsasveitar og önnur heiðalönd að afrjettarlöndum Þverárrjettar og að löndum Húnvetninga að norðan og jöklum að austan.²⁹

Þann 5. maí 1925 fór hreppsnefnd Hálsahrepps þess á leit við Stjórnarráð Íslands að fá afréttarlandið Geitland keypt og vísar til laga um forkaupsrétt á jörðum. Helstu ástæður fyrir kaupunum eru sagðar fjárleitir á svæðinu og kostnaður við refaveiði. Bréfið hljóðar svo:

Húsafelli 5. maí 1925.

²⁶ Skjal nr. 4(4).

²⁷ Skjal nr. 4(3).

²⁸ Skjal nr. 4(62).

²⁹ Skjal nr. 4(58).

Ég undirritaður, Þorsteinn Þorsteinsson hreppsnefndaroddviti Hálsahrepps, leyfi mér hér með fyrir hönd hreppsnefndarinnar í nefndum hrepp virðingarfullst að fara þess á leit að hið háa Stjórnarráð Íslands gefi Hálsahreppi kost á að kaupa Geitland, afréttarland Reykholtskirkju, við sanngjörnu verði.

Samkvæmt 2. gr. laga no. 40 1919 um forkaupsrétt á jörðum telur hreppsnefndin sig hafa rétt til þessara málaleitana. En auk þess er ástæðan sú, eftir að Hálsahreppur ber, ásamt Reykholtsdalshreppi, alla ábyrgð á og allan þunga af Geitlandinu. Er þar átt við fjárleitir allar á hausti, sem eru 12 dagsverk árlega, og sömuleiðis refaveiðikostnað allan, sem einnig nemur allmiklu fé, því að í Geitlandinu eru þekkt 5 greni og er næstum altaf að tófa leggur í eitthvert þeirra og stundum í fleiri, og að vinna eitt gren kostar nú ekki minna en 100 kr. – Þar sem svo er ástatt sem nú var talið og engar líkur til að ábyrgð og kostnaði um þetta verði létt af hreppum þessum, enda eðlilegast sökum staðháttanna að þessi þungi hvíli þar sem hann nú er, því einhversstaðar verður hanna að hvíla á, – þá þykir hreppsnefndinni það einnig eðlilegast og ráðlegast að land þetta hverfi undir Hálsahrepp til eignar, einnig fyrir þá sök að ef svo skipaðist síðar að eitthvað mætti hafa uppúr Geitlandinu t.d. til upprekstrar, þá væru þeir best að þeim hagnaði komnir sem bera allan vegg-og vanda og kostnað af landinu.

[...]

Virðingarfullst

Þorsteinn Þorsteinsson³⁰

Hreppsnefnd Hálsahrepps keypti síðan afréttarlandið Geitland af Kirkjujarðasjóði þann 27. maí 1926 á 900 krónur. Þar segir:

Ráðherra Íslands

Í dóms- og kirkjumálum

Kunngjörir: Að með því að hreppsnefnd Hálsahrepps í Borgarfjarðarsýslu hefir leitað kaups á afréttarlandinu Geitlandi, og með því að hlutaðeigandi sýslunefnd hefir eigi haft neitt við sölu þessarar jarðar að athuga, og með því að loks allra fyrirmæla laga nr. 50, 16. nóvbr. 1907, um sölu kirkjujarða, hefir verið gætt, þá sel ég og afsala samkvæmt þeirri heimild sem mjer er gefin í nefndum lögum, fyrir landsjóðsins hönd, nefndum Hálsahreppi greint afréttarland Geitland sem er hndr. að n.m. með öllum gögnum og gæðum, þó eru undanskildir námar, sem eru í jörðu eða síðar kunna að finnast þar sem og vatnsafl alt og notkunaraðstaða þess í landi jarðarinnar.

Kaupverðið er 900 – níu hundruð – krónur og með því að kaupandi hefir greitt í Kirkjujarðasjóð 1/10 hluta þess með Kr. 90. – níutíu krónur – og gefið út veðskuldabréf fyrir eftirstöðvunum þá segi jeg hann rjettan eiganda að

³⁰ Skjal nr. 2(68).

ofan nefndu afrjettarlandi frá fardögum þ.á. [...]. Kaupanda ber að láta þinglýsa afsalsbjerfi þessu svo fljótt sem unnt er.

Til staðfestu undir mín hönd og embættis innsigli

Reykjavík 27. maí 1926

F.h.r.

G. Sveinbjörnsson

(L.S.)

Þinglesið á manntalsþingi að Stóraási 2/7 1926³¹

Í ritinu *Úr byggðum Borgarfjarðar* eftir Þórð Kristleifsson er m.a. fjallað um afréttarnot og önnur not á Geitlandi. Þar segir:

Frá ómunatíð hafa Kalmanstungubændur beitt sauðfé sínu í Geitland á vetrum, þegar þess hefur verið kostur. Kjarnaland er þar bæði nær og fjær, en það jafnast þó ekki á við landkosti Geitlands. Hafa Kalmanstungubændur aldrei þurft að gjalda fé, svo að teljandi sé, fyrir þá beit, sem teljast má þó þeirri góðjörð til hlunninda. Þó var sú beit ekki áhættulaus með öllu. Í vetrarfrostum var féð rekið á ísspöng, sem lagði á Lambhyl, en hún reyndist oft ótraust. Man ég eftir því, að Stefán Ólafsson, sem lengi var stórbóndi í Kalmanstungu á síðari helming 19. aldar, missti eitt sinn margar kindur í Lambhyl, sem voguðu sér þar út á ónýtan ís. Nú hafa síðari tíma bændur afstýrt þessari hættu með því að brúa ána þar, og með því notast beitin betur.

Rjúpur hafa lengi verið skotnar í Geitlandi, en þangað er langt til sókna nema fyrir Kalmanstungumenn, sem hafa átölulaust notfært sér þar rjúpnaveiði og oft með góðum árangri.

Meðal afnota Geitlands fyrr á tímum var kvarnagrjót. Allt fram á síðustu áratugi 19. aldar var ekki til sá kotbóndi í sveit, að hann ætti ekki malkvörn í búi sínu. Allar þær kvarnir voru úr hraungrýti. Þótt hraunin væru mörg og víðáttumikil, var ekki auðfundið efni, sem talið var nothæft og auðunnið til slíkra hluta. Þó var einn sá staður í Geitlandi, sunnan megin við Svartá, þar sem hraunhellur lágu á víð og dreif, misjanflega stórar um sig, en lítið of þykkar í kvarnir. Úr þessari einkennilegu námu voru næstum allar kvarnir um Borgarfjarðarhérað og miklu víðar. Frá Húsafelli var oftast farið í Geitland einu sinni á sumri eftir kvarnagrjóti. Í þeirri för voru jafnan tveir menn með fimm eða sex áburðarhesta. Þurfti bæði hamra og meitla til þess að brjóta klyftæk kvarnaefni úr þessum fágætu hraunhellum. Urðu það þó oft þungir baggar og báru hestar sig ver undir slíkum aðdrætti en nokkru öðru, sem á þá var lagt. Eftir því sem tími leyfði, voru þessir steinar höggðir, þar til að úr þeim urðu fullsmíðaðar kvarnir með tilheyrandi járnum.³²

³¹ Skjöl nr. 2(69) og 4(68).

³² Hliðsjónargagn.

Fyrir liggur samþykkt nr. 209/1945 um girðingu milli heimalanda og aðliggjandi afrétta og útlendna á svæðinu frá Norðlingafljóti að Norðurá, en hún var staðfest í atvinnu- og samgönguráðuneytinu 17. desember 1945. Í 1. gr. hennar segir:

Girðing sú, er samþykkt þessi nær til og við gildistöku hennar verður gerð að samgirðingu, liggur sem hér segir:

Frá Norðlingafljóti, neðan við Kleppa, bak við heimalönd Fljótstungu og Þorvaldsstaða í Hólmavatn. Úr Hólmavatni um Gilsbakkaland, bak við heimalönd Bjarnastaða, Kirkjubóls, Hvamms, Haukagils, Sámsstaða, Háafells, Þorgautsstaða, um Síðumúlaselland að Örnólfsdalsá við Myrkhyl. Frá Örnólfsdalsá um Örnólfsdalssand og Kvíafjall að Litlu-Þverá. Frá Litlu-Þverá að Norðurá, inn frá Króki í Norðurárdal.

Um kostnaðarskiptinguna segir m.a. í b.-lið 4. gr.

Kostnaður við endurbyggingu girðingarinnar greiðist þannig: Girðinguna frá Norðlingafljóti að hliðinu vestan við Mjóavatn greiðir upprekstrarfélag Arnarvatnsheiðar að hálfu leyti að efni og vinnu, svo og hálfvild. Hinn helminginn kosta að Hólmavatni ábúendur Fljótstungu, Þorvaldsstaða, Hallkelsstaða og Kolstaða og frá Hólmavatni að Mjóavatnshliði ábúandi Gilsbakka.³³

Í ritinu *Göngur og réttir*, I. bindi, frá árinu 1948, er m.a. fjallað um afréttarnot á Arnarvatnsheiði. Þar segir:

Svo sem kunnugt er, skiptir Hvítá Borgarfjarðarhéraði í tvö næstum jafnstór landsvæði. En þótt flestum, sem yfir héraðið líta, virðist svo, að hér sé ein sameiginleg byggðarheild, er þó eigi svo. Er hér um tvær sýslur að ræða, Borgarfjarðarsýsla sunnan megin Hvítár, Mýrasýsla norðan megin.

Heita má, að búnaður hafi haldist í hendur í héraðinu frá ómunatíð. Hafa verið þar í og með gildir bændur báðum megin Hvítár. Eitt var þó, sem máli skipti og gjörðu nokkurn mun hvorum megin Hvítár var búið: Upp af sveitunum sunnan ár voru afréttarlönd mjög takmörkuð, en norðan megin voru bæði kjarngóð og víðáttumikil heiðarlönd, með svo miklu landrými, að engin hætta var á örtröð, þótt aragrúi fjár væri rekinn þangað til sumargöngu. Heiðarlönd þessi, sem liggja upp af Norðurárdal, Þverárhlið og Hvítársíðu, sýnast eins og einn óskiptur „bláfjallageimur“, en eru þó með ýmsum nöfnum eftir staðháttum, svo sem Hellistungur, Kjarrardalur, Síðufjall, Lambatungur, Tvídægri og Arnarvatnsheiði. Á öllum þessum afréttarlöndum úir og grúir af örnefnum, lækjum, ám og vötnum, sem bera öll ævagömul heiti. Vera má, að sumir líti svo á, að hér sé dauð og ísköld óbyggð, en við nánari kynni er þetta lifandi land, sem hefir undramargt að segja frá löngu liðnum tímum. Meðan þetta mikla heiðaflæmi, sem aðskilur Suður- og Norðurland, er snævi hulið að vetrarlagi, ríkir þar hrollkaldur gustur, sem flestar lifandi verur flýja, nema ef

³³ Skjal nr. 4(33).

vera skyldi rjúpur og refir. En þegar snjór og klaki hefir með öllu eyðzt fyrir varma vorsins, er þar öðruvísi um að litast, því að segja má með sanni, að smjör drjúpi þar af hverju strái. Það var sauðfé Mýrsýslunga og þó einkum Hvítsíðinga, sem bezt gat vitnað um þann mikla mun á landrými og landgæðum á þessum norðurheiðum miðað við sauðfé úr ýmsum hreppum sunnan Hvítár.

Á 19. öld fjölgaði mjög sauðfé Borgfirðinga, einkum á síðustu áratugum. Var þá eigi fátítt í góðum árum, að fjárríkustu bændur héraðsins rækju þrjú til fjögur hundruð fjár til afréttar að fráfarulömbum meðtöldum. Meðan slíku fjármagni var ætlað þau einu afdala- og heiðalönd, sem um var að velja sunnan Hvítár, bar nokkuð á örtröð.

Engin ein jörð í Mýrasýslu átti slíkt landflæmi sem Kalmanstunga, en hún er efsti bær í Hvítársíðu. Heimaland jarðarinnar er bæði víðáttumikið og fjölbreytt. Ráða þar merkjum Hvítá að sunnan, en Norðlingafljót að norðan. Auk þess átti Kalmanstunga allt land norðan megin Norðlingafljóts frá heimalandi jarðarinnar Fljótstungu og austur til Langjökuls, en það er Arnarvatnsheiði öll til móts við Húnvetninga. Nokkuð má ráða í stærð þessa lands eftir þeim tíma og mannafla, sem í það fer að leita það á haustin. Verður nokkuð skýrt frá því síðar í þessum þætti.

Magnús Jónsson, hinn auðgi, bóndi á Vilmundarstöðum í Reykholtssdal frá 1836–1891, var Hvítsíðingur að uppruna. Hann vissi af eigin reynslu, hver munur var á Arnarvatnsheiði til upprekstrar samanborið við þau lönd, sem um var að velja sunnan Hvítár. Tók hann upp þá nýjung að reka geldfé sitt og fráfering norður á Arnarvatnsheiði. Vakti það eftirtekt og umtal, hvað fé Magnúsar, sem gekk á Arnarvatnsheiði, varð miklu vænna en hitt, sem gekk í örtröðinni sunnan Hvítár. Tóku þá ýmsir bændur í Hálsasveit og Reykholtssdal sama ráðið og Magnús að fá, með leyfi Kalmanstungubóndans, upprekstur á Arnarvatnsheiði. En auk upprekstrartolls fylgdi þessari nýjung ærið erfiði, bæði sökum vegalengdar og tálamana sem á veginum voru. Fjórar ár voru á leiðinni, og tvær þeirra, Gilsá³⁴ og Norðlingafljót, sundvötn bæði í vorleysingum og haustringingum. Eiga margir eldri menn minningar um svaðilfarir frá þeim rétta- og heiðaferðum. Allt vildu menn þó leggja á sig til þess að koma fé sínu á Arnarvatnsheiði, eftir að hafa reynt landgæðin þar. Árlega fór þeim fjölgandi, bændunum sunnan Hvítár, sem ráku fé sitt þangað. Loks rak að því, að brydda tók á nokkrum kurr meðal ýmissa Mýrsýslunga sökum ágangs sauðfjár bænda sunnan Hvítár, og það svo, að uggvænt þótti að eiga allt á þeirra valdi, en svo mátti það heita, því að Kalmanstunga, sem átti Arnarvatnsheiði, er í Mýrasýslu. Þá hugkvæmdist forustumönnum í Hálsasveit og Reykholtssdal —, en það voru þeir Magnús á Vilmundarstöðum og synir hans —, að fá Arnarvatnsheiði keypta fyrir afréttarland þessara tveggja hreppa. Þá var Stefán Ólafsson, bóndi í Kalmanstungu, eigandi

³⁴ Í yngri útgáfu ritsins *Göngur og réttir*, II. bindi, frá árinu 1984, bls. 351, er talað um Geitá í þessu samhengi en ekki Gilsá.

hennar. Varð það að samningum haustið 1880, að Stefán seldi þessum hreppum alla Arnarvatnsheiði frá Svínalæk og eins og grös náðu milli Norðlingafljóts og merkjalínu þeirrar, er skilur milli Sunnlendinga- og Norðlendingafjórðungs. Veiðirétt í öllum vötnum á hinu selda svæði til móts við kaupendur áskildi Stefán sér og erfingjum sínum. Söluverðið var þrjú þúsund krónur. Landspildan frá Svínalæk að landamerkjum Fljótstungu, er var undanskilin, nefndist Bugar. Af því landi hafði Kalmanstungubóndi engar nýttar. Fáum árum síðar lét Ólafur Stefánsson í Kalmanstungu þetta land af hendi til sömu sveita fyrir mjög sanngjarnt verð.

Eftir að þessum heiðakaupum var lokið, var öllum þeim er bjuggu í Hálsasveit og Reykholtssdal, heimill upprekstur á Arnarvatnsheiði. Fjölguðu þá og stækkuðu ár frá ári fjárrekstrar þangað. Þar við bættist, að nokkrir bændur í Andakílshreppi, sem áttu fjölda sauða, fengu leyfi til að nota þennan eftirsóttu afrétt, sem þá var að verða fullskipaður.³⁵

[...]

Ekki er það neitt heimatak að leita Arnarvatnsheiði. Er því jafnan hyllt til þess, að meirihluti leitarmanna sé á léttasta skeiði og allir séu þeir komnir yfir fermingaraldur. Hver leitarmaður hafi hund, tvo reiðhesta, væna og vel járnaða, og að öllu séu menn vel búnir, svo sem að nesti og hlífðarfötum, bæði til dags og nætur o.s. frv.³⁶

[...]

Að morgni næsta dags, sem er föstudagurinn í 22. viku sumars, leggja þeir félagar upp og halda til austurs, þar til öllum gróðri er lokið, en það er við upptök Norðlingafljóts við Langjökul. Þar mætast Borgfirðingar og Vatnsdælingar og taka sér náttból í gróðursælum kima undir hraunjaðri, þar sem þeir reisa tjöld sín. Þarna mætast um þrjátíu menn úr fjarlægum byggðarlögum, og í bróðerni hafa þeir löngum prófað þar afl sitt og íþróttir, glímt, sungið og jafnvel kastað fram stökum.³⁷

[...]

Eftir minnilega næturdvöl í Fljótadrögum er öllum flokknum, að ráðstöfun leitarforingja, skipað niður á allt það svæði, er liggur frá Langjökkli milli Stórasands og Hallmundarhrauns. Meðan sauðaeignin stóð í blóma, héldu sauðir sig þar oft á efstu grösnum og velgdu þá leitarmönnum oft undir uggum, þegar gamlir forustusauðir réðu.³⁸

[...]

Öllu safni úr Fljótadragaleit er beint að Réttarvatni til sundurdráttar og er, þegar vel gengur, komið þangað litlu eftir hádegi. Þar koma til móts við

³⁵ *Göngur og réttir*, I. bindi, bls. 349–352.

³⁶ Bls. 353.

³⁷ Bls. 355–356.

³⁸ Bls. 356.

Fljótadragamenn Víðdælir, Miðfirðingar og sá hluti Borgfirðinga, sem ég hefi ekki áður getið.

[...]

Með þessum flokki, sem er níu til tíu menn, er aðalleitarforingi Borgfirðinga. Hann tekur við allri leitarstjórninni frá Réttarvatni, þar til leitinni er lokið. Oftast munu hafa komið að Réttarvatni 70–80 manns, þegar allt gekk skipulega. Þar skipta menn safni því, er þangað kemur, í tvo hluta eftir því sem markaskrár að sunnan og norðan til vísa.

Tangi gengur fram í Réttarvatn frá útsuðri, ekki breiðari en svo, að með þeim mannafla, sem þar var saman kominn, mátti verja safninu upp úr tanganum, meðan sundurdrátturinn stóð yfir. Meðal annarra mannvirkja frá síðustu tímum, leitarmönnum til hjálpar og hægðarauka, er grjótgarður yfir Réttarvatnstanga þveran, þar sem féð er rekið að.

Að þessum sundurdrætti loknum skiptast leiðir manna. Húnavetningar, sem bæði eru af Ásum og úr Þingi auk þeirra, sem áður eru taldir, leita til Miðfjarðar-, Víðidalstungu- og Vatnsdalsréttta. eru það bæði víðáttumikil og grösug heiðalönd, sem leitast til allra þessara rétta. Er það svæði fljótt á litið ein og sama heiðin, er deilist þó í takmörkuð réttasvæði og ber ótal mörg kennileiti.

Frá Réttarvatni skipar leitarforingi Sunnlendinga öllu liði sínu á þá breiðu skák, sem takmarkast af Norðlingafljóti að sunnan, en norðan megin af landamerkjalinu þeirri, sem ákveðin hefir verið milli Sunnlendinga- og Norðlendingafjórðungs. Af þeirri línu eru áhöld um vegalengdir til byggða sunnan og norðan megin.³⁹

[...]

Afréttir Hvítsíðinga, Þverhlíðinga og Stafholtstungnamanna eru óslitið framhald af Arnarvatnsheiði. Hefjast leitir til Þverárréttar mánudag þann sama og réttað er í Fljótstungu, og taka fimmtíu til sextíu manns þátt í þeim leitum, sem standa yfir í þrjá daga. Er þar með lokið fyrstu leitum á öllu því heiðarflæmi, sem aðskilur Borgarfjarðarhérað og Húnavatnssýslu.⁴⁰

[...]

Leitarsvæði til Rauðgilsréttar er allt land í byggð og óbyggð milli Hvítár að norðan og Flókadalsár að sunnan, svo langt sem gróður nær til Langjökuls og Oks. Þar er Geitland innan við efstu byggð, girt ám og jöklum. Var það um margar aldir notað fyrir afrétt Borgfirðinga, sunnan Hvítár. Þeir réttuðu þar fé sínu við Trússárbotna, og stendur rétt sú að nokkru enn sem minjar frá liðnum öldum og nefnist hún Trússárbotnarétt.

³⁹ Bls. 357–358.

⁴⁰ Bls. 359.

Næst Geitlandi tekur við Húsafellsland sem er víðáttumikið, skógivaxið hraun, fell og flóar. Allt til 1875 var fjöldi fjár rekinn þangað á hverju vori til sumargöngu, bæði úr Reykholtsdal og Andakílshreppi. Fram að þeim tíma var Geitland notað til afréttar. Þar finnst nú aðeins fátt af kindum í haustleitum, er þangað hafa leitað sjálfar. Eru þar léttari leitir en áður var, meðan sægur fráfarulamba dreifðist um allt það lautótta land.⁴¹

[...]

Meðan Geitland og Húsafellsland var nálega krökkt af geldfé, þótti ekki vel í lagt, að leitarmenn þangað væru færri en tuttugu. Í ungdæmi mínu kom sá hópur að Húsafelli sunnudagskvöldið í tuttugustu og annari viku sumars. Geitland og nokkur hluti Húsafellslands var leitað á mánudegi, en á þriðjudegi var svokallað Útfjall og Húsafellsskógur leitað, og þann dag var öllu safni, er kom úr leitum þessara tveggja daga, réttað á Húsafelli.

[...]

Meirihluti þess leitarsvæðis, er fylgir Rauðgilsrétt, má teljast heimalönd, að frátöldu Geitlandi. Geta því leitarmenn gíst á þeim bæjum, er næstir liggja leitarsvæðinu.⁴²

Sömu frásögn, og að mestu samhljóða, er að finna í yngri útgáfu ritsins *Göngur og réttir*, II. bindi, frá árinu 1984.⁴³

Í fjallskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu, nr. 174/1952, er takmörkum leitarsvæðis Rauðgilsréttar lýst á eftirfarandi hátt:

Hvítá takmarkar að norðan, en Langjökull að austan. Ok og Flókadalsá að sunnan.⁴⁴

Í 1. tölul. 33. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Mýrasýslu nr. 175/1952 er leitarsvæði Fljótstunguréttar lýst svo:

Heimalönd allra jarða á Hvítársíðu frá Gilsbakka að Kalmanstungu, að báðum meðtöldum, eins og Hvítá ræður að sunnan og girðingar að vestan og norðvestan að Skammá, svo og afréttur Reykdæla og Hálsasveitar og önnur heiðalönd að afréttarlöndum Þverárréttar og að löndum Húnvetninga að norðan og jöklum að sunnan.⁴⁵

Í *Árbók Ferðafélags Íslands*, frá árinu 1954, er fjallað um Borgarfjarðarsýslu norðan Skarðsheiðar. Þar segir m.a.:

Landbúnaður. Svo er staðháttum hagað í Borgarfirði milli Skarðsheiðar og Hvítár, að landbúnaður hefur frá öndverðu verið eini atvinnuvegur manna. Fiskur gengur ekki svo langt inn í fjörðinn að til hans náist, ef frá er skilinn

⁴¹ Bls. 367.

⁴² Bls. 368.

⁴³ *Göngur og réttir*, II. bindi, 1984, bls. 327–349.

⁴⁴ Skjal nr. 4(21).

⁴⁵ Skjal nr. 4(31).

lax og sjóbirtingur á leið upp í árnar. Öldum saman tíðkaðist, að menn færu í verið á vertíðum, og var þá venjulega haldið til Suðurnesja eða „suður með sjó“, eins og það var kallað. Voru verferðir þessar mjög almennar fyrr á öldum, en þegar kemur fram á síðustu öld eru það einkum ungir menn og fátækari bændur, sem róa á vertíðum. Hélzt þetta með nokkrum hætti fram undir 1920, en varð æ minni þáttur í bjargræðisvegum héraðsbúa.

Sauðfjáreign var í Borgarfirði eins og annars staðar aðalstofn búanna. Afréttir eru ekki í bezta lagi, en mjög sæmilegir, bæði á heiðum ofan dalanna og norður á Arnarvatnsheiði. Réttað er í Efra-Hrapp í Skorradal, Oddsstöðum í Lundarreykjadal, Rauðsgili í Hálsasveit og Fljótstungu í Hvítársíðu fé því, sem gengur á Arnarvatnsheiði.⁴⁶

Í fjallskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstað, nr. 297/1973, segir í 3. gr.:

Afréttir í Borgarfjarðarsýslu skulu vera þeir, er verið hafa og eru þessir:

1. Geitland milli Hvítár og Geitár, eign Hálsa- og Reykholtsdalshreppa, en þeir hreppar eiga meginafrétt sinn á Arnarvatnsheiði í Mýrasýslu.

[...]

Í sama skjali segir í 27. gr. um takmörk leitarsvæðis Rauðsgilsréttar:

Leitarsvæðið nær yfir lönd öll í Hálsahreppi og Reykholtsdalshreppi, að udanskildu Kálfanesi.⁴⁷

Grein þessari var breytt með 1. gr. reglugerðar nr. 333/1976, með því að eftirfarandi setningu var bætt við:

Heimilt er þó að leita Geitland til Fljótstunguréttar.⁴⁸

Með bréfi, dags. 13. nóv. 1985, sendi sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu Tryggva Gunnarssyni lögfræðingi ljósrit af þeim afréttarskrám sem embættið hafði undir höndum. Í bréfinu kemur fram að sendingin sé „að skipan dómsmálaráðuneytisins“ í bréfi móttæknu þann sama dag. Í afréttarskránni sem fylgdi með bréfinu segir m.a.:

AFRÉTTARLÖND Í MÝRASÝSLU

Í fjallskilareglugerð Mýrasýslu útg. 29/8. 1975, 33. gr., er gerð grein fyrir þeim leitarsvæðum, sem leituð eru til hinna ýmsu safnrétta í sýslunni. Er þar talað óbeint um afréttarlönd, eru leituð séu [til – ofan línu] réttanna, hverrar um sig, án þess að gerð sé nánari grein fyrir þessum svæðum, staðsetningu þeirra eða kenninöfnum. Skal nú leitast við ~~æ~~ að bæta nokkuð úr þessu, og

⁴⁶ *Árbók Ferðafélags Íslands*, Borgarfjarðarsýsla norðan Skarðsheiðar, 1954, eftir Harald Sigurðsson bókavörð, bls. 97.

⁴⁷ Skjal nr. 4(23).

⁴⁸ Skjal nr. 4(24).

verður um leið höfð hliðsjón af áður nefndri 33. grein reglugerðarinnar um röð leitarsvæða, til að auðvelda samanburð.

1. Fljótstungurétt. – Afréttarsvæði á Arnarvatnsheiði, eign Hálsa- og Reykholtisdalshreppa í Borgarfjarðarsýslu. Ennfremur svonefndar Lambatungur, er sömu hreppar hafa um sinn á leigu frá Upprekstrarfélagi Þverárréttar, og leita á meðan til Fljótstunguréttar.

Afréttarsvæðið afmarkast: að sunnan af landi Kalmanstungu, að vestan af heimalöndum Fljótstungu og Þorvaldsstaða að Lambá (girðing er á þeim mörkum), þá af Lambá í Kjarará – og ræður ~~hún~~ [Kjarará – ofan línu] mörkum allt til upptaka, og síðan vötn og lækir alla leið til Langjökulsenda, og er þá aftur komið að Kalmanstungulandi. Á öllu norður og austur svæðinu er sauðfjárnargirðing, sem látin er ráða merkjum milli afrétta.⁴⁹

Í 3. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstað nr. 374/1986 segir m.a.:

Afréttir í Borgarfjarðarsýslu skulu vera þeir, er verið hafa og eru þessir:

1. Geitland milli Hvítár og Geitár, eign Hálsa- og Reykholtisdalshreppa, en þeir hreppar eiga meginafrétt sinn á Arnarvatnsheiði í Mýrasýslu.

Þá segir í 27. gr.:

Fjallskiladeildir og réttir í Borgarfjarðarsýslu skulu vera þessar:

1. Rauðsgilsrétt: Leitarsvæðið nær yfir öll lönd í Hálsahreppi og Reykholtisdalshreppi að undanskildu Kálfanesi. Geitland skal þó leitað fyrir Fljótstunguréttar.⁵⁰

Þann 20. febrúar 1989 sendi félagsmálaráðuneytið öllum sveitarstjórnnum á Íslandi bréf og spurðist fyrir um upprekstrarrétt og afrétti sveitarfélaga o.fl. þar að lútandi. Óskað var upplýsinga um eftirfarandi:

1. Eiga íbúar sveitarfélagsins upprekstrarrétt í einhvern afrétt ?
2. Hvað nefnist sá afréttur ?
3. Hvar liggja mörk hans ?
4. Eiga íbúar annarra sveitarfélaga upprekstrarrétt í sama afrétt ?
5. Hvaða sveitarfélög eru það ?
6. Hafa sveitarfélögin komið sér saman um, til hvaða sveitarfélags afrétturinn skuli teljast ?⁵¹

⁴⁹ Skjal nr. 4(11).

⁵⁰ Skjal nr. 4(25).

⁵¹ Skjal nr. 4(7).

Svar hreppsnefndar Hvítársíðuhrepps, dagsett í október 1989, vegna fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins afrétti og upprekstrarrétt hljóðar svo:

[...]

1. spurning: Já. Allar jarðir í sveitinni nema Kalmanstunga 1 og 2 eiga upprekstrarrétt í sameiginlegan afrétt. Kalmanstunga sem þá var eitt lögbylí, afsalaði sér réttinum snemma á þessari öld.

2. spurning: Hvít síðingaafréttur

3. spurning: Hvít síðingaafréttur afmarkast að sunnan (suðaustan) af Urðhæðarvatnslæk, Kvíslavatni nyrðra, Kvíslavatnaskvísl, Skjaldartjörn, Skjaldartjarnarkvísl og Kjarará (neðst Örnólfsdalsá) niður að “Klettaneft einu við ána, hið næsta neðan Snasa, við Örnólfsdalsland“. Þá ráða landamerki Örnólfsdals norður og upp frá ánni “frá áður nefndu Klettsneft um austanverðar Stóruhágar norður Sandinn í vörðu þar og þaðan í hnúk norðanvert í Sandinum við Kvíaland. Þá ráða Kvía-landamerki (þ.e. jarðarinnar kvía í Þverárhlið) um Einbúa eftir há-Sandinum fyrir sunnan Olboga og sjónhending í Lambadal“ en síðan eftir Lambadal, með Lambadalsá að Hrólfovatskvísl en þaðan með Hrólfovatskvísl að Litlu-Þverá og með henni til Þverárvatna, um Þverárvötn, þá um Merkjavörðu á Hryggjum ofan Breiðavatns, um Nautavatn og Staðarhól í vesturenda Krókavatns. “Frá Krókavötnum sjónhending í suðurenda Flóavatns hins mikla. Þaðan ræður sjónhending í Urðhæðavatn.“

4. spurning: Já.

5. spurning: Lögbylí í Syðstutungu í Stafholtstungnahreppi reka samkvæmt fornri venju stóðhross í Kjarradal norðan ár.

6. spurning: Nei.⁵²

Svar oddvita Þverárhliðarhrepps, dagsett 29. mars 1989, vegna fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins afrétti og upprekstrarrétt hljóðar svo:

[...]

1. Já

2. Þverárréttarupprekstur

3. Að norðanverðu ræður Norðurá þaðan frá, sem Hellisá fellur í hana og alla leið upp í Holtavörðuvatn. Að austanverðu ræður sjónhending úr syðri enda Holtavörðuvatns í Hæðarstein, úr Hæðarsteini sjónhending í Reipagiljaborg, úr Reipagiljaborg sjónhending í Hrutafjarðará, þar sem Skútagil fellur í hana. Þá ræður Skútagil allt austur undir Krókavötn, frá Krókavötnum sjónhending í suðurenda Flóavatns hins mikla. Þaðan ræður sjónhending í Urðhæðavatn. Að sunnanverðu ræður Urðhæðarvatnslækur í Kvíslarvatn, þá Kvíslarvatnslækur í Skjaldartjörn, þá Skjaldartjarnarkvísl í Kjarrá. Svo ræður

⁵² Skjal nr. 4(8).

Kjarrá allt niður að klettsnefi einu við ána, hinu næsta fyrir neðan Snasa, við Örnólfsdalsland. Að vestanverðu liggur afréttargirðing frá áðurnefndu klettsnefi, svo gott sem í beinni línu þángað [svo] sem Hellisá og Norðurá mætast. Uppreksturinn keypti lönd Króks og Hermundarstaða, sem voru fyrir framan girðingu, skv. landamerkjaskrá Kvía. Þá keypti Uppreksturinn 1912 af Gilsbakka Lambatungur, sem eru fyrir sunnan Kjarrá og 1914 fremrihluta Fornahvammsslands fyrir norðan Norðurá. Afsöl eru til með landamerkjalýsingu, en skipta ekki máli hér.

4. Já

5. Þetta er sameiginlegt afréttarland, Hvítársíðuhrepps, Þverárhlíðarhrepps og þeirra jarða í Norðurárdalshreppi og Stafholtstungnahreppi, sem liggja fyrir austan og sunnan Sandalsár og Norðurár.

6. Þessari spurningu verður að svara neitandi. Það er ekki vitað til að hreppamörkum hafi verið þinglýst, þó kemur fram á korti ákveðin lína, sem hreppamörk milli Norðurárdals og Þverárhlíðarhrepps hvort hún er rétt vitum við ekki. Að sunnanverðu eru menn ekki sammála um hreppamörkin, en við teljum þau vera samhljóða upprekstrarmörkum og áfram niður á.

Virðingarfyllst,

f. h. Þverárhlíðarhrepps,

Skúli Hákonarson, oddviti.⁵³

Svar oddvita Reykholtssdals- og Hálsahreppa, dagsett 21. nóvember 1989, vegna fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins afrétti og upprekstrarrétt hljóðar svo:

[...]

Íbúar sveitarfélaganna eiga upprekstrarrétt á afrétt, og eru þeir tveir: Geitland og Arnarvatnsheiði og eru þeir eign sveitarfélaganna. Geitland takmarkast af Hvítá að norðan og Geitá að vestan, Langjökli að sunnan og austan.

Arnarvatnsheiði takmarkast á eftirfarandi hátt: Að neðan ræður girðing úr Norðlingafljóti rétt neðan Kleppa upp í Hólmavatn, þaðan ræður Skammá í Lambá, þá Lambá í Grunnuvötn, þá meðfram Grunnuvötnum í Úlfsvatnslón, þaðan ræður Úlfsvatnsá að Gnúpdælagötu, þá ræður Gnúpdælagata vestanvert við Úlfsvatn norður í austurhorn Urðhæðavatns, þaðan beint í landamerkjastein á Hraungörðum (steinninn merktur LM), úr steininum norðanvert við Hávaðavötn sjónhending austur heiði norðanvert við Hlíðarvatn um norðurenda Gunnarssonavatns upp í Svörtuhæð í stein merktan LM, úr Svörtuhæð í Réttarvatnstanga við Réttarvatn, úr Réttarvatnstanga sjónhending fyrir norðan Álftavötn og Fljótadrög upp í Lyklafell (Krák á sandi), úr Lyklafelli í Langjökulsenda, síðan ræður jökull ofan á móts við Reykjavatn, úr jökli í stefnu á Reykjavatn, með strönd Reykjavatns í

⁵³ Skjal nr. 4(9).

Reykárós, þá ræður Reyká í Norðlingafljót, síðan ræður Norðlingafljót niður í fyrst nefnda púnktinn [svo] rétt neðan Kleppa.

Geitland er í Hálsahreppi og telst því til þess sveitarfélags. Arnarvatnsheiði er í Hvítársíðuhreppi í Mýrasýslu og hefur ávallt talist til þess sveitarfélags.

F.h Reykholtisdalshrepps

F. h. Hálsahrepps

Þórir Jónsson oddviti

Þórður Stefánsson oddviti⁵⁴

Í 1. tölul. 32. gr. fjallskilasamþykktar fyrir Mýrasýslu, nr. 360/1992, er leitarsvæði Fljótstunguréttar lýst svo:

1. *Fljótstungurétt*. Leitarsvæði hennar er: Heimalönd allra jarða í Hvítársíðu frá Gilsbakka að Kalmanstungu, að báðum meðtöldum, eins og Hvítá ræður að sunnan og girðingar að vestan og norðvestan að Skammá, svo og afréttur Reykdæla og Hálsasveitar og önnur heiðalönd, að afréttarlöndum Þverárréttar og að löndum Húnvetninga að norðan og jöklum að austan.⁵⁵

Í ritinu *Byggðir Borgarfjarðar*, III. bindi, er m.a. fjallað um tilhögun leita á Arnarvatnsheiði. Þar segir m.a.:

Tilhögun leita og rétta

Hugmyndir um girðingu milli afrétta Borgfirðinga og Húnvetninga höfðu komið fram 1925. Af framkvæmdum varð þó ekki. Hafði þá lengi verið mikill samgangur fjár að sunnan og norðan á heiðinni. Jafnan var margt fé frá Borgfirðingum rekið til rétta í Húnvatnssýslum, einkum í Miðfjarðarrétt. Algengt var, að þaðan kæmu um 1500 fjár (kringum 1930). Voru sendir fimm skilamenn í Miðfjarðarrétt, sem jafnan var á þriðjungi næstum eftir Fljótstungurétt. Ferðin tók fimm daga. Gist var í Úlfsvatnsskála í báðum leiðum og tvær nætur norðan heiða. Réttardaginn var féð rekið inn á Núpseyrar. Á miðvikudag í Gilsbakkaárnes (Gilsbakkane), fimmtudag niður á Stekkjareyri við Stóra-Ás og á föstudagsmorgni til Rauðsgilsréttar.

Í Fljótstungurétt voru jafnan tveir skilamenn að norðan, en þangað kom yfirleitt ekki mjög margt norðanfé.

Árið 1933 var byggð sundurdráttarrétt við Syðra-Hávaðavatn. Með samkomulagi við Húnvetninga var, fram undir fjárskipti, smalað til hennar svæði norðan við Kvíslavatn og í Urðhæðum, norður að Ketilvatni. Tilgangurinn var að fækka því fé, sem annars yrði rekið til rétta í Miðfirði eða suður í Borgarfirði, í áttina frá sínum heimasveitum. Fram að fjárskiptum 1948–1950 var réttað í Réttarvatnstanga. Þangað var smalað fé úr Fljótadrögum, Jökulkrók og einnig norðan af Hryggjum og úr Lónunum sunnan þeirra. Norðanmenn og sunnanmenn leituðu sameiginlega fremsta hluta heiðarinnar til Réttarvatnstanga. Skipt var leit á Sunnlendingahæð (Biðholti), sem er austur undir Krák.

⁵⁴ Skjal nr. 4(10).

⁵⁵ Skjal nr. 4(55).

Gamlir menn eiga ljúfar minningar um þessi samskipti Húnvetninga og Borgfirðinga á Arnarvatnsheiði, sem lögðust af, þegar varnargirðingar gegn útbreiðslu sauðfjársjúkdóma komu til fyrir 1950. Um þessi samskipti er skrifað í ritinu Göngur og réttir III. bindi og víðar.

[...]

Þriðjudaginn í 20. viku sumars hefjast leitir á Arnarvatnsheiði. Þá leggja af stað 9 menn í Fljótadrög. Á þriðjudag er riðið fram í Álftakróksskála, ekkert er smalað þann dag. Á miðvikudag fara 3 menn og smala Jökulkhrók, sem er svæðið suður af Reykjavatni milli Langjökuls og Eiríksjökuls. Þeir fara ríðandi inn að Reykjavatni, skilja hestana þar eftir og fara gangandi inn í Jökulkhrókinn. Hinir 6 ríða niður að Hamarstjörn sunnan við Norðlingafljót, neðst í Sauðafjöllum. Þar er skipt leit og Sauðafjöllin smöluð inn að Reykjavatni og féð rekið norður yfir Norðlingafljót hjá Virkishólum. Síðan er smalað áfram frá Reykjavatni inn að Kaldalóni, féð er rekið norður yfir Fljótið hjá allháum kletti, sem stendur stakur á fljótsbakkanum að sunnanverðu. Þaðan er riðið til baka niður í Álftakrók. Á fimmtudegi er riðið inn að Reykjavatni, þar er skipt leit. Farið er aftur yfir svæðið frá Reykjavatni að Kaldalóni og haldið áfram inn í Fljótadrög og þau smöluð inn að girðingu. Áð er í leitarskála Vatnsdælinga, sem er rétt austan við girðinguna, norðan við Áfangatjörn. Reisulegt hesthús er við skálann, og eiga Borgfirðingar hlut í því. Þaðan er smalað norðvestur heiði, syðsti maður fer með Fljótinu en sá nyrsti með girðingunni yfir Jörvann að Réttarvatni og áfram sunnanvert við Leggjabrjótstjarnir. Smalað er niður á móts við Álftakrók.

Á fimmtudagsmorgun leggja af stað 8 menn úr byggð í Heiðarleit. Þeir ríða fram í Úlfsvatnsskála og smala svokallað Gilsbakkanes þann dag. Á föstudag smala Heiðarleitarmenn frá Úlfsvatni og Hávaðavatni fram heiði inn að Réttarvatni. Þar koma Dragamenn til móts við þá, en þeir fara lausríðandi úr Álftakrók. Frá Réttarvatni smala svo báðir flokkarnir niður heiði. Fljótadragamenn reka niður fyrir Refsvinu, en Heiðarleitarmenn skilja við féð á móts við Stóralón.

Á föstudagsmorgni leggja af stað 6 menn í Lambatungnaleit. Þeir ríða fram í Úlfsvatnsskála og smala þann dag frá Gilsbakkaá niður fyrir Skálalæk. Tveir menn fara í fyrirstöðu úr byggð á laugardagsmorgni og smala Lambatungnasporð neðan frá til móts við Lambatungaleitarmenn. Á laugardag er svo öll niðurheiðin smöluð og safnið rekið til Fljótstunguréttar. Réttað er þann dag eins og dagur endist. Fljótstunguréttardagur er svo sunnudaginn í 21. viku sumars. Áður var hann einni viku og degi síðar.

Í aðra leit er farið úr byggð á þriðjudagsmorgni í 22. viku, alls 12 menn. Þann dag eru Lambatungur leitaðar fram að Hávaðavatni og 3–4 menn fara að sunnanverðu og leita Sauðafjöll fram að Reykjavatni. Annan daginn er framheiðin leituð og Drögin. Allir gista í sama skála í Álftakrók. Þriðja daginn er leitað niður til Fljótstunguréttar og réttað samdægurs. Oft er farið í

leitarflug milli leita og alltaf eftir seinni leit. Hefur það verið gert síðastliðin 30 ár. Fé hefur fækkað mjög síðustu ár og hross ekki rekin á afrétt síðan 1969.

Fljótstungurétt var byggð fyrir miðja síðustu öld. Hún er frá upphafi hlaðin úr hraungrýti. Árið 1892 var hún stækkuð og endurbætt. Gerðið við réttina var byggt 1930.

Á þessari öld hafa öðru hverju orðið umræður um að færa réttina neðar í sveitina, en hún hefur staðið þær af sér, og nú eru ekki horfur á því, að hún verði færð.⁵⁶

Í 3. gr. fjallskilasamþykktar fyrir Borgarfjarðarsýslu, nr. 110/2006, segir m.a.:

Afréttir í Borgarfjarðarsýslu skulu vera þessir:

1. Geitland milli Geitár og Hvítár, eign Hálsasveitar og Reykholtsdals (Sjálfsveigarstofnun Arnarvatnsheiðar) en þær sveitir eiga meginafrétt sinn á Arnarvatnsheiði í Mýrasýslu.

Þá eru leitarsvæðin tilgreind í 24. gr. en þar segir m.a.:

Fjallskiladeildir og skilaréttir í Borgarfjarðarsýslu skulu vera þessar:

1. Rauðsgilsrétt: Leitarsvæðið nær yfir öll lönd í Hálsasveit og Reykholtsdal að undanskildu Kálfsnesi. Fyrri Rauðsgilsrétt skal fara fram sunnudaginn í 22. viku sumars og hin seinni sunnudaginn í 24. viku sumars.⁵⁷

5.3 Kalmanstunga og Arnarvatnsheiði

Eins og fram kemur í kafla 5.1 er Kalmanstungu getið í Landnámu. Þar segir:

Maðr hét Kalman, suðreyskr að ætt; Hann fór til Íslands ok kom í Hvalfjorð ok sat við Kalmansá. Þar drukkuðu synir hans tveir í Hvalfirði. En síðan nam hann land fyrir vestan Hvítá á milli ok Fljóta, Kalmanstungu alla, ok svá allt austr undir jokla sem gros eru vaxin, ok bjó í Kalmanstungu. Hann druknaði í Hvítá, er hann hafði farit suðr í hraun at hitta friðlu sína, ok er haugr hans á Hvítárbakka fyrir sunnan. Hans son var Sturla goði, er bjó á Sturlustöðum uppi undir Tungufelli upp frá Skáldskelmisdal, en síðan bjó hann í Kalmanstungu. Hans son var Bjarni, er deildi við Hrólfr enn yngra ok sonu hans um Tunguna litlu; þá hét Bjarni at taka kristni; eptir þat braut Hvítá út farveg þann, er nú fellr hon. Þá eignaðisk Bjarni Tunguna litlu ok ofan um Grindr ok Solmundarhofða.⁵⁸

Ekki er getið um kirkju að Kalmanstungu í skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi, frá því um 1200.⁵⁹

⁵⁶ Byggðir Borgarfjarðar, III. bindi. Bls. 359–361.

⁵⁷ Skjal nr. 4(56).

⁵⁸ Skjal nr. 4(66).

⁵⁹ Skjal nr. 2(147).

Í Íslendinga sögu segir frá reið Sturlu og Órækju á Arnarvatnsheiði. Þar segir meðal annars svo:

Sturla reið nú á brott með Órækju upp til jökla ok Svertingr með honum einn hans manna. Þeir riðu upp á Arnarvatnsheiði, þar til er þeir koma á Hellisfitjar. Þá fara þeir í hellinn Surt og upp á vígit. Lögðu þeir þá hendr á Órækju, ok kvaddi Sturla til Þorsteins langabein at meiða hann.⁶⁰

Í Þórðar sögu kakala er getið um Vatnsdalsför Þórðar og reið hans á Arnarvatnsheiði. Þar segir:

Nú er frá því at segja, at Þórðr reið á Arnarvatnsheiði dróttinskveldit ok reið þá annan dag vikunnar allt at byggðinni í Vatnsdal, en um nóttina, er myrkva tók, ofan í dalinn.⁶¹

Í Þorgils sögu skarða, segir frá Norðurreið Þorgils norður um Arnarvatnsheiði með eftirfarandi hætti:

Reið Þorgils þá upp í Kalmanstungu. Nikulás var heiman farinn, þegar spurðist flokkadrátrinn, ok út á Nes at eredum sínum, en gerði þeim Eyjólfí ok Hrafni menn norðr um Arnarvatnsheiði ... Magnús Atlason ok þá tólf saman.⁶²

Í Þorgils sögu skarða, í kafla um mannfall á Þverárfundi, segir svo:

Þessum atburðum mjök jafnfram, sem nú var sagt frá, gerðist þat, sem fyrr var ritat, at Hrafn reið í brott ok vestr Skjálgsdalsheiði. Er þat skjótast af at segja, að hann létti eigi, fyrr en þeir kómu til móts við Þorleif. Hann var kominn sunnan á Arnarvatnsheiði með flokk.⁶³

Í máldaga fyrir Kalmanstungu (Galmanstungu) frá 1367, sem skrifaður er upp eftir Hítardalsbók, segir:

Vestfirðinga fiordungur.

eptter þeirre afgomlu kirkiubok j Hítardal

Anno domini M°. ccc°. xc° q[uarto]¹).

xcí. Þetta gotz atte mariu kirkia j Galmastungu þa er Brandur Hallsson liet lausa enn Svarthofde son hanss tok med. j messuklædum.

alltt eptter vilkchinsbok.⁶⁴

⁶⁰ „Íslendinga saga.“ *Sturlunga saga*, II. Reykjavík 1948, bls. 282.

⁶¹ „Þórðar saga kakala.“ *Sturlunga saga*, III. Reykjavík 1948, bls. 54.

⁶² „Þorgils saga skarða.“ *Sturlunga saga*, III. Reykjavík 1948, bls. 284.

⁶³ „Þorgils saga skarða.“ *Sturlunga saga*, III. Reykjavík 1948, bls. 307.

⁶⁴ Skjal nr. 2(38).

Í Vilchinsmáldaga kirkjunnar að Kalmanstungu frá árinu 1397, kemur ekkert fram um afréttarmálefni. Um landeign kirkjunnar segir aðeins eftirfarandi:

Item land ad Vellankotlu.⁶⁵

Hallur Svarthöfðason seldi Jóni Gilssyni jörðina Kalmanstungu í Borgarfirði 28. febrúar 1398 en Jón lét á móti jarðirnar Sámsstaði, Skarðshamra og Kleppstíu, allar með tilgreindum ummerkjum. Í kaupbréfinu segir:

In nomine domini amen.

Uar þetta kaup þeirra hallz suarthofdasonar af annari hálfv enn jons gilssonar af annari. ath hallr selr nefndum joni jordina j kálmanztunghu j borgarfirde med ollum gognum oc gædum sem þeirri jord eighr ath fylgia ath fornu oc nýiu oc [ei] er med loghum fra komit oc hallr vard fremst eigandi ath med þessum vmmerkium. rædr hafr ar gil or jokli oc framm j huita. enn huita rædr ofan til gunnlaughs hofda enn vestr kuisl rædr vpp til haafa rauns. fra haafa hrauni oc vpp at vidgelmi. fra vidgelmi oc j gilit firir nedan kleppa skogh. or gilinu oc j hamartiorn. þa or hamrinum er stendr firir vtan hamartiorn oc j axlartiorn. þa rædr gilit or axlartiorn oc framm j dalsa. þa rædr dalsa oc vpp j þoruardzstada voutn. or þoruardzstada votnum oc vpp j arnarstein. þa j suinalæk. þa j vlfsvatnzar lon. þa rædr wlfswatnzæ vpp ath gnupdæla gotum. þa gnupdæla gautur nordur j lækinn er fellr or leirutuorn enni nyrdri. þa austr eptir rýggium j vorduna firir nordan torfavautn. þa or vordunni sionhendingh j millum torfa vatnz hit efsta oc hlijdar vatnz fyrir nordan hauada vatn vpp j vestr hæd. þa or hædinne austr j endann j rettavatni enu sýdra. þa austr epter heidi fyrir nordann alftavautn j jokulsenda. þa, ræda joklar fyrrer sunnan balljokul j hafrargil.

Ero þessi jtok j jordina. gilsbacki aa skogh ofuan fra hafua rauni med vestrkuisl. enn fliotz tunghu menn vpp fra hafua rauni oc til Rissgautu gegnt rafna biargargili oc hrishogg j kleppaskogh annat huart til sels ædr stecka oc eigi lenghr enn kálmanstunghumonnum endiz til sels. sambeit aa fliotztunghu haals vpp ath læk þeim er fellr or þorgeirs tiorn fram j fliot [eiga biarnarstadir ok halkelsstadir skog¹]⁶⁶ j millum nordr klifs oc skridu vpp af selia tunghu.

Her j mot gefr fyrr nefndr jon ædr greindum halle jordina samsstade j huitar sidu. jordina skardzhamra oc jordina kleppstiu j nordrardal med ollum þeim gaughnum oc gædum sem þeim jordvm eighu ath fylgia ath fornu oc nýiu oc jon vard fremst eighande ath. Eru fyrr nefndir samsstadir med þessum vmmerkium. rædr teigs[gil]²⁶⁷ framm j huita. oc vpp j hafua fellz

⁶⁵ Skjal nr. 2(64).

⁶⁶ Svohljóðandi neðanmálsgrein er í Íslensku fornbréfasafni á þessum stað: „¹) [•þesse ord j originalnmm ritud med annari hende enn a hinu e r j brefinu, og med gulara bleke. Hefur hier audsynelega eitthvad utskafid vered, og þetta sett j stadinn þess utksafna. þo er honden a þessu utstrikada ad visu gömul. og kannskie alijka gömul sem brefed sialft. annars er liklegast hier muni einhverier pretter under bua». (AM.);“

⁶⁷ Svohljóðandi neðanmálsgrein er í Íslensku fornbréfasafni á þessum stað: ²) gi1, seinna viðbætt; hefir upphaflega gleymzt úr í frbr. Árni segir það muni eiga að standa gil.

vatn hit ýtra. þaðan norðr ath gautu þeirri er liggr til reykiaholltsels af samsstada selia gautu. þá ræðr þuerlækr fram j kiaræ. fyrir nordan kiaræ. ofan ath merkigili oc vpp ath grof þeirri er næst er fyrir nedan haukagils sel. oc suo langt norðr a sem vatnfaull deila. fyrir sunnan ana vpp ath miofua vatnslæk suo sudr yfir fiall ofuan ath merkigrof. torfskurd ýfuer j sýgnýarstadanes. oc tueggia torfrossa beit. oc her ofan a fiortan kwgillde hálft huart. oc þar til þrettan kýr oc hálft niunda asaudar kwgillde. tuau gelldfiar kwgillde oc fiortan aura hins þridia hundrads oc hundrat vóru. vj. ross. vij. hundrath j voruvirdum vadmaalum.

Sampýcktu þetta þeirra jardarkaup hwsfrwr þrattnefndra manna hallz oc jons. jngigerdr oc katerin med handabande. tagde títtnefndr hallr maala jngigerdar konu sinnar vpp j sína beztu eighn þá er hann ætti. ædr eigandi ath ýrdi. voro þat attatighir hundrada. kynni oc nockut at riptaz vpp j jordina a samsstaudum. skildi hallr ser jafnmörgh hundrut aptur j jordina j kalmans tunghu joni til orlausnar. ædr hans erfingium. helminghar goz. suo oc ei sidr skildi jon sér aptr þilika penningha sem hann lagdi j ef nockur brigd kæmi a kalmanstunghu. Skal huarr suara lagha riptingum a, þeim jordum er selr. enn sa halda til lagha er kaupir.

for þetta kaup fram med handabande j reykiahollte j borgharfirde drottins daghinn næsta firir cathedracionem petri apostoli. þessum vottum hiaaverondum gunnari presti gilssyne. arna presti þordarsyni. salomoni brandzsyni. hauki finnzsyni. halldori þalssýne. þali steinsyne oc morghum audrum godum monnum.

Ok til sanninda her um settu fyrr nefndir menn sin jnnsigle firir þetta kaupbref. skrifuat a samstodum. fimta daghinn næsta fyrer festum johannis holensis þá er lidit var fra hingat burd vors herra iehsu christi þushundrat ccc. niutighir oc atta ar.⁶⁸

Í skrá um eignir kirkjunnar í Kalmanstungu frá árinu 1469, sem einnig er kölluð máldagi, segir m.a.:

Jn primis a hon land allt ath uellankotlu.⁶⁹

Fyrir liggur afsalsbréf um hálfa Kalmanstungu, dags. 2. júní 1497. Í skjalinu segir m.a.:

2. JÚNÍ 1497.

á Úlfsstöðum

EIRÍKR prestur Sumarliðason gefr Guðnýju Þorleifsdóttur í tíundargjöf sína hálfa jörðina Kalmanstungu í Borgarfirði.

[...]

Um Tiundargiöf Eireks prests Gudniu Þorleifs Dotter til handa 1497¹⁾⁷⁰

⁶⁸ Skjal nr. 4(38).

⁶⁹ Skjal nr. 2(65).

⁷⁰ Neðanmálgrein í Íslensku fornbréfasafni: „¹⁾ Utan á.bréfinu með hendi frá 17. öld.“

[...]

Sira eirekur prestur sumarlidason af eirne alfv en gudný þorleifsdóttir af annare. at suo firir skildu at fyr greindur sira eirekur gaf adur nefndri gudnyu þorleifsdottur j sina tiundargiof. epter þui sem landzlaugin ut uisa at madur megj med laugum gefa af erfdagozi. alla halfa jordina kalmannzstungu er liggur j borgarfirdi til æfinlegrar ok obrigduligrar eignar. vndan sier ok sinum erfingium en undir gudnyu ok hennar erfingia. gaf han þessa fyr greinda jord halfa med taudum. skogum ok eingivm. ueidum. afrettum ok fiorunytium ok aullum þeim gædum sem þui landi eigv at fylgia. at fornu ok nýu. Þó at þat eigi j aunnur laund. ok hann uard fremst eigandi at ordin. j arf epter modur sina ok sysken.

[...]

atti þessi jord half kalmanzstungan at uera afhent þá straks þar sem hun stædi. j eign ok uernd gudnyiar. en ábud skýlldi standa a jorduni til næstu fardaga epter þui sem sira eirekur hafdi adur bygt hana.⁷¹

Í jarðakaupabréfi, dags. 24. apríl 1527, kemur eftirfarandi fram:

Teitr Þorkelsson geldr Ingu Jónsdóttur konu sinni jarðirnar Ásgeirsá í Víðidal með ánefndu búi og ítökum, Lækjamót í Víðidal, Krossanes á Vatnsnesi og eyðikotið minni Ásgeirsá, fyrir þær hennar jarðir og lausagóz, er hann hafði áðr í burtu feingið í Borgarfirði: hálfa Galmanstungu, Fljótstungu, Þóroddsstaði, Kornslæk og Hvamm í Hvítársíðu.

JardakaupsBref Teijtz Þorleifssonar og hans kuinu Jngu Jonzdottur.

[...]

Þessar allar firsagdar jarder med ollum þeim gognum og giædum sem adur greindum jordum filgir og filgt hefur ad fornu og nýu. og hann vard fremst eigandi ad. Skilldi offtnefnd Jnga Jonzdotter eignast alla firskrifada peninga fyrir þær hennar jarder og lausagoss sem tjtnefndur Teijtur hafdi adur j Burtu feingid j Borgarfjrdj. Halfa Galmanltztungu (!) fyrir lx^c Fljottztungu og þorodstadj Kornzlæk [...] ⁷²

Þann 31. mars 1528 er hálf Kalmanstunga seld. Í kaupbréfinu segir m.a.:

JÓN biskup á Hólum fær og geldr Magnúsi Björnssyni alla jörðina Steinstaði í Tungusveit til fullrar eignar fyrir þrjátígi hundraða upp í þá sextígi hundraða skuld, er Magnús átti hjá biskupi fyrir hálfa Kalmanstungu; þar með skyldi Magnús hafa við af Hólakirkju rekum fyrir utan Laxárdalsheiði — nema stórviðu — þar til jörðin á Steinstöðum væri húsuð svo, að hún væri leigufær.

⁷¹ Skjal nr. 2(39).

⁷² Skjal nr. 2(41).

Þat giörum uid halldor jonsson og þorgrimur gudmundssen godum monnum uiturligtt med þessu ockru opnu brefi árum epptter gudz burd [...]

af einre álfu uors verduga herra og andarlígs favdur jon med gudz nad biskup ad holvm enn af annare alfu magnus biornssonar ad svo fyrir skildv ad fyrnefndur herra biskup jon fieck og galltt til fullrar eignar og frials forrædis fyrnefndum magnuse biornssyni jordina alla steinstadi j tungusueit er liggur j reykia kirkiu sokn med ollum þeim gognum og giædum sem greindri jordu fylger og fylgtt hefur ad fornu og nyu og hann vard fremztt eigandi ad ordinn fyrir xxx hundrada. upp j uerdtit fyrir þau ui tige hundrada er biskupinn var honum skyllidugur fyrir halfua kalmanztungu.⁷³

Fyrir liggur samþykkt tólf klerka, dags. 31. júlí 1538, þar sem Galmanstunga (Kalmanstunga) er dæmd ævarandi eign Skálholtsbiskupstóls. Í skjalinu segir m.a.:

SAMÞYKT tólf klerka, samankallaðra af Ögmundi biskupi í Skálholti, um andsvar við Ordinanzíunni (Nr. 95), um sáttargerð biskupanna Jóns og Ögmundar, um Mýrar og Kalmanstungu, um Erlend Einarsson (á Sólheimum), um dóma „í öðrum sveitum“, um kirkjuhaldara syðra, og um samheldi biskupanna.

[...]

Item i annare grejn bad biskupenn oss ad lijta á þær agrejningar og missemder sem upp hefde rised mille hans og hans brodur Biskups Jóns á Hólum og huort afl su sátt skillde hafa sem almenneliga hafde gerd vered þeirra a millum med suornum bókarejndum. Skodudum uier sáttargiordena og leist oss hun i allan máta skialleg og mindug og af aunguum riufast meiga. ecke af þeim sialfum helldur enn odrum. stod þar inne ad huorge skillde innlejda nockrar nýngar i annars biskupsdæme. Enn biskup Augm(und) klagade ad hier være komner tveir¹⁾ prestar ur Hóla biskupsdæme a Skalholtz kirkiu. leist oss þetta en mesta diorfung fyrir þessa menn sem oheirt er ad nockur hafe fyrr giort i móte ollu logmále h(eilagrar) kirkiu og hennar privilegijs. þui ad h(eilags) anda nad til kalladre ad so profudu og fyrir oss komnu dæmdum uier med fullu doms atkuæde ádurgrejnda presta. [Eýrek Palsson og Jón Olaffsson.²⁾ fallna i bann og i forbod. og skillduga ad taka lausn og skriffter af biskupenum og drijfa sig eckj par med greindar jarder leingur. þvi oss litust aller þeir dómur sem biskupinn hafde dæma láted ýfer kirkium og klerkum so og um grejndar jarder skialleger og minduger i ollum sinum grejnum og Articulis og af aungum riufast mega nema af vors heilagasta faudurs Pavans legata valde. þui dæmdum uier þessa ádurkrifaða garda Galmanstungu og Mýrar vera æfenlega eign Skalholtzkirkiu og vered hafa og biskupinn mega þa ad sier taka og afhenda edur lata afhenda huorium er hann vill lærdum edur

⁷³ Skjal nr. 6(25).

lejkum. Eige sijdur dæmdum uier allar kirkiueigner i Skalholltz biskupsdæme under h(eilagr) Skalholltz kirkiu formans logsogn¹⁾ enn ejnkiss annars.⁷⁴

Í gjafabréfi, dags. 24. ágúst 1540, kemur fram að Ögmundur, biskup í Skálholti, gefur Þorsteini Þórðarsyni, systursyni sínum, jörðina Kalmanstungu í Hvítaársíðu og tuttugu hundruð að auki. Í bréfinu segir m.a.:

[...]

þvi gefvm vier honvm og favm j sin þionvstvlavn til fvllrar eignar og frials forrædis jordina alla galmastvngv er liggvr j borgarfirde j hvitarsidv og þar til xx^c med ollvm þeim gognvm og giædvvm sem greindre jordv fýllger og fýlgtt hefur at fornv og nýiv og vier hofvm fremst eigande at ordit j minna hlvt og meira at ollv til skilldv enn avngvv frateknv.⁷⁵

Gizur Einarsson, biskup í Skálholti, samþykkti gjafabréfið „af sínum parti og dómkirkjunnar“ þann 5. september 1541.⁷⁶

Fyrir liggur erfðadómur um m.a. hálfa Kalmanstungu, dags. 30. júní 1542. Í skjalinu segir:

DÓMR sex manna, útnefndr á Öxarárþingi af Þorleifi lögmanni Pálssyni, um það, hvar síra Jón Þorleifsson og bræðr hans skyldu aðgang eiga um þá peninga, sem Ingibjörg Jónsdóttir móðir þeirra hafði ekki feingið í erfð eptir systur sína Ingu heitna Jónsdóttur (konu Teits Þorleifssonar).

[...]

J fyrstu grein kom þar fram fyrir oss ath fýr nefnd Jnga hefdi heiman haft wr faudur gardi oc modur j sinn mæla þriu hundrud hundrada til greind jordin kalmanztunga half j borgarfirdi og adrar flejri jarder þar med.⁷⁷

Í vitnisburði Ólafs biskups Hjaltasonar um landamerki Kalmanstungu, dags. 29. júní 1558 og 30. apríl 1569, segir:

29. júní 1558

á Öxarárþingi.

30. apríl 1569

í Skálholti.

VITNISBURÐR Ólafs byskups Hjaltasonar um landamerki Kalmanstungu.

[...]

Kalmanstunga

Eg Olafur Hialttason vnder Gdz þolinmædi Byskup æ Holum oc superintendens Hola Byskupsdæmis giori godum monnum kunnigt med þessu mijnu opnu brefi. ad fyrir mig kom Heidarligur Herra. Herra Gijlsle Jonsson Byskup ad Skalholltti anno 1558 bad mic oc brjgeradi af mier sannligs oc fullkomligs vittnisburdar huad eg hefda heyrtt oc sied vm

⁷⁴ Skjal nr. 2(36).

⁷⁵ Skjal nr. 2(42).

⁷⁶ Skjal nr. 2(43).

⁷⁷ Skjal nr. 2(44).

mældaga, kirkiu reikningsskap oc landeign eptter brefum og skilrikium sem til heyrði logum og ríettindum. þeirre fatækri kirkiu og gardi Skalholltzkirkiu. Kalmanstungu j Borgarfirdi liggjandi. Er það minn fyrste framburður að ég fór með Byskup Gotskalk heitnum. godrar minningar. xiiij vetra gamall oc þaðan af elldri. bio þá j Kalmanstungu Halldor heitinn Þorgeirsson. huer ed bued hafði j fyrr greindri Kalmanztungu xxiiij áár. syndi hann og auglysti bæði með Brefum og jnnsiglum oc suo mældaganum þar heima oskaddan¹⁾. j þann tíma að Kalmanztungu kirkia oc gardur ætti þessi landamerki sem ég uil nu vittne vm bera sialfur: J fyrstu að ég hefi lesid bæði bref með heilum og oskoddum insiglum. og mældaga suo hlíodanda að kirkian j Kalmanztungu og gardurinn þar ætte fyrst að vphafi alla landeign sem er j millum Arnarvatz oc Geitlanzár með ollum þeim vottnum og veidistodum að fyrr greindu Arnarvatne. Hier með Strut til greindan og ollum landeingium¹⁾ fyrir nordan hann. oc yfer vm hraun það sem geingur j millum somu landeingia¹⁾. motz við Flíotztungu. huar sá gamle faruegur flíotzens hefur að fornu geingid. Jtem sagði minn fader mjer sem hiet Híalltti Arnkelsson að fyrgreint flíot hefði j sinum barndomi runned Flíodztungu¹⁾ meigen. það nu geingur vm landeingiar. þui hann rere sudur vm land zviij vertíjder. bar hann þennan vittnisburd sem ég nu ber sextugur madur. en varð attrædur oc fíorum ærum betur og hier eptter vil ég sueria. nær kongsualldid vill. oc Skalholltz kirkiu formenn¹⁾ mic til krefia. huern frekara vittnisburd elldri menn kunna að bera. afseigi ég í onguan mata oc ég hefi afheyrt að enn mune lífa. Og til sannenda hier vm set ég mitt insigli fyrir þetta vittnisburðarbref. Giortt að Oxararþngi die Petri et Pauli að sama are sem fyrr seiger.

[...]

Þat²⁾ meðkennunst vier Þordur Jonsson. Jon Eigilsson. Grijmur Skúlason og Jon Jonsson presmenn Skalholltz stíctis að vier hófum síed Bref þess frá Herra Herra Oláfs Híalltasonar Biskups að Holum godrar minningar með hans heilu og oskaudu jnnsigli so latandi ord fyrir ord sem hier fyrir ofan stendur skrifat. Og til sanninda hier vm setium vier vor Signet vpp að þetta Bref skrifat j Skalhollti laugardaginn næstan fyrir postula Messo Philippi et Jacobi arum epter Gudz burd 1569.⁷⁸

Í máldaga Gísla biskups Jónssonar fyrir kirkjuna í Kalmanstungu, frá því um 1570, kemur ekkert fram um afréttarmálefni. Um landeign kirkjunnar segir aðeins eftirfarandi:

Kirkian í Galmastungu³⁾⁷⁹ á Land að Wellankautlu.⁸⁰

⁷⁸ Skjal nr. 2(45) og 4(35).

⁷⁹ Neðanmálgrein í Íslensku fornbréfasafni: „Galmarstunga, Látrab.“.

⁸⁰ Skjal nr. 2(33).

Í Vísitasubók Brynjólfs biskups Sveinssonar frá 1639–1671 segir:

[3. ágúst 1653] Kalmas Tungu kirkia a effter Vilchins maldaga land ad Vellankótlu. Annad finst ecke I Skalhols maldógum ad hun eige I fóstu.⁸¹

Í vísitasubókum Þórðar biskups Þorlákssonar frá 1675–1695 segir:

I Nafne Heilagrar Þrenningar.

Anno 1681 d. 19. Augusti ad vppbiriadri visitatiu reysu Biskupsins M. Þordar Thorlakssonar a Vestfíórdu. Var fyrst heimsokt kyrkiann ad Kalmanstungu. Hun a effter Vilchins Maldaga land ad Vellankótlu.

[...]⁸²

Í máldaga- og vísitasubók Mýraprófastsdæmis 1397–1733 segir:

Hierads Visitatio KalmansTungu kirkiu

Anno 1695, 9 Octobris afstadna Heilaga Bænadags Ceremoniu,

[...]

Sama dag Visiterud Kalmanstungu kirkia so standande:

[...]

Og land ad Vellinkótlum.

[...]⁸³

Í Vísitasubók Jóns biskups Vídalín um Vestfirðingafjórðung og Sunnlendingafjórðung 1699–1705 og 1710–1719 segir:

Die eodem [1. september 1702] visiterud kyrkiann ad Kalmanz Tungu Hün ä effter Vilchins maldaga land ad Vellankótlu.

[...]⁸⁴

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Borgarfjarðar- og Mýrasýslur, frá árinu 1709, er minnst á silungsveiði, eggver, áltaveiði og grasatekju á Arnarvatnsheiði. Tekið er fram að grasatekjan og silungsveiðin brúkist af mörgum í heimildarleysi. Í kaflanum um Kalmanstungu er talað um Arnarvatnsheiði sem fjöll eða fjalllendi. Þar segir:

Kalmanns Tunga, almennilega kölluð **Galmanns Tunga**.

Kirkjustaður annecteraður með Húsafelli og Stóra Ási.

Jarðardýrleiki xxx c og so tíundast fátækum einum.

Ábúandinn Bjarni Þóroddsson.

⁸¹ Skjal nr. 2(89) a-b.

⁸² Skjal nr. 2(90) a-b.

⁸³ Skjal nr. 2(137) a-b.

⁸⁴ Skjal nr. 2(93) a-b.

[...]

Afrjett engin og gengur peningur í heimalandi.

Haga ljær ábúandi á sumur fyrir lömb þeim mönnum, sem taka af honum fje og hesta til hagagöngu um vetur.

Skógur nægur til raftviðar, kolgjörðar og eldiviðar, og brúkar ábúandi til heimilissauðsynja, hefur og leyfi af umboðsmanni að selja nokkrum mönnum skóg sjer til gagnsmuna.

Torfrista og stúnga ónýtt, og er það einasta til torfs, sem stungið er úr móum og vallendi á hús og hey.

Móskurður til eldiviðar meinast verið hafa, brúkast ei.

Silúngsveiðivon á fjalli í stöðuvötnum og lækjum, hefur áður að góðu gagni verið, en brúkast nú lítt fyrir fjarlægðar sakir.

Eggver af álft hefur og verið við stöðuvötn á fjöllum að góðu gagni, fer nú mjög til rýrðar en brúkast þó.

Álftaveiði á sumur við sömu vötn¹⁾⁸⁵ var gagnvæn, brúkast nú lítt fyrir fólksfæði, þykir og fara til rýrðar þó til sje reynt.

Grasatekja á sama fjalli, Arnarvatnsheiði, hefur næg verið en brugðist í nokkur ár, og brúkast af mörgum í heimildarleysi og óþakklæti, so og silúngsveiðin.

Hvannatekja og rótagröftur nægur, brúkast og af ýmsum í óþakklæti sem grasatekja og silungsvæði.

Engjunum grandar vatnsfall, sem heitir Fljót, með landbroti og grjóts og sands áburði, og so öðru engjatakmarki, skriður úr brattlendi, hverttveggja til stórmeina.

Vatnsból bregst um vetur, og er þá erfitt til að sækja í Hvítá.

Hreppamannaflutningur mjög torsóktur og hættulegur yfir Hvítá, Geitá og Kaldá að Húsafelli, og á aðra síðu yfir Fljótið að Fljótstungum.

K ø t l u t ú n, forn eyðihjáleiga ekki bygð í 100 ár eður lengur. Eru hjer þó ljós byggíngarmerki, og almenningsrómur sá, að hjer hafi hjáleiga verið, en ekki eru hjer túngarðsleifar. Veit og enginn að undirrjetta með hverjum kostum hjáleigan bygðist. En landið brúkar heimajörðin til beitar. Ekki má hjer með nokkru móti aftur byggja fyrir heyskaparleysi, því túnstæði er alt í hrjóstur og skriður komið.

B r e n n a, annað fornt eyðibýli hjer í landinu, sem ogso meinast verið hafa hjáleiga og ekki byggt í 100 ár eður lengur. Ljós eru hjer byggíngamerki, tóftarústir og garðaleifar. Ekki má hjer aftur byggja því yfir túnstæði er fallin skriða, en landið brúkar til beitar Kalmanstunga.

⁸⁵ Neðanmálgrein í heimildinni: „Á eftir vötn er aftur ritað á sumur.“

L i t l a t u n g a, fornt eyðiból hjer í heimalandinu, og eru munnmæli að hjer hafi kirkja verið. Sjást þar og nokkur merki, að þar sem landið blæs upp í einum stað og menn ætla að kirkjan hafi verið og líkindi eru til kirkjugarðsins, koma upp mannabein. Er og á þessu plátsi miklar girðingar, so menn ætla hjer hafi að fornu stór bær verið. Þar eru nú fjárhúsin frá Kalmanstúngu, og liggur land alt til hennar. Ekki má hjer byggja, því túnstæði er alt uppblásið í melahrjóstur.

H a l l d ó r s t o p t e r heita norðan við Fljótið, við kletta þá, sem Kleppar heita. Ekki vita menn að þar hafi nokkurntíma byggð verið eður sjeu þar seltóftir, þó líklegra þyki af rústaleifum, að þar muni sætur verið hafa.

Ágreiningur nokkur er um þetta landspláts á millum jarðanna Kalmannstúngu og Fljótstúngu, og hafa beggja jarðanna umboðsmenn lögfest landið, og er ekki til greina komið hverjir rjettara hafa, og brúka það nú báðar jarðirnar til beitar átölulaust milli leiguliða. Ómögulegt er hjer að byggja fyrir heyskaparleysi og vetrarríki.⁸⁶

Í úttekum kirkna og staða í Mýrasýslu 1696–1877 segir:

Kalmanns Tunga

Kyrkian ad KalmannsTungu ä land ad Vellenkótlu [strikað yfir: -m í Vellenkótlum].

[...]

Þesse eru landamerke Stadarinns effter kaupbreffe Halls Svarthófdasonar og Jons Gylssonar, hvórs copia ad liggur bædi i Skalholti og lyka ä kyrkiunne i KalmannsTungu af Dato 1398. Rædur Hafurgil ur Jókle og fram i Hvýtä enn Hvýtä rædur ofan til i Gunnlaugshófda. Enn vesturkvýsl rædur upp til Häfa Hrauns, fra Hafa Hraune og upp ad Vid[strikað yfir: gkl]gelme, fra Vidgelme og uppi gilid fyrer nedan Kleppa Skög, or gilenu og i Hamartiörn, þa or Hamrenum er stendur fyrir utan Hamartiörn og i Axlartiörn, þa rædur gilid or axlartiörn og framm i Dalsä, þa rædur Dalsä uppi Þorvardstada vótn, ur Þorvardstadavótnum og upp i Arnarstein, þa i Svýnalæk, þa i Ulfsvatnsär lön, þa rædur Ulfsvatnsä, upp ad Gnupsdæla gótu, þa Gnupsdæla gótur nordur i lækenn, er fellur ur Leiru Tiörn enne nýrdre, þa austur effter Riggium i vórduna fyrer ofan Torfavatn, þa ur vórdunne Siönhending i millum Arfavatns hid efsta, og Hlýdarvatns fyrer nordan Häfada vatn, uppi Vesturhæd, þa ur Hædinne austur i Endann ä Riettavatne enn sydra þa austur effter Heide fyrer nordan Alfftavótn i Jókulsenda, þa rada Jóklar fyrer Sunnan Ball Jókul i Hafra ärgyl. Eru þessi Itók [i] Jórdena. Gilsbacke ä Skög ofan fra Häfa Hraune med Vesturkvýsl, Enn Fliöts Tungu menn upp fra Hafa Hraune og til Rissgótu giegt Rafnabiargargile og Hrisshógg i Kleppaskög, annad hvert til Sels eda Steckia, og eige leingur enn Kalmannstungumónnum endest

⁸⁶ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, fjórða bindi. Gefin út af Hinu íslenska fræðafjelagi í Kaupmannahöfn, 1925 og 1927, bls. 258–260.

til Sels. Sambeit i Fliötstungu Häls upp ad læk þeim, er fellur ur Þorgeirstiörn framm i Fliöt (Eiga Biarnastader og Hallkelstader Skög) i millum Nordurklifs og Skridu upp ad Seliatungu.

[...]

Þessu til merkis eru underskrifud nófn þeirra sem kyrkiuna ad Kalmannstungu skodudu nærstlidinn 22 septembris, tveim dogum sydar hier ad Skalholti Anno 1725.

Jon Arnason Olafur Gýssursson Erlendur Nicholaiisson

Jon Andresson.

Riett effter originalnum ad vera Testera Jon Andresson Þorvardur Audunarson.

LFFJN2873 – ad 113⁸⁷

Í vísitasíubók Jóns biskups Árnasonar 1723–1733 segir:

Kyrkian ad Kalmannstungu ä land ad Vellankøtlu,

[...]

Þesse eru landamerke stadarens effter kaupbreffe Halls Svarthófdasonar, og Jons Gilssonar, hvors copia ad liggur bæde i Skalhollte, og lika ä kyrkiunne i Kalmanstungu af Dato 1398 rædur Hafurgil ur Jókle, og framm i Hvytä, Enn Hvytä rædur ofan til Gunnlaugs hófda, enn Vesturkvysl rædur upp til hafa Rauns, frá hafa Raune, og upp ad Vidgelme, fra Vidgelme, og upp i giled, fyrer Nedann Kleppaskög ur gilenu og i Hamartiörn, þä ur Hamrenum er stendur fyrer utann Hamartiörn og i Axlartiörn, þä rædur giled ur Axlartiörn og framm i dalsä þä rædur dals ä uppi Þorvardsstada Vótn, ur Þorvardstada Vótnum, og uppi Arnarstein, þä i Svinalæk, þä i Ulfsvatnsärlön, þä rædur Ulfsvatnsä upp ad Gnupsdala götu, þä Gnupsdalagótur Nordur i læknum, er fellur ur Leyrutiörn enne Nyrdre, þä austur efter riggium i Vórduna fyrer Nordann Torfavótn, þä ur Vórdunne siönhending i millum arfavatns hid efsta, og Hlydar Vatns, fyrer Nordann Hävadavatn, uppi Vesturhæd, þä ur hædenne austur i Endann ä Rettarvatne, enn Sydra, þä austur effter heide, fyrer Nordann Alfftavótn i JokulsEnda, þä rada Jóklar fyrer Sunnann Ball Jókul i Hafra ärgil. Eru þesse Itók i Jórdena; Gilsbacke ä skog ofann frá hafa Hraune med Vesturkvysl, enn Fliötstungu menn upp fra hafa Hraune, og til Rissgótu, giegnt Rafnabiargargile, og Hryshogg i Kleppa skög, annad hvort til Sels eda stecka, og eige leingur enn Kalmanstungu Mónnum endast til Sels. Sambeyt i fliötstungu häls, upp ad læk þeim er fellur ür Þorgeyrstiörn framm i fliöt (eige

⁸⁷ Skjal nr. 2(142) a-b.

Biarnastader og Hallkelsstader Skög) i millum Nordurklifs og Skridu, upp ad Seliatungu.

[...]

Þessu til merkis eru underskrifud Nófn þeirra sem kyrkiuna ad Kalmanstungu skodudu nærst lidenn 22 Septembris, tveim dógum Sydar hier ad Skalhollte Anno 1725.

[...] ⁸⁸

Í vísitasíubók Jóns prófasts Jónssonar 1737–1739 segir:

Kalmans Tunga

Anno 1737 dag 10 Octobris var visiterud kyrkiann ad Kalmanstungu af Hieradz prófastenumm Sr Jöne Jönssyne, Hun ä effter Wilchins mäldaga land ad Vellankótlu.

[...] ⁸⁹

Í vísitasíubók Jóns biskups Árnasonar 1723–1742 segir:

Kalmanstunga

Kyrkiann ad Kalmanstungu ä land ad Vellankótlu,

[...]

ad Kalmanstungu d. 6. Augusti 1739. ⁹⁰

Í vísitasíubók Ólafs biskups Gíslasonar 1748–1752 segir:

Anno 1751 Þann 14. Augusti Visiterud Kyrkiann ad Kalmanstungu, Hun ä land ad Vellankótlu og 4 Kugillde, Enn um Landamerke Stadarens mä lesa Visitatiu Sal. Mag. Jons Arnasonar 1725

[...] ⁹¹

Í vísitasíubók Vigfúsar prófasts Jónssonar 1743–1777 segir:

KalmansTunga

Anno 1744 d. 5 Junii Var kyrkiann ad Kalmanstungu Visiterud af Hieradz Prófastenumm Sra Wigfuse Jönssyne; Hun ä land ad Vellankotlu.

[...] ⁹²

Í vísitasíubók Finns biskups Jónssonar og Hannesar biskups Finnssonar frá 1756–1778 segir:

Kalmanstunga

⁸⁸ Skjal nr. 2(99) a-b.

⁸⁹ Skjal nr. 2(138) a-b.

⁹⁰ Skjal nr. 2(97) a-b.

⁹¹ Skjal nr. 2(100) a-b.

⁹² Skjal nr. 2(139) a-b.

Anno 1759 Þann 9 Septembris Visiterud Kyrkiann ad Kalmanstungu. Hun ä Land ad Vellankøtlu, [...] ⁹³

Þann 5. júní árið 1773, lögfesti Árni Þorleifsson jörðina Kalmanstungu, land hennar, hús, garða og allar landsnytjar. Landamerkja er getið. Lögfestan var upplesin á manntalsþingi á Sámstöðum sama dag og er svohljóðandi:

Epter alvarlegre skipan haa-ædla hr. Biskupsins yfer Skaalholts stipte Hr. Finns Jónssonar, lögfeste eg underskrifadur Kalmanstungu og hennar kyrkiuland, sem liggur í Hvítarsíðu innan Míra Sýslu. Lögfeste eg tiedrar jardar og kyrkiu land, hús og garda, tödur, eingiar og skóga, eggver og álfveide, hollt og haga, vötn og veidestade og allar landsnytiar, sem nefndu lande og jörd fylgia eiga epter gömlum og nýum maaldögum til epterskrifadra örnefna.

Rædur Hafurgil úr Jöklu og fram í Hvítaa, enn Hvítaa rædur ofan til Gunnlaugshöfda, Vesturqvísl rædur upp til Haaahrauns, frá Haaahraune og upp ad Víðgemle, frá Víðgemle síónhending og upp í gilid fyrer nedan Kleppaskóg, úr gilinu síónhending og í Hamartiörn. Þá úr hamrinum er stendur fyrer utan Hamartiörn og síónhending í Axlartiörn. Þá ræður gilid úr Axlartiörn og fram í Dalsaa, þá rædur Dalsaa síónhending uppí Þorvalldstadavötn, úr Þorvalldstadavötnum og uppí Arnarstein. Þá síónhending í Svínalæk, þá í Úlfsvatnsaarós. Þá rædur Úlfsvatnsaa upp ad Gnúpdalagötu, þá Gnúpdalagötur nordur í lækinn er fellur úr Leirutiörn enne nyrdre. Þá austur epter Riggium í vörduna fyrer nordan Torfavatn. Þá úr vördunne síónhending í millum Arfavatns hid efsta og Hlíðavatns fyrer nordan Haavadavatn uppí Vesturhæd. Þá úr hædinne austur i endann á Rettavatne ennu sydra, þá austur epter heide fyrer nordan Aalftavatn i Jökulsenda. Þá ráða Jöklar fyrer sunnann Ball-Jökul í Hafuraargil. Eru þesse Jtauk í jörðina: Gilsbacke á skóg ofan frá Haaahraune og med Vesturqvísl, enn Fliótstungamenn uppfrá Haaahraune og til Ríssgötu gegnt Rafnabiargargile og hríshögg í Kleppaskóg annadhvört til sels eda steckia og eige lengur enn Kalmannstungumönnum endest til sels. Sambeit á Fliótstunguhaals upp ad læk þeim er fellur úr Þorgeirstiörn fram í Fliót. Fyrebýdst hier med hvörium manne, ad yrkia, í ad vinna, edur sier ad nýta nefndrar jardar og kyrkiu eign yfer lög fram leyfeslaust.

Óska eg þienustusamlega af ædla Syslumanninum þessarar Syslu Sr. Halldore Þorgrímssyne, ad þesse mín lögfesta fyrer Rettinum á Sámstöðum upplest í þingmanna áheyrn og uppáskrifest. Þessu til stadfestu er mitt nafn hier underskrifad ad Kalmannstungu þann 5^{ta} Junii 1773.

Arne Þorleifsson

Upplesed fyrer manntalsþings Riette á Samstodum þann 5^{ta} Junii 1773.

Test^r H.Thorgrimsson

Brandur Gyslason

Arne Magnusson.⁹⁴

⁹³ Skjal nr. 2(102) a-b.

Í vísitásiubók Finns biskups Jónssonar og Hannesar biskups Finnssonar 1756–1778 segir:

Kalmanstunga

Anno 1759 Pann 9 Septembris Visiterud Kyrkiann ad Kalmanstungu. Hun ä Land ad Vellankøtlu, [...] ⁹⁵

Í vísitásiubók Hannesar biskups Finnssonar 1780–1788 segir:

Kalmanstunga

Anno 1783 dag 14 Augusti visiterade Biskupenn Hannes Finnsson Kyrkiuna ad Kalmanstungu. Hún á Land ad Vellandkötlu og 4 Kugylde.

[...] ⁹⁶

Í konungsbréfi, dags. 16. febrúar 1791, segir:

Vi Christian den Syvende af Guds Naade Konge til Danmark og Norge de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsteen, Stormarn, Ditmarsken og Oldenburg.

Giøre vitterligt: At som, ved en i Folge Vores allernaadigste Resolution af 15^{de} April 1785, under 3^{die} September 1788 holden Auction over Schalholts Bispestoels Gods i Jsland Leylændingen Arne Thorlevson er bleven høystbydende paa Gaarden Kalmans<Tunga> af Dyrhed 27^H 40 alen, beliggende i <Myre Syssel> <med> de derpaa værende 2^{de} Qvilder med <000> Summa 172rd 48 ß: Saa er det at Vi herved til bemeldte Arne Thorlevsen skiöder og afhænder til fuldkommen Odel og Eyendom foranföerte Os tilhörende Gaard Kalmanstunga, med hvad af Qvilder, Bygninger, saavel som Strand- og andre Rettigheder og Herligheder udi alt denne Gaard er tilhörende, som den fra gammel Tiid fulgt haver, endnu fölger og med Rette fölge bör, saa at fornævnte Arne Thorlevsen da, i Overeenstemmelse med de om Jordegodsets Behandling og Forbedring i Jsland ergangne eller herefter udgivende Anordninger, maae giøre sig denne Gaard saa nyttig, som best vides og kan. Dog skeer denne Afhændelse under den Betingelse, at Auctions Conditionerne, i hensigt til Afbetaling paa Kiöbesummen og Renters Erlæggelse med videre, nöyagtigen vorde opfyllte, da i Mangel der af omgaaes efter bemeldte Conditioners 3^{die} § N^o 6 og 7.

Thi erklære Vi end jdermeere herved for Os og Vore kongelige Arves Successorer i Regiæringen, at oftmeldte Gaard Kalmanstunga saaledes som forbemeldt med a<lt> <000>den tilligger skal tilhöre og folge fornevnte Arne Thorlevsen til Odel og Eyendom, dog Os og Vore kongelige Arve Successorer i Regiæringen alle kongelige Regalier og Höyheder, samt ordinaire og extraordinaire Contributioner, som enten allerede til Os eller

⁹⁴ Skjal nr. 2(7) a-b.

⁹⁵ Skjal nr. 2(102) a-b.

⁹⁶ Skjal nr. 2(104) a-b.

offentlig Brug ere paabudne, eller herefter paabudne vorde, aldeles uforkrænket, forbýdendes alle og enhver, herimod, eftersom foreskrevet staaer, at hindre eller udi nogen Maade Forfang at giøre under Vor Hýldest og Naade. Givet paa Vort Slot Christiansborg udi Vores kongelige Residenze Stad Kiöbenhavn den 16^{de} Februarii 1791.

Under Vores kongelige haand og Seigl.

Christian R.

L.S.

Efter Landfogdens Qvitter<in>g <da>t. 4^{de} Oct. 1788 er den fulde kiöbesum betalt med 172rd 48 B.

Rente-Kammeret den 18^{de} Februarii 1791.

H. Jensen.

Allerunderdanigst oplest udi Laugtingsretten ved Øxeraae den 19^{de} Julii 1791.⁹⁷

Einnig liggur fyrir óstaðfest þýðing Auðar Hauksdóttur á skjalinu en þýðingin er varðveitt á Héraðsskjalasafni Borgarfjarðar og hljóðar svo:

Vér Christian hinn Sjöundi af Guðs náð konungur Danmerkur og Noregs, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski og Aldinborg gjörum vitanlegt: Að á uppboði sem haldið var á eignum Skálholtsbiskupsstóls á Íslandi hinn 3. september 1788 samkvæmt vorum allranáðugasta úrskurði frá 15. apríl 1785 varð leiguliðinn Árni Þorleifson hæstbjóðandi í jörðina Kalmanstungu innan Mýrasýslu, sem metin er á 27 hðr og 40 álnir að dýrleika ásamt þar tilheyrandi [?]2 kúgildum alls að upphæð 172 rd 48 sk: Með því móti afsölum vér og afhendum hér með téðum Árna Þorleifssyni til fullkomins óðals og eigna fyrrnefnda vora jörð Kalmanstungu, með henni tilheyrandi kúgildum, byggingum, ásamt strandnytjum og öðrum hlunnindum og gæðum sem jörðinni tilheyra og fylgt hafa henni frá fornu fari, enn fylgja og sem með réttu fylgja ber, þannig að fyrrnefndur Árni Þorleifsson í samræmi við fyrri og væntanlegar tilskipanir um meðferð og umbætur jarðeigna á Íslandi, megi nýta sér jörðina eftir því sem vit og geta leyfir. Þó er afhendingin með því skilyrði að uppboðsskilmálarnir, með tilliti til afborgana á kaupverðinu og greiðslu vaxta með meiru, verði uppfylltir að fullu, bregðist það verði farið að skilmálum 3ju § Nr. 6 og 7 – Því lýsum vér því hér með enn fremur yfir hvað oss varðar og vora konunglegu ríkisarfa að títtnefnd jörð Kalmanstunga svo sem fyrr er talið með öllu sem henni fylgir skal tilheyra og fylgja fyrrnefndum Árna Þorleifssyni til óðals og eignar, þó höldum vér og vorir konunglegu ríkisarfar öllum konunglegum réttindum og tign, auk fastra skatta og aukaskatta, hvort sem þeir skuli þegar ganga til vor

⁹⁷ Skjal nr. 4(63) a-b.

eða [opinberra] [þarfa], eða verða síðar fyrirskipaðir, algjörlega óskertum; fyrirbjóðandi öllum og sérhverjum hér í mót að standa eða á nokkurn hátt að skaða það sem heyrir undir vora hollustu og náð. Gjört í voru sloti Christiansborg í vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn hinn 16. febrúar 1791. Undir vorri konunglegu hönd og innsigli Cristian R.

Samkvæmt kvittun landfógeta hinn 4. okt. 1788 er kaupverðið greitt að fullu með 172 rd 48 sk. Rentukammerinu hinn 18. febrúar 1791. Allranáðarsamlegast lesið upp í Lögþingsrétti við Öxará hinn 19. júlí 1791.⁹⁸

Í vísitasíubók Kristjáns prófests Jóhannssonar 1791–1806 segir:

Kalmanntunga

Anno 1791 Þann 16da December var Kyrkiann ad Kalmanntungu visiterud af Prestinum Sr Jone Jonssyne á Gilsbacka efter skriflegre Begiæring og Fullmagt Herads Profastsins Sr Christians Johannssonar, dat 1. dec: s: ár. Hun behelldur sinum Eignum /: nl. 4 Kugyldum:/, Enn Þvi Lande ad Wellankótlu, sem fyrerfarande Visitatiur henne einasta tileinka [leiðrétt úr: tilleggia], veit Proprietarius eckert af ad segia.

[...]⁹⁹

Á manntalsþingi á Sámsstöðum á Hvítársíðu þann 30. júní 1810 var lesin lögfesta Árna Þorleifssonar í Kalmanntungu fyrir eignar- og ábýlisjörðu hans. Í þingbók segir: „Lögfestir hann þessarar Jarðar eignir og Herlegheit öll innan þeirra í Lögfestunni tilteknu Ummerkja, hún dat. 3. Junii 1793.¹⁰⁰

Á manntalsþingi að Norðtungu í Þverárhlið, þann 22. maí 1834, var upplestin lögfesta fyrir jörðinni Kalmanntungu, dags. 4. sama mánaðar.¹⁰¹

Í *Jarðatali Johnsens* frá 1847 er Kalmanntunga metin 30 hundruð.¹⁰²

Í jarðamati Mýrasýslu frá árinu 1849–50, kemur fram að Kalmanntunga sé bændaeign, metin á 990 ríkisbankadali. Þar segir nánar af kvöð jarðarinnar:

Þar liggur sú kvöð á, að goldin er full leiga eptir 2 kúgildi til prestsins á Gilsbakka, en við matið er ekki haft tillit til þess, heldur jörðin metin, sem hún liggur án tillits til kvaðarinnar.¹⁰³

Fyrir liggur dómskjal, dags. 12. maí 1857, sem varðar Kalmanntungu. Þar segir:

Eg undirskrifud bjggi hier með bondanum Msr. Asmundi Þorsteinssini nu á Reikholti eignar jörd mína Kalmanntungu liggandi i Mírasíslu 30 hndr. ad dírleika nærstkomandi fardaga ar med eftirfilgandi skilmálum.

⁹⁸ Skjal nr. 4(63).

⁹⁹ Skjal nr. 2(141) a-b.

¹⁰⁰ Skjal nr. 2(58) a-b.

¹⁰¹ Skjal nr. 2(59) a-b.

¹⁰² Skjal nr. 4(49).

¹⁰³ Skjal nr. 2(122).

[...]

3. Má hann bruka skog jardarjnnar til heimilis naudsinja sinna og liá hann burt til medgiafar med 4^{um} brukunarhrossum og selja kol sem svar i medgiöf med 8 brukunarhrossum ár hvurt meira ekki og siái um ad þeir sem bruka skoginn fari vel med hann.

[...]

8. Eins lítur ábuandi eftir ef husbóndi liær skog ad þeir gangi vel fra skoginum¹⁰⁴ og flitj heim lim, og til kjnni húsbonda hvad margir hafi skoginn jrt og ad hvad miklu mot endurgialdi.

Kjaransstöðum þ. 12. Maí 1857.

Anna Stephansdottir

ofanskrifudu samþikkur B.Brynjúlfsson

framan og ofan skrifuda skilmála lofar upp ad filla A. Þorsteinsson

vottar

G.Brinjulfsson. B.Helgason.

Lagt fram í Mýra og Hnappadalssýslu Exciutionsrétti 6/6 1859.

Thorarensen.¹⁰⁵

Í jarðamatinu sem fram kemur í *Nýrri jarðabók fyrir Ísland* árið 1861 er Kalmanstunga metin 25,9 ný hundruð en 30 forn.¹⁰⁶

Á manntalsþingi á Sámstöðum í Hvítársíðuhreppi þann 20. maí 1863 var rætt um upprekstur á trippum á Arnarvatnsheiði og lesið upp bréf hreppsstjórans þar að lútandi frá 20. f.m. Í þingbók segir:

n. Var rædt um upprekstur á trippum, og lesið bref hreppsstjórans þar að lútandi frá 20. fm. og komst framveigis þannig i því falli ad þeir sem land eiga ad á Arnarvatnsheidi semja það nú vid Sýslumann og þingheiminn, ad þeir á þessu sumri og framveigis í næst komandi 3 ár, taki utansveitar trippi til uppreksturs og hagagöngu um sumartímann þannig:

1. Ad bóndinn Steffán Olafsson i Kalmannstungu taki á Kalmannstungu land 70 trippi.
2. Prestur s^{ra} Jón Hjörtsson á Gilsbakka 20 trippi.
3. Gudmundur bóndi Gudmundsson á Sámst. 10 trippi.
4. Á Síjdumúlafjall land 10 trippi.

¹⁰⁴ *honum*, ofan línu.

¹⁰⁵ Skjal nr. 2(79) a-b.

¹⁰⁶ Skjal nr. 4(13).

Og fleiri trippi vildu sveitar bændur ekki taka til upp rekstrar um þetta tímabil, og lofuðu að gjöra það ekki [...].

Þingi var sidan slitid.

Ut supra

J. Gudmundsson

Daniel Jonsson, Gudmundur Gudmundsson, Jón Jónsson, Sigurdr Guðmundsson.¹⁰⁷

Á manntalsþingi á Sámstöðum í Hvítársíðuhreppi þann 23. maí 1872 var þinglýst kaupbréfi fyrir 8 hundruðum og 76 álnum í Kalmanstungu. Fram kemur að kaupverð hafi verið 600 Rd.¹⁰⁸

Á manntalsþingi fyrir Hvítársíðuhrepp, sem haldið var á Sámstöðum þann 14. júní 1879 var þinglesin lögfesta St. Ólafssonar fyrir Kalmanstungu.¹⁰⁹ Einungis hefur fundist óstaðfest uppskrift af lögfestunni en frumrit hennar hefur ekki fundist við leit óbyggðanefndar. Í uppskrifti lögfestunnar segir:

Jeg undirskrifaður lögfesti, hjer í dag eignarjörð mína Kalmanstungu í Hvítársíðu innan Mýrasýslu, sem eptir konunglegrar hátignar allra naðugasta kaupbrjefi af 16 – Febr. 1791 en að dýrðleika 27 40 al.

Lögfesti jeg tjeðrar jarðar töður og engjar, hús og haga, skóga, vötn, silungsveiði, eggver, fjaðratekju og álftráp, grastekjur og allar landsnitjar þær, er nefndri jörðu fylgja til eftirskrifaðra örnefna.

Hafursgil ræður úr jökli framm í Hvítá, en Hvítá ræður ofan til Gunnlögshöfða þá vesturkvísl til háahrauns þá uppeftir hrauni til Viðgelmis, þá frá Viðgelmi sjónhending í skriðugilið fyrir neðan kleppaskóg úr gilinu sjónhending í Hamarstjörn þá úr hamrinum er stendur fyrir utan tjörnina beint í Axlartjörn, þá ræður gilið úr Axlartjörn og frammí Dalsá þá ræður Dalsá sjónhending í Þorvaldsstaðavötn þá beint í Arnarstein þá í Svínalæk þá í Úlfsvansárós þá ræður Úlfsvatnsá að Gnupdælagötum þá gnupdælagötur noður í lækinn, sem fellur úr Leirutjörn hinni nyrðri svo austu eftir hryggjum í vörðuna fyrir norðan Torfavatn þá úr vörðunni sjónhending fyrir norðan Hlíðarvatn í vesturhæð og svo austur eftir heiði í jökulsenda þá ráða jöklar fyrir sunnan Balljökul í Hafursgil. Elstu skilríki fyrir landamerkjum jarðarinnar er kaupbrjef Halls Svarthöfðasonar og Jóns Gíslasonar af dato 1398 og svo margar lögfestar óuppátalaðar þær seinustu upplesnar á Sámstaðapingi árin 1773, 1793 og 18[áartal sést ekki í skjali] og sú seinasta upplesin á Norðtunguþingi 1834. Þessi eru ítök í jörðina:

Fljótstunga á skógarhögge upp frá háahrauni til hrísgötu gegnt Hrafnabjörgum og hríshögge í Kleppaskógi, annaðhvort til sels eða stekkjjar þó

¹⁰⁷ Skjal nr. 2(61) a-b.

¹⁰⁸ Skjal nr. 2(62) a-b.

¹⁰⁹ Skjal nr. 2(55) a-b.

eigi lengur en Kalmanstungu mönnum endist til sels, líka á Fljótstunga sambeit á Fljótstunguhálsi fram að læk þeim, er fellur úr Þorgeirstjörn framm í fljót.

Fyrirbýð ég hverjum manni að yrkja í, að vinna eða nota sjer upp á nokkurn máta nefndrar jarðar landareign eður hlunnindi án míns leyfis undir viðlyggjandi sektir.

Kalmanstungu þann 28. maí 1879

Stefán Ólafsson (sign)¹¹⁰

Á manntalsþingi fyrir Hvítársíðuhrepp, sem haldið var á Sámsstöðum þann 28. maí 1880 var þinglesið afsalsbréf St. Ólafssonar í Kalmanstungu, dags. 17. sama mánaðar, á Kalmanstungulandi innan þar ákveðinna ummerkja til Þ. Magnússonar, G. Eggertssonar og M. Jónssonar fyrir 3000 kr.¹¹¹ Kaupsamningurinn og afsalið hljóða svo:

Jeg Stephan Ólafsson bóndi í Kalmanstungu gjöri hjer með heyrum kunnugt að jeg hjer með sel og afhendi eins og jeg hjer með sel og afhendi frá mjer og mínum erfingjum án innlausnar [óskýrt orð] bændunum Þorsteini Magnússyni á Húsafelli Gísla Eggertssyni á Stóra Kroppi, Magnúsi Jónssyni á Vilmundastöðum, eign mína Kalmanstunguland liggjandi í Hvítársíðuhreppi og Mýrasýlu innan þessara takmarka

Að neðanverðu ræður Svínalækur í Þorgeirstjörn og þaðan beint í Arnarstein svo að vestan og norðan eftir gömlum Kalmanstungumáldögum, að austan sem jöklar ráða að sunnan ræður reykjavatn og reyká og þaðana Norðlingafljót og Svínalæk með öllum landsnotum til lands og vatns og yfirhöfuð öllum þeim rjettindum sem fylgt hefur og fylgja ber með rjettu eftir gömlum eignarskjölum fyrir áður greindu landi, og ekkert undanskilið utan það að seljandi áskilur sjer að hafa silungsveiði og eggjatöku fyrir sig og sína erfingja; fyrir umsamið kaupverð 3000 skrifa þrjú þúsund krónur [...]

Til staðfestingar þessu kaupbrjefi er mitt eiginhandar nafn og hjá sett innsigli.

Kalmanstungu 17. Maí 1880

St. Ólafsson¹¹²

Fyrir liggur skjal, dags. 13. september 1880, sem hefur að geyma niðurjöfnun Reykholtaldshrepps á hlutdeild búenda og búlausra í hreppnum í hálfu kaupverði með rentu vegna kaupa hreppsins á Arnarvatnsheiði haustið 1880. Skyldu upphæðirnar greiddast fyrir 9. október sama ár.¹¹³

¹¹⁰ Skjal nr. 6(26).

¹¹¹ Skjal nr. 2(56) a-b.

¹¹² Skjal nr. 4(74)

¹¹³ Skjal nr. 4(42).

Þann 15. júní 1882 veitti hreppsnefnd Reykholtisdalshrepps bóndanum á Hurðarbaki leyfi til að veðsetja 2/3 hluta Arnarvatnsheiðar.¹¹⁴

Með afsali, dags. 18. apríl 1884, var hluta Kalmanstungu afsalað að 2/3 hlutum til Reykholtisdalshrepps og 1/3 hluta til Hálsahrepps. Skjalið er að hluta til illa farið og ólæsilegt á köflum en þar segir m.a.:

Við undirritaðir

jeg Magnús Jónsson, bóndi á Vilmundarstöðum,

jeg Þorsteinn Magnússon, bóndi á Húsafelli og

jeg Gísli Eggertsson, bóndi á Stóra-Kroppi

gjörum hjer með kunnugt að við höfum selt og afsalað eins og við hjer með seljum og afsölum Reykholtisdalshrepps- sveitarfjelagi og Hálsahrepps- sveitarfélagi í Borgarfjarðarsýslu, hinu fyrrnefnda sveitarfélagi 2/3 (tvo þriðju) hluti og hinu síðarnefnda sveitarfélagi 1/3 (einn þriðja) hlut af eign okkar úr Kalmanstungulandi í Hvítársíðuhreppi og Mýrasýslu, sem við höfum keypt af Stefáni bónda Ólafssyni í Kalmanstungu með afsalsbréfi dags. 17. Maí 1880 og þinglesnu á varnarþingi hinnar seldu fasteignar 28. Maí s.á. Liggur öll þessi eign, sem við höfum keypt með nefndu afsalsbréfi, og sem við nú aftur seljum alla ofanefndum 2 sveitarfjelögum, innan þeirra takmarka, er hjer segir: Að neðanverðu ræður Svínalækur í Þorgeirstjörn og þaðan beint í Arnarstein, svo að vestan og norðan eftir gömlum Kalmanstungu máldögum, að austan sem jöklar ráða, að sunnan ræður Reykjavatn og Reyká og þaðan Norðlingafljót að Svínalæk. Er öll eign þessi hjer með afsöluð áðurnefndum tveim sveitarfjelögum í því hlutfalli sem áður er greint að afsöluðum öllum innlausnarrjetti frá okkar og erfingja okkar hálfu og með öllum sama rjetti í sjerhverju tilliti, sem við erum orðin eigendur eignarinnar eftir ofanefndu afsalsbrjefi 17. Maí 1880. Skal það sjerstaklega tekið fram að þar sem seljandinn Stefán Ólafsson í nefndu afsalsbrjefi hefur áskilið sjer af okkur að hafa eggjatöku og silungsveiði í hinu afsalaða landi fyrir sig og sína erfingja, þá er eignin einnig nú af okkar hendi afsöluð áðurnefndum tveim sveitarfjelögum með þessu sama skilyrði, að því er Stefán Ólafsson og hans erfingja snertir, en að öðru leyti er ekkert undan skilið af því, er eigninni fylgt hefir að fornu og henni samkvæmt ofanefndu afsalsbréfi á að fylgja.

Söluverðið fyrir ofanefnda eign er 3,000 kr. (þrjú þúsund krónur) [„þrjú þúsund krónur“, ofan línu] og hefir sýslunefndin í Borgarfjarðarsýslu á fundi 26. Apr. 1881 fyrir hönd ofanefndra sveitarfjelaga samþykkt þessi kaup, þannig að Reykholtisdalshreppur greiði 2/3 og Hálsahreppur 1/3 af kaupverðinu.

Með því kaupverðið er oss greitt út í hönd þá lýsum við hjer með yfir því, að hin ofanumrædda afsalaða landeign, skuli hjer eftir vera fullkomin,

¹¹⁴ Skjal nr. 4(43).

frjáls og óátalin eign Reykholtshrepps að 2/3 hlutum og Hálsahrepps að 1/3 hluta og skulu hreppsfjelögin sem kaupendur halda þessu kaupi sínu til laga á eigin kostnað, en vjer sem seljendur berum ábyrgð af því, að salan sje lögmæt.

Til staðfestu afsalsbrjefi þessu höfum vjer ritað undir það eigin handarnöfn vor og sett fyrir innsigli okkar í viðurvist með undirskrifaðra vitundarvotta.

Vilmundarstöðum, 18. apríl 1884

Gísli Eggertsson

Magnús Jónsson

[Innsigli]

[Innsigli]

Þorsteinn Magnússon

[Innsigli]

Vitundarvottar

Jón Magnússon Hannes Magnússon

frá Stóra-Ási

frá Deildartúngu

Afsalsbréf

Fyrir nokkrum hluta Kalmannstungulands til Reykholtshrepps að 2/3 hlutum og Hálsahrepps að 1/3 hluta.

Þinglesið á manntalsþingi að Sámsstöðum hinn 16. Maí 1884 [...]

Aths. 1. Stefán Ólafsson í Kalmanstungu hefir eigi þinglesna heimild nema fyrir 2/3 hlutum jarðarinnar.

[...] ¹¹⁵

Í skjali, dags. 16. júní 1885, sem ber yfirskriftina „Kafli úr „Extract af vísitátiú Kalmanstungu Kyrkju, sál. Herra Biskupsins Mag. Jóns Árnasonar anno 1725“, segir m.a.:

Kyrkjan að Kalmanstungu á . . . úr Þorvarðsstaðavötnum og uppí Arna(r)stein, þá í Svínalæk, þá í Úlfsvatnsár lón, þá ræður Úlfsvatnsá uppað Gnúpsdalagötu, þá Gnúpsdalagötur norður (:) í lækin er fellur úr Leyrutjörn inni nyrðri / :), þá aust[ólæsilegt] Riggjum í vörðuna fyrir norðan Torfavatn, þá úr vörðunni sjónhending í millum Arfavatns hið efsta, og Hliidavatns fyrir norðann Hávaðavatn upp í Vestur – hæð; þá úr hæðinni austur á endann á Rjettarvatne enu (?) syðra, þá oystur etter Heiði fyrir norðann Álftavatn í jökulsenda, þá ráða Jöklar.

¹¹⁵ Skjöl nr. 4(40) og 4(71).

Afskrifað svo sem jeg rjettast get lesið

Reykholti 16. júní 1885

Þórhallur Bjarnason¹¹⁶

Landamerkjabréf afréttar á Arnarvatnsheiði var staðfest 26. janúar 1886 og það var þinglesið 20. maí 1889:

Samkvæmt landamerkjalogum 17. marz 1884 skrifast hjer upp af undirskrifuðum hreppsnefndum í Reykholtisdals- og Hálsahreppum landamerki fyrir heiðarlandinu Arnarvatnsheiði er samkvæmt afsalsbrjefi 18. apríl 1884 er sameign Reyholtisdals og Hálsahreppssveitarfjelaga, hins fyrrnefnda sveitafjelags að 2/3 og hins síðarnefnda sveitarfjelags að 1/3. Landeignin liggur innan þessara merkja: Að neðan ræður Svínalækur sem fellur úr Þorgeirstjörn norður eftir sjónhending í Arnarstein úr Arnarsteini beint í Úlfsvatnsárlón, þá ræður Úlfsvatnsá upp að Gnúpdælagötu þá ræður Gnúpdælagata vestanvert við Úlfsvatn norðurí austurhorn Urðhæðavatns, þaðan beint í landamerkjastein á Hraungörðum við Gnúpdælagötu (steinninn merktur L, M), úr steininum norðanvert við Hávaðavatn sjónhending austur heiði norðanvert við Hlíðarvatn um norðurenda Gunnarsonavatns (sic) uppí Svörtuhæð (Vesturhæð) (í stein merktan LM), úr Svörtuhæð í svokallaðan Rjettarvatnstanga við Rjettarvatn, og tilheyrir tangi þessi samkvæmt samning þeim er gjörður var um landamerki hinn 24.–25. júní fyrra árs, jafnt hvorutveggja hlutaðeigendum sunnan og norðan mönnum úr nefndum Rjettarvatnstanga sjónhending fyrir norðan Álftavötn og Fljótadrög uppí Lyklafell (Krák á sandi) úr Lyklafelli í Langajökulsenda, síðan ræður jökull ofaná móts við Reykjavatn þá úr jökli yfir Reykjavatn í Reykárós, þá ræður Reyká í Norðlingafljót, síðan ræður Norðlingafljót þartil áðurnefndur Svínalækur fellur í það. Hlunnindi og ítök þau er aðrir eiga íland eigninni eru þessi:

1. samkvæmt áður ~~um gre~~ áminstu afsalsbrjefi 18. apríl 1884 hefir Stefán Ólafsson bóndi í Kalmannstungu eggjatekju og silungsveiði í heiðarlandi þessu fyrir sig og erfingja sína
2. Gilsbakka kirkja á samkvæmt máldaga gömlum, hálfá veiði í Úlfsvatni.¹¹⁷

Bréfið var staðfest af Þorsteini Árnasyni hreppsnefndarmanni í Hálsahreppi, Einari Magnússyni oddvita Reykholtisdalshrepps, Jóni Magnússyni hreppsnefndarmanni í Hálsahreppi, Bjarna Þorsteinssyni, Þorsteini Magnússyni hreppsnefndarmanni í Hálsahreppi, Þórði Sigurðssyni hreppsnefndarmanni í Reykholtisdalshreppi, Magnúsi Jónssyni eiganda Þorvaldsstaða, Hirti Líndal eiganda Efranúps, Stepháni Ólafssyni eiganda Kalmannstungu, Sigurði Benediktssyni eiganda

¹¹⁶ Skjal nr. 4(44).

¹¹⁷ Skjal nr. 2(3).

Aðalbóls, Kristjáni Jónssyni og Páli Pálssyni umráðamönnum Víðidalstungueignarinnar, Sigurði Jónssyni eiganda Haukagilsheiðar, Magnúsi Andrjessyni Gilsbakkastaðarhaldara og Jóni Pálssyni umráðamanni Fljótstungu.

Í *Árbók hins íslenska fornleifafélags*, frá árinu 1893, er grein eftir Brynjólf Jónsson sem ber heitið „Nokkur bæjarnöfn í Landnámu í ofanverðri Hvítársíðu og Hálsasveit“. Þar er m.a. fjallað um Sturlustaði, Brennu og Tunguna litlu. Í greininni segir:

1. Sturlustaðir

Svo segir í Landn., II. p., 1. kap.: »Maðr hét Kalman, suðreyskr að ætt . . . nam hann land fyrir vestan Hvítá milli Fljóta ok Kalmanstungu alla ok svo alt austr til jökla, sem grös eru vaxin, ok bjó í Kalmanstungu. Hans son var Sturla goði, er bjó á Sturlustöðum uppi undir Tungufelli upp frá Skáldskelmisdal ; enn síðan bjó hann í Kalmanstungu«. Öll þessi örnefni *Sturlustaðir*, *Tungufell* og *Skáldskelmisdalr* eru nú týnd. Eg hefi leitað að rústum Sturlustaða, og Ólafr búfræðingr í Kalmanstungu með mér, og einna helst komizt að þeirri niðrstöðu: að *Tungufell* muni hafa heitið fjallás sá, er nú kallast *Kleppar* uppi á heiðarbrúninni langt fyrir innan Fljótstungu, að hraunsundið þaðan austr að Strútnum, sem vel má kalla dal, hafi heitið *Skáldskelmisdalr*, og *Sturlustaðir* hafi verið þar, sem nú heita *Halldórstóftir*, eyðihjáleiga frá Kalmanstungu, er var í bygð á fyrri hluta átjándu aldar. Þetta styðst við ýmsar líkur: Rústir Halldórstófta eru »uppi undir« Kleppum »fyrir ofan« hraunsundið, því þær standa hátt, í dálitlum hvammi uppi í heiðarbrúninni, og hamar fyrir neðan, ofan að Norðlingafljóti. Er aðalrústin norðanmegin við dálítinn læk, er þar fellr ofan; er þar græn tóft, eigi allfornlegt og eigi allstór; enn hún sýnist bygt ofan á aðra stærri og fornlegri; fleiri rústum sér þar fyrir; enn allar eru þær óglöggvar og ekki hægt að lýsa þeim. Fyrir vestan lækinn er stór tóft uppi við heiðarbrekkuna; hún er eigi græn, og að nokkuru vaxin hrísi; virðist hún miklu eldri enn hinar; að lögun er hún svipuð hoftóftum, sem viðá eru sýndar, allar tvískiftar og annar hlutinn miklu stærri; enn eigi er hún svo glögg, að hægt sé að mæla hana. Þar eð nú Sturla hafði »goða« nafn, hefir hann án efa reist hof á bæ sínu, og getr þetta verið tóft þess. Í annan stað liggr beint við, að Sturla gerði bæ þar í landnámi föður síns, sem torveldara var að nota heiman frá Kalmanstungu, enn opið fyrir nágrönnum að vestan. Hefir þá landið »milli Fljóta« fylgt Sturlustöðum. Eftir lát föður síns hefir Sturla þó heldr viljað búa í Kalmanstungu, því eigi er þar jafnmikið vetrarríki. Munu Sturlustaðir þá hafa lagzt í eyði, enn Fljótstunga svo verið bygð aftr í því landi, orðið með tímanum sjálfstætt býli, enn fengið þó eigi alt land vestan Norðlingafljóts. Má vera, að hjáleiga hafi verið ger [svo] á Sturlustöðum fornu, til þess að halda landinu norðr þar undir Kalmanstungu; og enn á Kalmanstunga þar landið. Nafnið Sturlustaðir hefir líklega verið gleymt áðr; enn nafnið Halldórstóftir mun komið af því, að sá er bygði hafi heitið *Halldór* og bygt á gömlum *tóftum*.

2. Brenna

Svo segir í Landn. (s.st.): »Kýlan hét bróðir Kalmans; hann bjó fyrir neðan Kollshamar; hans son var Kári . . . brendi Þjóðólfr Kára inni, þar sem nú heitir á Brennu«. *Brenna* heitir enn eyðihjáleiga frá Kalmanstungu, sunnan undir felli því, er myndar Kalmans-tunguna [svo]. Þar upp yfir á kolli fellsins sunnanmegin er hamraborg, sem nú heitir Nónborg, er það án efa sama sem Kollshamar. Þar er fögr skógarhlíð sunnan í öllu fellinu, og hefir Brenna staðið þar í gilhvammi nokkurum á grænni flöt, sem auðsjáanlega er uppgróin skriða, er hækkar smámsaman af árenslu. Þar sér fyrir rúst, enn næstum er hún horfin; nokkuð glöggvar sér þar á einum stað fyrir túngarði. Hvítá rennr fyrir neðan.

3. Tungan litla

Svo segir enn (s.st.): »Hans (Sturlu) son var Bjarni, er deildi við Hrólfr hinn yngra og sonu hans um Tunguna litlu; þá hét Bjarni at taka kristni; eftir þat braut Hvítá út farveg þann, er nú fellr hún . . . Bjarni tók skírni ok bjó at Bjarnastöðum í Tungunni litlu, ok lét þar gera kirkju«. »Tungan litla« hefir verið neðsti oddi Geitlandsins, milli Hvítár og Geitár, áðr þær koma saman. Hefir Hvítá skilið hana frá Kalmans-tungunni [svo], sem uppgróinn farvegr sýnir. Enn síðar [svo] hefir hún brotizt þvert yfir í Geitá nokkuru ofar, og þar rennr hún enn, svo Tungan litla er nú áföst við Kalmans-tunguna [svo]. Tungan litla er hraunland, mest alt skógi vaxið, enn þó blásið austantil. Þar sjást grjótrústin eigi alllitlar; þó sést eigi tóftaskipun með vissu, enda hefir sauðahús verið bygt á seinni tímum ofan á þá, sem líklegust er til að hafa verið bæjarrústin. Mannabein höfðu blásið þar upp; man gamalt fólk eftir leifum af þeim; enn nú eru þær horfnar. — Ólafr búfr. í Kalmanstungu sýndi mér þessa staði í júlí 1891.¹¹⁸

Landamerkjaskrá Kalmanstungu var útbúið 24. apríl 1897 og því var þinglýst mánuði síðar:

Frá Eiríksjökli ræður Hafragil til Hvítár, þá ræður Hvítá eftir miðjum farvegi þangað sem Norðlingafljót, (Suðurljót) fellur í hana, þá ræður það fljót, eftir miðjum farvegi upp að læk þeim, er fellur í það, ofan úr Stóruhálag, nokkru fyrir vestan Kleppa, en rjett fyrir framan „köstin“.- Af hólum þeim, sem í fljótinu eru á þessu svæði á Kalmanstunga aðeins Stokkflöt. – Frá fljótum ræður fyrrnefndur lækur merkjum uppeftir Stóruhálag, og síðan beina stefnu upp hlíðina á stein stóran neðarlega á mel, milli þessara tveggja lækjardraga, sem hinn fyrr nefndi lækur myndast af. Frá steininum ræður sjónhending í hánorður upp í klett, (hinn vestri af tveimur, og þaðan áfram í annan klett (einnig hinn vestri af tveimur) þaðan hallar stefnunni flítið austurávið, upp í Axlarþúfu, og þaðan er bein sjónhending í Þorvaldslæk þar sem hann fellur í

¹¹⁸ Ónr. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, 8. árg., 1893, bls. 74–76.

Litlafljótið. – Þá ræður Þorvaldslækur upp í Þorvaldsstaðavötn, frá Þorvaldsstaðavötnum ræður sjónhending í Arnarstein. En þá tekur við afrjettarland Borgfirðinga, sem áður tilheyrði Kalmanstungu en er nú selt undan.— Nú eru því landamerki Kalmanstungu frá Arnarsteini, sjónhending í Þorgeirstjörn, og frá henni eftir Svínalæk til Norðlingafljóts. Síðan ræður það fljót til Reykár, þá ræður hún til Reykjavatns, og þaðan sjónhending í Jökul enda, síðan ráða jöklar að Hafragili, en svo ræður það sem fyr segir.- Kalmanstunga á annaðhvert ár beitar ítak í Kálfhólum, fyrir vestan Norðlingafljót og Hvítá, vestur að laut þeirri, (eða uppgrónum farvegi), sem liggur frá Háahrauni, niður eftir Kálfhólum, og Kálfhólarófu, og kemur út í Hvítá litlum spöl (svo sem 100–200 föðmum) neðar en þar gengt, sem Kalfá Kaldá [innskot frá spássíu] fellur í Hvítá að sunnan verðu. Engan skó á Kalmanstunga á svæði beitarítaksins. – Afkomendur Stefáns sál. Ólafssonar er búa í Kalmanstungu eiga eggver, álptatekju og silungsveiði í afrejtjarlandi Reykdælinga. Engir eiga ítök í Kalmanstungulandi, innan þeirra landamerkja, sem að framan eru rituð. —¹¹⁹

Ólafur Stefánsson eigandi Kalmanstungu skrifaði undir bréfið. Það var samþykkt af Einari Magnússyni oddvita Reykholtaldshrepps, Guðmundi Helgasyni fyrir hönd Reykholtskirkju, Kristleifi Þorsteinssyni fyrir hönd Hálsahrepps, Sigurði Sigurðssyni ábúanda á Þorvaldsstöðum, Jóni Pálssyni ábúanda á Fljótstungu og Magnúsi Andrjessyni fyrir hönd Gilsbakkakirkju.

Þann 7. júní 1898 var þinglesið á manntalsþingi Hálsahrepps bann Ólafs Stefánssonar í Kalmanstungu gegn allri silungsveiði, eggja- og álftatekju í landi því sem selt var undan Kalmanstungu 17. maí 1880, nema með hans leyfi. Í þingbók segir:

Allir hreppsændur, er voru á þinginu, mótmæltu því að Ólafur í Kalmanstungu hefði neina heimild til slíks banns, með því æf áminnt afsalsbréf heimilaði ekki erfingjum seljanda alla veiði og eggjatekju í landinu, heldur veitti þeim jafnrétti ~~þ~~ í því tilliti við bændur í upprekstrarfélaginu, og sérstaklega mótmæltu þeir því að Kalmanstungumadurinn hefði neinn rétt til álftatekju í landinu.¹²⁰

Þann 8. júní 1898 var þinglesið á manntalsþingi Reykholtshrepps bann Ólafs Stefánssonar í Kalmanstungu gegn allri silungsveiði, eggja- og álftatekju í landi því sem selt var undan Kalmanstungu 17. maí 1880. Fram kemur í þingbók að banninu var mótmælt „alveg á sama hátt og gert var í manntalsþingi í Hálsahreppi í gær.“¹²¹

Fyrir liggur kaupsamningur, dags. 6. janúar 1901, þar sem fram kemur að Reykholtalds- og Hálsahreppar kaupi allt Kalmanstunguland norðan Norðlingafljóts

¹¹⁹ Skjal nr. 2(1).

¹²⁰ Skjal nr. 2(54).

¹²¹ Skjal nr. 2(53).

með merkjum samkvæmt landamerkjabréfi Kalmanstungu frá 27. apríl 1897. Í skjalinu segir:

Við, sem ritum nöfn okkar hjer undir jeg Ólafur Stefánsson (bóndi) [(bóndi ofan línu) í Kalmanstungu í Hvítársíðuhreppi í Mýrasýslu, sem seljandi og við Einar Magnússon bóndi á Steindórsstöðum í Reykholtshreppi í Borgarfjarðarsýslu fyrir hönd Reykholtshreppsfjelag og jeg Nikulás Gíslason bóndi á Augastöðum í Hálsahreppi í sömu sýslu fyrir hönd Hálsahreppssveitarfjelag gjörum hjermeð svo felldan

Kaupsamning:

1. Jeg Ólafur Stefánsson sel Reykholtshrepps- og Hálsahreppssveitarfjelögum allt Kalmanstunguland norðan Norðlingafljóts með merkjum samkvæmt landamerkjabréfi fyrir Kalmanstungu dags. 27. apríl 1897 með öllum nytjum til lands og vatns, og yfir höfuð öllum þeim rjettindum sem fylgt hafa og fylgja ber með rjettu, eptir gömlum eignarskjölum fyrir áðurgreindu landi og ekkert undanskilið utan það

að:

Seljandi áskilur Kalmanstungu — bóndanum allan veiðirjett í landinu og slæjur fyrir Kalmanstungu bóndanum eins og hann vill nota fyrir sjálfan sig, þó án þess að verja landið og einnig óátalda sumarheit fyrir afrijettarfjenað sinn, ennfremur umbúnað um hey ef þörf gjörist.

2. Kaupverðið er 1200 – tólf hundruð — krónur, er greiðist í peningum fyrir 15 dag næstk. októbermánaðar.

3. Á landinu liggja engar skuldir eða höft sem kaupi þessu sje til fyrirstöðu.

[...]

Undir þennan hluta skjalsins rita Ólafur Stefánsson, sem seljandi; Einar Magnússon og Nikulás Gíslason. Síðar í skjalinu kemur fram að kaupverðið hafi verið greitt, en þar segir:

Samkvæmt framanrituðum kaupsamningi eru mér greiddar 400 kr. frá Hálsahreppi og 800 kr. frá Reykholtshreppi, samtals 1200 – tólf hundruð krónur. afsala ég því frá mér og erfingum [svo] mínum í hendur nefndra hreppa, hins fyrnefnda að einum þriðjung en hins síðarnefnda að tveimur þriðjungum, Kalmanstunguland fyrir norðan Norðlingafljót með þeim ummerkjum gagnvart annarra löndum sem landamerkjabréf Kalmanstungu dags. 27. apríl 1897 tilgreinir. Samkvæmt kaupsamningi þessum og með þeim réttindum og kvöðum er þar greinir.

Þessi hluti skjalsins er dagsettur 3. október 1901 og undir hann ritar Ólafur Stefánsson. Loks kemur fram að skjalið hafi verið lesið á manntalsþingi að

Sámsstöðum 20. maí 1902 og ritað í afsals- og veðmálabók Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.¹²²

Í kaflanum um Kalmanstungu í fasteignamati Borgarfjarðarsýslu 1916 segir:

Kalmanstunga liggur fremst allra bæa [svo] í Mýrasýslu, landið er fagurt og kostaríkt

[...]

[E]nfremur á jörðin ítak, þ.e. beit í Kálfhólum í Gilsbakkalandi annaðhvort ár, og slægjur og veiðirétt í afréttarlöndum Borgfirðinga á Arnarvatnsh. og Tvídægru, landamerki eru þinglesin og ágreiningslaus.¹²³

Í 33. gr. fjallskilareglugjörðar fyrir Mýrasýslu, dags. 2. júní 1921, er mörkum leitarsvæða lýst. Þar segir m.a.:

1. Fljótstungurétt. Leitarsvæði til hennar er: Heimalönd allra jarða í Hvítársíðu frá Gilsbakka að Kalmanstungu að þeim jörðum báðum meðtöldum, eins og Hvítá ræður að sunnan og girðingar að vestan og norðvestan að Skammá; svo og afrjettur Reykdæla og Hálsasveitar og önnur heiðalönd að afrjettarlöndum Þverárrjettar og að löndum Húnvetninga að norðan og jöklum að austan.¹²⁴

Í fasteignabók frá árinu 1921 kemur fram að landverð Kalmanstungu sé metið 57 hundruð.¹²⁵

Þann 26. júní 1923 selur Ólafur Stefánsson, bóndi í Kalmanstungu sonum sínum Kalmanstungu. Kaupsamningurinn var þinglesinn þann 28. júní sama ár og hljóðar svo:

Við undirritaðir, jeg Ólafur Stefánsson, bóndi í Kalmannstungu, sem seljandi og við Kristófer Ólafsson og Stefán Ólafsson báðir í Kalmanstungu, sem kaupendur, gerum hjer með svofelldan

Kaupsamning:

1. Jeg Ólafur Stefánsson lofa að selja sonum mínum Kristófer og Stefáni eignarjörð mína Kalmanstungu í Hvítársíðuhreppi í Mýrasýslu; með 4 kúgildum, öllum húsum, sem þar eru með girðingum og öllum mannvirkju, sem eru á landi jarðarinnar, hverju nafni sem nefnast og með öllum gögnum og gæðum til lands og vatns, sem eign þessari fylgja.

2. Kaupverðið er kr. 12000,00 – tólf þúsund krónur – og skuldbinda kaupendur sig til að greiða það þannig: [...]

Til staðfestu nöfn aðilja undirrituð í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Kalmanstungu 26. júní 1923

¹²² Skjöl nr. 4(41) og 4(72).

¹²³ Skjal nr. 2(10).

¹²⁴ Skjal nr. 4(58).

¹²⁵ Skjal nr. 4(50).

Ólafur Stefánsson

Kristófer Ólafsson

Stefán Ólafsson¹²⁶

Afsal fyrir Kalmanstungu var undirritað þann 28. janúar 1926 og var það þinglesið þann 1. júlí sama ár og hljóða svo:

Hjermeð viðurkenni jeg undirritaður að framanrituðum kaupsamningi hefur verið fullnægt í öllum greinum.

Gef jeg því hjermeð sonum mínum fullnaðarkvittun fyrir fulla greiðslu á andvirði jarðarinnar Kalmanstungu í Hvítársíðuhreppi og lýsi þá hjermeð löglega eigendur ofanritaðrar jarðar.

Jarnframt lýsi jeg þá rjetta eigendur að umbótum þeim sem gjörðar kunna að verða á jörðinni í minni ábúðartíð.

Ef annar bræðranna vill selja háflenduna skal hinn hafa forkaupsrjett með sama verði og ofanritaður kaupsamningur greinir.

Ennfremur ef annarhvor deyr barnlaus skal hinn hafa forkaupsrjett með sömu kjörum.

Til staðfestu nöfn aðilja undirrituð í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Kalmanstungu 28. janúar 1926

Ólafur Stefánsson

Kristófer Ólafsson

Stefán Ólafsson¹²⁷

Þann 29. apríl 1932 er landi Kalmanstungu skipt og er það fært í afsals- og veðmálabók þann 9. maí 1933. Þar segir:

Skifting á landi jarðarinnar

Kalmanstungu til eignar.

- Við undirritaðir eigendur jarðarinnar Kalmanstungu, gjörum með okkur svofelda eigaskiftingu á jörðinni, sem hjer segir:

Kristófer hefur í sinn hlut Tunguna, það er alt land milli Norðlingafljóts og Hvítár, að girðingu þeirri, sem liggur frá túngirðingunni vestan við bæjarlæk austan Skeljalár í Krókkastið. Land þetta á hann með öllum gögnum og gæðum, sem á landinu eru.

Stefán hefur í sinn hlut Norður- og Suðurgirðingu alt land innan þeirra með gögnum og gæðum og girðingarnar sjálfar. Girðingu þá, sem liggur vestan við bæjarlæk í Krókkastið eigum við báðir og skulum við annast viðhald hennar sameiginlega.

¹²⁶ Skjal nr. 4(69).

¹²⁷ Skjal nr. 4(69).

Kristófers parti fylgir sá gaddavír sem nú er til.

Stefáns partur skal fá skóg í Tungunni til heimilisnotkunar svo lengi, sem það ekki getur álitist varhugavert skógarins vegna og landsins. Skal sá skógur tekinn í samráði við landeiganda eða í vinnuskiftum.

[...]

Gjört í Kalmanstungu 29. apríl 1932.

Stefán Ólafsson

Kristófer Ólafsson¹²⁸

Í fasteignabók frá árinu 1932 kemur fram að landverð Kalmanstungu sé metið 86 hundruð.¹²⁹

Í fasteignabók frá 1942–1944 kemur fram að landverð Kalmanstungu I sé metið 50 hundruð og Kalmanstungu II 53 hundruð.¹³⁰

Fyrir liggur samþykkt nr. 209/1945 um girðingu milli heimalanda og aðliggjandi afrétta og útlendna á svæðinu frá Norðlingafljóti að Norðurá, en hún var staðfest í atvinnu- og samgönguráðuneytinu 17. desember 1945. Í 1. gr. hennar segir:

Girðing sú, er samþykkt þessi nær til og við gildistöku hennar verður gerð að samgirðingu, liggur sem hér segir:

Frá Norðlingafljóti, neðan við Kleppa, bak við heimalönd Fljótstungu og Þorvaldsstaða í Hólmavatn. Úr Hólmavatni um Gilsbakkaland, bak við heimalönd Bjarnastaða, Kirkjubóls, Hvamms, Haukagils, Sámsstaða, Háafells, Þorgautsstaða, um Síðumúlaselland að Örnólfsdalsá við Myrkhyl. Frá Örnólfsdalsá um Örnólfsdalssand og Kvíafjall að Litlu-Þverá. Frá Litlu-Þverá að Norðurá, inn frá Króki í Norðurárdal.

Um kostnaðarskiptinguna segir m.a. í b.-lið 4. gr.

Kostnaður við endurbyggingu girðingarinnar greiðist þannig: Girðinguna frá Norðlingafljóti að hliðinu vestan við Mjóavatn greiðir upprekstrarfélag Arnarvatnsheiðar að hálfu leyti að efni og vinnu, svo og hálfvild. Hinn helminginn kosta að Hólmavatni ábúendur Fljótstungu, Þorvaldsstaða, Hallkelsstaða og Kolstaða og frá Hólmavatni að Mjóavatnshliði ábúandi Gilsbakka.¹³¹

Í 1. tölul. 33. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Mýrasýslu nr. 175/1952 er leitarsvæði Fljótstunguréttar lýst svo:

Heimalönd allra jarða á Hvítársíðu frá Gilsbakka að Kalmanstungu, að báðum meðtöldum, eins og Hvítá ræður að sunnan og girðingar að vestan og norðvestan að Skammá, svo og afréttur Reykdæla og Hálsasveitar og önnur

¹²⁸ Skjal nr. 4(709).

¹²⁹ Skjal nr. 4(51).

¹³⁰ Skjal nr. 4(52).

¹³¹ Skjal nr. 4(33).

heiðalönd að afréttarlöndum Þverárreittar og að löndum Húnavetninga að norðan og jöklum að sunnan.¹³²

Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 1953 er m.a. fjallað um Arnarvatnsheiði.

Þar segir:

Vatnaskil er varla hægt að greina sums staðar á Tvídægru og því ekki greinileg sýslumörk þar. Vart er sjáanlegt í hvora átt vatnstokkar eða kvíslar milli sumra vatnanna falla, svo er jafnlendið mikið. Frá Arnarvatnsheiði falla vötn til Miðfjarðar og Hvítársíðu, en frá Tvídægru til Miðfjarðar, Hrútafjarðar og Þverárhliðar, og vestast á heiðinni rennur Hellisá í Norðurá. Kvíslavötn eru á Tvídægru í hávestur frá Úlfsvatni, en spölur á milli. Fellur afrennsli þeirra í Kjarrá. [...] Holtavörðuheiði er þurrlendari, þótt blautlend sé á köflum. Á heiðinni ráða ekki vatnaskil sýslumörkum. Bein lína er dregin úr Hrútafjarðará, nokkurn spöl fyrir neðan Skúta, í Hæðarstein á sunnanverðri heiðinni, þaðan aftur lína norður á bóginn í Norðurárós úr Holtavörðuvatni. Þá ræður Sandkvísl og að síðustu, er hana þrýtur, sjónhending í hátind Tröllakirkju, sem er hátt fjall (1001 m). Þar mætast lönd þriggja sýslna, Mýrasýslu, Dalasýslu og Strandasýslu.¹³³

[...]

Þótt heiðarnar borgfirzku séu grösugar, hefur verið lítið um að nýbýli væru þar reist, nú í mannaminum, nema í selstöðum frá Síðumúla og Helgavatni. Í Bugum norðan Norðlingafljóts, bæjarleið inn frá Surtshelli, var hafinn búskapur nokkru fyrir og eftir síðustu aldamót, en hvorugt skiptið varaði byggðin nema mjög skammt, eitt eða tvö ár.¹³⁴

7. Landnám, þingstaðir og hreppaskipting

Mýrasýsla var numin og byggð snemma á landnámsöld. Takmörk hennar hafa verið frá upphafi hin sömu og nú eru, að því fráskildu að Stafholtsey og Húsafell voru lögð undir Borgarfjarðarsýslu. Takmörkin eru um Hvítá til jökla og þaðan vatnaskil milli Húnavatns- og Mýrasýslu að Skútakvísl, en hún ræður mörkum niður fyrir Skúta, þar sem hún tekur nafnið Hrútafjarðará.

Sýslumörkum á Holtavörðuheiði allt til Tröllakirkju er lýst í kaflanum um heiðalönd. Frá Tröllakirkju ráða nær eingöngu vatnaskil merkjum milli Dalasýslu og Mýrasýslu vestur til Hítarvatns, en þaðan rennur Hítará á merkjum Mýra- og Hnappadalssýslu allt til sjávar.¹³⁵

[...]

¹³² Skjal nr. 4(31).

¹³³ *Árbók Ferðafélags Íslands*, Mýrasýsla, 1953, eftir Þorstein Þorsteinsson, sýslumann, bls 16.

¹³⁴ Bls. 17.

¹³⁵ Bls. 17.

III. kafli: HLUNNINDI¹³⁶

[...]

2. Veiðivötn

Í Mýrasýslu eru veiðivötn mörg. Heita má, að silungur sé í hverju vatni á Arnarvatnsheiði og Tvídægru, en þar er fjöldi vatna, eins og kunnugt er, þótt ekki séu hinar smærri tjarnir meðtaldar. Átti Gilsbakkakirkja að heita mátti alla silungsveiði á Tvídægru og Holtavörðuheiði allt vestur til Snjófjalla. Skógarmenn höfðust við hjá vötnunum og stunduðu silungsveiði sér til lífsbjargar, svo sem Grímur frá Kroppi og Grettir Ásmundsson. Segir *Grettla*, að Grettir hafi hafst við hjá Arnarvatni svo vetrum skipti og haft þar bát og net. Á síðari öldum er sagt, að sekir menn hafi hafzt þar við í nánd við vötnin og sótt þangað veiði.

Kunnast þessara vatna er Arnarvatn hið mikla. Þótt það teljist til Norðlendingafjórðungs, á Húsafell veiði í hluta vatnsins, Sesseljuvík svokallaðri. Fóru Húsfallingar, og Kalmanstungumenn oft í fylgd með þeim, þangað til fanga haust og vor, en veiðin var oft margir hestburðir. Úlfsvatn á Tvídægru var og mikið veiðivatn. Voru veiðimannaskálar, hálfniðurgrafnir torfkofar, við bæði þessi vötn og bátur oftast. Veiðimannakofar voru við Kvíslavötn og Urðhæðavatn. Mörg voru vötn þau, er silungsveiði var stunduð í. Einkum voru það Hvítisíðingar af frambæjunum, er sóttu þangað á síðhaustum, frá vetrarnóttu til jólaföstu, og veiddu þá riðsilung á öngla (lágu við dorg) eða með netum.¹³⁷

[...].

Önnur veiðivötn á Arnarvatnsheiði voru helzt Réttarvatn, Hlíðarvatn, Reykjavatn og Gunnarssonavatn, en á því var lengi sú trú, að þar væri eitraður loðsilungur eða öfuguggi og tveir bræður, Gunnarssynir, hefðu dáið þar af silungsáti. Á Tvídægru eru, auk Úlfsvatns, Flóavatn, Langavatn, Kvíslarvötn, Urðhæðavatn, Breiðavatn, Þverárvötn og Gíslavatn helztu silungsvötn. Á síðustu tímum hefur netaveiði verið reynd í tveim síðastnefndu vötnum, en veiði ekki verið mikil.¹³⁸

[...]

IV. KAFLI

HVÍTÁRSÍÐA

Eins og áður getur, rann Deildargil á sýslumörkum Borgarfjarðar og Mýrasýslu. Þau sýslumörk héldust til 1852, er Húsafell var skilið frá Hvítársíðuhreppi og lagt við Hálsasveit. Reyndar áttu Húsafellsmenn jafnan að svara til þegnskyldu á Búrfellsþingi. Frá þeim tíma hefur Hvítá ráðið hreppamótum milli Hvítársíðu og Hálsasveitar.

¹³⁶ Bls. 29.

¹³⁷ Bls. 35–36.

¹³⁸ Bls. 37.

Vestur frá Strútnum liggur háls hryggur niður með Hvítá, að norðan. Lækkar hann fyrst, og er slakki í hann nálægt miðju, en hækkar síðan og verður 445 m hár. Sá hluti hans er kallaður *Tunga* eða Tungufell og nær að heita má til ármóta Hvítár og Norðlingafljóts, en þau vatnsföll afmarka Tunguna. Tungan er af lípariti og því bjartara yfir henni en öðrum nálægum fellum eða fjöllum, þeim er engra hjarnskel hafa. Sunnan undir hálsi þessum, þar sem hann er lægstur, stendur bærinn *Kalmanstunga*, innsta býli í Mýrasýslu. Kalmanstunga er talin vera 47 kílómetra frá sjó, frá botni Borgarfjarðar, en um 70 kílómetra frá mynni hans.

[...]

Trússa heitir smáá, er fellur undan Geitlandshrauninu í Hvítá gegnt Kalmanstungu og eykur árvöxtinn, þótt ekki sé hún mikil. Þeir Kalmanstungubændur hafa beizlað Trússu litlu og reist við hana raforkustöð fyrir heimilin.¹³⁹

[...]

Kalmanstunga hefur verið stórbýli frá fyrstu tíð og mjög í þjóðbraut fram á þessa öld. Fjölfarnasti sumarvegurinn milli Norður- og Suðurlands var um Arnarvatnsheiði og Kaldadal, en Kalmanstunga um þjóðbraut þvera milli fjallveganna.¹⁴⁰

[...]

Kirkja var í Kalmanstungu, en var lögð niður 1812. Tveir bæir aðrir áttu þangað kirkjusókn, Fljótstunga og Þorvaldsstaðir. Húsafellsprestur þjónaði þar að kirkju. Var Húsafellskirkja samtímis lögð niður, en Kalmanstungusókn lagðist við Gilsbakkasókn.

Í tungunni niður frá bænum voru á söguöldinni að minnsta kosti tvö býli. Bær þeirra Kýlans og Kára, sonar hans, var sennilega þar, sem nú er afgamalt eyðibýli kallað Brenna. Segir Landnáma að Kári hafi verið brenndur inni, og heiti þar á Brennu, þegar Landnáma var skrifuð. En sá staður er hátt uppi í hlíðinni.

Á Bjarnastöðum, sunnan í tungunni neðanverðri, sjást rústir nokkrar, en mjög uppblásnar. Þar sést enn votta fyrir kirkjugarði, sem er að mestu eyddur og blásinn niður að klöpp. Mannabein hafa fundizt þar fram að þessu, en nú er garðurinn gjörsamlega blásinn upp. Rústir útihúsa sjást þar, en eru sennilega gamlar tættur sauðhúsa, sem jarðabók Árna Magnússonar segir, að hafi verið reist á bæjarrústunum, en þar hafi áður verið byggingar miklar. Segir þar einnig, að uppblástur sé þarna mikill og mannabein komi fram í kirkjugarðinum. Landnáma segir, að þarna hafi búið Bjarni, sonarsonur Kalmans, og hafi hann deilt við Hrólfr yngri í Geitlandi um tunguna litlu, milli Hvítár og Geitlandsár. „Þá hét Bjarni að taka kristni; eftir það braut Hvítá út

¹³⁹ Bls. 39

¹⁴⁰ Bls. 40.

farveg þann, er nú fellur hún.“ Vann Bjarni þannig landsvæði það, sem um var deilt. Hann lét skírast og lét gjöra kirkju á bæ sínum. Sést enn fyrir hinum gamla farvegi Hvítár.

[...]

Eins og áður getur, er brú komin á Hvítá neðan Geitlandsár, en Norðlingafljót er óbrúað. Var Kalmanstunga áður milli vatna, sem oft gátu orðið óreið.

Áður fylgdi jörðinni afréttarland mikið, Arnarvatnsheiði eins og vötn og jöklar deildu og jöklar mörkuðu, en var selt Reykdælum til upprekstrar rétt fyrir síðustu aldamót. Þar var álfta- og fjaðratekja mikil, en er ekki stunduð frammar. Silungsveiði var áður mikil í vötnunum, einkum var stunduð veiði í Arnarvatni, með Húsfellingum.

Norðan Tungunnar, inn með Norðlingafljóti, eru grasfitjar, slægjulönd frá Kalmanstungu, kallaðar Norðurengjar, en lengra inn frá, í hánorður frá Strútnum, um 7 kílómetra frá byggð, er Surtshellir, — kunnastur og mestur hérlandra hella. Eru nú kallaðar Fugleyrar, gróðursnöggar fitjar milli hellis og Fljóts og niður með því, en hétu áður Hellisfitjar. Liggur gata frá þjóðveginum að hellinum, sem er spölkorni sunnar, í hraunjaðrinum. Þaðan skammt frá er Stefánshellir, mikill hellir, kenndur við Stefán bónda í Kalmanstungu, er fann hann að nýju.¹⁴¹

Árbók Ferðafélags Íslands frá árinu 1962 er helguð umfjöllun um Arnarvatnsheiði og Tvídægru. Þar segir m.a. í umfjöllun um Eiríksjökul:

Eiríksjökull gnæfir fyrir botni Borgarfjarðardala og blasir því við úr því héraði, nema úr hliðardölunum. Þaðan ber meira á jökulbungunni en að norðan, og þaðan sýnast undirhlíðarnar líka lægri. Þeim megin skyggja fjöll nokkuð á þær, auk Strúts og Hafurfells eru lág fell í Flosaskarði, sem ber í skriður Eiríksjökuls. Þaðan að sjá prýða fjallið allmiklir jökulgarðar, sem ganga í tveimur hálfbogum vestur-suðvestur frá jökulbungunni [...].

Suður og vestur úr falla engir skriðjöklar, en norður úr fjórir. Einn þeirra er langstærstur og fellur næstum því ofan á jafnsléttu. Hann hefur ýtt á undan sér hárrí jökulurð og grafið sér djúpt gil inn í fjallið og er hinn hrikalegasti. Brestir og drunur heyrast frá honum langt norður heiðar, og sjálfur sést hann norður að sjó.

[...]

Á undirlendinu umhverfis Eiríksjökul eru víða sléttir sandar og leirur. Sums staðar eru þó stutt urðarhöft og sums staðar nær hrúnið alveg upp að brattanum. Það hefur verið gert nokkuð að því að fara á bílum meðfram honum að norðanverðu og þaðan inn að Reykjavatni, sem er vatn við

¹⁴¹ Bls. 41–42.

norðurjaðar Hallmundarhrauns, en það er sandorpið mjög og víða vel slétt á þeim slóðum.¹⁴²

[...]

IV. KAFLI

HEIÐARNAR OG LEIÐIR YFIR ÞÆR

Þetta er næstum fjalllaus flatneskja, frá Tröllakirkju vestan við Holtavörðuheiði og austur að Langajökli og frá Eiríksjökli og Hallmundarhrauni norður til fjallanna milli dala Húnavatnssýslu. Lág fell eða bungur eru þó til og gnæfa yfir heiðarnar, eins og Sléttafell upp af Vesturárdal í Miðfirði.¹⁴³

[...]

6. Nytjar af heiðunum

Heiðarnar eru góð afréttarlönd. Byggðamenn reka þangað fénað sinn á vorin, og þar bítur hann lauf og gras allt sumarið og verður feitur. Heiðunum er skipt milli héraða og sveita eftir ýmsum merkjalínum. Áður fyrr vissu skepnur ekkert af þeim, en leitamenn urðu að virða þær, annað var lögleysa og ósæmilegt, en þó gert stundum. Nú eru komnar girðingar hingað og þangað um heiðarnar, og síðan er auðséð öllum, hvar leitarmörk eru. Í ritinu *Göngur og réttir* er leitum lýst á þessum heiðum, og verður ekki meira sagt frá þeim í þessu riti.

Silungsveiði í vötnum og lækjum og laxveiðin í Kjarará hafa löngum þótt góð hlunnindi. Helzti gallinn á þessum hlunnindum er að langt er til veiðistaðanna frá bæjum. Það er margra tíma lestargangur frá efstu bæjum til þeirra veiðistaða, sem eru næstir. Þar verður að liggja við í tjöldum eða kofum og hefta hesta, og oft týnast þeir, ef ekki er höfð á þeim mikil aðgæzla. Nú er að verða algengara að menn skrönglist um heiðarnar á ökutækjum, og eru þau ekki hraðskreiðari en lest með bagga, en þau týnast þó ekki af sjálfu sér. Um veiðina á heiðunum verður sagt nánar í kaflanum um veiðivötnin.

Grasatekja þótti góð hlunnindi áður fyrr. Það er alls staðar mikið af þeim á heiðunum, en þó mest um norðurheiðar, að mér hefur verið sagt.

Eggjatekja var talin til hlunninda áður fyrr. Þá var mikið varp víða um heiðarnar, einkum þó í hólum. Þá var hægt að taka einhver ósköp af eggjum. Nú er orðið miklu minna af fugli, minkur hefur eytt varpi, og ef til vill eru fleiri ástæður fyrir fækkun fugla á heiðunum.

Álftatekja þótti góð hlunnindi. Álftin fellir fjaðrir í fyrri hluta ágústmánaðar og verður þá ófleyg. Þá er sagt, að hún sé í sárum.¹⁴⁴

¹⁴² *Árbók Ferðafélags Íslands*, Arnarvatnsheiði og Tvídægra, 1962, eftir Þorstein Þorsteinsson frá Húsafelli, bls. 12–13.

¹⁴³ Sama heimild, bls. 49.

¹⁴⁴ Sama heimild, bls. 53.

[...]

9. Arnarvatns- og Grímstunguheidi

Um þessar heidar er leiðin milli Borgarfjarðar og Víðidals eða Vatnsdals. Fyrir aldamótin var þetta þjóðbrautin milli Norður- og Suðurlands. Eins og fyrir er sagt, fara hana nú engir, nema helzt einstaka hestamenn eða ferðalangar, sem eru að skoða fornfrægar leiðir. Árið 1920 var þessi leið rudd og vörðuð frá Suðurmannaandfelli og suður til byggða.¹⁴⁵

[...]

V. KAFLI

VEIÐIVÖTN Á HEIÐUNUM

Flest eru vötnin á heiðunum frekar grunn, á milli eins og tveggja metra djúp, og gruggast í stormi. Einstaka vatn er dýpra.

[...]

Fæst vatnanna á heiðunum eru góð veiðivötn. Um allar þær heidar, sem um getur í þessari bók, er ókjör af vötnum, en veiðivötn eru sárafá utan Arnarvatnsheiðar. Bæði veiðist urriði og bleikja í veiðivötnunum.

[...]

Þangað til fyrir fáeinum árum var veiði aðeins stunduð frá fáum bæjum efst í byggðunum sitt hvorum megin heiðanna. Bændurnir áttu litla báta úr tré eða blikki, ekki stærri en svo, að einn hestur gat borið þá. Þeir báru tvo menn og nokkur net, og svo margir þeirra voru svo valtir og vondir, að fara varð varlega á þeim, ef eitthvað var að veðri. Úr þessum bátum lögðu menn net í vötnin, helzt á vorin, þegar fóru að koma hagar fyrir hross og vötnin voru komin af ís. Það er 5–10 klukkutíma lestagangur frá bæjum til vatnanna, og það var löng leið og vond að flytja bátana, þegar þeir voru fluttir upp vötnin. Þar urðu þeir auðvitað að dúsa, þangað til að þeir voru orðnir að salla, og menn kveinkuðu sér jafnvel við því að flytja þá milli vatna. Menn lágu í tjöldum við vötnin í nokkra daga og veiddu upp á hestana, ef nokkra veiði var að fá. Helzta kvöl veiðimannanna var sú, að hestarnir vildu strjúka og týnast. Nú er þetta allt að breytast nokkuð. Menn eru farnir að komast um heiðarnar, einkum Arnarvatnsheiði, á fjallabílum og dráttarvélum, og gerir það mönnum hægara fyrir að hafa með sér báta. Þeim sem veiði stunda hefur því fjölgað nokkuð, og er farið að hafa nokkra gát á veiðiþjófum.

1. Ísaveiðar

Bátaveiðin hófst seint á 19. öld, um eða fyrir 1880. Fram um aldamót voru ísaveiðar mikið stundaðar frá efstu bæjum í byggðunum, enda var silungur helzta fæðutegund manna á þesum slóðum.¹⁴⁶

¹⁴⁵ Sama heimild, bls. 60.

¹⁴⁶ Sama heimild, bls. 101–102.

[...]

VI. KAFLI

SKIPTING HEIÐANNA MILLI HÉRAÐA OG SVEITA

1. Merki Arnarvatnsheiðar.

Í Íslenzku fornbréfasafn III 624 er prentaður máldagi frá 1398, sem greinir frá merkjum Kalmanstungulandareignar, og þar segir frá merkjum á Arnarvatnsheiði á þessa leið: „... þá ræður Dalsá og upp í Þorvarðasstaðavötn, úr Þorvarðsstaðavötnum og í Arnarstein, þá í Svínalæk, þá í Úlfsvatnsárlón, þá ræður Úlfsvatnsá upp að Gnúpdælagötu, þá Gnúpdælagötur norður í lækinn, er fellur úr Leirutjörn enni nyrðri, þá austur eftir Hryggjum í vörðuna fyrir norðan Torfavötn. Þá úr vörðunni sjónhending í millum Torfavatns hins efsta og Hlíðarvatns, fyrir norðan Hávaðavatn upp í Vestur-hæð. Þá úr hæðinni austur í endann í Réttarvatni enu syðra, þá austur heiði fyrir norðan Álftavötn í jökulsenda. Þá ráða jöklar fyrir sunnan Balljökul í Hafragil.“

Í þessum máldaga eru ýmis örnefni, sem nú eru týnd. Dalsá er líklega Litlafljót, Þorvarðsstaðavötn líklega Þorvaldsvatn. Leirutjörn þekkist ekki nú með því nafni. Hryggir eru líklega Hraungarðar. Torfavötn þekkjast ekki nú. Hávaðavatn þetta er frekar það, sem nú er nefnt Gunnarssonavatn, heldur en það, sem nú er nefnt Hávaðavötn. Vesturhæð er Svartarhæð. Réttarvatn syðra og nyrðra þekkjast ekki nú. Mögulegt er, að menn hafi kallað Réttarvatn syðra sunnan Réttarvatnstanga, en Réttarvatn nyrðra norðan hans. Balljökull er nyrzta kúla Langajökuls, og samkvæmt málvenju liggur jökullinn suður eftir þaðan að Hafursfelli, þótt meginstefnan sé suðvestur. Þessi máldagi er fróðlegur, því að á honum sést, hvernig örnefni hafa horfið, þó að þeirrar tíðar mönnum þættu þau svo traust, að setja mætti þau í landamerkjalyásingar.

Þegar Kalmanstungubóndinn seldi sveitarfélögum Hálsa- og Reykholtsdalshreppa Arnarvatnsheiði 1884, var svohljóðandi landamerkjabréf undirritað af öllum, sem land áttu að Arnarvatnsheiði ásamt hreppsnefndarmönnum Reykholtsdals- og Hálsahreppa og Kalmanstungubónða:

[...]

Síðar seldi Kalmanstungubóndinn allt land, sem hann átti eftir norðan Norðlingafljóts þessum sömu hreppum, svo að nú nær landeign þeirra ofan að Fljótstungulandi neðan við Kleppa og þaðan í austurenda Hólmavatns. Þó áskildi bóndinn Kalmanstungu allan veiðirétt í þessu landi, sem seinna var selt, einnig frjálsa beit, slægjur, eggjatekju og álftatekju. Þegar þessi kaupmáli var gerður, var gert nýtt landamerkjabréf, sem var ekki alveg samhljóða því fyrra, en orðamunur var svo lítill, að ekki tekur því að geta hans hér.¹⁴⁷

¹⁴⁷ Bls. 117–119.

Þann 11. febrúar 1971 var kveðinn upp í merkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu dómur í máli Reykholtshrepps og Hálsahrepps gegn eigendum Kalmanstungu. Ágreiningur málsins varðaði upphaflega annars vegar landamerki milli heimalands Kalmanstungu og afréttarlands Borgfirðinga, er eigandi Kalmanstungu seldi nefndum hreppum með afsöllum, dags. 17. maí 1880 og 6. júlí 1901, og hins vegar veiðirétt nefndra hreppa í vötnum á afrétti. Á síðara stigi málsins var því lýst yfir af hálfu aðila að ekki væri ágreiningur um veiðirétt eða landamerki landsvæðis þess er eigandi Kalmanstungu seldi með greindu afsali frá 6. júlí 1901. Í dómsorði merkjadómsins segir:

Sá hluti landamerkja lands þess er Stefán Ólafsson bóndi í Kalmanstungu seldi bændunum Þorsteini Magnússyni og Gísla Eggertssyni og Magnúsi Jónssyni með afsali því frá 17. maí 1880, er í málinu greinir en nú er eign sóknaraðila Reykholtshrepps og Hálsahrepps og um er deilt í máli þessu, skal ákveðinn þannig: Bein lína úr vesturrönd Langjökuls yfir merkjapunkt A samkvæmt uppdættinum á dskj. nr. 12, um mælipunktinn II samkvæmt uppdættinum á dskj. nr. 78, uns hún sker bakka Reykjavatns í merkjapunkti B samkvæmt sama uppdætti, síðan ræður norðausturströnd Reykjavatns til norðurs að Reykárósi, en þaðan ræður Reyká að Norðlingafljóti.

Jörðin Kalmanstunga á rétt til veiði í ám og vötnum á landsvæði því, sem Stefán Ólafsson seldi með afsali því frá 17. maí 1880, er í málinu greinir, að 1/4 á móti sóknaraðiljum.¹⁴⁸

Hrepparnir áfrýjuðu dómnum til Hæstaréttar og eigendur Kalmanstungu höfðuðu gagnsök. Málið var nr. 65/1971 hjá Hæstarétti og dómur kveðinn upp í því þann 28. janúar 1975. Um landamerkin segir í dómi Hæstaréttar:

Telja verður, að merkjalýsingin í landamerkjabréfinu frá 26. janúar 1886 samrýmist merkjalýsingu afsalsins frá 1880, en sé gleggri, að því er varðar þau merki hins selda lands, sem um er deilt í máli þessu. Verður landamerkjabréfið því lagt til grundvallar í málinu. Orðalag útdráttarins úr landamerkjaskrá Kalmanstungu frá 1897 um merki er aftur á móti frábrugðið landamerkjabréfinu frá 1886. Ólíklegt er þó, að umboðsmenn breppanna hafi með þeirri landamerkjaskrá ætlað að breyta hinum fyrri merkjum, enda voru þeir ekki til þess bærir. Í landamerkjalýsingunni 1886 eru austurmerkin talin frá Langjökulsenda „ofan á móts við Reykjavatn“. Verður að skilja þetta svo, að þar sé átt við vesturjaðar Langjökuls. Það álit oddvita Hálsa- og Reykholtshrepps á fundinum 19. mars 1963, að Langjökull ráði merkjum „vestur á móts við Reykjavatn“, er í samræmi við þetta. Staður sá á vesturjaðri Langjökuls, sem landamerkjalýsingin telur „á móts við Reykjavatn“, verður ekki ákveðinn með vissu, en hann getur samkvæmt orðum landamerkjabréfsins frá 1886 ekki verið norðar en svo, að lína frá honum sjónhending í Reykárós liggir yfir Reykjavatn. Merkjalína sú, sem

¹⁴⁸ Skjal nr. 1(16).

ákveðin var af héraðsdómi, er skoðað hafði staðhætti á vettvangi, fer eigi í bága við merkjalýsinguna í landamerkjabréfinu frá 1886. Málsaðiljar hafa ekki fært fram haldbær rök, er hnekkir þessari úrlausn héraðsdóms, og ber því að staðfesta hana.

Þá segir um veiðiréttinn í Hæstaréttardómnum:

Í áðurgreindu afsali frá 17. maí 1880 segir, að landið sé selt með „öllum landsnyttjum til lands og vatns . . . utan það að seljandi áskilur sér að hafa silungsveiði og eggjatöku fyrir sig og sína erfingja . . . “. Í afsalinu til hreppanna 18. apríl 1884 segir, „að þar sem seljandinn Stefán Ólafsson í nefndu afsalsbréfi“ (þ. e. afsalinu frá 1880) „hefur áskilið sér af okkur að hafa eggjatöku og silungsveiði í hinu afsalaða landi fyrir sig og sína erfingja, þá er eignin einnig nú af okkar hendi afsöluð . . . með þessu sama skilyrði, að því er Stefán Ólafsson og hans erfingja snertir . . . “. Í landamerkjabréfinu 26. janúar 1886 segir, að samkvæmt afsalsbréfi 18. apríl 1884 hafi Stefán Ólafsson, bóndi í Kalmanstungu, „eggjatekju og silungsveiði í heiðarlandi þessu fyrir sig og erfingja sína“. Í útdrætti landamerkjaskrárinnar frá 24. apríl 1897 segir: „Afkomendur Stefáns sál. Ólafssonar, er búa í Kalmanstungu eiga eggver, álfatekju og silungsveiði í afréttarlandi Reykdælinga“. Í héraðsdómi er skýrt frá banni Stefáns Ólafssonar á manntalsþingum í Hálsahreppi og Reykholtshreppi 1898 gegn silungsveiði, eggjatekju og álfatekju í hinu selda landi og mótmælum bænda á þingunum við banninu.

Eins og áður hefur verið rakið, afsalaði Stefán Ólafsson í Kalmanstungu framangreindu heiðarlandi til viðsemjenda sinna með öllum landsnyttjum, að því frátöldu að hann áskildi sér „að hafa silungsveiði og eggjatöku fyrir sig og sína erfingja . . . “. Er ágreiningur málsaðilja um það, að hverju marki silungsveiði í ám, lækjum og vötnum á hinu selda landi hafi verið undanskilin sölunni með þessu ákvæði afsalsbréfsins.

Þegar þess er gætt, að það er forn og ný réttarregla, að landeigandi eigi fiskveiði í vötnum á landi sínu, sbr. landbrigðapátt Grágásar um veiði, 208. kap. Konungsbókar og 438. kap. Staðarhólsbókar, og 56. kap. landleigubálks Jónsbókar, en nú 2. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, þá var rík ástæða til þess, að Stefán Ólafsson kvæði afdráttarlauist að orði, ef ætlun hans var sú, að enginn réttur til silungsveiði í vötnum á hinu selda landi fylgdi með við sölu þess. Ákvæði í afsalinu um silungsveiðiréttinn eru hins vegar ekki skýr, og verður ekki örugglega af þeim ráðið, að til þessa hafi verið ætlast. Þá þykir sýnt af mótmælum hrepps bænda á manntalsþingum í Hálsa- og Reykholtshreppum 1898, að bændurnir hafa a. m. k. ekki þá litið svo á, að allur silungsveiðiréttur hafi verið tekinn undan við landssöluna 1880. Enn er það, að í málinu hafa verið lögð fram vottorð margra manna úr Hálsa- og Reykholtshreppum um, að þeir hafi stundað silungsveiði í vötnum á heiðarlandinu án sérstaks leyfis eigenda Kalmanstungu. Hefur þessu ekki verið hnekk. Þá hafa gagnáfrýjendur ekki sýnt fram á, að þeir hafi eignast

allan silungsveiðiréttinn fyrir hefð. Þegar alls þessa er gætt, þykja gagnáfrýjendur ekki hafa sannað, að þeir eigi einir silungsveiðirétt á hinu selda heiðarlandi.

Er þá athugunarefni, hversu viðtækur var sá réttur til silungsveiði, sem Stefán Ólafsson undanskildi við sölu landsins 1880. Ekki þykir bera að skilja ákvæði afsalsins um silungsveiði svo, að um hafi verið að tefla veiðirétt, sem einungis væri bundinn við lífstíð Stefáns og erfingja hans, eins og aðaláfrýjendur halda fram. Er eðlilegast að lita svo á, að ætlunin hafi verið að tryggja, að Stefán sem eigandi Kalmanstungu héldi eftir nokkrum silungsveiðirétti á hinu selda landi fyrir jörðina. Verður ekki á það fallist, að sá veiðiréttur hafi verið takmarkaður við heimilisþarfir eingöngu. Samkvæmt þessu og þar sem ekki er skýrt kveðið á um annað í afsalinu, verður að líta svo á, að við söluna hafi veiðirétturinn orðið sameign Stefáns Ólafssonar og kaupunauta hans, þannig að þeir hafi allir haft jafnan rétt til að nýta veiðina, sbr. 56. kap. landsleigubálks Jónsbókar, en nú 1. tl. 4. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970. Varð engin breyting á þessu, er aðaláfrýjendur eignuðust hið selda land frá viðsejendum Stefáns Ólafssonar. Gagnáfrýjendur eru nú eigendur Kalmanstungu.

Samkvæmt þessu ber að fallast á úrlausn héraðsdóms um, að gagnáfrýjendur eigi að 1/4 hluta á móti aðaláfrýjendum silungsveiði í ám og vötnum á landi því, sem Stefán Ólafsson afsalaði 17. maí 1880.

Dómsorð Hæstaréttar, að því er varðaði landamerkin og veiðiréttinn, eru svohljóðandi:

Ákvæði héraðsdóms um landamerki eru staðfest. Gagnáfrýjendur, Kalmann Stefánsson og Ólafur Kristófersson, eigendur Kalmanstungu eiga að ¼ hluta rétt til silungsveiði í ám og vötnum á landsvæði því, er Stefán Ólafsson seldi 17. maí 1880.¹⁴⁹

Í 1. tölul. 33. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Mýrasýslu nr. 377/1975 er leitarsvæði Fljótstunguréttar lýst svo:

1. Fljótstungurétt. Leitarsvæði hennar er: Heimalönd allra jarða í Hvítársíðu frá Gilsbakka að Kalmanstungu, að báðum meðtöldum, eins og Hvítá ræður að sunnan og girðingar að vestan og norðvestan að Skammá, svo og afréttur Reykdæla og Hálsasveitar og önnur heiðalönd að afréttarlöndum Þverárréttar og að löndum Húnvetninga að norðan og jöklum að austan.¹⁵⁰

Kalmanstungu I og Kalmanstungu II er getið í arðskrá fyrir Veiðifélag Hvítár og Norðlingafljóts, dags. 10. febrúar 1976. Þar kemur fram að Kalmanstunga I eigi 797 einingar og Kalmanstunga II 488 einingar.¹⁵¹

¹⁴⁹ Skjal nr. 1(16).

¹⁵⁰ Skjal nr. 4(32).

¹⁵¹ Skjal nr. 4(34).

Í *Árbók Ferðafélags Íslands*, frá árinu 1988, er fjallað um Kalmanstungu. Þar segir m.a.:

Kalmanstungu er getið í Landnámu: Kalman suðureyskur að ætt nam land „fyrir vestan Hvítá á milli og Fljóta, Kalmanstungu alla, og svo allt austur undir jökla sem grös eru vaxin og bjó í Kalmanstungu“.

Síðan kemur frásögn af byggð sem illt er að átta sig á. En sonarsonur Kalmans var Bjarni sem deildi við Hrólfr hinn yngra um Tunguna litlu. Bjarni bjó á Bjarnastöðum í Tungunni litlu. Rústir Bjarnastaða eru þekktar og menn í sveitinni hlada að Tunguna litla sé landsvæði milli Tungu og Hvítár. Þar er undirlendi sem áður er sagt og sér fyrir gömlum farvegum sem Hvítá hefur gert fyrr á öldum og mynda ef til vill Tunguna litlu. Áður er getið um Svelti, landræmuna mjóu sem var á milli Geitár og Hvítár áður en henni var veitt árið 1930. Neðst í Svelti er vað á ánni. Áður en ánum var veitt var vaðið á Geitá, nú er það á Hvítá. Þetta vað heitir Litlutunguvað. Forn gata er gegnum Húsafellsskóg að vaðinu, Litlutungugata.

[...]

Landareign Kalmanstungu er líklega um 200 ferkílómetrar, mikill hluti ógróinn með öllu, háfjöll, jöklar og hraun. Þó eru þar víðáttumiklir hagar og skóglendi, tún og engjar. Allt til 1882 var öll Arnarvatnsheiði í landi jarðarinnar, en þá seldi bóndinn þremur bændum í Hálsahreppi og Reykholtaldshreppi heiðina. Árið eftir seldu þeir hana sveitarfélögum Hálsahrepps og Reykholtalds. Kirkja var í Kalmanstungu meðan prestssetur var á Húsafelli.¹⁵²

Í 1. tölul. 32. gr. fjallskilasamþykktar fyrir Mýrasýslu, nr. 360/1992, er leitarsvæði Fljótstunguréttar lýst svo:

1. *Fljótstungurétt*. Leitarsvæði hennar er: Heimalönd allra jarða í Hvítársíðu frá Gilsbakka að Kalmanstungu, að báðum meðtöldum, eins og Hvítá ræður að sunnan og girðingar að vestan og norðvestan að Skammá, svo og afréttur Reykdæla og Hálsasveitar og önnur heiðalönd, að afréttarlöndum Þverárréttar og að löndum Húnvetninga að norðan og jöklum að austan.¹⁵³

Í *Árbók Ferðafélags Íslands*, frá árinu 2004, er m.a. fjallað um Kalmanstungu: „Jöklamannahverfi“ (Hraunsás og Húsafell, Kalmanstunga og Krókur)

Afmörkun, leiðir og einkenni svæðisins

Svæði þessu er hér lýst sem einni heild, þó að það hafi náð til tveggja landsfjórðunga, tveggja amta, tveggja sýslna, tveggja hreppa og þriggja kirkjusókna. Því veldur landgerðin, sem er samstæð fyrir það allt. Láglandið

¹⁵² *Ferðafélag Íslands. Árbók 1988*. Vörður á vegi. Húsafell – Geitland – Kalmanstunga – Hallmundarhraun. Eftir Þorstein Þorsteinsson. Bls. 41.

¹⁵³ Skjal nr. 4(55).

er meira eða minna þakið hraunum, víða skógivöxnum, en slíkt fyrirfinnst annars ekki í Borgarfirði, nema á Hreðavatni, en yfir gnæfa háfjöll og jökulbungur.

[...]

Þetta svæði hefur ekki haft neitt sérstakt heiti né afmörk, en mörk þess, byggðarmegin, má setja rétt ofan við Bjarnastaðabru, við enda Skógarhrauns og skógarásanna vestur frá Hraunsási.¹⁵⁴

Í sömu heimild segir eftirfarandi um Hallmundarhraun:

Hallmundarhraun

Hallmundarhraun er nú haldið vera frá landnámsöld, en var áður haldið vera frá því rétt fyrir landnám og enn áður nokkrum öldum eldra. Hraunið er rakið til gíghóla tveggja í um 750 m hæð y.s. uppi undir Langjökli á Jökulkróki, en nærri sjö km eru á milli þeirra.

[...]

Um mannvistarleifar og mannaleifar í hraunhellunum

Mannvistarleifar í hellum í hrauninu (hleðslur, gripabein og eldstæði) hafa verið settar í samband við landnám manna á þessum slóðum, þeir hafi búið um hríð í heitu hrauninu (samanber hraunhitaveituna í Vestmannaeyjum), meðan þeir voru að hýsa yfir sig með hefðbundnum hætti, og jafnvel aftur síðar. Er tímasetningin studd aldursákvörðunum með geislakolsaðferð. Einnig er aldur hraunsins settur í samhengi við frásögn Landnámu, þegar Þorvaldur holbarki, sonur Höfða-Þórðar, landnámsmannsins í Skagafirði „... fór ... upp til hellisins Surts og færði þar drápu þá, er hann hafði ort um jötuninn í hellinum.“¹⁵⁵

Í sömu heimild er umfjöllun um Kalmanstungu. Þar segir m.a.:

Kalmanstunga er norðan við Hvítá og er landnámsbær. Utan við bæ liggur vegurinn yfir hálsinn og enn utar er Tungan, með ljósgrýtishömrum og skriðum til skiftis við skógarteiga sunnan í, en ljósgrýtismelum og hamranibbum víða ofan á fellinu og utan í því. Kennir þar áhrifa Húsafellseldstöðvarinnar. Heita þar Hrafnaklettur norðan á Hátungunni og Fálkaklettur tvennir austan í henni. Skógur er þar austan í Tungunni, sem féll að miklu leyti af maðki 1937, en hann gerði um leið usla inn í Skógarhlíð undir Strúti, þó að skógurinn sprytti fljótt aftur við friðun. Útsýni er víða fagurt af Tungunni. Ofan bæjar og innar rís Strútur og er hæg ganga á hann af hálsinum vestan bæjar, en ökuslóðir liggja þar líka upp á hæðirnar. Gífurlega mikið útsýni er af Strútnum, enda sést hann langt að.

[...]

¹⁵⁴ *Árbók Ferðafélags Íslands*, Borgarfjarðarhérað milli Mýra og Hafnarfjalla, 2004, eftir Freysteinn Sigurðsson, bls. 175.

¹⁵⁵ Sama heimild, bls. 183–185.

Hlýlegar gönguleiðir eru í góðviðri inn með Strúti meðfram Hvítá og inn í Skógarhlíð (10 km, hvora leið), eða niður með Tungunni, þar sem fornir farvegir Hvítár og fornar rústir eru aukalega til fróðleiks og skemmtunar. Kirkja var þar fyrst á Bjarnastöðum en síðar í Kalmanstungu sjálfri. Þar var útkirkja frá Húsafelli og af lögð með henni 1812, en kirkjusóknin náði til Fljótstungu og Þorvaldsstaða. Það var landnám Þorvarðar, föðurföður forsprakka Hellismanna, og getur verið, að það hafi komist í hendur Sturlu goða eftir víg þeirra og svo fylgt Kalmanstungu í kirkjusókn.

Kalmanstunga er landmikil jörð og þótti þar gott undir bú fyrir atorkumenn. Undir hana lá Arnarvatnsheiði norður á mótis við Húnvetninga. Heiðina seldu þeir 1880 (efri hlutann), er Reykdælir og Hálssveitungar keyptu 1884, en þeir keyptu neðri hlutann einnig 1901, en veiðin var þó að hluta undanskilin í kaupum þessum. „Kalmanstunga hefur verið út af fyrir sig að sumu leyti, afkróuð frá öðrum byggðum bóllum, af Hvítá að sunnan, en Norðlingafljóti að norðan.“ Árnar gátu verið ófærar af vatnavöxtum eða krapagangi, og var þá ekki fært þaðan, áður en brýrnar komu (á Hvítá um 1950, á Norðlingafljót 1955). Frá Kalmanstungu sést aðeins til Húsafells, en þaðan sést að auki til Gilsbakka en ekki til annarra bæja. Umferð var þó mikil um Kalmanstungu, sumar og haust, eins og fyrr segir, milli Suðvestur- og Norðurlands. Var greiðasala þar á ofanverðri 19. öld ...¹⁵⁶

Í ódagsettri samantekt um sölu og merki Kalmanstungu á Arnarvatnsheiði, sem varðveitt er á Héraðsskjalasafni Borgarfjarðar, segir eftirfarandi:

Arnarvatnsheiði er fyrst seld undan Kalmanstungu 14. maí 1880. Seljandi er Stefán Ólafsson í Kalmanstungu en kaupendur eru Magnús Jónsson bóndi á Vilmundarstöðum Þorsteinn Magnússon á Húsafelli og Gísli Eggertsson á Stóra-Kroppi. Afsalsbréfið er þinglesið á varnarþingi hinnar seldu fasteignar 28. maí 1880.

Þessir þrír menn selja aftur hreppsfélögum Hálsasveitar og Reykholtisdalsland þetta, Hálsasveit að 1/8 en Reykholtisdals að 2/3. Sú sala fór fram 18. apr. 1884.

Landamerkjaskrá lands þessa er dags. 26. janúar 1886, lesin á manntalsþingi á Sámsstöðum 20. maí 1889. Undir hana eru skrifaðir allir Hreppsnefndarmenn Hálsahrepps, allir hreppsnefndarmenn Reykholtisdalshrepps, eigandi Þorvaldsstaða í Hvítársíðu, umráðandi Fljótstungu í Hvítársíðu ~~E~~ eigandi Kalmanstungu, eigandi Efra-Núps í Miðfirði, umráðendur Víðidalstungu í Víðidal, eigandi Haukagilsheiðar í Vatnsdal og Gilsbakka prestur.

Landamerki lands þess er í þetta sinn var selt af heiðinni eru í aðaldráttunum þessi: Frá Svínalæk er rennur í Norðlingafljót, í svonefndan Arnarstein þaðan í Úlfsvatnsárlón, með Últsvatnsá að Gnúpdælagötu vestanvert við Úlfsvatn, Austanvert við Urðhæðavatn, norðan við Hávaðavatn norðan við Hlíðarvatn,

¹⁵⁶ Sama heimild, bls. 200–203.

norðantil yfir Gunnarssonavatn í merktan landamerkjastein á Svörtuhæð, í Réttarvatn fyrir norðan Álftavötn og Fljótadrög í Lyklafell (Krák á Sandi), þaðan í Langjökul og með honum niður á móts við Reykjavatn, yfir það í Reykárós með henni í Norðlingafljót sem síðan ræður merkjum til Svínalækjar. Landamerkin eru gerð eftir gömlum máldögum Kalmanstungu. Við söluna áskildi Stefán sér og erfingjum sínum eggjatekju og silungsveiði í hinu selda landi. Gilsbakki á hálfra veiði í Úlfsvatni.

Árið 1902 seldi Ólafur Stefánsson það sem áður var óselt af Kalmanstungulandi norðan Norðlingafljóts með sömu undantekningum og Stefán hafði um það er hann seldi og auk þess rétt til slægnaftaks um sína tíð í landinu.

1913 kaupa sveitarfélög þessi fjallland Þorvaldsstaða sem liggur jafnsíða hinu keypta heiðarlandi Kalmanstungu frá Úlfsvatnsárlóni meðfram Grunnvötnum og Lambá ofan að Skammá sem rennur úr Hólmavatni. Úr Hólmavatni er land Borgfirðinga takmarkað með girðingu sem liggur milli Hólmavatns og Norðlingafljóts fyrir ofan heimalönd Króksbæjanna. Fljótstunga á þó dálitla þríhyrnu fyrir ofan girðinguna sem þeim [þeim, ofan línu] ekki þótti borga sig að taka með.

Lönd þessi borgaði sveitarsjóður Hálssveitunga að 1/3 en Reykdæla 2/3.

Auk þessa lands hafa Borgfirðingar umráð yfir svokölluðum Lambatungum sem er allstórt heiðarsvæði er liggur samhliða hinu keypta landi milli Lambár og Kjarrá austan á móts við Úlfsvatn. ER land þetta leigt til langs tíma, upphaflega 99 ára.

Nú hefir upprekstrarfélag Þverárrettar keypt Lambatungurnar af eiganda Gilsbakka [af eiganda Gilsbakka, ofan línu] liggja þær samsíða afrétti þeirra en leigunni höfum við ekki slept.

Kalmanstunguland liggur samsíða landi Borgfirðinga frá Reykjavatni og niður á móts við girðingu sunnan Norðlingafljóts.

Leitir og göngur á Heiðinni hvíla algjörlega á Borgfirðingum. Síðastliðið haust var metið að þær kostuðu upprekstrarfélagið hér um bil 1250 krónur.

Refaveiðarnar hvíla einnig á okkur. Árið 1919 urðu þær um 350 kr.

Ómerkinga alla sem finnast á landi þessu og óskilafé. sem ekki gengur út hirða Hvítsíðingar og hafa eigendur landsins og notendur ekki einn eyri af andvirði þeirra Ómerkinga eru oft talsvert margir í Fljótstungurétt, því þegar snemma vorar sækir fénaður mjög á heiðina og menn tapa oft [oft, ofan línu] í hópum ám með ómörkuðu og óbornum

Landamerki afréttar okkar eru skýr og glögg. Fyrst girðingin, Skammá, Kjarrá svo taka við lönd Húnvetninga þá jöklar svo eyðihraun milli Reykjavatns og jökuls og síðan vatnsföll þar til girðingin tekur við

Reglugerð Mýrasýslu er síðan 1872 og snertir 52. gr. einkum Borgfirðinga¹⁵⁷

Árið 1932 var hluta af landi Kalmanstungu skipt milli Kalmanstungu I og Kalmanstungu II. Í landskiptagerðinni, dagsettri 19. apríl 1932 og þinglýstri 9. maí 1933, er þeim hluta merkjanna sem liggur næst ágreiningssvæðinu lýst svo:

Kristófer fær í sinn hlut Tunguna, það er alt land milli Norðlingafljóts og Hvítár, að girðingu þeirri, sem liggur frá túngirðingunni vestan við bæjarlæk austan Skeljalág í Krókkastið. [...] Stefán hefur í sinn hlut Norður- og Suðurgirðingu, alt land innan þeirra með gögnum og gæðum og girðingarnar sjálfar.¹⁵⁸

Í ritinu *Byggðir Borgarfjarðar*, III. bindi, frá árinu 1993, er fjallað um Kalmanstungu. Þar segir m.a.:

KALMANSTUNGA I /GALMANSTUNGA/GALMARSTUNGA. Kalmanstungu var skipt í tvö býli eftir 1930. Landareign var skipt að hluta til, en austan fjallgirðingar, sem liggur þvert yfir milli fljóts og ár, vestan í Strút, er óskipt sameignarland, notað einkum sem sumarhagar.

[...]

Jarðarinnar er getið í Landnámu (og Sturlungu). Hún er önnur aðallandnámsjörð sveitarinnar, en engin býli önnur eru nú í því landnámi. 1709 eign Skálholtsstóls, talin 30 hdr. Kirkja var í Kalmanstungu um aldir en aftekin 1812. Í eigu ættar núverandi bænda frá 1836 en ábúð hennar í beinan karllegg frá 1858.

[...]

KALMANSTUNGA II. Land þessa býlis liggur ofan og austan bæjar að fjallgirðingu. Með Hvítá er misbreið ræma að brekkurótum, valllendisgrundir. Suðurhlíð á hálsi og Strút, brött, mikið gróin, hækkar austur. Mýrar uppi á hálsinum en blásið, er hærra dregur. Hraun norðan við hálsinn, en grundir næst Strút og norðurbrekkur grónar, vallendi og lyngmóar. Nýrækt á grundum sunnan og norðan Strúts og á framræstri mýri á hálsinum. Austan fjallgirðingar er mikil víðátta, næst móbergsfjallið Strútur, 935 m y.s. gróðurlítill uppi en víða gróinn í undirhlíðum og grasfitjar með fjallsrótum. Síðan hraunbreiðan mikla að Eiríksjökli allt í Jökulkrók, sandorpin næst jökli. Gróðurlendi með Norðlingafljóti á Fugleyrum og Þorvaldshálsi og í Sauðafjöllum og víðar. Hluti af jörðinni var norðan fljóts, en var seldur í tveimur áföngum og er nú eign Hálsa- og Reykholtisdalshreppa, notaður til upprekstrar. Kalmanstunga á þó alla veiði í spildunni, sem síðar var seld, og ¼ í hinni, og er þetta fjöldi silungsvatna. Lítilsháttar silungsveiði í fljótinu. Í hrauninu norðan Strúts eru Surtshellir og Stefánshellir, auk fleiri hella austar í hrauninu. Mannvistarmenjar eru í Surtshelli og fjölsótt þangað af ferðafólki. Sunnan Hvítár eru Geitland og Húsafellsland, Gilsbakki og Fljótstunga

¹⁵⁷ Skjal nr. 4(57).

¹⁵⁸ Skjal nr. 4(70).

handan Norðlingafljóts og þá heiðarland hreppanna. Þá eru jöklar að Hafragili.¹⁵⁹

Í sömu heimild er fjallað um eyðibýli. Þar segir:

BJARNASTAÐIR/LITLATUNGA. Bjarni Sturluson goða, Kalmanssonar í Kalmanstungu, bjó að Bjarnastöðum í Tungunni litlu. Tók hann skírn og lét gera kirkju á bæ sínum. Mannsbein fundust til skamms tíma í blásnum og sandorpnnum grafreit. Sér þar til uppblásinna rústa sunnan undir Tungunni neðanverðri. Mun þetta sama býlið og Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns nefnir Litlutungu, fornt eyðiból.

BRENNA. Landnáma segir Kýlan, bróður Kalmans landnámsmanns í Kalmanstungu, hafa búið fyrir neðan Kollshamar, og að Kári Kýlansson hafi verið brenndur inni þar, sem heitir Brenna. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns getur Brennu, forns eyðibýlis í Kalmanstungulandi og ekki byggt í 100 ár eða lengur. Brenna er til útsuðurs frá Kalmanstungu, sunnan í Tungunni nokkru ofar en Bjarnastaðir. Sást þar til rústa fram um 1900.

BUGAKOT/FLJÓTSBAKKI. Árið 1898 stofnuðu Sigurður Jónsson, síðar bóndi á Þaravöllum, og Sveinn Halldórsson, síðar bóndi í Steðja, húsmennskubýli með grasnyt í landi Kalmanstungu norðan Norðlingafljóts, þar sem heitir Fremribugar, um 9 km fram frá Fljótstungu. Búskapurinn gekk böslulega og á útmánuðum 1899 gáfust þeir upp fyrir harðindum og heyleysi og flýðu með fénað sinn til byggða og höfðu hann við helli í Tungunni í Kalmanstungu til vors. Hafði þeim orðið sitthvað mótdrægt í búskapnum, tapað kvíaánum í afréttarfénaðinn og heyin skemmst af vatni eða svelli, en þau voru fengin úr Fiskivatnsflóa.

HALLDÓRSSTAÐIR. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns nefnir þetta örnefni. Viti menn ekki til, að byggð hafi verið þar eða sel, en ætli fremur að sel hafi verið. Í jarðabók, sem kölluð er frá 1804, telja menn, að þarna hafi verið bær, sem er til merkis um söguþróun. Halldórstóftir eru norðan Norðlingafljóts, við Kleppa, í fornu Kalmanstungulandi.

[...]

KÖTLUTÚN. Svo nefnist eyðihjáleiga í landi Kalmanstungu fram frá bænum, niður undan Strút. Jarðabók Árna og Páls (1709) segir býlið ekki byggt í 100 ár eða lengur. Sé almenningsrómur, að hér hafi verið hjáleiga. Það er tilgáta sumra, að þar væru Sturlustaðir, sem Landnáma nefnir.¹⁶⁰

¹⁵⁹ Byggðir Borgarfjarðar, III. bindi. Búnaðarsamband Borgarfjarðar, 1993. Bls. 32–33.

¹⁶⁰ Byggðir Borgarfjarðar, III. bindi. Bls. 41.

Þá er tilhögun leita á Arnarvatnsheiði lýst í sama riti:

Nýting afréttarlandsins

Öldum saman hafa bændur í uppsveitum rekið fé á afrétt til sumarbeitar. Ætla má, að nær eingöngu hafi verið um að ræða fráfarulömb og geldfé.

Þegar kemur fram á 19. öld, fara bændur í auknum mæli að kaupa upprekstur á Lambatungur og á Arnarvatnsheiði af landeigendum, og síðar leiddi það til kaupa á landinu, eins og hér er fyrr frá sagt. Erfitt var að nýta þennan afrétt, því reka þurfti yfir Geitá, Hvítá og Norðlingafljót. Um 1890 beittu hreppsnefndir í Reykholtssdal og Hálsasveit sér fyrir því, að brú yrði sett á Hvítá hjá Barnafossi. Var hún byggð 1891.¹⁶¹

[...]

Tilhögun leita og rétta

Hugmyndir um girðingu milli afrétta Borgfirðinga og Húnvetninga höfðu komið fram 1925. Af framkvæmdum varð þó ekki. Hafði þá lengi verið mikill samgangur fjár að sunnan og norðan á heiðinni. Jafnan var margt fé frá Borgfirðingum rekið til rétta í Húnavatnssýslum, einkum í Miðfjarðarrétt. Algengt var, að þaðan kæmu um 1500 fjár (kringum 1930). Voru sendir fimm skilamenn í Miðfjarðarrétt, sem jafnan var á þriðjungi næstum eftir Fljótstungurétt. Ferðin tók fimm daga. Gist var í Úlfsvatnsskála í báðum leiðum og tvær nætur norðan heiða. Réttardaginn var féð rekið inn á Núpseyrar. Á miðvikudag í Gilsbakkaárnes (Gilsbakkanes), fimmtudag niður á Stekkjareyri við Stóra-Ás og á föstudagsmorgni til Rauðsgilsréttar.

Í Fljótstungurétt voru jafnan tveir skilamenn að norðan, en þangað kom yfirleitt ekki mjög margt norðanfé.

Árið 1933 var byggð sundurdráttarrétt við Syðra-Hávaðavatn. Með samkomulagi við Húnvetninga var, fram undir fjárskipti, smalað til hennar svæði norðan við Kvíslavatn og í Urðhæðum, norður að Ketilvatni. Tilgangurinn var að fækka því fé, sem annars yrði rekið til réttar í Miðfirði eða suður í Borgarfirði, í áttina frá sínum heimasveitum. Fram að fjárskiptum 1948–1950 var réttað í Réttarvatnstanga. Þangað var smalað fé úr Fljótadrögum, Jökulkrók og einnig norðan af Hryggjum og úr Lónunum sunnan þeirra. Norðanmenn og sunnanmenn leituðu sameiginlega fremsta hluta heiðarinnar til Réttarvatnstanga. Skipt var leit á Sunnlendingahæð (Biðholti), sem er austur undir Krák.

Gamlir menn eiga ljúfar minningar um þessi samskipti Húnvetninga og Borgfirðinga á Arnarvatnsheiði, sem lögðust af, þegar varnargirðingar gegn útbreiðslu sauðfjársjúkdóma komu til fyrir 1950. Um þessi samskipti er skrifað í ritinu Göngur og réttir III. bindi og víðar.

[...]

¹⁶¹ Sama heimild, bls. 357–358.

Þriðjudaginn í 20. viku sumars hefjast leitir á Arnarvatnsheiði. Þá leggja af stað 9 menn í Fljótadrög. Á þriðjudag er riðið fram í Álftakróksskála, ekkert er smalað þann dag. Á miðvikudag fara 3 menn og smala Jökulkrók, sem er svæðið suður af Reykjavatni milli Langjökuls og Eiríksjökuls. Þeir fara ríðandi inn að Reykjavatni, skilja hestana þar eftir og fara gangandi inn í Jökulkrókinn. Hinir 6 ríða niður að Hamarstjörn sunnan við Norðlingafljót, neðst í Sauðafjöllum. Þar er skipt leit og Sauðafjöllin smöluð inn að Reykjavatni og féð rekið norður yfir Norðlingafljót hjá Virkishólum. Síðan er smalað áfram frá Reykjavatni inn að Kaldalóni, féð er rekið norður yfir Fljótið hjá allháum kletti, sem stendur stakur á fljótsbakkanum að sunnanverðu. Þaðan er riðið til baka niður í Álftakrók. Á fimmtudegi er riðið inn að Reykjavatni, þar er skipt leit. Farið er aftur yfir svæðið frá Reykjavatni að Kaldalóni og haldið áfram inn í Fljótadrög og þau smöluð inn að girðingu. Áð er í leitarskála Vatnsdælinga, sem er rétt austan við girðinguna, norðan við Áfangatjörn. Reisulegt hesthús er við skálann, og eiga Borgfirðingar hlut í því. Þaðan er smalað norðvestur heiði, syðsti maður fer með Fljótinu en sá nyrsti með girðingunni yfir Jörvann að Réttarvatni og áfram sunnanvert við Leggjabrjótstjarnir. Smalað er niður á móts við Álftakrók.

Á fimmtudagsmorgun leggja af stað 8 menn úr byggð í Heiðarleit. Þeir ríða fram í Úlfsvatnsskála og smala svokallað Gilsbakkane þann dag. Á föstudag smala Heiðarleitarmenn frá Úlfsvatni og Hávaðavatni fram heiði inn að Réttarvatni. Þar koma Dragamenn til móts við þá, en þeir fara lausríðandi úr Álftakrók. Frá Réttarvatni smala svo báðir flokkarnir niður heiði. Fljótadragamenn reka niður fyrir Refsvinu, en Heiðarleitarmenn skilja við féð á móts við Stóralón.

Á föstudagsmorgni leggja af stað 6 menn í Lambatungnaleit. Þeir ríða fram í Úlfsvatnsskála og smala þann dag frá Gilsbakkaá niður fyrir Skálalæk. Tveir menn fara í fyrirstöðu úr byggð á laugardagsmorgni og smala Lambatungnasporð neðan frá til móts við Lambatungaleitarmenn. Á laugardag er svo öll niðurheiðin smöluð og safnið rekið til Fljótstunguréttar. Réttað er þann dag eins og dagur endist. Fljótstunguréttardagur er svo sunnudaginn í 21. viku sumars. Áður var hann einni viku og degi síðar.

Í aðra leit er farið úr byggð á þriðjudagsmorgni í 22. viku, alls 12 menn. Þann dag eru Lambatungur leitaðar fram að Hávaðavatni og 3–4 menn fara að sunnanverðu og leita Sauðafjöll fram að Reykjavatni. Annan daginn er framheiðin leituð og Drögin. Allir gista í sama skála í Álftakrók. Þriðja daginn er leitað niður til Fljótstunguréttar og réttað samdægurs. Oft er farið í leitarflug milli leita og alltaf eftir seinni leit. Hefur það verið gert síðastliðin 30 ár. Fé hefur fækkað mjög síðustu ár og hross ekki rekin á afrétt síðan 1969.

Fljótstungurétt var byggð fyrir miðja síðustu öld. Hún er frá upphafi hlaðin úr hraungrýti. Árið 1892 var hún stækkuð og endurbætt. Gerðið við réttina var byggt 1930.

Á þessari öld hafa öðru hverju orðið umræður um að færa réttina neðar í sveitina, en hún hefur staðið þær af sér, og nú eru ekki horfur á því, að hún verði færð.¹⁶²

Í *Árbók* Ferðafélags Íslands, frá árinu 2001, er kafli sem ber yfirskriftina „Kjalverðir – jöklar við Kjöl“, eftir Odd Sigurðsson jarðfræðing. Þar er að finna umfjöllun um Eiríksjökul og Langjökul en í greininni segir meðal annars:

Saga jökulnafnanna

Fornritin eru ekki rík að nöfnum á jöklum. Á seinni öldum Íslandsbyggðar verða jöklarnir nærgöngulli við byggð ból og menn hafa meira af þeim að segja. Smám saman fjölgaði því jökulanöfnum eftir því sem fram liðu stundir. Á seinni tímum hefur ferðum um hálendi og jökla fjölgað mjög og kallar það á að menn gefi kennileitum hvarvetna á öræfum nafn og þá vissulega jöklum líka.

[...]

Langjökull. Allar líkur eru á að helstu jöklar landsins hafi verið til frá landnámi en breyst talsvert í tímans rás. Þó eru sárafáir jöklar nafngreindir í fornsögnum enda gerast þær fáar inni á hálendinu. Einnig er athyglisvert að aðalnöfnin, sem nú eru notuð yfir þrjá stærstu jökla landsins, eru um og innan við þriggja ára gömul. Meðal þeirra sem þó eru nefndir í gömlum ritum er Balljökull sem kemur fyrir í Grettissögu, Bárðarsögu Snæfellsáss og Ármannssögu. Ekki er hægt að segja óyggjandi hvort þar er átt við Eiríksjökul eða norðurhluta Langjökuls en lýsingar virðast benda til þess fyrrnefnda. Ekki virðist það heldur ósennilegra því að ætla má að Eiríksjökull hafi alla tíð haft skýrara kúlulag en Langjökull. Grettissaga (rituð eftir 1300) segir Balljökul liggja sunnan við Arnarvatnsheiði og verður að segjast að Eiríksjökull er mun veglegri bústaður Hallmundar en norðurendi Langjökuls þar sem Bárðar- og Ármannssaga ætla honum vist. Í landamerkjalytingu Kalmanstungu í jarðakaupasamningi frá 1398 (Íslenskt fornbréfasafn III) stendur svo:

Þá úr hæðinni austur í endann í Réttarvatni enu syðra, þá austur heiði fyrir norðan Álftavötn í jökulsenda. Þá ráða jöklar fyrir sunnan Balljökul í Hafragil.

Hér er ekki heldur með öllu ljóst hvorn jökullinn er átt við með nafninu Balljökull. Gísli Gestsson (1959), Haraldur Matthíasson (1980) og Þórhallur Vilmundarson (1983) telja þó að í fornritunum sé átt við Eiríksjökul þegar Balljökull er nefndur.

Geitlandsjökull er nefndur í Bárðarsögu og Ármannssögu og í Grettissögu er þessi lýsing:

Um haustið fór Grettir í Geitland og beið þar til þess er bjart veður kom. Þá gekk hann upp á Geitlandsjökul og stefndi á landsuður eftir

¹⁶² Byggðir Borgarfjarðar, III. bindi. Bls. 359–361.

jöklinum ... Grettir fór þar til er hann fann dal í jöklinum, langan og heldur mjóvan, og lukt að jöklum öllum megin svo að þeir skúttu fram yfir dalinn ... Þar voru hverar og þótti honum sem jarðhitar mundu valda er eigi luktust saman jöklarnir yfir dalnum.

Úr þessari lýsingu og samhengi við aðra hluta sögunnar má lesa að höfundur virðist líta svo á að Balljökull og Geitlandsjökull séu aðskildir; Balljökull er suður af Arnarvatnsheiði en Geitlandsjökull er upp af Geitlandi. Þetta skilst mætavel ef gert er ráð fyrir að Balljökull sé Eiríksjökull. Hafi Balljökull átt við Norðurhluta Langjökuls mætti líta svo á að Langjökull hafi verið í tvennu lagi eða að minnsta kosti sýling í milli svo ástæða væri til að greina þá sundur í nafngiftum.¹⁶³

Fyrir liggur örnefnaskrá fyrir Kalmanstungu sem upphaflega var gerð af Ara Gíslasyni, kennara og fræðimanni, eftir forsögn Kristófers Ólafssonar, bónda í Kalmanstungu, en var endurskoðuð árið 2001 á vegum Félags aldraðra í Borgarfjarðardölum og skráð af Magnúsi Sigurðssyni á Gilsbakka. Þar er m.a. minnst á örnefnið Vellankötlu sem getið er um í mörgum af framangreindum heimildum um Kalmanstungu. Í örnefnaskránni segir m.a.:

189. Kötlutún er brött brekka og rústir af fornu eyðibýli, sem eru austan við lækinn og Stóraketil, skammt frá ánni. Jarðabókin 1709 segir þar ekki hafa verið byggð í 100 ár eða lengur, en hafa verið hjáleigu. Þess hefur verið getið til að hér hafi verið Sturlustaðir, sem Landnáma nefnir og segir Sturlu (goða?) Kalmansson hafa byggt, en flutt sig heim í Kalmanstungu, þegar Kalman féll frá. Væri þá Stóriketill Skáld- eða Skallskelmisdalur en Tungufell Strúturinn. En þetta er aðeins tilgáta. Vellankötlunafn, sem fyrir kemur í fornbréfum hefur mönnum líka dottið í hug að tengja Kötlutúni, en það er jafnóviss tilgáta.¹⁶⁴

Í sömu heimild er getið um örnefni sem getið er um í fornum ritum en ekki verður fundinn staður. Þar segir:

Forn nöfn úr Landnámu og fleiri fornum ritum, sem nú verður ekki fundinn staður, eru þessi helst: Skáldskelmisdalur, Sturlustaðir, Tungufell, Kollshamar, Kýlanshó(m)ar, Vellankatla, Grindur, Sölmundarhöfði. Þess hefur verið getið til að Sturlustaðir væri Kötlutún, Tungufell þá Strúturinn og Skáld- eða Skallskelmisdalur, væri Stóriketillinn; Kollshamar væri Skollhóll eða Borgirnar (hann var ofan við Brennu segir í Landnámu). Grindur og Sölmundarhöfði virðast vera í grennd við bústað Bjarna í Litlutungu og má þá etv. [svo] helst giska á Kastið og Þjófaborg. En þetta eru tómar vangaveltur og í rauninni engin leið að vita hvar þessi örnefni voru og hvort þau hafa endilega öll verið í Kalmanstungulandi, t.d. Kýlanshólmar.¹⁶⁵

¹⁶³ Ferðafélag Íslands: Árbók 2001, bls. 186–187.

¹⁶⁴ Bls. 16.

¹⁶⁵ Bls. 27.

Skráður eigandi Arnarvatnsheiðar samkvæmt þinglýsingarvottorði, dags. 25. júní 2014, er Sjálfseignarstofnun um Arnarvatnsheiði og Geitland.¹⁶⁶

Fyrir liggur samningur milli Umhverfisstofnunar og eigenda Kalmanstungu frá 19. ágúst 2011 um umsjón náttúruvættisins Kalmanshellis, staðfestur af umhverfisráðherra.¹⁶⁷

5.3.1 Aðliggjandi og tengd svæði

Hér verður fjallað um landsvæði sem tengjast ágreiningssvæðinu vegna legu sinnar eða réttinda. Um er að ræða jarðirnar Fljótstungu og Gilsbakka auk Lambatungna. Áhersla er lögð á að gera grein fyrir heimildum um landamerki þessara svæða sem og réttindi sem tengjast þeim innan ágreiningssvæðisins.

5.3.1.1 Efranúpsheiði

Landamerkjabréf Efranúpsheiðar var útbúið 16. febrúar 1891 og þinglesið 7. júní 1892. Það hljóðar svo:

Að austan milli Aðalbólsheiðar ræður Þorvaldsá frá svo nefndum Kastala fram í Þorvaldsvatn, þá ræður bein lína yfir vatnið suður heiði ofan til við Djáskurði yfir Hraungarða að Strípalónslæk rjett fyrir ofan Hávarðavötn, frá Strípalónslæk ræður bein lína vestur í stóran stein á Hraungörðum, steinninn er merktur L.M., sem þýðir landamerki, frá þessum steini ráða, Gnúpdælagötur merkjum suður á móts við Urðhæðavatn, þá ræður bein lína merkjum yfir Urðhæðavatn og um tanga, sem fram í vatnið gengur í stóra Hvannstóð sem er við vesturenda Urðhæða, úr stóra Hvannstóði ræður bein lína merkjum vestur heiði fyrir norðan Kvíslavötn í Flóavatn hið stóra, og er það hornmerki Efranúpsheiðar að sunnan og vestan, frá Flóavatni ræður bein lína norður Flóakvísl, eptir það ræður Flóakvísl merkjum þar til hún fellur í Blöndukýl, þá ræður Blöndukýll merkjum þar til hann fellur í Vesturárvísl, þá ræður Vesturárvísl merkjum út að Galtarseli eða Túnaseljum, sem eru við kvíslina, þar sem hún beygist í vestur untanvert við Önundarfitjar, og er það norðvestur hornmerki heiðarinnar, Þá ræður bein lína merkjum austur á Lambás, eptir það ræður Lambás til Núpsár, þá ræður Núpsá þar til Kvíslavatnaskvísl fellur í hana, eptir það ræður Kvíslavatnaskvísl til Kvíslavatna, þá bein lína úr Kvíslarósnum yfir vatnið í stein, sem er á ásnum milli vatnanna, merktu L.M. (landamerki), frá þessum steini ræður bein lína austur í áður nefndan Kastala við Þorvaldsá sem er hornmerki að norðan og austan Núpsheiðar.¹⁶⁸

Hjörtur Líndal eigandi Efra-Núps skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt Bjargarstaða, Fosskots, Magnúsi Andrjessyni presti á Gilsbakka sem samþykkti vegna prestsetursins þar, vegna Aðalbóls, Þverár, Húksheiðar og

¹⁶⁶ Skjal nr. 6(5).

¹⁶⁷ Skjal nr. 6(20).

¹⁶⁸ Skjal nr. 2(153).

Lækjabæjar. Magnús Andrjesson oddviti Hvítársíðuhrepps sem umráðamaður Þverár-rjettarupprekstrarlands samþykkti einnig bréfið í umboði hreppsnefnda Hvítársíðu-, Stafholtstunga-, Þverárhliðar- og Norðurárdalshreppa.

5.3.1.2 Fljótstunga (aðliggjandi)

Þann 23. október árið 1830, var upplesin og auglýst lögfesta fyrir Fljótstungu í Hvítársíðu. Landamerkja er getið. Fór þetta fram við Gilsbakkakirkju eftir messu þann 23. október sama ár. Lögfestan hljóðar svo.

Eg undirskrifadur lögfesti hérmed land minnar Jardar Fljótstungu í Hvítársýdu. Það nefni(eg)a sem liggur frá Fljótstungu Bæ, ~~sudur ad norðlinga fljóti~~, sudr i midt hraun [*sudr i midt hraun*, á spássíu] og ~~med því~~ svo ofan ad i Háfahraun, gegnt Gilsbakka landi, og eptir Háfahrauni uppi fljótamót, á fótafljóti, og svo sem þetta fljót rædur framm á móts vid Fljótstungu Bæ. Fyrirbýd Eg eignum og serhverjum [...]

Reikjaholli þann 23ja Octob^r 1830

Eggert

Auglist vid Gilsbacka kyrkiu eptir messu þann 24^{da} Octobr. 1830

Vidstaddir, Jón Audunsson, Jón Arnason.¹⁶⁹

Landamerkjabréf Fljótstungu var útbúið 11. júní 1889 og það var þinglesið 16. maí 1890. Þar segir:

Að sunnanverðu ræður Norðlingafljót (Suðurfljót), miður farvegur, frá Háahrauni gegnt Smiðjugili, og ræður fljótið fram að læk þeim, sem fellur ofan eftir Stórulæg nokkru fyrir vestan Kleppa, en rjett fyrir framan Köstin. Frá fljótinu ræður lækur þessi upp hliðina og beint upp í stein stóran neðarlega á mel, sem liggur milli þeirra tveggja lækjardraga, er fyrnefndur lækur myndast af. Úr steininum ræður sjónhending í hánorður upp í klett (hinn vestri af tveimur) og þaðan áfram í sömu átt í annan klett (einnig hinn vestri af tveimur), og þaðan ílítið til austurs upp í Axlarþúfu og þaðan bein sjónhending í Þorvaldslæk, þar sem hann fellur í Litlafljót. Þaðan ræður Litlafljót miður farvegur, alt niður að Fótafljóti (Fljótamótum) milli Hallkelsstaða og Kolsstaða, þaðan sjónhending þvert yfir hraunið í Háahraun og sú lína áfram að Norðlingafljóti gegnt Smiðjugili. Alt það land, vötn og skógar og hvað annað, sem takmarkast af framannefndum merkjum, skal hjer eftir um aldur og æfi heyra til Fljótstungu til allrar notkunar og eignar. En af því að nokkur hluti lands þessa hefir verið þrætuland móts við Kalmannstungu er það unnið til samkomulags, að eigandi Fljótstungu borgar á þessu ári eiganda Kalmannstungu 100 - eitt hundrað – krónur í peningum. Fljótstunga hefir um aldur og æfi Lambhólma í Norðlingafljóti og alla aðra hólma á Fljótinu á tilteknu svæði, nema Stokkflöt, sem skal vera eign

¹⁶⁹ Skjal nr. 2(8) a-b.

Kalmannstungu. Enginn á ítak í framangreinda landeign Fljótstunga og hún ekki heldur íannara lönd.¹⁷⁰

Magnús Andrjesson og Jón Pálsson ábúandi skrifuðu undir bréfið fyrir hönd Þórarins Böðvarssonar prófests á Görðum eiganda Fljótstungu. Bréfið var samþykkt fyrir Kalmannstungu af St. Ólafssyni eiganda jarðarinnar og Ólafi Stefánssyni ábúanda þar. Fyrir neðan undirskriftir þeirra stendur:

Framanskriafaðar 100 (eitt hundrað) krónur hefir Magnús prófastur Andrjesson á Gilsbakka borgað mjer fyrir hönd eiganda Fljótstungunnar og er þannig hinum framanskraðu landa-merkjasamning fullnægt mjer til handa.

Undir þetta skrifaði St. Ólafsson á Kalmannstungu þann 5. júlí 1889. Landamerkjabréf Fljótstungu var líka samþykkt af S. Sigurðssyni ábúanda Þorvaldsstaða vegna jarðarinnar, Benjamín Jónssyni ábúanda og meðeiganda Hallkelsstaða vegna þeirrar jarðar og Magnúsi Andrjessyni vegna Kolsstaða.

5.3.1.3 Gilsbakki og Lambatungur (aðliggjandi og heimildir um réttindi á Arnarvatnsheiði)

Í máldaga Gilsbakkakirkju, er Árni biskup Helgason setti árið 1306, er gerð ítarleg grein fyrir eignum, ítökum og réttindum Gilsbakkakirkju. Á meðal eigna kirkjunnar eru fjölmörg vötn og tjarnir.¹⁷¹ Þar segir m.a.:

fiskveide j vlfs vatni ad helminge oc j langa: Skamma vlfs vatza: og j flodlæk oc j austurlæk. Grunnvatn aull og lamba allt ofan til kiararar:¹⁷²

Í Vilchinsmáldaga fyrir Gilsbakkakirkju frá árinu 1397, er gerð ítarleg grein fyrir eignum, ítökum og réttindum kirkjunnar. Þar segir m.a.:

Nicholaskirkia ad Gilsbacka a heimaland allt. Lambatungur og skog j Hvsafellzhraun. [...] kirkiann a skoga alla fyrer nordann fliot þat er fellur næst Tungu oc upp ad Hafa Hrauni gegnt Seliatunngv. Fiskveidi j Wlfsvatni ad Helmingi oc Langá. Skammaa. Vlfvatzaa. oc flodzlæk. austurlæk. Grunnvatn oll oc Lambaa allt ofan til Kiarrar.¹⁷³

Í máldaga Gísla biskups Jónssonar fyrir Gilsbakkakirkju, frá því um 1570, er gerð ítarleg grein fyrir eignum, ítökum og réttindum kirkjunnar. Þar segir m.a.:

[...] veidi j vlffsvatne ad helmingi og i Langa. Skammá. Vlffsvatza.og i Flodlæk og i Austurlæk. aull Grunnvatn og Lambá alltt offann til Kialarar.¹⁷⁴

Í vísitasíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar frá 1639–1671 segir:

Þann 1 Augusti Visiterud Niculas Kirckia aa Gilzbacka a heimland allt, Lambatungur og Skög I husafellzhraun [...] Fiskveide I Vlfsvatne ad

¹⁷⁰ Skjal nr. 2(4).

¹⁷¹ Skjal nr. 2(29).

¹⁷² Skjal nr. 2(29).

¹⁷³ Skjal nr. 2(30).

¹⁷⁴ Skjal nr. 2(32).

heliinjge og I Langä, Skammä, Vlfsvatzä, og I Flödlæk og I austurlæk, Grunnavótn óll og lamb ä allt offan til Kiararär, [...] Fiskeveide I Vlfsvatne ad helmiinjge og Längä Skammä, Vlfsvatzä og Flödlæk, austurlæk, Grunnavótn óll og lambä allt offan til Kiarrär,¹⁷⁵

Í vísitasíubók Þórðar biskups Þorlákssonar, frá 1675–1695, segir:

Sama dag [20. ágúst 1681] Visiterud Niculas Kyrkia ad Gilsbacka, hun a heimaland allt, Lambatungur og Skög i Hüsafellzhraun med Ødrum Itókum sem maldagar vtvysa. Þessar Jarðer Biarnastadi leigda 1 hndr. Kallstadi 10 aura, Kyrkiuböl 10 aura.

[...]¹⁷⁶

Í Vísitasíubók Jóns biskups Vídalín um Vestfirðingafjórðung og Sunnlendingafjórðung 1699–1705 segir:

Eodem Die [1. september 1702] visiterud Niculas Kyrkia ad Gýlsbacka Hün a Heimaland allt Lambatungur og skög i Husafellz Hraunj med odrum itókum sem mäldagar Utvijsa, Þessar Jarðer Biarnastade leigda 1 hndr. Kallstade leigda 10 aura, Kirkiuböl leigda 10 aura,

[...]¹⁷⁷

Í vísitasíubók Jóns biskups Árnasonar 1723–1733 segir m.a.:

Gils Backe

Nicholai kyrkia ad Gilsbacka, ä heimaland allt og Lambatungur, og Skög i Husafells Hraun, allann Hagagard, og allt upp ä mille Hvytär og Kalldär, allt upp til gótu þeirrar er liggur frá Husafelle, og til tungu hjnnar Litlu, upp hiä ä möte, og sköga alla fyrer Nordann fliöt það er fellur næst tungu, og upp ad Häfa Hraune, gagnvart Seliatungu, veide I Ülfs Vatne ad helminge, og I Längä, skammä, Ulfsvatnsä og i flödlæk, og i Austurlæk, óll grunnavótn, og Lambä, allt ofann til Kialarär, gäsartiarner, fyrer hiedann Lambä, og óll vótn Vestur þaðann, Kvyslavótn, og veide tíörn, og allar þær tiarner er þängad falla læker ür;¹⁷⁸

Í vísitasíubók Jóns prófasts Jónssonar 1737–1739 segir:

Gilsbacke

Anno 1737 Dag 10 Octobris var Visiterud af hieradz präfastenum Sr Jöne Jönssyne Nicolai kyrkia ad Gilsbacka, Hun a Heimaland allt, Lambatungur og Skög i Husafellshraun med ódrumm itókumm Sem mäldagar og visitatiur Gilsbacka kyrkiu utvösa, þar ad auke þessar Jarðer, Biarnastade leigda firer Hundrad, Kollstade leigda tiju aurum Kyrkiuböll leigda tiju aurum.

¹⁷⁵ Skjal nr. 2(88) a-b.

¹⁷⁶ Skjal nr. 2(91) a-b.

¹⁷⁷ Skjal nr. 2(92) a-b.

¹⁷⁸ Skjal nr. 2(98) a-b.

[...] ¹⁷⁹

Í vísitasíubók Vigfúsar prófasts Jónssonar 1743–1777 segir:

Gilsbacke

Anno 1744 d. 18 Julii Var kyrkiann ad Gilsbacka Visiterud af Hierads Pröfastenumm Sr Wigfuse Jonssyne og a Hun Heimaland allt. Lambatungur og Skög i Husafellshraune med ódrum Itókum, sem mäldagar og Visitatiur Gilsbacka kyrkiu utvysa, þar ad auke þessar Jarðer Biarnastade, Kyrkiubol og Kollstade [og Kollstade, ofan línu].

[...] ¹⁸⁰

Í sömu heimild segir:

GilsBacke

Anno 1746 Dag 18 July Var Kyrkiann ad Gilsbacka visiterud af Hieradz Pröfastenumm Sra Wigfusa Jönssyne [Jönssyne, ofan línu] Og ä Hun Heimaland allt, Lambatungur og Skög I Husafells Hraune med ódrum Itókum sem Mäldagarnir og visitatiur utvysa.

[...] ¹⁸¹

Í sömu heimild segir ennfremur:

Gilsbacke

Nicholai kyrkia ad Gilsbacka ä heima land allt Lamba tungur og skög i Husafells Hraune, Sköga alla fyrer Nordann fliöt það Er fellur Næst tungu og upp ad häfa Hraune gengt Selia tungu, fisk Veide i Ulfs Vatne ad helminge og lang ä Skammä UlfsVatnsä og flods læk austurlæk Grunnu Vótn óll og Lambä allt ofann til Kiarrär, [...]

Þessu til Merkes Eru underskrifud Nófn ä GilsBacka d. 12ta Junii 1748.

[...] ¹⁸²

Í vísitasíubók Ólafs biskups Gíslasonar 1748–1752 segir:

Anno 1751. Dag 14 Augusti Visiterud Kyrkiann ad Gilsbacka, Hun ä Heimaland allt, og Skög i Husafells Hraun, allan Hagagard og allt uppä mille Hvitär, og Kalldär, allt upp til götu Þeirrar, er liggur frá Husafelle og til Tungu hinnar Litlu, er liggur upp frá Ämöte, og Sköga alla fyrer nordann Fliöt, það er fellur næst Tungu, og upp ad Häfahraune gagnvart Seliatungu; veide i Ulfs vatne ad Helminge, og i Längä, Skamm ä, Ulfvatnsä, og Flödlæk, og i Austurlæk, óll Grunnavótn og Lambä allt ofann til Kialarär, [...] ¹⁸³

¹⁷⁹ Skjal nr. 2(149) a-b.

¹⁸⁰ Skjal nr. 2(150) a-b.

¹⁸¹ Skjal nr. 2(151) a-b.

¹⁸² Skjal nr. 2(140) a-b.

¹⁸³ Skjal nr. 2(101) a-b.

Í máldaga Gilsbakkakirkju, dags. 12. júní 1748, segir:

Gilsbacka Kyrkiu Bök

Nicholai Kyrkia ad Gilsbacka ä Heimaland allt Lambatungur og Skög I Husafells hraune, Sköga alla fyrer Nordan Fliöt það er fellur næst Tungu, og upp ad Häfahraune gegnt Seliatungu, fiskveide i Ulfsvatne ad helminge og Längä, Skammä, Ulfsvatnsä og Flödzlæk, Austur læk, Grunnvótn óll og Lambä allt ofann til Kiarrär, [...] ¹⁸⁴

Í vísitasíubók Finns biskups Jónssonar og Hannesar biskups Finnssonar 1756–1778 segir:

Gilsbacke

Dag 10 Septembris Visiterud Kyrkian ad Gilsbacka, Hun ä Heimaland allt med gognum og giædum. Item Skog I Husafellshraun. Allann Hagagard, og allt uppä mille Hvitaar og Kalldär allt upp til Gotu þeirrar er liggur fra Husafelle og til Tungu hinar Litlu uppe hiä Amöte. Þetta effter Gisla Biskups Mäldaga, En nu behelldur Hun alleinasta Skognum fyrer nedann Hagagard effter því sem Stadarhalldaren underrettar. Hun a Skog allan fyrer Nordann Fliöt það er fellur næst Tungu, og upp ad Hafahraune gagnvart Seliatungu, Veide i Ulfsvatne ad Helminge, og i Rängä, Skamm ä Ulfsvatns ä, og Flodlæk, og I Austurlæk, oll Grunna Votn, og Lamba allt ofan til Kiararar [...] ¹⁸⁵

Í vísitasíubók Hannesar biskups Finnssonar 1780–1788 segir:

Gilsbacke

Anno 1783 dag 15 Augusti visiterade Biskupenn Hannes Finnsson Kyrkiuna ad Gilsbacka. Hún á Heimaland alt med gögnum og giædumm, Skóg i Husafellshraun, allann Hagagard, og allt uppä mille Hvítar og Kaldär, alt upp til götu þeirrar er liggur frá Húsafelle og til Tungu hinnar litlu uppe hiä Amöte, þetta effter Gísla Biskups Máldaga. Enn nu nockratíd hefur hún alleina hallded Skógnumm fyrer nedann Hagagard. Hún á Skóg allann fyrer nordann Fliot, það er fellur næst Tungu og upp ad Háahraune gagnvart Seliatúngu, sem effter Stadarhalldaranns Underrettingu, nú kallast Smiduiás; Veide i Ulfsvatne ad helmíngge og i Langá, Skammá, Ulfsvatnsá og Flódlæk, og i austurlæk. Flódlækur kallast nu Gilsbackaá, öll Grunnvötn, og Lambá allt ofann til Kiararár, [...] ¹⁸⁶

¹⁸⁴ Skjal nr. 2(73) a-b.

¹⁸⁵ Skjal nr. 2(103) a-b.

¹⁸⁶ Skjal nr. 2(105) a-b.

Í kirknaskjölum fyrir Mýrasýslu er að finna afskrift af seinustu lögfestu fyrir Gilsbakka, dags. 8. maí 1808. Þar segir:

[...] Ad vestanverdu ráða sjónhendíngum Sléttubakkar móti Hraunárósi við Hvítá í grástein – grásteinn í Tvívörður – Tvívörður í Víðilæk, Víðilækur uppa Brún og í Hvammsvatn. Síðan sá lækur er rennur úr Hvammsvatni ofan í Kjarrá. – Ad nordanverdu við Kjarrá rædur sjónhendíngum Fiskilækur beint yfir Sandinn – Dalverpi sem ganga frammeftir bak við Sandinn, í Hítulækjartjarnir, úr Hítutjörnum nordureftir Smatjörnum, sjónhending fyrir nordan Langavatn austur í Hvannstöð hid mikla, úr Hvannstödi mikla sudur eftir Urdhædum í Urdarvatn, og þaðann ad Ulfsvatni, síðann rædur Ulfsvatnsá í Grunnvötn, úr Grunnvötnum í Lambá og Skammá, sem rennur úr Holmavatni. Eg logfesti allann Holmavatnsdal ad Heidarstapa, frá Heidarstapa í Kaplastapa, þaðann rædur lækur sem rennur í Stórlág, liggiandi í Kollsstadafljót, so í Fótafljótid, sem þá rædur merkium framm ad móti við Háahraun gegnt Smidjudal við Sudurfljót, sem rennur næst Túngu. Frá Háahrauni lögfesti eg allann skóg og land nordan Sudurfljót ad Ós, og með Hvítá ofan á Sléttubakka, it(em) silúngsveidi í midjann Hvítár farveg innann þessara merkja. – Allann skóg í Húsafellshrauni, ad götu sem liggur ad Húsafelli ad Litlu Túngu við amót. Hérhiá Laxveidi í glennunnarfossi í Nordurá, alla alftveidi vestann Gnúpdalagötu umm austur og vestur Móa, rædur merkjum ein Tjörn norðr frá austurflóa, vestur Móa nordast í Brattagil, frá Brattagili með Hrutafjardardal til Nordurárdals, fyrir sunnann Nordurárdal til Dögurdareyri. – Umm Holtavörðuvötn, Reipavötn, Gíslavötn og Breidavötn og Þverárvötn bædi alft og silúngsveidi. – Veidi ad helmíngi í Ulfsvatni, Austurlæk, Flóalæk, Ulfsvatnsá, Lambá og Skamma [...].

Birt á Sámstada manntalsþingi þann 9^{da} Maí 1808. testr. P.Ottesen.¹⁸⁷

Í Vísitasúbók Hannesar biskups Finnssonar og Geirs Vídalín um Vestfirðinga- og Sunnlendingafjórðung 1790–1800 og Steingríms biskups Jónssonar 1826–1827 segir:

Gilsbacki í Mýra Sýslu

Anno 1827, þann 1ta Augusti, visiteradi, biskupinn yfir Islandi Steingrimur Jónsson kyrkjuna ad Gilsbacka; Hún á Heimaland alt með gögnum og giædum, Skóg í Húsafellshraun allann Hagagard, og alt uppá milli Hvítár og Kaldár, alt upp til Götu þeirrar er liggur frá Húsafelli og til Túngu hinnar Litlu, uppí hiá Ámóti; Þetta eptir Gísla biskups máldaga. Enn nú nockra Tíd, hefir hún alleina haldid Skógnum fyrir nedan Hagagard, hún á Skóg allann fyrir nordan Fliót, Þad er fellur nærst Túngu, og uppad háa Hrauni, gagnvart Seljatúngu, sem eptir Stadarhaldarans Undirréttíngu kallast Smidiuás. Veidi í Ulfsvatni ad Helmíngi og í Langá, Skammá, Úlfvatnsá, og Flódlæk, og í

¹⁸⁷ Skjal nr. 2(118) a-b.

Austurlæk, Flódlækur, kallast nú Gilsbackaá, öll Grunnvötn og Lambá, alt ofan til Kjararár, [...] ¹⁸⁸

Fyrir liggja afskriftir af tveimur lögfestum fyrir Gilsbakkakirkju. Annars vegar lögfestu séra Hjartar Jónssonar, dags. 8. maí 1808, og hins vegar lögfesta séra Magnúsar Sigurðssonar á Gilsbakka, dags. 16. maí 1848. Aftan við er vitnisburður séra Magnúsar Sigurðssonar á Gilsbakka, dags. 7. febrúar 1850 um að báðar lögfesturnar séu rétt skrifaðar eftir frumritinu. Skjalið er svohljóðandi:

Afskriftir af tveimur Lögfestum Gilsbakka Kirkju.

Til að fyrirbyggja: að ekkert af Gilsbacka kyrkju – eda Stadar Eignum edur Réttugheitum undanfalli eda af óvidkomandi, án míns Leyfis kynni brúkad að verða; þá lögfesti eg Hjörtur Jónsson, prestur til nefnds Beneficium hér með – Gilsbacka og þess Stadar kyrkju Eignir, hús og Toptir, Garda og Gyrdíngar – Tún og Engjar, Itök og Skóga, Hollt og Haga, Alpta-, Laxa- og Silungsveidar, Reka og Eggver og allar Landsnytjar er finnast kunna innan þessara ummerkja.

Ad vestanverdu ráða Sjónhendíngum Sléttubackar móti Hraunáróss við Hvítá í Grástein – Grásteinn á Tvívörður – Tvívörður í Víðirlæk – Víðirlækur uppá Brún og í Hvammsvatn. – Síðan sá lækur er rennur úr Hvammsvatni ofan í Kjarará. – Ad nordan verdu við Kjarará rædur sjónhendíngum Fiskilækur beint yfir Sandín – Dalverpi, sem ganga fram eptir bak við Sandín í Hítulækjartjarnir, úr Hítutjörnum norður eptir Smátjörnum, Sjónhendíng fyrir nordan Lángavatn austur í Hvannstóð hid mikla, úr Hvannstóði mikla, sudur eptir Urdhædum í Urdarvatn og þaðan að Úlfsvatni, síðan rædur Úlfsvatnsá í Grunnvötn, úr Grunnvötnum, Lambá og Skammá, sem rennur úr Hólmavatni.

[...]

Um Holtavörðuvötn, Reipavötn, Gíslavötn og Breidavötn og Þverárvötn bæði Alpt og Silungsveidi, veidi að helmíngi í Úlfsvatni, Austurlæk, Flódlæk, Úlfsvatnsá, Lambá og Skamma.

Fyrirbid eg allar Lands og vatnsnytjar hverjum manni, sem eg frekast má að lögum, innan tédra ummerkja, nema mitt sé leyfi til, vonandi so góds til allra, að þeir gegni vel þessari minni Lögfestu.

Til frekari Stadfestu er mitt Nafn og Signet að Gilsbakka þann 8da maii 1808 Hjörtur Jónsson pr. til Gilsb: og Síðumúla (L.S.)

Birt á Sámstada manntals þingi þann 9da Maii 1808 – testr P. Ottesen p.t.constit. ¹⁸⁹

¹⁸⁸ Skjal nr. 2(106) a-b.

¹⁸⁹ Skjal nr. 2(76) a-b.

Í *Jarðatali Johnsens* frá 1847 er ekki minnst á veiðiréttindi innan ágreiningssvæðis máls þessa.¹⁹⁰

Í málinu liggur fyrir lögfesta fyrir Gilsbakkakirkju, dags. 16. maí 1848. Hún er svohljóðandi:

Lögfesta Gilsbakka Kirkju- og Staðar Lands og Eigna.

Til að koma í veg firi: að nokkuð af Gilsbakka Kirkju- eða Staðar landi, eignum eða Rjettindum sje brúkað af óviðkomandi mónnum án míns leifis; þá Lögfesti jeg hjermeð undirskrifaður Magnús Sigurðarson prestur til nefnds prestakalls, Gilsbakka Kirkju og Staðarland, Eignir og Itók, Hús og Toptir, Garða og Girðingar; Tún og Eingjar; Skóga, haga, og hollt; Alptar-, Lagsa- og Selúngs veiðar, Reka og Eggver, og allar lands [strikað yfir: nitjar] og vatnsnitjar [og vatnsnitjar, úti á spássíu] til fjalls og fjöru, er finnast innann þessara ummerkja. –

Að vestanverðu ráða sjónhendíngum Sljettubakkar hjá Hröinárós við Hvítá í Grástein – Grásteinn í Tvívörður – Tvívörður í Víðirlæk – Víðirlækur uppá Brún og á Hvammsvatn – síðan lækur sá, er rennur úr Hvammsvatni ofan í Kjarará. – Firi norðan Kjarará ræður sjónhendíngum Fiskilækur beint ifir Sandin – Dalverpi, sem gánga fram eptir bak við Sandin í Hvítulækjartjarnir, úr Hvítutjörnum norður eptir Smátjörnum sjónhendíng firi norðan Lángavatn öístur í Hvannstóð hið mikla, úr Hva[nn]stóði mikla suður eptir Urðhæðum í Urðarvatn og það[an] að Úlfsvatni; síðan ræður Úlfsvatnsá í Grunnuvötn, úr Grunnuvötnum, Lambá og Skammá, sem rennur úr Hólmavatni.

[...]

Veiði að helfíngi í Úlfsvatni; og í Lángá, Skammá: í Úlfsvatná, Austurlæk, og Flóðlæk – sem nú kallast Gilsbakka á – öll Grunnuvotn og í Lambá, allt ofan til Kjarar á; Firibíð ég hjer með hverjum manni allar Lands og vatnsnitjar, sem frekast má að lögum og undir laga ákjæru innamn tjeðra takmarka [innann-takmarka] nema mitt sje lof og leifi til; vonandi so gott til allra, að þeir vilji ekki verða fundnir að að vilja brúka annarra einsog sitt – heldur gegni þessari minni lögfestu, sem bigd er á Rje[tt]indum kirk<j>unnar eptir Máldögum hennar og skrám.

Þessu til frekari staðfestíngar er mitt undirskrifað nafn og Signeti.

Gilsbakka í Hvítársíðu 16da d. Maí m. 1848 Magnús Sigurðarson

Þessi Lögfesta er upplesin og bókuð fyrir manntals þíngs rjetti ad Sámstóðum, 18 Mai 1848 og var henni af eingum manni móti mælt. Vitnar M.Gíslason constit.

¹⁹⁰ Skjal nr. 4(49).

Borgað 36 þrjátíu og sex skildíngum

silfurs MG¹⁹¹

Í vitnisburði frá árinu 1850 um heiðarland Gilsbakkakirkju fyrir norðan Kjarará segir:

Hvad Gilsbacka kyrkju heidarland snertir, þa hefi ég heirt bædi Sr Hjört Sal Jonsson Seigia, og adra fra því eg var barn (en aungvan maldaga hef eg sied) ad kyrkjan ætti and nordur á móti Stadarbacka og Núpskyrkjum, en hvad langt vestur veit eg ei, En austur vid móti Kalmanstúngulandi. Kollstodum 19 Januar 1850 Hjálmar Þorsteinsson.¹⁹²

Í vísitásiubók Hannesar biskups Finnssonar 1780–1788 segir:

Gilsbacke

Anno 1783 dag 15 Augusti visiterade Biskupenn Hannes Finnsson Kyrkiuna ad Gilsbacka. Hún á Heimaland alt med gögnum og giædumm, Skóg i Husafellshraun, allann Hagagard, og allt uppá mille Hvítár og Kaldár, alt upp til götu þeirrar er liggur frá Húsafelle og til Tungu hinnar litlu uppe hiá Amóte, þetta effter Gísla Biskups Máldaga. Enn nu nockratíd hefur hún alleina hallded Skógnumm fyrer nedann Hagagard. Hún á Skóg allann fyrer nordann Fliot, þad er fellur næst Tungu og upp ad Háahraune gagnvart Seliatúngu, sem effter Stadarhalldaranns Underrettingu, nú kallast Smiduiás; Veide i Ulfsvatne ad helmínge og i Langá, Skammá, Ulfsvatnsá og Flódlæk, og i austurlæk. Flódlækur kallast nu Gilsbackaá, öll Grunnvötn, og Lambá allt ofann til Kiararár, Gasatiarner fyrer hedann Lambá, og öll Vötn vestur þadann, Kvíslavötn og Reidartiörn og allar þær Tiarner, er þangad falla læker úr. [...] ¹⁹³

Í vísitásiubók Hannesar biskups Finnssonar og Geirs Vídalín um Vestfirðinga- og Sunnlendingafjórðung 1790–1800 og Steingríms biskups Jónssonar 1826–1827 segir:

Gilsbacki í Mýra Sýslu

Anno 1827, þann 1ta Augusti, visiteradi, biskupinn yfir Islandi Steingrimur Jónsson kyrkjuna ad Gilsbacka; Hún á Heimaland alt med gögnum og giædum, Skóg í Húsafellshraun allann Hagagard, og alt uppá milli Hvítár og Kaldár, alt upp til Götu þeirrar er liggur frá Húsafelli og til Túngu hinnar Litlu, uppí hiá Amóti; Þetta eptir Gísla biskups máldaga. Enn nú nockra Tíd, hefir hún alleina haldid Skógnum fyrir nedan Hagagard, hún á Skóg allann fyrir nordan Fliót, þad er fellur nærst Túngu, og upp ad háa Hrauni, gagnvart Seljatúngu, sem eptir Stadarhaldarans Undirréttíngu kallast Smiduiás. Veidi í

¹⁹¹ Skjal nr. 2(74) a-b.

¹⁹² Skjal nr. 2(78).

¹⁹³ Skjal nr. 2(105) a-b.

Úlfsvatni að Helmíngi og í Langá, Skammá, Úlfvatnsá, og Flóðlæk, og í Austurlæk, Flóðlækur, kallast nú Gilsbackaá, öll Grunnvötn og Lambá, allt ofan til Kjararár, Gásatjarnir fyrir hédan Lambá, og öll Vötn vestur þadann, Qvísavötn og Reidartiörn, og allar þær Tiarner er Þángað falla Lækir úr; - [...]¹⁹⁴

Landamerkjabréf „prestssætursins Gilsbakka í Hvítársíðu í Mýrasýslu“ var útbúið 20. ágúst 1889 og því var þinglýst 18. maí 1904. Þar segir m.a.:

Samkvæmt Vilchins og Gíslamáldögum á Gilsbakkakirkja heimaland allt og Lambatungur.

[...]

Frá austurenda Úrðhæðarvatns beygjast merkin suður og liggja suður í vesturenda Úlfsvatni. Frá Úlfsvatni ræður Úlfvatnsá í Grunnvötn. Frá Grunnvötnum ræður Lambá ofan til Skammár, þá Skammá þangað sem hún fellur úr Hólmavatni.

[...]

5. Hálfá veiði í Úlfsvatni, Langá, Skammá, Úlfvatnsá, Flóðlæk og Austurlæk.¹⁹⁵

Magnús Andrjesson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af J. Tómassyni oddvita Stafholtstungnahrepps og Eggerti Sigurðssyni oddvita Þverárhlíðarhrepps vegna Þverárréttarafréttarlands, Nikulás Gíslasyni fyrir Hálsahrepp og Reykholtaldshrepp, Guðmundi Guðmundssyni fyrir Sámstaði, Stefáni Ólafssyni vegna Kalmannstungu, Þorbirni Sveinbjarnarsyni og Einari Magnússyni oddvita Reykholtaldshrepps sem samþykktu fyrir afréttarland Borgfirðinga, Jóni Pálssyni fyrir Fljótstungu, Benjamín Jónssyni fyrir Hallkelsstaði, Jóhannesi Benjamínssyni, Guðmundi Helgasyni presti í Reykholti sem samþykkti merkin gagnvart Hraunási og Jóni Magnússyni sem samþykkti fyrir Stóraáss og Þorvaldsstaðalönd.

Í *Árbók Ferðafélags Íslands*, frá árinu 2004, segir m.a. um Gilsbakka:

Gilsbakkakirkja átti ýmis ítök, skógarhögg í Hagaskógi á Húsafelli, veiðiútök upp um allar heiðar (m.a. hálfá veiði í Úlfsvatni), laxveiði í Kjarará og laxveiði undir fossinum Glanna í Norðurá o.fl.¹⁹⁶

Þann 21. júlí 1891 leigði Magnús Andrjesson prestur á Gilsbakka, Hálsasveit og Reykholtaldshreppi, heiðarland Gilsbakkakirkju Lambatungur. Í leigusamningnum er getið um merki hins leigða lands ásamt skilmálum samningsins:

¹⁹⁴ Skjal nr. 2(106) a-b.

¹⁹⁵ Skjal nr. 2(5).

¹⁹⁶ *Árbók Ferðafélags Íslands*, Borgarfjarðarhérað milli Mýra og Hafnarfjalla, 2004, eftir Freysteinn Sigurðsson, bls. 209–211.

Magnús Andrjesson prófastur, sóknarprestur að Gilsbakka í Hvítársíður gjöri kunnugt, að jeg upp á vonanlegt samþykki stipsyfirvaldanna leigi hreppsþjelögum Hálsasveitar og Reykholtisdalshrepps í Borgarfjarðarsýslu heiðarland Gilsbakkakirkju, það er Lambatungur nefnist, liggur í Mýrasýslu, og hefur þessi ummerki: að norðanverðu ræður merkjum Kjarará, Skjaldtjarnarkvísl, Skjaldtjarnartjörn, Kvíslavatnslækur, Kvíslavatn, Urðhæðavatnslækur og Urðhæðavatn. Frá austurenda Urðhæðavatns beygist merkjalínan í suður og liggur suður í vesturenda Úlfsvatns og ræður sú lína merkjum að austanverðu. Að sunnan og vestan ræður merkjum: Frá Úlfsvatni Úlfsvatnsá í Grunnuvötn, þá Grunnuvötn til Lambár og síðan Lambá, þar til hún fellur saman við Kjarará. [...]

Gilsbakka í Hvítársíðu 21. júlí 1891

Magnús Andrésson¹⁹⁷

Þann 15. apríl 1912 seldi Magnús Andrésson á Gilsbakka fjallandið Lambatungur. Kaupendur voru hreppsfélög Hvítársíðu-, Þverárhlíðar-, Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppa fyrir upprekstrarfélag Þverárréttar. Afsal var gefið út 15. maí 1913. Í kaupsamningnum koma fram merki hins selda lands ásamt skilmálum:

Að norðanverðu ræður merkjum Kjarará, Skjaldtjarnarkvísl, Skjaldtjarnartjörn, Kvíslavatnslækur, Urðhæðavatnslækur og Urðhæðavatn. Frá austurenda Urðhæðavatns beygist merkjalínan í suður og liggur í vesturenda Úlfsvatns, og ræður sú lína merkjum að austanverðu. Að sunnan og vestan ræður frá Úlfsvatni Úlfsvatnsá í Grunnuvötn, þá Grunnuvötn til Lambár, og síðan Lambá þar til, er hún fellur saman við Kjarará.

[...]

Gjört að Sámsstöðum 15. apríl 1912

Magnús Andrésson

Ólafur Erlendsson

Brandur Daníelsson¹⁹⁸

¹⁹⁷

¹⁹⁸ Skjal nr. 4(82).

5.4 Þorvaldsstaðir

Í fúgetareikningum á Bessastöðum 1548–1549 um konungstekjur af leigum, landskyldum og skreiðarhaldi eru Þorvaldsstaðir sagðir vera konungsjörð.¹⁹⁹

Hið sama er að segja um afgangsríkninga Kristjáns skrifara og sjávarútgerðarbók sama frá því um 1550.²⁰⁰

Ennfremur eru Þorvaldsstaðir sagðir vera konungsjörð í fúgetareikningi um konungstekjur af leigum, landskyldum og skreiðarhaldi Jónsmessna á milli, dags. 24. júní 1552.²⁰¹

Í umfjöllun um Þorvaldsstaði í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* segir m.a.:

Afrjett engin, og gánga lömb og geldfe í heimalandi.²⁰²

Í *Jarðatali Johnsens* frá 1847 eru Þorvaldsstaðir metnir 16 hundruð að dýrleika.

Í jarðamati Mýrasýslu frá árinu 1849–50, kemur fram að Þorvaldsstaðir séu bændaeygn, metin á 440 ríkisbankadali.²⁰³

Í jarðamatinu sem birtist í *Nýrri jarðabók fyrir Ísland* árið 1861 voru Þorvaldsstaðir metnir 11,5 ný hundruð en 12 forn.²⁰⁴

Í ódagsettu landamerkjabréfi Þorvaldsstaða, sem þinglýst var árið 1889, segir:

Landamerki fyrir Þorvaldsstöðum eru þessi, að ~~austan~~ vestan[vestan, ofan línu]verðu ræður Merkjagil í Þrætutunguskarð, þaðan sjónhendingu upp Tunguna í stein á heiðarbrúninni, frá steininum í vörðu þá er stendur í Steinastíg þaðan ræður bein lína í Skammárós. Þá ræður Skammá þar til hún fellur í Lambá, síðan ræður Lambá til Grunnuvatna, en þaðan vötnin í Úlfsvatnsárlón, þaðan ræður bein stefna í Lm. stein, frá steininum bein stefna eftir vötnunum í Þorvaldslækjarás, úr því ræður lækurinn þar til hann fellur í Litlafljót, síðan ræður fljótið móts við áður nefnt merkjagil.

Magnús Jónsson (eigandi)

Samþykkir fyrir hönd hreppafélaganna í Reykhólts- og Hálsahreppum.

Einar Magnússon.

Þorsteinn Magnússon

oddviti

(oddviti)

Með þeirri athugasemd, að varða sú í Steinastíg, sem nefnd er í Landamerkjaskránni, á að liggja í þeirri beinu línu, sem liggur frá Heiðarstapa í Skammárós, undirskrifar sem samþykkur Magnús Andrésson,

¹⁹⁹ Skjal nr. 2(50).

²⁰⁰ Skjal nr. 2(51).

²⁰¹ Skjal nr. 2(52).

²⁰² *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 262.

²⁰³ Skjal nr. 2(122) a-b.

²⁰⁴ Skjal nr. 4(13).

Gilbakkastaðarhaldari Jón Pálsson umráðamaður Fljótstungunnar Benjamín Jónsson, umráðamaður Hallkelsstaða.

Lesið á manntalsþingi að Sámsstöðum 20. maí 1889, og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu n° 93.

Sigurður Þórðarson²⁰⁵

Fyrir liggur kaupsamningur, dags. 10. júní 1913, og afsal, dags. 4. janúar 1914, þar sem Hálsa- og Reykholtisdalshreppum er seld spilda af Þorvaldsstöðum. Landamerkjum er lýst. Í skjalinu segir:

Vjer, sem ritum nöfn okkar hjer undir, jeg, Jón Magnússon bóndi í Stóra Ási í Hálsahreppi sem seljandi og við Bjarni Daðason bóndi á Uppsölum í sama hreppi og Einar Pálsson prestur í Reykholti í Reykholtisdalshreppi sem oddvitar nefndra hreppsfjelaga og kaupendur fyrir þeirra hönd, gjörum hjer með svofelldan

Kaupsamning:

1. Jeg Jón Magnússon sel Hálsahreppi og Reykholtisdalshreppi spildu af landi eignarjarðar minnar Þorvaldsstaða í Hvítársíðuhreppi austan við tún úr Árnesgili þar sem það kemur í Litla-Fljót og sjónhending í Skammárós þar sem hún fellur í Lambá og að öðru leyti með ummerkjum samkvæmt landamerkjabryjfi Þorvaldsstaða dags þinglýstu 20. maí 1889 sem N° 93 í landamerkjabók Mýrasýslu.²⁰⁶
2. Sú kvöð fylgir sölu landspildu þessarar af minni hendi að jeg áskil að ábúandi Þorvaldsstaða hafi, ef hann vill, frían upprekstur í landið fyrir sinn fjenað, án þess að greiða hagatoll, en sje þá líka fjallskilaskyldur eptir fjárfjölda móts við aðra notendur afrjettar Borgfirðinga á Arnarvatnsheiði. Að öðru leyti eru engar nytjar landsins undanskildar í sölunni. –
3. Kaupverðið er 700 – sjö hundruð krónur er greiðist í peningum fyrir næstkomandi Jónsmessu, að 1/3 af Hálsahreppi og að 2/3 af Reykholtisdalshreppi. –
4. Á landinu liggja engar skuldir eða höpt, sem kaupi þessu sje til fyrirstöðu, og Hvítársíðuhreppur hefur sleppt forkaupsrjetti.
5. Kostnað þann, sem leiðir af kaupgjörningi þessum, greiði kaupendur, en jeg svara til lagariptinga.
6. Við undirskrifaðir Bjarni Daðason og Einar Pálsson sem kaupendur göngum að framangreindum skilmálum.
7. Frumrit samnings ~~skal~~ þessa skal fengið oddvita Reykholtisdalshrepps til varðveislu, en seljanda staðfest eptirrit af honum.

²⁰⁵ Skjal nr. 4(54).

²⁰⁶ Orðunum: „þinglýstu 20. maí 1889 sem N° 93 í landamerkjabók Mýrasýslu“, hefur verið bætt inn í textann.

Gjört að Stóra Ási 10. júní 1913.

Vitundarvottar:	Jón Magnússon
Nikulás Gíslason	Bjarni Daðason
Sigurður Bjarnason	Einar Pálsson
Mjer greitt:	
29. júní 1913 frá Reykholtisdalshreppi	kr. 466,67
s.d. frá Hálsahreppi – – –	95,00
23. nóv. 1913 eptirstöðvar frá Hálsahreppi	<u>kr. 138,33</u>

Með því að hið umsamda kaupverð kr. 700,00 – sjö hundruð krónur, er mjer þannig að fullu greitt, þá afsala jeg hjer með Reykholtisdals- og Hálsahreppum frá mjer og mínum erfingjum framannefnda spildu af landi eignarjarðar minnar Þorvaldsstaða í Hvítársíðuhreppi með þar tilgreindum skilmálum.

Kaupendur halda kaupi sínu til laga, en jeg svara til lagariptinga.

Til staðfestu rita jeg nafn mitt hjer undir í viðurvist tveggja vitundarvotta

Stóra Ási 4. jan. 1914

Jón Magnússon

Vitundarvottar
Nikulás Gíslason
Jóhannes Jóhannesson

Fyrirfram innritað 6. ágúst 1914 til þinglýsingar á næsta manntalsþingi (Lfr. N.N°144).

[...]

Loks kemur fram að skjalinu hafi verið þinglýst á manntalsþingi á Sámsstöðum 8. júní 1915.²⁰⁷

Í kaflanum um Þorvaldsstaði í fasteignamati Borgarfjarðarsýslu 1916 segir m.a:

Önnur mannvirki eru: [...] vírgirðing millum afréttarlands og heimalands sem er rúml. 4 ½ km að lengd [...].

[...]

jörðin á upprekstrarrétt í sameiginlegum hreppsafrétti, torfrista nothæf og nokkur silungsveiði.²⁰⁸

²⁰⁷ Skjal nr. 4(64).

Landamerkjabréf Þorvaldsstaða á Hvítársíðu var útbúið 1. febrúar 1923 og því var þinglýst 28. júní sama ár:

Að vestanverðu ræður Merkjagil í Þrætutungusporð þaðan sjónhending upp Tunguna í stein á heiðarbrúninni, frá steininum í vörðu þá er stendur á Sveinstíg. Þaðan ræður bein lína í Skammárós þá ræður Skammá þar til hún fellur í Lambá, Þaðan er svo bein lína í suður í Árneshól, sem svo ræður þar til það fellur í Litlafljót að sunnanverðu ræður svo Litlafljót á móts við áðurnefnt Merkjagil. Lönd þessara jarða liggja að Þorvaldsstaðalandi. Að sunnan Fljótstunguland að vestan Hallkelsstaða að norðan Gilsbakkaland að austan afrjettarland Borgfirðinga.²⁰⁹

Kolbeinn Guðmundsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Sigríði og Guðrúnu Magnúsdætrum fyrir Gilsbakka, Jóhannesi Benjamínssyni og Níkhildi Erlingsdóttir fyrir Hallkelsstaði, Jóni Pálssyni og Bergþóri Jónssyni fyrir Fljótstungu og Þorsteini Þorsteinssyni oddvita Hálsahrepps og Jóni Hannessyni oddvita Reykholtshrepps vegna afréttar Hálssveitunga og Reykdælinga.

Í ritinu *Byggðir Borgarfjarðar*, III. bindi, er fjallað um Þorvaldsstaði. Þar segir m.a.:

PORVALDSSTAÐIR/ ÞORVARÐSSTAÐIR. Land jarðarinnar, um 2250 ha, er á Þorvaldsstaðadal norðan Litlafljóts og hálsinum norðvestan dalsins og hallar þaðan lítilega í átt til Hólmavatnsdals og Hólmavatns og liggur að norðausturhorni Hólmavatns og Skammá.

[...]

Þorvaldsstaðaland var miklu stærra, náði fram að Arnarsteini við Grunnuvötn á Tvídægru, en 1913 seldi þáverandi eigandi norðausturhluta landsins Reykholtalds- og Hálsahreppum, sem hafa nýtt það sem afrétt. Að Þorvaldsstöðum liggja Hallkelsstaðir að vestan, Gilsbakki norðvestan, heiðarland hreppanna norðaustan og Fljótstunga suðaustan, handan Litlafljóts. Jarðarinnar er getið í Landnámu og fornsögum í sambandi við Hellismenn. 1709 er hún konungseign, talin 16 hundruð.²¹⁰

5.4.1 Aðliggjandi og tengd svæði

5.4.1.1 Arnarvatnsheiði

Sjá kafla 5.3.

5.4.1.2 Gilsbakki og Lambatungur

Landamerkjabréf „prestssætursins Gilsbakka í Hvítársíðu í Mýrasýslu“ var útbúið 20. ágúst 1889 og því var þinglýst 18. maí 1904. Þar segir m.a.:

²⁰⁸ Skjal nr. 2(10).

²⁰⁹ Skjal nr. 2(6).

²¹⁰ Byggðir Borgarfjarðar, III. bindi. Búnaðarsamband Borgarfjarðar, 1993. Bls. 40.

Samkvæmt Vilchins og Gíslamáldögum á Gilsbakkakirkja heimaland alt og Lambatungur.

[...]

Frá austurenda Urðhæðarvatns beygjast merkin suður og liggja suður í vesturenda Úlfsvatn. Frá Úlfsvatni ræður Úlfsvatnsá í Grunnuvötn. Frá Grunnuvötnum ræður Lambá ofan til Skammár, þá Skammá þangað sem hún fellur úr Hólmavatni.

[...]

5. Hálfá veiði í Úlfsvatni, Langá, Skammá, Úlfvatnsá, Flóðlæk og Austurlæk.²¹¹

Magnús Andrjesson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af J. Tómassyni oddvita Stafholtstungnahrepps og Eggerti Sigurðssyni oddvita Þverárhlíðarhrepps vegna Þverárréttarafréttarlands, Nikulás Gíslasyni fyrir Hálsahrepp og Reykholtdalshrepp, Guðmundi Guðmundssyni fyrir Sámstaði, Stefáni Ólafssyni vegna Kalmannstungu, Þorbirni Sveinbjarnarsyni og Einari Magnússyni oddvita Reykholtdalshrepps sem samþykktu fyrir afréttarland Borgfirðinga, Jóni Pálssyni fyrir Fljótstungu, Benjamín Jónssyni fyrir Hallkelsstaði, Jóhannesi Benjamínssyni, Guðmundi Helgasyni presti í Reykholti sem samþykkti merkin gagnvart Hraunási og Jóni Magnússyni sem samþykkti fyrir Stóraáss og Þorvaldsstaðalönd.

Sjá nánar kafla 5.3.1.3.

5.4.1.3 Fljótstunga

Landamerkjabréf Fljótstungu var útbúið 11. júní 1889 og það var þinglesið 16. maí 1890. Þar segir:

Að sunnanverðu ræður Norðlingafljót (Suðurfljót), miður farvegur, frá Háahrauni gegnt Smiðjugili, og ræður fljótið fram að læk þeim, sem fellur ofan eftir Stórlág nokkru fyrir vestan Kleppa, en rjett fyrir framan Köstin. Frá fljótinu ræður lækur þessi upp hlíðina og beint upp í stein stóran neðarlega á mel, sem liggur milli þeirra tveggja lækjardraga, er fyrnefndur lækur myndast af. Úr steininum ræður sjónhending í hánorður upp í klett (hinn vestri af tveimur) og þaðan áfram í sömu átt í annan klett (einnig hinn vestri af tveimur), og þaðan ílítið til austurs upp í Axlarþúfu og þaðan bein sjónhending í Þorvaldslæk, þar sem hann fellur í Litlafljót. Þaðan ræður Litlafljót miður farvegur, alt niður að Fótafljóti (Fljótamótum) milli Hallkelsstaða og Kolsstaða, þaðan sjónhending þvert yfir hraunið í Háahraun og sú lína áfram að Norðlingafljóti gegnt Smiðjugili. Alt það land, vötn og skógar og hvað annað, sem takmarkast af framannefndum merkjum, skal hjer eftir um aldur og æfi heyra til Fljótstungu til allrar notkunar og eignar. En af

²¹¹ Skjal nr. 2(5).

Því að nokkur hluti lands þessa hefir verið þrætuland móts við Kalmannstungu er það unnið til samkomulags, að eigandi Fljótstungu borgar á þessu ári eiganda Kalmannstungu 100 - eitt hundrað – krónur í peningum. Fljótstunga hefir um aldur og æfi Lambhólma í Norðlingafljóti og alla aðra hólma á Fljótinu á tilteknu svæði, nema Stokkflöt, sem skal vera eign Kalmannstungu. Enginn á ítak í framangreinda landeign Fljótstunga og hún ekki heldur íannara lönd.²¹²

Magnús Andrjesson og Jón Pálsson ábúandi skrifuðu undir bréfið fyrir hönd Þórarins Böðvarssonar prófests á Görðum eiganda Fljótstungu. Bréfið var samþykkt fyrir Kalmannstungu af St. Ólafssyni eiganda jarðarinnar og Ólafi Stefánssyni ábúanda þar. Fyrir neðan undirskriftir þeirra stendur:

Framanskrifaðar 100 (eitt hundrað) krónur hefir Magnús prófastur Andrjesson á Gilsbakka borgað mjer fyrir hönd eiganda Fljótstungunnar og er þannig hinum framanskraðu landa-merkjasamning fullnægt mjer til handa.

Undir þetta skrifaði St. Ólafsson á Kalmannstungu þann 5. júlí 1889. Landamerkjabréf Fljótstungu var líka samþykkt af S. Sigurðssyni ábúanda Þorvaldsstaða vegna jarðarinnar, Benjamín Jónssyni ábúanda og meðeiganda Hallkelsstaða vegna þeirrar jarðar og Magnúsi Andrjessyni vegna Kolsstaða.

Sjá nánar kafla 5.3.1.2.

5.5 Geitland

Getið er um Geitland í Landnámu.²¹³ Um landnám þar segir:

Úlfr, sonur Gríms ens háleyska ok Svanlaugar, dóttur Þórmóðar af Akranesi, systur Bersa, hann nam land milli Hvítár ok suðrjökla ok bjó í Geitlandi.²¹⁴

Þess er einnig getið í Landnámu Úlfrur hafi verið faðir Hrólfs í Geitlandi.²¹⁵

Reykholts (Reykjaholts) er einnig getið í Landnámu.²¹⁶ Þar segir meðal annars frá því að Tungu-Oddur hafi farið frá húsi til laugar í Reykjaholt, sem og að þar hafi sauðahús hans verið.²¹⁷

Í Hungurvöku, nánar tiltekið í þætti um Ísleif biskup, er getið um Geitland. Þar segir:

Gizurr inn hvíti átti þrjár konur. Fyrst átti hann Halldóru, dóttur Hrólfs úr Geitlandi. Þeira dóttir var Vilborg, er átti Hjalti Skeggjason.²¹⁸

²¹² Skjal nr. 2(4).

²¹³ Skjal nr. 4(66).

²¹⁴ Skjal nr. 4(66).

²¹⁵ Íslensk fornrit. Íslendingabók – Landnámabók. Hið íslenska fornritafélag, 1986, bls. 70–71.

²¹⁶ Skjal nr. 4(66).

²¹⁷ Skjal nr. 4(66).

²¹⁸ „Hungurvaka.“ *Byskupa sögur*, I. Reykjavík 1948, bls. 3.

Í máldaga kirkjunnar í Reykholti (Reykjaholti), er Þorlákur biskup Þórhallsson setti um 1185,²¹⁹ kemur m.a. fram að kirkjan eigi „Geitland með skógi“. Þar segir orðrétt:

Til kirkio ligr i ra7kiaholte heimaland með ollom lands nytiom | þar fylgia kyr tottogo. griþungr tuevetr. XXX. a. oc hundraþ. | þar ligr til fim hluter. Grimsar alrar en þrir huerfa undan. nema | þat es [ec] mun nu telia. þat es hlaupa garþr alr. oc þrir hluter arenar fyr | norþan miþberg. en fiorgongren huerfr fra. þar fylger oc | fiorþongr haorgs hylar siþan es settungr es af teken oc ostemma | at rauða vats ose. þar fylgia hestar þrir enge verre an XIII aurar. | þar huerfr oc til selfor i kior með óveþe þeirre es þar fylger at | helfninge oc afretr a hrutafiarþar heþe. oc itoc þau es hun a. i faxa | dal. oc geitland með scoge. Scogr i sandale niþr fra selakkagile umb | scala tofst. gengr mark fyr neþan or steinom þeim es heita klofningar | þeir standa við sandals o. ok þar up a fiallsbrun. þar fulger oc scogr | i þuerarliþ at við a til sels. torfscurþr i steinþors stapa land. Salds | sæþe niþr fort..²²⁰

Reykjaholtskirkju (Reykholtskirkju), er getið í skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi, frá því um 1200.²²¹

Í máldaga Reykjaholtskirkju í Borgarfirði (Reykholtskirkju) sem ársettur er árið 1224, kemur fram að kirkjan eigi „Geitland með skógi. Þar segir orðrétt:

[...] þar hverfr oc til sel for j kior með a væiði er þar fylgir at helmingi og | afreit at rutafiarðar heiði. oc itok þau er hun a j faxadal. oc geitland með skogi. Skogr j sand dale niðr fra skalsca gile vm skala toft gengr mark fyrir neðan vr steinum þeim er heita klofningar. þeir standa við sand dals a oc þar vpp a fialls brun. þar fylgir oc skogr j þverar lið at við a til sels. torf skurðr j steindors staða land.“²²²

Í máldaga kirkjunnar í Reykholti, er Gyrðir biskup Ívarsson setti árið 1358, kemur fram að kirkjan eigi Geitland allt með skógi. Þar segir orðrétt:

²¹⁹ Í Íslensku fornbréfasafni koma eftirfarandi skýringar fram sem m.a. varða aldur elsta hluta Reykholtsmáldaga: „Máldagi þessi verður prentaðr í safni þessu í heilu lagi við árið 1224, og mun eg þar skýra ítarlegar frá honum, en eg get hér þess að eins, að eptir því sem eg kemst næst þá er hann í þremr köflum, og er sinn kaflinn ritaðr á hverjum tíma. Leiði eg þetta bæði af efni máldagans sjálfs, og af ritshætti þeim sem á honum er, og tel eg fyrsta kaflann ritaðan ekki síðar en á dögum Þorláks biskups, og tek til 1185, það ár sem Páll prestur Sölvason andaðist og Magnús prestur sonr hans tók við. Þeir feðgar voru báðir hinir mestu vinir Þorláks biskups. Annar kaflinn er eflaust ritaðr þegar Snorri Sturluson tók við Reykjaholti af Magnúsi presti (um 1207), og hinn þriði [svo] ekki fyr en 1224 um haustið, þegar Snorri gekk að eiga Hallveigu Ormsdóttur, og Ingibjörg dóttir hans var gipt Gizuri Þorvaldssyni.“

Vegna meðferðar máls þessa aflaði óbyggðanefnd upplýsinga um Reykholtsmáldaga hjá Guðvarði Má Gunnlaugssyni, sérfræðingi hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, en hann gaf m.a. Reykholtsmáldaga út hjá Snorrastofu og Reykholtskirkju árið 2000. Í svörum hans kemur fram að hann telji að máldaginn kuni að hafa verið ritaður fyrir, þ.e. einhvern tímann á árunum 1130–1150.

²²⁰ Skjal nr. 2(22).

²²¹ Skjal nr. 2(147).

²²² Skjal nr. 2(23).

[...]ad hun ä heimalannd allt. breidabolzstadi báda. nordurreyki. häf. hæginnði. kiolvararstadi. hrijs hälf. gejtland allt. með skogi. peturz skog j nordárdal millum stackagils oc klofasteina. selfor j kjorr með skogi. afreit a rutafiardarheidi. torfskurd j steinþorsstada lande. tueggia mänada beit j faxadal. vndir ýtra felli a stronndum halfann vidreka oc þridiung hualreka oc halft landid vr jnnra felli fiordunng hualreka og slijkt j ägoda sem vndir ytra felli. þridiung huortt..²²³

Í Vilchinsmáldaga fyrir Reykholtskirkju, frá árinu 1397, kemur fram að kirkjan eigi Geitland allt með skógi, Þar segir orðrétt:

Pieturskirkia j Reykiahollti a Heimaland allt. Breidabolstade báda.

Nordur reyki. Häf. Hæginde. Kiolvararstadi. Hrijs half. Geitland alltt með skogi. Pietursskog j Nordurardal millum Slakkagils oc Klofa. Selför i Kiör með skoge. Afriett æ Hrutafiardarheidi. torfskurd j Steinþorsstada jord. tueggia manada beit i Faxadal. [...] ²²⁴

Í máldaga kirkjunnar í Reykjaholti (Reykholti), er Magnús biskup Eyjólfsson setti henni árið 1478, kemur fram að kirkjan eigi Geitland allt með skógi. Þar segir orðrétt:

Peturskirkia j reykiahollte a heimalannd allt. hofstade. grijmstade nordurreyke. Breidamolstade báda. kopareyke. hraunsás. häf. hægennde. kioluararstade. hrijs half. Geittlannd allt með skoge. peturs skog j nordrardal j millum slackagilz oc klofa. selfor j kior með skogie. afrett a hrutafiardarheide. torfskurd j steinþorsstada jord. ij manada beit j faxadal. [...] ²²⁵

Í máldaga Gísla biskups Jónssonar fyrir Reykholtskirkju, frá því um 1570, kemur fram að kirkjan eigi Geitland allt með skógi. Þar segir orðrétt:

Kirkian i ReijkiaHollte ä heimaland alltt. Jtem Breijdabolstad.

Nordur Reijke. Kialvarastade. Kopareijker. Grijmstade. Hofstade. Hraunzäs.

Geijtland alltt með skoge. Pieturzskög i Nordurárdal. millum Slackagils og Klofa.

Selfaur i Kiaur með skoge.

afriett i Hrutafiardar Heide.

torfskurd. i Steindorsstada Jaurdu.

tueggia mänadabeit i Faxadal. ²²⁶

Þann 15. maí 1596, að Lundi í Lundarreykjadal, var kveðinn upp dómur um upprekstur Reykholtskirkju í Geitland en séra Böðvar Jónsson í Reykholti hafði óskað dóms um mál þetta vegna ólöglegra rekstra eða eins og segir í dómnum:

²²³ Skjal nr. 2(24).

²²⁴ Skjal nr. 2(25).

²²⁵ Skjal nr. 2(26).

²²⁶ Skjal nr. 2(27).

[...] til að skoda og rannsaka og fullnádardoms atkvæde á að leggja vinnu þá mál sem sera Bodvar Jonsson Beneficiator í Reykiahollte beiddist dómis á. vinnu þann ólöglega rekstur sem hann tæde oss með sannindum að hafður hafde vered í kyrckiuunnar land í Reykiahollte. er Geitland heiter. og nu að vorre sýn og heirn laugdo þeir Þorvalldur Arnason og sagður Sera Bodvar Jonsson sig viliuglega til laga vinnu þann oleyfdann rekstur sem greindur Þorvalldur reked hefde í nefndt Geitland. í ordlofe Einars Asmundssonar enn oleyfe Sera Bodvars Jonssonar. nu með þui að suo votta vor gomul jslenssk log. í fyrstu Landsleigu Bælke xlvj. Eige eiga menn að lofa afrett nema jtala se. jtem ef sumer lofa enn sumer ecke þa take þeir er ei lofa slíjkt grasverd. sem menn meta. og fullt landnam með. ef maður rekur eða reka lætur fie sitt í afriett utañ ordlofs. Þui í Guds (og) h(eilags) anda nafne Amen. að svo profudu. og fyrer oss komnu. leitst oss þá Geitland sem maldæginn helldur og leiged hefur under Reikhollts kyrckio xx ár eður xx árum leingur átaululaust. að svo profudu eign Reykiahollts kyrckiu utan so micked jtak sem Einar Asmundsson og hans forelldrar hafa halldid í xx ar eður leingur átolulaust. og huad hann kann með lögum að bevijsa meir eður minna sijna eign vera. Sva og dæmdum vier ongvann mann mega með riettu sier þá land nýta nie beita nema þeirra sie lof og leyfe til sem forrædi hafa kyrckiuunar í Reikiahollti. og Reykium sem adur er sagt.²²⁷

Í vísitasíu Reykholtskirkju frá 30. júlí 1643 er eigna kirkjunnar getið. Þar kemur fram að biskup óski þess af Jóni Böðvarssyni að hann afli „skjallegra vitnisburða um landamerke stadarens og Jardanna...“. Þar segir:

In Nomine Domini Amen Prima Visitatio iterata

30 Julij [1643] visiterud Soknen I Reykhollte effter ordinantionne. Reyndest I hæffelegann mäta Sijdan amint til Christelegs lærdoms og liffnadar etc. Þar næst þá I firre Visitatiu gleimdist nu Innteiknad so mikid sem ä vard minst ä þennann hätt.

Peturs kirckia I Reykhollte ä heimaland allt. Oskar Biskupenn aff S. Jöne Boduarssyne Skjallegra Vitnessburda um landamerke stadarens og Jardanna effter eignar eða heffdarvitnum að til Skalholltz sendast mættu Innann 12 Manada sijdan Innfærast I Mäldaga. Jarðer a kirckian þær er vppteiknadar voru allar ätolulausar Jaffnvel hraunsäs er þä var skriffadur [yfirstrikað: að fornu fare So hun ä hann lijka að fornu og nyu, enn] vmm Fell Skal effter Mäldögum Wilchins og herra Gijsla Jönssonar so skriffa, Vnder Ytra Felle ä ströndum halfann vidreka (og Þridiung hualreka Vilchin) og halfft Landed vnder Innra Felle. Fiördung hualreka og slíjkt agöda sem Vnder ytra Felle Þridiung huort. I Byrgiss vijk fiördung I hualreka. A Munadar nese Fiördung hualreka, að Kambe fiördung I hualreka. Framar effter neffndum Mäldögum ä hun Geitland allt með sköge, Pietursskög i Norduraardal millum Slackagilz

²²⁷ Skjal nr. 2(21).

og Kloffa. Selfór i Kiór med Sköge. Afrett I hrutafiardar heide. Torffskurd I Steinþorstada Jórdu tueggia Mánada beit I Faxadal.²²⁸

Í vitnisburði um Geitland frá árinu 1663, sem kemur til að beiðni biskups, segir:

Vitnisburdur Godra manna Vm geitland og þess Vmmer[ke.] Vottum vier underskrifader menn ad ei hofum annat heyr (skialligar) enn allt land millum Geitär og Huytär hafe Geitlan[d] kallad og hallded vered J næstu Umlidenn tuttugu är, edur huo[rt] leingur huor eirn af oss til man og til Vitad hefur: Suo og þ[ær] Rietter sem i nefndu lande standa (J huorium ä haustum [Rie]ttad hefur vered) almennelega Vid Geitland kiendar Vere[d] og Geitland Rietter nefndar. Ofanskrifadann Vitnisburd stadfesta underskrifud nofn huor utgefinn Anno 1663. Vnder hafa skrifad, og syn nofn hafa Vnderskrifad Lated þesser menn sumer skrifad sialfer med eigin handskrifftum enn sumer handsalad ad nofn sijn skrifa skyllde edur mætti

Eileifur Sueinsson handsalar	Gudmundur Arnason med [eh]
og hefur tilvitad i 40 är	Gudmundur Þorsteinsson m[eh] og
hefe	
Einar Stephansson med eh.	eg til þessa Vitad i [00] samfelld är
Þidrech Arason med eh.	Vigfus Þordarson eh.
Þorsteinn Gudmundsson	Sæmundur Stephansson med [eh]
mijn hond e.	Jon Benedichtsson e.h.
Jon einarsson Elldste handsalade	Sigurdur Halfdanarson handsa[lar]
Þorsteirn Einarsson m:h.	Magnus Olafsson med eh.
Jon einarsson yngre buande a	Jon Brynjulfsson eh.
Kollzstodum handsalade	Jon Indridason m.e.h.
Olafur Helgason handsalade	Jon Arnason meh.
Jon Einarsson e.h.	Olafur Brynjolfsson meh.
Eiofur Eileifsson Eh.	Vermundur Arnason
Jon Petursson handsalade	Runolfur Teitzson meh.
Oddur Halldorsson handsalade	Hromundur Nikulasson han[ds]alade
Philippus Þorbiarnarson hands.	Eirekur Akason handsalade
Hogne Philippisson handsaladj	Audun Lassarison meir enn siótugur
Sueirn Jonsson hand[sa]ladj	madur handsaladj ²²⁹

²²⁸ Skjal nr. 2(80) a-b.

²²⁹ Skjal nr. 2(107) a-b.

Þann 20. maí 1666 gaf Reykholtsprestur út byggingarbréf vegna býlis á Breiðabólstað. Með leigunni fylgdi upprekstur í Geitland. Í skjalinu segir:

Anno 1666 20 May hefe eg Vnderskrifadur Bygdt og heimilad þriä parttar Jardarinnar Breidabolstada Joni Indridasyni með þessum Skylmala að hann ä nefndri Jordu Bue effter sem Log er nu ganga i landi honum tilseigia. Item að hann rækti jord að Husum tunum og eingium effter logum og veniu. Badstofuna byggi að nyum og gagnligum veggium, en vid til hann meðtekur hann ä Jordunni bædi grene og byrcki en þurfi hann af synu nockud tilleggia Grenevid kome til reikningz með ockur. Leiguni suari i riettann tizma. Landskyllid luki i gagnligu gialldi. Hyrdi vel vm sinn kvikfenad og vakti so [strikað yfir: vel] engvum skada giori. Það eg legg til Jardar sem er Lambä og Sandä upprekstur i Geitland Skog til ledeingijngar og prest tyund af Jordu komi jordunni til, husabotar effter sannsyniligu mäle standi þessi byggyng Frä Anno 1666 nu i fardogum til annara fardaga 1667 til merkiz ockar handskrifftir.²³⁰

Í samningi milli séra Halldórs Jónssonar í Reykholti og Sturlureykjamanna um upprekstur í Geitland, dags. 27.10.1666, segir:

Anno 1666 þann 27 8bris [október] að Reykholti giordu effter og Vnderskrifader menn Sra Halldor Jonsson adt Reikholli og Jon Jonsson að Gullberastóðum þann Giordnyng og Sattmäl syn ä millum Vm það tilkall sem Sturlureikja Forsuarmenn og eigendur hafa þottst eiga i kirkiunnar Reikholltz afriett almenniliga Geitland nefnda að þeir bader Sra Halldor Jonsson og Jon Jonsson samþyckiliga vrdu asatter að offtnefndur Jon Jonsson af Sturlu Reykia manna halfu skilide meiga i nefndt Geitland Lamba vprekstur fyrir sig edur sitt bu Her effter arliga hafa huorz uppreksturz Lambatala alldrei skal hærra edur meyr uppstyga enn til tyutygi Lamba a Frafæru til Fiallz reknra. Enn ef so er að Jon Jonsson sialfann ei gyrrir sijn Lomb i nefnda Reikholltzkirkiu afriett að reka, þa vegna einyngar samþyckiz og godrar vinattu Lydur og Leyfir Sra Halldor að offtnefndur Jon Jonsson, þar hann hefur nefndz tilkallz i kyrckiuunnar afriett forrad meigi lata adra menn, buendur sier nalægt, edur i þessari sveit með Lamba upprekstri uppfylla adurgreinda 100 lambatolu, þo með þeim skilmäla að Jon Jonsson þeim manns edur monnum offtnefndz 100 Lamba uppreksturz i sinn stad unne er Sra Halldor vill og samþyckir. Skal þetta Sattmäl so leingi standa sem þeirra Sra Halldors og Jonz sierhuorium semur og þeir færyngarlaust hann halda og einfalldiga än Lógprettz og allrar flækiu skilia að oskierdtum Reikholltz kirkiu maldaga og skiólum sem og Logmætum Sturlureykiamanna bevysingum til tilkallsinz edur Itaksinz ef hier effter frekari finnast, enn uppkomenn eru og auglios ordinn. Þessum framan og ofanskrifudum Giordnyngi Vrdu Vinsamliga samþyckir offtnefnder menn Sra Halldor Jonsson og Jon Jonsson huorium til Stadfestu og Vitnesburdar þeir hier

²³⁰ Skjal nr. 2(125) a-b.

Vnderskrifa Syn nofn med eiginn handskrifftum Actum Die et loco ut supra.²³¹

Í vísitasú- og úttektarbók fyrir Borgarfjarðarprófastsdæmi segir eftirfarandi um úttekt Reykholtskirkju árið 1710:

Registur kyrkna og prestakalla i Þverarþingje sunnan Huijtar þeirra inkomst og Hattalag. Item nófn prestanna er þeim þjóna og af hvorium syna veiting hafe, epter Häyfervalldsins skickun uppteiknad.

[...]

Reikhollt Beneficium

[...]

[Stad]arins tóduvóllur mióg Slæmur, Eingiar Hardar og [lit]lar, Beitiland Hejmastadarins nær þui eckert fyrer utan tun og eingiar, Svo vetur og Sumar verdur kvikfienadi stadarins burtu ad koma, selstódur tvennar badar mióg fiarlægar, laxveidi nockur halfa þingmanna leid fra, Afriett Saudum ä Sumar ä stadurinn fyrer sig og kyrkjunnar Jarðir, Item reka ytok nockur nordur a stróndum, af hvorjum litid, og nær þvj eckert gagn Stadarinn hapt hefur. Sökn mikil, vyda i hana vegur längur og torsoktur fyrer äm og hälsam ä Vetrartymanum, grandar tünum Henar er þau störum skemma, enn eingium ä er ärlega af þeim brytur. Allur addrattur til Stadarins mióg órdugur og torsoktur.

[...]

Þetta framan og ofanskrifad, kyrkna og prestakalla registur i Þverarþingji Sunnann Huijtär, hefe eg med þejrra inkomst og hättaläge uppteiknad, effter prestanna Siälfra tilsofn, til merkis mijn Hond og zignet venjulegt Reikholli d. 1. Aprilis Anno 1710 Hannes Halldorsson LS.²³²

Í sömu heimild segir:

Registur kyrkna og prestakalla i Þverarþingje sunnan Huijtar þeirra inkomst og Hattalag. Item nófn prestanna er þeim þjóna og af hvorium syna veiting hafe, epter Häyfervalldsins skickun uppteiknad.

[...]

Husafell

[...]

²³¹ Skjal nr. 2(108) a-b.

²³² Skjal nr. 2(152) a-b.

Í kafla um kirkjustaðinn Reykholt í Reykholtsdal segir eftirfarandi um Geitland, í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1708:

Geldfjárupprekstur og afrjett á staðurinn á Geitlandi; staðurinn á og afrjett á Hrutafjarðarheiði, og fær hann afrjettartoll af Geitlandi, eitt lamb af rekstri, hvort sem eru fleiri eður færri.²³³

Í óársettri lögfestu fyrir Geitlandi, sem talin er vera frá árinu 1708, segir:

Geitlands lögfesta copie

Jeg Hannes Halldorsson Lógfeste hier i dag Reikholltz kyrkiu land edur afriett er Geitland heiter, og liggur millum Geitár og Huijtár effter þui Sem eg helld og lika halldid hafa mijner formenn og nefndrar Reikhollts kyrkju forsuars menn. Lógfeste eg greint land Geitland allt med skóge, grase, holltum og hædum, og Landsnjtjum óllum þeim er þui lande eigu ad filgia til ydstu ummerkja, fyrerbyd eg hiedan af huorjum manne i ad Vinna, beita bruka edur Sier ad nijta, nema mitt Sie lof eda leifi til, annars ef giórer, /hvad ej vil til geta/ mä Sa hinn Same Vidbuast ad honum med lógum og riette fyrer yfervalldenu Verde til talad, og effter geingid umm þær älogur Sem lóg Seigia þeim a hendur er annra manna lónd afriett edur eigner i öleife bruka. Kunnugier menn munu nærri geta, ad nefndt land, mune ei þola fiollda fiärs än skada og bága, bæde þeirra Sem þad meige med frelsse bruka, Sem og hinna er þui næster büa, hvorra skada eg ej helldur gimnist, þui ordsakast eg ad lyda ej nie leifa fleirum monnum fiärs upprekstur i tytt nefnd land Geitland enn hoflegt er. Oska eg ad goder menn virde ej þessa mina advorun til mispocka, þar tilbærilegt er ad Sierhvór räde þui Sem honum er til umräda Vnt ad gude og hædstnefndri konglegri Majestat. Þessa mijna lögfestu og advorun Vitna eg til Vyrdulegs Syslu mansins Sigurdar Jonssonar og annara erlegra þingmanna er ord mijn hejra.²³⁴

Í kafla um Húsafell á Hvítársíðu, segir eftirfarandi um Geitland, í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1709:

Afrjett á jörðin [Húsafell] öngva, og er geldfje oftast í heimalandi og stundum lömb, en stundum fær presturinn upprekstur fyrir í Kalmanstúngu eður Geitland, fyrir toll meiri eður minni eftir samkomulagi.²³⁵

Í umfjöllun um Geitlandskot á Hvítársíðu, í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1709, er minnst á „landsplássið“ Geitland, sem sagt er liggja á milli Geitár og Hvítár.²³⁶ Þar segir:

²³³ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 231.

²³⁴ Skjal nr. 2(110) a-b.

²³⁵ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 256.

Geitlandskot, fornt eyðiból á landsplátsi því, sem Geitland heitir og liggur á milli Geitár og Hvítár. Þar hefur ei bygð verið í manna minni, feðra þeirra eður föðurfeðra, en ljós sjást hjer byggíngarmerki af tóftarústum og girðíngaleifum Landið á Reykhóltsstaður og brúkar þángað upprekstur fyrir lömb og geldfje. Ekki má hjer bygð reisa fyrir vetrarríki og heyskaparleysi.²³⁷

Í kafla um Kollsstaði á Hvítársíðu, segir eftirfarandi um Geitland, í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* árið 1709:

Afrjett engin, og gengur peníngur stundum í heimalandi, stundum í burt komið á Kalmanstúngu eður Geitland.²³⁸

Þann 3. maí 1709 lögfesti Hannes Halldórsson Reykholt „med kyrkjunnar Heimalondum Jordum eignum og Itökum.“ Þar lögfestir hann jarðir kirkjunnar í 9 töluliðum og þar segir m.a.:

Logfeste eg ädurnefndt Beneficium Reikhollt med Heimalande og ollum nefndum Jórdum, þeirra allra hus, Haga, Hollt, lónd, löder, tódur, eingiar, Sköga, vótn, veidestade og allar eignar og landsnýtiar Sem þeim filger, filgt hefur og filgia ä med riettu til ydstu ummmerkia. Hier med og lika yferllyse eg þessum effter filgiande eignum ytókum Reikhollts kyrkiu og med liku skilyrde logfeste Geitland allt med lande og skoge midlum Geitär og Huýtär, Peturs skög i Nordur är dal i Sanddale, midlum Sclakkagils og Klofa Steina er Standa vid Sanddalsä. Afriett a Hrutafiardar heide, Torfskurd i Steinþorstada Jordu. Selfor i Kiór med sköge, lande og äveide midlum Skialldmeyar gils og Rängargils. Item logfeste eg fimm hlute lasveidar allrar [allrar ofan línu] i laxfosse i Gryms ä, þria hlute ärennar fyr nordan Midberg og fiordung Huors hiliar, Ös Stemmu ad Raudavatnsöse.

[...] ²³⁹

Lögfestan var þinglesin að Búrfelli 3. maí og að Reykholti 4. maí 1709. Þá var hún aftur þinglesin að Búrfelli 5. júní og Reykholti 6. júní 1730.

Í prófastsvísitasíu fyrir Reykholtskirkju frá árinu 1720 er getið um jarðir og ítök kirkjunnar. Þar segir m.a.:

Nomine Domine Amen. Visitatio Kyrkna i Borgarfyrde ad Sunnann Anno 1720.

[...]

Reikhollt Beneficium

²³⁶ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 258.

²³⁷ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 258.

²³⁸ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 263.

²³⁹ Skjal nr. 2(111) a-b.

Kyrkian að Reikholte á eftir maldögum þessar Jarðer og Itók, Hofstade, Breidabólstade, Grijmstade, Kopareiki, Kjalvarastade, Nordurreiki Hraunsäs, Hryís half og Bolastade halfa. Tveggja manada beit í Faxadal, selfór í Kiór með Skogie og äveidi, Fimm hluti Grymsär [strikað yfir orð] í Laxfosse, þria hluti ärennar fyrer nordan Midberg, fiordung Haurgs hiliar, Össtemu að Raudavatnsöse, Geitland allt, afriett á Hrutafiardarheidi, Pietursskö í Sanddal Torskurð í Steinþorstodum Litlafell í Eyde, fiordung hvalreka, á Munadarnese, Kambe og Byrgesvyk.

[...] ²⁴⁰

Í vísitasíu Reykholtskirkju frá 22. júní 1725 er getið um eignir kirkjunnar. Þar segir m.a.

Reykholt

Peturs kirkia að Reykholte, ä eftir mäldögum heimaland allt, þessar Jarðer, Hofstade Landskulld 1 hndr., Breidabolsstad Landskulld 1 hndr., Grymstade, Landskulld 1 hndr., Kjalvararstade, Landskulld 90 äl., Köpareike, Landskulld 90 äl. Nordurreike, Landskulld 60 al., Hraunsäs, Landskulld 1 hndr., Litlafell í Trekillersvyk, nu í Eide, hálfa Bolastade, Landsk. 20 al., Hälff Hryís, mötz við Bæar kirkiu, Landsk. 20 äl. Eftter Wilchins, Gysla Biskups Jönssonar Mäldögum, og enn þä eftter enn vigtugre mäldaga ærid gömlum, sem liggur ä kirkiunne í Reykholte, skrifadur ä membrana, (hvorn Veledla Assessor Arne Magnusson hefur läted ä Pappyr, accurate utcopera, og Stadfest, með sinu eigenn underskrifudu nafne, og annara Forstandugra manna, hvort Apographum og so liggur ä kirkiunne) ä Hun (kyrkiann í Reikhollte) Geitland allt með Sköge, Petursskög í Nordurárdal, millum Sklachagils og Kolfa, Selfór í Kiór, með Sköge, afrett í Hrutafiardarheide, torfskurð í Steindorstada Jórdu, tveggja Mänadabeit í Faxadal, Item under ytrafelle ä Stróndum hälfann vidreka, og hälfitt land under Innrafelle, fiördung í Hvalreka, og slikt í ägöda sem under ytra Felle, þridiung hvórt, ä Munadar Nese fiördung í Hvalreka í byrgesvyk, fiördung í Hvalreka, að Kambe fiördung í hvalreka, fimm hlute grymsär, enn þeir hverfa undann.

[...]

ad Reykhollte þann 22. Juny, Anno 1725.

[...] ²⁴¹

Þann 9. júní 1732 fór fram úttekt á stað og kirkju í Reykholti. Þar segir m.a:

Úttekt Kyrkiunnar og Stadarens í Reikhollte

Anno 1732 d. 9 Junij afhentu Profastarner Velehruverduger Sr Jon Halldorsson Elldre og Sr Torfe Halldorsson kyrkiuna og Stadenn í Reikhollte fyrer Hónd Erfingia Sins Sal. Brödurs Profastsens Sr Hannesar Halldorssonar

²⁴⁰ Skjal nr. 2(134) a-b.

²⁴¹ Skjal nr. 2(82) a-b.

nu hiä Gude hvjlanda; Enn Profasturenn velehrunsdigur Sr Finnur Jonsson Vidtök effter Sýnu Collationisbrefe, fanst hvórttveggia So ä sig komed sem effterfilger.

1° Kyrkiann ad Reikhollte ä effter mäldógumm, Heimaland allt; Þessar jarder: Hofstade, Breidaboolsstad, Grymstade, Kialvararstade, Köpareike, NordurReike, Hraunsaas, Litlafell i Trekillersvök, Halfa Bolastade, Half Hrj's motz vid Baiarkyrkiu; Hun ä Geitland allt med Sköge, Petursskög i Norduraärdal, millumm Sklachagils og Klofa, Selfór i Kiór med Sköge, afRett i Hrutafiardarheide, Torfskurd i Steindorsstada Jórdu, tveggia manada beit i faxadal, item under Itra felle ä Stróndum halfann VidReka og halft Land under innra Felle, fiordung i Hvalreka og Slikt i Agöda Sem under Itra Felle, þridiung hvórt, ä Munadarnese fiordung i hvalreka, i Birgesvyk fiordung i Hvalreka, ad Kambe fiördung i Hvalreka, fimm hluta Grymsaar, enn þrj'r hverfa undann:

[...] ²⁴²

Þann 20. maí 1739 lögfesti Finnur Jónsson staðinn Reykholt með eftirskrifuðum Reykholtskirkju „heimalóndúm, utlondúm, eýgnum og ítökum“. Þar lögfestir hann jarðir kirkjunnar í 7 töluliðum og þar segir m.a.:

6° Lögfeste eg Geitland eign Reykhollts kirkiu, sem er land allt mille Geitár og Hvítár. 7° Lögfeste eg hálfa jordena hrýsa i Flökadal, [...]

Þá segir einnig:

8. Logfeste eg þessar eignar og ítök Reikholltskirkiu. Tveggia mänada beit ollum peninge i faxadal, þöreyartungur og Saudatungur, selfór i kiór med lande ollu og skögie mille Skialldmeyargils og rängärgils med halfre á veide a mots vid Sydumula. Petursskög i Sanddal mille Slackagils og klofa. Afriett a hrutafiardarheyde, torfskurd i Steinþorsstadaiórdu, fim hlute veydar i allre Gymsaa en þrj'r hverfa frá hlaupagard og þriä hlute arenar fyrer nordan midberg en fiördunguren hverfurf frá, fiördung hörhyliar og össtemu ä Reydavatnsöse.

[...] ²⁴³

Lögfestan var upplestin fyrir rétti að Reykholti 21. maí 1739 og aftur að Búrfelli og Reykholti vorið 1743.

Í vísitasíu Reykholtskirkju frá 12. ágúst 1751 er getið um eignir kirkjunnar. Þar segir m.a.:

Anno 1751 þann 12 Augusti Visiterud kyrkiann ad Reykhollte af Biskupenum Hr Olafe Gislasyne hun ä heimaland allt, Item þessar Jarder, Hofstade, Breidabolstade, Grimsstade, Kialvararstade, Köpareyke, Nordurreyke, Hraunsäs, Bolastade hálfa, halft Hrís möts vid Bæarkyrkiu, Effter Vilchins,

²⁴² Skjal nr. 2(83) a-b.

²⁴³ Skjal nr. 2(11).

Gisla Biskups Jonssonar mældógum, og enn þá effter æred gómlum Maldaga sem liggur á Kyrkiunne, Skrifadur á membrana og af Sal. Assessor Arna Magnussyne accuraté ut coperudum á pappir, á Geitland allt med Sköge, Peturs-Skög i Nordurárdal, millum Sclackagils og Klofa, Selfór i Kiór med Sköge, og äreide, Afrett i Hrutafiardarheide, Torfskurd i Steindorsstada Jórdu, sem Stadarhalldarinn, Velæruverdugur Pröfasturinn Sr Finnur Jonsson, seiger nu sie því nær urgeingenn og litt brukande; Kyrkiann á tveggia mänada beit i Faxadal, Item under Ytrafelle á Stróndum hálfann vidreka, og halft land under Innra Felle, fiórdung i Hvalreka og slikt i ägöda, sem under Ytra Felle Þridiung hvórt; Þvi henne er eignad og so Litla Fell i Trekillersvijk bæde effter gómlum og nýum Visitatium. Hun á Fiórdung i Hvalreka á Munadarnese, i Birgesvijk Fiórdung i Hvalreka, ad Kambe Fiórdung i Hvalrekam Fimm Hlute Grimsär, Enn þrir hverfa undan.

[...] ²⁴⁴

Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson, skrifa m.a. eftirfarandi um ferð þeirra á Geitlandsjökul árið 1753:

Við lögðum af stað úr Reykholsdal í ferð okkar á Geitlandsjökul 9. ágúst. Tilgangur ferðar okkar var ekki sá að leita nýrra héraða með ókunnum íbúum, en það gera staðhættir allir næstum ókleyft. Heldur var það æltun okkar að rannsaka jökul með athygli, svo að við gætum aflað fræðslu um eðli og uppruna þessara lítt kunnu náttúruundra, sem jöklar eru. ²⁴⁵

[...]

Árið 1664 tókust tveir prestar á hendur að skoða Geitlandsjökul og freista að finna *Þórisdal*. Annar þeirra var síra Stefán Björnsson á Snæfuglsstöðum í Grímsnesi í Árnessýslu, en hinn var mágur hans, síra Helgi Grímsson á Húsafelli, prestsetri nálægt Geitlöndum. Við höfum kynnt okkur ferðasögu þeirra, sem rituð er af mikilli mærð, en af því, sem við síðar sáum, komumst við að raun um, að rétt er þar frá skýrt. Þeir fengu bezta veður og komu undir kveldið að dal einum miklum í jöklinum. Hann var svo djúpur, að þeir fengu eigi greint, hvort hann væri grasi gróinn. Hlíðarnar voru svo brattar, að þeir komust ekki niður í hann og sneru því aftur. ²⁴⁶

[...]

Geitlandsjökull er mjög kunnur meðal landsmanna. Ekki á hann þó frægð sína að þakka fannbreiðunum né því, að hann er langhæstur allra fjalla um þessar slóðir, heldur stafar frægð hans af munnmælasögnum um, að í honum sé dalur, mikill og grösugur. Dalur þessi er sagður byggður. Íbúar hans, sem lifa af sauðfjárrækt, eru niðjar útlægra illvikra og útilegumanna, sem í fornöld

²⁴⁴ Skjal nr. 2(84) a-b.

²⁴⁵ *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752–1757*, I. bls. 57.

²⁴⁶ *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752–1757*, I. bls. 57.

kölluðust *skógarmenn*. *Grettis saga* 50. kap. gefur tilefni sagna þessarar, enda þótt hún sé ekki laus við þjóðsögur. Þar segir, að Grettir hefði vetursetu í dal þessum. [...] Dalurinn var grösugur og víða skógi vaxinn, og margt var þar sauðfjár, sem var óvenjulega vænt. [...] Einkum er skýrt frá stórvöxnum, ómörkuðum kindum, sem fundist hafa í Geitlöndum og taldar voru komnar úr *Áradal*, en svo er dalurinn almennt nefndur nú.²⁴⁷

[...]

[10. ágúst] Undir hádegi létti þokunni, og við lögðum af stað frá *Kalmanstungu*, þar sem við höfðum gist um nóttina. Sá bær er í Mýrasýslu og liggur nálægt 3 mílum frá jöklinum. Leið okkar lá til suðausturs yfir *Geitland*, sem er afréttur. Fyrrum var byggð í Geitlandi, og sjást enn nokkrar bæjarrústir þar og í grendinni. Fénaður sá, er þar gengur, verður mjög vænn, og vel mætti reisa þar byggð að nýju, ef bændurinar vildu missa afrétt sinn. Geitá rennur hér um, og hvervettna er hér smávaxið birkikjarr allt upp að fjallsrótum.²⁴⁸

[...]

Geitland og Kalmanstunga: Af stefnu hraunrennslisins sést, að það hefir komið upp í Geitlandsjökli eða fjöllum, sem liggja að baki hans. Síðan hefur hraunflóðið runnið milli jökulsins og fjalls, er Eiríksgnípa heitir. Þar hefir það klofnað í tvær álmur. Önnur þeirra hefir fallið hinum megin við Kalmanstungu og yfir Geitlönd niður að Húsafellsskógi, en hin álman hefir fallið til vesturs niður að Hvítaá og Hvítársíðu. Allt svæðið er einkennileg umbylt. [...] Á enn öðrum stöðum eru stórar sprungur, holur og hvelfingar í klettana. Þrjár þeirra eru miklu mestar, og liggja þær um fjórðung mílu vestur frá Surtshelli. Hin fyrsta þeirra kallast *Víðgeymir* sakir stærðar sinnar. Önnur heitir *Fornuréttir*. Nafnið er af því dregið, að þar hefir þótt hagkvæmast að geyma afréttarfé fyrrum. Hellirinn er langur og eins konar milligerð í honum með dyrum á. Féð var rekið inn í gegnum þær, og er talið, að innri hellishlutinn rúmi nokkur þúsund fjár.²⁴⁹

Í vísitásiu Reykholtskirkju frá 7. september 1759 er getið um eignir kirkjunnar.

Þar segir m.a.:

Borgar Fiardar Sysla

Reikiahollt

Anno 1759 þann 7 Septembris Visiterud Kyrkian at Reikahollte. Hun a Heimaland allt. Item Þessar Jarðer, Hofstade, Breidabolstade, Grimsstade, Kialvararstade, KöpaReike, NordurReike, Hraunsäs, Bolastade halfa, Hälf Hry's möts vid Bæar Kyrkiu; Effter Vilchins, Gisla Biskups Jonssonar

²⁴⁷ *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757*, I. bls. 56-57.

²⁴⁸ *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757*, I. bls. 59.

²⁴⁹ *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757*, I. bls. 162-163.

Máldögum, og enn þá eftir æred gömlum Maldaga sem liggur á Kyrkiunne skrifudum á Membrana og af Sál. Assessor Arna Magnússýne accurate utcooperudum á Kyrkiann Geitland allt með Sköge Peturs Skög I Nordurárdal millum Slackagils og Klofa Selför I Kior með Sköge, og áveide. Afriett í Hruta Fiardar Heide, Torfskurð í Steindorsstada Jórdu, tveggja Manada beit í Faxadal. Ítem under Itrafelle á Ströndum Halfan VidReka, og hálf Land under Innrafelli. Fiördung í HvalReka, og Slikt í Ágöda sem under Itrafelle. So og liggur Amptmanns og Biskups ásamt bestu Manna Dómur á Kyrkiunne, Geingenn að Þingvelli þann 15 Júlí 1757, sem seiger að Kyrkiann skule eiga 2 hndr. í Minnafelle, og Rekaann fyrir báðum Jördunum. Nefnelega Stærra og Minnafelli, sovidt Vilchins Maldage uppa hliðdar. Hun á fiördung HvalReka á MundadarNese; í Byrgisvök. Fiördung í HvalReka, að Kambe Fiördung í HvalReka. 5 Hlute Grimsár, En 3 hverfa undann.

[...] ²⁵⁰

Í vísitasíu Reykholtskirkju frá 12. júní 1781 er getið um eignir kirkjunnar. Þar segir m.a.:

Anno 1781 d. 12 Junii visiterade Biskupenn Hannes Finnsson Kyrkiuna að Reikhollte, hun á Heimaland allt, ítem þessar Jarðer Hoffstade, Breidabólstade, Grimsstade, Kjalvararstade, Kópareike, Nordurreike, Hraunssás, Bolastade halfa, hálf Hryðs móts við Bæar Kyrkiu; Eftir Vilchins Gísla Biskups Jonssonar Máldögum, og enn þá eftir æred gömlum Maldaga sem liggur á Kyrkiunne skrifudum á membrana og Sál. Assessor Arna Magnússýne accurate utcooperadum, á Kyrkiann Geitland allt með Skögie, Peturs Skög í Nordurárdal millum Slackagils og Klofa, Selför í Kior með Skögie og Áveide. Afrett í Hrutafiardar Heide, Torfskurð í Steindorsstada Jórdu, tveggja Mánada beit í Faxadal, ítem under ytra Felle á Ströndum hálfann Vidreka, og halft Land under innra Felle. Fiördung í Hvalreka og slikt í Ágöda sem under ytra Felle. So og liggur Amtm: og Biskups ásamt bestu manna Dómur á Kyrkiunne geingenn að Þingvelli þann 15 Júlí 1757 sem seiger að Kyrkiann skule eiga 2 hndr. í Minnafelle og Reka fyrir báðum Jördunum nefnel. Stærra og Minnafelle sovidt Vilchins Maldage uppáhliðdar, hun á Fiördung Hvalreka á Mundadarnese, í Birgersvik Fiördung í Hvalreka, að Kambe Fiördung í Hvalreka, 5 Hlute Grimsár enn 3 hverfa undann.

[...] ²⁵¹

Þann 6. júní 1783 fór fram úttekt á stað og kirkju í Reykholti. Þar segir m.a.:

Stand og asigkomulag Kyrkiunnar að Reikhollte með hennar ornamentis og Utensiliis eignum og Itokum Þegar Vyrðuglegur Hofdingsmann mr. Jon Olafsson hana afhendte til Velæruverdugs kennemannsens Sra Eyriks

²⁵⁰ Skjal nr. 2(85) a-b.

²⁵¹ Skjal nr. 2(86) a-b.

Vigfussonar sem nu er til þess sama Stadar Collationeradur Anno 1783 d. 6 Junii.

[...]

3. beheldur kyrkian ollu sinu Jardargodse eignum og itokum sem ritad finast i hennar maldogum

[...]

Item á Kyrkian Geitland Petursskog i Nordurárdal millum Slackagils og Klofa, selfor i Kiör med Skoge og Arreide, Afrette i Hrutafiardaheyde, Torfskurd i Steindorsstadalande, Under Itrafelle á Strondum hálfan Vidreka og halft Land under Innrafelle so og liggur Amtmans og Biskups asamt bestu manna dome a kyrkiunne geingenn ad Þingvellle þann 15 Julii 1757 er seiger ad kyrkiann skule eiga 2 hndr. i mina Felle og Rekan fyrer badum Jordunum neml. Stæra og mina Felle so vidt Vilchins máldage uppahlodar, Hun a Fiördung i Hvalreka a Munadarnesi, i Birke nesi Fiördung i Hvalreka ad Kambe Fiordung i Hvalreka 5 Hlute veidar Grímsár nu 3 hverfa, item tveggia mánada beit i Faxadal,

[...] ²⁵²

Í jarðamati Mýrasýslu frá árinu 1804, í kafla um Húsafell, segir að Geitland sé eign kirkjunnar í Reykholti og að þar hafi hugsanlega verið búið á öldum áður fyrr:

Der i mod er Geitland en her i nærheden beliggende og kirken paa Reikholt tilhørende Ödestrækning skov og græsgang, af dette navn, hvor mueligen selvstændig Jord kunde være beboet i de aller ældste Tider. ²⁵³

Í vísitasíubók Hannesar biskups Finnssonar og Geirs Vídalín um Vestfirðinga- og Sunnlendingafjórðung 1790–1800 og Steingríms biskups Jónssonar 1826–1827 segir:

Reykiaholts Kyrkja

Anno 1827, þann 31ta Julii, visiteraði Biskupinn yfir Islandi, Steingrímur Jónsson Kyrkiuna ad Reijkjahollte i Reykjaholtsdal. – Hún á Heimaland alt, item þessar Jardir: Hofstadi, Breidabolsstadi, Grímsstadi, Kjalvararstadi, Kópareyki, Nordur Reiki, Hraunsás, Bolastadi hálf, hálf Hrí, móts vid Bæjar kyrkiu, efter Wilchins – Gísla Biskups Jónssonar máldögum, og ennþá, eptir ærid gömlum Máldaga, sem liggur á kyrkiunni, skrifadur á Membrana, og Sál: Assessor Árna Magnússyni accurate útcoperudum, á kyrkian Geitland alt med Skógi, Petursskóg i Nordurardal i millum Slakkagils og Klofa. Selför i Kjör, med Skógi og áveidi. Afrétt i Hrutafiardarheidi Torfskurd i Steindorsstada Jördu, 2ia Mánada beit i Faxadal; item undir Ytrafelli á Ströndum hálfan Reka vidar og hálf land undir Innrafelli; Fjórdung i Hvalreka og slíkt i agóda sem undir Ytrafelli, svo og liggur amtmanns og

²⁵² Skjal nr. 2(123) a-b.

²⁵³ Skjal nr. 2(9).

Biskups ásamt bestu manna Dómur á kyrkiunni genginn ad Þingvelli, þann 15da Julii 1757, sem segir, ad kyrkian skuli ega 2 hndr. i Minnafelli, og Reka fyreir báðum Jördunum, nl: Stærra- og Minna-felli, sovidt Wilchins máldagi uppáhlióðar. Hún a Fiórdung Hvalreka á Munadarnesi; I Byrgisviík Fjórdúng i Hvalreka, ad Kambi Fjórdúng i Hvalreka; 5 Hluta Grímsár, enn 3 hverfa undan.

[...]

Þessi eru Landmerki milli Reykholtskyrkiu-Eigna og annara Landa er á móti þeim liggja 1° Heimastadurinn og Háfskots Land, samt Jarðirnar Breidabolstadir, Grimstadir og Nordurreykir, liggjandi innann þessara merkia: ad austanverdu millum Úlfstada og Breidabólstada rædur Gardlag það, sem er i mýrinni fyrir nordan Úlfstadasýki, úr Gardsendanum sydri, yfir Sýkid og móann, Þvert austanverdt vid þær gömlu Réttir og svo sudurí Reykiadalsá, enn úr nýrdri Enda Gardsins, uppí Stein þann er stendur á Holtinu, og Sjónhending úr hönum nordur í Vatnid, svo þvert nordur í Landbrotid, sem kallast Raudilækur, sídan rædur þetta Landbrot, svoleingi sem það rennur til austurs og nordurs til þess það fellur af til Utsudurs; Þadan er Sjónhending í Stórugröf, hvöred rædur úr því, og lækur sá sem eptir henni fellur framí Hvítá. – Enn ad vestanverdu, millum Skáneyar og þessara Jarda, rædur Gróf edur Melaskard það sem er rétt nordur og nidur, undan Hestaklett, úr henni og í, nefndann Hestaklett, úr Klettnum Sjónhending sudurá Fjall, í Klett þann, er næst stendur fyrir austan Diupadal, úr hönum og í vördu þá, sem stendur fyrir austan Reinissteck, Þadan er Sjónhending í Endann a Svartabacka fyrir nedan Kjelvararstadi. 2° Jarðirnar: Kélvarastadir, Kópareykir og Hægindisland: Ad vestanverdu rædur Hverar Lækur, milli Snældubeinsstada og Kjelvarastada, nordurí Reykiadalsá úr Læknum Sjónhending sudurí Fjallid, upp midjar Giljatúngur, og í Stein þann, sem er nordantil vid Sandhóla þá sem eru á Hálsinum; - Enn á milli Vilmundarstada og Hægindis sem er Stadarins Heimaland, eru þessi merki: Lág sú, sem er vestan Kotmelinn, úr henni Sjónhending fyrir austan býrgid, uppí Hnúk þann edur hæd, sem stendur uppá Fjallinu nordanverdu, úr hönum uppá Fjallsbrún og suduraf; sídan rædur vestureptir sem Vötnum hallar. – 3° milli Hofstada og Uppsala, eru Landamerki, Klettur á Fjallsbrún kalladur Hrossaklettur úr hönum beint í Þúfustædi á Melunum, úr því í Reykjadalsá, géngt Dýgi því sem er undir Búrfells túni, úr fyrnefndum Hrossaklett, vestur eptir Hálsinum, eptir því sem vötnum hallar, og i Klett þann sem stendur í milli Úlfstada Tjarna úr klettinum yfir midja Trústadi, og svo beint ofan í Reykjadalsá, á móts vid Farvegin. 4° Hraunsás, med öllu því Landi og Skógi sem er á milli Ássgils og Deildargils, eptir því sem þau nú renna og runnid hafa í manna minnum frá Hvítá og sudur á Fjall. 5° Bolastadir, sem hálf er Eign kyrkiunnar í Reykholti, innan þessara merkja: úr Litlu Skálar Skurdi í Giæsirstjarna Holt, enn þaðann í Stein þann, er stendur nidurí Hlíðinni, og beint frammí Hvítá, en eptir Há Hálsinum í Stóruskál og Diupadal, sídann í Skurd þann, er fellur milli

Refstada og Bolastada. 6° Geitland, eign Reykholtskyrkiu, sem er land allt milli Geitár og Hvítár. 7° Hálf Jörðin Hrísar í Flókadal, í millum hennar og Háls Jarðar, rædur Raudi lækur, uppí Grændali hina efri, og nordan Þadan í Steina þá, er standa á Saur-vetna-holti, sem nú kallast Klofasteinar. 8° Landa merkia Itaksins á Kjörinni eru: Rángárgil, og Skjaldmeyjargil. – Þetta eru Landa merkin, er skrifad eptir Lögfestu biskups Dr. Finns Jónssonar af 20 Maji 1739, fyrir Stadnum Reykholti og Reykholts kyrkiu Heimalöndum og Utlöndum.

[...] ²⁵⁴

Þann 27. apríl 1837 lögfesti Þorsteinn Helgason sóknarprestur að Reykholti allar eignir og ítök Reykholtskirkju innan Mýrasýslu. Lögfestan hljóðar svo:

Eg Þorsteinn Helgason Sóknarprestur að Reykholti og Stóra Ási í Borgarfirði og Beneficiatus Reykholtsstaðar og kalls – Lögfesti hérmeð í dag téds kalls jarðir, eignir og ítök liggjandi innan Mýrasýslu:

1. Húsafellsstað innan Stórás-sóknar, en Hvítársíðuhrepps og Mýrasýslu, sem til kalls er lagdur í Reykholti með Kónsbréfi af 21. aug. 1812 með þessum landamerkjum, Hvítá rædur að nordan allt að Ámóti, þá Geitá að austan og til Landsudurs, svo langt sem hagar taka, síðan vestur með Oki allt í Deildargil.
2. Geitland innan sama Bygdarlags, sem er Land allt millum Geitár og Hvítár.
3. Selför í Kjör, með landi ollu og skógi milli Skjaldmeyjargils og Rángargils, og á veidi að hálfu móts við Síðumúla í Kjarará fyrir þessu Landi og einkum í Hnitbjörg.
4. Pétursskóg í Norðurárdal í Sanddali, millum Slakka<gils> og Klofa, <skemmd í skjali> fyrir nedan úr steinum þeim, er heita Klofníngar; þeir standa við Sanddalsá, <og þar> uppá fjallsbrún, og þar með skóg í Þverárhlið að vida til Sels.
5. Loksins Lögfesti eg einnig Húsafellsstaðar veidi ítök, nefnilega: Cecilíuvík á Arnarvatni stóra norður á Arnarvatnsheiði og tveggja manna ífar í allar Gilsbakka veiðar, svoframt Reykholts og Gilsbakkastaða-höldurum kemur saman um sá fyrri njóti þessa fyrir Húsafellsjörð móti því að ^{[h]inn} sidari hafi þar fyrir Skógarhögg í Hagaskógnum á Húsafelli eins og Lengi verid hefir.

Lögfesti eg ofanefndur Reykholts Prestakalls jarðir, eignir og ítök innan Mýrasýslu, sem og hús og haga er þar til heyra, Land og Ládis, todur og engjar, hris og skóga, vötn og veidistadi og allar Landsnytjar, hvorju nafni sem heita kunna, eptir því sem framtalid er að fylgir og fylgt hefir og með réttu fylgja þer; Lögfesti eg að ordfullu og Lögmali réttu, og Bygi þessa mína Lögfestu á eldgömlum máldögum kyrkjunnar, gömlum og nýum

²⁵⁴ Skjal nr. 2(87) a-b.

vitnisburdabréfum, Lögfestum formanna minna í kallinu og vanalegri brúkun, fyrirbýd eg einum og sérhverjum að brúka eða sér að nýta nokkuð af þessu, nema þeir hafi lof og Leyfi til, er stað heldur í Reykholti, leggjandi við allar þær sektir, er lög framast leyfa ef móti er giört, en tilbýd þeim Laga atgjördir í frammi að hafa, er af þessari minni Logfestu vanhaldin þykist. Framanskrifadri Lögtekiu til staðfestu er mitt undirsett n<afn> og signet.

Reykholti dag 28⁷ aprílis 1837.

P. Helgason

[síðuskipti]

Upplesid og protocollerad fyrir manntalsþingsrétti að Nordtungu þann 27^{da} april 1837; - og framkomu engin motmæli –

Testerar E. Sverrisson

gratis²⁵⁵

Þann 18. maí 1837 lögfesti Þorsteinn Helgason sóknarprestur að Reykholti staðinn Reykholt með eftirnefndum kirkjunnar „heimalöndum, kirkjujörðum, útlöndum, eignum, ítökum og landsnytjum.“ Þar lögfestir hann jarðir kirkjunnar í 8 töluliðum og þar segir m.a.:

7. Lögfesti eg Geitland innan sömu herada, eign Reykholtskyrkju, er það land allt millum Geitár og Hvítár.

8. Lögfesti eg Kyrkjujördina Hríis í Flókadál, sem hálf er eign Reykholtskirkju [...].

Þá segir einnig:

9. Loksins lögfesti eptirfylgiandi útlönd egnir og ítök kyrkunnar í Reikholti. Tveggja mánadabeit öllum peningi í faxadal er kyrkjan á í sínu Og Bæjarkyrkju landi að Hrísum, þá Saudatungur og Þóreyartungur allar; en það eru Þóreyartungur, er liggja millum Sandfellskvísla, framum Sandfell, og framí Saudabrekku fyrir vestan Fantófell og að Flókadalsá á norðurhlid; en milli Saudatúngu og Hrísalands, er kvísl sú er áður var getid. Þá lögfesti eg og einnig land við Reidarvatn austan frá drángshlid og útundir Fossárflóa. Þarnaerst lögfesti eg selför í kjör með landi öllu og skógi millum Skjaldmeyargils og Rángargils og veidi að hálfu mótsvid Síðumúla í Kjarará fyrir því landi og einkum í Hnitb[jörg] og þar með skóg í Þverárlid að vidi til sels. Þá Petursskóg j Sanddal [í Nordur]árdal millum Slakkagils og Klofa; gengur mark fyrir nedan úr steinum þeim er heita Klofníngar; þeir standa við Sanddalsá, og það uppá fjallsbrún. afrétt á Hrutafjardarheidi. [afrétt á Hrutafjardarheidi ofan línu] þá torfskurd í Steinþórsstadalandi og sáldssædi nidur fært.

²⁵⁵ Skjal nr. 2(12).

Þá lögfesti eg og einnig fimm hluti allrar veidi í Grímsá í borgarfirði, en þrír hlutir heyra öðrum til; nema að því leiti er nú skal telja: Reikholt á allan hlaupagard, þar er nú kallast Streingir og 3 hluti árinna og veidar fyrir nordan Midberg, en það er myrkhylur, er nú kallast, en fjórdúng veidar í honum eiga adrir. Þá á og kyrkjan að eins fjórdúng veidar í Hörgshyl og enn á hún alla ósstemmu að Reidarvatnsósi, er eg einnig hérmed lögfesti.

Ennfremur lögfesti eg Reikholtskyrkju undir Felli ytra á Ströndum norður þridjúng hvalreka og hálfan vidreka; og land hálfu undir innra Felli 2 hndr. að dylreika, ítem þridjúng hvalreka og líkt í ágóða, sem undir ytra Felli; á Munadarnesi fjórdúng hvalreka, að Kambi fjórdúng hvalreka, í byrgisvík fjórdúng hvalreka.

Að sídustu lögfesti eg og einnig Húsafellsjardar veidiítök: nefnilega: Ceciliuvík á Arnarvatnsheidi á Arnarvatni stóra og tveggja manna ífar í allar Gilsbakka veidar, svoframt Reykholt og Gilsbakka stadahöldurum kemur saman herum; njóti sá enn fyrri þessa móti því, að enn sídari hafi þar fyrir skógarhögg í hagaskógum að Húsafelli, eins og áður var.

Lögfesti eg fyrrgreindan stad Reykholt með hérað framantöldum löndum, heimalöndum, kyrkjujörðum, útlöndum, eignum, ítökum og landsnytjum, ásamt allri eigninni fylgjandi 6 kýr og 19 ásaudarkúgylði, sem og allra þeirra jarda hús og haga, lönd og lódir, tödur og eingjar, hrís og skóga, vötn og veidistadi, reka og allan ágóða, hverju nafni sem heita kann, eptir því sem framtalid er að fylgi, fylgt hefur og með réttu fylgja ber, og byggi sérhvört ord og grein þessarar lögfestu minnar á eldgömlum máldögum kyrkjunnar, gömlum og nýum vitnisburdabréfum og lögfestum formanna minna í kallinu. Lögfesti eg að ordfullu og lögmáli réttu; fyrirbyð eg einum og sérhverjum að brúka eða sér að nota nokkud af þessu, nema þess hafi lof eða leyfi, er stad heldur í Reykholti; og einkum tilnefni eg hér fjall-land Reykholtstadar, Þóreyar- og Saudatúngur, og það land, sem þar er á fjalli uppi. Fyrirbyð eg nálægra sveita bændum og innbúum, að reka þángad hross sin eða fé, nema mitt sé leyfi til, leggjandi vid allar þær sektir, er lög framast leyfa, ef hér á móti er gjört, en tilbýð þeim lagaatgjördir í frammi að hafa á lögligum stad og tíma, er af þessari minni lögfestu þykist vanhaldinn sé sá nokkur.²⁵⁶

Lögfestan var upplestin í manntalsþingsrétti að Heggstöðum þann 19. maí 1837, að Lundi þann 20, Sturlureykjum þann 22. og að Hofstöðum þann 23. sama mánaðar. Henni var mótmælt á Lundarþingi af prestinum séra B. E. Guðmundssyni vegna Þóreyjartungna.

Um afréttarlönd í Reykholt- og Stóra-Ássóknnum segir eftirfarandi í sóknalýsingu séra Jónasar Jónssonar, frá árinu 1842:

32. *Afréttir.* Enga hafa þessar sóknir almenninga eða afréttarlönd nema ef telja skal Geitland er liggur undir Reykholtskirkju en þar það er lítið graslendi

²⁵⁶ Skjal nr. 2(148).

í því og þessvegna ekki nema fyrir 3–400 fjár og vatn ekki nema í vatnsföllum þeim er takmörkum þess ráða tíðka menn þar ekki upprekstur heldur kaupa hann flestir úr þessum sóknum á Húsafelli og eru þar engin afréttarlönd heldur víðlendir búfjárhagar.

Réttir voru fyrr meir í Geitlandi og kallaðar Geitlandsréttir, þær eru nú aflagðar. Á Húsafelli eru réttir hvar Húsafellsmenn draga fé sitt úr en síðan er safnið rekið að rétt þeirri sem stendur við Rauðsgil vestanvert [...].²⁵⁷

Um Geitland og önnur ítök Reykholtskirkju segir eftirfarandi í sóknalýsingu séra Jónasar Jónssonar í Reykholti, frá árinu 1842:

Eftir Vilchins og Gísla biskups Jónssonar máldögum samt ærið gömlum máldaga á membrana (nm.: hér átt við Reykholtsmáldaga) á Reykholtskirkja þessi ítök: Geitland allt með skógi sem er land allt milli Hvítár og Geitár, Pétursskóg í Sanddali í Norðurárdal milli Slakkagils og Klofa, selför í Kjör og land allt milli Rangárgils og Skjaldmeyjargils og ½ áveiði í Kjarará móts við Síðumúlammenn, einkum í Hnitbjörg, afrétt á Hrutafjarðarheiði, torfskurð í Steindórstaðajörðu, tveggja mánaða beit í Faxadal, Þóreyjartungur allar milli Sandfellskvísla og Flókadalsár á norðurhlið, [...] fimm hluti Grímsár (n(efni)l(ega) í svonefndum Laxfossi) en þrjár hverfa undan.²⁵⁸

Í jarðamati Borgarfjarðarsýslu frá árinu 1849–50, kemur fram að Reykholt sé prestssetur metin á 800 ríkisbankadali. Þar segir orðrétt:

Reykholt prestssetur með öllum hlunnindum og ítökum sem maldaginn umgetur, af hverjum nokkur aldrei hafa verið notuð í okkar minnum, herfra eru kyrkjarðirnar [svo] skyldar í kríngum Reykholt.²⁵⁹

Í *Jarðatali Johnsens* frá 1847 eru talin upp hlunnindi Reykholt, þar segir m.a.:

Meðal margra hlynninda er talin 5/8 partar laxveiðar í Grímsá; þó telur prestur í bréfi til sýslumanns 15. Septembr 1844 þar að auki, eptir máldögum og óátöldum lögfestum: tveggja mánaða beit öllum peningi í Faxadal; Sauðatúngur og Þóreyjartungur allar; land við Reyðarvatn, austan frá Drángthlíð og út undir Fossárflóa; selför í Kjör milli Skjaldmeyjargils og Rángárgils, og þar með skóg í Þverárhlíð; Pétursskóg í Sanddal; afrétt á Hrutafjarðar heiði; [...] Geitland allt með skógi; hálfa veiði móti Síðumúla í Kjarará »fyrir sellandinu á Kjörinni og einkum í Hnitbjörg« [...].²⁶⁰

²⁵⁷ Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1873, (2005), bls. 289.

²⁵⁸ Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1873, (2005), bls. 294.

²⁵⁹ Skjal nr. 2(122).

²⁶⁰ Skjal nr. 4(49).

Á manntalsþingi á Sámsstöðum þann 16. maí 1860 var lesin upp lögfesta fyrir Geitlandi. Fram komu mótmæli af hálfu bóndans í Kalmanstungu. Í þingbók segir:

Ár 1860 þann 16. Maí var reglulegt manntalsþing sett að Samsstöðum í Hvítarsíðu [...] var, eptir að þingfriði var yfirlýst, tekið fyrir að:

Lesi

[...]

17. Lögfesta S^{ra} V. Thorkellssonar fyrir Geitlandi, dagsett 14. Maí 1860 og motmælir bóndin Asmundr Þorsteinsson á Kalmannstúngu lögfestunni þannig að Reykholtskirkja eigi ekki alt land milli Geitár og Hvítár og ekki leingra en að Hafursgili. – Uppl. og játað rétt bókad.

[...] ²⁶¹

Þann 24. maí 1860 útbjó Vernharður Þorkelsson prestur í Reykholti lögfestu fyrir landi og ítaki Reykholtskirkju. Þar segir:

Jeg undirskrifaður prestur að Reykholti lögfesti hjer í dag land og ítak Reykholtskirkju. 1° Land hennar Geitland kallað, sem er allt land það er liggur milli Geitár og Hvítár. Lögfesti eg eingjar, beithaga, skóg, hrís, einir, fjallagrös og allan jarðargróða. 2° Ítak hennar, fimm hluti allrar Grímsár, en þrír hverfa frá, hlaupagarð allan, og þrjá hluti árinna fyrir norðan miðberg, en fjórðungurinn hverfur frá, fjórðung hörgshyljar og ós stemmu að Rauðavatns-ósi; fyrirbýð eg öllum að yrkja eður hagnýta sér þetta kirkjunnar land og jarðarítak, nema mitt sé lof og leyfi til, en þá sem móti brjóta mun ég kalla fyri lög og rétt, þareð mín skilda er að sjá um: að einginn ágángur sé veittr kirkjunnar landi; þetta allt að vitni þingvotta og annarra er þessa mina lögfestu heyra.

Reykholti þann 24. Maí mán 1860. ²⁶²

Lögfestan var þinglesin að manntalsþingum að Sturlureykjum og Búrfelli þann 26. maí 1860 og að Heggstöðum þann 29. maí 1860.

Í annarri lögfestu sem Vernharður Þorkelsson útbjó sama dag segir:

Jeg undirskrifaður prestur að Reykholti, lögfesti hérí dag land Reykholtskirkju, Geitland kallað, sem er alt land það er liggur milli Geitár og Hvítár; Lögfesti eg Eingjar, beithaga, skóg, hrís einir, fjallagrös og allan jarðargróða, hvörju nafni sem nefnist; fyrirbýð eg öllum að yrkja eða hagnýta sér þetta kyrkjunnar land nema mitt sé lof eða leyfi til, en þá sem móti brjóta mun ég kalla fyrir lög og rétt, þareð mín skilda er að sjá um að einginn ágángur sé veittr kirkjunnar landi; þetta allt að vini þing votta og annara er þessa mína lög festu heyra.

Reykholti þann 24. Maí mán 1860. ²⁶³

²⁶¹ Skjal nr. 2(60) a-b.

²⁶² Skjal nr. 2(13).

Lögfestan var þinglesin að manntalsþingum að Sturlureykjum og Búrfelli þann 26. maí 1860.

Þann 20. júlí 1872 fór fram úttekt á stað og kirkju í Reykholti. Þar segir m.a:

Arid 1872 þann 20 Juli mætti settur hjeradspró. Sjera G. Bjarnason að Reykholti til þess eptir því, [því, ofan línu] frá faranda Prests og Prófasts Sjera Þ Kristjánsson í brjef hans frá 15 þ.m., að úttaka stað og kirkju í Reykholti ásamt með öllu því sem embættinu fylgir.

[...]

Itök kirkjunnar eru.

1. Selför í Kjör milli skjaldmeyargils og rangárgils eptirgjald 10 al. byggingarbrjef 1 August 1868.
2. Fjallland Þóreyartungu [Þór-, ofan línu, strikað yfir: Sól-] og Saudatungur eptirgjald 3 rd byggingarbréf 2 Juni 1870.
3. Hálf land undir Innrafelli á Ströndum með tilheyrandi trjá- og hvalreka einnig undir Ytrafelli, eptirgjald 3 rd byggingar 28 April 1868.
4. Land við Reydarvatn austan fra Drangshlid og útum Fossárflóa. Byggingarbrjef 3 Júní 1868 eptirgjald 4 rd.
5. Geitland það er land allt milli Hvítár og Geitár, eptirgjald 1 kind veturgömul. Byggingarbrjef 30 Juni 1868.
6. 5 hlutar allrar veidi í Grímsá, en 3 hverfa frá og árstemma við Reydarvatnsósi, brúkad og hefdad undir stadinn af fráfarandi beneficiaris með lögfestu 11 Mai 1869.

[...] ²⁶⁴

Fardagaárið 1868–1869 leigði Þórarinn Kristjánsson prestur að Reykholti, bóndanum Þorsteini Jakobssyni á Húsafelli Geitland. Byggingarbréfið hljóðar svo:

Þórarinn Kristjánsson prestur að Reykholti og prófastur í Borgarfjarðarsýslu

Kunngjörir: að eg hefi eptirlátið og byggt, einsog með bréfi þessu eptirlæt og byggji eign Reykholtis kirkju Geitland, það er: land allt milli Hvítár og Geitár, bóndanum Þorsteini Jakobssyni á Húsafelli yfirstandandi fardaga ár 1868–69 til allrar réttar og löglegrar leiguliða brúkunar, afnota og umráða með þessum skilmálum:

1. að hann hreinsi og verji land þetta, einsog þörf er, og geri lögskil af því, ef nokkur eru, án endurgjalds og haldi því til yztu ummerkja dyggilega undir hefð og umráðum sínum og Reykholtis kirkju og líði engum leyfislaust að nota sér það eður áseilast á nokkurn hátt.

²⁶³ Skjal nr. 2(14).

²⁶⁴ Skjöl nr. 2(124) a-b og 2(135) a-b.

2. að hann gjaldi eptir það 1, eina kind veturgamla, væna og velútilátna á næstkomanda hausti.

Þannig er ofanefnt Geitland heimilt Þorsteini bónda Jakobssyni þetta yfirstandandi fardaga ár, en því aðeins lengur að þessi byggingarsamningur verði endurnýaður.

Til staðfestu er hönd mín og innsigli

Reykholti 30. Juni 1868. Þ.Kristjánsson.²⁶⁵

Þann 14. maí 1869 útbjó Þórarinn Kristjánsson prestur í Reykholti lögfestu fyrir Geitland og jarðirnar Húsafell og Hraunsás. Þar segir m.a:

Þórarinn Kristjánsson prestur að Reykholti, héraðsprófastur í Borgarfjarðarsýslu kunngjörir: að eg samkvæmt máldögum og skilríkjum Reykholts- og fyrrverandi Húsafells kirkju lögfesti hérmeð þessar eignir: Geitland, og jarðirnar Húsafell og Hraunsás með öllum réttindum, gögnum og gæðum, sem fylgt hafa og fylgja eiga með réttu, þar meðtalin veiðiútk Húsafellskirkju, sem nú tilheyrja jörðinni: Ceciliuvík á Arnarvatni stóra framá heiði, og tveggja manna íför á allar Gilsbakkaveiðar, svoframt Reykholts- og Gilsbakka staðarhöldurum kemur saman þarum, móti skógarhöggi í Hagaskógi að Húsafelli, eins og áður var.

Geitland, er allt landið millum Hvítár og Geitár sem nú er leigt ábúandanum að Húsafelli til allra afnota, en það eru einkum: lítilfjörlegar slægjur, beit og upprekstur, og fjallagrasatekja.²⁶⁶

Lögfestan var þinglesin að Búrfelli þann 15. maí sama ár og að Sturlureykjum 31. maí 1870 og aftur að Sámstöðum 15. maí og Norðutungu 16. maí árið 1871.

Þann 20. júlí 1872 fór fram úttekt á stað og kirkju í Reykholti. Þar segir m.a:

Útkirkjunnar eru:

1. Selför í Kjör milli Skjaldmeyargils og Rangárgils, eptirgjald 10 al. Byggingarbr. 1 Agust 1868.
2. Fjallland. Þóreyartungur og Sandatungur eptirgjald 3 Rdl. byggingarbréf 2. juni 1870.
3. Hálf land undir Innrafelli á Ströndum með tilheirandi trjá og Hvalreka einnig undir Ytrafelli eptirgjald 3 rdl. byggingarbr. 28 apr. 1868.
4. Land vid Reidarvatn, austan [í forriti stendur: ustan] frá Drángshlíð og útum Fossárflóa eptirgjald 4 rdl. byggingarbréf 3. júní 1868.
5. Geitland, það er land allt milli Hvítár og Geitar eptirgjald 1 kind veturgöm, byggingarbr. 30. jún[í] 1868.

²⁶⁵ Skjal nr. 2(17) og 2(130) a-b.

²⁶⁶ Skjal nr. 2(15).

6. Fimm hlutir allrar veiði í Grímsá enn 3ir hverfa frá og árstemma að Reidarvatnsósi brúkað og hefðað undir stadin af fráfarandi beneficiario með Lögfestu 11 Mai 1869. [...] ²⁶⁷

Þann 3. júní 1876 lögfesti Þórður Þórðarson Jónassen staðinn Reykholt með eftirnefndum kirkjunnar „heimalöndum, kirkjujörðum, útlöndum, eignum, ítökum og landsnytjium“. Þar lögfestir hann jarðir kirkjunnar í 8 töluliðum og þar segir m.a.:

7. Lögfesti eg Geitland í sama héraði eign Reykjaholtskirkju er það land allt millum Geitár og Hvítár.

8. Lögfesti eg Kirkju jörðina Hrís í Flókadal sem hálf er eign Reykjaholts kirkju. [...]

9. Loksins lögfesti eg eptirfylgjandi útlönd, eignir og ítök kirkjunnar í Reykja holti; Tveggja mánaða beit öllum peningi í Faxadal, er kirkjan á í sínu og Bæjakirkjulandi að Hrísum, þá Sauðatungur og Þóreyjartungur allar, en það eru Þóreyjartungur, er liggja millum Sandfells kvísla fram um Sandfell og frammi Sauðabrekkur fyrir vestan Fantófell og að Flókadalsá á norður hlið, en milli Sauðatungu og Hrísalands, er kvísl sú, er áður var getið.

Þá lögfesti eg og einnig land við Reidarvatn, austan frá Drangshlíð og útundir Fossárflóa.

Þá lögfesti eg og einnig fimm hluti allrar veiði í Grímsá í Borgarfirði, en þrír hlutir heyra öðrum til; nema að því leyti er nú skal telja: Reykjaholt á allan Hlaupa garð þar er nú kallast Strengir og 3 hluti árinna og veiðar fyrir norðan Miðberg, en það er Myrkhylur er nú kallast, (en fjórðung veiðar í honum), en fjórðung veiðar í honum eiga aðrir. Þá á og kirkjan aðeins fjórðung veiðar í Hörgshyl og enn á hún alla ós stemmu að Reidarvatns ósi er eg einnig hér með lögfesti.

[...]

Lögfesti eg að orðfullu og lögmáli réttu, fyrirbýð eg einum og sérhverjum að brúka eða sér að nota nokkuð af þessu, nema þess hafi lof eða leyfi er stað heldur í Reykjaholti; og einkum tilnefni eg her fjallönd(in) staðarins Sauða- og Þóreyjartungur og það land, sem þar er á fjalli uppi sömuleiðis Geitlönd. Fyrirbýð eg nálægri sveita bændum og innbúum að reka þangað hross sín eða fé nema mitt sé leyfi til, leggjandi við allar þær sektir er lög framast leyfa, ef hér er á móti gjört, en tilbýð þeim laga aðgjörðir í frammi að hafa á löglegum stað og tíma er af þessari minni lögfestu þykist vanhaldinn, sé sá nokkur.

Framan og ofanskrifaðri lögfestu til staðfestu er nafn mitt og signet.

Reykjaholti 3ja dag Júní-mánaðar 1876.

Þórður Þ. Jónassen ²⁶⁸

²⁶⁷ Skjal nr. 2(124) a-b.

²⁶⁸ Skjal nr. 2(16) og 2(119) a-b.

Lögfesta þessi var lesin á manntalsþingum vorið 1876 á Búrfelli, Sturlureykjum, Heggstöðum og Lundi og síðan rituð í afsals- og veðmálabók Borgarfjarðarsýslu Ltr. E.

Fyrir liggur bréf amtmanns til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, dags. 9. desember 1880, um upprekstur sauðfjár og hrossa í kirkjuland Reykholtskirkju, Geitlönd og heimaland Húsafells. Þar segir:

Íslands Suðuramt

Reykjavík 9. desembr 1880

Prófastur síra Þórður Þórðarson í Reykholti hefi í brjefi dags. 21. September þ.á. kvartað yfir því, að þier herra Sýslumaður, hafið eigi viljað hefja opinbera málsrannsókn útaf því, að nokkrir menn í Hvítársíðu á síðastliðnu sumri höfðu rekið sauðfje og hross, er þeir höfðu smalað í heimalöndum sínum í kirkjuland Reykholtskirkju, Geitlöndin, og í heimaland kirkjujarðarinnar Húsafells m.m.; en prófasturinn hyggur þessa aðferð hlutaðeiganda vera brot móti 4. grein í afrjettarreglugjörð Mýrasýslu 1878, sbr. Jónsb. IIb. 13 [53, ofan línu] Kap., er eptir 23. grein reglugjörðarinnar eigi að meðhöndlast sem opinbert lögreglumál.

Í þóknanlegu brjefi, dags. 10 fm, hafið þier herra Sýslumaður skýrt mjer frá álitu yðar um málefni þetta, og fært ítarlegar ástæður fyrir þeirri skoðun yðar, að ekki sje heimild fyrir hið opinbera til að átelja hið umrædda brot, heldur sje hjer einungis að ræða um atferli, sem sá, er þykir rjetti sínum misboðið, verði að ákæra sem einkamál.

Um þetta málefni læt jeg ekki hjálíða hjermeð þjenustusamlega að gefa yður til vitundar, yður til þóknanlegrar athugunar og eptirbreytni, að jeg að vísu er yður samdóma um, að hjer ekki sje að ræða um slíka ónýtingu eða slíkar skemmdir á eigum annars manns, sem sæta eigi opinberri ákæru eptir 298 gr. hinna almennu hegningarlaga, en að jeg þarámóti verð að álíta, að sú meðferð á hinum umrædda afrjettarfjenaði, sem prófastur séra Þ. Þórðarson skýrir frá, að hafi átt sjer stað, komi í bága við ákvarðanirnar í 4. gr. ofanefndri afrjettarreglugjörð fyrir Mýrasýslu, og að þareð brot gegn reglugjörð þessari eptir 23. gr. hennar eiga að meðhöndlast sem opinber lögreglumál, þá beri að halda opinbera rannsókn um það, sem hjer hefir verið kært, og eptir málavöxtum höfða opinbert lögreglumál móti þeim mönnum, er verður gefin sök á ólögætri meðferð á fjenaðinum.

Bergur Thorberg

Þá hefur eftirfarandi texti verið áritaður efst á skjalið:

19/1 81

Þar eð prófið eigi virðist gefa ástæðu til málshöfðunar, leggst málið ad acta.²⁶⁹

Til Sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu

citra 1

Lagt fram í Politúrjetti Mýra og Borgarfjarðarsýslu 25. Maí 1881

Guðm. Pálsson

Fyrir liggur vitnisburður um rekstur sauðfjár og hrossa suður yfir Hvítá í Geitlöndin, sumarið 1880, dags. 25. maí 1881. Þar segir:

Ár 1881 hinn 25. Maí setti og hjelt sýslumaður Guðm. Pálsson Pólitúrjett Mýra- og Borgarfjarðarsýslu að Sámsstöðum með vottum hreppstjóra Salomon Sigurðssyni og Guðmundi bónda Guðmundssyni á Sámsstöðum og var þá tekið fyrir:

Að leita skýrslu um rekstur á sauðfje og hrossum suður yfir Hvítá í Geitlöndin í fyrra sumar.

Lögregluðómarinn lagði fram brjef Amtmannsins dags. 9. Dec. f.á. þar sem lagt er fyrir að taka próf um rekstur þeirra.

Dómarinn getur þess að eptir að honum barst ofan nefnt amtsbrjef seint í janúarmánuði þ. á. gengu svo mikil [o]g stórkostleg illviðri og brunagaddar af frosti allt þangað til í byrjun aprílmánaðar þá að ek eigi ~~var~~ gat álitist tækt að koma boða menn á fundi eða hafa fram rjettarhöld í fjærleggjandi sveitum, en síðan að færðin fór að batna í lok aprílmánaðar og framan af þessum mánuði hefir dómarinn verið öðrum störfum háður vegna sýslunefndarfundahalds í báðum sýslum og síðar vegna manntalsþingsferða í Mýrasýslu.

Ofan nefnt brjef amtsins var lagt fram, áteiknað og markað N1 og hljóðar þannig # # #.

Mætti eptir ráðstöfun dómarans sjerstaklega fyrir rjettinum bóndinn Benjamín Jónsson á Hallkelsstöðum, sem áminntur um sannsögli að gefnu tilefni skýrir frá: að í fyrra sumar um hvort leytið hvenær kveðst hann eigi muna með vissu, hafi maður frá sjer farið ásamt Jóni bónda Pálssyni í Fljótstungu og Sigurði bónda Sigurðssyni á Hallkelsstöðum Þorvaldsstöðum og hafi þeir í sameiningu smalað heimalönd jarðanna Hallkelsstaða, Fljótstungu og Þorvaldsstaða, því þá hafi verið mjög mikið komið í heimalöndin af óskilafje eða fjallafje; hinu smalaða fje tjáir hann síðan að hafi verið rjettað í Fljótstungurjett og hafi þá það, er heima átti hjer fyrir ofan verið skilið eptir, en hitt, er menn hjeldu að heima ætti sunnan ána, verið rekið eptir því sem hann hafi heyrt, suður yfir Hvítá einhver[j]u síðar nálægt Kalmanstungu.

²⁶⁹ Skjal nr. 2(63) a-b.

Um smölun eða rekstur á hrossum suður yfir Hvítá í þetta skipti kveðst hann þar á móti ekkert vita.

Meira kveðst hann ekki vita til skýringar málinu. Uppl. Staðfest.

Mætti þar næst sjer í lagi fyrir rjettinum bóndinn Andrjes Guðmundsson á Bjarnastöðum, sem eptir að vera áminntur um sannsögli skýrir frá að gefnu tilefni skýrir frá: að eptir því sem hann minnir, muni menn hjer fram í sveitinni í fyrra vor nálægt Jónsmessu smalað heimalönd sín og rekið síðan óskilafje og hross til Fljótstungurjettar og kveðst Dep. hafa komið þar og tekið þar fje og hross er hann ha átti, og síðan farið með það; ekki kveðst hann hafa verið með að reka fje eða hross í þetta skipti suður yfir Hvítá, en hann skýrir frá, að hann hafi heyrð þess getið að þeir Jón Pálsson og Sigurður á Þorvaldsstöðum rekið hafi verið rekið fje og hross, úr Fljóts er átt hafi heima fyrir sunnan Hvítá úr Fljótstungurjett í þetta skipti og suður yfir Hvítá og hafi hann heyrð að fjeð hafi verið rekið í Geitlöndin en hrossin á Hagaskóg, er tilheyrir Gilsbakka.

Up Meira kveðst hann ekki vita málum til skýringar. Uppl. staðfest.

Mætti þar næst sjerstaklega fyrir rjettinum Jón bóndi Pálson í Fljótstungu, sem [var] áminntur um sannsögli að gefnu tilefni skýrir frá: að fyrir Jónsmessu og fráfarur í fyrra sumar hafi verið komið mjög mikið af óskilafje í ~~lön heim~~ lönd jarðanna Kalmannstungu, Fljótstungu, Þorvaldsstaða og Hallkelsstaða og hafi því heimalönd þeirra jarða verið smöluð og hinu smalaða fjé síðan rjettað í Fljótstungurjett. Þar hafi það verið dregið sundur og það, sem menn þekktu [o]g hjeldu að ætti heima fyrir sunnan Hvítá, hjer um bil 200 að tölu, hafi síðan af sjer, Sigurði bónda á Þorvaldsstöðum og Ólafi Stefánssyni í Kalmannstungu verið rekið suður yfir Hvítá í Geitlöndin. Þar um deponentinn tjáir hann að engin hross hafi verið með í þessum rekstri. Jtarlegar adspurður um rekstur á óskilahrossum suður yfir Hvítá við þetta tækifæri, skýrir hann frá, að hrossin hafi að vísu í sama skipti verið rjettuð í Fljótstungurjett en ekki kveðst hann hafa átt neinn þátt í að reka þau suður yfir Hvítá, en kveðst að vísu hafa heyrð að þau hafi að vísu verið rekin suður yfir ána.

Meira kveðst hann eigi vita til upplýsingar þessu máli. Uppl. staðfest.

Mætti fyrir rjettinum sjer í lagi Stefán bóndi Ólafsson í Kalmannstungu, sem rækilega var áminntur um sannsögli að og að gefnu tilefni skýrir frá að sjer sje kunnugt að í fyrra vor um Jónsmessuleytið hafi heimalönd jarðanna Hallkelsstaða, Þorvaldsstaða og sambeitarland Fljótstungu [o]g Kalmannstungu verið smöluð, því þau hafi verið orðin full af óskilafje. Hinu smalaða fje hafi síðan verið ~~rek~~ rjettað í Fljótstungurjett og það, sem menn hafi þekkt eða ætlað eiga heima sunnan Hvítár, hafi verið rekið suður yfir ána í Geitlöndin og hafi þeir staðið fyrir rekstrunum Jón Pálsson í Fljótstungu og Sigurður bóndi á Þorvaldsstöðum; svo hafi og verið ~~mað~~ maður frá Hallkelsstöðum með að reka og drengur frá sjer. ~~Um rekstra~~ Engin hross hjer

tjáir hann að hafi verið í þessum rekstri, en hann kveðst hafa heyrt þess getið að hross hafi þó þennan dag verið rekin suður yfir Hvítá og hafi þeir Guðmundur á Kolsstöðum og Guðmundur Bjarnason á Gilsbakka að sögn staðið fyrir þeim rekstri. Uppl. staðfest. Vjek frá rjetti.

Þar eð ekki eru fleiri nálægir er gefið geta skýrslu um málefni þetta var prófinu frestað að sinni.

Rjettinum slitið.

Ut supra

Guðm. Pálsson

Vottar:

S. Sigurðsson, Guðmundur Guðmundsson.²⁷⁰

Í *Árbók hins íslenska fornleifafélags* frá árinu 1893 er grein eftir Brynjólf Jónsson sem ber heitið „Nokkur bæjarnöfn í Landnámu í ofanverðri Hvítársíðu og Hálsasveit“. Þar er m.a. fjallað um Geitland en í greininni segir:

4. Geitland

Svo segir Landnáma (I. p., 21. k.): »Úlfr son Gríms hins háleyska nam land milli Hvítár og suðrjökla ok bjó í Geitlandi«. Nú á tímum er engin bygð í Geitlandi; enn bæjarrústir sjást þar fyrir víst á tveim stöðum. Eigi er hægt að lýsa þeim, því bæði eru þær óglöggvar, og svo er fjalldrapi vaxinn yfir þær. Vestri rústin er skamt fyrir austan Geitá, — sem rennr sunnanmegin Geitlandsins. Sá bær er nefndr *Hamraendar*; er þar hamragarðr við bæjarlækinn. Rústirnar eru udnir brattri brekku, allfagri; sjást fremr óglögg deili á þeim, nema einni tóft, sem er sérstök og mjög auðkend [svo]. Hún hefir dyr á norðvestrenda [svo], enn [svo] afhús við suðaustrendann [svo]. Það gæti verið hoftóft; enn [svo] þá ætti hún að vera elzta tóftin, og er merkilegt, að hún skuli þá vera glöggust. Það gæti líka verið stekkjartóft; hefði t. a. m. þessi bærinn lagzt í eyði fyr enn hinn, er eigi ólíklegt, að hér hefði síðan verið hafðr stekkr frá þeim bænum er eftir var. Lögun tóftarinnar bendir líka fremr til þess; enn stór má sá stekkr þó hafa verið. Eystri rústin er þar skamt [svo] frá. Þar heitir nú »Kot« af því, að síðast mun bygð þar hafa verið orðin fátækleg. Þykir líklegast, að bygðin í Geitlandi hafi lagzt niðr fyrir þá skuld, að Geitá hefir smátt og smátt eyðilagt engjarnar, sem munu hafa verið á sléttunum fyrir neðan bæina; enn þar er nú alt [svo] þakið mól eftir ána. Enn líka kenna munnmæli því um, að horfið hafi vatnsbólið í «Koti». Á það að hafa verið hver, sem hafi flutt sig og komið upp þar, sem nú er hverinn Skrifla hjá Reykholti. Sjá má, hvar vatnsbólið hefir verið í «Koti». Það er lítil

²⁷⁰ Skjal nr. 2(57).

lind uppi í túnbrekku, og hefir verið laðin innan. Lítið er vatn í henni, enn virðist hafa verið meira áðr. Eigi er hún sárköld, og steinar eru í henni með hvíttri skán. Þó er eigi útlit fyrir, að þar hafi verið hver. Eigi vita menn af fleiri bæjarústum í Geitlandi; enn eigi er fortakandi, að fleiri fyndist [svo], ef leitað væri með nákvæmri eftirtekt.²⁷¹

Í 50. gr. fjallskilareglugjörðar fyrir Borgarfjarðarsýslu, nr. 80/1896 segir um Rauðagilsrétt (skilarétt):

Þessi rétt tilheyrir öllum jörðum í Hálsahreppi og Reykholtisdalshreppi. Leitartakmörk hennar eru þessi: Hvítá ræður að norðanverðu, að austanverðu Eiríksjökull, að sunnan Geitlandsjökull, þá norðanvert við Kaldadal í Okjökul, þá suður með Okjökli í Flókadalsárdrög, síðan ræður Flókadalsá ofan til Hvítár.²⁷²

Landamerkjabréf Reykholts var útbúið 12. mars 1898 og þinglesið 8. júní sama ár. Þar er merkjum Reykholts með Háfslandi, Breiðabólstað, Grímsstað og norður-Reykjum, lýst með heildstæðum hætti og án aðgreiningar. Svo segir:

Reykholt eða Reykholtskirkja á eftir máldögum og öðrum skilríkjum þessi útlönd og ítök.

1. Veiði í Grímsá. Það eru fimm áttundu hlutar veiðarinnar í ánni allri með þessum undantekningum. Reykhollt á allan Hlaupagarð (þar er nú heita Strengir), þrjá fjórðunga árinna fyrir norðan Miðberg (þar er nú heitir Myrkhylur), fimm tuttugustu og fjórðu hluta af Hörgshyl og enn ós stemmu að Reyðarvatnsósi að öllu.
2. Selför á Kjör, með landi öllu og skógi milli Skjaldmeyjargils og Rangárgils og veiði í Kjarrá að hálfu móts við Síðumúla fyrir öllu því landi, einkum í Hnitbjörg.
3. Geitland allt. Það er land milli Geitár og Hvítár.
4. Skóg í Þverárhlið, að síðu til sels.
5. Afrétt á Hrutafjarðarheiði.
6. Skóg á Sanddal á Norðurárdal (Pétursskóg), milli Slakkagils og Klofninga. Skógr sá er nú gjöreyddur.
7. Torfskurð (mótak) í Steindórsstaðalandi.
8. Tveggja mánaða beit öllum peningi í Faxadal. Mun vera hið sama og það, er síður hefir opptast verið kallað selför á Hælsheiði.

[...]²⁷³

²⁷¹ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, 8. árg., 1893, bls. 76–77.

²⁷² Skjal nr. 4(15).

²⁷³ Skjal nr. 2(121).

Guðmundur Helgason skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Sigurði Magnússyni eiganda Úlfsstaða og Vilmundarstaða, Þorsteini Magnússyni eiganda Signýjarst. og Einari Jónssyni hvað varðaði merki Skáneyjar.

Landamerkjabréfi Hraunáss, Húsafells og Geitlands sem byggt er á lögfestum var þinglýst 7. júní 1898:

Hraunsássland er land alt milli Ásgils og Deildargils, eftir því sem þau nú renna og í mannaminum numið hafa, frá fjallitil Hvítár.

Húsafell. Hvítá ræður að norðan alt að ármóti; þá Geitá að austan og til landsuðurs svo langt sem hagar taka; síðan vestur með Oki og alt í Deildargil, er síðan ræður niður að Hvítá.

Geitland er land alt millum Geitár og Hvítár, og undanteknu Torfabæli. Veiðitök Húsafells:

[Sjá D II – 461 Varðandi ítök AK]

1. Sesseljuvík í Arnarvatni hinu stóra á Arnarvatnsheiði.
2. Tveggja manna íför í allar Gilsbakkaveiðar, svo framt Reyholts og Gilsbakka staðarhöldurum kemur saman hjer um; njóti sá hinn fyrir þessa móti því, að hinn síðari hafi þar fyrir skógarhögg í Hagaskógnum að Húsafelli eins og áður var.

Rjett eftir lögfestum Þorsteins Helgasonar 18. maí 1837 og Þórður Þ. Jónassens 3. júní 1876, að öðru leyti en því að við er hjer bætt orðum um „að undanteknu Torfabæli“.²⁷⁴

Guðmundur Helgason skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Ólafi Stefánssyni eiganda Kalmannstungu, Jóni Magnússyni eiganda að hálfum Stóra-Ási og Jóhanni Hannessyni eiganda að fimmtungi í þeirri jörð.

Í eftirriti af landamerkjabréfi Geitlands frá árinu 1898 voru landamerki þess sögð vera eftirfarandi:

Geitland er land allt millum Geitár og Hvítár, að undanteknu Torfabæli.

[...]

Rétt eptir lögfestum Þorsteins Helgasonar 18. maí 1837 og Þórður Þ. Jónassens 3. júní 1876 að öðru leyti en því að við er hér bætt orðunum „að undanteknu Torfabæli.“

Guðmundur Helgason.²⁷⁵

Landamerkjalyásingin var samþykkt af eigendum Kalmannstungu og Stóraás. Lesin á manntalsþingi á Auðsstöðum 7. júní 1898 og rituð í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu N^o163.

²⁷⁴ Skjal nr. 2(120).

²⁷⁵ Skjal nr. 2(19).

Þann 23. maí 1908 fór fram úttekt á stað og kirkju í Reykholti. Þar segir m.a.:

Ár 1908, 23. maí, var prófasturinn í Borgarfjarðarprófastsdæmi, Jón Sveinsson, staddur að Reykholti til þess samkvæmt boði biskups með bréfum 9. október f.á og 8. þ.m., að taka út prestakallið úr hendi prófasts Guðmundar Helgasonar, sem fengið hefir lausn frá embætti, í hendur síra Einars Pálssonar, sem 2. þ.m. er veitt Reykholtsprestakall.

[...]

C. Ítök o.fl. og kirkjujarðir.

1. Eftir máldögum kirkjunnar og öðrum heimildarskjölum fylgja kirkjunni eða prestakallinu þessi ítök:

Hvalrekar á Ströndum: Undir Innra og Ytrafelli þriðjungur hvalreka, á Munaðarnesi, Kambi og í Byrgisvík fjórðungur hvalreka. Af hvalrekum þessum er enginn arður.

Laxveiði í Grímsá.

Selför í Kjör með skógi og áveiði, [strikað yfir: og Slægjur í]

Viðarreki undir Innra og Ytra Felli og hálf land undir Innra Felli.

Afrétt á Hrutafjarðarheiði, ónotuð vegna fjarlægðar.

Geitland alt með skógi. Skógurinn eyddur.

Skógur í Þverárhlið að viðá til sels.

Selför í Hálsheiði (í Faxadal í Hrísalandi).

Torfskurður í Steindórsstaðajörð.

Pétursskógur í Sanddal; gjöreyddur.

Öll þessi ítök eru talin í máldögum kirkjunnar, en eigi öll viðurkend og þar á meðal [talin-meðal, ofan línu; strikað yfir: óátalin, nema] torfskurðurinn í Steindórsstaðajörð, sem eigi er viðurkendur af eiganda þeirrar jarðar. Ítökin eru flest ónotuð vegna fjarlægðar og gefa eigi af sér arð, nema þessi sem öðrum eru leigð þannig:

Laxveiðin í Grímsá árl. kr. 200.00

Veiði í Kjarrá árl. kr. 20.00

Viðarreki undir Innri og Ytri Felli árl. kr. 6.00

Gjalddagi leigunnar fyrir Grímsá er í [strikað yfir: 2.] maí ár hvert. Hefir fráfarandi veitt leigunni móttöku í ár.

2. Með konungsleyfi 19. sept. 1894 (Stj.tíð. 1894, B. bls. 175) var leyft, að selja afréttarlönd Reykholtskirkju: Þóreyjartungur og land nokkurt við Reyðarvatn frá kirkjunni fyrir 700 kr. þannig, að upphæð þessi sé lögð í Söfnunarsjóð Íslands sem óskerðanleg innstæða kirkjunnar, og að af vöxtum

af upphæð þessari sé Reykholtsprestri árl. greiddar 20 kr. og að auki helmingur þess, er rentan fer fram úr þessari upphæð, en hinn helmingurinn sé jafnan lagður við höfuðstól. Nefnd afréttarlönd voru seld Lundarreykjadalshreppi og jafnframt gefið út skuldabréf af hreppsnefnd Lundarreykjadalshrepps, dags. 27. desbr. 1895, að upphæð 700 kr., er afborgast skyldu í vexti og afborgun [strikað yfir: -um, á næstu 28] með jöfnum greiðslum [greiðslum, ofan línu; strikað yfir afborgunum] á næstu 28 árum í gjalddaga 1. febr. ár hvert, í fyrsta sinn 1. febr. 1896, og með veði í ofangreindum afréttarlöndum. Greiðslan er fyrir það fardagaár, sem yfir stendur, er hún fer fram. Nefnt skuldabréf er sent biskupi með bréfi prófests 16. ág. 1906.

[...]²⁷⁶

Í 86. gr. fjallskilareglugjörð fyrir Borgarfjarðarsýslu nr. 87/1914 er takmörkum leitarsvæðis Rauðagilsréttar lýst á eftirfarandi hátt:

Hvítá ræður að norðan, Langjökull að austan, Geitlandsjökull að sunnan, þá norðanvert við Kaldadal í Ok, þá út og suður með oki [svo] í Flókadalsdrög. Síðan ræður Flókadalsá ofan að brú hjá Hjalmsvaði. Þaðan ræður þjóðvegurinn að Grímsá. Úr því ræður Grímsá.²⁷⁷

Í kaflanum um Reykholt í Reykholtshreppi í Fasteignamati Borgarfjarðarsýslu 1916 kemur fram að jörðin eigi upprekstur á afrétt sveitarinnar á Arnarvatnsheiði og að jörðin hafi átt ítök en tekjur af þeim hafi runnið til prestssetursins og geti því ekki talist með jörðinni.²⁷⁸

Árið 1919 óskaði Geir Pétursson á Vilmundarstöðum eftir því við Stjórnarráðið að fá útlenduna Geitland í Hálsahreppi keypta. Með beiðni hans fylgir lýsing hreppstjóra Hálsahrepps á landinu, eftirfarandi:

Útlenda þessi mun vera á stærð við meðaljörð í sveit. Meirihluti hraun og sandar, jarðar gróð[ur] er þar mest ling, víðir og kjarr. Haustbeit er þar góð fyrir sauðfé, altof þurlent til sumargöngu.²⁷⁹

Í 1. tölul. 24. gr. fjallskilareglugjörðar fyrir Borgarfjarðarsýslu, dags. 9. ágúst 1920, er mörkum leitarsvæðis Rauðgilsréttar lýst en þar segir m.a.:

1. R a u ð s g i l s r é t t. Leitarsvæði: Hvítá ræður að norðan, Langjökull að austan, Geitlandsjökull að sunnan, þá norðanvert við Ok, þá út og suður með Ok í Flókadalsárdrög. Síðan ræður Flókadalsá í Hvítá.²⁸⁰

Þann 9. júní 1924 var gerður svofelldur leigusamningur um útlenduna Geitland þegar Ólafur Stefánsson í Kalmanstungu tók landið á leigu af hreppstjóra Hálsahrepps. Landamerkja er getið.

²⁷⁶ Skjal nr. 2(136) a-b.

²⁷⁷ Skjal nr. 4(17).

²⁷⁸ Skjal nr. 2(10).

²⁷⁹ Skjal nr. 2(20).

²⁸⁰ Skjal nr. 4(62).

Afrit.

Hreppstjóri Hálsahreppi

Gjörir kunnugt að jeg leigi Hr. Ólafi bónda Stefánssyni á Kalmannstungu útlenduna Geitland, liggjandi í Hálsahreppi í Borgarfjarðarsýslu, með þeim skilmálum er hér greinir.

1. Hann skal gjalda ár hvert eftir eftir Geitland kr. 8, átta krónur í peningum fyrir 31. desbr. heima hjá hreppstjóra Hálsahrepps, í fista sinn 1924.
2. Fjalldrapa, Einir og Víðir sem finst í landi þessu má hann ekki rífa til Eldsneitis eða skepnufóðurs nema hreppst. Hálsahrepps leifi.
3. Finnist námur eða önnur hlunnindi í landi þessu meðan þessi leigu skilmálar standa, eru þaug að öllu leiti undanskilin ásamt fullri heimild að nota þaug.
4. Landamerki Geitlands eru að austan ræður Hafragil, þá lángi Jökull til Geitár, þá Geitá til Hvítár, þá Hvítá til Hafragils.
5. Með þessum skilmálum eru Ólafi bónda Stefánssyni heimil afnot af Geitlandi næðstkomandi 10 ár, en sé þó laust ef sala fer fram á þeim árum.

Augastöðum 9. júní 1924.

Nikulás Gíslason

Vottar

Ólafur Stefánsson

Gestur Jóhannesson

Kolbeinn Guðmundsson

Samþykkt. Sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 4. júlí 1924. G. Björnsson.

Rétta afskrift vottar Þorsteinn Þorsteinsson.²⁸¹

Þann 5. maí 1925 fór hreppsnefnd Hálsahrepps þess á leit við Stjórnarráð Íslands að fá afréttarlandið Geitland keypt og vísar til laga um forkaupsrétt á jörðum. Helstu ástæður fyrir kaupunum eru sagðar fjárleitir á svæðinu og kostnaður við refaveiði. Bréfið hljóðar svo:

Húsafelli 5. maí 1925.

Ég undirritaður, Þorsteinn Þorsteinsson hreppsnefndaroddviti Hálsahrepps, leyfi mér hér með fyrir hönd hreppsnefndarinnar í nefndum hrepp virðingarfyllst að fara þess á leit að hið háa Stjórnarráð Íslands gefi Hálsahreppi kost á að kaupa Geitland, afréttarland Reykholtskirkju, við sanngjörnu verði.

Samkvæmt 2. gr. laga no. 40 1919 um forkaupsrétt á jörðum telur hreppsnefndin sig hafa rétt til þessara málaleitan. En auk þess er ástæðan sú,

²⁸¹ Skjöl nr. 2(67) og 2(127).

æft að Hálsahreppur ber, ásamt Reykholtisdalshreppi, alla ábyrgð á og allan þunga af Geitlandinu. Er þar átt við fjárleitir allar á hausti, sem eru 12 dagsverk árlega, og sömuleiðis refaveiðikostnað allan, sem einnig nemur allmiklu fé, því að í Geitlandinu eru þekt 5 greni og er næstum alltaf að tófa leggur í eitthvert þeirra og stundum í fleiri, og að vinna eitt gren kostar nú ekki minna en 100 kr. – Þar sem svo er ástatt sem nú var talið og engar líkur til að ábyrgð og kostnaði um þetta verði létt af hreppum þessum, enda eðlilegast sökum staðháttanna að þessi þungi hvíli þar sem hann nú er, því einhverstaðar verður hanna að hvíla á, – þá þykir hreppsnefndinni það einnig eðlilegast og ráðlegast að land þetta hverfi undir Hálsahrepp til eignar, einnig fyrir þá sök að ef svo skipaðist síðar að eitthvað mætti hafa uppúr Geitlandinu t.d. til upprekstrar, þá væru þeir best að þeim hagnaði komnir sem bera allan vegg og vanda og kostnað af landinu.

[...]

Virðingarfyllst

Þorsteinn Þorsteinsson²⁸²

Hreppsnefnd Hálsahrepps keypti síðan afréttarlandið Geitland af Kirkjujarðasjóði þann 27. maí 1926 á 900 krónur. Þar segir:

Ráðherra Íslands

Í dóms- og kirkjumálum

Kunngjörir: Að með því að hreppsnefnd Hálsahrepps í Borgarfjarðarsýslu hefir leitað kaups á afrjettarlandinu Geitlandi, og með því að hlutaðeigandi sýslunefnd hefir eigi haft neitt við sölu þessarar jarðar að athuga, og með því að loks allra fyrirmæla laga nr. 50, 16. nóvbr. 1907, um sölu kirkjujarða, hefir verið gætt, þá sel ég og afsala samkvæmt þeirri heimild sem mjer er gefin í nefndum lögum, fyrir landsjóðsins hönd, nefndum Hálsahreppi greint afrjettarland Geitland sem er hndr. að n.m. með öllum gögnum og gæðum, þó eru undanskildir námar, sem eru í jörðu eða síðar kunna að finnast þar sem og vatnsafl alt og notkunaraðstaða þess í landi jarðarinnar.

Kaupverðið er 900 – níu hundruð – krónur og með því að kaupandi hefir greitt í Kirkjujarðasjóð 1/10 hluta þess með Kr. 90. – níutíu krónur – og gefið út veðskuldabreyf fyrir eftirstöðvunum þá segi jeg hann rjettan eiganda að ofanefndu afrjettarlandi frá fardögum þ.á. [...]. Kaupanda ber að láta þinglýsa afsalsbjerfi þessu svo fljótt sem unnt er.

Til staðfestu undir mín hönd og embættis innsigli

Reykjavík 27. maí 1926

F.h.r.

G. Sveinbjörnsson

²⁸² Skjal nr. 2(128) a-b.

(L.S.)

Þinglesið á manntalsþingi að Stóraási 2/7 1926²⁸³

Á síðunni um Geitland í veðmálaregistri veðmálabókar Borgarfjarðar- og Mýrasýslu 1906–1937 kemur fram að Geitlandi hafi verið afsalað til hreppsnefndar Hálsahrepps þann 27. maí 1926 og hreppsnefndin þann sama dag veðsett kirkjujarðasjóði Geitland.²⁸⁴ Aftur á móti er ekki minnst á Geitland á síðunni um Reykholt í sama veðmálaregistri.²⁸⁵

Fyrir liggur samningur, dags. 1. maí 1927, milli annars vegar Upprekstrarfélags Hálssveitunga og Reykdæla og hins vegar bóndans í Kalmanstungu um not Geitlands. Viðbætur við samninginn eru svo dagsettar 13. júlí 1967. Í skjalinu segir m.a.:

1. Við undirritaðir ég Þorsteinn Þorsteinsson bóndi á Húsafelli fyrir hönd Upprekstrarfélags Hálssveitunga og Reykdælinga og ég Ólafur Stefánsson bóndi í Kalmanstungu í samráði við eigendur jarðarinnar gerum með okkur svofelldan samning.
2. Ólafur má setja girðingu yfir Geitlandið beina stefnu frá fossinum í Hvítá á móts við Litla-Ketil að Trússárbotnum og þaðan vestan undir Ósléttahraun að Lambhyl. Sömuleiðis er honum heimilt að setja rafmagnsstöð við Trússá. Ennfremur er honum heimilt að beita sauðfé í Geitlandið að vetrinum og gilda þau ákvæði til 10 ára.
3. Gegn þessum réttindum skal Ólafur láta niður falla kröfur allar sem hann hefir gert um bætur fyrir ágang afréttarfénaðar Hálssveitunga og Reykdælinga á land sitt svo og slíkar kröfur á meðan hann hefir rétt til ~~að~~ vetrarbeitar í Geitlandið og gildir þetta ákvæði þótt ábúendaskifti verði á jörðinni.
4. Þau 10 ár sem Kalmanstungubóndinn hefir rétt til vetrarbeitar í Geitlandinu eftir samningi þessum skal hann hafa öll umráð yfir blettium sem verður milli girðingar þeirrar sem sett verður ~~yfir frá~~ yfir Geitland og Hvítár (Ósléttahrauninu)
5. Girðingu þá sem sett verður yfir Geitlandið og Kalmanstungumenn hafa þar meðan þeir vilja
6. Tvö samhljóða frumrit eru gerð af samningi þessum og heldur sinn málsaðili hvoru

Til staðfestu nöfn okkar undirrituð í viðurvist tveggja vitundarvotta

²⁸³ Skjöl nr. 2(69) og 4(68).

²⁸⁴ Skjal nr. 2(132).

²⁸⁵ Skjal nr. 2(131).

Gjört að Húsafelli 1. maí 1927.

Þorsteinn Þorsteinsson

Ólafur Stefánsson

Kristleifur Ólafsson

Stefán Ólafsson

Vitundarvottar

Páll Þorsteinsson

Jakob Guðmundsson

Samningur þessi sem gilt hefir til 1. maí 1967 framlengist í tvö ár óbreyttur til 1. maí 1969.

Deildartungu, 13. júlí 1967

F.h. upprekstrarfélags Hálssvetunga og Reykdælinga

Björn Jónsson

Vitundarvottar

Guðlaugur Guðmundsson

Jakob Jónsson

Kalman Stefánsson

Kristleifur Ólafsson²⁸⁶

Í ritinu *Úr byggðum Borgarfjarðar* eftir Þórð Kristleifsson er m.a. fjallað um afréttarnot og önnur not á Geitlandi. Þar segir:

Frá ómunatíð hafa Kalmanstungubændur beitt sauðfé sínu í Geitland á vetrum, þegar þess hefur verið kostur. Kjarnaland er þar bæði nær og fjær, en það jafnast þó ekki á við landkosti Geitlands. Hafa Kalmanstungubændur aldrei þurft að gjalda fé, svo að teljandi sé, fyrir þá beit, sem teljast má þó þeirri góðjörð til hlunninda. Þó var sú beit ekki áhættulaus með öllu. Í vetrarfrostum var féð rekið á ísspöng, sem lagði á Lambhyl, en hún reyndist oft ótraust. Man ég eftir því, að Stefán Ólafsson, sem lengi var stórbóndi í Kalmanstungu á síðari helming 19. aldar, missti eitt sinn margar kindur í Lambhyl, sem voguðu sér þar út á ónýtan ís. Nú hafa síðari tíma bændur afstýrt þessari hættu með því að brúa ána þar, og með því notast beitin betur.

²⁸⁶ Skjal nr. 4(39).

Rjúpur hafa lengi verið skotnar í Geitlandi, en þangað er langt til sókna nema fyrir Kalmanstungumenn, sem hafa átölulaust notfært sér þar rjúpnaveiði og oft með góðum árangri.

Meðal afnota Geitlands fyrr á tímum var kvarnagrjót. Allt fram á síðustu áratugi 19. aldar var ekki til sá kotbóndi í sveit, að hann ætti ekki malkvörn í búi sínu. Allar þær kvarnir voru úr hraungrýti. Þótt hraunin væru mörg og víðáttumikil, var ekki auðfundið efni, sem talið var nothæft og auðunnið til slíkra hluta. Þó var einn sá staður í Geitlandi, sunnan megin við Svartá, þar sem hraunhellur lágu á víð og dreif, misjanflega stórar um sig, en lítið of þykkar í kvarnir. Úr þessari einkennilegu námu voru næstum allar kvarnir um Borgarfjarðarhérað og miklu víðar. Frá Húsafelli var oftast farið í Geitland einu sinni á sumri eftir kvarnagrjóti. Í þeirri för voru jafnan tveir menn með fimm eða sex áburðarhesta. Þurfti bæði hamra og meitla til þess að brjóta klyftæk kvarnaefni úr þessum fágætu hraunhellum. Urðu það þó oft þungir baggar og báru hestar sig ver undir slíkum aðdrætti en nokkru öðru, sem á þá var lagt. Eftir því sem tími leyfði, voru þessir steinar höggfir, þar til að úr þeim urðu fullsmíðaðar kvarnir með tilheyrandi járnum.²⁸⁷

Í fjallskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu, nr. 174/1952, er takmörkum leitarsvæðis Rauðsgilsréttar lýst á eftirfarandi hátt:

Hvítá takmarkar að norðan, en Langjökull að austan. Ok og Flókadalsá að sunnan.²⁸⁸

Í *Árbók* Ferðafélags Íslands, frá árinu 1954, eftir Harald Sigurðsson bókavörð, segir um Geitland:

Prestahnjúkur er svipmikið líparítfell eða höfði suðvestur úr hákúpu Geitlandsjökuls. Fjallið er ljóst hið efra, en neðar slær stálgráum og grænum lit á hlíðarnar. Fellur skriðjökull frá Geitlandsjökli niður í skarðið norðan þess, en annar frá Þórisjökli spyrnir í suðurhlíðina. Á bak við skriðjökul þennan og Prestahnjúk leynist dalkvos nokkur eða afdalur frá Kaldadal. Þar sprettur upp ein af upptakakvíslum Geitár, fellur undir skriðjökulsporðinn og beint vestur í Geitá um Langahrygg.

[...]

Þegar Langahrygg þrýtur, er Kaldidalur á enda, og við tekur Sléttulág og Skúlaskeið. Um Skúlaskeið hermir þjóðsaga, að maður nokkur, Skúli að nafni, var dæmdur til lífláts á alþingi. Honum tókst að flýja, en var veitt eftirför norður á Kaldadal. Hleypti Skúli hesti sínum á klungrin, og þorði enginn að fylgja honum eftir. Slapp hann og komst heim til sín, en hesturinn féll dauður niður af þreytu og mæði. Grímur Thomsen hefur ort kvæði, sem allir þekkja, eftir þjóðsögu þessari. Fyrir neðan Skúlaskeið hallar landinu til norðurs og austur að Geitá, en þar eru tiltölulega sléttir sandar niður með ánni

²⁸⁷ *Úr byggðum Borgarfjarðar*. Þórður Kristleifsson bjó til prentunar. Reykjavík, 1944. Bls. 16.

²⁸⁸ Skjal nr. 4(21).

vestan Hádegisfjalla. Þau eru tvö, Syðra- og Nyrðra-Hádegisfell, og er Þjófakrókur á milli og að baki þeirra upp við jökulinn. Í króknum eru sandar, en mosaflákar og grastægjur með lækjum og fossar háir af jökulstallanum. Hádegisfellin eru úr móbergi, grafin djúpum giljum.

Kaldadalsvegur heldur áfram ofan brekkurnar, niður Mjóasund og Lambártungur. Okíð er að baki, en í austri jöklar. Útsýni opnast yfir Geitland, þar sem árnar flæmast um gróin hraun og svarta sanda, Geitlöndin, eins og ferðamenn kölluðu árnar forðum. Beint fram undan er Strútur, og vestanhallt við hann í norðri sér á Tröllakirkju og Strandafjöll, en Baulu litlu vestar. Milli Eiríksjökuls og Strúts er breið lægð, hraunum þakin, og sér yfir hana norður um heiðar og til fjalla og fella þar norður undan. Loks er komið niður af fjallinu í Húsafellsskóg.

Geitland heitir tungan milli Geitár og Hvítár inn til jökla, milli Hafrafells og Hádegisfjalla, samfelld hraun, sem runnið hafa norður lægðina milli Hafrafells og hæðanna vestan Geitár. Heitir það Geitlandshraun. Syðst hefur það runnið vestur yfir ána á kafla og eins niður dalinn milli Tungu og Selfjalls, heim undir bæ á Húsafelli. Til austurs sveigði hraunið inn með norðurhlíðum Hafrafells upp undir Torfabæli og nafnlausu, flata öldu vestan Eiríksjökuls, undir Flosaskarði. Í lægðinni fyrir austan Strút hefur svört og úfin álma af Hallmundarhrauni runnið suður á það. Geitlandshraun eru runnin frá gíg upp undir jökli, suður af Hafrafelli.

[...]

Geitlandshraun er víðast slétt og greitt yfirferðar. Fátt er um hella, gjár og sprungur eða aðrar torfærur. Helzt mætti nefna Svartá, sem rennur í þröngu gljúfri norðvestur mitt hraunið.

[...]

Landslag er svipað um allt Geitland. Svartá skiptir því í tvær nokkurn veginn jafnar skákir, Suðurland og Norðurland. Upp með ánni eru vikur- eða gjallstrýtur á allöngum spotta neðan til og einnig uppi undir Hafrafelli. Benda þær ásamt rennsli árinna til þess, að farvegur hennar sé sprunga. Vestan við Kot er farvegur sá, sem Jökulsá heitir. Neðst í Geitlandi eru úfnir sandar, og munu þeir aðallega myndaðir af framburði Svartár. Annars er hraunið gróið og kostaland mikið, svo ekki þykja annars staðar kjarnmeiri sauðfjárhagar í Borgarfirði, og hvergi verður sauðfé þar vænna. Hafa landgæði þó rýrnað til muna frá því, sem áður var. Sunnan undir Strúti er dálítill skógartorfa, og nefnist hún Skógarhraun. Neðan til gætir vallendis nokkuð í gróðurfari, en sunnar og ofar fær mosinn yfirhöndina. Grasa- og berjaland er ágætt og kvistlendi mikið, til að mynda einir, fjalldrapi, víðir og margar lyngtegundir. Geitland var áður eign Reykholtskirkju, en er nú afréttur Reykdælinga og Hálssveitinga.

[...]

Í Geitlandi var byggð um eitt skeið. *Úlfur sonur Gríms háleyska* á Hvanneyri nam þar land. Hann var maður kynsæll, og meðal afkomanda hans voru Sturlungar og þeir Ísleifur og Gissur biskupar. Ekki er vitað, hve lengi byggð hélzt í Geitlandi, en þar sjást augljós merki tveggja bæja. Voru þeir báðir í Suðurlandi, austur undan Selfjalli og skammt á milli. Sagnir herma, að annar þeirra, hinn syðri, hafi heitið Hamraendar, en hinn Reykholt, og er hann þó venjulega nefndur Kot. Jökla-Helgi Ólafsson, sem getið er um í ættartölubókum, á að hafa búið síðastur manna í Geitlandi, en hann var uppi um eða fyrir 1600, og er fátt um hann vitað.

Fyrir austan Geitland rís Hafrafell, móbergsfjall, mikið fyrirferðar, skriðurunnið með djúpum giljum. Hæst er það nálægt miðju (1167 m). Jökull liggur fram á fellið austanvert og fellur í miklum klakafossi niður kverkina sunnan þess, og eru þar upptök Svartár. Suðurhlíðin er allbrött upp á hákoll fjallsins. Fyrir norðan hann er öxl, og gengur stuttur háls með nokkrum smáhnúkum norður þaðan. Að baki fjallsins norðaustanvert er Flosaskarð milli Eiríksjökuls og Geitlandsjökuls.²⁸⁹

Í fjallskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstað, nr. 297/1973, segir í 3. gr.:

Afréttir í Borgarfjarðarsýslu skulu vera þeir, er verið hafa og eru þessir:

1. Geitland milli Hvítár og Geitár, eign Hálsa- og Reykholtsdalshreppa, en þeir hreppar eiga meginafrétt sinn á Arnarvatnsheiði í Mýrasýslu.

[...]

Í sama skjali segir í 27. gr. um takmörk leitarsvæðis Rauðsgilsréttar:

Leitarsvæðið nær yfir lönd öll í Hálsahreppi og Reykholtsdalshreppi, að udanskildu Kálfanesi.²⁹⁰

Grein þessari var breytt með 1. gr. reglugerðar nr. 333/1976, með því að eftirfarandi setningu var bætt við:

Heimilt er þó að leita Geitland til Fljótstunguréttar.²⁹¹

Í ritinu *Goðorð og goðorðsmenn* eftir Lúðvík Ingvarsson frá árinu 1986 fjallað ítarlega um Geitlendinga og tengsl þeirra við Reykholt. Þar segir m.a.:

C. Reykhylltingagoðorð.

Á tólftu og þretándu öld var vestasta goðorðið í Sunnlendingafjórðungi nefnt Reykhylltingagoðorð. Karlleggur sá, sem með goðorðið fór á elleftu öld og fram yfir 1200, bjó í Reykholti í Reykjardal hinum nyrðri eða efri, eins og Reykholtsdalur var þá nefndur. Við Reykhylltinga hefir goðorðið þó ekki verið kennt frá upphafi, því að bær mun ekki hafa verið gerður í Reykjaholti

²⁸⁹ Árbók Ferðafélags Íslands, Borgarfjarðarsýsla norðan Skarðsheiðar, 1954, eftir Harald Sigurðsson, bókavörð, bls. 92–95.

²⁹⁰ Skjal nr. 4(23).

²⁹¹ Skjal nr. 4(24).

fyrir en seint á tíundu öld eða snemma á hinni elleftu. Um og eftir miðja tíundu öld voru þar sauðahús (1). Reykjaholts er fyrst getið í sambandi við Þórð Sölvason, föður Magnúss, föður Oddnýjar, seinni konu Einars Magnússonar goðorðsmanns á Hofi í Álftafirði (2). Reykhyllingagoðorð með því nafni hygg ég að fyrst sé getið í Sturlu sögu 1181 (3), en nafnið hefir komið upp löngu fyrir.

Á skrá Landnámu um göfugustu landnámsmenn er talinn síðastur í Sunnlendingafjórðungi Önundur breiðskeggur. Sonur hans var Tungu-Oddur, sem enginn efi leikur á að hafi verið goðorðsmaður. Svo sem síðar segir, eru verulegar líkur til, að goðorð næst fyrir sunnan Hvítá hafi í fyrstu verið í eigu tveggja ætta, ættar frá Önundi breiðskegg annarsvegar og hinsvegar Geitlendinga, afkomenda Úlfs Grímssonar hins háleygska, en Grímur kom út á skipi Kveldúlfs og stýrði því, eftir að Kveldúlfur lést í hafi.²⁹²

[...]

Um Illuga rauða segir í Landnámu (17), að hann hafi fyrst búið í Hraunsási en síðan á Hofsstöðum í Reykjardal, því að Geitlendingar hafi átt að halda uppi hofi á Hofsstöðum að helmingi við Tungu-Odd. Frá Geitlendingum verður sagt hér á eftir. Þeir virðast eftir þessu hafa átt hálf hof á móti Oddi, borið hálfar skyldur hofgoða og þá haft hálfar tekjur af hof tollum.²⁹³

[...]

2. a. Úlfur hinn geitlenski Grímsson

Úlfur er talinn hafa numið land á milli Hvítár og suðurjökla. Hann hefir verið fæddur á Íslandi. Því hefir hann ekki numið land fyrir en komið var langt fram á landnáms tíð. Má gera ráð fyrir, að hann hafi ekki hafið búskap fyrir en eftir 910 eða þegar faðir hans var kominn yfir fimmtugt. Úlfur hefir getað verið liðlega fertugur, þegar allsherjarríki var stofnað.

Kona Úlfs er ekki nefnd, en getið er tveggja sona hans, Hrólfs og Hróalds. Hrólfur Úlfsson er nefndur hinn geitlenski í Harðar s. en í Landnámu er hann nefndur hinn auðgi (28).

Hróaldur Úlfsson er aðeins nefndur í Landnámu (29). Þess er ekki getið, hvar hann bjó eða hver var kona hans. Getur verið, að hann hafi tekið við jörðum í landnámi afa síns, Gríms.

Þegar sagt er frá deilum Tungu-Odds, er Úlfs í Geitlandi ekki getið og ekki sona hans. Þær deilur stóðu eftir 960. Þá hefir Úlfur getað verið látinn.

Synir Úlfs hafa erfð hann.

3. Hrólfur hinn auðgi Úlfsson .

Hrólfur hefir búið í Geitlandi (30). Öruggt er, að Halldóra, fyrsta kona Gissurar hvíta, var dóttir hans. Gissur hefir valið sér konu af ætt

²⁹² Goðorð og goðorðsmenn, e. Lúðvík Ingvarsson, Egilstöðum 1986. 2.b., bls. 371.

²⁹³ Bls. 377.

goðorðsmanna, en verið getur, að hann hafi einnig átt von á drjúgri heimanfylgju. Af aldri Vilborgar Gissurardóttur þykir mér mega ráða, að Halldóra hafi verið fædd fyrir 960. Verða þá eðlileg ættiliðabil milli hennar og Gríms en þó í styttra lagi.

Í Harðar s. eru Sölvi og Illugi rauði taldir synir Hrólfs hins geitlenska. Þeirri ættfærslu vil ég ekki hafna og þó ekki fullyrða, að hún sé rétt.²⁹⁴

[...]

6. Þórður prestur Sölvason

Þórðar er einkum getið í ættartölum. Aldur hans verður varla miðaður við annað frekar en aldur Magnúss, sonar hans, sem telja má víst, að hafi verið fæddur 1048 eða litlu síðar. Getur ekki verið langt frá réttu, ef þess er getið til, að Þórður hafi verið fæddur 1005 – 1015. Áður hefur komið fram, að nafn Þórðar er nefnt í Sturlubók, Hauksbók og Geirmundar þætti (36). Í Sturlu sögu er hann einnig nefndur (37). Í Bandamanna s. (38) er hann látinn koma að banabeði Hermundar Illugasonar á Gilsbakka um miðja 11. öld. Þar er hann kallaður „Þórður prestur í Reykjaholti Sölvason“. Í Sturlubók og Hauksbók er hann einnig sagður í Reykjaholti. Þar sem faðir hans var kenndur við Geitland en Þórður við Reykjaholt, liggur nærri að álykta, að annar hvor þeirra hafi fyrstur gert bæ í Reykjaholti. Í Landnámu segir (39), að í Reykjaholti hafi verið sauðahús nálægt miðri 10. öld.

Ef það er rétt, sem segir í Bandamanna sögu, að Þórður hafi verið prestur, mun hann hafa verið einn hinn fyrsti Íslendingur, sem nam klerklegan lærdóm. Hefir hann getað numið hjá einhverjum hinna erlendu biskupa, sem hingað komu á fyrri hluta 11. aldar. Í Hungurvöku (40) segir, að Rúðólfur biskup, sem Ari nefnir Hróðólf (41), hafi verið hér í 19 ár. Hann bjó í Bæ í Borgarfirði. Menn hafa talið hann dvelja hér frá 1030 til 1049. Hann dó 1052.

Ástæða er til að ætla, að Þórður hafi farið utan á ríkisstjórnarárum Magnúss konungs Ólafssonar, 1034–1047, og hafi hann þó kynnst konunginum, því að hann lét son sinn heita Magnús.

Kona Þórðar er hvergi nefnd. Ekki er vitað, hve lengi Þórður hefir lifað, en hann hefir verið látinn, áður en Þórður, sonarsonur hans, fæddist.

7. Magnús prestur Þórðarson

Magnús hefir fæðst mjög skömmu eftir dauða Magnúss konungs Ólafssonar. Fregnin um andlát hans hefir ekki borist til Íslands fyrr en sumarið 1048. Hefi ég talið Magnús prest fæddan það ár. Magnúss er getið í ættartölum í Landnámu, Harðar s., Geirmundar þ., Sturlu s. og Hungurvöku. Í Kristni s. er hann talinn meðal höfðingja, sem vígðir voru til presta á dögum Gissurar biskups. Ef til vill hefir Magnús ekki lifað fram yfir 1118, því að í

²⁹⁴ Bls. 384–385.

Kristni s. er hans ekki getið í hópi höfðingja, sem voru í landinu, þegar Gissur biskup dó. Þá ætti hann að hafa verið um sjötugt, ef hann hefði lifað.

Konu Magnúss er hvergi getið. Oddný, dóttir hans varð seinni kona Einars Magnússonar á Hofi í Álftafirði. Hún hefir gifst eftir 1098 og hefir getað verið fædd nálægt 1080. Hafa þá verið rúmlega 30 ár á milli hennar og Magnúss, föður hennar.

Tveir synir Magnúss eru nefndir, Sölvi og Þórður.

8. Sölvi Magnússon

Sölvi og Þórður hafa getað erft Reykhyltingagoðorð báðir og átt það saman. Er líklegt, að Sölvi hafi farið með goðorðið, eftir að faðir hans dó, þó að þess sé hvergi getið. Þeir bræður eru ekki nefndir í sambandi við deilur Þorgils og Hafliða nema ef vera skyldi, að þeir eigi að teljast meðal höfðingja fyrir vestan Bláskógaheiði, sem allir voru með Þorgilsi 1121 (42).

Í Gottskálksannál segir við árið 1128 :

„Vígður Þórir Steinmóðarson og Sölvi Magnússon.“

Það mun vera misskilningur, að Sölvi hafi verið vígður þetta ár. Hann mun hafa verið veginn þá, eins og segir í Konungsannál, en þar er vígið reyndar fært til ársins 1129.

Ekki er vitað um tildrög að vígi Sölva. Hann átti tvo syni, sem báðir urðu prestar, Pál og Ólaf. Þeir hafa verið ungir, þegar faðir þeirra var veginn. Ólafs er getið sem prests á Helgafelli um 1170 (43). Páll var með vissu óskilgetinn. Frá honum segir síðar. Líklega hefir Ólafur einnig verið óskilgetinn. Hafi svo verið, hefir Þórður Magnússon erft bróður sinn, Sölva.

8. a. Þórður Magnússon

Ekki er unnt að kveða nákvæmlega á um aldur Þórðar. Hann virðist hafa verið fæddur nálægt 1080, e.t.v. fáum árum síðar. Með Reykhyltingagoðorð hefir hann farið frá 1129, er Sölvi, bróðir hans, dó.

Kona Þórðar var Þórdís Bótólfsdóttir. Ætt hennar er víða rakin í Landnámu og einnig í Þorsteins þ. stangarhöggs. En ættfærslan ekki alltaf nákvæmlega á sama veg. Bótólfur, faðir Þórdísar, er ýmist talinn sonur Þorsteins Sveinbjarnarsonar, Hrafinkelssonar goða, Þórissonar eða sonur Sveinbjarnar sjálfs. Einnig fer tvennum sögum af því, hver var móðir Bótólfs. Fleira er á reiki um ætt hans. En kona Bótólfs og móðir Þórdísar var Guðrún Ámundadóttir, Þorsteinssonar, Síðu-Hallssonar. Hún átti til austfirskra goðorsmanna að telja, Hofverja í Álftafirði, Ketils þryms, Krossvíkinga og Hofverja í Vopnafirði. Auk þess má rekja ætt hennar til Snorra goða og Einars Þveræings.

Ef ætliðum frá Þorsteini Síðu-Hallssyni til Snorra Sturlusonar er raðað með jöfnum bilum á milli ætliða, sýnist trúlegt, að Þórdís hafi verið fædd um 1080 – 1090.

Berum orðum er aðeins getið um eitt barn Þórðar og Þórdísar, Helgu, sem giftist Böðvari Þórðarsyni, Skúlasonar. En síðar kemur í ljós, að Helga hlýtur að hafa átt tvær arfgengar systur.

Svo vill til, að báðir afar Þórðar Sölvasonar báru Þórðarnafn. Því er ekki unnt að miða dánardægur Þórðar Magnússonar við fæðingu hans.

Ástæða er til að ætla, að Þórður Magnússon hafi gefið Reykjaholtskirkju stofninn að eignum hennar, sem koma fram í fyrsta hluta Reykjaholtsmáldaga.

Helga Þórðardóttir og systur hennar hafa erft föður sinn, en Reykhyltingagoðorð gekk ekki í ættlegg frá Þórði.

9. Páll prestur Sölvason

Þar sem Páll var ekki skilgetinn, hefir hann ekki erft hlut í Reykhyltingagoðorði. Hann hefir verið fæddur um 1110 – 1120 og hefir verið barn að aldri, þegar faðir hans var veginn. Líklega hefir hann verið fóstraður hjá Þórði, föðurbróður sínum í Reykjaholti. Þegar Þórður dó, hefir Páll verið fullþroska og bræðrungr hans, sem goðorðið hafa erft, hafa falið honu meðför þess. Hann hefir einnig tekið við staðfestu í Reykjaholti, þó að frænkur hans hafi ekki afsalað sér þeim heimildu, sem þær höfðu á jörðinni.

Páll hefur hlotið prestsvígslu fyrir 1143, því að hann er á skrá Ara um kynborna presta og er þar talinn síðastur presta í Sunnlendingafjórðungi, eins og efni stóðu til.

Páll átti Þorbjörgu Bjarnadóttur, systur Auð-Helgu, konu Brands biskups Sæmundssonar. Ekki er vitað, hværrar ættar þær voru. Með konunni hefir Páll fengið stofninn að auðæfum sínum.

Við atburði er Páls fyrst getið 1148. Eftir brunann í Hítardal var hann sendur ásamt öðrum manni til að flytja tíðindin Halli Teitssyni og Eyjólfí Sæmundssyni. Þeir sátu veislu ásamt fleiri höfðingjum austur í Fljótshlíð (44).²⁹⁵

[...]

Páll lifði í 4 ár eftir að lauk deilum hans við Böðvar og Sturlu. Hann andaðist 1185.

[...]

Synir Páls og Þorbjargar voru Brandur og Magnús. Þeir voru báðir prestar. Í konungsannál segir, að Brandur hafi drukknað 1183.

10. Magnús prestur Pálsson

Magnúss er fyrst getið í frásögn Sturlu sögu af gangi Deildartungumála vorið 1179 (51).

²⁹⁵ Sama heimild, bls. 388–392.

[...]

Lítur út fyrir, að þeir bræður hafi þá báðir verið í Reykjaholti. Í byrjun sumars næsta ár er Magnús kvæntur Hallfríði Þorgilsdóttur, Arasonar fróða (52). Ekki er frásögn Sturlu s. svo ótvíræð, að fullyrða megi, að Magnús og Hallfríður hafi ekki gifst fyrir. Um þetta leyti er Magnús orðinn prestur. Hann fór að búa á Helgafelli eigi síðar en í fardögum 1181 (53).

Getur verið, að hann hafi flutt þangað ári fyrir. Þar hefur Magnús búið fá ár. Þorbjörg, móðir hans, andaðist 1181 (54), og Brandur, bróðir hans, 1183. Magnús var einkaerfingi föður síns. Hefir hann flust í Reykjaholt í síðasta lagi 1185 að föður sínum látnum. Þó getur verið, að hann hafi flutt þangað fyrir.

[...]

Magnús og Hallfríður koma lítið við atburði. Þau hafa búið í Reykjaholti a.m.k. í rúm 20 ár og áttu tvo syni, Brand prest og Ara prest.

Þegar Snorri Sturluson hafði búið á Borg fá ár, girntist hann mjög að ná forræði fyrir stað í Reykjaholti.

[...]

Áður var drepið á það, að Páll Sölvason var ekki skilgetinn og hafði Reykjaholt ekki komist í hendur hans að réttum erfðum, hvernig sem samningar hafa verið með honum og erfingjum Þórðar, föðurbróður hans, er Páll tók við Reykhyltingagoðorði og settist að í Reykjaholti.

[...]

Snorri brá nú á það ráð, að hann tók heimildir af Þórði og þeim, sem voru fjáfnánir honum til forræðis fyrir stað í Reykjaholti. Síðan samdi hann við Magnús og Hallfríði, að hann tæki við staðnum og þau dveldi þar áfram, en Snorri kæmi sonum þeirra til þess þroska, sem auðið yrði. Magnús lifði lengi eftir þetta. Hann dó 1223.

Um leið og samið var um staðarforráð í Reykjaholti, hefir samist um, að Snorri tæki við Reykhyltingagoðorði. Var þá lokið meðför karlleggs frá Grími háleygska á vestasta goðorðinu í Sunnlendingafjórðungi. En goðorðið var þó ekki gengið úr ætt Gríms. Snorri var kominn af honum um tvö kvenkné. Milli fæðingar Gríms og fæðingar Snorra hafa liðið nær 320 ár og var Snorri tündur ætliður frá Grími, ef Sölvi er talinn sonur Hrólfs Hróaldssonar en níundi, ef Sölvi er talinn sonur Hrólfs hins auðga.²⁹⁶

Í 3. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstað nr. 374/1986 segir m.a.:

Afréttir í Borgarfjarðarsýslu skulu vera þeir, er verið hafa og eru þessir:

1. Geitland milli Hvítár og Geitár, eign Hálsa- og Reykholtisdalshreppa, en þeir hreppar eiga meginafrétt sinn á Arnarvatnsheiði í Mýrasýslu.

²⁹⁶ Sama heimild, bls. 395–397.

Þá segir í 27. gr.:

Fjallskiladeildir og réttir í Borgarfjarðarsýslu skulu vera þessar:

1. Rauðsgilsrétt: Leitarsvæðið nær yfir öll lönd í Hálsahreppi og Reykholtaldshreppi að undanskildu Kálfanesi. Geitland skal þó leitað fyrir Fljótstunguréttar.²⁹⁷

Í auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 283/1988 um friðlýsingu Geitlands í Borgarfirði segir eftirfarandi:

Að tillögu hreppsnefnda Hálsahrepps og Reykholtaldshrepps hefur [Umhverfisstofnun] ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa afréttin [svo] Geitland, sem er eign fyrrnefndra hreppa.

Geitland er friðland samkvæmt 24. gr. náttúruverndarlaga nr. 47/1971.

Mörk friðlandsins eru eftirfarandi: Geitland takmarkast af Hvítá að norðan, Geitá að vestan og Langjökli að sunnan og austan, í samræmi við landamerkjabréf, dags. 21. október 1921. Að öðru leyti vísast til meðfylgjandi uppdráttar.

Um friðlandið gilda eftirfarandi reglur:

1. Mannvirkjagerð og jarðrask allt er bannað án leyfis [Umhverfisstofnunar].
2. Óheimilt er að beita búfé innan friðlandsins næstu 10 árin a. m. k.
3. Umferð vélknúinna ökutækja er óheimil utan vega og merktra slóða.
4. Öllum er heimil för um friðlandið, enda sé góðrar umgengni gætt.
5. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf eða raska jarðmyndunum.

Reglur um beit búfjár innan friðlandsins verða endurskoðaðar að 10 árum liðnum.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar].

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.²⁹⁸

Í *Árbók* Ferðafélags Íslands, frá árinu 1988, er fjallað um Geitland. Þar segir m.a.:

Geitland heitir landið milli Hvítár og Hafragils að norðan og Geitár að sunnan. Ekki er glöggð hve langt Geitlandið nær upp með Geitá en í hugum

²⁹⁷ Skjal nr. 4(25).

²⁹⁸ Skjal nr. 4(67).

manna er það til Nyrðra-Hádegisfells og Þjófakróks enda eru þar hagar þrotnir að mestu.²⁹⁹

[...]

Byggð var í Geitlandi til forna. Landnáma nefnir bændur þar og rústir sjást af tveimur býlum. Annað býlið hét Kot en hitt Hamraendar og geymdust þessi nöfn í minni manna og fluttust milli kynslóða eins langt og rakið verður. Kotið er á nyrðri barmi Jökulhlaupsins við hæð sem nefnist Kotmelur. Umhverfis Kotmelinn sem er óbrynnishólmi í hrauninu er góður vallendisgróður svo að vel byggilegt hefur verið í Koti. Síðasti bóndi í Koti er talinn hafa verið Jökla-Helgi. Kristleifur getur um hann í þættinum um Geitlandið í Úr byggðum Borgarfjarðar I. Hann mun hafa verið uppi á 17du öld. Fjölmargir Borgfirðingar rekja ættir sínar til hans og er mín kynslóð sú tíunda frá honum og má af því geta sér til um það hvenær hann var uppi.³⁰⁰

[...]

Niður á móts við Borgirnar í Tungunni voru árnar Geitá og Hvítá svo nálægt hvor annarri að aðeins nam nokkrum tugum metra. Þær runnu svo um tvo kílómetra niður með Tungunni hlið við hlið og var aldrei lengra á milli þeirra en svo sem 200 metrar. Þarna var landið heldur grónara en á Söndunum en þó hét þetta land Svelt. Um 1930 veittu Kalmanstungumenn Hvítá í Geitá þar sem mjóst var á milli þeirra skammt frá klettahól sem heitir Skollhóll og er hann aðskilinn frá Borgunum. Þetta gerðu þeir til að auðveldara yrði að brúa árnar báðar í einu og reyndist þetta mikil framsýni. Þegar farvegur Hvítár var orðinn þurr niður með Tungunni komu í ljós gríðarfjölbreyttir skessukatlar þar sem flúðir höfðu verið áður. Þeir eru nálægt kílómetra fyrir neðan brúna á Hvítá. Um 1980 var farvegi Hvítár breytt á Söndunum. Hún varð að þoka vegna vegalagningar og rennur nú eftir þráðbeinum farvegi gerðum af jarðýtum út í Geitá.

Þjófakrókur er efst og syðst í Geitlandinu. Hann er á milli Nyrðra-Hádegisfells og Langjökuls. Í honum er ein rýr grastorfa. Þar segir þjóðsagan að Fjalla-Eyvindur hafi dvalist um tíma. Ekki sér fyrir neinum rústum í Þjófakrók og er þessi þjóðsaga ósennileg.³⁰¹

Í ritinu *Byggðir Borgarfjarðar*, II. bindi, frá árinu 1989, segir m.a.:

Milli Geitár og Hvítár var tunga neðst í Geitlandi, sem nefndist Svelt. Um 1930 var Hvítá veitt í Geitá ofan við Sveltið, og missti staðarnafnið við það merkingu sína að vera svelt fyrir sauðfé, það opnaðist norður úr.

Kalmanstungumenn framkvæmdu þessar vatnsveitingar til að auðvelda brúargerð, þótt ekki kæmi það að gagni fyrr en löngu síðar.

²⁹⁹ *Ferðafélag Íslands. Árbók 1988. Vörður á vegi. Húsafell – Geitland – Kalmanstunga – Hallmundarhraun. Eftir Þorstein Þorsteinsson. Bls. 36.*

³⁰⁰ Sama heimild, bls. 40.

³⁰¹ Bls. 40.

Reykðælingar og Hálssveitningar hafa gætt réttar síns gagnvart Sveltinu og halda á því eignarrétti, þó Hvítá falli sunnan þess.

Getið er byggðar í Geitlandi á landnámsöld, en „Geitland með skógi“ er talið eign Reykholtskirkju í elsta hluta Reykholtsmáldaga frá um 1185 og virðist óbyggt. Sumir tala um Jökla-Helga, sem á að hafa búið í Geitlandi um 1600, en það er afar óvíst. Rústir eru á tveimur stöðum í Geitlandi, og nefnast þær Kot/Geitlandskot og Hamraendar. Eins og fyrr sagði var Reykholtskirkja eigandi Geitlands, en nú er það í eigu Reykholtsdals- og Hálsahreppa. Hefur það um aldir verið nýtt sem afréttur, en skal nú friðað um óákveðinn tíma (fyrir beit í 10 ár frá 1987) og er afgirt.³⁰²

[...]

Óbyggðin á einnig sína fegurð. Í Geitlandi eru ýmsir staðir fagrir og Kaldidalur getur sýnt sig frá mörgum hliðum, en minnisstæðust verður væntanlega öræfatign hans.³⁰³

Einnig er fjallað um Geitland í III. bindi ritsins *Byggðir Borgarfjarðar*, III. bindi, frá árinu 1993:

Geitland

Geitland er í tungunni milli Hvítár og Geitár. Frá fornu fari og fram á þessa öld tilheyrði þetta land Reykholtskirkju. Í Reykholtsmáldaga frá 1185 á kirkjan „Geitland með skógi“. Árið 1926 kaupir Upprekstrarfélag Reykholtsdals- og Hálsahreppa landið af Kirkjujarðasjóði. Mörk þess eru gegnt Húsafelli að vestan um Geitá. Gagnvart Kalmanstungu að norðan eru þau um Hvítá og Hafragil, en að austan ráða jöklar.

Mestur hluti landsins er þakinn hrauni. Víða er það allvel gróið og greiðfært, en til eru kargahraunsblettir sem eru nánast ófærir, eins og t.d. Ósléttahraun, sem er suðaustur af bænum í Kalmanstungu. Hraunið í Geitlandi er talið mun eldra en Hallmundarhraun. Það hefur komið úr gíg vestan undir Langjökli. Frá honum má sjá hrauntraðir eða farvegi eftir hraunrennsli niður eftir Geitlandinu. Sú mesta hefur orðið farvegur fyrir Svartá, sem kemur úr Langjökli fyrir sunnan Hafursfell og nánast skiptir Geitlandi í svonefnt Norðurland og Suðurland.

Skipta má Geitlandinu í fjögur svæði, Sveltið, Sandana, gróðurbeltið og auðnirnar næst jöklum. Sveltið er mjó landræma, sem gengur um 2 km niður með Tungunni á milli landa Húsafells og Kalmanstungu. Áður var það milli Geitár og Hvítár, en Hvítá var veitt í Geitá við Skollhól um 1930 til þess, að hægara yrði að brúa árnar í einu lagi. Um 1980 var farvegi Hvítár breytt aftur og ármótin færð austar, til þess að verja Tunguna landbroti. Liggur þjóðvegurinn niður frá Kalmanstungu nú eftir árfarveginum og niður eftir Sveltinu.

³⁰² *Byggðir Borgarfjarðar*, II. bindi. Búnaðarsamband Borgarfjarðar, 1989. Bls. 357.

³⁰³ Sama heimild, bls. 361.

Sandarnir eru flatt, gróðurlaust svæði neðst í tungunni milli ána. Fyrrum féll Svartá niður um Sandana og flæmdist þar um. Henni var veitt suður í Geitá með varnargarði til þess, að Sandarnir mættu gróa upp, en því miðar hægt. Þeir voru friðaðir með aðstoð Landgræðslunnar 1975. Framan við Sandana tekur hraunið og gróðurbeltið við. Í brekkum og lautum milli hraunhólanna er vallendisgróður og víða er mikið af fjallagrösum og berjalyngi. Þarna er hið besta sauðland.

Ofan við gróðurbeltið eru sandi orpin hraun. Aurar og jökulruðningar eru inni í Þjófakrök, sem er milli Langjökuls og Nyrðra-Hádegisfells, og einnig suður með Geitlandsjökli að upptakakvíslum Geitár, sunnan við Prestahnjúk, norðan undir Þórisjökli.

Svartá getur verið hið versta forað, ef hlýindi eru og mikil leysing í jöklinum. Samt verður hún nánast þurr í kulda og þurrkatíð. Nokkuð sunnan við Svartá er hrauntröð þurr og gróin í botni, nefnd Langalaut, og enn sunnar er ein tröð enn, nefnd Jökulhlaup. Það er töluvert gljúfur, sorfið af jökulvatni, en hverfur undir sand, er ofar dregur.

Trússá er bergvatnsá, sem sprettur fram í hrauninu suðaustur frá bænum í Kalmanstungu. Bændur hafa þar virkjað hana til rafmagnsframleiðslu.

Til forna er talin hafa verið byggð í Geitlandi. Landnáma getur þar um, en líklegt er, að þar sé átt við stærra land en nú nefnist Geitland. Sjá má á tveimur stöðum leifar af rústum. Var annað býlið nefnt Kot og var norðan við Jökulhlaupið, við svonefndan Kotmel. Hitt er nefnt Hamraendar og var sunnan við Jökulhlaupið.

Í Geitlandi hefur jafnan verið talið gott berjaland og grasatekja með ágætum. Einnig hefur það verið álitid gott rjúpnaland.

Landið hefur um aldir verið notað sem afréttur fyrir fráfarulömb og geldfé. Fé var ekki rekið sérstaklega í Geitland, eftir að Reykdælir og Hálsuveitungar keyptu land á Arnarvatnsheiði um 1880, fyrr en á sjöunda tug þessarar aldar eða í rúm 80 ár. Jafnan slæddist þó fé í Geitland úr uppsveitunum. Á þessari öld var Geitlandið jafnan smalað á fyrsta degi Húsafellsleitar, sem stóð í 3 daga fyrir 1. Rauðsgilsrétt.

Fram að fjárskiptum 1950 var réttað í rétt við Trússá, og hafði Geitlandsfé verið réttað þar frá ómunatíð. Jafnan fóru þrír menn frá upprekstrarfélaginu til smölunar með Húsfellingum. Hést þessi skipan, þar til Húsfellingar hættu fjárbúskap um 1970. Árið 1927 gerðu Kalmanstungubændur og hreppsnefndirnar samkomulag um, að Kalmanstungubændur mættu nýta vetrararbeit í Geitlandi gegn því, að niður félli umtal um ágang hrossa á Arnarvatnsheiði. Upp úr 1970 voru orðnar breyttar forsendur fyrir nýtingu landsins, sem leiddu til meiningarmunar milli upprekstrarfélagsins og eigenda jarða, sem liggja að Geitlandi. Var þá Geitlandið girt og samið við Húsfellinga um aðstoð við smölun á Húsafellslandi, sem nú er að miklu leyti

innan girðinga. Féll einnig niður samkomulag við Kalmanstungumenn um beit í Geitlandi.

Eftir fjárskipti var jafnan dregið í sundur í Kalmanstungu og rekið að Húsafelli og því næst til Rauðsgilsréttar. Um nokkurra ára skeið var Geitland smalað til 1. Fljótstunguréttar. Geitlandið er nú friðað fyrir búfjárrekstrum um 10 ára skeið, frá 1987. Þó slæðist þangað kind og kind. Það er smalað þriðjudag og miðvikudag í 21. viku sumars. Seinni daginn er líka smalað á Húsafelli. Geitlandið er tvíleitað af sex mönnum, en 9 menn leita Húsafellsland einu sinni af hálfu upprekstrarfélagsins. Féð er flutt til 1. Rauðsgilsréttar, sem er á föstudegi í 22. viku sumars.

Til heimilda að þessum pistli og nánari fróðleiks um sögu Geitlands og nýtingu er að leita til ritsins Úr byggðum Borgarfjarðar eftir Kristleif Þorsteinsson á Stóra-Kroppi, ritgerðar Þorsteins Þorsteinssonar um Geitland í Árbók Ferðafélags Íslands 1988, svo og gjörðabóka Reykholtsdals- og Hálsahreppa.³⁰⁴

Í *Árbók Ferðafélags Íslands*, frá árinu 2004, segir um Geitland:

Geitland og Geitlandshraun

Geitlandshraun er talið vera gamalt (allnokkurra þúsunda ára) og vera runnið frá gíghólum tveimur, sem enn standa sunnan undir Hafrafelli.

[...]

Geitland mun hafa verið skógi klætt og enn eru hraunin að mestu þakin skógi neðan Geitár, en umtalsverður skógur hefur líka verið innan hennar í Geitlandi, því að Reykholtskirkja átti „Geitland allt með skógi.“ Kvistlendi er þar enn í dag og þóttu þar afbragðsgóðir sauðfjárhagar, ef landið var ekki ofsetið. Við Jökulhlaupið, sitt hvorum megin í um 300 m hæð y. s., eru menjar eyðibýla, sem hétu *Kot* (eða Geitlandskot) og *Hamraendar*, sem stóðu við „... silfurtæran kaldavermslislæk, með fjölskrýddum og angandi blómabökkum.“ Tún og tóftir eru þar nú komin í hris og lyng. Hjá Koti var þar lind og hleðsla við upptök hennar. Tún voru þar þakin töðugróðri og voru slegin annað veifið frá Húsafelli fram til 1882, segir Kristleifur á Kroppi. *Jökla-Helgi Ólafsson* á að hafa búið síðastur manna í Geitlandi (líklega í Koti), á 16. öld.

Landsnyttjar voru ýmsar í Geitlandi. Þar var fjallagrasaland feikna gott, berjaland mikið og ókjör af eini, sem meðal annars var notaður til ilmgjafar í húsum manna, í einiberjabrennivín og til tyftingar sem „hlandblaut einihrisla“, en ekki eru að vísu kunn dæmi þeirra nota, nema í hótunum. Auk þess voru í Geitárgljúfrum hvannir, sem þóttu gefa úrvals hvannarótarbrennivín, ef í það var lagt. Enn skal telja kvarnargrjót, en frá því seint á 18. öld og fram til loka 19. aldar var flutt inn mikið af ómöluðu korni, sem svo var malað á heimilum í handkvörnum, úr tveimur kvarnarsteinum,

³⁰⁴ Byggðir Borgarfjarðar, III. bindi. Bls. 394–395.

kringlóttum, sem féllu flatir hvor að öðrum. Þurfti alveg sérstakt grjót til þess, best smádílótt og smáblöðrótt hart hraungrjót, sem klofnaði í mátulega þykkan hellur. Það grjót var að fá í Geitlandi, sunnan Svartár, langleiðina uppi á milli fella. Voru nær allar kvarnir í Borgarfirði úr því grjóti. Húsafellsmenn sóttu grjótið á sumrin á hestum, og voru það illar klyfjar, en hjuggu hellurnar til endanlega, járnudu og sköftuðu á veturna, enda hagleiksmenn og margir góðir steinsmiðiðir. Leið lá áður um Geitland þvert, ofan Geitárgljúfra, vestan Hafrafells, um Hvítárdrög undir Eiríksjökli og um jökulvatna- og foksandsfyllt hraun norður að Helluvaði. Þessi leið mun hafa lagst af, þegar kom fram á „litlu ísöld“ (nærri 1600–1900), gróður rýrnaði til fjalla, jaðar Langjökuls færðist fram og jökulvatn komi í Svartá. Geitland hefur nú verið friðað fyrir fé árum saman, og er gróður þar sem óðast að taka við sér og dafna.³⁰⁵

Þann 3. júní 1994 féll í Hæstarétti dómur í máli nr. 247/1994. Þar var um að ræða mál ákærvaldsins gegn tveimur mönnum sem ákærðir höfðu verið fyrir „að ætla til fuglaveiða í Geitlandi, Borgarfirði, sunnudaginn [...] 25. október 1992“. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 33/1966 um fuglaveiði og fuglafriðun, sem í gildi voru á þeim tíma sem hin meintu brot voru framin, var landeiganda einum heimil fuglaveiði í landareign sinni, nema lög mæltu fyrir á annan veg. Ákvæði 2. mgr. 5. gr. sömu laga heimiluðu hins vegar öllum íslenskum ríkisborgurum fuglaveiði í afréttum og almenningum utan landareigna lögbýla, enda gæti enginn sannað eignarrétt sinn á þeim. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að ákvæði sama efnis hafi verið í 1. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 5. gr. eldri laga um fulgaveiðar og fuglafriðun nr. 63/1954 og að í athugasemdum við frumvarp til þeirra laga hafi sérstaklega verið á það bent, að með orðinu „eignarréttur“ í 2. mgr. 5. gr. hafi einungis verið átt við bein eignarréttindi að landi eða landsvæðum. Landareign í skilningi 2. gr. laga nr. 33/1966 verði samkvæmt þessu að vera háð beinum eignarrétti. Í dómi Hæstaréttar segir:

Í kjölfar landnáms virðist Geitland hafa verið fullkomið eignarland. Þegar litið er til hinna elstu heimilda um rétt Reykholtskirkju að Geitlandi, virðist það hins vegar vafa undirorpið, hvort landið sé eignarland, þar sem tekið er fram í heimildum, að skógur fylgi landi. Heimildir ríkisins til að afsala Hálsahreppi Geitlandi eru leiddar af rétti Reykholtskirkju til landsins, og leikur þannig vafi á því, hvort það er eign, sem háð er beinum eignarrétti. Þá verður heldur ekki ráðið af öðrum gögnum málsins, hvort Hálsahreppur og Reykholtsdalshreppur eiga bein eignarréttindi að Geitlandi eða einvörðungu beitarrétt eða önnur afnotaréttindi.

Þar sem vafi leikur á um það, hvernig eignarrétti Hálsahrepps og Reykholtsdalshrepps að hinu umdeilda landi er háttað, ber með vísan til 45. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála að sýkna ákærðu af tilraun til

³⁰⁵ *Árbók Ferðafélags Íslands*, Borgarfjarðarhérað milli Mýra og Hafnarfjalla, 2004, eftir Freysteinn Sigurðsson, bls. 181–183.

brots gegn 1. mgr. 2. gr. laga nr. 33/1966, sbr. 41. gr. sömu laga, sbr. 33. gr. laga nr. 116/1990, sbr. nú 2. mgr. 8. gr. laga nr. 64/1994.³⁰⁶

Þann 16. desember 2004 dæmdi Hæstiréttur í máli nr. 294/2004; Afþreyingarfélagið ehf. (A) gegn Fjallamönnum ehf. (F). krafðist A þess að viðurkenndur yrði réttur hans til að banna F á gildistíma leigusamnings A við Hálsahrepp og Reykholtisdalshrepp, síðar sjálfseignarstofnunina Arnarvatnsheiði og Geitland, öll afnot af og alla umferð um landsvæði, sem afmarkast af Hafursfelli að norðan með beinni línu í Geitlandsgíg, síðan með beinni línu vestan við gíginn 100 m neðan við brú á Geitá, þaðan eftir Geitá til upptaka hennar og loks þar sem vatnaskil ráða á Langjökli í Hafursfell. krafðist A þess að viðurkenndur yrði réttur hans til að banna F á gildistíma áðurnefnds samnings umferð um einkaveg A frá skála hans að brún Langjökuls, svo og að slá upp búðum og koma upp aðstöðu, þjónustumiðstöð eða annars konar miðstöð fyrir starfsemi F á landsvæðinu, sem um ræðir í aðalkröfu. Að þessu frágengnu krafðist A þess að viðurkenndur yrði réttur hans til að banna F á gildistíma samningsins umferð um einkaveg A frá skála hans að brún Langjökuls. Í dómnum segir:

Í héraðsdómsstefnu, áfrýjunarstefnu og greinargerð fyrir Hæstarétti lýsti áfrýjandi mörkum landsvæðisins, sem aðalkrafa hans og varakrafa taka til, á þann hátt að það réðist að norðan af Hafursfelli með beinni línu í Geitlandsgíg, síðan af beinni línu vestan við gíginn 100 m neðan við brú á Geitá og þaðan eftir vatnaskilum á Langjökli í Hafursfell. Af samanburði við önnur gögn málsins, þar sem greint er frá mörkum landsins, er augljóst að fallið hefur niður í dómkröfum áfrýjanda að geta þess að frá umræddri brú ætti Geitá að ráða merkjum til upptaka hennar, en þaðan vatnaskil á jöklinum að Hafursfelli. Áður en málið var munnlega flutt fyrir Hæstarétti kom áfrýjandi á framfæri leiðréttingu á kröfugerð sinni að þessu leyti, en fram að því virðast þessi mistök hvergi hafa komið til athugunar undir rekstri málsins. Geta þau að þessu virtu ekki leitt ein til þess að málinu verði nú vísað frá héraðsdómi.

Um afmörkun landsins, sem aðalkrafa og varakrafa áfrýjanda varða, er á hinn bóginn til þess að líta að sú tilgreining að vatnaskil ráði merkjum frá upptökum Geitár til Hafursfells er ekki nægilega ákveðin, auk þess sem ekki verður séð hvernig hún getur samrýmst framlögðum uppdrætti í málinu. Þá hefur áfrýjandi byggt á því að hann leiði frá landeiganda rétt sinn sem leigutaki, en stefndi hefur andmælt því að landið, sem aðalkrafa og varakrafa áfrýjanda taka til, verði talið eiga undir Geitland, sem hann vefengir jafnframt að sé háð beinum eignarrétti. Um mörk Geitlands liggur aðeins fyrir í málinu lýsing í landamerkjabréfi fyrir Hraunsás, Húsafell og Geitland, sem áfrýjandi lagði fyrst fram í Hæstarétti, en í bréfi þessu, sem virðist hafa verið þinglesið 7. júní 1898, segir að „Geitland er land alt millum Geitár og Hvítár, að

³⁰⁶ Skjal nr. 1(15).

undanteknu Torfabæli.“ Í málatilbúnaði áfrýjanda hefur hvorki verið gerð grein fyrir legu landsins, sem umræddar kröfur hans lúta að, með tilliti til þessarar merkjalýsingar né fyrir því hvernig ráðið verði af henni eða öðrum gögnum málsins að Sjálfseignarstofnunin Arnarvatnsheiði og Geitland eigi land, sem náð getur allt til vatnaskila á Langjökli. Brestur því verulega á að þessi atriði hafi verið nægilega reifuð af hendi áfrýjanda.

Í aðalkröfu krefst áfrýjandi dóms um rétt sinn til að banna stefnda „öll afnot af og alla umferð um“ landsvæðið, sem um ræðir í málinu. Ekkert er fram komið um að land þetta sé að einhverju leyti ræktað eða afgirt. Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd er almenningi heimil för um landið og dvöl þar í lögmætum tilgangi. Í 14. gr. laganna er kveðið á um heimild manna til að fara gangandi um og dveljast á óræktuðu landi án sérstakrar heimildar landeiganda og í 1. mgr. 17. gr. til að fara um vegi á vélknúnum ökutækjum, svo og utan vega á snjó og jöklum. Í auglýsingu nr. 283/1988 um friðlýsingu Geitlands í Borgarfirði er einnig tekið fram að öllum sé heimil för um friðlandið, enda sé góðrar umgengni gætt. Í aðalkröfu áfrýjanda er ekki tiltekið frekar en áður segir hvers eðlis þau afnot séu eða sú umferð, sem hann krefst heimildar til að banna stefnda. Eftir orðalagi kröfunnar beinist hún þannig meðal annars að því að banna stefnda athafnir, sem mönnum eru almennt frjálssar á óræktuðum svæðum í eignarlöndum annarra eftir framangreindum lagaákvæðum, svo og í Geitlandi eftir reglum um friðlýsingu þess lands. Samkvæmt þessu er aðalkrafa áfrýjanda svo almenn og óafmörkuð að ekki er fært að fella efnisdóm á hana.

Áfrýjandi leitar með öllum kröfum sínum dóms um rétt sinn til að leggja bann við nánar tilteknum athöfnum stefnda á gildistíma leigusamnings frá 24. ágúst 1993. Leigusamningur þessi var til tíu ára og gildistími hans því á enda þegar mál þetta var höfðað. Ekki hefur komið fram í málinu hvort leigutíminn hafi framlengst á þann hátt, sem um ræddi í fyrrnefndu ákvæði samningsins. Eru forsendur fyrir dómkröfum áfrýjanda því vanreifaðar að þessu leyti.

Í varakröfu krefst áfrýjandi þess meðal annars að viðurkenndur verði réttur hans til að banna stefnda „umferð um einkaveg áfrýjanda, sem liggur frá skála áfrýjanda að jökulbrún Langjökuls“. Þrautavarakrafa hans beinist að því sama einvörðungu. Í málinu liggur ekkert fyrir um staðsetningu þess skála áfrýjanda, sem hér um ræðir. Þá eru litlar sem engar upplýsingar í málinu um legu og lengd vegarins, sem þessar kröfur varða, hvort aðrir vegir kunni að vera á landinu, hver hafi gert veginn og haldið honum við, hvort Vegagerðin hafi litið á hann sem einkaveg, hvort hann sé merktur sem slíkur og hvort hann hafi verið opin almenningi til umferðar. Er því ekki unnt að fella efnisdóm á þessar kröfur áfrýjanda.

Vegna þeirra annmarka á kröfugerð áfrýjanda og reifun málsins, sem að framan greinir, er óhjákvæmilegt að vísa máli þessu af sjálfsdáðum frá héraðsdómi, sbr. meðal annars d. og e. lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991. Stefndi, sem gerði kröfu um frávísun málsins í héraði, gagnáfrýjaði ekki til að

leita endurskoðunar á úrskurði héraðsdómara, þar sem þeirri kröfu var hafnað, eða þeirri niðurstöðu hins áfrýjaða dóms að fella niður málskostnað. Að því gættu er rétt að aðilarnir beri hvor sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.³⁰⁷

Í 3. gr. fjallskilasamþykktar fyrir Borgarfjarðarsýslu, nr. 110/2006, segir m.a.:

Afréttir í Borgarfjarðarsýslu skulu vera þessir:

1. Geitland milli Geitár og Hvítár, eign Hálsasveitar og Reykholtsdals (Sjálfsveigarstofnun Arnarvatnsheiðar) en þær sveitir eiga meginafrétt sinn á Arnarvatnsheiði í Mýrasýslu.

Þá eru leitarsvæðin tilgreind í 24. gr. en þar segir m.a.:

Fjallskiladeildir og skilaréttir í Borgarfjarðarsýslu skulu vera þessar:

1. Rauðsgilsrétt: Leitarsvæðið nær yfir öll lönd í Hálsasveit og Reykholtsdal að undanskildu Kálfsnesi. Fyrri Rauðsgilsrétt skal fara fram sunnudaginn í 22. viku sumars og hin seinni sunnudaginn í 24. viku sumars.³⁰⁸

Fyrir liggur gróðurfarsúttekt á Húsafellsskógi og Geitlandi frá árinu 2010, sem unnin var á vegum Náttúrustofu Vesturlands sem skýrsla til Umhverfisstofnunar. Þar segir m.a.:

Geitland er hrauntunga sem upprunnin er úr Geitlandsgígum skammt frá Hafursfelli og markast af Hvítá í norðri og Geitá í suðri (1. mynd). Fimm hrauntraðir liggja eftir hrauninu og rennur Svartá eftir þeirri stærstu. Geitá og Svartá eru jökulár, oft með miklum framburði, og falla út all miklir sandar þar sem árnar koma niður á flatlendið við vestanverðan jaðar Geitlands. Afmörkun svæðisins er lýst í skilgreiningu friðlandsins í Stjórnartíðindum B, nr. 283/1988.

[...]

Geitland var í gegnum árin fyrst og fremst beitt af fé Kalmanstungumanna þrátt fyrir að þetta væri afrétt. Var litið svo á að vetrarþéttir sauðfjár í Geitlandi væri uppbót fyrir Kalmanstungubændur sem þurftu að líða ágang afréttarfjár annars staðar frá, þ.e. af Arnarvatnsheiðinni. Um 1960 var farið að keyra fé út Reykholtsdal fram í Geitland, en þá gerðu Húsafellingar kröfu um afréttargirðingu til að afmarka Geitlandið svo verjast mætti ágangi þessa nýja fjár sem leitaði í áttina til sinna hefðbundnu heimahaga. Þegar líða tók á 9. áratuginn fannst mönnum að þeir þyrftu ekki lengur að nýta Geitlandið sem afrétt og það var gert að friðlandi árið 1988 (Stj.tíð. B, nr. 283/1988).

Aðspurður sagði Snorri Jóhannesson, grenjaskytta í Augastöðum sem legið hefur á grenjum í Geitlandi, að hann telji að ástand gróðurs við stofnun friðlandsins hafi ekki verið slæmt en friðun þess sérstaklega gangvart

³⁰⁷ Skjal nr. 1(14).

³⁰⁸ Skjal nr. 4(56).

vetrarbeitinni hafi þó haft mikil áhrif á vöxt kjarr- og lynggróðurs. Hafi hann tekið eftir að grenismunnar sem áður voru á bersvæði upp úr aldamótunum 2000 séu nú komnir á kaf í kjarr og lyng.

[...]

5.2 Geitland

Mikið áfok sands og það að stutt er í gróðurmörk á alla kanta gera svæðið mjög viðkvæmt fyrir öllu álagi. Frekara álag vegna beitar getur auðveldlega valdið tjóni á landinu þar sem náttúrulegt rask er þegar mikið. Gróðursæl svæði innan friðlandsins eru takmörkuð að stærð, einangruð og fá en þau eru mikilvæg fyrir fræframleiðslu á svæðinu í heild. Ábending: Lagst er gegn breytingum á friðun svæðisins og lagt til að svæðið verði friðað fyrir beit eins og verið hefur. Fylgst verði með gróðurframvindu á svæðinu með vöktun, t.d. á 5 ára fresti, og að endurmæla gróðursnið sem voru lögð út síðastliðið sumar.³⁰⁹

Skráður eigandi að Geitlandi samkvæmt þinglýsingarvottorði, dags. 25. júní 2014, er Sjálfseignarstofnun um Arnarvatnsheiði og Geitland.³¹⁰

5.5.1 Aðliggjandi og tengd svæði

Hér verður fjallað um jörðina Húsafell sem er aðliggjandi ágreiningssvæðinu. Áhersla er lögð á að gera grein fyrir heimildum um landamerki hennar.

5.5.1.1 Húsafell

Í vísitasíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar um Sunnlendingafjórðung ásamt Þverárþingi vestan Hvítár og Þórnesþingi segir:

Anno 1644 29. Augusti kyrkan ad husafelle a effter Vilchins maldaga hejmaland allt. Enn i visitatiu bok Herra Gisla Jonssonar kalladur leigustadur og Suo i tuejmur Jardabokum Skalholltz kyrkiu medal annara domkyrkunar Jarda I teiknadur med Landskilld og leigu er onnur þejrra Jardabok af hentt [strikað yfir: Sr.] Herra Odde effter sialfz hanz medkenning Þar ä skrifadri onnur af honum sialfum Vtgefenn med eigenn handskriffit og Signete seigia elldri menn suo hafe tilkomed ad hestur i Andakijl sem var Skalhollz domkyrkui Jord veittest preste Enn biskup hafe vmmskipt og afftur teked Husafell vnder Skalhollt, oskar Biskup ad Sra Grimur giori skil ä Landamerkiu og giorer hann suo fellda grein ä Geit ä ad Nordaustan og i Huitä, Þa rædur Huitä allt Vnder deilldargil, sidann deilldargil, enn oked og Joklar ad sunnan, henne er eignud Vejdi i Seseliu vik i arnarvatne og kyrkian ad Ønduerdu eignud Ceciliaæ.

[...]³¹¹

³⁰⁹ Skjal nr. 4(47).

³¹⁰ Skjal nr. 6(1).

³¹¹ Skjal nr. 2(81) a-b.

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Borgarfjarðar- og Mýrasýslur, frá árinu 1709, segir í kaflanum um Húsafell:

Afrjett á jörðin öngva, og er geldfje oftast í heimalandi og stundum lömb., en stundum fær presturinn upprekstur fyrir í Kalmanstúngu eður Geitland, fyrir toll meiri eður minni eftir samkomulagi.³¹²

Landamerkjabréfi Hraunáss, Húsafells og Geitlands var þinglýst 7. júní 1898: Þar segir um merki Húsafells:

Húsafell. Hvítá ræður að norðan alt að ármóti; þá Geitá að austan og til landsuðurs svo langt sem hagar taka; síðan vestur með Oki og alt í Deildargil, er síðan ræður niður að Hvítá.

[...]

Guðmundur Helgason skrifaði undir landamerkjabréfið. Það samþykkt af Ólafi Stefánssyni eiganda Kalmannstungu, Jóni Magnússyni eiganda að hálfum Stóra-Ási og Jóhanni Hannessyni eiganda að fimmtungi í þeirri jörð.³¹³

Í kaflanum um Húsafell í Hálsahreppi í fasteignamati Borgarfjarðarsýslu 1916 kemur fram að jörðin eigi upprekstur á afréttarland sveitarinnar á Arnarvatnsheiði og þar hafi hún einnig silungsveiði. Ennfremur fylgi jörðinni veiðiréttur í Seseljuvík í Arnarvatni. Einnig kemur fram að hún eigi veiði í Kjarará vegna þess að jörðin Gilsbakki hafi haft skógarhögg í Húsafellslandi og að landamerki Húsafells hafi verið þinglesin 4. júní 1898.³¹⁴

5.6 Langjökull

Engin gögn liggja fyrir í málinu sem varða eignarréttindi á Langjökli. Þó liggur fyrir ódagsett og óundirritað afrit af samningi Ísganga ehf. og Sjálfseignarstofnunar um Arnarvatnsheiði og Geitland. Fram kemur í samningnum að Ísgöng ehf. séu stofnuð í þeim tilgangi að láta grafa ísgöng á Langjökli og stunda ferðaþjónustu í tengslum við þau. Í samningnum kemur einnig fram að Sjálfsteignarstofnun um Arnarvatnsheiði og Geitland heimili Ísgöngum ehf. að fara um Geitland og upp á Langjökul „í þeim tilgangi að grafa þar út og byggja upp ísgöng og/eða hella í jökulísnum, halda þeim við og starfrækja þar ferðaþjónustu og rannsóknir.“³¹⁵

³¹² *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 256.

³¹³ Skjal nr. 2(120). Sjá einnig skjal nr. 2(19).

³¹⁴ Skjal 2(10).

³¹⁵ Skjal nr. 6(21).

6 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

6.1 Efnisskipan og sameiginleg atriði

Hér á eftir verður fyrst fjallað um *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vikið að fyrirbyggjandi dómafordæmum í þjóðlendumálum. Að því búnu verður gerð grein fyrir landnámi á því svæði sem mál þetta varðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða. Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

6.1.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 var í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki við úrskurði í málum á svæðum 3–6. *Almennu niðurstöðurnar* fylgdu einnig í viðauka með úrskurðum í málum á svæði 7A, en þá hafði verið bætt við þær nokkrum köflum úr úrskurðum á svæðum 5–6. Í þeim köflum hafði verið tekin almenn afstaða til tiltekinnar staðreynda og lagaatriða sem þar reyndi á. Sú útgáfa *Almennra niðurstöðna óbyggðanefndar* sem fylgdi með úrskurðum á svæði 7B hafði með sama hætti verið uppfærð með hluta af kafla úr úrskurðum á svæði 7A, sem innihélt almenn atriði. Samhliða uppkvaðningu úrskurða á svæði 8A voru *Almennu niðurstöðurnar* enn á ný uppfærðar, þá með almennum köflum úr úrskurðum á svæði 7B. Loks hafa hinar *Almennu niðurstöður* nú verið uppfærðar með almennum köflum úr úrskurðum á svæði 8A og fylgja svo breyttar í viðauka með úrskurði þessum.

Umfjöllun og niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á einstökum landsvæðum, samanber kafla 6.3–6.6 hér á eftir, eru í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*, með framangreindum viðbótum, og vísa til þeirra.

6.1.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum

Nú liggja fyrir samtals 62 dómur Hæstaréttar í málum sem varða ágreining um eignarréttarlega stöðu lands samkvæmt þjóðlendulögum, nr. 58/1998, með síðari breytingum. Dómum þessum hafa verið gerð skil í eldri úrskurðum óbyggðanefndar, nánar tiltekið úrskurðum nefndarinnar á svæðum 5, 6, 7A, 7B og 8A. Tveir nýir Hæstaréttardómar á sviði þjóðlendumála hafa fallið frá því að úrskurðir óbyggðanefndar á svæði 8A voru kveðnir upp þann 19. desember 2014. Þar er annars vegar um að ræða dóm réttarins frá 22. október 2015 í máli nr. 743/2014 þar sem staðfest var niðurstöðu óbyggðanefndar um að Nýjabæjarafréttur væri þjóðlenda. Hins vegar er um að ræða dóm réttarins frá 29. september 2016 í máli nr. 850/2015 þar sem

staðfest var niðurstaða nefndarinnar um að Hólaafréttur í Eyjafirði væri þjóðlenda. Umfjöllun um eldri dóma í fyrri úrskurðum hefur, að því marki sem hún hefur almenna þýðingu, verið felld inn í framangreindar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vísast þangað.

6.2 Landnám

Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrlausnum sínum byggt á því að skýrar frásagnir *Landnámu* hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en talið hæpið að af takmörkuðum lýsingum í *Landnámu* verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.³¹⁶ Má í þessu sambandi einnig vísa til dóms Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005, sem fjallaði um Hoffells-Lambatungur í Nesjum.

Í kafla 5.1 hér að framan er gerð grein fyrir frásögnum *Landnámu* sem lúta að landsvæði því sem hér er til umfjöllunar. Þar kemur fram að Kalman hafi numið land „fyrir vestan Hvítá á milli ok Fljóta, Kalmanstungu alla, ok svá allt austr undir jokla sem gros eru vaxin“ og búið í Kalmanstungu. Þá kemur fram að Hrosskell Þorsteinsson hafi numið „Hvítársíðu milli Kjarrár og Fljóta“. Hrosskell hafi gefið Þorvarði land en hann hafi búið á Þorvarðsstöðum og átt Fljótsdal allan upp með Fljótum. Þorvarðsstaðir eru sami bær og síðar hefur verið nefndur Þorvaldsstaðir en ágreiningssvæði vegna útskipts lands úr Þorvaldsstöðum er til umfjöllunar í máli þessu. Ennfremur kemur fram í *Landnámu* að Úlfur, sonur Gríms hins háleygska og Svanlaugar, dóttur Þormóðar af Akranesi, hafi numið land „milli Hvítár ok suðrjökla“ og búið í Geitlandi.

Kalmanstunga og Geitland voru samkvæmt þessum frásögnum *Landnámu* landnámsjarðir þeirra Kalmans og Úlfs og þá verður af þeim ráðið að Þorvaldsstaðir hafi verið innan landnáms Hrosskels. Þá verður sú ályktun dregin af frásögnunum að þau ágreiningsvæði sem til meðferðar eru í máli þessu hafi verið numin að verulegu leyti. Að öðru leyti vísast til eftirfarandi kafla um einstök landsvæði.

6.3 Kalmanstunga og Arnarvatnsheiði

6.3.1 Inngangur

Hér verður fjallað sameiginlega um þá hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem hafa verið nefndir sameignarland Kalmanstungu I og II og Arnarvatnsheiði. Eigendur jarðanna Kalmanstungu I og II gera kröfu til sameignarlands Kalmanstungu I og II sem eignarlands síns en Sjálfseignarstofnun um Arnarvatnsheiði og Geitland gerir kröfu til Arnarvatnsheiðar sem eignarlands síns. Ennfremur gera eigendur Gilsbakka kröfur um veiðirétt í tilteknum ám og vötnum á Arnarvatnsheiði. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1, 3.3, 3.6 og 3.7.

³¹⁶ Sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Landsvæði það er hér um ræðir er víðfeðmt heiðarland sem liggur í yfir 300 m hæð er að mestu flatlent. Austur hluti svæðisins liggur á vesturhluta Langjökuls. Þekur Hallmundarhraun nær allt flatlendið hæða og fjalla á milli. Vestast á svæðinu rís skarpt keilulaga fjallið Strútur (938 m). Rís land hæst í Eiríksjökli (1675 m) sem liggur svo til fyrir miðjum suðurhluta svæðisins. Eiríksjökull er um 22 km² að stærð³¹⁷ og liggur á háum móbergsstapa sem rís skarpt úr umhverfinu. Norðaustan við Eiríksjökul liggur Þrístapafell (695 m). Milli Eiríksjökuls og Langjökuls er hraunsvæði er kallast Jökulkrókur. Rennur Norðlingafljót úr norðanverðum Langjökli suðvestur eftir landsvæðinu. Liggur fjöldi vatna og tjarna á svæðinu, einkum norðan Norðlingafljóts. Er þar helst að nefna Kleppavatn, Fiskivatn og Þorgeirsvatn sem liggja á sunnanverðu svæðinu norðan Norðlingafljóts. Þar norðan við liggur Úlfsvatn og norðan þess Hávaðavötn. Austan Úlfsvatns liggja svo Arnarvatn litla, Morinsvatn og þar norðan við Gunnarssonavatn auk fjölda smærri vatna og tjarna. Er land gróðurmeira norðan fljóts en sunnan. Frá bæjarstæði Kalmanstungu að punkti nr. 26 í kröfulínu íslensk ríkisins eru um 3,9 km og frá bæjarstæði Kalmanstungu í Lyklafell eru um 52,8 km, mælt í beinni loftlínu.³¹⁸

6.3.2 Sjónarmið aðila

Á því er byggt af hálfu íslenska ríkisins, að landsvæði innan þjóðlendukrafna ríkisins séu svæði utan eignarlanda og teljist þannig vera þjóðlenda, enda taki þjóðlendukröfur ríkisins til svæða sem liggi utan landnáms og hafi eingöngu verið nýtt sem afréttir, eða, hafi svæðin verið numin í öndverðu, að slíkt nám hafi ekki verið til eignar heldur hafi svæðin eingöngu verið numin til takmarkaðra afnota, svo sem afréttarnota. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfussvæðisins teljist vera afréttur og utan eignarlanda jarða. Þá muni þess hvergi vera getið í landnámslýsingum að menn hafi numið jökla til eignar eða afnota og til þessa hafi verið litið svo á að jöklar séu dæmi um óbyggð svæði sem enginn hafi nýtt af, eða landalmenningur samkvæmt síðari tíma flokkun.

Við afmörkun kröfussvæðisins hafi íslenska ríkið einkum miðað við lýsingar í landamerkjabréfum svæða og aðliggjandi jarða og annarra ritaðra heimilda ásamt því að tillit sé tekið til staðháttá.

Hvað varði sameignarland Kalmanstungu I og II sérstaklega telur íslenska ríkið að ljóst sé að afmörkun ágreiningssvæðisins austur að vatnaskilum á Langjökli svo sem það er afmarkað af gagnaðila íslenska ríkisins verði ekki byggð á

³¹⁷ Upplýsingar um útbreiðslu jökla við gildistöku þjóðlendulaga nr. 58/1998 voru unnar af sérfræðingi á Veðurstofu Íslands fyrir óbyggðanefnd.

³¹⁸ Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á ágreiningssvæðum málsins er byggð á útgefnum kortum Landmælinga Íslands, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskrá frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, samanber kafla 4.3, og almennum uppláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands og Göngum og réttum.

landamerkjabréfi Kalmanstungu frá 1897. Í því sambandi er vísað til dóms Hæstaréttar frá 28. janúar 1975 í máli nr. 65/1971.

Helsta nýting á Arnarvatnsheiði hafi ekki verið fólgin í hefðbundnum afréttarnotum heldur hafi heiðin verið nýtt til silungsveiða og grasatekju. Ljóst sé að mestallt landsvæðið hafi heyrt undir Kalmanstungu en að aðrir hafi nýtt t.a.m. silungsveiði og grasatekju, þó í óþökk Kalmanstungubónda. Þó sé viðurkenndur réttur Gilsbakka og Fljótstungu til sambeitar, skógar og selstöðu.

Af hálfu eigenda jarðanna Kalmanstungu I og II, gagnaðila íslenska ríkisins vegna svonefnds sameignarlands Kalmanstungu I og II, er byggt á því að jörðin Kalmanstunga hafi verið numin í öndverðu sem fullkomið eignarland og þá innan þeirra merkja sem lýst hefur verið fyrir óbyggðanefnd. Þá hafi eignarrétturinn yfir jörðinni færst manna á milli með eðlilegum hætti allt til núverandi eigenda. Geti því ekki verið um þjóðlendu að ræða.

Í *Landnámu* segi að Kalman hafi numið land fyrir vestan Hvítá, milli fljóta og Kalmanstungu alla, allt austur undir jökla sem grös eru vaxin. Af þessari lýsingu verði í *fyrsta lagi* ráðið að jörðin Kalmanstunga hafi verið numin í öndverðu sem fullkomið eignarland. Þótt ekki sé lengur unnt að öðlast eignarréttindi innan þjóðlendna fyrir nám, sbr. 7. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998, hafi nám verið einn helsti stofnunarháttur og í raun frumstofnunarháttur eignarréttinda yfir landi á Íslandi. Heimildir um nám yfir landi séu því til afdráttarlauss stuðnings um að yfir því hafi stofnast til beins eignarréttar. Eigi það samkvæmt framansögðu tvímælalaust við um jörðina Kalmanstungu.

Í *öðru lagi* verði skýrlega ráðið af greindri tilvitnun úr *Landnámu* að það land sem numið hafi verið, hafi náð allt austur undir jökla, þ.e. yfir allt óskipt sameignarland jarðarinnar og Arnarvatnsheiði, sem þá hafi tilheyrt jörðinni. Sé það staðfesting á því að land jarðarinnar Kalmanstungu hafi verið numið að Langjökli og því verið háð beinum eignarrétti allt frá landnámi.

Allt frá því að Kalmanstunga var numin og til þess er landamerkjabréf var gert fyrir jörðina 24. apríl 1897, hafi landamerki hennar verið skýr og óumdeild frá því að kaupbréf Halls Svarthöfðasonar og Jóns Gilssonar var gert árið 1398 og þar til hluti Arnarvatnsheiðar var seldur undan jörðinni árið 1880 og raunar enn lengur að því er varði suður- og austurmerki jarðarinnar.

Ljóst megi vera að eftir að jörðin Kalmanstunga var numin hafi verið farið með hana eins og hún væri fullkomið eignarland innan þeirra merkja eins og þeim hefur verið lýst. Eigi það jafnt við um með hvaða hætti hún hafi verið nýtt af eigendum sínum á hverjum tíma, sem og hvernig hún hafi gengið kaupum og sölum í gegnum tíðina. Sé þannig ekki aðeins um að ræða að til staðar sé mjög greinargóð heimild fyrir því að jörðin hafi verið numin í öndverðu, heldur liggi fyrir fjölmargar aðrar heimildir um hana og af þeim verði tvímælalaust sú ályktun dregin að hún hafi alltaf haft stöðu eignarlands.

Máldagar Kalmanstungukirkju verði heldur ekki túlkaðir öðruvísi en svo að um fullkomið eignarland hafi verið að ræða. Í skrá Páls Jónssonar biskups um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi frá því um 1200 sé tekið fram að „Fyrir vestan Hvítá er kirkja á Kalmanstungu.“ Þegar jörðin hafi verið seld undan biskupsstólnum í Skálholti á uppboði 1788, hafi henni verið afsalað til hæstbjóðanda til fullkomins óðals og eignar með tilheyrandi gögnum og gæðum.

Sala Arnarvatnsheiðar undan jörðinni árið 1880 og 1901 hafi sömuleiðis falið í sér eigendaskipti á fullkomnu eignarlandi og það sama eigi á við um kaup Kristófers og Stefáns Ólafssonar á jörðinni árið 1923. Skipti bræðranna á jörðinni árið 1932 breyti engu um stöðu hennar sem eignarlands. Sé þannig ljóst að hið óskipta sameignarland Kalmanstungu I og II hafi ekki hætt að lúta beinum eignarrétti eigenda jarðanna eftir skiptin.

Þá verði ekki fram hjá því litið að allt frá skiptingu jarðarinnar 1932 hafi eigendur hennar, sem og aðrir, litið á hana og farið með sem fullkomið eignarland. Eigi það jafnt við um skipt land jarðarinnar sem og hið óskipta. Gagnaðilar íslenska ríkisins benda sérstaklega á í því sambandi að það sé fyrst þegar íslenska ríkið hafi lýst kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd sem það dragi í efa réttindi landeigenda til eignarlands þeirra. Fram að þeim tíma hafi íslenska ríkið eða aðrir opinberir aðilar aldrei gert neinar athugasemdir eða fyrirvara um eignarrétt landeigenda yfir jörðinni Kalmanstungu, heldur þvert á móti bæði vottað og viðurkennt landamerki jarðarinnar og stöðu hennar sem eignarlands í öllum þeim fjölmörgu gjörningum sem um hana hafi verið gerðir og vitnað hafi verið til.

Gagnaðilar íslenska ríkisins hafna því alfarið að jörðin Kalmanstunga eða nokkur hluti hennar, hvort heldur sem er fyrir eða eftir sölu Arnarvatnsheiðar og skiptingu jarðarinnar, sé eða hafi verið afréttur í þeim skilningi að þeir hafi aðeins átt þar óbein eignarréttindi. Væri þar og um síðari tíma tilbúning að ræða enda ljóst af þeim heimildum sem liggi fyrir um jörðina að hún hafi frá fyrstu tíð öll verið háð einkaeignarrétti. Verði stöðu jarðarinnar sem eignarlands frá landnámi ekki raskað með setningu laga nr. 58/1998 eða þeim óréttmætu kröfum sem íslenska ríkið hafi sett fram á grundvelli þeirra.

Af þeim heimildum sem liggi fyrir um jörðina sé ekkert sem bendi til að hluti hennar hafi haft stöðu afréttar í framangreindum skilningi. Þvert á móti verði ekki annað ráðið en að allt land jarðarinnar hafi sætt eðlilegri og hefðbundinni notkun. Eðli máls samkvæmt hafi sú notkun farið eftir gögnum og gæðum landsins hverju sinni. Enda þótt tiltekið landssvæði hafi t.d. fyrst og fremst verið notað til beitar segi það ekkert til um stöðu þess sem afréttar eða heimalands og þaðan af síður hvort það hafi verið háð beinum eða óbeinum eignarrétti, heldur aðeins að umrætt landsvæði hafi fyrst og fremst verið notað í þessum tilgangi á meðan önnur svæði hafi verið notuð til heyskapar, mótekju, veiði o.s.frv.

Sú staðreynd að í máldögum kirkjunnar í Kalmanstungu frá 1397 til 1570 sé ekkert fjallað um afréttarmálefni, ítök kirkjunnar eða réttindi, verði ekki skýrð með öðrum hætti en svo að ekki hafi verið um neina afréttareign að ræða, heldur hafi jörðin öll verið fullkomið eignarland, svo sem öll önnur gögn bendi til. Er sérstaklega bent á í því sambandi að það mun hafa tíðkast að telja upp allar eignir kirkjunnar í máldögum hennar, þ.á m. ef um afrétt eða ítök hafi verið að ræða.

Sama eigi við hvað umfjöllun um jörðina í Að því er fram kemur í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*³¹⁹, frá árinu 1709, snertir, en þar sé tekið fram að afréttur sé enginn og að búpeningur gangi í heimalandi. Af þessum ummælum sé ljóst að ekki hafi verið litið svo á að Kalmanstunga ætti nokkurn afrétt, heldur hafi allt land jarðarinnar, eins og því hefur staðfastlega verið lýst allt frá landnámi, talist til heimalands hennar.

Engu breyti í þessu sambandi þótt aðrir en landeigendur hafi í óþökk þeirra og heimildarleysi gengið á og stolist til að nýta einstaka hluta eða hlunnindi jarðarinnar. Liggi enda fyrir að öll slík not, hvort sem um þau sé vitað eða ekki, hafi verið og séu í fulkominni óþökk og heimildarleysi landeigenda. Megi í því sambandi vísa til áður nefndrar *Jarðabókar Árna og Páls*, þar sem ágangi annarra en landeigenda og í þeirra andstöðu, í gögn og gæði jarðarinnar Kalmanstungu sé lýst.

Verði þrátt fyrir allt talið að sá hluti jarðarinnar sem nú kallast óskipt sameignarland Kalmanstungu, sé eða hafi verið afréttur og landið notað sem slíkt, byggja gagnaðilar íslenska ríkisins á því að ljóst sé að um sé að ræða afrétt sem háður sé beinum eignarrétti þeirra, þ.e. að það land sem talið er að hafi verið notað sem afréttur sé, og hafi verið, fullkomið eignarland.

Til marks um stöðu jarðarinnar Kalmanstungu sem eignarlands, benda gagnaðilar íslenska ríkisins á að vitað sé um að a.m.k. þrjú eyðibýli og hjáleigur innan þess sem nú heyrir undir Kalmanstunguland, þ.e. Kötlutún, Brennu og Litlutungu (Bjarnastaðir). Þá sé og vitað um aðrar tvær hjáleigur innan Arnarvatnsheiðar, sem áður hafi tilheyrt Kalmanstungu, þ.e. Halldórstóftir og Bugakot. Það sé til marks um stærð jarðarinnar að þar hafi verið a.m.k. fimm hjáleigur en þær kunni vel að hafa verið fleiri. Þá sé það til staðfestingar á stöðu jarðarinnar sem eignarlands að þar skuli hafa verið heimiluð stofnun svo margra hjáleiga. Loks sýni þessi fjöldi hjáleiga að land jarðarinnar hafi ekki aðeins verið nýtilegt til hefðbundins og fullkomins búrekstrar, heldur hafi það verið nýtt í gegnum tíðina eins og frekast hafi verið unnt.

Gagnaðilar íslenska ríkisins benda á að gróðurfar á umræddu landsvæði renni stoðum undir að um fullkomið eignarland sé að ræða. Þannig sé Arnarvatnsheiðin almennt vel gróin, eins og sögulegar heimildir bendi til að hún hafi alltaf verið. Hafi heiðin því hentað vel til beitar og slægna en þar sé líka að finna gjöfufull veiðivötn og ár,

³¹⁹ Hér eftir er vísað til þessarar heimildar sem *Jarðabókar Árna og Páls*, auk þess sem getið er þess ártals sem viðkomandi hluti *Jarðabókarinnar* var ritaður.

auk þess sem heiðin henti vel til grasatekju og fuglaveiði. Bendi allar heimildir og til þess að nýting umrædds svæðis hafi verið í samræmi við þetta.

Það sama eigi við um það landsvæði er nú teljist til óskipts sameignarlands Kalmanstungu I og II. Það verði hins vegar að hafa í huga að eftir því sem helst sé talið hafi Hallmundarhraun runnið á fyrstu áratugum tíundu aldar, þ.e. nokkru eftir landnám. Verði því að gera ráð fyrir að þá hafi verið öðruvísi um að litast en nú er. Gagnaðilar íslenska ríkisins benda einnig sérstaklega á að ekki einasta hafi allt land jarðarinnar Kalmanstungu, bæði fyrir og eftir sölu Arnarvatnsheiðar, verið vel nýtanlegt heldur hafi það og sé enn þann dag í dag, nýtt eins og frekast sé kostur og þá í samræmi við gjöfula landkosti þess.

Ekki verði annað ráðið af dómi Hæstaréttar frá 28. janúar 1975 í máli nr. 65/1971 en að lagt sé til grundvallar niðurstöðu hans að Arnarvatnsheiðin sé undirorpin beinum eignarrétti. Íslenska ríkið hafi ekki talið ástæðu til að gera athugasemdir við dómkröfur aðila, sem þó hafi falið m.a. í sér af hálfu Kalmanstungubænda að „landamerki heimalands Kalmanstungu og nefnds hluta Arnarvatnsheiðar á því svæði, sem ósamkomulag er um, verði ákvörðuð þannig: Norðlingafljót að Reykú, þá Reykú að Reykjavatni og úr Reykárósi við Reykjavatn sjónhending í norðurenda Langjökuls.“ Í þessari kröfugerð hafi að sjálfsögðu falist að allt land innan umkrafinna merkja væri eignarland Kalmanstungubænda. Við þá kröfugerð hafi íslenska ríkið ekki talið ástæðu til að gera athugasemdir, þ.á m. við að landamerki jarðarinnar lægju frá norðurenda Langjökuls.

Af framangreindum dómi Hæstaréttar verði ekki annað ráðið en að íslenska ríkið hafi beinlínis viðurkennt þau landamerki Kalmanstungu er liggja að Arnarvatnsheiði. Í því felist að sjálfsögðu einnig að íslenska ríkið hafi viðurkennt eignarrétt Kalmanstungubænda að því landi jarðarinnar er liggi þar fyrir sunnan, enda hafi niðurstaða Hæstaréttar orðið á þann veg. Sé því með öllu óútskýrt hvaða heimildir íslenska ríkið telji sig nú hafa, *í fyrsta lagi* til að snúa baki við eigin afstöðu til eignarréttar eigenda Kalmanstungu yfir því landi sem um ræði, og *í öðru lagi* til að lýsa þjóðlendukröfum í land sem þegar hafi verið dæmt eignarland af Hæstarétti, sbr. 116. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Verði ekki fallist á að umrætt land hafi verið numið í öndverðu sem eignarland og eignarréttur yfir því færst manna á milli allt til núverandi landeigenda, er á því byggt að gagnaðilar íslenska ríkisins hafi hvað sem öðru líður unnið hefð á umræddu svæði.

Samkvæmt ákvæði 1. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 megi vinna hefð á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafé, er getur verið eign einstakra manna, án tillits til þess, hvort hann var áður einstaks manns eign eða opinber eign. Þá komi fram í 1. mgr. 2. gr. sömu laga að skilyrði fyrir hefð sé 20 ár óslitið eignarhald á fasteign og í 3. gr. laganna sé tekið fram að til hefðartíma megi telja óslitið eignarhald tveggja manna eða fleiri, ef eignarhaldið hefir löglega gengið frá manni til manns.

Gagnaðilar íslenska ríkisins benda á að augljóst sé að framangreind skilyrði laga nr. 46/1905 séu uppfyllt í þeirra tilviki. Þannig hafi þeir haft óslitið eignarhald á fasteigninni í meira en 20 ár. Taka þeir sérstaklega fram í því sambandi að hefð þeirra hafi verið fullnuð fyrir gildistöku laga nr. 58/1998 og breyti ákvæði 7. mgr. 3. gr. síðastnefndra laga því engu í þessu sambandi, sbr. og 3. gr. laga nr. 46/1905.

Sjálfseignarstofnun um Arnarvatnsheiði og Geitland, gagnaðili íslenska ríkisins vegna Arnarvatnsheiðar, rekur eignatilkall sitt til heiðarinnar til tveggja afsalsgerninga, þar sem þeir tveir hreppar sem stóðu að stofnun sjálfseignarstofnunarinnar 2. apríl 1998, hafi keypt heiðina. Fyrri salan hafi farið fram árið 1884 en þá hafi Þorsteinn Magnússon á Húsafelli, Gísli Eggertsson á Stórakroppi og Magnús Jónsson á Vilmundarstöðum selt Reykholtisdals- og Hálsahreppi þann hluta Arnarvatnsheiðar er þeir höfðu áður keypt af Stefáni Ólafssyni, bónda í Kalmanstungu, 17. maí 1880.

Seinni salan hafi farið fram 6. júlí 1901 þegar Ólafur Stefánsson, bóndi í Kalmanstungu seldi Reykholtisdalshreppi og Hálsahreppi allt Kalmanstunguland norðan Norðlingafljóts með merkjum samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1897, með öllum nytjum til lands og vatns og öllum þeim réttindum sem fylgt hafi og fylgja beri með réttu eftir gömlum eignarskjölum. Áskilinn hafi þó verið allur veiðiréttur í landinu og slægjur fyrir Kalmanstungubóndann eins og hann vildi nota fyrir sjálfan sig.

Þar sem Arnarvatnsheiði hafi tilheyrt jörðinni Kalmanstungu allt þar til umræddir afsalsgerningar voru gerðir, árin 1884 og 1901, sé ljóst að vísa megi um stofnun eignarréttar yfir heiðinni og hvernig sá eignarréttur hafi færst á milli manna frá landnámi, sem og til afmörkunar landsins til norðurs, austurs og vestur, til umfjöllunar hér að framan um Kalmanstungu. Um sé að ræða landsvæði sem numið hafi verið sem eignarland í öndverðu og hafi eignaréttarleg staða þess haldist frá landnámi.

Kalmanstunga hafi verið numin í heild sinni af landnámsmanninum Kalmani á landnámsöld og hafi því frá fyrstu tíð verið undirorpin beinum eignarrétti, þ.á m. Arnarvatnsheiðin. Staða heiðarinnar sem eignarlands hafi svo haldist allt til dagsins í dag, en um röksemdir og gögn að baki þeirri niðurstöðu vísast að mestu til þess sem að framan greinir um sameignarland Kalmanstungu I og II. Ljóst sé að það land sem afsalað hafi verið, annars vegar árið 1884 og hins vegar árið 1901, hafi bæði verið selt og keypt sem fullkomið eignarland. Verði það skýrlega ráðið af þeim skjölum sem staðið hafi nefndum kaupum að baki, samanber og kaupbréf Þorsteins Magnússonar, Gísla Eggertssonar og Magnúsar Jónssonar sem þinglesið hafi verið 28. maí 1880. Það land sem falli innan lýstra merkja í landamerkjabréfi Arnarvatnsheiðar frá 1886, sem staðfest hafi verið með dómi Hæstaréttar 28. janúar 1975 í máli nr. 65/1971 hafi

verið og sé því fullkomið eignarland. Sama eigi við um það land sem selt hafi verið árið 1901.

Umræddur gagnaðili íslenska ríkisins hafnar því alfarið að Arnarvatnsheiði hafi nokkurn tímann haft stöðu afréttar í þeim skilningi að menn hafi aðeins átt þar óbein eignarréttindi. Væri þar og um síðari tíma tilbúning að ræða enda ljóst af þeim heimildum sem liggi fyrir um jörðina og til er vísað af eigendum Kalmanstungu hér að framan, að hún hafi frá fyrstu tíð öll verið háð einkaeignarrétti. Stöðu Arnarvatnsheiðar sem eignarlands frá landnámi verði og ekki raskað með setningu laga nr. 58/1998 eða þeim óréttmætu kröfum sem íslenska ríkið hafi sett fram á grundvelli þeirra.

Gagnaðili íslenska ríkisins bendir einnig á að gróðurfar á umræddu landsvæði renni stöðum undir það sem öll gögn og rök bendi annars til, þ.e. að um fullkomið eignarland sé að ræða. Þannig sé Arnarvatnsheiðin almennt vel gróin, eins og sögulegar heimildir bendi til að hún hafi alltaf verið. Hafi heiðin því hentað vel til beitar og slægna en þar sé líka að finna gjöful veiðivötn og ár, auk þess sem heiðin hafi hentað vel til grasatekju og fuglaveiði. Bendi allar heimildir til þess að nýting umrædds svæðis hafi verið í beinu samræmi við þetta. Sjáist það t.d. á því að heimildir eru um hjáleigur á heiðinni, svo sem Halldórstóftir og Bugakot, en tilvist hjáleiga á umræddu svæði sé að sjálfsgöðu til marks um að þar sé um eignarland að ræða.

Það sé í sjálfu sér ekki deilt um að Arnarvatnsheiði hafi fyrst og fremst verið notuð til beitar og upprekstrar. Það staðfesti hins vegar nýtingu hennar af hálfu landeiganda í samræmi við möguleika þar um. Það að jörð sé einna helst notuð til beitar sé hins vegar fráleitt aðeins til marks um óbein eignarréttindi. Þvert á móti sé almennt viðurkennt, bæði af óbyggðanefnd og öðrum, að þótt tiltekið land sé einna helst eða eingöngu notað sem afréttur, geti það engu að síður verið háð fullkomnum eignarrétti. Eigi það t.d. við um jarðir og eignarlönd sem sérstaklega hafi verið keypt í því skyni að leggja til afréttar.

Arnarvatnsheiði hafi verið keypt sem eignarland í því skyni að nýta hana til beitar. Af þeirri staðreynd leiði annars vegar að þeir sem keyptu, þ.e. Reykholtsdalshreppur og Hálsahreppur, hafi ekki talið sig geta notað eða samið um afnot af landinu til beitar fyrir þær jarðir sem staðsettar séu eða voru innan hreppamarka þeirra, án þess að öðlast fyrst beinan eignarrétt yfir landinu. Hins vegar leiði af þessu að fyrir kaupin hafi umræddir hreppar ekki haft nægt land til afréttarnota. Hvort tveggja staðfesti að fyrir söluna hafi Arnarvatnsheiði ekki verið notuð sem afréttur af umræddum hreppum eða þeim jörðum sem liggi eða legið hafi innan marka þeirra. Það hafi m.ö.o. ekki verið um almennan afrétt eða afréttarnot á Arnarvatnsheiði að ræða, enda hafi hún verið og sé háð beinum eignarrétti.

Gagnaðili íslenska ríkisins bendir á að þetta sé í raun staðfest og viðurkennt í umfjöllun um Arnarvatnsheiði í kröfulýsingu íslenska ríkisins þar sem raktar séu heimildir og frásagnir um sölu Arnarvatnsheiðar og not hennar í kjölfarið.

Umræddur gagnaðili íslenska ríkisins bendir á að af dómi Hæstaréttar 25. janúar 1975 í máli nr. 65/1971 verði ekki annað ráðið en að rétturinn leggi beinlínis til grundvallar niðurstöðu sinni að Arnarvatnsheiði sé undirorpin beinum eignarrétti. Sé að sjálfsögðu tekið undir það af hálfu hans. Þá verði ekki heldur framhjá því lítið að í málinu hafi íslenska ríkinu verið stefnt til réttargæslu og sótt hafi verið þing af þess hálfu í héraði. Hafi fulltrúi íslenska ríkisins látið þar hafa eftir sér og bóka í þingbók, að eins og dómkröfum aðila væri háttað væri ekki talin ástæða til að hafa uppi ákveðnar kröfur af hálfu íslenska ríkisins.

Sé þetta athyglisvert í ljósi þess að af hálfu þáverandi eigenda Arnarvatnsheiðar hafi verið gerð krafa um viðurkenningu á landamerkjum og þar með í raun viðurkenningu á eignarrétti á því landi sem íslenska ríkið geri nú kröfu um að verði úrskurðað þjóðlenda. Þó hafi fulltrúi íslenska ríkisins í framangreindu máli talið að það væri hlutverk sitt að gæta hagsmuna þess að því er varðaði eignarrétt að öllum þeim land- og vatnasvæðum, sem ekki væru háð ótvíræðum eignarrétti einstaklinga. Með vísan til þessara ummæla fulltrúa íslenska ríkisins, sem og eftirfarandi athafnaleysis þess, sé ljóst að það hafi í verki viðurkennt eignarrétt landeiganda að Arnarvatnsheiði.

Verði og að benda á að jafnvel þótt íslenska ríkið hefði ekki með framangreindum hætti viðurkennt eignarrétt landeiganda að Arnarvatnsheiði breyti það engu um að íslenska ríkið sé hvort heldur sem er bundið af greindum dómi Hæstaréttar. Eins og fyrr greini verði niðurstaða hans í málinu ekki túlkuð með öðrum hætti en að lagt sé til grundvallar að Arnarvatnsheiði sé undirorpin beinum eignarrétti. Vísist þar um til 116. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Sé því með öllu óútskýrt hvaða heimildir íslenska ríkið telji sig nú hafa, í *fyrsta lagi* til að snúa baki við eigin afstöðu til eignarréttar eigenda Kalmanstungu yfir því landi sem um ræði, og í *öðru lagi* til að lýsa þjóðlendukröfum í land sem þegar hafi verið dæmt eignarland af Hæstarétti, sbr. 116. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Gera verði þá kröfu til íslenska ríkisins að samræmi sé í afstöðu þess til dóma Hæstaréttar.

Gagnaðili íslenska ríkisins mótmælir því einnig sérstaklega að Arnarvatnsheiði hafi aðeins verið numin til takmarkaðra nota, svo sem afréttarnota. Þá er því sömuleiðis mótmælt að hafi Arnarvatnsheiði verið numin til eignar, þá hafi beinn eignarréttur síðar fallið niður og svæðið verið tekið til takmarkaðra nota af hálfu annarra. Engin lagaleg rök standi að baki þeirri tilgátu íslenska ríkisins að eignarréttur geti fallið niður. Sé ómögulegt að gera sér grein fyrir hvaða skilyrði íslenska ríkið telji að þurfi að vera uppfyllt til þess að eignarréttur falli beinlínis niður.

Verði ekki fallist á að umrætt land hafi verið numið í öndverðu sem eignarland og eignarréttur yfir því færst manna á milli allt til núverandi landeigenda, er á því byggt af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins að þeir hafi hvað sem öðru líður unnið hefð á umræddu svæði. Vísast um þetta til þess sem að framan greinir um málsástæður gagnaðila íslenska ríkisins, eigenda Kalmanstungu I og II, hvað þetta varðar.

Augljóst sé að skilyrði laga nr. 46/1905 séu uppfyllt í þeirra tilviki. Þannig hafi gagnaðili ríkisins haft óslitið eignarhald á fasteigninni í meira en 20 ár. Tekur hann sérstaklega fram í því sambandi að hefð þeirra hafi verið fullnuð fyrir gildistöku laga nr. 58/1998 og breyti ákvæði 7. mgr. 3. gr. síðastnefndra laga því engu í þessu sambandi, sbr. 3. gr. laga nr. 46/1905.

Hvað varðar varakröfur Sjálfseignarstofnunar um Arnarvatnsheiði og Geitland og eigenda Kalmanstungu I og II um fullkominn og óskoraðan afnotarétt að nefndu landsvæði innan áður lýstra merkja, sem kunnir að verða úrskurðað þjóðlenda, vísa þeir til sömu málsástæðna, röksemda og lagaraka er standa að baki aðalkröfum þeirra, að breyttu breytanda.

Af hálfu Borgarbyggðar, sem gerir sem fyrir segir þá kröfu til þrautavara að viðurkennt verði að Arnarvatnsheiði sé afréttur jarða í sveitarfélaginu, er um málavexti alla vísað til málavaxtalýsinga sem fylgdu kröfulýsingum aðila og þeirra gagna sem komið hafa fram í málinu um afréttarnot á svæðinu. Landsvæðið hafi verið nýtt sem upprekstrarland jarða í sveitarfélögum, sem nú mynda Borgarbyggð, um langan aldur. Sé því um að ræða landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hafi verið notað til sumarbeitar fyrir búfé, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Af hálfu eiganda Gilsbakka, sem gerir kröfur um viðurkenningu á veiðirétti í tilteknum ám og vötnum á svæðinu, samanber kafla 3.7, er á því byggt að í máldaga Gilsbakkakirkju, er Árni biskup Helgason setti árið 1306, sé meðal annars heilmikil upptalning á vötnum og ám sem hún á veiði í. Í Vilchinsmáldaga fyrir Gilsbakkakirkju frá árinu 1397, sé sömuleiðis ítarleg upptalning eigna kirkjunnar á sömu nótum. Þá sé í máldaga Gísla biskups Jónssonar fyrir Gilsbakkakirkju, frá því um 1570, enn á sama máta gerð ítarleg grein fyrir eigum, ítökum og réttindum kirkjunnar. Ennfremur segi frá hinum miklu veiðihlunnindum sem fylgi staðnum í *Jarðabók Árna og Páls*. Veiðiréttarins sé sömuleiðis getið í lögfestu Hjartar Jónssonar, prests á Gilsbakka, fyrir jörðinni Gilsbakka, sem lesin hafi verið upp á manntalsþingi á Sámstöðum þann 9. maí 1808, og í lögfestu Magnúsar Sigurðssonar, prests á Gilsbakka, sem gefin hafi verið út 16. maí 1848 og lesin á manntalsþingi tveimur dögum síðar án þess að sæta andmælum. Auk þessa sé veiðiréttarins getið í landamerkjabréfi Gilsbakkakirkju, dagsettu 20. ágúst 1889 og þinglýstu 18. maí 1904. Eigendur Gilsbakka hafi viðhaldið veiðiréttindum sínum með nýtingu þeirra.

6.3.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Kalmanstungu og síðar Arnarvatnsheiðar og sameignarlands Kalmanstungu I og II er rakin í kafla 5.3 hér að framan, sjá einnig kafla 5.2 um afrétti og afréttarnot. Fyrirliggjandi heimildir benda ótvírætt til þess að Kalmanstunga hafi verið sjálfstæð jörð. Ágreiningssvæðið sem hér er fjallað um skiptist í meginatriðum í tvennt. Annars vegar er um að ræða landsvæði það sem gagnaðilar íslenska ríkisins nefna sameignarland Kalmanstungu I og II og liggur sunnan Norðlingafljóts. Kalmanstungu var skipt í tvö býli árið 1932 án þess þó að umræddu landi væri skipt milli býlanna. Hins vegar er um að ræða Arnarvatnsheiði norðan fljótsins. Svæðið tilheyrði áður Kalmanstungu en var selt undan jörðinni með afsöllum árin 1880 og 1901. Því landi sem selt var úr Kalmanstungu árið 1880 var afsalað áfram til Reykholtaldalshrepps og Hálsahrepps árið 1884. Sömu hreppar eignuðust svo frekara land úr jörðinni á Arnarvatnsheiði með áðurgreindu afsali árið 1901.

Núverandi eigendur Kalmanstungu I og II, telja til eignarréttar yfir hinu svonefnda sameignarlandi Kalmanstungu I og II.

Landnáma er elsta heimild þar sem Kalmanstungu er getið. Segir þar frá því að Kalman hafi numið land milli Hvítár og Fljóta, Kalmanstungu alla, og allt austur undir jökla sem grös séu vaxin og búið í Kalmanstungu. Einnig er sagt frá því að sonur hans, Sturla goði, hafi búið í Kalmanstungu eftir að hann fluttist frá Sturlustöðum. Elsta heimild um ráðstöfun Kalmanstungu segir frá því að Hallur Svarthöfðason seldi Jóni Gilssyni jörðina og fékk á móti jarðirnar Sámsstaði, Skarðshamra og Kleppstíu. Kaupbréf dagsett 28. febrúar 1398 er á meðal gagna málsins og er merkjum Kalmanstungu þar lýst.

Hér ber þess fyrst að geta að fyrir liggur Hæstaréttardómur sem þýðingu getur haft fyrir hið eignarréttarlega mat. Um er að ræða dóm Hæstaréttar frá 28. janúar 1975 í máli nr. 65/1971. Er sérstaklega vísað til dómsins af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins. Í málinu kröfðust Reykholtaldalshreppur og Hálsahreppur þess að þeim yrði dæmdur allur réttur til silungsveiði í ám og vötnum á þeim hluta Arnarvatnsheiðar sem Stefán Ólafsson, bóndi í Kalmanstungu, seldi Þorsteini Magnússyni, Húsafelli, Gísla Eggertssyni, Stóra-Kroppi, og Magnúsi Jónssyni, Vilmundarstöðum, með afsali 17. maí 1880, með þeirri undanþágu, að erfingjar Stefáns, sem kynnu að búa í Kalmanstungu, ættu þar silungsveiðiítak fyrir heimili sín og að landamerki Kalmanstungu og nefnds hluta Arnarvatnsheiðar yrðu viðurkennd þannig: Norðlingafljót að Reyká, þaðan Reyká að Reykjavatni og úr Reykárósi við Reykjavatn, yfir Reykjavatn um austurenda Eiríksjökuls í sömu stefnu í austurmarkalínu Kalmanstungu við jökulrönd Langjökuls. Eigendur Kalmanstungu kröfðust þess aftur á móti að viðurkenndur yrði eignarréttur þeirra að allri silungsveiði í vötnum, ám og lækjum á umræddu svæði, og að landamerki heimalands Kalmanstungu og nefnds hluta Arnarvatnsheiðar á því svæði sem ósamkomulag var

um yrðu ákvörðuð þannig: Norðlingafljót að Reyká, þá Reyká að Reykjavatni og úr Reykárósi við Reykjavatn sjónhending í norðurenda Langjökuls.

Í dómi Hæstaréttar er fjallað um þær heimildir sem lágu fyrir um merki svæðanna, þ.á m. afsalið fyrir Arnarvatnsheiði frá 1880, landamerkjabréf Arnarvatnsheiðar frá 1886 og útdrátt úr landamerkjaskrá Kalmanstungu frá 1887.³²⁰ Staðfesti Hæstiréttur niðurstöðu héraðsdóms (merkjadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu) hvað landamerkin varðaði en um þau segir í dómi Hæstaréttar:

Telja verður, að merkjalýsingin í landamerkjabréfinu frá 26. janúar 1886 samrýmist merkjalýsingu afsalsins frá 1880, en sé gleggri, að því er varðar þau merki hins selda lands, sem um er deilt í máli þessu. Verður landamerkjabréfið því lagt til grundvallar í málinu. Orðalag útdráttarins úr landamerkjaskrá Kalmanstungu frá 1897 um merki er aftur á móti frábrugðið landamerkjabréfinu frá 1886. Ólíklegt er þó, að umboðsmenn hreppanna hafi með þeirri landamerkjaskrá ætlað að breyta hinum fyrri merkjum, enda voru þeir ekki til þess bærir. Í landamerkjalýsingunni 1886 eru austurmerkin talin frá Langjökulsenda „ofan á móts við Reykjavatn“. Verður að skilja þetta svo, að þar sé átt við vesturjaðar Langjökuls. Það álit oddvita Hálsa- og Reykholtaldshreppa á fundinum 19. mars 1963, að Langjökull ráði merkjum „vestur á móts við Reykjavatn“, er í samræmi við þetta. Staður sá á vesturjaðri Langjökuls, sem landamerkjalyýsingin telur „á móts við Reykjavatn“, verður ekki ákveðinn með vissu, en hann getur samkvæmt orðum landamerkjabréfsins frá 1886 ekki verið norðar en svo, að lína frá honum sjónhending í Reykárós liggja yfir Reykjavatn. Merkjalína sú, sem ákveðin var af héraðsdómi, er skoðað hafði staðhætti á vettvangi, fer eigi í bága við merkjalýsinguna í landamerkjabréfinu frá 1886. Málsaðiljar hafa ekki fært fram haldbær rök, er hnekki þessari úrlausn héraðsdóms, og ber því að staðfesta hana.

Þá segir um veiðiréttinn í dóminum:

Eins og áður hefur verið rakið, afsalaði Stefán Ólafsson í Kalmanstungu framangreindu heiðarlandi til viðsemjenda sinna með öllum landsnyttjum, að því frátöldu að hann áskildi sér „að hafa silungsveiði og eggjatöku fyrir sig og sína erfingja . . .“. Er ágreiningur málsaðilja um það, að hverju marki silungsveiði í ám, lækjum og vötnum á hinu selda landi hafi verið undanskilin sölonni með þessu ákvæði afsalsbréfsins.

Þegar þess er gætt, að það er forn og ný réttarregla, að landeigandi eigi fiskveiði í vötnum á landi sínu, sbr. landbrigðapátt Grágásar um veiði, 208. kap. Konungsbókar og 438. kap. Staðarhólsbókar, og 56. kap. landleigubálks Jónsbókar, en nú 2. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, þá var rík ástæða til þess, að Stefán Ólafsson kvæði afdráttarlaust að orði, ef ætlun hans var sú, að enginn réttur til silungsveiði í vötnum á hinu selda landi fylgdi með

³²⁰ Í dómnum er vísað í útdrátt úr landamerkjaskránni en í málinu liggur fyrir landamerkjabréf Kalmanstungu, dagsett 24. apríl 1887 og þinglýst 24. maí sama ár.

við sölu þess. Ákvæði í afsalinu um silungsveiðiréttinn eru hins vegar ekki skýr, og verður ekki örugglega af þeim ráðið, að til þessa hafi verið ætlast. Þá þykir sýnt af mótmælum hreppsbanda á manntalsþingum í Hálsa- og Reykholtaldalshreppum 1898, að bændurnir hafa a. m. k. ekki þá litið svo á, að allur silungsveiðiréttur hafi verið tekinn undan við landssöluna 1880. Enn er það, að í málinu hafa verið lögð fram vottorð margra manna úr Hálsa- og Reykholtaldalshreppum um, að þeir hafi stundað silungsveiði í vötnum á heiðarlandinu án sérstaks leyfis eigenda Kalmanstungu. Hefur þessu ekki verið hnekkt. Þá hafa gagnáfrýjendur ekki sýnt fram á, að þeir hafi eignast allan silungsveiðiréttinn fyrir hefð. Þegar alls þessa er gætt, þykja gagnáfrýjendur ekki hafa sannað, að þeir eigi einir silungsveiðirétt á hinu selda heiðarlandi.

Var niðurstaða dómsins sú, að því er varðaði veiðiréttinn, að eigendur Kalmanstungu ættu $\frac{1}{4}$ af silungsveiði í ám og vötnum á svæðinu á móti hreppunum.

Óbyggðanefnd telur ljóst að í nefndum dómi Hæstaréttar hafi verið lagt til grundvallar að landsvæðið sem um var deilt væri háð beinum eignarrétti. Nánar tiltekið er um að ræða það landsvæði sem selt var frá Kalmanstungu með afsali dagsettu 17. maí 1880 og þaðan áfram til Reykholtaldal- og Hálsahreppa með afsali, dagsettu 18. apríl 1884. Við mat á þýðingu dómsins fyrir úrlausn þessa máls er þó til þess að líta að hvorki aðild að málinu né sakarefni þess var hið sama og er til úrlausnar í þessu máli. Vísast í þessu sambandi m.a. til dóma Hæstaréttar frá 26. september 2013 í máli nr. 411/2012 (Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár), frá 28. nóvember 2013 í máli nr. 546/2012 (Eyvindarstaðaheiði) og frá 22. október 2015 í máli nr. 743/2014 (Nýjabæjarafreittur). Af þessum dómum má ráða að ekki sé unnt að líta svo á að eldri dómur um eignarréttarlega stöðu lands bindi óbyggðanefnd ef ekki er ljóst að málsaðilar séu hinir sömu eða komnir að öllu leyti í stað hinna fyrri. Þá skiptir jafnframt máli, við mat á þýðingu eldri dóma undir sambærilegum kringumstæðum, hvert sakarefnið er. Vísast í þessu sambandi einnig til umfjöllunar um réttaráhrif og sönnunargildi eldri dómsúrlausna í kafla 11.3 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Dómur Hæstaréttar frá 28. janúar 1975 í máli nr. 65/1971 varðaði ekki ágreining um eignarréttarlega stöðu lands á grundvelli þjóðlendulaga nr. 58/1998 og aðilar að málinu voru ekki þeir sömu og aðilar að þessu máli. Hafa þeir síðarnefndu heldur ekki á báða vegu komið í stað þeirra fyrnefndu, enda leiðir íslenska ríkið tilkall sitt til svæðisins í máli þessu ekki frá eigendum Kalmanstungu sem aðild áttu að umræddu máli fyrir Hæstarétti. Dómurinn er því ekki bindandi um úrslit þessa máls, samanber til hliðsjónar 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Dómurinn hefur þó fullt sönnunargildi um þau málsatvik, sem í honum greinir, þar til það gagnstæða er sannað, samanber til hliðsjónar 4. mgr. sömu lagagreinar. Til athugunar hlýtur því m.a. að koma hjá óbyggðanefnd hvaða áhrif aðild, ný gögn eða

önnur þau atriði sem dómstólar hafa ekki þegar metið hafi á eignarréttarlega stöðu Arnarvatnsheiðar samkvæmt lögum nr. 58/1998.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Kalmanstungu og Arnarvatnsheiðar er lýst í fyrirbyggjandi heimildum. Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki svæðanna, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á þeim. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu svæðisins.

Fyrir liggur landamerkjabréf afréttar á Arnarvatnsheiði, dags. 26. janúar 1886 og þinglýst 20. maí 1889 og landamerkjabréf Kalmanstungu, dags. 24. apríl 1897 og þinglýst 24. maí 1897. Auk landamerkjabréfanna liggja fyrir eftirfarandi eldri heimildir sem taka að einhverju leyti til merkja Kalmanstungu og Arnarvatnsheiðar: Vilchinsmáldagi kirkjunnar að Kalmanstungu frá árinu 1397; kaupbréf, dags. 28. febrúar 1398; skrá um eignir kirkjunnar í Kalmanstungu frá árinu 1469; vitnisburður Ólafs biskups Hjaltasonar, dags. 29. júní 1558 og 30. apríl 1569; máldagi Gísla biskups Jónssonar fyrir kirkjuna í Kalmanstungu, frá því um 1570; vísitasíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar frá 1639–1671; vísitasía, dags. 19. ágúst 1681, sem varðveitt er í vísitasíubók Þórðar biskups Þorlákssonar frá 1675–1695; vísitasía frá 9. október 1695, sem varðveitt er í máldaga- og vísitasíubók Mýrarárófastsdæmis 1397–1733; vísitasía, dags. 1. september 1702, sem varðveitt er í vísitasíubók Jóns biskups Vídalín um Vestfirðingafjórðung og Sunnlendingafjórðung 1699–1705 og 1710–1719; úttektir kirkna og staða í Mýrasýslu 1696–1877; vísitasíubók Jóns biskups Árnasonar 1723–1733; vísitasía, dags. 10. október 1737, sem varðveitt er í vísitasíubók Jóns prófasts Jónssonar 1737–1739; vísitasía, dags. 6. ágúst 1739, sem varðveitt er í vísitasíubók Jóns biskups Árnasonar 1723–1742; vísitasía, dags. 5. júní 1744, sem varðveitt er í vísitasíubók Vigfúsar prófasts Jónssonar 1743–1777; vísitasía, dags. 14. ágúst 1751, sem varðveitt er í vísitasíubók Ólafs biskups Gíslasonar 1748–1752; vísitasía, dags. 9. september 1759, sem varðveitt er í vísitasíubók Finns biskups Jónssonar og Hannesar biskups Finnssonar frá 1756–1778; lögfesta Árna Þorleifssonar, dags. 5. júní 1773; vísitasía, dags. 14. ágúst 1783, sem varðveitt er í vísitasíubók Hannesar biskups Finnssonar 1780–1788; vísitasía, dags. 16. desember 1791, sem varðveitt er í vísitasíubók Kristjáns prófasts Jóhannssonar 1791–1806; lögfesta Stefáns Ólafssonar fyrir Kalmanstungu, frá 28. maí 1879, afsal fyrir hluta af landi Kalmanstungu til Þorsteins Magnússonar, Gísla Eggertssonar og Magnúsar Jónssonar, dags. 17. maí 1880; afsal fyrir þessum sama hluta Arnarvatnsheiðar til Reykholtaldshrepps og Hálsahrepps, dags. 18. apríl 1884; og skjal, dags. 16. júní 1885, sem ber yfirskriftina „Kafli úr „Extract af vísitatíu Kalmanstungu Kyrkju, sál. Herra Biskupsins Mag. Jóns Árnasonar anno 1725“.

Einungis fáeinir af þeim heimildum sem hér voru nefndar hafa að geyma heildstæðar lýsingar á því hvernig jörðin Kalmanstunga afmarkaðist áður en

fyrirgreind útskipting og kaup fóru fram árin 1880 og 1901. Í flestum þeirra kemur aftur á móti einungis fram að kirkjan í Kalmanstungu eigi land að Vellankötlu án þess að annarra örnefna sé getið sem afmarki jörðina. Á það við um máldagana frá árunum 1397 og 1570, skrá um eignir kirkjunnar í Kalmanstungu frá árinu 1469 og vísitasíurnar frá árunum 1681, 1695, 1702, 1737, 1739, 1744, 1751, 1759, 1783 og 1791. Ekki liggja fyrir gögn um hvar hin svonefnda Vellankatla muni hafa verið staðsett þó tilgátur séu um að hún hafi tengst hinu forna eyðibýli Kötlutúni, eins og fram kemur í örnefnaskrá fyrir Kalmanstungu. Rústir Kötlutúns eru suðvestan við fjallið Strút og innan óumdeilds eignarlands Kalmanstungu II. Vegna þeirrar óvissu sem er um staðsetningu Vellankötlu og þess að umræddar heimildir hafa ekki að geyma heildstæðar lýsingar á merkjum Kalmanstungu koma þær að litlu gagni við greiningu á því hvernig jörðin hafi áður afmarkast. Niðurstaða þar að lútandi ræðst því af öðrum fyrirbyggjandi heimildum.

Við skoðun á heimildum um merki Kalmanstungu og Arnarvatnsheiðar er þess að gæta að landamerkjabréf Arnarvatnsheiðar og Kalmanstungu eru frá árunum 1886 og 1897 og voru því gerð eftir að hluta af landi Kalmanstungu var afsalað til þriggja bænda, með afsali, dags. 17. maí 1880, og þaðan áfram til Reykholtaldshrepps og Hálsahrepps með afsali, dags. 18. apríl 1884. Landamerkjabréf Kalmanstungu frá árinu 1897 hefur því ekki að geyma heildstæða lýsingu á því hver afmörkun jarðarinnar var áður en umræddur hluti landsins var seldur.

Í þessu sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðbyggjandi landsvæða. Vestan við ágreiningssvæðið er syðst óumdeilt eignarland Kalmanstungu II, þar norðan við óumdeilt eignarland Fljótstungu og því næst ágreiningssvæði vegna hins útskipta lands úr Þorvaldsstöðum, sem fjallað er um í kafla 6.4. Því næst tekur við land sem nefnist Lambatungur og fjallað er um í máli nr. 3/2014 hjá óbyggðanefnd en þær ná norður að mörkum Mýrasýslu og Vestur-Húnavatnssýslu. Norðan sýslumarkanna tekur við landsvæði sem nefnist Efranúpsheiði og er eignarland samkvæmt niðurstöðu óbyggðanefndar í máli nr. 3/2013.

Að norðurmörkum ágreiningssvæðisins liggur Efranúpsheiði vestast en austan hennar er Aðalbólshaiði sem einnig er eignarland samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 3/2013. Austan marka ágreiningssvæðisins gagnvart Aðalbólshaiði er hornmark gagnvart landsvæði sunnan Víðidalstunguheiðar sem er þjóðlenda samkvæmt sama úrskurði óbyggðanefndar. Þar austan við tekur við landsvæði sunnan Haukagilsheiðar og Lambatungna sem er þjóðlenda samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2013 og loks landsvæði sunnan Grímstunguheiðar sem er þjóðlenda samkvæmt sama úrskurði.

Austan við ágreiningssvæðið sem hér er til umfjöllunar er nyrst hluti af Auðkúluheiði sem er þjóðlenda samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2013. Þar sunnan við tekur Langjökull við en gagnaðilar íslenska ríkisins miða kröfugerð sína við að vatnaskil á Langjökli ráði mörkum Arnarvatnsheiðar og

sameignarlands Kalmanstungu I og II að suðaustanverðu. Ráða vatnaskil á jöklinum mörkum ágreiningssvæðisins að sunnanverðu þar til komið er vestur að skurðpunkti við línu sem afmarkar það svæði sem gagnaðilar íslenska ríkisins byggja á að tilheyri Geitlandi. Geitland liggur að ágreiningssvæðinu suðvestanverðu þar til komið er vestur að óumdeildu eignarlandi Kalmanstungu II.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvað ráðið verður af heimildum um afmörkun sameignarlands Kalmanstungu I og II og Arnarvatnsheiðar til vesturs. Að syðsta hluta vesturmerkja ágreiningssvæðisins, þ.e. þess hluta þeirra sem liggur milli Hvítár og Norðlingafljóts, liggur, sem fyrr segir, óumdeilt eignarland Kalmanstungu II. Í landskiptagerð, dagsettri 19. apríl 1932 og þinglýstri 9. maí 1933, er þessum hluta merkjanna lýst svo: „Kristófer fær í sinn hlut Tunguna, það er alt land milli Norðlingafljóts og Hvítár, að girðingu þeirri, sem liggur frá túngirðingunni vestan við bæjarlæk austan Skeljalág í Krókkastið. [...] Stefán hefur í sinn hlut Norður- og Suðurgirðingu, alt land innan þeirra með gögnum og gæðum og girðingarnar sjálfar.“

Af hálfu íslenska ríkisins er þeim hluta merkjanna sem hér um ræðir lýst svo: „... í Norðlingafljót (26), þaðan suður eftir merkjagirðingu (yngri) sem liggur á milli Kalmanstungu II og sameignarlands Kalmanstungna að Hvítá (28), en þar er hornpunktur landamerkja Kalmanstungu II, sameignarlands Kalmanstungna og Geitlands.““ Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er umræddum hluta merkjanna lýst svo:

[...] að Norðlingafljóti við merkjagirðingu þar sem mætast landamerki óskipts sameignarlands Kalmanstungna, Arnarvatnsheiði og Kalmanstungu II (5), þaðan til suðurs eftir merkjagirðingu milli óskipts sameignarlands Kalmanstungna og Kalmanstungu II að Hvítá við merkjagirðingu þar sem mætast landamerki óskipts sameignarlands Kalmanstungna, Kalmanstungu II og Geitlands (6), [...].

Báðir málsaðilar draga kröfulínur að þessu leyti með sama hætti og miða línurnar við umrædda merkjagirðingu. Það sem ráðið verður af landaskiptagerðinni frá 1932 um þennan hluta merkjanna mælir því a.m.k. ekki í mót að mati óbyggðanefndar að merki ágreiningssvæðisins gagnvart því landi sem þá var skipt milli eigenda Kalmanstungu séu með þeim hætti sem málsaðilar byggja á.

Norðvestan við Norðlingafljót liggur að ágreiningssvæðinu vestanverðu land Fljótstungu. Í landamerkjabréfi Kalmanstungu frá árinu 1897 segir um merkin að þessu leyti að Norðlingafljót ráði „eftir miðjum farvegi upp að læk þeim, er fellur í það, ofan úr Stóruhá, nokkru fyrir vestan Kleppa, en rjett fyrir framan „köstin“- [...] Frá fljótum ræður fyrrnefndur lækur merkjum uppeftir Stóruhá, og síðan beina stefnu upp hlíðina á stein stóran neðarlega á mel, milli þessara tveggja lækjarþega, sem hinn fyrr nefndi lækur myndast af. Frá steininum ræður sjónhending í hánorður upp í klett, (hinn vestri af tveimur, og þaðan áfram í annan klett (einnig hinn vestri af tveimur) þaðan hallar stefnunni ílitið austurávið, upp í Axlarþúfu, og þaðan er bein sjónhending

í Þorvaldslæk þar sem hann fellur í Litlafljótið.“ Ábúandi Fljótstungu var einn af þeim sem áritaði bréfið um samþykki sitt.

Í kaupbréfinu frá 28. febrúar 1398 er þessum hluta merkja Kalmanstungu lýst svo: „frá vidgelmi oc j gilit firir nedan kleppa skogh. or gilinu oc j hamartiorn. þa or hamrinum er stendr firir vttan hamartiörn oc j axlartiörn. þa rædr gilit or axlartiorn oc framm j dalsaa. þa rædr dalsaa oc vpp j þoruardzstada vautn.“ Merkjalýsing kaupbréfsins er áréttuð í úttekstum kirkna og staða í Mýrasýslu 1696–1877 og í vísitásiubók Jóns biskups Árnasonar 1723–1733. Í vitnisburði Ólafs biskups Hjaltasonar um landamerki Kalmanstungu frá 30. apríl 1569 er vikið að merkjum gagnvart Fljótstungu en í heimildinni segir:

Hier med Strut til greindan og ollum landeingium¹⁾ fyrir nordan hann. oc yfer vm hraun það sem geingur j millum somu landeingia¹⁾. motz vid Fliotztungu. huar sá gamle faruegur fliotzens hefur ad fornu geingid. Jtem sagdi minn fader mier sem hiet Hiallti Arnkelsson ad fyrgreint fliot hefdi j sinum barndomi runned Fliodztungu¹⁾ meigen. það nu geingur vm landeingiar.

Í lögfestu Árna Þorleifssonar fyrir Kalmanstungu frá 5. júní 1773 er umræddum hluta merkja jarðarinnar lýst svo: „frá Vidgemle sjónhending og upp í gilid fyrer nedan Kleppaskóg, úr gilinu sjónhending og í Hamartiörn. Þá úr hamrinum er stendur fyrer utan Hamartiörn og sjónhending í Axlartiörn. Þá ræður gilid úr Axlartiörn og fram í Dalsaa, þá ræður Dalsaa sjónhending uppí Þorvalldstadavötn“. Í lögfestu Stefáns Ólafssonar fyrir Kalmanstungu, frá 28. maí 1879, er umræddum hluta merkja jarðarinnar lýst svo: „... frá Viðgelmi sjónhending í skriðugilið fyrir neðan kleppaskóg úr gilinu sjónhending í Hamarstjörn þá úr hamrinum er stendur fyrir utan tjörnina beint í Axlartjörn, þá ræður gilið úr Axlartjörn og frammí Dalsá þá ræður Dalsá sjónhendinga í Þorvaldsstaðavötn ...“.

Í landamerkjabréfi Fljótstungu, dags. 11. júní 1889 og þinglýstu 16. maí 1890, er þessum hluta merkja jarðarinnar lýst svo: „Að sunnanverðu ræður Norðlingafljót (Suðurfljót), miður farvegur, frá Háahrauni gegnt Smiðjugili, og ræður fljótið fram að læk þeim, sem fellur ofan eftir Stóru­lág nokkru fyrir vestan Kleppa, en rjett fyrir framan Köstin. Frá fljótinu ræður lækur þessi upp hlíðina og beint upp í stein stóran neðarlega á mel, sem liggur milli þeirra tveggja lækjardraga, er fyrnefndur lækur myndast af. Úr steininum ræður sjónhending í hánorður upp í klett (hinn vestri af tveimur) og þaðan áfram í sömu átt í annan klett (einnig hinn vestri af tveimur), og þaðan ílítið til austurs upp í Axlarþúfu og þaðan bein sjónhending í Þorvaldslæk, þar sem hann fellur í Litlafljót.“ Bréfið var áritað um samþykki vegna Kalmanstungu. Ekki liggja fyrir eldri heimildir um merki Fljótstungu að þessu leyti.

Landamerkjabréfum Kalmanstungu frá 1897 og Fljótstungu frá 1889 ber samkvæmt þessu saman um merki milli jarðanna. Merkjalýsingarnar sem fram koma í kaupbréfinu vegna Kalmanstungu frá 28. febrúar 1398, lögfestu Árna Þorleifssonar fyrir Kalmanstungu frá 5. júní 1773 og lögfestu Stefáns Ólafssonar fyrir

Kalmanstungu, frá 28. maí 1879, eru aftur á móti frábrugðnar merkjalýsingum landamerkjabréfanna að þessu leyti. Í umræddum heimildum eru merki Kalmanstungu sögð liggja um Hamarstjörn og Axlartjörn í Dalsá sem síðan ráði merkjum í Þorvaldsstaðavötn. Hamarstjörn liggur vestar en sú markalína sem lýst er í landamerkjabréfunum, innan óumdeilds eignarlands Fljótstungu. Þá liggja ekki fyrir heimildir um nákvæma staðsetningu Axlartjarnar en Axlarþúfa er á vesturmörkum ágreiningssvæðisins til móts við Fljótstungu en Axlargil og Axlarkelda skammt austan við þau mörk. Dalsá er ekki meðal þeirra örnefna sem fram koma í fyrirbyggjandi gögnum um þetta svæði, þ.m.t. örnefnaskrá og kortum, en telja verður líklegt, með hliðsjón af merkjalýsingunum að öðru leyti, að þar sé átt við lækinn eða ána sem rennur til suðurs úr Þorvaldsvötnum. Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins kemur fram að þar sé um að ræða Þorvaldslæk. Kemur það heim og saman við sum kort af svæðinu þar sem fram kemur að Þorvaldslækur eigi upptök sín í Þorvaldsvötnum og renni þaðan saman við Litlafljót sem renni til vesturs frá Fiskivatni. Á öðrum kortum er Litlafljót aftur á móti sagt renna til suðurs frá Þorvaldsvötnum en Þorvaldslækur aftur á móti til vesturs frá Fiskivatni þar til áin og lækurinn renna saman. Þá kemur fram í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 1962 að Dalsá sé líklega Litlafljót. Sú fullyrðing fær varla staðist nema gert sé ráð fyrir að örnefnið Litlafljót taki m.a. til lækjarins eða árinna sem rennur frá Þorvaldsvötnum, enda merkjalýsingar umræddra heimilda á þann veg að Dalsá ráði „upp í Þorvaldsstaðavötn“. Að öllu þessu virtu verður að leggja til grundvallar að vesturmerki Kalmanstungu hafi læk þann eða á sem rennur úr Þorvaldsvötnum, eins og gagnaðili íslenska ríkisins byggir á, hvort sem þar er um að ræða Þorvaldslæk eða Litlafljót.

Samkvæmt framansögðu eru lýsingar hinna eldri heimilda um merki Kalmanstungu að þessu leyti lítillaga frábrugðnar merkjalýsingum landamerkjabréfa Kalmanstungu og Fljótstungu, þannig að mörkin eru ýmist dregin litlu austar eða litlu vestar í hinum eldri heimildum en gert er í landamerkjabréfunum. Að mati óbyggðanefndar benda heimildirnar ekki til þess að eigendur Kalmanstungu hafi með gerð landamerkjabréfsins verið að helga sér meira land að þessu leyti heldur en í raun tilheyrði jörðinni. Vera kann að eigendur Kalmanstungu og Fljótstungu hafi einhvern tímann fyrir þann tíma sem landamerkjabréfið var gert árið 1897 samið um breytt mörk milli jarðanna þó ekki liggi fyrir heimildir þar um. Þá bendir vitnisburður Ólafs biskups Hjaltasonar frá árinu 1569 ótvírætt til þess að farvegur Norðlingafljóts á mörkum jarðanna hafi á þeim tíma verið búinn að færast til. Mögulega kann það að skýra að einhverju leyti mismuninn milli heimildanna. Í öllu falli bendir ekkert til annars en að mörk Kalmanstungu og Fljótstungu hafi legið saman á þessu svæði með einhverjum hætti án þess að þar á milli væri landsvæði sem ekki tilheyrði annarri hvorri jörðinni. Því til frekari stuðnings má nefna að í *Jarðabók Árna og Páls* frá árinu 1709 kemur fram að ágreiningur sé milli eigenda Kalmanstungu og Fljótstungu um landsvæði við Kleppa, þ.e. svonefndar Halldórstóftir.

Af hálfu íslenska ríkisins er þeim hluta kröfulínunnar sem hér um ræðir lýst svo: „Litlafljót ræður þar til Þorvaldslækur fellur í það (24), þaðan í Axlarþúfu (25), niður hlíðina, yfir vestari klett á mel, merkjaklett og eftir læk þeim sem fellur ofan eftir Stóruhálag nokkru fyrir vestan Kleppa en rétt fyrir framan köstin í Norðlingafljót (26), ... “. Við 7. fyrirtöku málsins var staðsetningu punkts nr. 26 á kröfulínukorti breytt á þann veg að hann var færður tæpa 2 km til suðvesturs. Lega kröfulínu íslenska, milli punkta nr. 25 og 27 breyttist sem því nam og var með þessu færð til samræmis við legu kröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins. Texti kröfugerðarinnar var þó áfram óbreyttur. Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins var breytingunni mótmælt og tekið fram að með því að fallast á færslu punktsins væru þeir að gefa eftir land og íslenska ríkið að auka við kröfur sínar.

Við meðferð mála fyrir nefndinni gildir skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 að þegar kröfulýsing ríkisins liggur fyrir skal óbyggðanefnd gefa út tilkynningu og láta birta í Lögbirtingablaði. Skal þar skorað á þá er telja til eignarréttinda eða annarra réttinda á því svæði sem ríkið gerir kröfu til að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd innan minnst þriggja en mest sex mánaða frá útgáfudegi þess tölublaðs sem tilkynningin er birt í. Jafnframt skal nefndin láta þinglýsa yfirlýsingu þessa efnis á þær eignir sem skráðar eru í þinglýsingabók og eru á viðkomandi svæði. Þá skal útdráttur úr efni tilkynningar birtur með auglýsingu í dagblaði. Að liðnum kröfulýsingarfresti skv. 2. mgr. 10. gr. laganna skal óbyggðanefnd gera yfirlit yfir lýstar kröfur á viðkomandi landsvæði og láta færa þær inn á uppdrátt. Skal yfirlit þetta ásamt uppdrætti (kröfulínukorti) liggja frammi á skrifstofu sýslumanns eða sýslumanna í því eða þeim umdæmum sem svæðið á undir í að minnsta kosti einn mánuð. Athugasemdir skulu hafa borist óbyggðanefnd innan sjö daga frá þeim degi þegar kynningu lauk.

Meðferð þessa máls fyrir óbyggðanefnd í lýst í kafla 4 hér að framan. Eins og þar kemur fram bærust kröfulýsingar fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, um þjóðlendur í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu bærust óbyggðanefnd þann 10. desember 2013. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um málsmeðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingarblaðinu 18. desember 2013, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, og var skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 20. mars 2014. Kröfulýsingarfrestur annarra en íslenska ríkisins var síðar framlengdur til 16. apríl 2014. Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum sýslumanna á Akranesi, Borgarnesi og Búðardal, frá 5. maí til og með 5. júní 2014, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 12. júní 2014. Framangreind kynningargögn voru jafnframt aðgengileg á skrifstofum viðkomandi sveitarfélaga, skrifstofu óbyggðanefndar og heimasíðu óbyggðanefndar. 7. fyrirtaka málsins, þar

sem framangreind breyting var gerð á kröfulínu íslenska ríkisins, fór fram 12. desember 2014.

Sú málsmeðferð sem lög nr. 58/1998 mæla fyrir um hefði ekki tilætlaða þýðingu ef íslenska ríkið gæti aukið við kröfur sínar og sett þær fram á allt öðrum grundvelli, eftir að lokið er lögboðinni kynningu ásamt athugasemdafresti og gegn mótmælum gagnaðila. Jafnframt liggur fyrir sú skýra afstaða dómstóla að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr máli á þeim grundvelli, sbr. kafla 8.1.1 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.³²¹ Afstaða óbyggðanefndar til eignarréttarlegrar stöðu landsvæða sem falla utan við lögformlega kröfugerð fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, kemur því ekki til álita.

Við mat á því hvort taka eigi tillit til umræddrar breytingar á kröfulínu íslenska ríkisins við úrlausn málsins skiptir að mati óbyggðanefndar meginmáli hvort um hafi verið að ræða aukningu á kröfum þess í framangreindum skilningi. Í því sambandi er að mati nefndarinnar til þess að líta sú breyting sem um ræðir fól ekki í sér breytingu á texta þeirrar kröfugerðar sem hlaut lögboðna kynningu, bæði við kynningu á kröfum íslenska ríkisins öllum lýstum kröfum í málinu heldur var um að ræða breytingu á því hvernig umrædd kennileiti eru staðsett á kort af hálfu ríkisins. Þá verður ekki annað ráðið af kröfugerðum málsaðila en að þeim beri saman um staðsetningu umræddra kennileita. Ennfremur benda fyrirbyggjandi gögn að mati óbyggðanefndar ekki til þess að aðrir en þeir sem eiga aðild að málinu kunni að eiga eignaréttindi á því svæði sem breytingin lýtur að. Að teknu tilliti til þessara atriða er niðurstaða óbyggðanefndar sú að umræddur hluti krafna íslenska ríkisins komi til efnislegrar úrlausnar við meðferð málsins, að teknu tilliti til umræddrar breytingar á legu kröfulínunnar á korti.

Aðilar máls þessa miða merki ágreiningssvæðisins að þessu leyti við línu sem dregin er frá þeim stað þar sem Þorvaldslækur fellur í Litlafljót, þaðan í Axlarþúfu, niður hlíðina, yfir vestari klett á mel, merkjaklett, og eftir læk þeim sem fellur ofan eftir Stóruháls nokkru fyrir vestan Kleppa en rétt fyrir framan Köstin í Norðlingafljót. Sú lýsing er í samæmi við landamerkjabréf Kalmanstungu og Fljótstungu og hinar eldri heimildir verða að mati óbyggðanefndar ekki taldar mæla því í mót að mörk Kalmanstungu hafi legið að umræddri línu. Afmörkun gagnaðila ríkisins á landi Kalmanstungu á sér því að þessu leyti viðhlítandi stoð í fyrirbyggjandi heimildum að mati óbyggðanefndar.

Norðan við þann hluta merkja ágreiningssvæðisins sem liggur að landi Fljótstungu er sá hluti þeirra sem liggur að hinu útskipta landi úr Þorvaldsstöðum sem einnig er deilt um í máli þessu og fjallað er um í kafla 6.4. Gagnaðilar íslenska ríkisins miða mörkin að þessu leyti við línu sem dregin er um Úlfsvatnsárlón og Úlfsvatnsá til suðurs að Arnarsteini, þaðan áfram í Þorvaldsvötn norðan til, síðan eftir Þorvaldsvötnum og þaðan um Þorvaldslæk að Litlafljóti. Í landamerkjabréfi

³²¹ Sjá viðauka.

Kalmanstungu frá árinu 1897 segir að Þorvaldslækur ráði merkjum upp í Þorvaldsstaðavötn og þaðan ráði sjónhending í Arnarstein. Þá taki við afréttarland Borgfirðinga sem áður hafi tilheyrt Kalmanstungu en sé nú selt undan. Bréfið var m.a. áritað um samþykki vegna Þorvaldsstaða. Í landamerkjabréfi afréttar á Arnarvatnsheiði frá árinu 1886 er merkjum lýst frá Arnarsteini beint í Úlfsvatnsárlón.

Í landamerkjalyýsingu Þorvaldsstaða, sem þinglýst var árið 1889, er merkjum lýst frá Úlfsvatnsárlóni beina stefnu í „Lm. stein, frá steininum bein stefna eftir vötnunum í Þorvaldslækjarás, úr því ræður lækurinn þar til hann fellur í Litlafljót“. Landamerkjalyýsingin var árituð um samþykki af oddvitum Reykholtisdals- og Hálsahreppa. Að mati óbyggðanefndar verður að telja líklegt að sá steinn sem nefndur er „Lm. steinn“ í landamerkjabréfi Þorvaldsstaða sé sami steinn og nefndur er Arnarsteinn í landamerkjabréfi Kalmanstungu, enda ber landamerkjabréfunum að öðru leyti saman um merki milli Kalmanstungu og Þorvaldsstaða.

Í kaupbréfinu vegna Kalmanstungu frá 28. febrúar 1398 er merkjum að þessu leyti lýst svo: „or axlartíorn oc framm j dalsaa. þaa rædr dalsaa oc vpp j þoruardzstada vautn. or þoruardzstada votnum oc vpp j arnarstein. þaa j suinalæk. þaa j vlfsvatnzar lon. þaa rædr wlfswatnzaa vpp ath gnupdæla gotum.“ Í lögfestu Árna Þorleifssonar fyrir Kalmanstungu frá 5. júní 1773 er umræddum hluta merkja jarðarinnar lýst svo: „Þá ræður gilid úr Axlartíorn og fram í Dalsaa, þá ræður Dalsaa síónhending uppí Þorvalldstadavötn, úr Þorvalldstadavötnum og uppí Arnarstein. Þá síónhending í Svínalæk, þá í Úlfsvatnsaarós. Þá ræður Úlfsvatnsaa upp ad Gnúpdalagötu“. Í lögfestu Stefáns Ólafssonar fyrir Kalmanstungu, frá 28. maí 1879, er umræddum hluta jarðarinnar lýst svo: „... þá ræður gilið úr Axlartjörn og frammí Dalsá þá ræður Dalsá sjónhendinga í Þorvaldsstaðavötn þá beint í Arnarstein þá í Svínalæk þá í Úlfsvatnsárós þá ræður Úlfsvatnsá ad Gnúpdælagötum ...“. Í afsalinu fyrir hluta af landi Kalmanstungu, dags. 17. maí 1880, segir um merkin: „Að neðanverðu ræður Svínalækur í Þorgeirstjörn og þaðan beint í Arnarstein, svo að vestan og norðan eftir gömlum Kalmanstungumáldögum, ...“. Afsalið til Reykholtisdal- og Hálsahreppa frá 18. apríl 1884 er samhljóða afsalinu frá 17. maí 1880 að þessu leyti. Þá tekur merkjalýsins skjalsins frá 16. júní 1885 sem ber yfirskriftina: „Kafli úr „Extract af vísitatíu Kalmanstungu Kyrkju, sál. Herra Biskupsins Mag. Jóns Árnasonar anno 1725“, til hluta af þeim merkjum sem hér eru sérstaklega til skoðunar. Þar er merkjum lýst „... úr Þorvaldsstaðavötnum og uppí Arna(r)stein, þá í Svínalæk, þá í Úlfsvatnsár lón, þá ræður Úlfsvatnsá uppað Gnúpsdalagötu, ...“. Ekki liggja fyrir eldri heimildir um merki Þorvaldsstaða heldur en landamerkjalyýsingin sem þinglýst var árið 1889.

Eins og áður er getið verður að mati óbyggðanefndar að telja líklegt að með örnefninu Dalsá sé átt við á þá eða læk sem rennur frá Þorvaldsvötnum og nefndur er Þorvaldslækur í sumum heimildum en er í sumum öðrum heimildum talinn vera hluti Litlafljóts. Að því leyti fá merkjalýsingar kaupbréfsins og lögfestunnar samræmst landamerkjabréfunum. Þær eru aftur á móti frábrugðnar landamerkjabréfunum að því

leyti að í stað þess að merkjalínan sé dregin frá Arnarsteini í Úlfsvatnsá eða Úlfsvatnsárlón, eins og í landamerkjabréfunum, er hún dregin frá Arnarsteini til austurs í Svínalæk og þaðan í Úlfsvatnsárlón. Á það líka við um skjalið frá árinu 1885, sem virðist miðað við yfirskrift þess vera byggt á vísitási frá árinu 1725. Þarna er því landskiki sem er innan marka Arnarvatnsheiðar samkvæmt landamerkjabréfinu frá 1886 en ekki innan marka Kalmanstungu samkvæmt þeim eldri heimildum sem liggja fyrir þar að lútandi, þ.e. kaupbréfinu frá árinu 1398, lögfestunum frá árunum 1773 og 1879, sem og skjalinu frá árinu 1885. Landskiki sá sem hér um ræðir afmarkast af línu sem dregin er milli Arnarsteins, Svínalækjar og Úlfsvatnsáróss. Verður að telja að umræddar eldri heimildir mæli landamerkjabréfinu í mót að þessu leyti. Ennfremur er til þess að líta í þessu sambandi að afsölin frá 17. maí 1880 og 18. apríl 1884 vísa til „Kalmanstungumáldaga“ hvað þennan hluta merkjanna varðar.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið á afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á landi Arnarvatnsheiðar vestur að línu sem dregin er um Arnarstein, Þorvaldsvötn og Þorvaldslæk að Litlafljóti sér stoð bæði í landamerkjabréfi Arnarvatnsheiðar frá árinu 1886 og eldri heimildum. Hinar eldri heimildir styðja aftur á móti ekki að land Kalmanstungu hafi náð vestur að línu sem dregin er milli Arnarsteins og Úlfsvatnsárlóns eins og lýst er í landamerkjabréfinu. Um eignarréttarlega þýðingu þessa mismunar verður fjallað síðar.

Norðan við þann hluta ágreiningssvæðisins sem liggur að hinu útskipta landi úr Þorvaldsstöðum er sá hluti þess sem liggur að svæði sem nefnist Lambatungur og tilheyrðu áður Gilsbakka en fjallað er um þær í máli nr. 3/2014. Í landamerkjabréfi Arnarvatnsheiðar frá árinu 1886 er merkjum að þessu leyti lýst svo: „... úr Arnarsteini beint í Úlfsvatnsárlón, þá ræður Úlfsvatnsá upp að Gnúpdælagötu þá ræður Gnúpdælagata vestanvert við Úlfsvatn norðurí austurhorn Urðhæðavatns ...“. Landamerkjabréfið var áritað um samþykki af hálfu umráðamanns Gilsbakka. Í kaupbréfinu frá 1398 er þessum hluta merkjanna lýst svo: „... j vlfsvatnzaar lon. þa rædr wlfswatnzaa vpp ath gnupdæla gotum. þa gnupdæla gautur nordur j lækinn er fellr or leirutioern enni nyrdri.“ Í lögfestu Árna Þorleifssonar fyrir Kalmanstungu frá 5. júní 1773 er umræddum hluta merkja jarðarinnar lýst svo: „Þá síónhending í Svínalæk, þá í Úlfsvatnsaarós. Þá ræður Úlfsvatnsaa upp ad Gnúpdalagötu, þá Gnúpdalagötur nordur í lækinn er fellur úr Leirutioern enne nyrdre.“ Í lögfestu Stefáns Ólafssonar fyrir Kalmanstungu, frá 28. maí 1879, er umræddum hluta jarðarinnar lýst svo: „... í Svínalæk þá í Úlfsvatnsárós þá ræður Úlfsvatnsá að Gnupdælagötum þá gnupdælagötur noður [svo] í lækinn, sem fellur úr Leirutjörn hinni nyrdri ...“.

Í afsalinu fyrir hluta af landi Kalmanstungu, frá 17. maí 1880, er þessum hluta merkjanna ekki lýst að öðru leyti en því að í afsalinu segir: „... að vestan og norðan eftir gömlum Kalmanstungumáldögum, ...“. Í skjalinu frá 16. júní 1885 sem ber yfirskriftina: „Kafli úr „Extract af vísitatíu Kalmanstungu Kyrkju, sál. Herra Biskupsins Mag. Jóns Árnasonar anno 1725“ er þessum hluta merkjanna lýst svo: „...“.

í Úlfsvatnsár lón, þá ræður Úlfsvatnsá upp að Gnúpsdalagötu, þá Gnúpsdalagötur norður (:) í lækinn er fellur úr Leyrutjörn inni nyrðri ... “.

Í landamerkjabréfi prestsetursins á Gilsbakka, dags. 20. ágúst 1889 og þinglýst 18. maí 1904, er merkjum Lambatungna að þessu leyti lýst svo: „Frá austurenda Urðhæðarvatns beygjast merkin suður og liggja suður í vesturenda Úlfsvatn. Frá Úlfsvatni ræður Úlfsvatnsá í Grunnuvötn.“ Landamerkjabréfið var áritað um samþykki af hálfu Reykholtaldshrepps og Hálsahrepps. Í lögfestu Hjartar Jónssonar prests á Gilsbakka, sem lesin var á manntalsþingi á Sámsstöðum 9. maí 1808, er umræddum merkjum lýst svo: „... suður eftir Urdhæðum í Urdarvatn, og þaðan að Úlfsvatni, síðan ræður Úlfsvatnsá í Grunnuvötn, ... “. Í lögfestu séra Magnúsar Sigurðssonar fyrir Gilsbakka frá 16. maí 1848 er merkjunum lýst svo: „... suður eptir Urdhæðum í Urdarvatn og það[an] að Úlfsvatni; síðan ræður Úlfsvatnsá í Grunnuvötn ... “. Í leigusamningi um Lambatungur, dags. 21. júlí 1891, er merkjunum lýst svo: „Frá austurenda Urðhæðarvatns beygist merkjalínan í suður og liggur suður í vesturenda Úlfsvatns og ræður sú lína merkjum að austanverðu. Að sunnan og vestan ræður merkjum: Frá Úlfsvatni Úlfsvatnsá í Grunnuvötn, ...“. Loks er eftirfarandi lýsingu á umræddum merkjum að finna í kaupsamningi fyrir Lambatungur, dags. 15. apríl 1912: „Frá austurenda Urðhæðarvatns beygist merkjalínan í suður og liggur í vesturenda Úlfsvatns, og ræður sú lína merkjum að austanverðu. Að sunnan og vestan ræður frá Úlfsvatni Úlfsvatnsá í Grunnuvötn ... “.

Gagnaðili íslenska ríkisins miðar kröfur sínar að þessu leyti við línu sem dregin er frá austurenda Urðhæðarvatns, þar sem mætast landamerki Arnarvatnsheiðar og upprekstrarlands Gilsbakka, þaðan til suðurs að vesturenda Úlfsvatns og þaðan eftir Úlfsvatnsá niður að Úlfsvatnsárlóni þar sem mætast landamerki Arnarvatnsheiðar, útskipts lands Þorvaldsstaða og upprekstrarland Gilsbakka. Í flestum þeim heimildum sem hér voru raktar kemur fram að umrædd markalína sé dregin um Urðhæðarvatn eða austurenda þess. Það á þó ekki við um kaupbréfið fyrir Kalmanstungu frá árinu 1398, lögfesturnar fyrir jörðina frá árunum 1773 og 1879 eða skjalið frá 16. júní 1885 því þar er merkjunum sem fyrir segir lýst þannig að Úlfsvatnsá ráði að Gnúpdælagötu(m) sem síðan ráði merkjum að læk sem falli úr Leirutjörn hinni nyrðri. Leirutjarnir er ekki að finna á fyrirbyggjandi kortum en í örnefnaskrá fyrir Arnarvatnsheiði segir eftirfarandi:

Þessi Hávaðavötn (34) eru bæði grunn og í syðra vatninu koma upp allstórar leirur, þegar lágt er í vötnunum í þurrkatíð. Vötnin gátu því vel hafa verið nefnd Nyrðri- (34a) og Syðri-Leirutjörn (34b), og er ekki óhugsandi, að Gnúpdælagötu (34c) hefðu þá legið yfir lækinn, sem fellur úr nyrðra vatninu og norður með því að austan, en það eru mjög lík vegarstæði þar, frekar grýtt land en torfærulaust.

Aðrar heimildir liggja ekki fyrir í málinu um mögulega staðsetningu Leirutjarna. Lína sem dregin er frá vesturenda Úlfsvatns í átt að Nyrðra-Hávaðarvatni

fær samræmst línu sem dregin er frá vesturenda Úlfsvatns í austurenda Urðhæðavatns. Verður því ekki talið að umræddar merkjalýsingar sem fram koma í kaupbréfinu frá 1398, lögfestunum frá 1773 og 1879, sem og skjalinu frá 16. júní 1885 mæli að þessu leyti í mót þeim merkjalýsingum sem fram koma í landamerkjabréfum Arnarvatnsheiðar og Gilsbakka.

Í landamerkjabréfi Arnarvatnsheiðar er merkjum lýst frá Úlfsvatnsárlóni um Úlfsvatnsá að Gnúpdælagötu vestanvert við Úlfsvatn. Öllum öðrum fyrirbyggjandi heimildum ber einnig saman um að Úlfsvatnsá ráði merkjum að þessu leyti en þó þannig að ýmist er talað um að hún ráði frá Úlfsvatnsárlóni, Úlfsvatnsárósi eða Grunnuvötnum. Þegar samhengi merkjalýsinganna er skoðað virðist ljóst að þar sem getið er um Úlfsvatnsárlón í heimildunum er átt við Fremra-Grunnavatn, þ.e. hið nyrðra af tveimur vötnum sem nefnast Grunnuvötn, en Úlfsvatnsá rennur í það. Að teknu tilliti til þess verður ekki annað séð en að samræmi sé milli heimildanna að þessu leyti og kröfur gagnaðila íslenska ríkisins um umræddan hluta merkjanna séu í samræmi við þær.

Þegar komið er norður fyrir Urðhæðavatn er komið að þeim hluta merkjanna sem liggja að Efranúpsheiði og þar austan við Aðalbólsheiði en þau landsvæði eru eignarlönd samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 3/2013. Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er merkjum að þessu leyti lýst frá Réttarvatnstanga áfram til vesturs í merkjastein á Svartarhæð og þaðan áfram til vesturs í hól norðan Hlíðarvatns og þaðan enn til vesturs niður að hólma í Strýpalónslæk norðan Hávaðavatns. Þaðan er línan dregin í merkjastein á Hraungörðum og þá til suðurs að austurenda Urðhæðarvatns. Í landamerkjabréfi Arnarvatnsheiðar frá 1886 er merkjum að þessu leyti lýst frá austurhorni Urðhæðavatns „... beint í landamerkjastein á Hraungörðum við Gnúpdælagötu (steinninn merktur L, M), úr steininum norðanvert við Hávaðavatn sjónhending austur heiði norðanvert við Hlíðarvatn um norðurenda Gunnarsonavatns (sic) uppí Svörtuhæð (Vesturhæð) (í stein merktan LM), úr Svörtuhæð í svokallaðan Rjettarvatnstanga við Rjettarvatn, ... “. Landamerkjabréfið var áritað um samþykki vegna Efranúps og Aðalbóls. Í kaupbréfinu fyrir Kalmanstungu frá árinu 1398 er þessum hluta merkjanna lýst svo: „... gnúpdæla gautur norður j lækinn er fellr or leirutíorn enni nyrðri. þa austr eptir rýggium j vorduna firir nordan torfavautn. þa or vordunni sionhendingh j millum torfa vatnz hit efsta oc hlijdar vatnz fýrir nordan hauada vatn vpp j vestr hæd. þa or hædinne austr j endann j rettavatni enu sýdra. ... “.

Sum þeirra kennileita sem nefnd eru í síðastgreindum hluta merkjalýsingar kaupbréfsins frá árinu 1398 eru ekki þekkt í dag. Í örnefnaskrá fyrir Arnarvatnsheiði er að finna umfjöllun um þau og samanburð við þau merki sem lýst er í landamerkjabréfinu. Þar segir:

Þótt sumum nöfnum í landamerkjabréfum frá 1398 og 1884³²² beri ekki saman að öllu og sum nöfn frá 1398 séu nú týnd og breytt virðist þó eftir staðarlýsingunum á svæðinu frá **Núpdælagötum** (29a) að **Svörtuhæð** (30), að lítið beri á milli um merkin sjálf. Fyrir austan eða norðaustan **Urðhæðir** (31) er smávötn, sem heitir **Nyrðra-Hávaðavatn** (32) (Vegna stærðar mætti það aðeins kallast tjörn). Merkjasteinninn er lítinn spöl fyrir suðvestan þetta vatn. Núpdælagötur liggja hjá steininum og svo norður með vatninu að vestan.

Suður úr Hávaðavatni rennur smálækur suður í **Syðra- Hávaðavatn** (33), sem er töluvert stærra, þó stórt geti það ekki kallast.

Þessi **Hávaðavötn** (34) eru bæði grunn og í syðra vatninu koma upp allstórar leirur, þegar lágt er í vötnunum í þurrkatíð. Vötnin gátu því vel hafa verið nefnd **Nyrðri-** (34a) og **Syðri-Leirutjörn** (34b), og er ekki óhugsandi, að **Gnúpdælagötur** (34c) hefðu þá legið yfir lækinn, sem fellur úr nyrðra vatninu og norður með því að austan, en það eru mjög lík vegarstæði þar, frekar grýtt land en torfæruleaust.

Austan og norðaustan við Nyrðra Hávaðavatn taka við smáhæðir og holt og á milli margar smátjarnir og mýrasund. Heita það nú **Hraunsgarðar** (35). en mættu einsvel kallast Hryggir. Sunnan og suðaustan við þessar hæðir fellur **Strípalónslækur** (36), sem rennur í gegnum mörg lón og tjarnir í mörgum krókum. Heitir það svæði nú einu nafni **Strípalón** (37). Virðist auðsætt, að þar sé að finna **Torfavötn** (37a), sem nefnd eru í landamerkjabréfi frá 1398. Virðist þá sem merkin hafi verið norðan við **Þórhallalón** (38) milli Grandalóns og Hlíðarvatns, við eða um norðurenda **Gunnarssonavatns** (39), sem þá kallast Hávaðavatn, og upp á Svörtuhæð, sem er þar rétt hjá, og þá hefur verið nefnd Vesturhæð. Hefur þá merkjalínan á þessu svæði sums staðar verið örlítið norðar en merki þau er nú gilda.

Að teknu tilliti til þess sem fram kemur í örnefnaskránni verður kaupbréfið frá árinu 1398 ekki talið mæla því í mót að merki Kalmanstungu hafi náð a.m.k. svo langt til norðurs á þessu svæði sem byggt er á í kröfulýsingu gagnaðila íslenska ríkisins og lýst er í landamerkjabréfinu.

Merkjalýsingar lögfestu Árna Þorleifssonar fyrir Kalmanstungu frá árinu 1773 og skjalsins frá 16. júní 1885 eru að mestu leyti sama efnis hvað þennan hluta merkjanna varðar. Þar er þó á einum stað getið um Arfavatn í stað Torfavatns en í merkjalýsingu lögfestunnar segir m.a.: „... í vörduna fyrer nordan Torfavatn. Þá úr vördunne síónhending í millum Arfavatns hid efsta og Hlíðavatns fyrer nordan

³²² Í örnefnaskránni er vitnað til merkjalýsingar, dags. 18. apríl 1884. Eins og áður er getið liggur fyrir afsal fyrir hluta af landi Kalmanstungu til Reykholtisdalshrepps og Hálsahrepps sem dagsett er þann dag. Þar er tilvitnaða merkjalýsingu þó ekki að finna í heild sinni. Líklegt verður því að telja að í örnefnaskránni sé fremur átt við landamerkjabréf fyrir Arnarvatnsheiði, dags. 26. janúar 1886. Í öllu falli er þarna um að ræða samanburð við merkjalýsingu sem er efnislega samhljóða merkjalýsingu landamerkjabréfsins að þessu leyti.

Haavadavatn uppí Vesturhæd.“ Hið sama gildir um skjalið frá 16. júní 1885. Arfavatn er sama vatn og er á sumum kortum nefnt Nyrðra-Hávaðavatn og liggur norðan við kröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins. Verður ekki annað séð en merkjalýsingar lögfestunnar og umrædds skjals frá árinu 1885 fái þrátt fyrir þetta samræmst áðurgreindum heimildum hvað þennan hluta merkjanna varðar. Í lögfestunni frá 1879 er þessum hluta merkjanna lýst svo: „ ... gnúpdælagötur noður [svo] í lækinn, sem fellur úr Leirutjörn hinni nyrðri svo austur eftir hryggjum í vörðuna fyrir norðan Torfavatn þá úr vörðunni sjónhending fyrir norðan Hlíðarvatn í vesturhæd og svo austur eftir heiði í jökulsenda ... “. Merkjalýsing lögfestunnar er frábrugðin kaupbréfinu frá 1398, lögfestunni frá 1773 og skjalinu frá 1885 að því leyti að Réttarvatns er ekki getið heldur er Vesturhæd síðasta örnefnið sem nefnt er á undan jökulendanum. Þess skal getið í þessu sambandi að lína sem dregin er frá Vesturhæd í jökulendann liggur a.m.k. nokkuð nærri réttarvatni. Verður því að mati óbyggðanefndar talið að lögfestan frá árinu 1879 sé í samræmi við kaupbréfið frá 1398, lögfestuna frá 1773 og skjalið frá 1885 að þessu leyti. Í afsalinu fyrir hluta af landi Kalmanstungu, frá 17. maí 1880, segir einungis um þennan hluta merkjanna: „ ... að vestan og norðan eftir gömlum Kalmanstungumáldögum, ... “.

Í landamerkjabréfi Efranúpsheiðar, dags. 16. febrúar 1891 og þinglýst 7. júní 1892, er þessum hluta merkja heiðarinnar lýst svo: „ ... frá Strípalónslæk ræður bein lína vestur í stóran stein á Hraungörðum, steinninn er merktur L.M., sem þýðir landamerki, frá þessum steini ráða, Gnúpdælagötur merkjum suður á móts við Urðhæðavatn, þá ræður bein lína merkjum yfir Urðhæðavatn og um tanga, sem fram í vatnið gengur í stóra Hvannstóð sem er við vesturenda Urðhæða, ... “. Landamerkjabréfið hefur ekki að geyma áritun vegna Arnarvatnsheiðar. Þessi merkjalýsing er í samræmi við landamerkjabréf Arnarvatnsheiðar frá árinu 1886 og í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 3/2013 er komist að þeirri niðurstöðu að suðurmörk Efranúpsheiðar séu með þeim hætti sem lýst er í landamerkjabréfinu.

Í landamerkjabréfi Aðalbóls sem þinglýst var 7. júní 1892 er þeim hluta merkja Aðalbólsheiðar sem liggur að ágreiningssvæðinu lýst svo: „ ... [í rjettarvatn og bein stefna yfir það fram í Fjárundurdráttartanga til móts við Sunnlendinga,] þá vestur hæðir bein stefna í stein merktan L.M. sem stendur á svo kallaðri Svarthæð fyrir suðvestan Arnarvatn stóra þaðan bein stefna norðan til yfir Gunnarssonvatn vestur norðanvert með Hlíðarvatni beina stefnu vestur heiði og yfir Strípalónslæk rjett fyrir ofan Hávaðavatn ... “. Landamerkjabréfið var áritað um samþykki vegna Arnarvatnsheiðar. Þessi merkjalýsing er í samræmi við landamerkjabréf Arnarvatnsheiðar frá árinu 1886 og í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 3/2013 er komist að þeirri niðurstöðu að suðurmörk Aðalbólsheiðar séu með þeim hætti sem lýst er í landamerkjabréfinu.

Næst verður fjallað um heimildir um þann hluta norðurmarka ágreiningssvæðisins sem liggur frá Réttarvatni austur í Lyklafell og þaðan til suðurs í

Langjökul. Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er merkjum að þessu leyti lýst „ ... eftir vatnaskilum Langjökuls í punkt suður af Lyklafelli (2) og svo í hánorður í Lyklafell (3), þaðan í hávestur í Réttarvatnstanga (4) ... “. Norðan línunnar sem dregin er milli Réttarvatns og Lyklafells er að vestanverðu svonefnt *landsvæði sunnan Haukagilsheiðar og Lambatungna* og að austanverðu svonefnt *landsvæði sunnan Grímstunguheiðar* en bæði svæðin eru þjóðlendur samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2013. Austan við línuna sem dregin er milli Lyklafells og Langjökuls er svo svæði tilheyrandi Auðkúluheiði, sem einnig er þjóðlenda samkvæmt sama úrskurði. Í úrskurðinum er komist að þeirri niðurstöðu að umrædd landsvæði falli ekki innan merkja jarða á svæðinu.

Í landamerkjabréfi Arnarvatnsheiðar frá árinu 1886 er þessum hluta merkjanna lýst „ ... úr nefndum Rjettarvatnstanga sjónhending fyrir norðan Álftavötn og Fljótadrög uppí Lyklafell (Krák á sandi) úr Lyklafelli í Langajökulsenda, ... “. Landamerkjabréfið var áritað um samþykki vegna Haukagilsheiðar en ekki vegna Grímstunguheiðar eða Lambatungna (þ.e. þeirra Lambatungna sem liggja norðan umræddrar línu). Í kaupbréfinu fyrir Kalmanstungu frá árinu 1398 er þessum hluta merkjanna lýst svo: „ ... austr j endann j Rettavatni enu sýdra. þaa austr epter heidi fyrir nordann aalftavautn j jokulsenda.“ Þá er merkjunum lýst svo í lögfestu Árna Þorleifssonar fyrir Kalmanstungu frá 1773: „ ... i endann á Rettavatne ennu sydra, þá austur epter heide fyrer nordan Aalftavatn i Jökulsenda.“ Í lögfestu Stefáns Ólafssonar fyrir Kalmanstungu, frá 28. maí 1879, er umræddum hluta jarðarinnar lýst svo: „ ... austur eftir heidi í jökulsenda ... “. Í afsalinu fyrir hluta af landi Kalmanstungu, frá 17. maí 1880, segir einungis um þennan hluta merkjanna: „ ... að vestan og norðan eftir gömlum Kalmanstungumáldögum, ... “. Loks er þessum hluta merkjanna lýst svo í skjalinu, dags. 16. júní 1885: „ ... endann á Rjettarvatne enu (?) syðra, þá oystur etter Heiði fyrir norðann Álftavatn í jökulsenda, ... “.

Þær merkjalýsingar sem fram koma í kaupbréfinu frá árinu 1398, lögfestunum frá 1773 og 1879, sem og skjalinu frá 1885 eru frábrugðnar merkjalýsingu landamerkjabréfsins að því leyti að í stað þess að merkjalínunni sé lýst frá Réttarvatni í Lyklafell og þaðan í jökulenda er henni lýst frá Réttarvatni austur heiðina fyrir norðan Álftavötn og í jökulenda. Norðurendi Langjökuls um 4,2 km sunnar en Lyklafell. og frá toppi Kráks á Sandi eru um 6 km suður að jökulendanum. Þá liggur Lyklafell u.þ.b. beint til austurs frá Réttarvatni en Álftavötn aftur á móti því sem næst í hásuður frá vatninu. Lína sem dregin er frá Réttarvatni í norðurenda Langjökuls liggur því norðan við Álftavötn jafnvel þótt hún sé dregin í beina stefnu milli Réttarvatns og jökulsins. Ósamræmi er því milli annars vegar landamerkjabréfsins og hins vegar kaupbréfsins og lögfestunnar hvað þetta varðar.

Að teknu tilliti til þess sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að eldri heimildir mæli því í mót að land Kalmanstungu hafi náð eins langt til norðausturs eins og lýst er í landamerkjabréfi Arnarvatnsheiðar og gagnaðili

Íslenska ríkisins byggir á. Í hinum eldri heimildum verður því fundin stoð að land Kalmanstungu hafi náð að línu sem dregin er frá Réttarvatni í norðurenda Langjökuls en ekki lengra til norðausturs. Verður að telja að umræddar eldri heimildir rýri sönnunargildi landamerkjabréfs Arnarvatnsheiðar að þessu leyti svo mjög að ekki sé unnt að fallast á að land Kalmanstungu hafi náð eins langt til norðausturs og lýst er í landamerkjabréfinu, þ.e. allt norðaustur að línu sem dregin er frá Réttarvatni í Lyklafell og þaðan til suðurs í norðurenda Langjökuls. Er í því sambandi m.a. litið til þess að atriði á borð við staðhætti, fjarlægð frá byggð og eignarréttarlega stöðu aðliggjandi landssvæða eru ekki til þess fallin að styðja sérstaklega afmörkun landamerkjabréfsins að þessu leyti gagnvart hinum eldri heimildum. Um eignarréttarlega þýðingu þessa mismunar verður fjallað síðar.

Verður næst litið til merkja ágreiningssvæðisins að suðaustanverðu. Gagnaðilar íslenska ríkisins miða kröfur sínar við að merki Arnarvatnsheiðar og sameignarlands Kalmanstungu I og II verði talin ná allt suðaustur að vatnaskilum á Langjökli. Í landamerkjabréfi Arnarvatnsheiðar frá árinu 1886 er merkjum að þessu leyti lýst svo: „... úr Lyklafelli í Langajökulsenda, síðan ræður jökull ofaná móts við Reykjavatn ...“. Í landamerkjabréfi Kalmanstungu, dags. 24. apríl 1897 er merkjum lýst svo: „Frá Eiríksjökli ræður Hafragil til Hvítár, ...“. Síðar segir: „... til Reykjavatns, og þaðan sjónhending í Jökul enda, síðan ráða jöklar að Hafragili, ...“. Í kaupbréfinu fyrir Kalmanstungu frá 1398 segir um merkin að þessu leyti: „... þaa austr epter heidi fyrir nordann aalftavautn j jokulsenda. þæ, raada joklar fýrer sunnan balljokul j hafraargil.“ Þá er þeim lýst svo í lögfestu Árna Þorleifssonar frá árinu 1773: „... austur epter heide fýrer nordan Aalftavatn i Jökulsenda. Þá ráða Jöklar fýrer sunnann Ball-Jökul í Hafuraargil.“ Í lögfestu Stefáns Ólafssonar fyrir Kalmanstungu, frá 28. maí 1879, er umræddum hluta jarðarinnar lýst svo: „... austur eftir heiði í jökulsenda þá ráða jöklar fyrir sunnan Balljökul í Hafursgil ...“. Í afsalinu fyrir hluta af landi Kalmanstungu, frá 17. maí 1880, segir: „... að austan sem jöklar ráða, ...“. Í afsali, dags. 18. apríl 1884, fyrir hluta Kalmanstungu til Reykholtaldshrepps og Hálsahrepps segir svo um austurmerki: „að austan sem jöklar ráða, ...“. Í skjali, dags. 16. júní 1885, sem ber yfirskriftina „Kafli úr „Extract af vísitatíu Kalmanstungu Kyrkju, sál. Herra Biskupsins Mag. Jóns Árnasonar anno 1725“, segir um austurmerki Kalmanstungu: „... þá oystur etter Heiði fyrir nordann Álftavatn í jökulsenda, þá ráða Jöklar.“

Hér er fyrst til þess að líta að í landamerkjabréfi Kalmanstungu frá 1897 er merkjum lýst á þann veg að Hafragil ráði merkjum frá Eiríksjökli. Væri sú merkjalýsing skoðuð ein og sér mætti eftir atvikum draga þá ályktun að land Kalmanstungu næði ekki lengra til suðausturs en að Eiríksjökli. Í þessu sambandi er þó jafnframt til þess að líta að í kaupbréfinu frá 1398 er merkjalýsingin á þann veg að jöklar ráði „fýrer sunnan balljokul j hafraargil“ og í lögfestunum frá 1773 og 1879 er þessum hluta merkjanna lýst efnislega með sama hætti. Virðist þannig ótvírætt vera

gengið út frá því í umræddum merkjalýsingum að land Kalmanstungu nái lengra til suðurs en sem nemur þeim jökli sem þar er nefndur Balljökull.

Í örnefnaskrá fyrir Kalmanstungu, sem Magnús Sigurðsson á Gilsbakka skráði en var upphaflega gerð af Ara Gíslasyni eftir forsögn Kristófers Ólafssonar, bónda í Kalmanstungu, segir eftirfarandi um Balljökul: „Talið er, að Balljökull(=Kúlujökull), sem nefndur er í vísu Hallmundar í Grettissögu sé Eiríksjökull, en Ball- eða Baldjökulsnafn hefur síðar verið haft um aðra jökla, svo sem norðurenda Langjökuls (Kjaljökul) og Geitlandsjökul, en ekki náð að festast, enda líklega aðeins tilraunir til að finna þessu forna heiti stað.“ Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 1962 segir á hinn bóginn um Balljökul: „Balljökull er nyrzta kúla Langajökuls, og samkvæmt málvenju liggur jökullinn suður eftir þaðan að Hafursfelli, þótt meginstefnan sé suðvestur.“ Í grein Odds Sigurðssonar í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 2001 er aftur á móti dregin sú ályktun að heitið Balljökull eigi fremur við um Eiríksjökul heldur en Langjökul. Í greininni segir meðal annars:

Langjökull. Allar líkur eru á að helstu jöklar landsins hafi verið til frá landnámi en breyst talsvert í tímans rás. Þó eru sárafáir jöklar nafngreindir í fornsögunum enda gerast þær fáar inni á hálendinu. Einnig er athyglisvert að aðalnöfnin, sem nú eru notuð yfir þrjá stærstu jökla landsins, eru um og innan við þriggja ára gömul. Meðal þeirra sem þó eru nefndir í gömlum ritum er Balljökull sem kemur fyrir í Grettissögu, Bárðarsögu Snæfellsáss og Ármannssögu. Ekki er hægt að segja óbyggjandi hvort þar er átt við Eiríksjökul eða norðurhluta Langjökuls en lýsingar virðast benda til þess fyrrnefnda. Ekki virðist það heldur ósennilegra því að ætla má að Eiríksjökull hafi alla tíð haft skýrara kúlulag en Langjökull. Grettissaga (rituð eftir 1300) segir Balljökul liggja sunnan við Arnarvatnsheiði og verður að segjast að Eiríksjökull er mun veglegri bústaður Hallmundar en norðurendi Langjökuls þar sem Bárðar- og Ármannssaga ætla honum vist. Í landamerkjalytingu Kalmanstungu í jarðakaupasamningi frá 1398 (Íslenskt fornbréfasafn III) stendur svo:

Þá úr hæðinni austur í endann í Réttarvatni enu syðra, þá austur heiði fyrir norðan Álftavötn í jökulsenda. Þá ráða jöklar fyrir sunnan Balljökul í Hafragil.

Hér er ekki heldur með öllu ljóst hvorn jökullinn er átt við með nafninu Balljökull. Gísli Gestsson (1959), Haraldur Matthíasson (1980) og Þórhallur Vilmundarson (1983) telja þó að í fornritunum sé átt við Eiríksjökul þegar Balljökull er nefndur.

Með hliðsjón af því sem hér hefur verið rakið er niðurstaða óbyggðanefndar sú að rétt sé að ganga út frá því að þar sem talað er um Balljökul í umræddum heimildum sé átt við Eiríksjökul fremur en Langjökul eða hluta Langjökuls. Er í því sambandi einnig litið til þess að drög Hafragils liggja frá Langjökli en ekki Eiríksjökli þó þau liggja skammt suðvestan við Eiríksjökul. Líklegast er að tilvísun landamerkjabréfsins

til Eiríksjökuls helgist af nálægð Hafragils við Eiríksjökul fremur en að litið hafi verið svo á að merki Kalmanstungu lægju um jökulinn.

Að fenginni niðurstöðu um að Langjökull en ekki Eiríksjökull ráði merkjum Kalmanstungu til suðausturs stendur eftir að leysa úr því hvort þar skuli miða við jökuljaðarinn, vatnaskil á jöklinum, eins og gagnaðilar íslenska ríkisins byggja á, eða eftir atvikum önnur kennileiti á jöklinum. Í þeim heimildum sem hér hafa verið raktar kemur fram að „jökull“ eða „jökla“ ráði austurmerkjum Kalmanstungu og Arnarvatnsheiðar án þess að nánar sé tilgreint hvaða hluta Langjökuls átt sé við. Þar sem annað er ekki tekið fram í heimildunum verður að mati óbyggðanefndar að líta svo á að þar sé átt við jökuljaðarinn fremur en vatnaskil eða önnur kennileiti á jöklinum. Er í því sambandi m.a. litið til þess að jökuljaðrar fela í sér skýra náttúrulega afmörkun milli jökla og aðliggjandi lands. Ef ætlunin hefði verið að lýsa merkjum inn á jökulinn í umræddum merkjalýsingum en ekki aðeins að jaðri hans hefði verið fullt tilefni til að geta þess sérstaklega. Vísast í þessu sambandi einnig til þess að í dómi Hæstaréttar frá 28. janúar 1975 í máli nr. 65/1971 er landamerkjabréfið frá árinu 1886 túlkað á þann veg að átt sé við vesturjaðar Langjökuls með orðalaginu „... í Langajökulsenda, síðan ræður jökull ofaná móts við Reykjavatn ...“.

Að teknu tilliti til þess sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að krafa gagnaðila íslenska ríkisins um að merki Kalmanstungu og Arnarvatnsheiðar nái lengra til suðausturs en að jaðri Langjökuls eigi sér ekki viðhlítandi stoð í fyrirbyggjandi heimildum. Fjallað er um eignarréttarlega stöðu Langjökuls í heild sinni í kafla 6.6.

Verður nú loks litið til merkja Kalmanstungu að suðvestanverðu. Gagnaðilar íslenska ríkisins byggja á því að merki sameignarlands Kalmanstungu I og II nái að þessu leyti að línu sem dregin er um Hvítá frá merkjagirðingu, þar sem mætast landamerki óskipts sameignarlands Kalmanstungu I og II og Geitlands, til austurs og síðan suðausturs eftir Hafragili að punkti milli Hafragils og Langjökuls og áfram til suðausturs að vatnaskilum á Langjökli. Í landamerkjabréfi Kalmanstungu frá árinu 1897 segir um merkin að þessu leyti: „Frá Eiríksjökli ræður Hafragil til Hvítár, þá ræður Hvítá eftir miðjum farvegi þangað sem Norðlingafljót, (Suðurljót) fellur í hana, ...“, og síðar segir: „... ráða jökla að Hafragili, en svo ræður það sem fyr segir.“ Landamerkjabréfið var samþykkt fyrir hönd Reykholtskirkju (sem kallaði á þessum tíma til eignarréttar á Geitlandi, samanber kafla 6.5 í máli þessu). Í kaupbréfinu fyrir Kalmanstungu frá árinu 1398 segir um merkin að þessu leyti í upphafi merkjalýsingarinnar: „Rædr hafr aar gil or jokli oc framm j huitaa. enn huitaa Rædr ofan til gunnlaughs hofda ...“. Í lok merkjalýsingarinnar segir síðan: „... þæ, raada joklar fyrr sunnan balljokul j hafraargil.“ Í lögfestu Árna Þorleifssonar fyrir Kalmanstungu frá árinu 1773 segir: „Rædur Hafurgil úr Jökli og fram í Hvítá, enn Hvítá rædur ofan til Gunnlaughshöfda, ...“. Síðar segir: „... Þá ráða Jökla fyrr sunnann Ball-Jökul í Hafuraargil.“ Í lögfestu Stefáns Ólafssonar fyrir Kalmanstungu,

frá 28. maí 1879, er umræddum hluta jarðarinnar lýst svo: „ ...Hafursgil ræður úr jökli og fram í Hvítá, en Hvítá ræður ofan til Gunnlögshöfða ... “. Heimildunum ber þannig saman um að merki Kalmanstungu liggi um Hafragil og Hvítá. Gunnlaugshöfði er við Hvítá, talsvert vestar en fyrrgreind merkjagirðing sem ræður mörkum ágreiningssvæðisins að suðvestanverðu.

Sunnan við þann hluta merkja ágreiningssvæðis vegna sameignarlands Kalmanstungu I og II sem hér er til umfjöllunar er ágreiningssvæði vegna Geitlands sem fjallað er um í kafla 6.5 í máli þessu. Eins og þar kemur fram er niðurstaða óbyggðanefndar sú að merki Geitlands til norðurs liggi um Hvítá og Hafragil að jaðri Langjökuls.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er niðurstaða óbyggðanefndar sú að mörk Kalmanstungu til suðurs liggi með þeim hætti sem gagnaðilar íslenska ríkisins byggja á, þ.e. um Hvítá frá merkjagirðingu þeirri sem aðskilur ágreiningssvæðið frá landi Kalmanstungu II um Hafragil og þaðan að jaðri Langjökuls. Með vísan til þess sem segir í umfjöllun um sauðasturmerki Kalmanstungu hér að framan verða merkin þó ekki talin ná lengra til austurs en að jökuljaðrinum.

Að framan hefur verið fjallað heildstætt um merki Arnarvatnsheiðar og sameignarlands Kalmanstungu I og II. Er niðurstaða óbyggðanefndar sú að það ágreiningssvæði sem hér er til umfjöllunar hafi að mestu leyti legið innan merkja Kalmanstungu eins og jörðin var afmörkuð fram til þess tíma þegar hlutum úr henni var afsalað árin 1880 og 1901. Það á þó ekki við um þann hluta Langjökuls sem gagnaðilar íslenska ríkisins gera kröfu til sem eignarlands heldur benda heimildir að mati óbyggðanefndar til þess að merki jarðarinnar hafi miðast við jökuljaðarinn. Þá eru tveir hlutar ágreiningssvæðisins innan merkja Arnarvatnsheiðar samkvæmt landamerkjabréfinu frá 1886 en aftur á móti utan merkja Kalmanstungu samkvæmt merkjalýsingum þeim sem fram koma í kaupbréfi frá árinu 1398, lögfestunum frá árinu 1773 og 1879, sem og skjali frá árinu 1885 sem mun vera byggt á vísitasíu frá árinu 1725. Annars vegar er þar um að ræða svæði sem afmarkast í meginatriðum af Réttarvatni, Lyklafelli og norðurhluta Langjökuls og hins vegar svæði sem afmarkast af Arnarsteini, Svínalæk og Úlfsvatnsárósi við Úlfsvatnsárlón. Um eignarréttarlega stöðu Langjökuls er fjallað heildstætt í kafla 6.6 en um stöðu annarra hluta ágreiningssvæðisins er fjallað hér á eftir.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða ágreiningssvæðisins. Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með

landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tilteknar undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004. Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“

Land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur á hinn bóginn að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitabýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Jafnframt er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Af kaupum Reykholtshrepps og Hálsahrepps á Arnarvatnsheiði árin 1884 og 1901 og nýtingu landsvæðisins á þeim grundvelli sem afréttar jarða í sveitarfélögunum þaðan í frá leiðir að við gildistöku þjóðlendulaga 1998 hafði Arnarvatnsheiði ótvírætt stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram til 1998. Hvort í því fólust bein eða óbein eignarréttindi, og þar af leiðandi hvort þar er eignarland eða þjóðlenda í skilningi þjóðlendulaga, er hins vegar sérstakt athugunarefni. Í því sambandi skiptir meginmáli hver staða landsins var fyrir söluna, nánar tiltekið hvort Arnarvatnsheiði var hluti af landi jarðarinnar Kalmanstungu eða afrétt hennar í þeim skilningi að eigendur jarðarinnar hafi einungis átt þar óbein eignarréttindi. Öðru máli gegnir um sameignarland Kalmanstungu I og II en það tilheyrði áfram Kalmanstungu eftir að Arnarvatnsheiði var seld til hreppanna.

Að fenginni framangreindri niðurstöðu um afmörkun sameignarlands Kalmanstungu I og II og Arnarvatnsheiðar, sem einkum miðaði að því að kanna hvernig jörðin Kalmanstunga hefði afmarkast frá fornu fari og fram til þess tíma þegar Arnarvatnsheiði var seld undan jörðinni, þykir rétt að fjalla um ágreiningssvæðið í þrennu lagi hér á eftir, auk þess sem sérstaklega er fjallað um Langjökul í heild sinni í kafla 6.6. *Í fyrsta lagi* er um að ræða það svæði sem elstu heimildir um merki

Kalmanstungu styðja að tilheyrt hafi jörðinni frá fornu fari. Á það við um langstærstan hluta ágreiningssvæðisins utan Langjökuls. Í öðru lagi er svæði sem afmarkast af Arnarsteini, Svínalæk og Úlfsvatnsárósi og er innan lýstra merkja Kalmanstungu samkvæmt landamerkjabréfinu frá 1897 en ekki samkvæmt kaupbréfi fyrir Kalmanstungu, dags. 28. febrúar 1398, lögfestu Árna Þorleifssonar fyrir Kalmanstungu, dags. 5. júní 1773, lögfestu Stefáns Ólafssonar fyrir Kalmanstungu, frá 28. maí 1879, og skjali frá árinu 1885, sem virðist miðað við yfirskrift þess vera byggt á vísitásiu frá árinu 1725. Loks er í þriðja lagi um að ræða svæði sem afmarkast í meginatriðum af Réttarvatni, Lyklafelli og norðurhluta Langjökuls. Það svæði er sömuleiðis innan lýstra merkja Arnarvatnsheiðar samkvæmt landamerkjabréfinu frá 1886 en ekki samkvæmt kaupbréfinu frá 1398 og lögfestunum frá 1773 og 1879. Eftirfarandi umfjöllun um eignarréttarlega stöðu ágreiningssvæðisins tekur mið af þessari þrískiptingu. Verður fyrst fjallað um svæðið sem elstu heimildir styðja að hafi tilheyrt Kalmanstungu, því næst um svæðið sem afmarkast af Arnarsteini, Svínalæk og Úlfsvatnsárósi og loks um svæðið sem afmarkast af Réttarvatni, Lyklafelli og norðurenda Langjökuls.

Kalmanstunga var landnámsjörð samkvæmt *Landnámu*. Þar kemur fram að landnámsmaðurinn Kalman hafi numið „allt land fyrir vestan Hvítá á milli ok Fljóta, Kalmanstungu alla, ok svá allt austr undir jokla sem gros eru vaxin“ og búið í Kalmanstungu. *Landnáma* greinir einnig frá því að Hrosskell Þorsteinsson hafi numið land „milli Kjarrár og Fljóta“. Telja verður líklegt að átt sé við Norðlingafljót þegar getið er um „Fljót“ í umræddum landnámslýsingum og fljótið hafi þannig ráðið mörkum milli landnáma Kalmans og Hrosskels. Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrlausnum sínum byggt á því að skýrar frásagnir *Landnámu* hafi sönnunargildi um tilvist beins eignarréttar en að af takmörkuðum lýsingum verði engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um hvort í öndverðu hafi stofnast til eignarréttar yfir landi með námi. Vísast í því sambandi m.a. til kafla 3.1 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Af frásögn *Landnámu* verður sú ályktun dregin að svæðið sem hér er til umfjöllunar hafi verið numið að verulegu leyti. Af frásögninni verður þó ekki með afdráttarlausum hætti ráðið hversu langt til norðausturs og inn til landsins landnám hafi náð. Í þessu sambandi skal þess þó getið að Norðlingafljót á upptök sín í svonefndum Fljótadrögum sem liggja nærri norðausturmörkum ágreiningssvæðisins. Þá ber að gera þann fyrirvara að óvissa um aðferðir við landnám og umfang þess hverju sinni er það mikil að ekki verður fullyrt með afdráttarlausum hætti um nákvæma stærð þeirra, samanber umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Þá liggja fyrir heimildir allt aftur til ársins 1367 um að kirkja hafi verið á jörðinni en fyrir liggur máldagi frá því ári fyrir kirkjuna í Kalmanstungu. Í

Vilchinsmáldaga frá árinu 1397 er getið um eignarrétti kirkjunnar á landi Kalmanstungu, sem og í ýmsum yngri heimildum, þ.e. skrá um eignir kirkjunnar frá árinu 1469, máldaga frá því um 1570, úttektum kirkna og staða í Mýrasýslu 1696–1877 og fjölmörgum vísitasíum frá 17. og 18. öld. Með samþykkt tólf klerka þann 31. júlí 1538 var dæmt að Kalmanstunga skyldi vera „æfenlega eign Skalholtzkirkju“. Eignarrétti kirkjunnar á jörðinni mun svo hafa lokið með því að Árni Þorleifsson, leiguliði á jörðinni, keypti hana þann 3. september 1788 á uppboði sem þá var haldið á eignum Skálholtsbiskupsstóls. Uppfrá því mun jörðin hafa verið bændaeign.

Í kaupbréfinu, dags. 28. febrúar 1398, er merkjum Kalmanstungu lýst heildstætt án þess að Arnarvatnsheiði sé með nokkrum hætti sérstaklega aðgreind frá öðru landi jarðarinnar. Vísað er til merkjalýsingar kaupbréfsins í úttektum kirkna og staða í Mýrasýslu 1696–1877 sem og í vísitasíubók Jóns biskups Árnasonar sem spannar árin frá 1723–1733 og merki Kalmanstungu sögð vera þau sem lýst er í kaupbréfinu. Hið sama gildir um lögfestu Árna Þorleifssonar fyrir Kalmanstungu, frá 5. júní 1773, og lögfestu Stefáns Ólafssonar fyrir Kalmanstungu, frá 28. maí 1879, þ.e. merkjum Kalmanstungu er þar lýst að Arnarvatnsheiði meðtalinni án aðgreiningar þar á milli. Kaupbréfið er til þess fallið að styðja við þá niðurstöðu að við landnám hafi stofnast til eignarréttar á öllu því landsvæði sem er innan merkjalýsingar þess. Kemur kaupbréfið þannig til frekari fyllingar hinum takmörkuðu lýsingum *Landnámu* að því er varðar norðausturhluta ágreiningssvæðisins.

Heimildir benda ekki til þess að innan marka Kalmanstungu hafi verið svæði sem haft hafi stöðu afréttar að lögum og lotið sjálfstæðri afmörkun fyrr en eftir að Arnarvatnsheiði var seld frá jörðinni með afsölum árin 1880 og 1901. Þannig segir í *Jarðabók* Árna og Páls frá árinu 1709 um Kalmanstungu: „Afrjett engin og gengur peningur í heimalandi.“ Þá er þar getið um silungsveiði, eggver, áltaveiði og grasatekju á Arnarvatnsheiði og tekið fram að grasatekjan og silungsveiðin brúkest af mörgum í heimildarleysi. Eina heimildin sem liggur fyrir og er eldri en *Jarðabókin* þar sem minnst er á afrétt í tengslum við Kalmanstungu er afsalsbréf, dags. 2. júní 1497, þar sem Eiríkur prestur Sumarliðason gefur Guðnýju Þorleifsdóttur hálfa Kalmanstungu í tíundargjöf. Þar segir að hann gefi jörðina „hálfa með taudum. skogum ok eingivm. ueidum. afrettum ok fíorunytium ok aullum þeim gædum sem þui landi eigv at fylgiaat fornu ok nyu.“ Þá liggur fyrir að á manntalsþingi á Sámstöðum í Hvítársíðuhreppi þann 20. maí 1863 var rætt um upprekstur á trippum á Arnarvatnsheiði. Þar var lesið bréf hreppstjórans þess efnis að þeir sem land áttu að Arnarvatnsheiði skyldu framvegis í næstkomandi þrjú ár taka utansveitartrippi til uppreksturs og hagagöngu um sumartímenn. Skyldi Stefán Ólafsson, bóndi í Kalmanstungu, taka á Kalmanstunguland 70 trippi. Að mati óbyggðanefndar verður sú ályktun ekki dregin af þessum heimildum að innan marka Kalmanstungu hafi verið svæði sem ekki hafi haft sömu stöðu og annað land jarðarinnar heldur haft stöðu

afréttar að lögum og lotið sjálfstæðri afmörkun. Þvert á móti virðist hafa verið gert ráð fyrir því með ráðstöfun þeirri sem tilkynnt var með bréfi hreppsstjórans á manntalsþingi 1863 að trippunum skyldi beitt á land sem tilheyrði jörðinni Kalmanstungu.

Þrátt fyrir að heimildir bendi ekki til þess að áður en fyrrgreind kaup á landi Arnarvatnsheiðar fóru fram hafi hluti ágreiningssvæðisins haft stöðu afréttar að lögum liggur fyrir að ágreiningssvæðið var nýtt til beitar og leitað fyrir þann tíma. Má ætla að svæðið hafi mjög lengi verið nýtt til sumarbeitar fyrir búfé. Í ritinu *Göngur og réttir*, I. bindi, frá árinu 1948, kemur fram að norðan megin Hvítár hafi verið „kjarngóð og víðáttumikil heiðarlönd, með svo miklu landrými, að engin hætta var á örtröð, þótt aragrúi fjár væri rekinn þangað til sumargöngu.“ Er Arnarvatnsheiði meðal þeirra svæða sem nefnd eru í því samhengi. Í sömu heimild er frásögn af nýtingu Magnúsar Jónssonar, hins auðga, bónda á Vilmundarstöðum í Reykholtssdal frá 1836–1891, á Arnarvatnsheiði. Þar segir m.a.:

Hann vissi af eigin reynslu, hver munur var á Arnarvatnsheiði til upprekstrar samanborið við þau lönd, sem um var að velja sunnan Hvítár. Tók hann upp þá nýjung að reka geldfé sitt og fráfering norður á Arnarvatnsheiði. Vakti það eftirtekt og umtal, hvað fé Magnúsar, sem gekk á Arnarvatnsheiði, varð miklu vænna en hitt, sem gekk í örtröðinni sunnan Hvítár. Tóku þá ýmsir bændur í Hálsasveit og Reykholtssdal sama ráðið og Magnús að fá, með leyfi Kalmanstungubóndans, upprekstur á Arnarvatnsheiði. En auk upprekstartolls fylgdi þessari nýjung ærið erfiði, bæði sökum vegalengdar og tálmana sem á veginum voru.

Að því er þarna kemur fram mun nýting Arnarvatnsheiðar til sumarbeitar hafa verið háð leyfi bóndans í Kalmanstungu og greiðslu upprekstartolls. Því er síðan lýst að í framhaldi af því að nýting bænda í Borgarfjarðarsýslu á Arnarvatnsheiði jókst hafi þrír þeirra keypt Arnarvatnsheiði að Svínalæk af bóndanum í Kalmanstungu árið 1880. Eftir kaup Reykholtssdalshrepps og Hálsahrepps á landi Arnarvatnsheiðar hafi öllum þeim sem bjuggu í þeim hreppum verið heimill upprekstur á Arnarvatnsheiði. Hafi fjárrekstrar þangað þá stækkað ár frá ári.

Fram kemur í 24. gr. „reglugjörðar um notkun afrjetta, rjettir, fjallskil, o.fl. í Mýrasýslu“, sem samþykkt var á fundi amtráðsins í Vesturumdæminu 11.–13. júlí 1878, að leitarsvæði Fljótstunguréttar nái „að Kjarará að vestan og að löndum Húnvetninga að norðan og að jöklum og svo sem Hvítá ræður að sunnan“. Þá segir að réttin tilheyri öllum jörðum á Hvítársíðu, fyrir framan Gilsbakka, að þeirri jörðu meðtaldri, og að leita skuli til hennar „öll lönd þessara jarða að undanteknum Lambatungum, bæði heimalönd og fjall-lönd [svo]“. Ljóst er að þarna er lýst leitarsvæði sem tekur a.m.k. að talsverðu leyti til svæða innan marka jarða. Þá verður það ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu þó greint sé milli „heimalanda“ og „fjall-

landa“ í reglugerðinni.³²³ Mörkum leitarsvæðisins er lýst með sambærilegum hætti í fjallskilareglugerðum og fjallskilasamþykktum frá því eftir kaupin á Arnarvatnsheiði, svo sem í 33. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Mýrasýslu, dags. 2. júní 1921, og 33. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Mýrasýslu nr. 175/1952 og 32. gr. fjallskilasamþykktar fyrir Mýrasýslu nr. 360/1992. Af þessu má ráða að mörk leitarsvæða breyttust ekki þó Arnarvatnsheiði væri seld undan Kalmanstungu og væri upp frá því í sameiginlegum afréttarnotum jarða í viðkomandi hreppum.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið benda heimildir ekki til annars en að fram til þess tíma þegar Arnarvatnsheiði var seld undan Kalmanstungu árin 1880 og 1901 hafi heiðin haft sömu eignarréttarlegu stöðu og annað land jarðarinnar. Þá benda heimildir heldur ekki til þess að það svæði sem nú telst til sameignarlands Kalmanstungu I og II hafi haft aðra stöðu en annað land jarðarinnar fram til þess tíma þegar henni var skipt upp í tvö býli árið 1932.

Samkvæmt framansögðu er vísað sérstaklega til Arnarvatnsheiðar, í tengslum við beit og afréttarnot í fjölda heimilda, líkt og gildir um marga afrétti jarða og stofnana, einkum þó heimildum frá því seint á 19. öld og síðar. Þá er svæðið að stórum hluta fjarri byggð. Í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið ásamt öðru til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignarréttindi, nánar tiltekið afréttareign.

Á hinn bóginn liggur fyrir að í elstu heimildum þar sem merkjum Kalmanstungu er lýst er Arnarvatnsheiði tilgreind með öðru landi Kalmanstungu í merkjalýsingum án þess að séð verði að um eignarréttarlega aðgreiningu hafi verið að ræða milli heiðarinnar og annars lands jarðarinnar. Í þessu sambandi skal þó minnt á það sem fyrr greinir um frásagnir *Landnámu* af landnámi á svæðinu en af þeim má draga þá ályktun að verulegur hluti af ágreiningssvæðinu hafi verið innan upphaflegs landnáms. Þá benda engar heimildir til þess að eignarréttarleg aðgreining hafi verið milli annars vegar þess lands sem nú er vísað til sem sameignarlands Kalmanstungu I og II og hins vegar annars lands Kalmanstungu fyrr en Kalmanstungu var skipt í tvö býli um 1930. Þá er heldur ekki fyrir að fara sérstökum landfræðilegum skilum þar á milli heldur miðast mörk milli Kalmanstungu II og sameignarlandsins einkum við girðingu sem stendur í vesturhlíðum fjallsins Strúts. Landfræðileg skil milli sameignarlandsins og Arnarvatnsheiðar eru aftur á móti gleggri þar sem þau mörk miðast að verulegu leyti við Norðlingafljót. Heimildir styðja þó ekki að munur hafi verið á eignarréttarlegri stöðu lands sunnan og norðan Norðlingafljóts fyrir sölu Arnarvatnsheiðar. Í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um eignarland. Jafnframt er ljóst að undantekningar frá meginreglunni um eignarland innan afmörkunar í landamerkjabréfi jarðar eru fáar og í því sambandi gerðar ríkar kröfur. Má um þetta

³²³ Sjá einnig í þessu sambandi umfjöllun um hugtakið „heimaland“ í kafla 4.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

vísa til kafla 10.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum.

Samkvæmt framangreindu er Eiríksjökull allur innan merkja Kalmanstungu og umlukinn öðru landi jarðarinnar. Jökullinn er sem fyrr segir um 22 km² að flatarmáli og rís hæst í um 1675 m hæð yfir sjávarmáli. Í kafla 4.6 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum, er gerð grein fyrir þeirri afstöðu óbyggðanefndar að sé jökulsvæði innan merkja jarðar gildi almenn sjónarmið um túlkun landamerkja. Eignarréttarleg staða jökulsvæða hafi ekki verið sérstaklega til umfjöllunar í íslenskri lögfræði. Jöklar hafi einna helst verið nefndir sem dæmi um óbyggð svæði sem enginn hafði nýtt af, eða landalmenninga. Með því hafi þó alls ekki verið útilokað að jökull geti fallið innan eignarlands og jafnvel verið gerður skýr fyrirvari um að sá möguleiki væri fyrir hendi. Þá kemur fram í almennum athugasemdum við frumvarp til þjóðlendlaga nr. 58/1998 að jöklar „sem ekki teljast innan eignarlanda, falli undir flokk þjóðlendna.“ Af þessu verður ótvírætt ráðið að löggjafinn hafi ekki álitnið að jökulrönd væri í eðli sínu afmörkun á eignarlandi og þjóðlendu. Um eignarréttarlega stöðu þess lands sem hulið er jökli fer þannig eftir sömu reglum og um önnur landsvæði. Ræðst því niðurstaða um hvort jökull teljist til eignarlands eða þjóðlendu af heimildum um viðkomandi landsvæði og almennum sönnunarreglum. Þegar til þessara atriða er litið, sem og þeirrar ótvíræðu niðurstöðu sem að framan greinir um að Eiríksjökull er innan merkja jarðarinnar Kalmanstungu samkvæmt fyrirliggjandi heimildum, verður að mati óbyggðanefndar að líta svo á að eignarréttarleg staða Eiríksjökuls sé sú hin sama og annars lands jarðarinnar Kalmanstungu, enda benda fyrirliggjandi heimildir ekki til að eignarréttarlegur munur hafi verið á annars vegar jöklinum og hins vegar öðru landi jarðarinnar.

Af heimildum um afnot eigenda Kalmanstungu af svæðinu, innheimtu tolla af nýtingu þess og loks skiptingu frá heimajörðinni við sölu þess á síðari tímum má ráða að landsvæði þetta hefur ekki staðið öðrum til afnota án leyfis. Er í því sambandi litið til þess að ekki verður séð að fram hafi komið athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem máli skiptir, heldur virðist meðferð svæðisins a.m.k. að mestu hafa verið ágreiningslaus. Enda þótt nýting ágreiningssvæðisins, og sérstaklega þess hluta sem liggur fjarri byggð, hafi eðli málsins samkvæmt verið takmarkaðri en þess lands Kalmanstungu sem liggur nær bæjarstæðinu, og nýting þess hluta svæðisins sem hulinn er jökli hafi eftir atvikum verið lítil eða engin, leiðir það eitt og sér ekki til eignarréttarlegrar aðgreiningar. Nýting lands Kalmanstungu hefur verið eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma og ekki einskorðast við sumarheit búfjár. Þá liggja að svæðinu eignarlönd til norðvesturs, vesturs og suðurs sé litið heildstætt á niðurstöður óbyggðanefndar í máli þessu og máli nr. 3/2013. Að því virtu sem að framan er rakið telur óbyggðanefnd að sameignarland Kalmanstungu I og II og sá hluti Arnarvatnsheiðar sem hér er til umfjöllunar hafi verið hluti af jörð eða jörðum allt frá öndverðu þó svo að hluti svæðisins hafi verið í afréttarnotum og sá hluti

Arnarvatnsheiðar sem hér er til umfjöllunar hafi verið lagður til afréttar Reykholtisdals- og Hálsahreppa í kjölfar kaupa hreppana á svæðinu með afsölum 1884 og 1901. Vísast í þessu sambandi einnig til þess sem segir í kafla 4.4 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka) um eignarréttarlega stöðu landsvæða sem tilheyrta hafa jörð en hafa síðar verið lögð til afréttar. Nægjanlega er því ljós leitt að eigendur Kalmanstungu, og sveitarfélögin sem Sjálfseignarstofnun um Arnarvatnsheiði og Geitland leiðir rétt sinn frá, hafi átt þar bein eignarréttindi fremur en óbeinan eignarrétt. Heimildir um afrétt vísa því fremur til notkunar viðkomandi landsvæðis en þess að beinn eignarréttur hafi annað hvort ekki stofnast eða fallið niður.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan marka sameignarlands Kalmanstungu I og II og Arnarvatnsheiðar, eins og þau eru skilgreind hér að framan, sé þjóðlenda, í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.³²⁴ Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda. Þá fellur það ekki undir hlutverk óbyggðanefndar að úrskurða um óbein eignarréttindi í eignarlöndum og verður því ekki tekin afstaða til kröfu eigenda Gilsbakka um veiðirétt í ám og vötnum á svæðinu.

Næst verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins sem afmarkast af Arnarsteini, Svínalæk og Úlfsárósi og er samkvæmt framansögðu innan lýstra merkja Arnarvatnsheiðar samkvæmt landamerkjabréfinu frá 1886 en utan merkja Kalmanstungu samkvæmt kaupbréfinu frá 28. febrúar 1398, lögfestu Árna Þorleifssonar fyrir Kalmanstungu, dags. 5. júní 1773 og lögfestu Stefáns Ólafssonar fyrir Kalmanstungu, frá 28. maí 1879. Svæði þetta spannar um 5–6 km frá norðri til suðurs, er breiðast syðst, þ.e. 2–3 km, en mjókkar eftir því sem norðar dregur. Sunnan, austan og norðaustan þess er svæði á Arnarvatnsheiði, sem er eignarland samkvæmt því sem að framan er rakið. Þá er vestan þess land það sem áður tilheyrði jörðinni Þorvaldsstöðum og er eignarland samkvæmt niðurstöðu óbyggðanefndar sem rakin er í kafla 6.4. Norðan við svæðið er svo land tilheyrandi Lambatungum, sem eru eignarland samkvæmt niðurstöðu óbyggðanefndar í máli nr. 3/2014.

Svo sem að framan greinir hefur að meginreglu verið við það miðað að land innan afmörkunar í þinglýstu landamerkjabréfi jarðar sé eignarland. Skiptir þá ekki máli þó að jörð hafi að hluta eða öllu leyti verið lögð til afréttar. Eru undantekningar frá meginreglunni um eignarland innan afmörkunar í landamerkjabréfi jarða fáar og í því sambandi gerðar ríkar kröfur. Mæli heimild í mót landamerkjabréfi jarðar, hvort heldur er afmörkun lands og/eða stöðu þess sem jarðar, þarf að meta hvort vægi

³²⁴ Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

hennar sé slíkt að það rýri sönnunargildi bréfsins að sama skapi. Þegar landamerkjabréf „fyrir heiðarlandinu Arnarvatnsheiði“ var gert árið 1886 hafði svæðið sem bréfið tók til nýlega verið selt frá jörðinni Kalmanstungu. Sönnunargildi landamerkjabréfsins hlýtur því að skoðast í ljósi þess að það tekur til svæðis sem áður tilheyrði jörðinni Kalmanstungu.

Í því tilviki sem hér um ræðir mæla kaupbréf frá árinu 1398 og lögfestur frá árunum 1773 og 1879 því í mót að umrætt landsvæði hafi talist vera innan marka Kalmanstungu. Við skoðun á því hvort vægi kaupbréfsins og lögfestunnar sé slíkt að þessu leyti að þær heimildir rýri sönnunargildi landamerkjabréfsins að sama skapi, þykir rétt að líta til þess að til allra átta er landsvæði þetta umlukið eignarlöndum sem heimildir benda til að hafi tilheyrt jörðunum Kalmanstungu, Þorvaldsstöðum og Gilsbakka, sé litið heildstætt á niðurstöður óbyggðanefndar í máli þessu og máli nr. 3/2014. Benda staðhættir á engan hátt til þess að eignarréttarlegur munur hafi verið á því svæði sem hér er sérstaklega til skoðunar og aðliggjandi eignarlöndum.

Eins og fram kemur í kafla 6.4 liggja ekki fyrir neinar eldri heimildir um merki Þorvaldsstaða en landamerkjabréf sem lesið var á manntalsþingi að Sámsstöðum 20. maí 1889. Þar sem ekki liggja fyrir neinar eldri heimildir sem mæla landamerkjabréfinu í mót er niðurstaða óbyggðanefndar sú að land Þorvaldsstaða hafi náð svo langt til norðurs sem lýst er í bréfinu. Þegar litið er til eignarréttarlegrar stöðu hinna aðliggjandi svæða og staðháttá á svæðinu verður að mati óbyggðanefndar að telja ólíklegt að það svæði sem hér er sérstaklega til skoðunar hafi ekki verið undirorpið beinum eignarrétti eins og aðliggjandi eignarlönd. Vera kann að mörk Þorvaldsstaða og Kalmanstungu hafi að þessu leyti legið austar þegar kaupbréfið fyrir Kalmanstungu var ritað árið 1398 og árin 1773 og 1879 þegar lögfestur Árna Þorleifssonar og Stefáns Ólafssonar fyrir Kalmanstungu voru gerðar heldur en þau gerðu þegar landamerkjabréf „fyrir heiðarlandinu Arnarvatnsheiði“ var gert árið 1886 og þegar landamerkjum Þorvaldsstaða var þinglýst 1889. Þar sem ekki liggja fyrir heimildir um merki Þorvaldsstaða frá þeim tíma þegar kaupbréfið og lögfestan voru gerð er þó uppi óvissa um þetta.

Þegar framangreint er virt í heild, einkum sú staðreynd að það svæði sem hér er sérstaklega til skoðunar er innan landamerkjabréfs „fyrir heiðarlandinu Arnarvatnsheiði“, eignarréttarleg staða aðliggjandi svæða og staðhættir á svæðinu þykir verða að leggja til grundvallar að svæðið hafi verið undirorpið beinum eignarrétti. Nægjanlega er því í ljós leitt að Reykholtisdalshreppur og Hálsahreppur, sem gagnaðili íslenska ríkisins leiðir rétt sinn frá, hafi átt þar bein eignarréttindi fremur en óbein. Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að umrætt landsvæði sé þjóðlenda, í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr.

58/1998.³²⁵ Með vísan til sama ákvæðis skal einnig ítrekað að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Loks verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þríhyrningslaga svæðis sem afmarkast í meginatriðum af Réttarvatni, Lyklafelli og norðurenda Langjökuls. Frá hæsta punkti Lyklafells beint til suðurs að norðurjaðri Langjökuls eru um 4,2 km og frá Réttarvatnstanga í Lyklafell eru um 23 km mælt í beinni loftlínu. Landsvæði liggur í yfir 600 m hæð yfir sjávarmáli og er að mestu gróðurlaust. Eins og að framan er rakið er svæði þetta innan lýstra merkja Arnarvatnsheiðar samkvæmt merkjalýsingu landamerkjabréfs „fyrir heiðarlandinu Arnarvatnsheiði“ frá árinu 1886 en ekki samkvæmt kaupbréfinu frá 28. febrúar 1398, lögfestu Árna Þorleifssonar fyrir Kalmanstungu, dags. 5. júní 1773, og lögfestu Stefáns Ólafssonar fyrir Kalmanstungu, dags. 28. maí 1879. Norðan þess eru þjóðlendur á landsvæði sunnan Víðidalstunguheiðar og landsvæði sunnan Haukagilsheiðar og Lambatungna, samanber úrskurði óbyggðanefndar í málum nr. 2 og 3/2013. Þá er austan þess þjóðlenda á Auðkúluheiði, samanber úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 2/2013. Sunnan þess er eignarland samkvæmt því sem er rakið hér að framan, auk þess sem svæðið liggur að hluta til að norðurenda Langjökuls.

Eins og að framan er rakið er niðurstaða óbyggðanefnar sú að hinar eldri heimildir mæli því í mót að land Kalmanstungu hafi náð eins langt til norðausturs og lýst er í landamerkjabréfi Arnarvatnsheiðar. Að mati nefndarinnar er vægi hinna eldri heimilda slíkt að þær rýra sönnunargildi landamerkjabréfsins að sama skapi hvað þennan hluta merkjanna varðar. Verður krafa gagnaðila íslenska ríkisins um beinan eignarrétt á því svæði sem hér er sérstaklega til skoðunar því ekki talin eiga sér stoð í heimildum um Kalmanstungu. Verður því að líta til þess hvort fyrir hendi séu önnur atriði sem stutt geti þá kröfu og orðið til þess að fallast megi á kröfu um beinan eignarrétt á svæðinu.

Svæðið sem hér um ræðir er fjarri byggð og að því liggja þjóðlendur til allra átta nema suðvesturs. Þá liggja ekki fyrir neinar heimildir um önnur not af svæðinu en takmarkaða nýtingu á borð við sumarþétt fyrir búfé og engar heimildir benda til að þar hafi nokkru sinni verið byggð. Ennfremur er ekkert sem bendir til að svæðið kunni að hafa verið innan marka annarra jarða en Kalmanstungu við gerð kaupbréfsins fyrir Kalmanstungu 1398, lögfestu Árna Þorleifssonar fyrir jörðina 1773 og lögfestu Stefáns Ólafssonar fyrir Kalmanstungu 1879. Verður því ekki séð að fyrir hendi séu nein þau atriði sem stutt geti þá niðurstöðu að umrætt svæði sé allt að einu háð beinum eignarrétti þrátt fyrir að vera utan marka Kalmanstungu.

Eins og rakið er í kafla 5.2 er leitum á svæðinu lýst í ritinu *Göngur og réttir*, I. bindi, frá árinu 1948. Þar kemur m.a. fram að eftir næturdvöl í Fljótadrögum sé leitarmönnum skipað niður á allt það svæði sem liggur frá Langjökli milli Stórasands

³²⁵ Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

og Hallmundarhrauns. Sauðir hafi oft haldið sig þar „á efstu grösum“. Öllu safni úr Fljótadragaleit sé beint að Réttarvatni til sundurdráttar. Þar komi norðanmenn og sunnanmenn saman og dragi féð í sundur í tanga þeim sem gangi fram í Réttarvatn í útsuðri.

Í fyrirbyggjandi heimildum er svæðisins sem hér er sérstaklega til umfjöllunar getið í tengslum við upprekstur og afréttarnot. Engar heimildir eru um að þar hafi verið byggð eða önnur not en sumarbeit og e.t.v. aðrar takmarkaðar nytjar. Í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignarréttindi, nánar tiltekið afréttareign.

Hvað varðar kröfu gagnaðila íslenska ríkisins um beinan eignarrétt á grundvelli hefðar þá vísast til dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum sem og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, þar sem gerð er almenn grein fyrir hefð sem stofnunarhætti eignarréttinda. Svo sem þar er rakið var skýrum réttarreglum um hefð ekki fyrir að fara fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í „sólarlagsákvæði“ 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirkir en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.³²⁶

Hvað varðar þann hluta ágreiningssvæðisins sem hér er sérstaklega til umfjöllunar þá liggja engar heimildir fyrir sem sýna fram að þar hafi verið búið og ekkert liggur fyrir um að umráðum landsins hafi nokkru sinni eftir það verið háttað þannig að þau gætu talist hafa fullnægt kröfum 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 um óslitið eignarhald á fasteign. Beinn eignarréttur að svæðinu getur því ekki hafa stofnast handa Reykholtsdals- og Hálsahreppum, sem leiddu rétt sinn frá fyrri eigendum Kalmanstungu, fyrir hefð eftir gildistöku hefðarlaga, hvorki samkvæmt almennu ákvæði 1. mgr. 2. gr. né sérreglu í 12. gr. þeirra. Þá skal sérstaklega áréttað að eldri lagareglur, svo sem ákvæði í 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar, koma ekki til álita til stuðnings eignarréttarkröfu gagnaðila, samanber dóm Hæstaréttar frá 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli).

Þá hefur verið áréttað í fjölda dóma Hæstaréttar að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein og sér til þess að hefða beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkja jarða þar sem háttar til eins og í tilviki þess lands sem hér um ræðir. Jafnframt er ljóst að ráðstafanir að lögum, svo sem sala tiltekinna réttinda, hafa ekki þýðingu við slíkt mat nema fleira komi til. Að þessu öllu virtu verður ekki fallist á með gagnaðila íslenska ríkisins í máli þessu að forverar hans eða hann sjálfur hafi unnið beinan eignarrétt að þessum hluta ágreiningssvæðisins fyrir hefð.

³²⁶ Sbr. kafli 3.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. Þjóðlendlaga, nr. 58/1998, gildir við meðferð þjóðlendumála að ef um er að ræða sameiginlegt upprekstrarland skuli sveitarstjórn eða upprekstrarfélag sem stofnað hafi verið um þau mál hafa umboð til að ráðstafa málefninu vegna einstakra rétthafa sem þar eiga upprekstrarrétt. Óbyggðanefnd telur vafa leika á að unnt sé að líta á Sjálfseignarstofnun um Arnarvatnsheiði og Geitland, gagnaðila íslenska ríkisins í máli þessu, sem upprekstrarfélag í þessum skilningi, sem bært sé til að fara með forræði á kröfum vegna upprekstrarréttar jarðeigenda í viðkomandi sveitarfélagi. Eins og hér stendur á er þó ekki nauðsynlegt að leysa úr því hvort svo sé því Borgarbyggð gerir sem fyrir segir kröfu til þrautavara um viðurkenningu á upprekstrarrétti jarðeigenda í sveitarfélaginu á svæðinu, en Reykholtisdals- og Hálsahreppar voru meðal þeirra sveitarfélaga sem sameinuðust undir merkjum Borgarbyggðar.

Að öllu framangreindu virtu telur óbyggðanefnd að ekki hafi verið í ljós leitt að á því svæði sem liggur norðaustan við merki Arnarvatnsheiðar, svo sem þau eru skilgreind hér að framan, en innan marka landamerkjabréfs Arnarvatnsheiðar frá 1886, hafi stofnast til eignarlands með námi, hefð eða öðrum þeim stofnunarháttum eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (sjá viðauka). Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.³²⁷ Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið sé afréttur jarða í fyrrum Reykholtisdals- og Hálsahreppum, nú Borgarbyggð. Við nánari afmörkun þjóðlendunnar þykir rétt að miða mörkin að suðvestanverðu við línu sem dregin er milli Réttarvatnstanga og nyrsta odda Langjökuls og áfram austur eftir jökuljaðrinum þar til komið er að skurðpunkti við austurmörk umfjöllunarsvæðisins sunnan Lyklafells. Byggist sú niðurstaða á því að í kaupbréfinu fyrir Kalmanstungu frá 28. febrúar 1398 og lögfestu Árna Þorleifssonar fyrir jörðinni frá 5. júní 1773 er merkjum lýst í „jökulsenda“. Þykir af þeim sökum rétt að miða mörk þjóðlendunnar að þessu leyti við þann stað á jöklinum sem nær lengst til norðurs. Austurmörk umfjöllunarsvæðisins og mörk gagnvart þjóðlendu á Auðkúluheiði liggja þó nokkru austar. Er jökuljaðrinum því fylgt áfram til austurs þar til komið er að skurðpunkti við þá línu.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið sérstaklega fjallað um og talið þjóðlenda og afréttur eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarsvæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði [...] sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Að því leyti sem mörk afréttarins miðast við jaðar Langjökuls er miðað við stöðu jökulsins við gildistöku laga nr. 58/1998, 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. laganna. Vísast í því sambandi til dóms Hæstaréttar frá 11. maí 2006 í máli nr. 345/2005 (Fell í Suðursveit).

³²⁷ Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði norðaustan Arnarvatnsheiðar, svo sem landsvæðið er afmarkað hér á eftir, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Upphafspunktur er í Réttarvatnstanga. Frá honum er línan dregin til austurs í topp Lyklafells. Þaðan er línan dregin til suðurs í Langjökul og jökuljaðrinum síðan fylgt til vesturs þar til komið er að nyrsta odda jökulsins. Er þá miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. laganna. Frá þeim stað ræður bein sjónhending í upphafspunkt í Réttarvatnstanga.

Sama landsvæði er afréttur jarða í fyrrum Reykholtisdals- og Hálsahreppum, nú Borgarbyggð, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986. Hluti þess svæðis sem hér hefur verið úrskurðað þjóðlenda og afréttur er á náttúruminjasrá, samanber lög nr. 60/2013 um náttúruvernd.

6.4 Þorvaldsstaðaland

1.4.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem gagnaðili þess vísar til sem *útskipts lands Þorvaldsstaða* eða *Þorvaldsstaðalands*. Sjálfseignarstofnun um Arnarvatnsheiði og Geitland gerir kröfu til svæðisins sem eignarlands síns. Þá krefjast eigendur Þorvaldsstaða viðurkenningar á óbeinum eignarrétti í formi beitarréttar á svæðinu. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1, 3.3 og 3.4.

Landsvæði það er hér um ræðir liggur inn af Þorvaldsdal á Hvítársíðu í um 400 m hæð og hefur meginleguna norðaustur-suðvestur. Er landsvæðið breiðast og hæst suðvestan til í Lambavörðuhæðum en mjókkar til norðausturs. Nokkur vötn liggja á svæðinu og er þar helst að nefna Grunnuvötn sem liggja við norðaustur enda svæðisins og Þorvaldsvötn sem liggja við suðaustur hluta svæðisins. Frá bæjarstæði Þorvaldsstaða að mótum Litlafljóts og Árnegils, á suðvesturmörkum ágreiningssvæðisins, eru um 5 km, mælt í beinni loftlínu. Þá eru um 16,7 km, mælt í beinni loftlínu, frá bæjarstæðinu að ósi Úlfsvatnsár við Grunnuvötn á norðausturmörkum ágreiningssvæðisins.³²⁸

³²⁸ Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á ágreiningssvæðum málsins er byggð á útgefnum kortum Landmælinga Íslands, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskrá frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, samanber kafla 4.3, og almennum uppsláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands og Göngum og réttum.

1.4.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er byggt á því, að landsvæði það sem hér er fjallað um sé svæði utan eignarlanda og sé því þjóðlenda, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998. Þau atriði sem helst beri að líta til við skilgreiningu á þjóðlendumörkum, séu landnámslýsingar, afréttarmál, jarðir og jarðamörk, landfræðilegar aðstæður og nýting.

Landsvæði innan þjóðlendukrafna ríkisins séu svæði utan eignarlanda og teljist þannig vera þjóðlenda, enda taki þjóðlendukröfur ríkisins til svæða sem liggja utan landnáms og hafi eingöngu verið nýtt sem afréttir eða, hafi svæðin verið numin í öndverðu, að slíkt nám hafi ekki verið til eignar heldur hafi svæðin eingöngu verið numin til takmarkaðra afnota, svo sem afréttarnota. Heimildir greina að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins teljist vera afréttur og utan eignarlanda jarða.

Við staðsetningu kröfulínupunkta sé einkum miðað við lýsingar í landamerkjabréfum svæða og aðliggjandi jarða og annarra ritaðra heimilda sem getið sé í kröfulýsingu. Þá sé tekið tillit til staðháttá.

Um lagarök er fyrst og fremst vísað til þjóðlendlaga, nr. 58/1998. Þá er vísað til 72. gr. stjórnarskrárinnar. Byggt er á meginreglum eignarréttar um nám, töku og óslitin not, sem og meginreglna um eignarráð fasteignareigenda, almennum reglum samninga- og kröfuréttar, auk hefðarlaga, nr. 14/1905. Þá er vísað til laga um afréttarmálefni og fjallskil, nr. 6/1986, auk ýmissa eignarréttarreglna Grágásar og Jónsbókar.

Sjálfs eignarstofnun um Arnarvatnsheiði og Geitland, gagnaðili íslenska ríkisins, byggir á því að svæðið hafi verið numið í öndverðu sem fullkomið eignarland. Þá hafi það frá landnámi haft eignarréttarlega stöðu eignarlands og verið farið með það sem slíkt. Endurspeglar staða umrædds svæðis ekki hvað síst í því með hvaða hætti eignarréttur yfir því hafi stofnast og hvernig hann hafi flust á milli aðila og hlotið staðfestingu í gegnum tíðina.

Í *Landnámu* sé þess getið að Landnámsmaður að nafni Hrosskell Þorsteinsson hafi verið hrakinn af Akranesi og numið Hvítársíðu milli Kjararár og Fljóta. Hafi Hrosskell búið á Hallkellsstöðum sem kenndir hafi verið við Hallkel, son hans. Hrosskell hafi svo gefið land Þorvarði á Þorvarðsstöðum (nú Þorvaldsstöðum) hafi Þorvarður átt Fljótsdal allan upp með Fljótum. Sé samkvæmt því ljóst að jörðin Þorvaldsstaðir hafi verið numin í öndverðu og þá sem fullkomið eignarland.

Árið 1913 hafi þáverandi eigandi Þorvaldsstaða selt norðausturhluta landsins til Reykholtshrepps og Hálsahrepps, sem hafi síðar lagt það til núverandi eiganda. Ljóst sé samkvæmt framansögðu að jörðin Þorvaldsstaðir hafi verið hluti af landnámi Hrosskells Þorsteinssonar og jörðin því frá öndverðu fullkomið eignarland. Eigi það sama að sjálfsgöðu við um hið útskipta land jarðarinnar. Í málinu hafi ekkert komið fram um annað en að jörðin hafi allt frá landnámi verið háð beinum eignarrétti og sætt eðlilegri og hefðbundinni nýtingu sem bújörð. Hafi og ekkert verið lagt fram af hálfu

Íslenska ríkisins sem bendi til annars. Krafa ríkisins um að hið útskipta land Þorvaldsstaða verði úrskurðað þjóðlenda styðjist því við orðin tóm.

Umræddur gagnaðili Íslenska ríkisins hafnar því að sama skapi að nokkur hluti jarðarinnar hafi haft stöðu afréttar í þeim skilningi að þar hafi farið óbein eignarréttindi. Sé ekkert fram komið sem bendi til þess að stöðu jarðarinnar sem eignarlands frá landnámi hafi verið raskað með setningu laga nr. 58/1998 eða þeim kröfum sem Íslenska ríkið hafi sett fram á grundvelli þeirra. Er bent á í því sambandi að í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1709 sé tekið fram um jörðina að þar sé engin afrétt og að lömb og geldfé gangi í heimalandi. Sýni það svo ekki verði um villst að enginn hluti jarðarinnar hafi verið notaður sem afréttur, heldur hafi verið litið svo á að jörðin öll væri heimaland.

Krafa ríkisins um að hið útskipta land verði úrskurðað þjóðlenda taki mið af merkjum landsins við jörðina Þorvaldsstaði. Sé með öllu óútskýrt af hverju Íslenska ríkið miði þjóðlendukröfu sína við merki nefndrar jarðar og hins útskipta lands en ekki eitthvað annað. Verði málatalbúnaður Íslenska ríkisins ekki skilinn öðruvísi en svo að það telji að við sölu landsins, hafi hið útskipta land allt í einu orðið þjóðlenda á meðan það sem eftir stóð af Þorvaldsstöðum hafi enn verið háð beinum eignarrétti. Ekki sé skýrt út hvernig Íslenska ríkið telji að þetta hafi atvikast.

Gagnaðili ríkisins eigandi Þorvaldsstaða, Halldór Sigurðsson, gerir kröfu um að viðurkenndur verði óbeinn eignarréttur hans í formi beitarréttar á svæðinu.

Umræddur gagnaðili Íslenska ríkisins byggir á því að það landsvæði sem um ræðir hafi verið numið í öndverðu sem eignarland og að það hafi verið háð einkaeignarrétti alla tíð síðan. Sé landið nú undirorpið beinum eignarrétti Sjálfseignarstofnunar um Arnarvatnsheiði og Geitland, en hann eigi aftur á móti óbein eignarréttindi á svæðinu í formi beitarréttar.

Um landnám jarðarinnar Þorvaldsstaða, stofnun eignarréttar yfir henni og hvernig sá eignarréttur hafi færst á milli manna frá landnámi, sem og til afmörkunar landsins, byggir umræddur gagnaðili Íslenska ríkisins á sömu sjónarmiðum og Sjálfseignarstofnun um Arnarvatnsheiði og Geitland, sem rakin eru hér að framan. Jörðin Þorvaldsstaðir hafi verið numin sem eignarland í öndverðu og hafi eignarréttarleg staða hennar haldist frá landnámi.

Tekur hann einnig undir sjónarmið og röksemdir sjálfseignarstofnunarinnar að því er varði stöðu þess svæðis sem eignarlands eftir að það hafi verið selt undan Þorvaldsstöðum árið 1913. Við sölu hafi þáverandi eigandi Þorvaldsstaða hins vegar áskilið sér beitarrétt í hinu selda landi, sem núverandi landeigandi telji nauðsynlegt að haldið sé til laga

Um lagarök vísa báðir gagnaðilar Íslenska ríkisins m.a. til ákvæða stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, einkum 72. gr. og til ákvæða Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög þar um nr. 62, 1994. Þá vísa þeir til almennra

meginreglana íslensks eignaréttar; laga um framkvæmd eignarnáms nr. 11/1973; ákvæða laga um hefð nr. 46/1905; vatnalaga nr. 15/1923; ákvæða laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998; laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998; landamerkjálaga nr. 41/1919 og eldri laga um sama efni nr. 5/1882; girðingalaga nr. 135/2001 og eldri laga um sama efni nr. 10/1965; laga um meðferð einkamála nr. 91/1991; stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og þinglýsingalaga nr. 39/1978.

1.4.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Þorvaldsstaða, þ.m.t. hins útskipta lands, er rakin í kafla 5.4 hér að framan, sjá einnig kafla 5.2 um afrétti og afréttarnot. Af *Landnámu* má ráða að Þorvaldsstaðir hafi verið landnámsjörð. Þar er greint frá því að Hrosskell Þorsteinsson hafi numið land milli Kjarrár og Fljóta og búið á Hallkelsstöðum. Hrosskell hafi gefið land Þorvarði sem búið hafi á Þorvarðsstöðum og átt Fljótsdal allan upp með Fljótum. Hið útskipta land úr Þorvaldsstöðum, sem deilt er um hér, mun hafa tilheyrt jörðinni fram til ársins 1914 þegar því var afsalað til Hálsa- og Reykholtshreppa en kaupsamningur þar um var gerður árið áður. Sjálfseignarstofun um Arnarvatnsheiði og Geitland telur til eignarréttar á svæðinu en stofnunin leiðir rétt sinn frá hreppunum sem fengu svæðinu afsalað með umræddu afsali. Við úrlausn þessa máls skiptir meginmáli hvort hið útskipta land taldist vera hluti af jörðinni Þorvaldsstöðum þar til það var selt frá henni eða hvort það var afréttur jarðarinnar í þeim skilningi að það væri einungis undirorpið óbeinum eignarrétti eigenda hennar.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Þorvaldsstaða er lýst í fyrirliggjandi heimildum. Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki svæðisins, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu svæðisins.

Fyrir liggur útskrift úr landamerkjabók Mýrasýslu þar sem merkjum Þorvaldsstaða er lýst og fram kemur að þau hafi verið lesin á manntalsþingi 20. maí 1889. Er þar merkjum Þorvaldsstaða lýst heildstætt, þ.m.t. þess lands sem síðar var selt frá jörðinni og hér er til umfjöllunar, án þess að sérstaklega sé greint þar á milli í landamerkjálýsingunni. Ekki liggja fyrir neinar eldri heimildir um merki Þorvaldsstaða heldur en umrædd útskrift úr landamerkjabókinni. Þá liggur fyrir landamerkjabréf fyrir Þorvaldsstaði, dagsett 1. febrúar 1923 og þinglýst 28. júní sama ár, en þar er m.a. lýst mörkum jarðarinnar gagnvart hinu útskipta landi. Í þessu sambandi verður einnig litið til heimilda um merki aðliggjandi landsvæða að því leyti sem þau snerta merki ágreiningssvæðisins. Austan við ágreiningssvæðið er Arnarvatnsheiði sem er eignarland samkvæmt niðurstöðu óbyggðanefndar eins og rakið er í kafla 6.3. Norðan og norðvestan þess eru Lambatungur sem eru eignarland

samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 3/2014. Suðvestan þess er óumdeilt eignarland Þorvaldsstaða og suðaustan þess óumdeilt eignarland Fljótstungu.

Verður nú fyrst litið til merkja ágreiningssvæðisins að austanverðu. Í ódagsettu landamerkjabréfi Þorvaldsstaða sem var þinglesið 20. maí 1889 segir um merkin að þessu leyti: „... í Úlfsvatnsárlón, þaðan ræður bein stefna í Lm. stein, frá steininum bein stefna eftir vötnunum í Þorvaldslækjarás, úr því ræður lækurinn þar til hann fellur í Litlafljót, ...“. Austan við Þorvaldsstaði er annars vegar sameignarland Kalmanstungu I og II og hins vegar Arnarvatnsheiði en um þau svæði er fjallað í kafla 6.3. Landamerkjalyking Þorvaldsstaða var árituð um samþykki vegna Reykholtsdals- og Hálsahreppa. Merkjum Arnarvatnsheiðar er að þessu leyti að hluta til lýst í landamerkjabréfi „fyrir heiðarlandinu Arnarvatnsheiði“, dagsettu 26. janúar 1886 og þinglesnu 20. maí 1889, og að hluta til í landamerkjabréfi Kalmanstungu, dagsettu 24. apríl 1897 og þinglýstu mánuði síðar. Í landamerkjabréfi Arnarvatnsheiðar er merkjunum lýst svo: „... úr Arnarsteini beint í Úlfsvatnsárlón, ...“. Þá er merkjunum lýst svo í landamerkjabréfi Kalmanstungu: „... í Þorvaldslæk þar sem hann fellur í Litlafljótið. – Þá ræður Þorvaldslækur upp í Þorvaldsstaðavötn, frá Þorvaldsstaðavötnum ræður sjónhending í Arnarstein.“ Landamerkjabréf Arnarvatnsheiðar og Kalmanstungu voru bæði árituð um samþykki vegna Þorvaldsstaða. Að mati óbyggðanefndar verður að telja líklegt að sá steinn sem nefndur er „Lm. steinn“ í landamerkjalykingu Þorvaldsstaða sé sami steinn og nefndur er Arnarsteinn í landamerkjabréfum Kalmanstungu og Arnarvatnsheiðar, enda ber landamerkjalykingunum að öðru leyti saman um merki milli annars vegar Kalmanstungu og Arnarvatnsheiðar og hins vegar Þorvaldsstaða.

Gagnaðili íslenska ríkisins miðar kröfur sínar um merki hins útskipta lands úr Þorvaldsstöðum að þessu leyti við línu sem dregin er um Þorvaldslæk og Þorvaldsvötn í Arnarstein og þaðan í Úlfsvatnsárlón. Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er sú lýsing í samræmi við útskriftina úr landamerkjabók vegna Þorvaldsstaða, sem og landamerkjabréf Kalmanstungu og Arnarvatnsheiðar. Eins og rakið er í kafla 6.3 eru aftur á móti fyrir hendi eldri heimildir sem mæla því í mót að land Kalmanstungu hafi á þeim tíma þegar þær voru gerðar náð eins langt til vesturs á þessu svæði eins og lýst er í landamerkjabréfunum. Þar er um að ræða kaupbréf fyrir Kalmanstungu frá 28. febrúar 1398 og lögfestu fyrir jörðina frá 5. júní 1773. Þar sem þessi mismunur milli heimildanna er með þeim hætti að hinar eldri heimildir lýsa merkjum Kalmanstungu að þessu leyti austar en ekki vestar en gert er í landamerkjabréfunum mæla þær því á engan hátt í mót að land Þorvaldsstaða hafi náð eins langt til austurs og fram kemur í landamerkjalykingu jarðarinnar sem þinglesin var 20. maí 1889 og byggt er á í kröfugerð gagnaðila íslenska ríkisins. Sú kröfugerð á sér því að þessu leyti stoð í heimildum um merki Þorvaldsstaða.

Næst verður litið til merkja ágreiningssvæðisins að suðaustanverðu, á móts við land Fljótstungu. Í landamerkjalykingu Þorvaldsstaða sem þinglýst var árið 1889 er

merkjum að þessu leyti lýst svo: „ ... í Þorvaldslækjarás, úr því ræður lækurinn þar til hann fellur í Litlafljót, síðan ræður fljótið móts við áður nefnt merkjagil.“ Landamerkjalyásingin var árituð um samþykki vegna Fljótstungu, þó með athugasemd en hún varðaði ekki þennan hluta merkjanna. Í landamerkjabréfi Fljótstungu, dagsettu 11. júní 1889 og þinglesnu 16. maí 1890, er þessum hluta merkja jarðarinnar lýst svo: „ ... í Þorvaldslæk, þar sem hann fellur í Litlafljót. Þaðan ræður Litlafljót miður farvegur, alt niður að Fótafljóti (Fljótamótum) milli Hallkelsstaða og Kolsstaða, ... “. Bréfið var áritað um samþykki vegna Þorvaldsstaða.

Landamerkjalyásingu Þorvaldsstaða og landamerkjabréfi Fljótstungu ber þannig saman um að Litlafljót ráði merkjum milli jarðanna. Gagnaðili íslenska ríkisins miðar kröfur sínar við línu sem dregin er um Litlafljót frá þeim stað þar sem Þorvaldslækur fellur í það og að Árneggili. Kröfur gagnaðila íslenska ríkisins eru því í samræmi við heimildir um merki Þorvaldsstaða að þessu leyti.

Verða næst tekin til skoðunar suðvesturmerki ágreiningssvæðisins sem jafnframt eru mörk milli hins útskipta lands úr Þorvaldsstöðum og óumdeilds eignarlands jarðarinnar. Ágreiningssvæðinu var skipt út úr Þorvaldsstöðum með afsali, dagsettu 4. janúar 1914. Landamerkjalyásingin sem þinglýst var árið 1889 hefur því ekki að geyma lýsingu á merkjum milli hins útskipta lands og annars lands jarðarinnar. Í kaupsamningi, dagsettum 10. júní 1913, sem lá til grundvallar umræddu afsali, er merkjum hins útskipta lands lýst svo: „ ... austan við tún úr Árneggili þar sem það kemur í Litla-Fljót og sjónhending í Skammárós þar sem hún fellur í Lambá og að öðru leyti með ummerkjum samkvæmt landamerkjabréfi Þorvaldsstaða dags þinglýstu 20. maí 1889 sem N^o 93 í landamerkjabók Mýrasýslu.“ Þá segir í landamerkjabréfi Þorvaldsstaða, dagsettu 1. febrúar 1923 og þinglýstu 28. júní sama ár um merki gagnvart hinu útskipta landi: „ ... þá ræður Skammá þar til hún fellur í Lambá, Þaðan er svo bein lína í suður í Árneggil, sem svo ræður þar til það fellur í Litlafljót ... “. Bréfið var áritað um samþykki af hálfu oddvita Reykholtshrepps og Hálsahrepps. Aðilar máls þessa miða suðvesturmörk hins útskipta lands við línu sem dregin er frá ármótum Skammár og Lambár til suðausturs að Árneggili og þaðan um gilið að Litla-Fljóti. Sú afmörkun er í samræmi við þá merkjalýsingu sem fram kemur í kaupsamningi vegna hins útskipta lands og landamerkjabréfi Þorvaldsstaða frá árinu 1923 en ekki liggja fyrir aðrar heimildir sem mæli þeirri afmörkun í mót.

Loks verður fjallað um merki hins útskipta lands úr Þorvaldsstöðum að norðvestanverðu. Í landamerkjalyásingunni sem þinglýst var árið 1889 er þessum hluta merkja Þorvaldsstaða lýst svo: „ ... ræður Skammá þar til hún fellur í Lambá, síðan ræður Lambá til Grunnuvatna, en þaðan vötnin í Úlfsvatnsárlón, ... “. Norðvestan við ágreiningssvæðið eru Lambatungur sem fjallað er um í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 3/2014. Landamerkjalyásing Þorvaldsstaða var árituð um samþykki vegna Gilsbakka, þó með athugasemd en hún varðaði ekki þennan hluta merkjanna. Í landamerkjabréfi prestsetursins á Gilsbakka, dagsettu 20. ágúst 1889 og þinglýstu 18.

maí 1904 er þessum hluta merkja Lambatungna lýst svo: „ ... Frá Úlfsvatni ræður Úlfsvatnsá í Grunnuvötn. Frá Grunnuvötnum ræður Lambá ofan til Skammár ... “. Landamerkjabréfið var áritað um samþykki vegna Þorvaldsstaða. Eins og fram kemur í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 3/2014 er niðurstaða nefndarinnar sú að suðausturmörk Lambatungna séu með þeim hætti sem lýst er í landamerkjabréfinu.

Gagnaðili íslenska ríkisins miðar norðvesturmörk hins útskipta lands úr Þorvaldsstöðum við línu sem dregin er um Úlfsvatnsárlón til vesturs milli Grunnuvatna og síðan til suðurs að Lambá við Grunnuvötn og þaðan til suðvesturs með Lambá að Skammá. Sú afmörkun er í samræmi við fyrirbyggjandi heimildir.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á hinu útskipta landi úr Þorvaldsstöðum sé í samræmi við fyrirbyggjandi heimildir.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða ágreiningssvæðisins. Svo sem fyrr greinir voru Þorvaldsstaðir (Þorvarðsstaðir) byggðir úr landnámi Hrosskels Þorsteinssonar samkvæmt *Landnámu*. Er þar greint frá því að Hrosskell hafi numið Hvítársíðu milli Kjarrár og Fljóta og búið á Hallkelsstöðum. Hann hafi svo gefið land Þorvarði sem búið hafi á Þorvarðsstöðum og átt Fljótsdal allan upp með Fljótum. Því er ekki lýst í *Landnámu* hversu langt inn til landsins landnám Hrosskels hafi náð, að öðru leyti en því sem hér var lýst. Þegar litið er til þess að upptök Norðlingafljóts liggja talsvert lengra inn til landsins heldur en ágreiningssvæðið og upptök Kjarrár (Kjarrár) jafnframt lengra inn til landsins heldur en a.m.k. stærstur hluti þess, má telja líklegt að svæðið hafi í það minnsta að verulegu leyti verið innan landnáms. Þó ber að gera þann fyrirvara að óvissa um aðferðir við landnám og umfang þess hverju sinni er það mikil að ekki verður fullyrt með afdráttarlausum hætti um nákvæma stærð þeirra, samanber umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstöðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hvernjar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tilteknar undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að

framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004. Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“

Land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur á hinn bóginn að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitaþýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Jafnframt er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Af kaupum Reykholtaldshrepps og Hálsahrepps á landi úr Þorvaldsstöðum árið 1914 og nýtingu landsvæðisins á þeim grundvelli sem afréttar jarða í umræddum hreppum leiðir að við gildistöku þjóðlendulaga 1998 hafði hið útskipta land úr Þorvaldsstöðum ótvírætt stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram til 1998. Hvort í því fólust bein eða óbein eignarréttindi, og þar af leiðandi hvort þar er eignarland eða þjóðlenda í skilningi þjóðlendulaga, er hins vegar sérstakt athugunarefni. Í því sambandi skiptir meginmáli hver staða landsins var fyrir söluna, nánar tiltekið hvort hið útskipta land var hluti af landi jarðarinnar Þorvaldsstaða eða afréttur hennar í þeim skilningi að eigendur jarðarinnar hafi einungis átt þar óbein eignarréttindi.

Takmarkaðra gagna nýtur við um Þorvaldsstaði. Elstu heimild um Þorvaldsstaði fyrir utan *Landnámu* er að finna í fúgetareikningum á Bessastöðum 1548–1549 þar sem Þorvaldsstaðir eru sagðir vera konungsjörð. Hið sama er að segja um afgjaldsreikninga Kristjáns skrifara og sjávarútgerðarbók hans frá því um 1550 og fúgetareikning um konungstekjur af leigum, landskyldum og skreiðarhaldi Jónsmessa á milli, dags. 24. júní 1552. Þá er fjallað um Þorvaldsstaði í *Jarðabók* Árna og Páls frá árinu 1709 en þar segir m.a.: „Afrjett engin, og gánga lömb og geldfe í heimalandi.“

Tilvitnuð frásögn *Jarðabókarinnar* bendir til að á þeim tíma sem hún var skrifuð hafi ekki verið svæði innan marka Þorvaldsstaða sem hafði stöðu afréttar að lögum og laut sjálfstæðri afmörkun. Aðrar fyrirliggjandi heimildir benda heldur ekki til að ágreiningssvæðið hafi haft þá stöðu fyrr en eftir að Hálsahreppur og Reykholtaldshreppur keyptu það árið 1914. Í ritinu *Byggðir Borgarfjarðar*, III. bindi, er greint frá því að Þorvaldsstaðaland hafi áður verið miklu stærra en 1913 hafi þáverandi eigandi selt norðausturhluta landsins til umræddra hreppa, sem hafi nýtt það sem afrétt.

Í landamerkjalyýsingu jarðarinnar Þorvaldsstaða sem þinglýst var 1889 er merkjum hennar lýst heildstætt án þess að hið útskipta land sé með nokkrum hætti sérstaklega aðgreint frá öðru landi jarðarinnar. Sú landamerkjalyýsing liggur fyrir sem útskrift úr landamerkjabók Mýrasýslu en útskriftin er dagsett 1. apríl 1913. Þar má sjá að landamerkjalyýsingin var árituð um samþykki vegna aðliggjandi landsvæða, þinglesin árið 1889 og færð í landamerkjabók. Verður ekki annað séð en þar sé um að ræða landamerkjabréf í skilningi þágildandi landamerkjabréfa nr. 5/1882 og ræðst vægi heimildarinnar sem sönnunargagns um eignarrétt á því landi sem landamerkjalyýsingin tekur til af því. Af þeim takmörkuðu heimildum sem fyrir liggja verður ekki séð annað en að ágreiningssvæðið hafi verið hluti af jörðinni Þorvaldsstöðum allt þar til Hálsahreppur og Reykholtaldshreppur keyptu það árið 1914. Heimildir benda til að fram til þess tíma hafi ágreiningssvæðið ekki staðið öðrum en eigendum Þorvaldsstaða til afnota án leyfis. Ekki verður séð að fram hafi komið athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem máli skipti, heldur virðist meðferð svæðisins hafa verið ágreiningsslaus. Enda þótt hið útskipta land hafi verið selt til nýtingar sem eðli málsins samkvæmt var takmarkaðri en annars lands jarðarinnar leiðir það eitt og sér ekki til þess að eignarréttarleg staða þess hafi breyst.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið benda þær takmörkuðu heimildir sem fyrir liggja ekki til annars en að fram til þess tíma þegar hið útskipta land var selt undan Þorvaldsstöðum árið 1914 hafi það haft sömu eignarréttarlegu stöðu og annað land jarðarinnar. Telur óbyggðanefnd að hvorki staðhættir, gróðurfar né heimildir um réttindi eða nýtingu mæli gegn því að hið útskipta land Þorvaldsstaða sem hér er til umfjöllunar hafi verið hluti af jörðinni Þorvaldsstöðum allt frá öndverðu og hafi gagnaðilar ríkisins átt þar bein eignarréttindi fremur en óbeinan eignarrétt. Heimildir um afréttarnot frá því á fyrri hluta 20. aldar vísa fremur til notkunar viðkomandi landsvæðis en þess að beinn eignarréttur hafi annað hvort ekki stofnast eða fallið niður.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan marka hins útskipa lands úr Þorvaldsstöðum, eins og þau eru skilgreind hér að framan, sé þjóðlenda, í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda. Þá fellur það ekki undir hlutverk óbyggðanefndar að úrskurða um óbein eignarréttindi í eignarlöndum og verður því ekki tekin afstaða til kröfu eiganda Þorvaldsstaða um beitarrétt á svæðinu.

6.5 Geitland

6.5.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem hefur verið nefnt Geitland. Sjálfseignarstofnun um Arnarvatnsheiði og Geitland gerir kröfu til Geitlands sem eignarlands síns. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.3.

Landsvæði það er hér um ræðir liggur í yfir 200 m hæð við sunnanverðan vesturhluta Langjökuls og afmarkast af Geitá að vestan og Hvítá að norðan. Austurhluti svæðisins er hluti Langjökuls. Nyrst liggur Geitlandshraun og Hafrafell (1165 m) að austanverðu. Eftir miðju svæðinu, norðan við Hafrafell, rennur Svartá úr Langjökli norðvestur í Geitá. Er land gróið og hallalítið en á sunnanverðu svæðinu rísa tvö fell, Hádegisfell nyrðra (868 m) og Hádegisfell syðra (1076 m) þar sunnan við. Austan Hádegisfella liggur Geitlandsjökull. Suðaustan Hádegisfells syðra liggur Prestahnúkur (1223 m) en vestan hans og sunnan eru gróðurlausir sandar og áreyrar Geitár sem rennur til vesturs úr Geitlandsjökli og Þórisjökli. Sunnan Prestahnúks liggur Þórisjökull.³²⁹ Í heimildum er greint frá tengslum Geitlands við Reykholtskirkju. Frá bæjarstæði Reykholts að ármótum Geitár og Hvítár á norðvesturmörkum ágreiningssvæðisins eru um 23,5 km, mælt í beinni loftlínu.

6.5.2 Sjónarmið aðila

Á því er byggt af hálfu íslenska ríkisins, að landsvæði innan þjóðlendukrafna ríkisins séu svæði utan eignarlanda og teljist þannig vera þjóðlendum, enda taki þjóðlendukröfur ríkisins til svæða sem liggja utan landnáms og hafi eingöngu verið nýtt sem afréttir, eða, hafi svæðin verið numin í öndverðu, að slíkt nám hafi ekki verið til eignar heldur hafi svæðin eingöngu verið numin til takmarkaðra afnota, svo sem afréttarnota. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins teljist vera afréttur og utan eignarlanda jarða. Þá muni þess hvergi vera getið í landnámslýsingum að menn hafi numið jökla til eignar eða afnota og til þessa hafi verið litið svo á að jöklar séu dæmi um óbyggð svæði sem enginn hafi nýtt af, eða landalmenningur samkvæmt síðari tíma flokkun.

Landnáma geti um byggð í Geitlandi en líklegt hafi verið talið að þar sé átt við stærra landsvæði en sem nú nefnist Geitland. Óvíst sé um hvernig þessari byggð hafi verið háttáð. Fundist hafi byggingarleifar á tveimur stöðum í Geitlandi sem nefnist Geitlandskot og Hamraendar.

Um aldir hafi Geitland verið nýtt sem afréttarland fyrir fráfarulömb og geldfé frá jörðum í Reykdæla- og Hálsahreppum og verið aðal afréttarsvæði hreppanna allt

³²⁹ Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á ágreiningssvæðum málsins er byggð á útgefnum kortum Landmælinga Íslands, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskrá frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, samanber kafla 4.3, og almennum uppsláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands og Göngum og réttum.

fram til ársins 1880 þegar hluti lands Kalmanstungu hafi verið keyptur og lagður til afréttar fyrir Reykdæli og Hálssveitunga.

Fyrir Hæstarétti hafi verið rekin tvö mál sem varpi ljósi á eignarréttarlega stöðu Geitlands. Annars vegar nr. 294/2004 hins vegar nr. 247/1994: Í fyrrnefnda málinu sé vísað til niðurstöðu dómsins í því fyrrnefnda, en í máli nr. 247/1994 hafi H og R verið ákærðir fyrir tilraun til fuglaveiða í Geitlandi, Borgarfirði, sem talist hafi friðland, en það hafi verið brot gegn tilteknu ákvæði laga nr. 33/1966 um fuglaveiðar og fuglafriðun og laga um náttúruvernd, nr. 47/1971. Í dómi Hæstaréttar komi fram að á þeim tíma sem brot ákærðu hafi verið framið, hafi öllum íslenskum ríkisborgurum verið heimiluð fuglaveiði í afréttum og almenningum utan landareigna lögbýla, enda gæti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Í dóminum komi fram að í kjölfar landnáms, virðist Geitland hafa verið undirorpið beinum eignarrétti og hafi síðar komist í eigu Reykholtskirkju en af elstu heimildum virðist þó vera vafi um það hvort landið hafi þá verið eignarland. Ráðherra Íslands hafi afsalað til Hálsahrepps 27. maí 1926, afréttarlandinu Geitlandi og þá hafi verið lagt til grundvallar að heimildir ríkisins til að afsala landinu til hreppsins, væru leiddar af rétti Reykholtskirkju og ekki verði ráðið af afsalinu hvort landið taldist afréttarland eða eignarland. Þar sem slíkur vafi hafi verið uppi um það hvernig eignarrétti að landinu væri háttað, hafi H og R verið sýknaðir af ákæru.

Í sameiginlegu landamerkjabréfi fyrir Hraunsás, Húsafell og Geitland komi fram að Geitland sé allt land milli Geitár og Hvítár að Torfabæli undanteknu. Torfabæli muni hafa verið rétt sunnan Hvítárdraga en norðan Hafragils. Til grundvallar lýsingu merkja sé litið til framangreinds landamerkjabréfs. Eigi það enn fremur við um lýsingu á merkjum Húsafells. Norður og norðausturmörk séu miðuð við jökuljaðar Langjökuls og Hafragil til Hvítár og svo ána að ármótum hennar og Geitár. Styðjist það fyrst og fremst við það að Hvítá og Hafragil myndi náttúruleg skil í landinu. Norðan við kröfuvæðið taki við „Óskipt sameignarland Kalmanstungu I og II“, sem gerð sé þjóðlendukrafa í Vesturmörk svæðisins séu miðuð við Geitá að upptökum hennar, sem telja verði að séu í Geitlandsjökli og svo sé ánni fylgt norður í Hvítá. Um farveg Geitár, frá upptökum hennar að þeim stað sem hún fari að renna óhindrað norður Kaldadal, sé byggt á því að frá upptökunum, renni megin- eða lengsta kvísl hennar eftir Þórisdal, sunnan Prestahnjúks og vestur í miðjan Kaldadal. Sé það í samræmi við gögn Veðurstofu Íslands og kort.

Í kröfulýsingu gagnaðila íslenska ríkisins sé hvorki að finna skýringar né rökstuðning fyrir því, að merki Geitlands, sameignarlands Kalmanstungu I og II og svæðis sem nú er kallað Arnarvatnsheiði, eigi að ná til austurs að vatnaskilum á Langjökli. Ljóst megi þó vera að slík afmörkun verði ekki byggð á sameiginlegu landamerkjabréfi Hraunsás, Húsafells og Geitlands, frá 12. mars 1898, að því er Geitland varði. Svo sem áður sé fram komið muni þess hvergi vera getið í landnámslýsingum að menn hafi numið jökla til eignar eða afnota og að til þessa hafi

verið litið svo á að jöklar séu dæmi um óbyggð svæði sem enginn hafi nýtt af, eða landalmenninga samkvæmt síðari tíma flokkun. Sömu sjónarmið eigi svo við varðandi þá afmörkun á Geitlandi sem fram komi í kröfulýsingu gagnaðila íslenska ríkisins, að svæðið sé látið ná suður yfir hábungu Geitlandsjökuls, þaðan yfir hábungu Þórisjökuls og þaðan í tiltekið hornmark milli Geitlands og Leirárdala. Þessi afmörkun, a.m.k. að því er varðar nefnda jökla, verði trauðla studd við áðurnefnt landamerkjabréf frá 12. mars 1898 eða aðrar ritaðar heimildir.

Við afmörkun á Geitlandi, hafi m.a. verið höfð hliðsjón af uppdrætti sem komi fram á fylgiskjali með auglýsingu menntamálaráðuneytisins, nr. 283, 3. júní 1988, um friðlýsingu Geitlands í Borgarfirði. Samkvæmt honum nái svæðið ekki lengra til suðurs en að Geitá þar sem hún komi úr jökli og renni norður Kaldadal.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, Sjálfseignarstofnunar um Arnarvatnsheiði og Geitland, er á því byggt að jörðin Geitland hafi verið numin í öndverðu sem fullkomið eignarland og þá innan þeirra merkja sem lýst hefur verið fyrir óbyggðanefnd. Þá hafi eignarrétturinn yfir jörðinni færst manna á milli með eðlilegum hætti allt til núverandi eiganda. Geti því ekki verið um þjóðlendu að ræða.

Allt frá því að Geitland hafi verið numið og til þess er sameiginlegt landamerkjabréf hafi verið gert fyrir jörðina 7. júní 1898 og þinglesið 8. júní sama ár, hafi landamerki jarðarinnar verið svo skýr og óumdeild sem frekast sé unnt. Í samræmi við framangreint sé því sérstaklega mótmælt að Geitland sé ekki innan landamerkja jarða. Það sé vandséð að fundin verði jörð sem hafi jafn samfellda og ítrekaða lýsingu landamerkja jarðar sem nái yfir jafn langt tímabil og eigi við um Geitland. Landamerkjum Geitlands hafi þannig verið lýst með sama hætti allt frá fyrstu heimildum *Ládnámu* til yngri heimilda með þeim hætti að Geitland sé land allt sem liggja milli Geitár og Hvítár. Nægi því að vísa til fyrirbyggjandi landamerkjalyýsinga eins og eignarheimildir beri með sér. Gagnaðili íslenska ríkisins leggur áherslu á að landamerkjabréf jarðarinnar frá 7. júní 1898 hafi verið undirritað og samþykkt af landeigendum aðliggjandi jarða. Auki það enn á gildi bréfsins og þeirrar merkjalýsingar sem þar komi fram. Ekki hafi verið talin þörf á nákvæmari lýsingu á landamerkjum Geitlands bæði vegna þess að landamerki hafi verið óumdeild milli eiganda aðliggjandi jarða og jörðin afmarkist að öðru leyti af landfræðilegum kennileitum á borð við jökla.

Um nánari afmörkun gagnvart jöklum vísar gagnaðili íslenska ríkisins til þess að eignarlandið Geitland nái upp að hábungu jöklanna tveggja, Langjökuls og Geitlandsjökuls. Jafnvel þótt jökulsvæði séu oft á tíðum nefnd sem dæmi um óbyggð svæði þar sem litlar eru nýttar, þá hafa fræðimenn gert skýran fyrirvara um að jöklar geti vel verið undirorpnir beinum eignarrétti. Gagnaðili íslenska ríkisins vísar í þessum efnum m.a. til dóms Hæstaréttar 16. maí 2007 í máli nr. 536/2006 (Hvítmaga) þar sem merki eignarlanda hafi verið talin vera í Mýrdalsjökli. Þannig hafi ýmis

jökulsvæði verið talin í einkaeigu en sem dæmi megi nefna Sauðhamarstind í Stafafellsfjöllum, Kerlingu í Eyjafirði, Snjófjöll í Vopnafirði auk Stórhöfða og Hvítmögu í Mýrdal. Útiloki staðhættir og gróðurleysi landsvæðis jökla því ekki að jöklar teljist háðir beinum eignarrétti. Þá segi beinlínis í almennum athugasemdum við frumvarp til þjóðlendulaga nr. 58/1998 að eingöngu jöklar, sem ekki teljist innan eignarlanda, falli undir flokk þjóðlendna. Kröfu íslenska ríkisins um að jökulsvæði það sem tilheyri eignarlandi Geitlands samkvæmt kröfulýsingu, verði úrskurðað þjóðlenda sé því harðlega mótmælt.

Nám hafi í öndverðu verið einn helsti stofnunarháttur eignarréttinda, þótt ekki sé lengur unnt að öðlast eignarréttindi innan þjóðlendna fyrir nám, sbr. 7. mgr. 3. gr. laga nr. 58, 1998. Í Sturlubók *Landnámu* segi að Úlfur hafi numið „land milli Hvítár ok suðurjökla ok þjó í Geitlandi.“ Af lýsingu *Landnámu* megi ráða að Geitland hafi verið numið í öndverðu sem fullkomið eignarland. Þá hafi Hæstiréttur þann 3. nóvember 1994 í máli réttarins nr. 247/1994 talið að Geitland hafi verið fullkomið eignarland í kjölfar landnáms. Líkt og fram komi í bók Haraldar Matthíassonar, *Landið og Landnáma*, hafi Geitland verið talið vera nafnið á landsvæðinu, eins og nú sé, en ekki bæjarnafn. Af lýsingu *Landnámu* verði ekki skýrlega ráðið hve langt niður með Hvítá landnám Úlfs hafi náð, þ.e. hversu langt vestur Geitland náði. Hafi verið talið að í *Landnámu* sé að öllum líkindum átt við stærra land en nú nefnist Geitland. Í ritinu *Byggðir Borgarfjarðar III* sé þessi skilningur staðfestur og íslenska ríkið gangi einnig út frá þessu í kröfugerð sinni. Sögulegar heimildir renni stoðum undir að svæði það sem Úlfur Grímsson nam hafi að minnsta kosti ekki verið minna en Geitland sé nú á dögum. Í Þórðarbók (Melabók) *Landnámu* segi að Úlfur hafi numið land fyrir ofan Deildargil og allt til jökla fyrir sunnan Hvítá. Sé það í samræmi við landnám Krömu-Odds sem numið hafi Reykjadal hinn nyrðra og alla tungu á milli Reykjadalárs og Hvítár og upp til Deildargils. Samkvæmt þessu hafi landnámið jafnvel verið stærra en landsvæði Geitlands nú á dögum.

Af framangreindu sé því í *fyrsta lagi* ljóst að jörðin Geitland hafi verið numin í öndverðu sem fullkomið eignarland. Í *öðru lagi* að hið numda land, sem borið hafi heitið Geitland, hafi verið stærra en Geitland er í dag, þ.e. náð lengra vestur, út að Deildargili. Nú liggi vesturrönd landsins að Geitá gagnvart Húsafelli en samkvæmt landamerkjaskrá sé um að ræða svæðið milli Hvítár, Geitár og inn að hábungu jökla.

Því er sérstaklega mótmælt að Geitland hafi ekki verið numið þannig að beinn eignarréttur hafi stofnast, heldur numið til takmarkaðra nota. Um þetta vísar gagnaðili íslenska ríkisins jafnframt til dóms Hæstaréttar 3. júní 1994 í máli nr. 247/1994 þar sem staðfest hafi verið að Geitland hafi verið numið sem eignarland. Sé þetta og áréttað í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* þar sem segi „Í úrlausnum dómstóla hafa skýrar lýsingar *Landnámu* á umfangi landnáms verið taldar hafa sönnunargildi við mat á því hvort stofnast hafi til eignarréttar yfir tilteknu landsvæði. Þessi afstaða kemur fram í H 1994 2227 (Geitland). Þar er frásögn *Landnámu* um nám Geitlands

talinn sanna að í kjölfar landnáms hafi landsvæðið verið eignarland.“ Sé því fyllilega ljóst og beinlínis sannað að Geitland hafi verið numið í öndverðu þannig að beinn eignarréttur hafi stofnast yfir landinu.

Byggt er á því að rekja megi óslitið eignarhald yfir Geitlandi frá landnámi til vorra daga. Hafi lýsing *Landnámu* um eignarlandið Geitland ítrekað verið tekin upp í síðari heimildum. Geitlands sé getið sem eignar Reykholtskirkju í elsta hluta Reykjaholtsmáldaga, sem talinn sé frá 1185, en þar komi fram að kirkjan eigi Geitland allt með skógi. Geitland hafi verið í eigu sömu ættarinnar frá landnámi þar til landið rann undir kirkjuna. Úlfur hafi verið fæddur á Íslandi og hafi því ekki numið land fyrr en komið hafi verið langt fram á landnámstíð. Sonur hans, Hrólfur hinn auðgi, hafi búið í Geitlandi, en sonur hans Sölvi, sem *Landnáma* segir vera úr Geitlandi, hafi búið í Reykholti, þ.e. hann virðist hafa flutt úr Geitlandi í Reykholt. Þá sé og í *Landnámu* sagt frá Karla Konálssyni á Karlastöðum, sem hafi verið leysingi Hrólfs úr Geitlandi. Eftir að nokkrir ættliðir hafi búið í Geitlandi hafi Geitlendingar flutt aðsetur sitt þaðan og byggt bæ í Reykholti en Reykholt hafi ekki verið landnámsjörð heldur hafi sauðahús verið þar á 10. öld samkvæmt *Landnámu*. Sagnfræðingar hafi nefnt þá skýringu á þessum búsetuflutningum að veðurfar þar efra hafi ekki reynst nógu hagstætt. Geitlendingar hafi haft Reykhyltingagoðorð og því farið með forræði Reykholtstaðar en sonur Sölva hafi verið Þórður prestur í Reykholti.

Talið sé að Geitlendingar hafi farið með Reykhyltingagoðorð á tímabilinu 930–1206 eða þar til Snorri Sturluson hafi tekið við staðarforráðum í Reykholti og samið um að hann tæki við Reykhyltingagoðorði. Það þurfi því ekki að koma á óvart að landnámsjörðin Geitland skyldi renna undir kirkjuna þar sem hvort tveggja, jörðin og kirkjustaðurinn, hafi verið í eigu sömu ættar. Að öllum líkindum hafi þetta gerst í tengslum við staðarmálin er bændur gáfu kirkjum eignir sínar með því skilyrði að þeir hefðu forræði eignanna. Megi í þessu sambandi vísa til bókarinnar *Goðorð og goðorðsmenn*, eftir Lúðvík Ingvarsson, þar sem segi að „ástæða [sé] til að ætla, að Þórður Magnússon [afkomandi landnámsmannsins Úlfs Grímssonar] hafi gefið Reykjaholtskirkju stofninn að eignum hennar, sem koma fram í fyrsta hluta Reykjaholtsmáldaga.“ Þannig hafi Reykhyltingar, eins og Geitlendingar hafi síðar verið kallaðir, gefið kirkjunni höfuðból sitt en haldið forræði sínu m.a. til að sleppa við tíund og arfaskipti á aðalsetri ættarinnar. Þótt Geitlendingar hafi snemma flutt sig um set séu heimildir um bæ í Geitlandi fram eftir öldum.

Eftir að Geitland hafi komst í eigu Reykholtskirkju hafi ítrekað verið skrásettir máldagar, vísitasíur og lögfestur sem tilgreini Geitland sem eignarland kirkjunnar. Um þetta vísar gagnaðili íslenska ríkisins til framangreindra máldaga og lögfesta frá árunum 1185–1876, sem séu þeir tuttugu talsins. Í öllum þessum máldögum og lögfestum komi fram að kirkjan eigi Geitland. Verði fyrirbyggjandi heimildarskjöl því ekki túlkuð öðruvísi en svo að um fullkomið eignarland hafi verið að ræða. Í flestum framangreindra heimildarskjala komi einnig fram að Geitland sé land allt milli Geitár

og Hvítár. Þannig hafi lýsing *Landnámu* um nám Geitlands, sem gegni því hlutverki að staðfesta upphaflegan beinan eignarrétt að landinu, ítrekað komið fram í síðari heimildum um eignarlandið Geitland. Verði það ekki túlkað á annan hátt en að tilgangur heimildaskjalanna hafi verið að staðfesta beinan eignarrétt landeiganda að Geitlandi. Þá vísar gagnaðili íslenska ríkisins til þess að heimildargildi máldaga þyki mikið. Ekki síst sé það vegna þess að þeir hafi margoft verið uppskrifaðir og upplesnir í Lögréttu eða á manntalsþingum og þeir sem hafi véfengt þá átt kost á að hreyfa mótbárum sem hafi þá gjarnan ratað inn í skjallugar heimildir. Hvað sem sagnfræðilegu heimildargildi máldaga líði hafi þeir sönnunargildi að lögum, hafi þeir verið löggiltir. Sú regla hafi verið sett fram að sá sem dragi í efa réttindi sem talin séu upp í löggiltum máldagabókum verði að sanna betri rétt sinn. Meðal hinna löggiltu máldagabóka séu Vilchinsmáldagar, sem geymi meðal annars Reykjaholtsmáldaga.

Ráðherra Íslands í dóms- og kirkjumálum hafi afsalað landinu Geitlandi 27. maí 1926 til Hálsahrepps með heimild í lögum nr. 50/1907 um sölu kirkjujarða. Lögin fjalli einungis um sölu jarða og sé því ekki vafi að Hálsahreppur hafi verið að kaupa jörð eins og endurgjaldið beri með sér. Kaupverð jarðarinnar hafi verið 900 krónur sem hafi samsvarað rúmlega 700 dagsverkum. Hafi Hálsahreppur því keypt jörðina dýru verði. Tekið sé fram að sýslunefnd „hafi ekki haft neitt við sölu þessarar jarðar að athuga.“ Hafi Geitlandi verið afsalað með öllum gögnum og gæðum að undanskildum námum í jörðu eða sem síðar kynnu að finnast og vatnsaflí öllu. Slíkur fyrirvari hafi verið staðlaður í afsalsbréfum fyrir ríkis- eða kirkjujörðum á þeim tíma og beri með sér að litið hafi verið á landið sem fullkomið eignarland seljanda. Í 3. og 6. gr. laganna hafi verið kveðið á um að ætíð skyldi undanskilja sölu náma og heimilt væri að undanskilja skóglendi, fossa og önnur jarðargögn. Við söluna hafi allri jörðinni verið afsalað að undanskildum námurétti og vatnsaflí en ekki hefði þurft að undanskilja þessi sérstöku réttindi ef eingöngu hefði verið um að ræða sölu á óbeinum eignarrétti.

Í afsalinu sé Geitland nefnt afréttarland og sé þar með lögð áhersla á að jörðin sé ekki hýst og hafi einkum á þeim tíma verið notuð sem afréttarland. Dæmi sé um slíka orðanotkun úr ofangreindum eldri heimildaskjölum þótt mun tíðara sé að talað sé um Geitland sem „land“. Notkun orðsins „afréttur“ endurspeglir í þessu sambandi eingöngu þau not sem menn hafi helst tengt við landið, þ.e. upprekstur og beit. Notkun hugtaksins afréttur hafi ekki þýðingu er varði eignarheimildir að landi enda geti afréttur verið fullkomið eignarland.

Þá vísar gagnaðili íslenska ríkisins til byggingarbréfs, dagsetts 30. júní 1868, til Þorsteins Jakobssonar þar sem honum hafi verið leigt Geitland á fardögum til allrar rétrar og löglegrar leiguliða brúkonar, afnota og umráða með tilgreindum skilmálum. Byggst sé á að leigusamningar líkt og þessi séu ekki gerðir nema í skjóli beinna eignarréttinda að landinu. Ljóst sé að slíkt væri ekki í höndum aðila sem eingöngu hefði óbeinan eignarrétt að landi, enda hefði sá ekki heimild til að leigja landið til

allrar réttar og löglegrar leiguliða brúkonar, afnota og umráða. Í byggingarbréfinu hafi enn fremur verið tekið fram að leigutaki skyldi hreinsa og verja landið eins og þörf væri og skyldi koma í veg fyrir leyfislaus not annarra að landinu. Ef Geitland hefði eingöngu verið háð óbeinum eignarrétti kirkjunnar sé ljóst að það hefði ekki verið í höndum kirkjunnar að sjá til þess að verja landið óheimilli notkun.

Í samræmi við framangreint mótmælir gagnaðili íslenska ríkisins því sjónarmiði að ef stofnast hafi beinn eignarréttur í öndverðu yfir Geitlandi, hafi sá eignarréttur fallið niður. Slík kröfugerð sé í hróplegu ósamræmi við þau gögn sem liggi fyrir um Geitland og eignarrétt hans. Bent sé á að ekki fyrirfinnist minnstu ábendingar um að Geitland hafi einhvern tíma fallið úr eignarráðum Geitlendinga og Reykhyltinga og síðar kirkjunnar í Reykholti. Sé því ljóst að eignarlandið Geitland, innan þeirra merkja sem gagnaðili íslenska ríkisins hafi lýst, hafi verið numið í öndverðu svo að stofnast hafi beinn eignarréttur. Þá hafi eignarrétturinn yfir jörðinni færst yfir til Reykholtskirkju sem síðar hafi afsalað Geitlandi til Reykholtisdals- og Hálsahreppa, sem gagnaðili íslenska ríkisins leiðir rétt sinn frá. Um eignarheimildir sínar að Geitlandi vísar gagnaðili íslenska ríkisins til sameiginlegs landamerkjabréfs jarðanna Hraunáss, Húsafells og Geitlands, sem hafi verið þinglesið 7. júní 1898, áritað og samþykkt af eigendum eða yfirráðamönnum aðliggjandi jarða.

Þá hafi gagnaðili íslenska ríkisins afsal fyrir eignarrétti sínum, dagsett 27. maí 1926, þar sem Geitland hafi verið keypt til fullkominnar eignar. Enn fremur hafi öllum framangreindum eignarheimildum að jörðinni verið haldið til laga með lögfestum og þinglýsingum og aldrei komið fram andmæli við fullkomnum eignarrétti þinglesinna eigenda að jörðinni.

Eignarréttarleg þýðing hugtaksins afréttur hafi verið á reiki en afréttarlönd geti bæði verið háð óbeinum og beinum eignarrétti. Gagnaðili íslenska ríkisins vísar til þess að Geitland sé eignarland sem lagt hafi verið til afréttar og sé því undirorpið beinum eignarrétti. Engar sögulegar eða réttarlegar heimildir fyrirfinnast um það sem á okkar dögum sé nefnt „afnotanám“ lands eða nám til takmarkaðra afnota. Allar heimildir fyrri alda renni stoðum undir að landsvæði þau, sem nefnd hafi verið afréttir, hafi verið háð beinum eignarrétti. Þetta komi með skýrum hætti fram í þjóðveldislögunum eins og þau birtast í Grágásarhandritum og í Jónsbók. Viðhorf þessi hafi haldist óbreytt fram á byrjun 20. aldar þegar kröfur iðnvæðingar og þörf á vatnsorkuverum hafi orðið til þess að settar hafi verið fram kenningar um að afréttareignir væru ekki háðar eignarrétti í hefðbundnum skilningi og nytu því ekki sömu verndar og aðrar eignir í landinu. Geitland hafi því verið numið sem fullkomið eignarland, gengið kaupum og solum og verið að endingu lagt til afréttar. Verði stöðu jarðarinnar sem eignarlands frá landnámi ekki raskað með setningu laga nr. 58/1998 eða þeim óréttmætu kröfum sem íslenska ríkið hafi sett fram á grundvelli þeirra.

Í þeim heimildum sem liggi fyrir um Geitland sé ekkert sem bendi til að svæðið hafi haft stöðu afréttar, sem óbeins eignaréttar. Þvert á móti verði ekki annað

ráðið en að allt land jarðarinnar hafi sætt eðlilegri og hefðbundinni notkun. Eðli máls samkvæmt hafi sú notkun farið eftir gögnum og gæðum landsins hverju sinni. Til forna hafi verið byggð í Geitlandi en fundist hafi byggingarleifar á tveimur stöðum í landi Geitlands sem nefnist Geitlandskot og Hamraendar. Gefi leifarnar til kynna að þar hafi verið föst búseta og allmikil umsvif. Landið hafi um aldri verið notað sem afréttur fyrir fráfærulömb og geldfé. Fé hafi ekki verið rekið sérstaklega í Geitland, eftir að Reykdælir og Hálssveitingar hafi keypt land á Arnarvatnsheiði um 1880, fyrr en á sjöunda tug þessar aldar, eða í rúm 80 ár. Beri að geta þess að jafnvel þótt fleiri kynnu að hafa rekið fé sitt í landi Geitlands geri það ekki að verkum að eignarhald jarðarinnar fari úr því að vera fullkomnum eignarétti háð yfir í óbeinan eignarrétt. Þannig sé að finna lagareglur um afrétt í sameign eða samnotum tveggja eða fleiri bænda í Grágás og Jónsbók á sama hátt og nú á dögum fyrirfinnast lagareglur um sameign fjölbýlishúsa án þess að slíkar reglur hnekki á nokkurn hátt einkaeignarétti eigenda húsanna. Af þessum ástæðum skipti ekki máli um eignarrétt að Geitlandi að land jarðarinnar hafi a.m.k. á stundum verið að mestu notað sem beitarland sumar og vetur eftir því hvernig veðurfari var háttað.

Þá verði ekki framhjá því litið að allt frá því að jörðinni var afsalað til Hálsahrepps 1926 hafi gagnaðili íslenska ríkisins, sem og aðrir, litið á hana sem fullkomið eignarland og hafi landeigandi farið með jörðina sem slíka átölulaust, samanber framangreinda leigusamninga. Það sé ekki fyrr en íslenska ríkið hafi lýst kröfum sínum á umræddu svæði fyrir óbyggðanefnd, sem beinar brigður hafi verið bornar á eignarrétt landeiganda að Geitlandi. Þeim kröfum sé hins vegar harðlega mótmælt sem ósönnuðum, órökstuddum og beinlínis röngum.

Gagnaðili íslenska ríkisins vísar til þess að aðliggjandi jarðir að Geitlandi séu eignarlönd. Þeirra á meðal séu Kalmannstunga I og II, sameignarland Kalmanstungu, og Húsafell. Leiða megji sterkar líkur að því að landsvæði sem umlukin eru eignarlöndum séu að sama skapi beinum eignarrétti háð.

Gróðurfar á umræddu landsvæði renni frekari stöðum undir það sem öll gögn og rök bendi annars til, þ.e. að Geitland sé fullkomið eignarland landeiganda. Við landnám hafi verulegur hluti landsins verið víði vaxinn milli fjalls og fjöru og veðurfar og náttúrufar afar hagfellt. Byggðin hafi teygt sig lengra og hærra inn í landið en síðar varð, enda verið hagstætt að búa með sauðfé sem næst fjöllum. Svæðið einkennist af víðáttumiklu hraun- og sandflæmi sem eigi upptök sín á gígabyrpingu í rótum Langjökuls. Landið sé víða vel gróið og þar hafi fundist stórir hellar. Framan við hina svokölluðu Sanda taki hraunið og gróðurbeltið við. Í brekkum og lautum milli hraunhólanna sé vallendisgróður og víða sé mikið af fjallagrösom og berjalyngi. Þarna sé hið besta sauðland. Í Geitlandi hafi jafnan verið talið gott berjaland og hafi landið hentað vel til grastekju og fuglaveiði. Auk hefðbundinn nota hafi því verið hafðar margvíslegar nytjar af jörðinni allt fram á okkar daga. Bendi allar heimildir og til þess að nýting umrædds lands hafi verið í beinu samræmi við þetta.

Tekjur hafi verið af landinu með byggð í landinu allt fram á 19. öld. Ekki liggi fyrir hversu lengi jörðin Geitland hafi verið í samfelldri byggð, en talið sé að Jökla-Helgi Ólafsson hafi búið þar um 1600 og tún í Geitlandi hafi verið slegið á síðari hluta 19. aldar.

Gagnaðili íslenska ríkisins bendir á að hann hafi frá upphafi greitt alla skatta og skyldur af fasteigninni, m.a. fasteignagjöld sem íslenska ríkið hafi tekið við athugasemdalaust.

Geitland hafi verið lýst friðland samkvæmt 24. gr. náttúruverndarlaga nr. 47/1971 með auglýsingu menntamálaráðherra 3. júní 1988. Friðlýsing lands hafi m.a. í för með sér að umsókn um framkvæmda- og byggingaleyfi á landinu sé háð samþykki sveitarfélags og Umhverfisstofnunar. Nýtingarréttur landeiganda sé að öðru leyti óskertur eftir friðlýsingu, svo framarlega sem um sjálfbæra nýtingu á hlunnindum sé að ræða. Í kröfugerð íslenska ríkisins segi að við afmörkun á Geitlandi hafi m.a. verið höfð hliðsjón af uppdrætti sem komi fram á fylgiskjali með auglýsingu menntamálaráðuneytisins nr. 283, frá 3. júní 1988, um friðlýsingu Geitlands í Borgarfirði. Samkvæmt honum nái svæðið ekki lengra til suðurs en að Geitá þar sem hún komi úr jökli og renni norður í Kaldadal. Bent sé á *í fyrsta lagi* að friðlýsing lands hafi ekki áhrif á eignarréttarlega stöðu landsins. Þannig séu jafnt lönd sem háð séu beinum eignarrétti og óbeinum friðlýst. *Í öðru lagi* er vísað til þess að Umhverfisstofnun sjái um gerð uppdráttar við friðlýsingu og geti uppdrátturinn því ekki breytt eiginlegum merkjum landsins eða takmarkað eignarland landeiganda. *Í þriðja lagi* sé ekkert sem mæli því í mót að eingöngu hluti jarðar sé friðlýstur. Uppdráttur sem fylgt hafi auglýsingu um friðlýsingu Geitlands árið 1988 skeri ekki úr um landamerki jarðarinnar, enda ekki þar til gert skjal.

Af dómi um upprekstur Reykholtskirkju í Geitland frá 15. maí 1596 megi ráða að Reykholtskirkja hafi haft eignarheimildir að landi Geitlands sem falist hafi í beinum eignarrétti og varið landið gegn ólögum upprekstri aðliggjandi jarða.

Í dómi Hæstaréttar 3. nóvember 1994, í máli nr. 247/1994, þar sem tveir menn voru ákærðir fyrir „að ætla til fuglaveiða í Geitlandi, Borgarfirði, sunnudaginn [...] 25. október 1992“ hafi rétturinn talið vafa leika á um það hvernig eignarrétti hreppanna að Geitlandi væri háttað. Hafi dómstóllinn tekið fram að í kjölfar landnáms hafi Geitland verið fullkomið eignarland en þrátt fyrir nám Geitlands væri ekki ljóst af Reykholtsmáldaga (1185) hvort landið væri ennþá eignarland þegar það komst í eigu kirkjunnar. Um þetta hafi Hæstiréttur vísað til þess að í heimildum kirkjunnar að Geitlandi væri tekið fram að skógur fylgdi landi og að afsalið frá 1926 tilgreindi ekki sérstaklega hvort Geitland teldist þar afréttur eða eignarland. Þar sem rétturinn hafi talið að vafi léki á eignarrétti að Geitlandi hafi ákærðu verið sýknaðir.

Gagnaðili íslenska ríkisins vísar til þess að mál þetta hafi verið rekið eftir reglum opinbers réttarfars (nú sakamálaréttarfars), enda um refsímál að ræða þar sem strangar kröfur séu gerðar um sönnun sektar sakbornings og allur vafi sé skýrður

sökunauti í hag. Því hafi Hæstarétti borið, teldi hann minnsta vafa leika á um eignarheimildir hreppanna að Geitlandi, að sýkna ákærðu. Hafi þetta og verið staðfest af óbyggðanefnd en í *Almennum niðurstöðum* nefndarinnar segi að niðurstöðu málsins beri að skoða í ljósi þeirrar meginreglu refsiréttar að vafa beri að meta ákærða í hag. Dómurinn hafi ekkert fordæmisgildi er varði beinan eignarrétt gagnaðila að Geitlandi.

Verði ekki fallist á að Geitland hafi verið numið í öndverðu sem eignarland og eignarréttur yfir því færst manna á milli allt til núverandi landeiganda, er á því byggt af hálfu gagnaðila ríkisins að hann hafi hvað sem öðru líður unnið hefð á umræddu svæði. Samkvæmt ákvæði 1. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 megi vinna hefð á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafé, er geti verið eign einstakra manna, án tillits til þess, hvort hann var áður einstaks manns eign eða opinber eign. Þá komi fram í 1. mgr. 2. gr. sömu laga að skilyrði fyrir hefð sé 20 ár óslitið eignarhald á fasteign og í 3. gr. laganna sé tekið fram að til hefðartíma megi telja óslitið eignarhald tveggja manna eða fleiri, ef eignarhaldið hafi löglega gengið frá manni til manns. Augljóst sé að framangreind skilyrði laga nr. 46/1905 séu uppfyllt er varði Geitland. Þannig hafi gagnaðili íslenska ríkisins haft óslitið eignarhald á fasteigninni í meira en 20 ár. Er sérstaklega tekið fram í því sambandi að hefðin hafi verið fullnuð fyrir gildistöku laga nr. 58/1998 og breyti ákvæði 7. mgr. 3. gr. síðastnefndra laga því engu í þessu sambandi. Bent er á 3. gr. laga nr. 46/1905 hvað það varðar. Þar sem ekkert þeirra atriða sem nefnd séu í 2. og 3. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1905 eigi við í þessu tilviki sé ljóst að ekkert komi í veg fyrir að hefð verði viðurkennd, enda öll önnur skilyrði hennar uppfyllt. Leiði það eitt og sér, hvort heldur sem fallist verði á annan málatilbúnað gagnaðilans eða ekki, til þess að fallast verði á kröfur hans fyrir óbyggðanefnd.

Að öllu framangreindu virtu megi vera ljóst að jörðin Geitland hafi frá landnámi til vorra daga verið undiorpin beinum eignarrétti og sé nú í einkaeigu gagnaðila íslenska ríkisins. Þá sé ekkert sem bendi til þess að eignarréttur sá hafi verið takmarkaður með einhverjum hætti eða fallið niður. Framangreindar röksemdir leiði allar til þess að fallast verði á kröfu gagnaðila íslenska ríkisins um að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að því landsvæði sem lýst er innan þeirra merkja er greinir í aðalkröfu hans.

Verði ekki fallist á aðalkröfu gagnaðila íslenska ríkisins, krefst hann þess til vara að viðurkenndur verði fullkominn og óskoraður afnotaréttur hans að nefndu landsvæði innan áður lýstra merkja. Undir þann afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, námu- og veiðiréttur. Vísar hann í þeim efnum til þeirra málsástæðna, röksemda og lagaraka er standa að baki aðalkröfu hans, að breyttu breytanda.

Af hálfu Borgarbyggðar, sem gerir sem fyrr segir þá kröfu til þrautavara að viðurkennt verði að Geitland sé afréttur jarða í sveitarfélaginu, er um málavexti alla vísað til málavaxtalýsinga sem fylgdu kröfulýsingum aðila og þeirra gagna sem komið

hafa fram í málinu um afréttarnot á svæðinu. Landsvæðið hafi verið nýtt sem upprekstrarland jarða í sveitarfélögum, sem nú mynda Borgarbyggð, um langan aldur. Sé því um að ræða landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hafi verið notað til sumarbeitar fyrir búfé, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

6.5.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Geitlands er rakin í kafla 5.5 hér að framan, samanber einnig kafla 5.2 um afrétti og afréttarnot. Fyrirliggjandi heimildir benda ótvírætt til þess að Geitland hafi verið numið í öndverðu og verið landnámsjörð þó búseta þar hafi snemma lagst af. Þá er þess getið meðal eigna Reykholtskirkju í máldaga hennar, sem hefur verið talinn vera frá árinu 1185. Gagnaðili íslenska ríkisins, Sjálfseignarstofnun um Arnarvatnsheiði og Geitland, leiðir rétt sinn frá Hálsahreppi sem keypti Geitland af kirkjujarðasjóði með afsali dagsettu 27. maí 1926.

Hér ber þess fyrst að geta að fyrir liggur hæstaréttardómur sem þýðingu getur haft fyrir hið eignarréttarlega mat. Er sérstaklega vísað til dómsins af hálfu íslenska ríkisins en um er að ræða dóm Hæstaréttar frá 3. júní 1994 í máli nr. 247/1994, sem varðaði mál ákærvaldsins gegn tveimur mönnum sem ákærðir höfðu verið fyrir „að ætla til fuglaveiða í Geitlandi, Borgarfirði, sunnudaginn [...] 25. október 1992“. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 33/1966 um fuglaveiði og fuglafriðun, sem í gildi voru á þeim tíma sem hin meintu brot voru framin, var landeiganda einum heimil fuglaveiði í landareign sinni, nema lög mæltu fyrir á annan veg. Ákvæði 2. mgr. 5. gr. sömu laga heimiluðu hins vegar öllum íslenskum ríkisborgurum fuglaveiði í afréttum og almenningum utan landareigna lögbýla, enda gæti enginn sannað eignarrétt sinn á þeim. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að ákvæði sama efnis hafi verið í 1. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 5. gr. eldri laga um fuglaveiðar og fuglafriðun nr. 63/1954 og að í athugasemdum við frumvarp að þeim lögum hafi sérstaklega verið á það bent, að með orðinu „eignarréttur“ í 2. mgr. 5. gr. hafi einungis verið átt við bein eignarréttindi að landi eða landsvæðum. Landareign í skilningi 2. gr. laga nr. 33/1966 verði samkvæmt þessu að vera háð beinum eignarrétti. Í dómi Hæstaréttar segir:

Í kjölfar landnáms virðist Geitland hafa verið fullkomið eignarland. Þegar litið er til hinna elstu heimilda um rétt Reykholtskirkju að Geitlandi, virðist það hins vegar vafa undirorpið, hvort landið sé eignarland, þar sem tekið er fram í heimildum, að skógur fylgi landi. Heimildir ríkisins til að afsala Hálsahreppi Geitlandi eru leiddar af rétti Reykholtskirkju til landsins, og leikur þannig vafi á því, hvort það er eign, sem háð er beinum eignarrétti. Þá verður heldur ekki ráðið af öðrum gögnum málsins, hvort Hálsahreppur og Reykholtsdalshreppur eiga bein eignarréttindi að Geitlandi eða einvörðungu beitarétt eða önnur afnotaréttindi.

Þar sem vafi leikur á um það, hvernig eignarrétti Hálsahrepps og Reykholtisdalshrepps að hinu umdeilda landi er háttað, ber með vísan til 45. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála að sýkna ákærðu af tilraun til brots gegn 1. mgr. 2. gr. laga nr. 33/1966, sbr. 41. gr. sömu laga, sbr. 33. gr. laga nr. 116/1990, sbr. nú 2. mgr. 8. gr. laga nr. 64/1994.

Við mat á þýðingu dómsins er fyrst til þess að líta að hvorki aðild að málinu né sakarefni þess var hið sama og er til úrlausnar í þessu máli. Vísast í þessu sambandi m.a. til dóma Hæstaréttar frá 26. september 2013 í máli nr. 411/2012 (Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár), frá 28. nóvember 2013 í máli nr. 546/2012 (Eyvindarstaðaheiði) og frá 22. október 2015 í máli nr. 743/2014 (Nýjabæjarafreittur). Af þessum dómum má ráða að ekki sé unnt að líta svo á að eldri dómur um eignarréttarlega stöðu lands bindi óbyggðanefnd ef ekki er ljóst að málsaðilar séu hinir sömu eða komnir að öllu leyti í stað hinna fyrri. Þá skiptir jafnframt máli, við mat á þýðingu eldri dóma undir sambærilegum kringumstæðum, hvert sakarefnið er. Vísast í þessu sambandi einnig til umfjöllunar um réttaráhrif og sönnunargildi eldri dómsúrlausna í kafla 11.3 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Dómur Hæstaréttar frá 3. júní 1994 í máli nr. 247/1994 varðaði ekki ágreining um eignarréttarlega stöðu lands á grundvelli þjóðlendulaga nr. 58/1998 og aðilar að málinu voru ekki þeir sömu og aðilar að þessu máli. Hafa þeir síðarnefndu heldur ekki á báða vegu komið í stað þeirra fyrrnefndu, enda leiðir íslenska ríkið tilkall sitt til svæðisins í máli þessu ekki frá eigendum Kalmanstungu sem aðild áttu að umræddu máli fyrir Hæstarétti. Dómurinn er því ekki bindandi um úrslit þessa máls, samanber til hliðsjónar 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Dómurinn hefur þó fullt sönnunargildi um þau málsatvik, sem í honum greinir, þar til það gagnstæða er sannað, samanber til hliðsjónar 4. mgr. sömu lagagreinar. Til athugunar hlýtur því m.a. að koma hjá óbyggðanefnd hvaða áhrif aðild, ný gögn eða önnur þau atriði sem dómstólar hafa ekki þegar metið hafi á eignarréttarlega stöðu Geitlands samkvæmt lögum nr. 58/1998. Við mat á þýðingu dómsins er og til þess að líta að hann fjallar um sekt eða sýknu í sakamáli. Að því er varðar þau rök sem leiddu til sýknu í málinu ber að skoða þau í ljósi þeirrar meginreglu sakamálaréttarfars að vafa beri að meta ákærða í hag. Í málinu nægði vafi um beinan eignarrétt til sýknu. Er því eðlilegt að í sakamáli hafi verið talinn vafi á ferðum. Að öllu þessu virtu getur umræddur dómur ekki einn ráðið úrslitum um eignarréttarlega stöðu Geitlands í máli þessu.

Einnig liggur fyrir dómur Hæstaréttar frá 16. desember 2004 í máli nr. 294/2004, Afþreyingarfélagið ehf. gegn Fjallamönnum ehf., en einnig er vísað til þess dóms af hálfu íslenska ríkisins. Krafðist áfrýjandi þess aðallega að viðurkenndur yrði réttur hans til að banna stefnda á gildistíma leigusamnings áfrýjanda við Hálsahrepp og Reykholtisdalshrepp, nú sjálfseignarstofnunina Arnarvatnsheiði og Geitland, öll afnot og alla umferð um nánar tiltekinn hluta

Geitlands. Var mörkum þess svæðis sem dómkrafan laut að lýst á þann veg af hálfu áfrýjanda að þau réðust að norðan af Hafursfelli með beinni línu í Geitlandsgíg, síðan af beinni línu vestan við gíginn, 100 m neðan við brú á Geitá, og þaðan eftir vatnaskilum á Langjökli. Frá umræddri brú réði Geitá merkjum til upptaka hennar, en þaðan vatnaskil á Langjökli. Lutu varakröfur áfrýjanda að því að viðurkenndur yrði réttur hans til að banna stefnda umferð um einkaveg áfrýjanda frá skála hans að brún Langjökuls, svo og að slá upp búðum og koma upp aðstöðu, þjónustumiðstöð eða annars konar miðstöð fyrir starfsemi stefnda á hinu umdeilda svæði.

Í niðurstöðu Hæstaréttar segir eftirfarandi:

Um afmörkun landsins, sem aðalkrafa og varakrafa áfrýjanda varða, er á hinn bóginn til þess að líta að sú tilgreining að vatnaskil ráði merkjum frá upptökum Geitár til Hafursfells er ekki nægilega ákveðin, auk þess sem ekki verður séð hvernig hún getur samrýmst framlögðum uppdrætti í málinu. Þá hefur áfrýjandi byggt á því að hann leiði frá landeiganda rétt sinn sem leigutaki, en stefndi hefur andmælt því að landið, sem aðalkrafa og varakrafa áfrýjanda taka til, verði talið eiga undir Geitland, sem hann vefengir jafnframt að sé háð beinum eignarrétti. Um mörk Geitlands liggur aðeins fyrir í málinu lýsing í landamerkjabréfi fyrir Hraunsás, Húsafell og Geitland, sem áfrýjandi lagði fyrst fram í Hæstarétti, en í bréfi þessu, sem virðist hafa verið þinglesið 7. júní 1898, segir að „Geitland er land alt millum Geitár og Hvítár, að undanteknu Torfabæli.“ Í málalíbúnaði áfrýjanda hefur hvorki verið gerð grein fyrir legu landsins, sem umræddar kröfur hans lúta að, með tilliti til þessarar merkjalýsingar né fyrir því hvernig ráðið verði af henni eða öðrum gögnum málsins að Sjálfseignarstofnunin Arnarvatnsheiði og Geitland eigi land, sem náð getur allt til vatnaskila á Langjökli. Brestur því verulega á að þessi atriði hafi verið nægilega reifuð af hendi áfrýjanda.

Í aðalkröfu krefst áfrýjandi dóms um rétt sinn til að banna stefnda „öll afnot af og alla umferð um“ landsvæðið, sem um ræðir í málinu. Ekkert er fram komið um að land þetta sé að einhverju leyti ræktað eða afgirt. Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd er almenningi heimil för um landið og dvöl þar í lögmætum tilgangi. Í 14. gr. laganna er kveðið á um heimild manna til að fara gangandi um og dveljast á óræktuðu landi án sérstakrar heimildar landeiganda og í 1. mgr. 17. gr. til að fara um vegi á vélknúnum ökutækjum, svo og utan vega á snjó og jöklum. Í auglýsingu nr. 283/1988 um friðlýsingu Geitlands í Borgarfirði er einnig tekið fram að öllum sé heimil för um friðlandið, enda sé góðrar umgengni gætt. Í aðalkröfu áfrýjanda er ekki tiltekið frekar en áður segir hvers eðlis þau afnot séu eða sú umferð, sem hann krefst heimildar til að banna stefnda. Eftir orðalagi kröfunnar beinist hún þannig meðal annars að því að banna stefnda athafnir, sem mönnum eru almennt frjálssar á óræktuðum svæðum í eignarlöndum annarra eftir framangreindum lagaákvæðum, svo og í Geitlandi eftir reglum

um friðlýsingu þess lands. Samkvæmt þessu er aðalkrafa áfrýjanda svo almenn og óafmörkuð að ekki er fært að fella efnisdóm á hana.

Áfrýjandi leitar með öllum kröfum sínum dóms um rétt sinn til að leggja bann við nánar tilteknum athöfnum stefnda á gildistíma leigusamnings frá 24. ágúst 1993. Leigusamningur þessi var til tíu ára og gildistími hans því á enda þegar mál þetta var höfðað. Ekki hefur komið fram í málinu hvort leigutíminn hafi framlengst á þann hátt, sem um ræddi í fyrrnefndu ákvæði samningsins. Eru forsendur fyrir dómkröfum áfrýjanda því vanreifaðar að þessu leyti.

Í varakröfu krefst áfrýjandi þess meðal annars að viðurkenndur verði réttur hans til að banna stefnda „umferð um einkaveg áfrýjanda, sem liggur frá skála áfrýjanda að jökulbrún Langjökuls“. Þrautavarakrafa hans beinist að því sama einvörðungu. Í málinu liggur ekkert fyrir um staðsetningu þess skála áfrýjanda, sem hér um ræðir. Þá eru litlar sem engar upplýsingar í málinu um legu og lengd vegarins, sem þessar kröfur varða, hvort aðrir vegir kunni að vera á landinu, hver hafi gert veginn og haldið honum við, hvort Vegagerðin hafi litið á hann sem einkaveg, hvort hann sé merktur sem slíkur og hvort hann hafi verið opin almenningi til umferðar. Er því ekki unnt að fella efnisdóm á þessar kröfur áfrýjanda.

Vegna þeirra annmarka á kröfugerð áfrýjanda og reifun málsins, sem að framan greinir, er óhjákvæmilegt að vísa máli þessu af sjálfsdáðum frá héraðsdómi, sbr. meðal annars d. og e. lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991.

Ljóst er að með tilvitnuðum dómi Hæstaréttar í máli nr. 294/2004 hefur ekki verið tekin afstaða til eignarréttarlegrar stöðu ágreiningssvæðisins, hvorki á grundvelli laga nr. 58/1998 né að öðru leyti. Að mati óbyggðanefndar hafa þau málsatvik sem í honum greinir heldur ekki sérstaka þýðingu við úrlausn málsins. Vísast að öðru leyti til þess sem að framan segir um mögulega þýðingu dóms Hæstaréttar í máli nr. 247/1994, eftir því sem við getur átt.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Geitlands er lýst í fyrirliggjandi heimildum. Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki svæðisins, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu svæðisins.

Fyrir liggja tvö landamerkjabréf þar sem merkjum Geitlands er lýst. Annars vegar landamerkjabréf Reykholts, dagsett 12. mars 1898 og þinglesið 8. júní sama ár. Þar segir að Geitland sé „land milli Geitár og Hvítár“. Hins vegar landamerkjabréf fyrir Hraunás, Húsafell og Geitland sem er ódagsett en því var þinglýst 7. júní 1898. Þar segir að Geitland sé „land alt millum Geitár og Hvítár, að undanteknu Torfabæli“.

Auk landamerkjabréfanna liggja fyrir ýmsar eldri heimildir sem taka til merkja Geitlands. Er þar fyrst að nefna vitnisburð um Geitland og þess ummerki frá 1663 þar sem segir að undirskrifaðir menn hafi ekki heyrt annað en „allt land millum Geitár og Huytär hafe Geitlan[d] kallad og hallded vered J næstu Umlidenn tuttugu är. Í *Jarðabók* Árna og Páls frá árinu 1709 segir að Geitland liggi milli Geitár og Hvítár og

í lögfestu Hannesar Halldórssonar fyrir Reykholt, dagsettri 3. maí sama ár, segir að Geitland sé „midlum Geitár og Hvítár“. Í lögfestu Finns Jónssonar fyrir Reykholt, frá 20. maí 1739, segir að Geitland sé „land allt mille Geitár og Hvítár“. Í vísitaíu fyrir Reykholtskirkju, dagsettri 31. júlí 1827, kemur fram að Geitland sé „land alt milli Geitár og Hvítár“. Þá er merkjum lýst með sama hætti í lögfestu Þorsteins Helgasonar fyrir Reykholtskirkju, dagsettri 27. apríl 1837.

Í lýsingu Jónasar Jónssonar á Reykholts- og Stóraásssóknum frá árinu 1842, sem birtist í *Sýslu- og sóknarlýsingum* fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslur kemur fram að Geitland sé „land allt milli Geitár og Hvítár“. Í þingbók vegna manntalsþings að Sámsstöðum í Hvítársíðu þann 16. maí 1860 kemur fram að Ásmundur Þorsteinsson í Kalmanstungu hafi mótmælt lögfestu fyrir Geitlandi, dagsettri 14. maí 1860, „þannig að Reykholtskyrkja eigi ekki alt land milli Geitár og Hvítár og ekki leingra en að Hafursgili.“ Í tveimur lögfestum Vernharðs Þorkelssonar, prests í Reykholti, báðum dagsettum 24. maí 1860, kemur fram að Geitland sé allt land það er liggja milli Geitár og Hvítár. Í lögfestu Þórarins Kristjánssonar, prests að Reykholti, frá 14. maí 1869, kemur fram að Geitland sé „allt landið millum Hvítár og Geitár ...“.

Í úttekt Reykholtskirkju frá 20. júlí 1872 kemur fram að Geitland sé „land alt milli Hvítár og Geitár, ...“. Í byggingarbréfi séra Þórarins Kristjánssonar til Þorsteins Jakobssonar á Húsafelli fyrir fardagaárið 1868–1869 er Þorsteini byggt Geitland sem sé „land allt milli Hvítár og Geitár.“ Loks kemur fram í lögfestu Þórðar Þórðarsonar Jónassen vegna Reykholts, frá 3. júní 1876, að Geitland sé „land allt millum Geitár og Hvítár.“

Auk landamerkjabréfanna og þeirra eldri heimilda sem hér hafa verið raktar liggja fyrir nokkrar heimildir um merkin sem eru yngri en landamerkjabréfin. Í leigusamningi vegna Geitlands, dagsettum 9. júní 1924, segir eftirfarandi um landamerkin: „Landamerki Geitlands eru „að austan ræður Hafragil, þá lángi Jökull til Geitár, þá Geitá til Hvítár, þá Hvítá til Hafragils.“ Í auglýsingu nr. 283/1988 sem birtist í B-deild stjórnartíðinda vegna friðlýsingar Geitlands, segir að Geitland takmarkist af Hvítá að norðan, Geitá að vestan og Langjökli að sunnan og austan. Ennfremur segir í *Árbók* Ferðafélags Íslands, frá árinu 1988, að Geitland sé landið milli Hvítár og Hafragils að norðan og Geitár að sunnan. Ekki sé glögggt hve langt Geitlandið nái upp með Geitá en í hugum manna sé það til Nyrðra-Hádegisfells og Þjófakróks, enda séu þar hagar þrotnir að mestu. Loks skal þess getið að í örnefnaskrá fyrir Geitland, sem Ari Gíslason skráði, segir að Geitland takmarkist af Geitá að vestan, Þórisjökli að sunnan, Langjökli að austan og Hvítá að norðan. Fram kemur að upplýsingar um nöfnin séu fengnar frá Þorsteini Þorsteinssyni á Húsafelli, Páli bróður hans á Steindórsstöðum og að nokkru eftir prentuðum heimildum, þá fyrst og fremst ritum Kristleifs Þorsteinssonar. Þá liggja fyrir athugasemdir Þorsteins Þorsteinssonar frá Húsafelli við lýsingu Ara í örnefnaskránni. Þar segir að syðsta bunga Langjökuls, séð að vestan, sé nú kölluð Þórisjökull. Þetta muni ekki vera gömul nafngift. Rangt sé

að Geitland nái að þessari jökulbungu. Hún sé öll sunnan Geitár. Ennfremur liggur fyrir örnefnaskrá fyrir Geitland sem Þorsteinn Þorsteinsson skráði. Þar segir:

Geitlandið takmarkast af Geitá að sunnan, Hádegisfellum, Langjökli og Hafursfelli að austan, norður til Hafragils. Frá því sem Hafragil fellur í Hvítá, ræður hún niður að farvegi þeim, sem hún féll í fyrir 1929, og þaðan ræður sá farvegur niður til Hvítár.

[...]

Geitlandið (1) takmarkast af Geitá (2), Syðra-Hádegisfelli (3), Nyrðra-Hádegisfelli (4), Langjökli (5), Hafursfelli (6), Hafragili (7) og Hvítá (8).

Samkvæmt því sem að framan er rakið ber fyrirbyggjandi heimildum um merki Geitlands, sem ná aftur til ársins 1663, saman um að Geitland liggja milli Geitár og Hvítár, þó svo að sumar heimildir frá árinu 1860 og síðar bendi til að merkin hafi legið um Hafragil auk Hvítár og Geitár. Það á við um bæði landamerkjabréfin frá árinu 1898, vitnisburðinn frá árinu 1663, *Jarðabók Árna og Páls* frá árinu 1709, sjö lögfestur frá 18. og 19. öld, vísitasíu frá árinu 1827, lýsingu Jónasar Jónssonar í *Sýslu- og sóknarlýsingum* frá árinu 1842, byggingarbréf frá árinu 1868, úttekt frá árinu 1872, leigusamninginn frá árinu 1924, auglýsingu um friðlýsingu Geitlands frá árinu 1988, *Árbók Ferðafélags Íslands* frá sama ári og örnefnaskrá fyrir Geitland.

Í áður nefndri örnefnaskrá fyrir Geitland er meðal annars fjallað um upptakakvíslir Hvítár, Hafragil og Torfabæli. Þar segir:

Norðan úr Hafrafelli falla margir lækir til Hvítár, heitir það stærsta (svo) **Hafragil** (24) og er önnur aðaluppspretta Hvítár. Norður af Hafrafelli, upp með Hvítá, er gróðurlendi með köflum, sem nefnt er **Torfabæli** (25); þau eru þrjú. Það neðsta þeirra er neðan við Hafragil og heitir **Neðstabæli** (26), svo er austan við gilið **Miðbæli** (27), og **Fremstabæli** (28) liggur að **Flosagili** (29), en það er ein aðaluppspretta Hvítár og kemur úr Flosaskarði.

Norður af Flosagili taka svo við **Hvítárdrög** (30), þar er gróður talsverður og uppsprettur undir **Eiríksjökli** (31).

Á kortum sést einnig að meginupptakakvíslar Hvítár eru tvær, annars vegar sú syðri sem rennur um Hafragil og hins vegar sú sem rennur um Flosagil og norðan Torfabælis. Gagnaðili íslenska ríkisins miðar mörk Geitlands við Hvítá og þá upptakakvísl hennar sem rennur um Hafragil. Þaðan er Hvítá fylgt til vesturs þar til Geitá rennur í hana. Afmörkun hans á merkjum Geitlands til norðurs á sér því stoð í heimildum. Norðan við Hvítá og austan ármóta Hvítár og Geitár er vestast óumdeilt eignarland Kalmanstungu I, þvínæst óumdeilt eignarland Kalmanstungu II og loks svonefnt sameignarland Kalmanstungu I og II, sem fjallað er um í kafla 6.3 í máli þessu. Eins og þar kemur fram ber heimildum saman um að Hvítá ráði suðurmerkjum Kalmanstungu að þessu leyti. Landamerkjabréf Hraunáss, Húsafells og Geitlands frá

árinu 1898 er áritað um samþykki vegna Kalmanstungu og landamerkjabréf Kalmanstungu frá árinu 1897 áritað um samþykki fyrir hönd Reykholtskirkju.

Öllum þeim heimildum sem hér hafa verið raktar ber saman um að Geitá ráði merkjum Geitlands að vestanverðu. Vestan Geitár er að norðanverðu óumdeilt eignarland Húsafells II en að sunnanverðu ágreiningssvæði vegna þeirrar jarðar sem fjallað er um í máli nr. 5/2015 hjá óbyggðanefnd. Í framangreindu landamerkjabréfi fyrir Hraunás, Húsafell og Geitland, sem var þinglýst 7. júní 1898, er því lýst að Geitá ráði austurmerkjum Húsafells „... og svo langt til landsuðurs sem hagar taka, ...“. Er niðurstaða óbyggðanefndar í því máli sú að Geitá ráði merkjum Húsafells II að austanverðu og jafnframt vesturmerkjum Geitlands. Stendur þá aðeins eftir að leysa úr því hversu langt til austurs og suðurs Geitland nái.

Öllum heimildum ber saman um að Geitá og Hvítá ráði merkjum Geitlands en því er ekki lýst hversu langt til suðurs og austurs árnar ráði merkjunum. Að mati óbyggðanefndar verður að miða við að árnar ráði merkjum Geitlands til upptaka sinna. Hvítá á upptök sín í Langjökli og hefur þegar verið leyst úr því að merkin skuli miðast við þá upptakavísl sem rennur um Hafragil. Þá greinist Geitá í nokkrar upptakavíslar sem ýmist eiga upptök sín við jaðar Langjökuls (Geitlandsjökuls) eða Þórisjökuls. Samkvæmt þessu verður því ekki fundin nein stoð í fyrirliggjandi heimildum að Geitland náí upp á vatnaskil á Langjökli eins og gagnaðili íslenska ríkisins byggir á heldur verður að miða við að þau náí að upptökum ána og að jökuljaðrinum sé að öðru leyti fylgt að austanverðu. Krafa gagnaðila íslenska ríkisins um að merki Geitlands og beinn eignarréttur náí upp að vatnaskilum á Langjökli verður því ekki talin eiga sér stoð í heimildum um merki Geitlands. Um eignarréttarlega stöðu Langjökuls er fjallað í heild sinni í kafla 6.6.

Stendur þá einungis eftir að leysa úr því hversu langt til suðurs Geitland nær. Gagnaðili íslenska ríkisins miðar suðurmörk Geitlands við línu sem dregin er svo: „Frá vesturhlíðum Þórisjökuls þar sem mætast landamerki Geitlands og Leirdala (1), austur í hábungu Þórisjökuls (2), þaðan í norðaustur með drögum Geitár í hábungu Geitlandsjökuls (3)“. Af þeim heimildum sem liggja fyrir er það aðeins í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 1988 og örnefnaskránum sem sérstaklega er fjallað um suðurmerki Geitlands. Í *Árbókinni* er rætt um Nyrðra-Hádegisfell og Þjófakrök í því sambandi. Hins vegar segir í örnefnaskrá Ara Gíslasonar að Geitland takmarkist af Þórisjökli að sunnan. Loks kemur fram í örnefnaskrá Þorsteins Þorsteinssonar að Geitland takmarkist af Geitá að sunnan auk þess sem Nyrðra-Hádegisfell og Syðra-Hádegisfell eru nefnd í því sambandi. Þessum heimildum ber því ekki saman um suðurmörk Geitlands, en í því sambandi skal þess getið að um 7 km eru frá toppi Nyrðra-Hádegisfells suður að jaðri Þórisjökuls. Að mati óbyggðanefndar verður vægi örnefnaskrána og frásagnarinnar í *Árbók Ferðafélags Íslands* við sönnun um suðurmörk Geitlands að skoðast í ljósi þess að ekki er um að ræða merkjalýsingar sem hafa nokkra lögformlega þýðingu auk þess sem þeim ber ekki saman. Ræðst því

ákvörðun um suðurmörk Geitlands af því hversu langt til suðurs Geitá verði talin ná, enda ber heimildum saman um að svæðið takmarkist af Geitá.

Sem fyrr segir greinist Geitá í nokkrar kvíslar sem sumar eiga upptök í Langjökli, nánar tiltekið Geitlandsjökli, en aðrar í Þórisjökli. Fyrir liggur minnisblað frá Veðurstofu Íslands um upptök vatnsfalla og vatnsfalla á svæðinu, sem óbyggðanefnd óskaði eftir vegna meðferðar máls þessa. Þar segir um Geitá:

Varðandi meginkvísl Geitár þá má rekja hana, á móti rennslisstefnu, upp frá ármótum Geitár og Hvítar á svo kölluðum Söndum, til suðvesturs við Nyrðra-Hádegisfell og áfram í suðvestur meðfram Syðra-Hádegisfelli. Rétt sunnan við Syðra-Hádegisfell renna saman nokkrar ónefndar kvíslar og mynda áðurnefnda meginkvísl Geitár skv. vatnagrunni VÍ (sjá mynd 2 í viðauka). Út frá þeim gögnum sem VÍ hefur undir höndum ekki mögulegt að ákvarða hver þessara ónefndu upptakakvísla er meginkvísl Geitár „upp í jökul“ eins og beðið er um. Þess skal þó getið að af kvíslunum þremur er sú kvísl sem liggur sunnan Presthúks lengst skv. vatnagrunni VÍ (tæpir 5,7 km) en sú sem kemur úr vötnunum í Kaldadal hefur stærsta vatnasviðið (17 km²).

Þegar litið er til þessa, sem og annarra staðháttanna á svæðinu, verður að mati óbyggðanefndar að líta svo á að ekki hafi verið sýnt fram á að Geitland nái lengra til suðurs en að þeirri upptakakvísl Geitár sem á upptök sín í Langjökli og rennur sunnan Prestahnjúks. Verður því við það miðað hér. Er sú niðurstaða einnig í samræmi við afmörkun íslenska ríkisins á Geitlandi til suðurs. Krafa gagnaðila íslenska ríkisins um beinan eignarrétt á landi lengra til suðurs og allt að hábungu Þórisjökuls verður því ekki talin geta stuðst við heimildir um merki Geitlands en um önnur atriði sem þessi krafa er studd við verður fjallað síðar.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er niðurstaða óbyggðanefndar sú að sá hluti ágreingingsvæðisins sem afmarkast að norðan af Hvítá og Hafragili, að vestan af Geitá, að sunnan af þeirri kvísl Geitár sem rennur sunnan við Prestahnjúk og að austan af jaðri Langjökuls sé innan merkja Geitlands. Sá hluti ágreiningssvæðisins sem liggur sunnan við umrædda upptakakvísl Geitár er aftur á móti utan merkja Geitlands, sem og sá hluti Langjökuls sem gagnaðili íslenska ríkisins gerir kröfu til sem eignarlands. Eftirfarandi umfjöllun um eignarréttarlega stöðu svæðisins tekur mið af þessari þrískiptingu. Hér á eftir verður fjallað um tvo fyrstnefndu hluta svæðisins en fjallað er um eignarréttarlega stöðu Langjökuls í heild sinni í kafla 6.6.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða ágreiningssvæðisins. Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum. Þá

liggur fyrir að landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitásium og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tilteknar undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004. Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“

Land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur á hinn bóginn að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitabýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Jafnframt er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Frá því er greint í *Landnámu* — þar á meðal í *Sturlubók* — að Úlfur, sonur Gríms hins háleyska, hafi numið land „milli Hvítár og suðrjökla“ og búið í Geitlandi. Þá segir frá því að sonur Úlfs hafi verið Hrólfur hinn auðgi, faðir Halldóru, konu Gissurar hvíta. Annar sonur hans hafi verið Hróaldur, faðir Hrólfs hins yngra. Einn af sonum Hrólfs hins yngra hafi verið Sölvi í Geitlandi, faðir Þórðar í Reykholti, föður Sölva, föður Þórðar, föður Magnúsar, föður Þórðar, föður Helgu, móður Guðnýjar, móður Sturlusona. Ennfremur kemur þar fram að einn af sonum Hrólfs hins yngra, Illugi rauði, hafi farið að búa á Hofsstöðum í Reykjadal því Geitlendingar hafi átt að halda þar uppi hofi að helmingi við Tungu-Odd. Sturla Þórðarson, sem talinn er hafa samið *Sturlubók*, var sonur Þórðar, sonar Guðnýjar þeirrar sem hér var getið en Snorri Sturluson var jafnframt einn af sonum hennar. Þá má geta þess að Hofsstaðir standa nokkra kílómetra austan við Reykholt en Reykjardalur er eldra heiti á Reykholtssdal. Ættir fyrstu þekktu íbúa Reykholtts eru jafnframt raktar til Úlfs, landnámsmanns í Geitlandi, í *Harðar sögu og Hólmverja* þó þeirri heimild beri ekki að öllu leyti saman við *Landnámu* um ættliðina þar á milli. Þar er „Hrólfur hinn geitlenski“ sagður vera sonur Úlfs og faðir Sölva, föður Þórðar, föður Magnúsar prests í Reykholti.

Ýmsar fleiri heimildir liggja fyrir um tengsl ættar Geitlendinga við Reykholt. Er þeim t.a.m. gerð skil í riti Lúðvíks Ingvarssonar, *Goðorð og goðorðsmenn*, 2. bindi, frá árinu 1986. Þar segir frá því að Reykhyltingagoðorð hafi á 12. og 13. öld verið vestasta goðorðið í Sunnlendingafjórðungi. Karlleggur sá, sem með goðorðið hafi farið á elleftu öld og fram yfir 1200 hafi búið í Reykholti³³⁰ í Reykjardal hinum nyrðri eða efri, eins og Reykholtsdalur hafi þá verið nefndur. Goðorðið hafi þó ekki verið kennt við Reykhyltinga frá upphafi því bær muni ekki hafa staðið í Reykholti fyrr en seint á tíundu öld eða snemma á hinni elleftu. Um og eftir miðja tíundu öld hafi verið þar sauðahús. Reykholt sé fyrst getið í sambandi við Þórð Sölvason, sem Lúðvík telur að hafi verið fæddur einhvern tímann á árabílinu 1005–1015. Reykhyltingagoðorðs með því nafni hyggi hann að fyrst sé getið í *Sturlu sögu* 1181 en nafnið hafi komið upp löngu fyrr. Verulegar líkur séu á að goðorð næst fyrir sunnan Hvítá hafi í fyrstu verið í eigu tveggja ætta, annars vegar frá Önundi breiðskegg og hins vegar Geitlendinga, afkomenda Úlfs Grímssonar hins háleygska.

Í umræddu riti kemur fram að í *Bandamannasögu* sé Þórður Sölvason kallaður „Þórður prestur í Reykjaholti Sölvason“, og sé það rétt að hann hafi verið prestur muni hann hafa verið einn fyrsti Íslendingurinn sem nam klerklegan lærdóm. Þar sem Sölvi, faðir hans, sé kenndur við Geitland í heimildum, þ.á m. *Landnámu*, en Þórður við Reykholt liggi beint við að álykta að annar hvor þeirra hafi fyrstur gert bæ í Reykholti, en í *Landnámu* segi að þar hafi verið sauðahús nálægt miðri 10. öld. Magnús, prestur í Reykholti, var sonur Þórðar og synir hans þeir Sölvi og Þórður. Segir Lúðvík að Sölvi og Þórður hafi getað erft Reykhyltingagoðorð báðir og átt það saman. Segir höfundur ástæðu til að ætla að Þórður Magnússon hafi gefið Reykholtskirkju stofninn að eignum hennar, sem komi fram í fyrsta hluta Reykholtsmáldaga. Líklegt sé að Sölvi hafi farið með goðorðið eftir að faðir hans dó, þó þess sé hvergi getið. Sölvi muni samkvæmt konungsannál hafa verið veginn árið 1129. Hann hafi átt tvo syni sem báðir hafi orðið prestar, Pál og Ólaf, sem hafi verið ungir þegar faðir þeirra var veginn. Páll hafi verið fæddur um 1110–1120. Þar sem hann hafi ekki verið skilgetinn hafi hann ekki erft hlut í Reykhyltingagoðorði. Líklega hafi hann verið fóstraður hjá Þórði, föðurbróður sínum í Reykholti. Þegar Þórður dó, hafi Páll verið fullþroska og bræðrungr hans, sem goðorðið hafi erft, hafi falið honum meðför þess. Hann hafi einnig tekið við staðfestu í Reykholti og hlotið prestsvígslu fyrir 1143. Þá hafi hann verið í kjöri til biskups árið 1174 ásamt Þorláki Þórhallssyni og Ögmundi Kálfssyni. Páll mun hafa andast árið 1185 og Magnús, sonur hans þá tekið við prestskap og staðarforráðum í Reykholti ásamt goðorðinu. Þá segir Lúðvík að Snorri Sturluson hafi síðar samið við Magnús um að taka við staðarforráðum í Reykholti og Reykhyltingagoðorði. Með því hafi lokið meðför karleggs frá Grími háleygska á goðorðinu. Goðorðið hafi þó ekki verið gengið úr ætt Gríms því Snorri hafi verið kominn af honum „um tvö kvenkné“ og verið tíundi

³³⁰ Í frásögninni notar höfundur nafnið *Reykjaholt*, sem mun vera eldra heiti á Reykholti.

ættliður frá Grími, ef Sölvi er talinn sonur Hrólfs Hróaldssonar, en níundi, ef Sölvi er talinn sonur Hrólfs hins auðga.

Af frásögnum *Landnámu* verður sú ályktun ótvírætt dregin að Geitland hafi verið numið og þar hafi verið búið í kjölfar landnáms, samanber einnig kafla 6.2. Sú byggð mun þó snemma hafa lagst af og er Sölvi Hrólfsson, þriðji ættliður frá landnámsmanninum Úlfi Grímssyni, hinn síðasti af ætt landnámsmannsins sem *Landnáma* greinir frá að búið að hafi í Geitlandi. Sonur hans, Þórður Sölvason, er síðan hinn fyrsti af þeim sem getið er í tengslum við búsetu í Reykholti. Ætla má að búseta hafi lagst af í Geitlandi samhliða því að Geitlendingar reistu sér bæ í Reykholti. Í fyrri úrlausnum óbyggðanefndar hefur verið á því byggt að skýrar frásagnir *Landnámu* hafi sönnunargildi um tilvist beins eignarréttar, samanber einnig kafla 3.1 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka). Í því sambandi þarf þó einnig að gæta að því hvað liggur fyrir um afmörkun og yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem kunnir að hafa stofnast til við landnám, þ.e. hvort samhengi eignarréttar og sögu liggja fyrir. Í því sambandi vísast t.d. til dóms Hæstaréttar frá 14. júní 2007 í máli nr. 22/2007 um Þórsmörk. Hér er einnig til þess að líta að ekki liggja fyrir heimildir um nákvæma afmörkun Geitlands í kjölfar landnáms.

Elsta samtímaheimild sem liggur fyrir um Geitland er máldagi kirkjunnar í Reykholti (Reykjaholti) sem hefur verið talinn vera frá því um 1185³³¹. Þar er „geitland með scoge“ talið upp meðal eigna kirkjunnar. Í máldaganum segir:

Til kirkio ligr i ra7kiaholte heimaland með ollom lands nytiom | þar fylgia kyr tottogo. griþungr tuevetr. XXX. a. oc hundraþ. | þar ligr til fim hluter. Grimsar alrar en þrir huerfa undan. nema | þat es [ec] mun nu telia. þat es hlaupa garþr alr. oc þrir hluter arenar fyr | norþan miþberg. en fiorgongren huerfr fra. þar fylger oc | fiórþongr haorgs hyliar siþan es settungr es af teken oc ostemma | at rauþa vats ose. þar fylgia hestar þrir enge verre an XIII aurar. | þar huerfr oc til selfor i kior með óveþe þeirre es þar fylger at | helfninge oc afretr a hrutafiarþar heþe. oc itoc þau es hun a. i faxa | dal. oc geitland með scoge. Scogr i sandale niþr fra selakkagile umb | scala tofst. gengr mark fyr neþan or steinom þeim es heita klofningar | þeir standa við sandals o. ok þar

³³¹ Í Íslensku fornbréfasafni koma eftirfarandi skýringar fram sem m.a. varða aldur elsta hluta Reykholtsmáldaga: „Máldagi þessi verður prentaðr í safni þessu í heilu lagi við árið 1224, og mun eg þar skýra ítarlegar frá honum, en eg get hér þess að eins, að eptir því sem eg kemst næst þá er hann í þremr köflum, og er sinn kaflinn ritaðr á hverjum tíma. Leiði eg þetta bæði af efni máldagans sjálfs, og af ritshætti þeim sem á honum er, og tel eg fyrsta kaflann ritaðan ekki síðar en á dögum Þorláks biskups, og tek til 1185, það ár sem Páll prestur Sölvason andaðist og Magnús prestur sonur hans tók við. Þeir feðgar voru báðir hinir mestu vinir Þorláks biskups. Annar kaflinn er eflaust ritaðr þegar Snorri Sturluson tók við Reykjaholti af Magnúsi presti (um 1207), og hinn þriði [svo] ekki fyr en 1224 um haustið, þegar Snorri gekk að eiga Hallveigu Ormsdóttur, og Ingibjörg dóttir hans var gipt Gizuri Þorvaldssyni.“ Vegna meðferðar máls þessa aflaði óbyggðanefnd upplýsinga um Reykholtsmáldaga frá Guðvarði Má Gunnlaugssyni, sérfræðingi hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, en hann gaf m.a. Reykholtsmáldaga út hjá Snorrastofu og Reykholtskirkju árið 2000. Í svörum hans kom fram að hann teldi að máldaginn kynni að hafa verið ritaður fyrir, þ.e. einhvern tímann á árunum 1130–1150.

up a fiallsbrun. þar fulger oc scogr | i þuerarliþ at viþa til sels. torfscurþr i steinþors stapa land. Salds | sæþe niþr fort.

Í skýringum sem birtar eru með máldaganum í *Íslensku fornbréfasafni* kemur fram að fyrsti kafli hans sé ritaður ekki síðar en á dögum Þorláks biskups Þórhallssonar. Er árið 1185 sérstaklega nefnt í því sambandi og tekið fram að það sé árið sem Páll prestur Sölvason andaðist og Magnús prestur, sonur hans, tók við.

Í máldaga Reykjaholtskirkju í Borgarfirði (Reykholtskirkju) sem ársættur er árið 1224 kemur m.a. eftirfarandi fram um eignir kirkjunnar:

„ ... þar hverfr oc til sel for j kior með a væiði er þar fylgir at helmingi og | afreit at rutafiardar heiði. oc itok þau er hun a j faxadal. oc geitland með skogi. Skogr j sand dale niðr fra skalsca gile vm skala toft gengr mark fyrir neðan vr steinum þeim er heita klofningar. þeir standa við sand dals a oc þar vpp a fialls brun. þar fylgir oc skogr j þverar lið at við a til sels. torf skurðr j steindors staða land.“

Í máldaga Gyrðis biskups Ívarssonar fyrir Reykholtskirkju frá árinu 1358 er efnisskipan nokkuð frábrugðin máldögnum frá 1185 og 1224 en þar segir m.a. um eignir kirkjunnar:

„ ... ad hun ä heimalannd allt. breidabolzstadi bæda. nordurreyki. häf. hæginndi. kiolvararstadi. hrijs hälf. gejtland allt. med skogi. peturz skog j nordárdal millum stackagils oc klofasteina. selfor j kjorr med skogi. afreit a rutafiardarheidi. torfskurd j steinþorsstada lande. tueggia mänada beit j faxadal. vndir ýtra felli a stronndum halfann vidreka oc þridiung hualreka oc halft landid vr jnnra felli fiordunng hualreka og slijkt j ägoda sem vndir ytra felli. þridiung huortt.“

Vilchinsmáldagi frá árinu 1397 er að miklu leyti samhljóða máldaga Gyrðis biskups um eignir Reykholtskirkju en þar segir meðal annars:

Pieturskirkia j Reykiahollti a Heimaland allt. Breidabolstade bæda.

Nordur reyki. Häf. Hæginde. Kiolvararstadi. Hrijs half. Geitland alltt med skogi. Pietursskog j Nordurardal millum Slakkagils oc Klofa. Selför i Kiör med skoge. Afriett æ Hrutafiardarheidi. torfskurd j Steinþorsstada jord. tueggia manada beit i Faxadal. [...]

Máldagi kirkjunnar í Reykjaholti (Reykholti), sem Magnús biskup Eyjólfsson setti árið 1478 er sömuleiðis að mestu sama efnis að þessu leyti en þar er „Geittlannd allt med skoge“ talið upp meðal eigna kirkjunnar. „Geijtland alltt med skoge“, er ennfremur talið upp meðal eigna kirkjunnar í máldaga Gísla biskups Jónssonar fyrir Reykholtskirkju frá því um 1570.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið liggja fyrir sex máldagar fyrir Reykholtskirkju, allt frá þeim elsta sem talinn hefur verið frá því um 1185 og þar til um 1570, þar sem Geitland er nefnt í upptalningu á eignum og réttindum kirkjunnar. Í elsta máldaganum er talað um „geitland með skoge“, „geitland með skogi“ í

máldaganum frá 1224, „gejtland allt. med skogi“ í máldaga Gyrðis biskups frá árinu 1358 og „Geitland alltt med skogi“ í Vilchinsmáldaga frá 1397. Í máldaga Magnúsar biskups Eyjólfssonar frá árinu 1478 er talað um „Geittlannd allt med skoge“ og „Geijtland alltt med skoge“ í máldaga Gísla biskups Jónssonar frá því um 1570. Þannig er Geitland tilgreint *með skógi* í tveimur elstu máldögum og Geitland *allt* með skógi í þeim fjórum máldögum sem á eftir komu. Það hvort með þessu hafi í reynd verið lýst beinum eða óbeinum eignarréttindum Reykholtskirkju á Geitlandi þarfnast nánari skoðunar.

Við mat á inntaki þeirra réttinda Reykholtskirkju á Geitlandi sem máldagarnir tilgreina er rétt að líta meðal annars til efnisskipunar og inntaks máldaganna að öðru leyti. Í elsta máldaganum, sem talinn hefur verið frá því um 1185, eru eftirfarandi eignarréttindi kirkjunnar meðal þess sem talið er upp: „selfor i kior með óvepe þeirre es þar fylger at | helfninge“, „afretr a hrutafjarþar hepe“ og „Scogr i sandale niþr fra slakkagile“ og „scogr | i þuerarlip at viþa til sels“. Þá er tilgreining umræddra réttinda með sambærilegum hætti í máldaganum frá 1224. Athygli vekur að í þessum elstu fyrirbyggjandi máldögum Reykholtskirkju er getið um *skóg í Sanddal* og Þverárhlið auk þess sem Geitland er tilgreint *með skógi*. Þessi ólíka tilgreining á annars vegar Geitlandi *með skógi* og hins vegar *skógi í Sanddal* og Þverárhlið kann eftir atvikum að benda til að Reykholtskirkja hafi á þessum tíma kallað til frekari réttinda í Geitlandi heldur en einungis skógarins. Einnig er vert að veita því eftirtekt að í umræddum máldögum er Geitlands ekki getið sem afréttar en aftur á móti er getið um afrétt á Hrútafjarðarheiði. Máldagarnir frá 1358, 1397, 1478 og um 1570 eru að mörgu leyti sambærilegir hvað þessi atriði varðar. Í þeim er getið um Geitland *allt með skógi* í stað þess að aðeins sé getið um Geitland *með skógi* eins og í elstu máldögum. Þá er selfararinnar í Kjör getið *með skógi* í umræddum máldögum en skógar aftur á móti ekki getið í tengslum við selförina í þeim tveimur elstu. Ennfremur er getið um *Péturskóg í Norðurárdal* í umræddum fjórum máldögum en ekki *skóg í Sanddal* eins og í tveimur elstu máldögum. Tilgreining á Geitlandi *öllu* með skógi í máldögum frá árinu 1358 og síðar gefur frekara tilefni til að ætla að þar sé verið að lýsa rýmri réttindum heldur en einungis skógarítaki. Þegar til þessara atriða er litið verður það að mati óbyggðanefndar ekki talið mæla gegn beinum eignarrétti á Geitlandi þó skógarins sé getið sérstaklega í umræddum máldögum, með þeim hætti sem gert er. Af einhverjum ástæðum hefur þótt tilefni til að nefna skóginn sérstaklega jafnvel þótt eignarréttur á landinu tilheyrði jafnframt Reykholtskirkju.

Geitlands er einnig getið í tengslum við Reykholtskirkju í yngri heimildum, frá því á 16. og allt fram á 20. öld. Þann 15. maí 1596 var kveðinn upp, að Lundi í Lundarreykjadal, dómur um upprekstur Reykholtskirkju í Geitland, en Böðvar Jónsson, beneficiator í Reykholti, hafði óskað dóms þar um vegna ólöglegs upprekstrar á landið. Í dómnum er talað um „kyrkiunnar land i Reykiahollte. er Geitland heiter“. Féll dómur á þann veg að enginn maður mætti með réttu nýta eða

beita landið nema með leyfi forráðamanns kirkjunnar í Reykholti. Þá er Geitlands getið í vísitasíu Reykholtskirkju frá 30. júlí 1643 en þar kemur fram að kirkjan eigi eftir málögum Vilchins og Gísla Jónssonar Geitland allt með skógi. Í samningi milli séra Halldórs Jónssonar í Reykholti og Sturlureykjamanna um upprekstur í Geitland, dags. 27. október 1666, segir að aðilar séu sammála um að Jóni Jónssyni að Gullberastöðum, af hálfu Sturlureykjamanna, sé heimilt að reka í Geitland, sem þar er kallað „Reykholtskirkjuafrétt“. Þá kemur fram í *Jarðabók* Árna og Páls frá árinu 1708 að kirkjustaðurinn Reykholt eigi „geldfjárupprekstur og afrjett“ á Geitlandi og staðurinn fái afréttartoll af því. Í *Jarðabókinni* er þess einnig getið að Geitlandskot sé „fornt eyðiból“ í Geitlandi. Þar hafi ekki verið byggð „í manna minni, feðra þeirra eður föðurfeðra“ en þar sjáist byggingarmerki af tóftarústum og girðingaleifum. Reykholtstaður eigi landið og brúki þangað upprekstur fyrir lömb og geldfé. Ekki megi þar byggð reisa fyrir vetrarríki og heyskaparleysi.

Í ódagsettri lögfestu sem einnig er talin vera frá árinu 1708 lögfestir Hannes Halldórsson „Reikholtz kyrkiu land edur afriett er Geitland heiter, ... “. Lögfestir hann þar „Geitland allt med skóge, grase, holltum og hædum, og Landsnjtjum óllum þeim er þui lande eigu ad filgia til ydstu ummerkja, ... “, og bannar frekari upprekstur en hóflegt sé á landið. Hannes lögfesti svo Reykholt „... med kyrkjunnar Heimalondum Jordum eignum og Itókum“, þann 3. maí 1709. „Geitland allt med lande og skoge midlum Geitár og Huýtár“, er meðal þess sem hann lögfesti þar.

Í prófastsvísitasíu fyrir Reykholtskirkju frá árinu 1720 er getið um „Jarder og Itók“ kirkjunnar. „Geitland allt“ er meðal þess sem þar er nefnt. Þá er „Geitland allt med Sköge“ nefnt í vísitasíu Reykholtskirkju frá 22. júní 1725. Í úttekt á stað og kirkju í Reykholti þann 9. júní 1732 er vísað til máldaganna og m.a. sagt um eignir kirkjunnar: „Hun ä Geitland allt med Sköge“. Þann 20. maí 1739 lögfesti Finnur Jónsson staðinn Reykholt með eftirskrifuðum Reykholtskirkju „heimalöndúm, utlöndúm, eýgnum og itókum“. Þar lögfestir hann jarðir kirkjunnar í sjö töluliðum og þar segir m.a.: „6° Lögfeste eg Geitland eign Reykhollts kirkiu, sem er land allt mille Geitár og Hvítár.“ Í vísitasíu Reykholtskirkju frá 12. ágúst 1751 er fjallað um eignir kirkjunnar og m.a. segir: „Geitland allt med Sköge“. Hið sama kemur fram í vísitasíum kirkjunnar frá 7. september 1759, 12. júní 1781 og 31. júlí 1827. Þá segir í úttekt Reykholtskirkju frá 6. júní 1783 að kirkjan eigi Geitland.

Þann 18. maí 1837 lögfesti Þorsteinn Helgason, sóknarprestur í Reykholti, staðinn Reykholt með kirkjunnar „heimalöndúm, kirkjujörðum, útlöndum, eignum, ítökum og landsnytjum.“ Þar lögfesti hann jarðir kirkjunnar í átta fyrstu töluliðunum. Í 7. tölulið lögfestunnar segir: „Lögfesti eg Geitland innan sömu herada, eign Reykholtskyrkju, er það land allt millum Geitár og Hvítár.“ Í 9. tölulið eru síðan lögfest „eptirfylgiandi útlönd eignir og itök kyrkjunnar í Reikholti“. Í sóknarlýsingu séra Jónasar Jónssonar í Reykholti frá árinu 1842, sem birtist í ritinu *Sýslu- og sóknarlýsingar* fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslur er fjallað um jarðir og ítök

Reykholtskirkju. Þar segir meðal annars: „Eftir Vilchins og Gísla biskups Jónssonar máldögum samt ærið gömlum máldaga á membrana (nm.: hér átt við Reykholtsmáldaga) á Reykholtskirkja þessi ítök: Geitland allt með skógi sem er land allt milli Hvítár og Geitár, ... “. Hlunnindi Reykholts eru talin upp í *Jarðatali* Johnsens frá 1847 og „Geitland allt með skógi“ nefnt þar á meðal.

Á manntalsþingi á Sámstöðum þann 16. maí 1860 var lesin upp lögfesta Vernharðs Þorleifssonar, prests í Reykholti, fyrir Geitlandi. Fram komu mótmæli af hálfu bóndans í Kalmanstungu, sem voru á þann veg að Reykholtskirkja ætti ekki allt land milli Geitár og Hvítár og ekki lengra en að Hafursgili. Þann 24. maí 1860 lögfesti hann svo „land og ítak Reykholtskirkju“, þ.á m. Geitland. Í lögfestunni segir meðal annars: „Jeg undirskrifaðr prestur að Reykholti lögfesti hjer í dag land og ítak Reykholtskirkju. 1° Land hennar Geitland kallað, sem er allt land það er liggur milli Geitár og Hvítár. Lögfesti eg eingjar, beithaga, skóg, hrís, einir, fjallagrös og allan jarðargróða. 2° Ítak hennar, fimm hluti allrar Grímsár, ... “. Í annarri lögfestu sem dagsett er þennan sama dag kemur fram að Vernharður lögfesti „land Reykholtskirkju, Geitland kallað, sem er alt land það er liggur milli Geitár og Hvítár; ... “. Þá segir að hann lögfesti engjar, beithaga, skóg, hrís, eini, fjallagrös og allan jarðargróða, hverju nafni sem nefnist og fyrirbjóði öllum að yrkja eða hagnýta sér „þetta kyrkjunnar land“ nema leyfi hans komi til.

Þann 14. maí 1869 útbjó Þórarinn Kristjánsson, prestur í Reykholti, lögfestu fyrir Geitland og jarðirnar Húsafell og Hraunsás. Fram kemur að hann lögfesti þessar eignir: „Geitland, og jarðirnar Húsafell og Hraunsás með öllum réttindum, gögnum og gæðum, sem fylgt hafa og fylgja eiga með réttu, ... “. Þann 20. júlí 1872 fór fram úttekt á stað og kirkju í Reykholti. Í úttektinni eru ítök kirkjunnar talin upp og Geitland þar á meðal. Í lögfestu Þórðar Þórðarsonar Jónassen fyrir Reykholti, dagsettri 3. júní 1876, kemur fram að hann lögfesti Reykholt með kirkjunnar „heimalöndum, kirkjujörðum, útlöndum, eignum, ítökum og landsnytjium“. Meðal annars segir: „7. Lögfesti eg Geitland í sama héraði eign Reykjholtskirkju er það land allt millum Geitár og Hvítár.“ Í 8. tölulíð er tilgreind jörðin Hríis í Flókadal og í þeim níunda „eptirfylgjandi útlönd, eignir og ítök kirkjunnar“, þ.á m. beitarréttur í Faxadal, Sauðatungur og Þóreyjartungur.

Í landamerkjabréfi Reykholts, dagsettu 12. mars 1898 og þinglesnu 8. júní sama ár er merkjum Reykholts með Háfslandi, Breiðabólsstað, Grímsstað og norður-Reykjum, lýst með heildstæðum hætti og án aðgreiningar. Svo segir að Reykholtskirkja eigi „eftir máldögum og öðrum skilríkjum þessi útlönd og ítök“ og er „Geitland allt“ nefnt þar á meðal. Þá liggur fyrir landamerkjabréf fyrir Hraunás, Húsafell og Geitland sem byggt var á lögfestum, ódagsett en þinglýst 7. júní 1898. Þar er lýst merkjum Geitlands og getið um veiðiítök Húsafells.

Þann 23. maí 1908 fór fram úttekt á stað og kirkju í Reykholti. Í úttektinni er „Geitland alt með skógi“ nefnt meðal ítaka kirkjunnar en tekið fram að skógurinn sé

eyddur. Árið 1919 óskaði Geir Pétursson á Vilmundarstöðum eftir því við Stjórnarráðið að fá „útlenduna“³³² Geitland í Hálsahreppi keypta. Þá liggur fyrir leigusamningur um Geitland, dagsettur 9. júní 1924, þar sem Geitland er einnig nefnt útlenda. Fyrir liggur bréf, dagsett 5. maí 1925, þar sem hreppsnefnd Hálsahrepps fór þess á leit við Stjórnarráð Íslands að fá Geitland keypt og vísaði í því sambandi til lagaákvæðis um forkaupsrétt á jörðum. Helstu ástæður fyrir kaupunum eru sagðar fjárleitir á svæðinu og kostnaður við refaveiði. Í bréfinu er Geitland sagt vera „afréttarland Reykholtskirkju“. Loks liggur fyrir afsal, dagsett 27. maí 1926, þar sem Hálsahreppur keypti Geitland af kirkjujarðasjóði. Er Geitland nefnt „afrjettarland“ í afsalinu.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið liggja fyrir heimildir allt frá 12. öld og fram á þá 20. um réttindi Reykholtskirkju yfir Geitlandi. Þá liggja einnig fyrir heimildir um að afkomendur Úlfs, landnámsmanns í Geitlandi, hafi búið í Reykholti. Hafa verið leiddar að því líkur að ætt Geitlendinga hafi flutt bæ sinn að Reykholti strax á 10. eða 11. öld og kirkja verið reist þar skömmu síðar. Telja verður líklegt að eignarréttarlegt tilkall Reykholtskirkju til Geitlands sé til komið vegna þessara tengsla Geitlendinga við Reykholt. Hefur raunar verið varpað fram tilgátum um að eigendur Geitlands hafi við stofnun Reykholtskirkju lagt henni til sem stofnfé þær eignir sem elstu máldagarnir greina frá en Geitland er þar á meðal. Hvað sem öðru líður verður að telja nægilega í ljós leitt að Reykholtskirkja hafi upphaflega leitt rétt sinn til Geitlands frá afkomendum Úlfs Grímssonar, landnámsmanns, sem fjallað er um hér að framan. Við mat á eignarréttarlegri stöðu Geitlands í máli þessu skiptir meginmáli hvert var inntak þeirra réttinda sem þannig færðust frá ætt Geitlendinga til Reykholtskirkju, nánar tiltekið hvort sá beini eignarréttur sem stofnaðist yfir Geitlandi við landnám, og tilheyrði afkomendum Úlfs landnámsmanns, færðist áfram til kirkjunnar eða einungis önnur og takmarkaðri réttindi.

Sumar af þeim heimildum sem að framan hafa verið raktar eru þess eðlis að væru þær skoðaðar einar og sér mætti eftir atvikum draga þá ályktun að réttur Reykholtskirkju yfir Geitlandi hafi falist í takmörkuðum eignarrétti, svo sem upprekstrarétti eða ítaki. Á það t.a.m. við um samning milli séra Halldórs Jónssonar í Reykholti og Sturlureykjamanna um upprekstur í Geitland, dags. 27. október 1666, en þar er talað um Geitland sem „Reykholtskirkjuafrétt“. Í frásögn *Jarðabókar* Árna og Páls frá 1708 er getið um að kirkjustaðurinn Reykholt eigi „geldfjárupprekstur og afrjett“ á Geitlandi og staðurinn fái afréttartoll af því. Í *Jarðabókinni* er þess sömuleiðis getið í umfjöllun um aðrar jarðir að þær eigi upprekstur á Geitland. Þá er í

³³² Eins og fram kemur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka) er eftirfarandi skilgreiningu á útlendu að finna í 4. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Mýrasýslu nr. 88/1892: „b. Útlenda kallast hér sá hluti af heimalandi jarðar, er liggur út frá búfjárhögum hennar á eina hlið eða fleiri, og verður sökum fjarlægðar eða afstöðu eigi varinn almennings fé, eða notaður stórum meir til sumardeitar af ábúanda þeirrar jarðar en mörgum öðrum. Þetta á aðeins við um landmiklar jarðir, er liggja við afrétt.“ Þá er útlenda skilgreind með eftirfarandi hætti í ritinu *Íslensk orðabók*, Eddu útgáfu, frá 2002: „1 hjálenda 2 sá hluti af heimalandi jarðar sem liggur fjær bæ en búfjárhagar hennar“.

lögfestu Hannesar Halldórssonar frá árinu 1708 talað um „Reikholltz kyrkiu land edur afriett er Geitland heiter, ...“, sem kann að benda til að höfundur hafi ekki verið ljóst hvort um var að ræða beinan eignarrétt á landi eða einungis afréttareign. Ennfremur er Geitlands getið meðal ítaka í sóknarlýsingu séra Jónasar Jónssonar í Reykholti frá árinu 1842, sem birtist í ritinu *Sýslu- og sóknarlýsingar* fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslur og sömuleiðis í úttektum á stað og kirkju í Reykholti 20. júlí 1872 og 23. maí 1908. Þá er Geitlands getið meðal „útlanda og ítaka“ í landamerkjabréfi Reykhólts, dagsettu 12. mars 1898. Ennfremur er Geitland nefnt „afréttarland“ í bréfi dagsettu 5. maí 1925, þar sem Hálsahreppur óskaði eftir kaupum á Geitlandi, og jafnframt í afsalinu til hreppsins, dagsettu 27. maí 1926. Þá kemur fram í ritinu *Göngur og réttir*, frá árinu 1948, að Geitland hafi um aldir verið notað fyrir afrétt Borgfirðinga, sunnan Hvítár. Þeir hafi réttað þar fé sínu við Trússárbotna, og standi rétt sú að nokkru leyti enn sem minjar frá liðnum öldum og nefnist hún Trússárbotnarétt. Loks skal þess getið í þessu sambandi að í ritinu *Úr byggðum Borgarfjarðar* eftir Þórð Kristleifsson kemur fram að Kalmanstungubændur hafi „frá ómunatíð“ beitt sauðfé sínu í Geitland á veturnum.

Á hinn bóginn verður ekki framhjá því litið að skýrar frásagnir *Landnámu* af landnámi Geitlands og heimildir um tengsl Reykholtskirkju við þá aðila sem fóru með þann beina eignarrétt sem þannig stofnaðist eru til þess fallnar að auka líkur á að sá réttur yfir Geitlandi sem færðist frá Geitlendingum til Reykholtskirkju hafi verið beinn eignarréttur fremur en óbeinn. Því til frekari áréttingar skal nefnt að ekkert liggur fyrir sem bendir til þess að afkomendur landnámsmannsins hafi afsalað beina eignarréttinum til þriðja aðila áður en Geitland var afhent Reykholtskirkju. Þá liggja fyrir ýmsar aðrar heimildir sem fremur benda til að réttur Reykholtskirkju yfir Geitlandi hafi falist í beinum eignarrétti. Áður var gerð grein fyrir því mati óbyggðanefndar á máldögum Reykholtskirkju, sem eru frá tímabilinu frá 12. til 16. aldar, að efnisskipan þeirra og orðalag bendi fremur til þess að þar sé lýst rýmri rétti heldur en einungis skógarítaki og að tilgreining skógarins í máldögunum verði ekki talin mæla gegn því að þar sé lýst beinum eignarrétti. Þá er tilgreining Geitlands í þeim vísitasíum Reykholtskirkju sem liggja fyrir frá 18. öld sambærileg máldögunum að þessu leyti, þar sem jafnan er rætt um *Geitland allt með skógi*. Í dóminum frá 15. maí 1596 um upprekstur á Geitland er talað um „kyrkiunnar land i Reykiahollte. er Geitland heiter“ og féll dómur á þann veg að enginn maður mætti með réttu *nýta eða beita* landið nema með leyfi forráðamanns kirkjunnar í Reykholti. Þá verður frásögn *Jarðabókar* Árna og Páls um að Reykholtstaður *eigi landið* fremur túlkuð á þann veg að um beinan eignarrétt á landinu hafi verið að ræða. Í lögfestunni frá 3. maí 1709 er lögfest „Geitland allt med lande og skoge“ og þess getið í lögfestunni frá 20. maí 1739 að Geitland sé *land allt* milli Geitár og Hvítár. Þá er efnisskipan lögfestu Þorsteins Helgasonar, sóknarprests að Reykholti, frá 18. maí 1837, til þess fallin að styðja þá túlkun að inntak réttinda Reykholtskirkju yfir Geitlandi hafi falist í beinum

eignarrétti fremur en að um ítak hafi verið að ræða, þar sem Geitlands er þar getið áður en kemur að upptalningu ítaka kirkjunnar. Einnig er greint á milli lands og ítaka í lögfestu Vernharðs Þorleifssonar frá 24. maí 1860 þar sem hann lögfestir „land og ítak“ Reykholtskirkju og tilgreinir Geitland sem land en ekki ítak. Hið sama má segja um lögfestu Þórðar Þórðarsonar Jónassen fyrir Reykholti, dagsetta 3. júní 1876. Þá skal á það bent í þessu sambandi að þau mótmæli sem fram komu gegn lögfestu Vernharðs Þorleifssonar frá 16. maí 1860 vörðuðu landamerki Geitlands en ekki inntak réttinda kirkjunnar þar.

Sem fyrr segir var Geitland landnámsjörð samkvæmt *Landnámu* en byggð mun þó snemma hafa lagst af í Geitlandi, mögulega strax á 10. eða 11. öld. Þá er greint frá hinu forna eyðibóli Geitlandskoti í *Jarðabók* Árna og Páls frá árinu 1708 en óljóst er hvenær og hversu lengi sú byggð stóð yfir. Svo sem fyrr segir geta heimildir um legu jarða til forna gefið mikilvægar vísbendingar um að landsvæði hafi upphaflega haft stöðu jarðar en síðar verið nýtt sem afrétt(ur). Meta þarf þá hvort breyting hafi orðið á eignarréttarlegri stöðu landsins, svo sem hvort eignarréttur hafi verið gefinn upp eða glatast, eða hvort eigendur hafi einungis breytt nýtingu landsins. Eins og hér háttar til verður að telja nægilega sýnt fram á að sá beini eignarréttur sem stofnaðist yfir Geitlandi við landnám hafi yfirfærst til Reykholtskirkju og þaðan til Hálsahrepps, sem gagnaðili íslenska ríkisins í máli þessu leiðir rétt sinn frá. Samhengi eignarréttar og sögu Geitlands liggur því nægilega vel fyrir að mati óbyggðanefndar þó byggð þar hafi snemma lagst af og nýting landsins breyst.

Að því virtu sem að framan er rakið telur óbyggðanefnd nægilega fram komið að Geitland hafi upphaflega verið jörð og snemma komist í eigu Reykholtskirkju. Nægjanlega er því í ljós leitt að Reykholtskirkja og síðar Hálsahreppur, sem gagnaðili íslenska ríkisins leiðir rétt sinn frá, hafi átt þar bein eignarréttindi fremur en óbeinan eignarrétt. Heimildir um afrétt vísa því fremur til notkunar viðkomandi landsvæðis en þess að beinn eignarréttur hafi annað hvort ekki stofnast eða fallið niður. Land þetta virðist ekki hafa staðið öðrum en Reykholtskirkju til afnota án leyfis á meðan kirkjan kallaði til réttar yfir landinu. Ekki verður séð að þar hafi komið fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem máli skipti, heldur virðist meðferð svæðisins að mestu hafa verið ágreiningslaus. Enda þótt nýting svæðisins hafi eðli málsins samkvæmt verið takmarkaðri eftir að búskap var hætt í Geitlandi leiðir það eitt og sér ekki til þess að eignarréttur að landinu hafi fallið niður eða tekið breytingum. Nýting þess hefur verið eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan marka Geitlands, eins og þau eru skilgreind hér að framan, sé þjóðlenda, í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari

með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.³³³ Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Næst verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess hluta ágreiningssvæðisins sem samkvæmt framansögðu liggur utan marka Geitlands, eins og þau eru skilgreind hér að framan. Um er að ræða svæði sem afmarkast í meginatriðum að norðanverðu af þeirri upptakavísl Geitár sem rennur sunnan Prestahnjúks, að norðaustan af jaðri Geitlandsjökuls, að suðaustan af línu sem dregin er milli hábungu Þórisjökuls og Geitlandsjökuls, að sunnan af línu sem dregin er milli hábungu Þórisjökuls og vesturhlíða jökulsins og að vestan af Kaldadal.

Hvað sem líður frásögn *Landnámu* af námi Úlfs Grímssonar á landi „milli Hvítár og suðrjökla“ verður sú ályktun ekki dregin með óyggjandi hætti að landnám hans hafi náð til þessa svæðis. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af frásögnum *Landnámu* dregnar um það. Ályktun um nám þess verður heldur ekki studd við aðrar heimildir. Staðhættir og fjarlægðir mæla því þó í mót að mati óbyggðanefndar að landnám hafi tekið til þessa hluta ágreiningssvæðisins. Þó ber að gera þann fyrirvara að óvissa um aðferðir við landnám og umfang þess hverju sinni er það mikil að ekki verður fullyrt með afdráttarlausum hætti um nákvæma stærð þeirra, samanber umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Eins og að framan er rakið er niðurstaða óbyggðanefnar sú að heimildir styðji ekki að land Geitlands hafi náð eins langt til suðurs og byggt er á af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins. Verður krafa hans um beinan eignarrétt á því svæði sem hér er sérstaklega til skoðunar því ekki talin eiga sér stoð í heimildum um merki Geitlands. Verður því að líta til þess hvort fyrir hendi séu önnur atriði sem stutt geti kröfu um beinan eignarrétt á svæðinu.

Takmarkaðra heimilda nýtur við um nýtingu svæðisins sem hér um ræðir og verður ekki ráðið af þeim að það hafi talist til leitarsvæða. Mörkum leitarsvæðis Rauðagilsréttar er lýst svo í 50. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Borgarfjarðarsýslu, nr. 80/1896: „... að sunnan Geitlandsjökull, þá norðanvert við Kaldadal í Okjökul, ...“. Suðurmörkum leitarsvæðisins er lýst efnislega með sama hætti í 86. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Borgarfjarðarsýslu nr. 87/1914 og 24. gr. fjallskilareglugerðar fyrir sýsluna dagsettri 9. ágúst 1920. Þá kemur fram í fjallskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu, nr. 174/1952 að Langjökull ráði mörkum leitarsvæðis Rauðagilsréttar að austan en Ok og Flókadalsá að sunnan. Í síðari fjallskilasamþykktum er Geitlands gjarnan getið sem afréttar og tekið fram að um sé að ræða svæðið milli Geitár og Hvítár. Þá er ekki að finna í ritinu *Göngur og réttir* heimildir um að svæði þetta hafi verið leitað eða verið í afréttarnotum.

³³³ Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Svæðið sem hér um ræðir er hálent, gróðursnautt fjarri byggð og að því liggja þjóðlendur til allra átta nema norðurs, sé litið heildstætt á niðurstöður óbyggðanefndar í máli þessu, máli nr. 5/2014 og máli nr. 2/2000 hjá óbyggðanefnd. Óbyggðanefnd telur að þær heimildir sem raktar hafa verið bendi ekki til þess að svæðið hafi nokkru sinni verið nýtt að staðaldri sem sumarbeutiland fyrir búfé eða með öðrum hætti. Þá mæla staðhættir og gróðurfar á svæðinu að mati óbyggðanefndar gegn því að það hafi verið nýtanlegt til beitar. Gagnaðili íslenska ríkisins hefur ekki fært fram gögn sem styðja að hann eigi bein eða óbein eignarréttindi á svæðinu og vandséð er á hvaða forsendum slíkar kröfur gætu byggst, að fenginni framangreindri niðurstöðu um að svæðið liggi utan marka Geitlands. Í því sambandi skal þess getið að ekkert er komið fram í málinu um að umráðum eða afnotum landsins hafi nokkru sinni eftir eftir gildistöku hefðarlaga nr. 46/1905 verið háttað þannig að þau gætu talist hafa fullnægt kröfum 2. gr. laganna um óslitið eignarhald á fasteign eða 8. gr. um hefðun óbeinna eignarréttinda. Að öllu þessu virtu telur óbyggðanefnd að á umræddu landsvæði sunnan Geitlands hafi ekki stofnast til beins eða óbeins eignarréttar fyrir nám, löggerninga, hefð eða með öðrum hætti.

Hvað varðar afmörkun þjóðlendunnar að vestanverðu skal þess getið að vestan við hana er að sunnanverðu svæði sem óbyggðanefnd hefur komist að niðurstöðu um í máli 5/2014 að sé jafnframt þjóðlenda, sem ekki er háð óbeinum eignarréttindum annarra en íslenska ríkisins. Að teknu tilliti til þessa, og þar sem ekki liggja fyrir heimildir sem taki sérstaklega til merkja milli þessara tveggja svæða, er að mati óbyggðanefndar fullnægjandi að draga línuna milli þessara svæða að álitum. Í málinu liggja fyrir gögn frá Veðurstofu Íslands sem sýna legu vatnaskila vestan þeirrar upptakakvíslar Geitár sem rennur um Kaldadal. Verður hér miðað við þau vatnaskil við ákvörðun merkja milli þessara þjóðlendna. Þegar komið er að norðar í Kaldadal ráða þessi sömu vatnaskil svo merkjum eignarlands Húsafells II gagnvart þjóðlendu, samkvæmt niðurstöðu óbyggðanefndar í máli nr. 5/2014.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að umrætt *landsvæði sunnan Geitlands*, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Upphafspunktur er í Geitá á þeim stað u.þ.b. á miðjum Kaldadal þar sem sú kvísl árinna sem rennur sunnan við Prestahnjúk fer að renna til norðurs. Þaðan er umræddri kvísl fylgt suður fyrir Prestahnjúk og að jaðri Geitlandsjökuls. Þaðan er farið til suðausturs eftir jökuljaðri Geitlandsjökuls að sveitarfélaga- og sýslumörkum Borgarfjarðar- og Árnessýslna. Þaðan er sveitarfélagamörkunum fylgt í hábungu Þórisjökuls. Þaðan er dregin bein lína til vesturs í vörðu í vesturhlíðum Þórisjökuls. Frá þeim stað er línun dregin um Kaldadal og vatnaskil vestan þeirrar upptakakvíslar Geitár sem rennur um Kaldadal þar til

komið er að upphafspunkti, þar sem sú kvísl árinna sem rennur sunnan við Prestahnjúk fer að renna til norðurs.

6.6 Langjökull

6.6.1 Inngangur

Hér verður tekin afstaða til eignarréttarlegrar stöðu Langjökuls, sem er allur til umfjöllunar er í máli þessu, samanber kafla 2.2 hér að framan. Kröfugerð íslenska ríkisins felur í sér að umrætt jökulsvæði sé þjóðlenda, samanber kafla 3.1.3. Kröfur Sjálfseignarstofnunar um Arnarvatnsheiði og Geitland og eigenda Kalmanstungu I og II taka til norðvesturhluta jökulsins upp að vatnaskilum, eins og kröfur hvors aðila um sig eru nánar afmarkaðar en þeim er lýst í köflum 3.3, 3.5 og 3.6. Þá taka kröfur Bláskógabyggðar til suðausturhluta jökulsins að vatnaskilum, samanber kafla 3.2. Samkvæmt stafrænum gögnum um stærð jökla á Íslandi, sem unnin voru fyrir óbyggðanefnd, var stærð Langjökuls 921,6 km² árið 1998.³³⁴ Þá er jökullinn um 50 km langur frá norðaustri til suðvesturs.

6.6.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að þess muni hvergi vera getið í landnámslýsingum að menn hafi numið jökla til eignar eða afnota. Hafi eignarréttarleg staða jökla ekki sérstaklega verið til umfjöllunar í íslenskri lögfræði. Litið hafi verið svo á að jöklar séu dæmi um óbyggð svæði sem enginn hafi nýtt af, eða landalmenninga samkvæmt síðari tíma flokkun. Jöklar teljist almennt til svæða utan eignarlanda. Í þessu sambandi er vísað til almennra athugasemda með frumvarpi til þjóðlendulaga og kafla 4.6 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Eins og áður er getið gera annars vegar Sjálfseignarstofnun um Arnarvatnsheiði og Geitland og hins vegar eigendur Kalmanstungu I og II kröfur um eignarrétt á afmörkuðum hlutum norðvestanverðs Langjökuls að vatnaskilum ásamt því að sjálfseignarstofnunin gerir kröfur til Arnarvatnsheiðar og Geitlands en eigendur Kalmanstungu I og II til sameignarlandsins. Byggja umræddir gagnaðilar íslenska ríkisins á því að þeir hlutar Langjökuls sem kröfur þeirra taka til teljist vera innan merkja umræddra landsvæða og þau nái að vatnaskilum á jöklinum. Eins og fram kemur í köflum 6.3.2 og 6.5.2 byggja þeir meðal annars á því að svæðin hafi verið numin í öndverðu sem fullkomin eignarlönd og þá innan þeirra merkja sem lýst hefur verið fyrir óbyggðanefnd. Farið hafi verið með svæðin sem fullkomin eignarlönd innan þeirra merkja. Þá hafi eignarréttur á þeim færst manna á milli með eðlilegum hætti allt til núverandi eigenda.

³³⁴ Upplýsingar um útbreiðslu jökla við gildistöku þjóðlendulaga nr. 58/1998 voru unnar af sérfræðingi á Veðurstofu Íslands fyrir óbyggðanefnd.

Um nánari afmörkun gagnvart jöklum vísar Sjálfseignarstofnun um Arnarvatnsheiði og Geitland, gagnaðili íslenska ríkisins vegna Arnarvatnsheiðar og Geitlands, til þess að eignarlandið Geitland nái upp að hábungu jöklanna tveggja, Langjökuls og Geitlandsjökuls. Jafnvel þótt jökulsvæði séu oft á tíðum nefnd sem dæmi um óbyggð svæði þar sem litlar eru nytjar, þá hafa fræðimenn gert skýran fyrirvara um að jöklar geti vel verið undirorpnir beinum eignarrétti. Gagnaðili íslenska ríkisins vísar í þessum efnun m.a. til dóms Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 536/2006 (Hvítmaga) þar sem merki eignarlanda hafi verið talin vera í Mýrdalsjökli. Þannig hafi ýmis jökulsvæði verið talin í einkaeigu en sem dæmi megi nefna Sauðhamarstind í Stafafellsfjöllum, Kerlingu í Eyjafirði, Snjófjöll í Vopnafirði auk Stórhöfða og Hvítmögu í Mýrdal. Útiloki staðhættir og gróðurleysi landsvæðis jökla því ekki að jöklar teljist háðir beinum eignarrétti. Þá segi beinlínis í almennum athugasemdum við frumvarp til þjóðlendulaga nr. 58/1998 að eingöngu jöklar, sem ekki teljist innan eignarlanda, falli undir flokk þjóðlendna. Kröfu íslenska ríkisins um að jökulsvæði það sem tilheyri eignarlandi Geitlands samkvæmt kröfulýsingu, verði úrskurðað þjóðlenda sé því harðlega mótmælt. Hvað varðar sjónarmið umræddra gagnaðila íslenska ríkisins vísast að öðru leyti til þess sem rakið er í köflum 6.3.2 og 6.5.2 hér að framan.

Sveitarfélagið Bláskógabyggð krefst þess aðallega að við meðferð óbyggðanefndar á framkominni þjóðlendukröfu fjármálaráðherra, f.h. íslenska ríkisins, að því er varðar Langjökul, verði gætt að hagsmunum sveitarfélagsins að því er sveitarfélagamörk varðar. Þá er þess krafist að viðurkennt verði að landamerki lands á jökli innan marka sveitarfélagsins Bláskógabyggðar verði ákvörðuð í samræmi við heimildir um vatnaskil, framlagðar landamerkjaskrár aðliggjandi eigna, hefð og venju, samanber sameiginlegt kröfulínukort. Er þess jafnframt krafist af hálfu sveitarfélagsins að viðurkenndur verði afnotaréttur þess á svæðinu. Í þeim afnotarétti felist öll venjubundin afréttarnot, að fornu og nýju, sem og þau sem möguleg séu eða síðar verði ef land kemur undan jökli.

Af hálfu Bláskógabyggðar er á því byggt að umræddur hluti Langjökuls sé innan marka upphafslegs landnáms í Biskupstungum. Jökullinn hafi verið mun minni við landnám. Hann hafi stækkað á kuldaskiði síðustu alda en hafi nú hopað verulega á ný. Svæðið sem komi undan jökli sé fljótt að gróa og fénaður sé sólginn í nýgræðinginn þar. Vísað er til heimildarskjala, fornra og nýrra, sem sýni ótvírætt að Biskupstungnamenn hafa nýtt land á Biskupstungaafretti, er nú tilheyri Bláskógabyggð, að jökulrönd á hverjum tíma. Þá liggja fyrir ýmis eldri gögn til stuðnings merkjalýsingu á jökli, en miðað hafi verið við vatnaskilalínu frá því fyrst var farið að gera kort af merkjum sveitarfélagsins.

Á því er byggt að um sé að ræða land sveitarfélagsins frá öndverðu, og styðji fornar merkjalýsingar það. Jökulfannir hafi víða verið taldar í einkaeigu, þó hálendar séu. Megi þar m.a. nefna Kerlingu í Eyjafirði, (1550 m) Sauðhamarstind í

Stafafellsfjöllum (1390 m) og Snjófjöll í Vopnafirði (1200 m) auk Stórhöfða og Hvítmögu í Mýrdal. Staðhættir og gróðurfar útiloki því ekki þá niðurstöðu að land undir jökli sé háð afnotarétti sveitarfélagsins eins og annað afréttarland á Kili. Engin rök hnígi að þeirri niðurstöðu að kröfusvæðið verði allt talið án afnotaréttar.

Við meðferð málsins þurfi að gæta að afmörkun svæðisins, en miðað hafi verið við það um áratuga skeið að sveitarfélagamörk á Langjökli séu um vatnaskil. Ítreka beri hve geysi verðmæt fjallbeitin sé. Land sem komi undan jökli verði fljótt gott beutiland. Í ljósi framangreinds er því haldið fram að umþrætt land sé allt afnotaland sveitarfélagsins, eftir því sem jökulrönd hreyfist, og styðjist það einnig við hefð og venju.

Vísað er til þess að um málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd gildi ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Samkvæmt meðalhófsreglu stjórnarsýsluréttar sem lögfest hafi verið með 12. gr. stjórnarsýslulaga, beri ríkisvaldinu ætíð að hafa meðalhóf að leiðarljósi í samskiptum sínum við borgarana.

Afnotaréttarkröfu sína styður sveitarfélagið við það fordæmi sem óbyggðanefnd og dómstólar hafi sett í málum um landsvæði sem hafi verið nýtt af jarðeigendum eða sveitarfélögum í heild, en þó ekki með þeim hætti að þau teljist undirorpin beinum eignarrétti þeirra. Í þeim tilfellum hafi almennt verið talið að landsvæðin hafa verið talin til afréttareignar hlutaðeigandi jarðeigenda eða sveitarfélaga, ef þeir hafi nýtt löndin til beitar. Eðli máls samkvæmt nái afnotaréttarkrafan einnig til þess lands sem komi undan jökli, að því marki sem það verði nýtanlegt sem beutiland.

Um lagarök vísar Bláskógabyggð til meginreglna eignarréttar og stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, sérstaklega 72. gr. og 65. gr. Einnig er vísað til mannréttindasáttmála Evrópu einkum 2. og 6. gr. og 1. gr. 1. samningsviðauka við hann. Þá er vísað til landamerkjálaga nr. 41/1919, laga nr. 46/1905 um hefð og laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001. Vísað er til venjuréttar og til almennra reglna samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga.

Jafnframt er vísað til rannsóknarreglu, jafnræðisreglu og meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og minnt á reglu laganna um álitsumleitan. Vísað er til þinglýsingarlaga nr. 39/1978, einkum 25. og 27. gr. Þá er vísað til laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986. Ennfremur er vísað til laga nr. 58/1998 þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, einkum 1.gr., 5.gr., 15 .gr., 17.gr., 11. gr. og 2. mgr. 12. gr.

6.6.3 Niðurstaða

Eins og að framan er rakið tekur aðalkrafa Bláskógabyggðar til þess að gætt verði að hagsmunum sveitarfélagsins að því er varðar sveitarfélagamörk á Langjökli. Í því sambandi er þess að gæta að það fellur ekki undir hlutverk óbyggðanefndar samkvæmt gildandi lögum að úrskurða um sveitarfélagamörk. Með I. ákvæði til

bráðabirgða í eldri sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, var óbyggðanefnd falið að úrskurða um mörk sveitarfélaga innan þjóðlendna. Sveitarstjórnarlög nr. 45/1998 féllu úr gildi þegar ný sveitarstjórnarlög nr. 128/2011 leystu þau af hólmi og ekki er að finna sambærilegar heimildir til handa óbyggðanefnd í síðarnefndu lögunum. Verður því ekki leyst úr umræddri kröfu Bláskógabyggðar í máli þessu.

Að norðvestanverðum Langjökli liggur syðst ágreiningssvæði vegna Geitlands sem fjallað er um í kafla 6.5 í máli þessu, þar norðaustan við svonefnt sameignarland Kalmanstungu I og II sem fjallað er um í kafla 6.3 í máli þessu og þar norðaustan við Arnarvatnsheiði sem einnig er fjallað um í kafla 6.3. Að norðaustanverðum jöklinum liggur Auðkúluheiði sem er þjóðlenda samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2013 og að suðaustan- og sunnanverðum jöklinum Afréttur norðan vatna og Framafréttur sem eru þjóðlendum samkvæmt dómum Hæstaréttar 21. október 2004 í málum nr. 47 og 48/2004, samanber úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 4/2000. Laugardalsafréttur liggur að hluta sunnan- og suðvestanverðs jökulsins en hann er þjóðlenda samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 3/2000. Loks liggur að hluta suðvestanverðs jökulsins landsvæði norðan Grímsnesafréttar sem er þjóðlenda samkvæmt úrskurði nefndarinnar í máli nr. 2/2000.

Mjög takmarkaðra heimilda nýtur við um Langjökul. Í máli þessu og í þeim málum sem vísað var til hér að framan hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að hvorki jökullinn í heild né einstakir hlutar hans teljist vera innan merkja aðliggjandi landsvæða. Er því ekki unnt að fallast á kröfur um beinan eða óbeinan eignarrétt á jöklinum á grundvelli heimilda um þau svæði. Þá liggja heldur ekki fyrir í málinu nein önnur gögn sem sérstaklega taki til jökulsins og kröfur gagnaðila íslenska ríkisins um eignar- eða afnotarétt á honum geti grundvallast á.

Hvað málsástæður Bláskógabyggðar varðar skal tekið fram að ekki liggur fyrir að Langjökull hafi verið innan upphaflegs landnáms í Biskupstungum. Um mat óbyggðanefndar á líkum á landnámi á afréttum Biskupstungnamanna, þ.e. svonefndum *afrétti norðan vatna* og *Framafrétti* vísast til kafla 11.14.1 og 11.14.2 í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 4/2000. Þá benda frásagnir *Landnámu* heldur ekki til þess að aðrir hlutar jökulsins hafi verið numdir. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður jafnframt að telja mjög ólíklegt að svo hafi verið.

Óbyggðanefnd hefur áður komist að þeirri niðurstöðu að um eignarréttarlega stöðu jökulsvæða almennt fari eftir sömu reglum og um önnur landsvæði.³³⁵ Að því er varðar Langjökul er ekkert sem bendir til að þar hafi stofnast til beins eignarréttar eða takmarkaðra eignarréttinda fyrir nám, löggerninga, hefð eða með öðrum hætti.³³⁶

Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrlausnum sínum komist að þeirri niðurstöðu að þar sem um er að ræða mörk þjóðlendu á jökli gagnvart aðliggjandi eignarlandi eða

³³⁵ Sjá umfjöllun um jökla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

³³⁶ Samanber einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

afrétti skuli mörkin miðast við stöðu jökulsins við gildistöku Þjóðlendulaga þann 1. júlí 1998. Vísast í því sambandi t.d. til úrskurða nefndarinnar í málum nr. 1–5/2001 og dóms Hæstaréttar 11. maí 2006 í máli nr. 345/2005 (Fell í Suðursveit) þar sem rétturinn staðfesti þá niðurstöðu óbyggðanefndar að mörk eignarlands gagnvart jökli skyldu miðast við stöðu jökulsins við gildistöku laganna. Frá og með gildistöku laganna er ekki unnt að öðlast eignarréttindi innan Þjóðlendna fyrir nám eða hefð, sbr. 8. mgr. 3. gr. þeirra. Þegar af þessum ástæðum kemur ekki til frekari skoðunar hvort nýting sem fram hefur farið eftir gildistöku Þjóðlendulaga, á jöklinum eða landi sem komið hefur undan jöklinum, hafi að öðru leyti verið til þess fallin að stofna til beinna eða óbeinna eignarréttinda fyrir hefð, samanber lög um hefð nr. 46/1905. Á þetta t.a.m. við um kröfur Bláskógabyggðar um eignarréttindi á landi sem kunni að verða nýtanlegt til beitar eftir að hafa komið undan jökli eftir gildistöku laganna.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Langjökull, svo sem hann er afmarkaður hér á eftir, sé Þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Jaðri Langjökuls er fylgt umhverfis jökulinn. Miðað er við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998 þann 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. laganna.

6.7 Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga, enda rekist hagsmunir ekki á. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin ennfremur litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu og er málskostnaður úrskurðaður til einstakra málsaðila að því marki sem aðild og sundurliðun málskostnaðarreikninga gefur tilefni til.

Eftir að kröfur íslenska ríkisins um Þjóðlendur á svæði 8B komu fram tilkynnti Borgarbyggð óbyggðanefnd um að sveitarfélagið hefði haft forgöngu um samstarf landeigenda vegna hagsmunagæslu. Auk þess að leita til lögmannna hefði sveitarfélagið í samstarfi við landeigendur ráðið Óðin Sigþórsson til starfa. Var óskað eftir því af hálfu Borgarbyggðar að óbyggðanefnd greiddi launakostnað Óðins vegna þessa. Var beiðnin m.a. sett fram með vísan til þess að vinna hans kæmi til með að auðvelda vinnu lögmannna vegna hagsmunagæslunar og draga úr kostnaði við hana. Eftir að hafa aflað frekari upplýsinga um vinnu Óðins, auk þess sem lögmonnum málsaðila var gefið færi á að veita umsagnir um erindi Borgarbyggðar, féllst óbyggðanefnd á að taka þátt í greiðslu kostnaðar vegna hennar. Við ákvörðun

málskostnaðar vegna vinnu lögmanns gagnaðila íslenska ríkisins í málinu var m.a. litið til þessa.

Þess skal getið að hluti af úrskurðuðum málskostnaði gagnaðila íslenska ríkisins í máli þessu hefur þegar verið greiddur og koma þær greiðslur til frádráttar við uppgjör málskostnaðarins, svo sem nánar greinir í úrskurðarorði.

7 ÚRSKURÐARORÐ

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. landsvæði norðaustan Arnarvatnsheiðar, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Upphafspunktur er í Réttarvatnstanga. Frá honum er línan dregin til austurs í topp Lyklafells. Þaðan er línan dregin til suðurs í Langjökul og jökuljaðrinum síðan fylgt til vesturs þar til komið er að nyrsta odda jökulsins. Er þá miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. laganna. Frá þeim stað ræður bein sjónhending í upphafspunkt í Réttarvatnstanga.

Sama landsvæði er afréttur jarða í fyrrum Reykholtisdals- og Hálsahreppum, nú Borgarbyggð, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. landsvæði sunnan Geitlands, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Upphafspunktur er í Geitá á þeim stað u.þ.b. á miðjum Kaldadal þar sem sú kvísl árinna sem rennur sunnan við Prestahnjúk fer að renna til norðurs. Þaðan er umræddri kvísl fylgt suður fyrir Prestahnjúk og að jaðri Geitlandsjökuls. Þaðan er farið til suðausturs eftir jökuljaðri Geitlandsjökuls að sveitarfélaga- og sýslumörkum Borgarfjarðar- og Árnessýslna. Þaðan er sveitarfélagamörkunum fylgt í hábungu Þórisjökuls. Þaðan er dregin bein lína til vesturs í vörðu í vesturhlíðum Þórisjökuls. Frá þeim stað er línun dregin um Kaldadal og vatnaskil vestan þeirrar upptakakvíslar Geitár sem rennur um Kaldadal þar til komið er að upphafspunkti, þar sem sú kvísl árinna sem rennur sunnan við Prestahnjúk fer að renna til norðurs.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Langjökull, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Jaðri Langjökuls er fylgt umhverfis jökulinn. Miðað er við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998 þann 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. laganna.

Gerður er almennur fyrirvari um hnitasetningu þjóðlendulína að liðnum málsskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu.

Málkostnaður gagnaðila íslenska ríkisins vegna þóknunar málflytjenda þeirra greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998, og ákvarðast svo:

Vegna Óskars Sigurðssonar hrl.: Sjálfseignarstofnun um Arnarvatnsheiði og Geitland vegna Arnarvatnsheiðar, Geitlands og útskipts lands úr Þorvaldsstöðum: 3.500.000 kr. Þar af hafa 1.350.000 kr. þegar verið greiddar. Ástríður Sigurðardóttir, Bryndís J. Jónsdóttir og Ólafur Kristófersson vegna Kalmanstungu I og II: 1.300.000 kr. Þar af hafa 450.000 kr. þegar verið greiddar. Halldór Sigurðsson vegna Þorvaldsstaða: 200.000 kr. Þar af hafa 100.000 kr. þegar verið greiddar.

Vegna Ólafs Björnssonar hrl.: Bláskógabyggð vegna Langjökuls: 200.000 kr., sem hafa þegar verið greiddar.

Borgarbyggð vegna Arnarvatnsheiðar og Geitlands: 50.000 kr.

Um málskostnað Ólafs Magnússonar vegna krafna um veiðiréttindi tilheyrandi Gilsbakka innan ágreiningssvæða í málum nr. 3/2014 og 4/2014 er úrskurðað í einu lagi í máli nr. 3/2014.

Útlagður kostnaður málsaðila, annarra en fjármála- og efnahagsráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmanna, hefur þegar verið endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Allan V. Magnússon

Ása Ólafsdóttir

Hulda Árnadóttir

**Bókun óbyggðanefndar um breytt úrskurðarorð (hvað varðar landsvæði
sunnan Geitlands) í máli nr. 4/2014, Arnarvatnsheiði,
Geitland og Langjökull, dags. 9. janúar 2017.**

(Leiðrétting skv. 2. mgr. 23. gr. stjórnsýslulaga.)

Úrskurðarorðin verða að þessu leyti svohljóðandi:

„Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. landsvæði sunnan Geitlands, er þjóð-
lenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Upphafspunktur er í Geitá á þeim stað u.þ.b. á miðjum Kaldadal þar sem sú kvísl árinna sem rennur sunnan við Prestahnjúk fer að renna til norðurs. Þaðan er umræddri kvísl fylgt suður fyrir Prestahnjúk og að jaðri Geitlandsjökuls. Þaðan er farið til suðausturs eftir jökuljaðri Geitlandsjökuls að sveitarfélaga- og sýslumörkum Borgarfjarðar- og Árnassýslna. Þaðan er sveitarfélagamörkunum fylgt í hábungu Þórisjökuls. Þaðan er dregin bein lína til vesturs í vörðu í vesturhlíðum Þórisjökuls. Frá þeim stað er línan dregin um Kaldadal og vatnaskil vestan þeirrar upptakakvíslar Geitár sem rennur um Kaldadal þar til komið er að upphafspunkti, þar sem sú kvísl árinna sem rennur sunnan við Prestahnjúk fer að renna til norðurs.“

Allan Vagn Magnússon

Ása Ólafsdóttir

Hulda Árnadóttir

ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR
ÓBYGGÐANEFNDAR
með viðaukum



Svæði 1–8A

Sérprentun 11. október 2016

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI	2
1. INNGANGUR	3
2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR	3
3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA	4
3.1. Landnám	4
3.2. Hefð	7
3.3. Lög	12
4. FLOKKUN LANDS	13
4.1. Almenn	13
4.2. Jörð	14
4.3. Almenningar	20
4.4. Afréttir	23
4.5. Jörð eða afréttur?	30
4.6. Jöklar	31
4.7. Fjallskil	37
4.8. Ítök	40
4.9. Fjörur og rekæign	44
5. HEIMILDIR UM EIGNARHALD	49
5.1. Almenn	49
5.2. Jarðamót og jarðabækur	49
5.3. Máldagar og vísitasíur	52
5.4. Lögfestur	54
5.5. Jarðabréf og landamerkjabréf	55
5.6. Afsals- og veðmálabækur	59
5.7. Aðrar heimildir	61
6. NIÐURSTAÐA	62
7. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 5	67
7.1. Almenn atriði og dómafordæmi í þjóðlendumálum	67
7.1.1. Gildi landamerkjabréfa jarða.....	67
7.1.2. Heiðarbýli á Norðausturlandi	70
8. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 6	71
8.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum.....	71
8.2. Afréttir einstakra jarða og stofnana	72
9. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7A	75
9.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum.....	75
10. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7B	76
10.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum.....	76
10.2. Heimildir mæla í mót landamerkjabréfi jarðar	77
10.3. Heimildir um legu jarða til forna	79

FORMÁLI

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 er í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki við úrskurði í málum á svæðum 3–8A. Fer sá texti hér á eftir, í köflum 1–6.

Í úrskurðum á svæðum 3–8A hefur jafnan verið gerð grein fyrir nýgengnum dómum í þjóðlendumálum og öðrum atriðum sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Lagt hefur verið á það mat hvort breyta þyrfti eða bæta enn við fyrirbyggjandi *Almennar niðurstöður*. Tilfni til umfjöllunar eða viðauka af þessu tagi gafst einkum á svæðum 5, 6, 7A, 7B og 8A og fer sá texti lítilega stytur hér á eftir, í köflum 7–11.

Niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á einstökum landsvæðum eru í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður* með viðaukum, og vísa til þeirra.

1. INNGANGUR

Hér verður gerð grein fyrir almennum athugunum og niðurstöðum óbyggðanefndar um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra.

Í upphafi verður gefið yfirlit um gróðurfur á Íslandi við landnám og þeim breytingum sem á því hafa orðið síðan. Þá verður fjallað um landnám, hefð og lög sem stofnunarhætti eignarréttinda.

Því næst verður gerð grein fyrir flokkun lands í *jarðir, almenninga og afrétti* og eignarréttarlegri þýðingu þessara hugtaka. Hugað verður sérstaklega að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka ásamt eignarhaldi á landi undir jökulum og mörk við jökul eða á. Þá verður fjallað um hvort og þá hvaða vísbendingar um eignarréttarlega stöðu lands má draga af fyrirkomulagi fjallskila og tilvist ítaka til lands eða sjávar, hvaða réttur felist í fjörueign og hver séu merki sjávarjarða til hafsins.

Loks verður fjallað um efni og gildi þeirra heimilda sem einna helst fjalla um eignarréttindi fyrir á tímum. Gerð verður sérstök grein fyrir jarðamötum og jarðabókum, máldögum og vísitasíum, lögfestum, jarðabréfum og landamerkjabréfum, afsals- og veðmalabókum.

2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR

Íslandi má skipta í þrjú hæðar- eða gróðurbelti, þ.e. *láglandisbelti, hlíðabelti og hálendis- eða fjallbelti*.¹ Þessi skipting byggist á því að lífsskilyrði fyrir plöntur og aðrar lífverur, þ. á m. búsetuskilyrði fyrir fólk, fara stigversnandi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli og lækkandi meðalhita. Höfuðeinkenni gróðurfars breytast því frá láglandisbelti og upp til efstu gróðurmarka á hálendi, tegundum plantna fækkar mjög, harðgerar tegundir verða ríkjandi, uppskerumagn minnkar og gróðurþekjan verður gisnari.

Gróðurbeltin eru í mismunandi hæð í hinum ýmsu landshlutum, eftir því hvort um er að ræða innhérað eða útnes, eftir snjóalögum o.s.frv. Milli gróðurbeltanna eru að sjálfsögðu ekki skörp skil heldur breytist gróðurfur stig af stigi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli. Í grófum dráttum nær láglandisbelti landsins upp í 100–150 m hæð og sums staðar nokkru hærra sunnanlands. Hlíðabeltið tekur við og nær upp í 300–400 m hæð, en þar ofan við er hálendisbeltið. Ætla má að um landnám hafi mörkin legið nokkru ofar.

¹ Steindór Steindórsson, 1964: *Gróður á Íslandi*. Reykjavík. S. 28.

Talið er að við landnám hafi gróður þakið um $\frac{2}{3}$ hluta af yfirborði landsins.² Mikill hluti láglandis- og hlíðabelta, svo og hálendisbeltis upp að 600–700 m hæð á miðhálandinu, hefur verið þakinn nokkuð samfelldum gróðri og jarðvegi. Ofar hefur gróðurinn orðið stöðugt gisnari, uns hann hefur horfið að mestu í 800–1000 m hæð. Í fjalllendi útnesja og í bröttum fjallahlíðum hafa efri mörk samfellds gróðurs legið neðar.

Við landnám hefur birkiskógur og kjarr sett mestan svip á gróðurfar í láglandis- og hlíðabeltum og jafnvel teygt sig upp í hálendisbelti við bestu aðstæður. Áætlað er að skóglendi og kjarr hafi þakið um $\frac{1}{4}$ hluta landsins. Það var langverðmætasta gróðurlendi landsins vegna mikillar grósku, fjölþættra nota og jarðvegsverndar. Ofan skógarmarka hafa smárunnar, ýmsar lyngtegundir og harðgerar jurtir verið ríkjandi tegundir. Þar sem jarðvatnsstaða var há, á láglandi og hálendi, var gróskumikill votlendisgróður. Rýr mosagróður tók við þegar nálgaðist efri mörk gróðurs, og loks voru plöntur á stangli á því landi sem í daglegu tali er nefnt ógróið.

Nú þekur gróður aðeins um $\frac{1}{4}$ hluta landsins í heild og um $\frac{10}{100}$ hluta ísfrírra svæða miðhálandisins, í stað nær helmingis um landnám. Aðeins um $\frac{1}{100}$ hluti landsins er skógi eða kjarri vaxinn. Gróðurþekja landsins hefur þannig bæði dregist saman og gæði hennar rýrnað.

Langmest hefur rýrnun landgæða orðið í hálendisbeltinu, einkum á miðhálandinu. Afleiðingar þessa eru m.a. þær að verulegur hluti miðhálandisins, sem um landnám og fram eftir öldum var vel fallið til sumarbeitar, er nú gróðursnauðar auðnir.

3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA

Þeir stofnunarhættir eignarréttinda sem huga þarf sérstaklega að í þessu sambandi eru landnám, hefð og lög.

3.1. Landnám

Hér á landi var fyrst stofnað til eignarréttar yfir landi með námi. Telja verður líklegt að eigi síðar en með gildistöku ákvæða Jónsbókar um afrétti og almenninga hafi nám verið útilokað. Vafalaust er þó að eftir lögtöku nýbýlatilskipunar 1776 er nám úr sögunni sem stofnunarháttur eignarréttar hér á landi.³

² Ingvi Þorsteinsson og Sigurður Blöndal, 1986: *Gróðureyðing og endurheimt landgæða*. Reykjavík. S. 13.

³ Sbr. Gaukur Jörundsson: „Um afrétti og almenninga“, óbirt fjölrit, bls. 10–11. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur II* (fjöl.). Reykjavík. S. 133–134. Þorgeir Örlygsson, 1994: „Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit. Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 565.

Landnámabók hefur löngum verið talin mikilvægasta heimildin um upphaf byggðar á Íslandi. Þar eru nefndir um 430 karlar og konur sem námu land eða eignuðust það úr landnámi annarra. Þá eru þar nöfn um 600 bæja sem risið eiga að hafa á landnámsöld, þ.e. á árunum 874–930. Efni Landnámu er spunnið úr þremur meginþáttum: landnámafrásögnum, greinargerð fyrir landnámsmönnum, ætt þeirra og niðjum og fróðleik af ýmsum toga sem lýsir m.a. viðskiptum manna, stjórnarhari, trú og siðum, skipakosti, húsakynnum, búpeningseign og landsháttum.

Landnáma er varðveitt í fimm gerðum, misjafnlega heillegum. Þrjár þeirra eru að stofni til frá miðöldum en tvær voru ritaðar á 17. öld. Melabók mun vera elst þeirra og standa næst frumgerð Landnámabókar, sem talin er rituð á fyrri hluta 12. aldar en er nú glötuð. Ljóst er því að tvö hundruð ár hið minnsta hafa liðið þar til frásagnir um landnám voru skráðar. Allmikill efnislegur munur er á varðveittum gerðum Landnámabókar en þó eru landnámalýsingar yfirleitt nokkuð samhljóða.

Ýmsar sagnir er að finna í Landnámu um það hvernig menn fóru að því að nema land. Í Hauksbókargerð Landnámu er greint frá því að Íslendingar hafi leitað til Haralds konungs hárfagra um aðstoð við að setja reglur um stærð landnáma. Þá voru sett ákvæði um að enginn skyldi víðara nema en hann mætti eldi yfir fara á einum degi með skipverjum sínum.⁴ Um konur virðist hins vegar hafa gilt sú regla að þær skyldu ekki nema víðara land en leiða mætti kvígu tvævetra vorlangan dag sólsetra á milli, vel fóðraða.⁵ Fleiri aðferðir eru tilfærðar. Helgi magri, sem nam allan Eyjafjörð, er t.d. sagður hafa gert eld mikinn við hvern vatnsós og helgað sér svo allt hérað, væntanlega allt vatnasvæði árinna. Stundum virðist kvikféð sjálft hafa ráðið ferðinni. Í upphafi þess hluta Landnámu sem fjallar um Sunnlendingafjórðung segir m.a. á þessa leið: „Sumir þeir, er fyrstir kómu út, byggðu næstir fjöllum ok merkðu at því landskostina, at kvikféit fýstisk frá sjónum til fjallanna.“⁶

Á síðustu áratugum hafa ýmsir fræðimenn á sviði sagnfræði og bókmennta sett fram kenningar um sannfræði Landnámu. Annars vegar hefur því verið haldið fram að treysta megi frásögnum Landnámu í meginatriðum. Hér má nefna kenningar eins og þær að markmiðið með ritun Landnámu hafi verið að skapa grundvöll fyrir innleiðingu óðalsréttar hér á landi, undirbúa skiptingu landsins í kirkjusóknir eða varðveita ættartölur, með tilliti til erfða, hjúskapar o.fl., auk áhuga á sögu forfeðranna.⁷ Hins vegar hefur því verið haldið fram að frásagnir Landnámu eigi lítið

⁴ *Landnámabók*, 1986. Jakob Benediktsson gaf út. (Íslensk fornrit. 1. b.) Reykjavík. S. 337.

⁵ *Landnámabók* 1986, s. 321.

⁶ *Landnámabók* 1986, s. 337.

⁷ Sbr. Barði Guðmundsson, 1938: „Uppruni Landnámabókar.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 6–7, 20. Jón Jóhannesson, 1954–58: „Sannfræði og uppruni Landnámu.“ *Saga. Tímarit Sögufélags*. S. 225–226. Einar Gunnar Pétursson, 1986: „Efling kirkjuvalds og ritun Landnámu.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 193–222.

skylt við sögulegan veruleika. Í því sambandi ber að nefna þá kenningu að markmiðið hafi verið að renna stoðum undir eignarheimildir höfðingjaættanna fyrir þeim jörðum, einkum aðalbólum, sem þær töldu sig eiga á ritunartíma Landnámu.⁸ Ennfremur hefur því verið haldið fram að sum nöfn landnámsmanna séu dregin af kennileitum, náttúru- fari eða búskaparháttum.⁹ Heimildargildi Landnámu er því umdeilt meðal fræðimanna.

Í úrlausnum dómstóla hafa skýrar lýsingar Landnámu á umfangi landnáms verið taldar hafa sönnunargildi við mat á því hvort stofnast hafi til eignarréttar yfir tilteknu landsvæði. Þessi afstaða kemur fram í H 1994 2227 (Geitland). Þar er frásögn Landnámu um nám Geitlands talin sanna að í kjölfar landnáms hafi landsvæðið verið eignarland. Jafnframt ber að nefna H 1960 726 (Skeljabrekka) þar sem talið var auðsætt af frásögn Landnámu að landspilda hefði í öndverðu verið hluti af landi jarðarinnar Skeljabrekku. Takmarkaðar lýsingar í Landnámu hafa hins vegar fremur verið taldar mæla gegn því að land hafi verið numið og þannig orðið undirorpið beinum eignarrétti, sbr. H 1997 1162 (Auðkúluheiði), H 1997 1183 (Eyvindarstaða- heiði), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1999 2006 (Sandfellshagi). Þá hafa dómstólar litið til gróðurfars og staðhátta við mat á því hvort líkur séu á að landsvæði hafi verið numið, sbr. einkum H 1997 2420 (Neðri-Hunda- dalur) og H 1999 111 (Gilsá).

Það er álit óbyggðanefndar að Landnáma lýsi a.m.k. þeirri skiptingu lands sem menn töldu rétta eða voru ásáttir um á ritunartíma einstakra gerða. Þá er ljóst að landnámalýsingar hennar hafa verið vel kunnar landsmönnum og sannleiksgildi þeirra óumdeilt fram á síðustu áratugi. Þetta endurspeglast í úrlausnum dómstóla. Nefndin telur því að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar. Jafnframt benda frásagnir Landnámu almennt séð til þess að landnám hafi í einhverjum tilvikum náð lengra inn til landsins en lýst landamerki jarða á síðari tímum. Rannsóknir á sviði sagnfræði, fornleifafræði og náttúrufræði styðja þetta.¹⁰ Svo sem fram kemur í kafla 2. hefur gróðurfar inn til landsins verið þannig að landnámsmenn kunna að hafa séð sér hag í að nema land ofar en byggð hefur náð á síðari tímum. Hins vegar hljóta staðhættir, þar á meðal hæð yfir sjávarmáli og

⁸ Sveinbjörn Rafnsson, 1974: *Studier i Landnámabók. Kritiska bidrag till den isländska fristatstidens historia.* Lundi. S. 203–217. Sveinbjörn Rafnsson, 1976: „Aðferðir og viðhorf í Landnámu- rannsóknum.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags.* S. 222–225, 231–233.

⁹ Sbr. Þórhallur Vilmundarson, 1982: „- stad. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder.* 16. b. Kaupmannahöfn. D. 578–584. Sjá ennfr. greinar Þórhalls Vilmundarsonar í *Grímní. Riti um nafnfræði.* 1–3. b. (1980–1996).

¹⁰ Sbr. Kristján Eldjárn, 1974: „Fornþjóð og minjar.“ *Saga Íslands.* 1. b. Reykjavík. S. 115. Jakob Benediktsson, 1974: „Landnám og upphaf allsherjarríkis.“ *Saga Íslands.* 1. b. Reykjavík. S. 165.

fjarlægð frá byggð, að hafa takmarkað möguleika á nýtingu. Afar takmarkaðar ályktanir verða því dregnar af gróðurfari.

Í Landnámu er hins vegar sjaldan lýst nákvæmlega umfangi landnáms eða landamerkjum. Þetta á ekki hvað síst við inn til landsins. Óbyggðanefnd telur hæpið að af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.

Þá er ýmislegt óljóst um aðferðir við landnámið og hverju landnámsmenn sóttust eftir, þ.e.a.s. hvort þeir hafi einvörðungu miðað við gróðurfar og staðhætti eða hvort önnur atriði skiptu einnig máli, svo sem heppileg kennileiti, samgönguleiðir, völd og áhrif o.s.frv. Óvissa um aðferðir við landnám er of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli.

3.2. Hefð

Hugtakið hefð er hvorki að finna í Grágás né Jónsbók. Í Jónsbók má þó sjá þess merki að afnot manna af tilteknum fasteignatengdum hlunnindum hafi þótt benda til ákveðinna réttinda. Í 26. kapitula landsleigubálks stendur m.a.: „Nú hefir maður skóg, eng eða haga, reka eða aðrar landsnytjar .xx. [þ.e. 20] vetr eða lengr ,átqlulaust, þá á sá er haft hefir, nema hinn hafi lögleg vitni til, at hann á, ef hann skal úræntr vera.“¹¹

Enda þótt hugtakið komi ekki fyrir í lögbókunum virðist sem mönnum hafi snemma verið það kunnugt. Undir lok 12. aldar deildu leikmenn og Þorlákur biskup Þórhallsson um yfirráð kirkjueigna (staðamál fyrri). Bændur kröfðust forræðis yfir kirkjueignum í krafti „landsskapar ok fornrar hefðar“ en biskupinn kvað forna hefð ekki vega þyngra en lög kirkjunnar¹². Þessi frásögn getur ekki ein og óstudd talist heimild um hefð í lagalegum skilningi. Allt eins er líklegt að orðið sé hér notað um eitthvað sem haldist hafi órofa um ótiltekinn tíma (sbr. orðasambandið „í hefð og haldi“).

Sumir fræðimenn hafa getið sér þess til að *hefð* sé komin inn í norræn lög úr kanónískum rétti. Í því sambandi er bent á að orðasamböndin „...sem að fornu hefir verið“ og „frá arilds tíð“ gætu verið þýðingar á latneska hugtakinu „praescriptio immemorialis“.¹³

Kaldangursrecess (Koldinghúsrecess) frá 13. desember 1558 var lögleiddur með konungsbréfi 20. mars 1563. Í konungsbréfi þessu segir að recessinn „skuli

¹¹ *Jónsbók*. Kong Magnus Hakonssons lovbog for Island vedtaget paa Altinget 1281 og réttarboetr de for Island givne retterbøder af 1294, 1305 og 1314. Kaupmannahöfn 1904. S. 156.

¹² Sbr. *Biskupa sögur*. 1. b. Kaupmannahöfn 1858. S. 281 (Oddaverja þáttur, ritaður í byrjun 13. aldar).

¹³ Wallén, Per-Edwin, 1981: „Hævd. Sverige.“ *Kulturhistorisk lexikon for nordisk middelalder*. 7. b. Kaupmannahöfn (2. útg.). D. 285. Magnús Már Lárusson, 1981: „Hævd. Island.“ Sama rit, d. 287–288.

einnig ganga fyrir lög um þau efni, „sem íslensk lög þar um ekki áhræra né forklára“.“
Í recessnum, 50. kapitula, segir m.a. um 20 vetra hefð:

Item huada godz og eignar nauckur madur hefur med haund haft og halldit xx wetur oklagad og okiært. þui ma hann kuijdulaust hallda og skal það ecki wndan honum ganga nema suo finnist og bijuijsist það sie j panta sett edur lient.¹⁴

Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður athugaði á sínum tíma hvar vitnað væri til Kaldangursrecess í dómum og skjölum. Nefndi hann að í alþingisdómi 30. júní 1581, um Bjarneyjartolla, og í dómi Erlends sýslumanns Magnússonar 9. apríl 1594, um Kleifarblá, sé vitnað í 50. kapitula í recessinum.¹⁵ Af rannsókn Jóns verður ekki séð að recess þessi hafi haft þýðingu utan þessa.

Rétt er að taka fram að Kaldangursrecess er að engu getið í þeim umræðum sem fram fóru um miðja 19. öld um setningu hefðarlaga.

Af athugun á dómum í Íslensku fornbréfasafni og Alþingisbókum Íslendinga verður ekki dregin önnur og víðtækari ályktun en sú, að sá sem hafði haft umráð eignar um árabíl væri líklegur eigandi hennar nema annað kæmi fram í dómum eða skjölum, svo sem oft er gerður fyrirvari um. Er sá fyrirvari einnig í samræmi við fyrrnefnt ákvæði Jónsbókar.

Í Dönsku lögum Kristjáns V. frá 1683 voru ákvæði um hefð og fleira. Samsvarandi ákvæði voru í Norsku lögum frá 1687 og segir þar m.a. svo í 5. bók, 5. kapitula, 3. gr:

Hvis andet Gods og Ejendom nogen haver haft i Haand og Hævd i tyve Aar ulast og ukært til Tinge, det beholder hand uden anden Adkomst at fremvise, angerløst og uafvundet, med mindre det bevisis, at hand hafde det, enten til Pant, eller i Forlæning, eller i Forsvar.

Ákvæði þessi voru aldrei birt hér á landi en mörg dæmi eru þess að Yfirréttur og Landsyfírréttur beittu þessum lögum, sbr. t.d. dóm frá 5. maí 1830 þar sem vitnað er án nokkurs fyrirvara til Norsku laga 5-5-3.¹⁶

Þá var í erindisbréfi fyrir biskupana á Íslandi frá 1. júlí 1746 ákvæði í 16. gr. þar sem gert var ráð fyrir því að á 100 árum mætti hefða eignir og réttindi, sem verið hefðu kirkjueign.¹⁷

¹⁴ *Íslenskt fornbréfasafn*. 13. b. Reykjavík 1933–1939. S. 355. Sbr. *Alþingisbækur Íslands*. 1. b. Reykjavík 1912–1914. S. 425–426. *Alþingisbækur Íslands*. 3. b. Reykjavík 1917–1918. S. 33–35.

¹⁵ *Íslenskt fornbréfasafn*. 13., s. 351.

¹⁶ *Landsyfírrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenskum málum 1802–1873*. 3. b. Reykjavík 1925–1931. S. 360–374.

¹⁷ *Lovsamling for Island*. 2. b. Kaupmannahöfn 1853. S. 653.

Vorið 1836 lagði Bjarni Thorsteinson amtmaður til við kansellíð í Kaupmannahöfn að 26. kapituli landsleigubálks Jónsbókar yrði numinn úr gildi og tekin upp ákvæði Dönsku laga um hefð. Fram kom að óljóst þætti hvort reglan í Jónsbók tæki einungis til hlunninda eða einnig til fasteigna. Kansellíð bar málið undir Landsyfirrætt og síðan embættismannanefndina sem skipuð var 22. ágúst 1838. Við athugun lögfróðra manna kom í ljós að íslenskir dómstólar á 17. og 18. öld og fram á þá 19. höfðu í langflestum tilvikum tekið mið af Dönsku og Norsku lögum í þeim málum sem snertu hefð. Flestir nefndarmanna voru þeirrar skoðunar að rétt væri að innleiða hér dönsk hefðarlög.¹⁸

Árið 1845 var lagt fyrir ráðgjafafingið frumvarp kansellisins til tilskipunar um hefð og fyrningu. Var þar gert ráð fyrir að ákvæði Dönsku laga um hefð og fyrningu yrðu lögleidd hér á landi.

Í umræðum á ráðgjafafinginu kom fram að algengt var að farið væri að ákvæðum Dönsku og Norsku laga um hefð enda þótt þau ákvæði hefðu ekki verið lögleidd hér. Skiptar skoðanir voru um þetta frumvarp. Þeir sem voru því fylgjandi töldu að hefðarlög gætu verndað eignarréttinn og leyst úr þeirri réttaróvissu sem ríkt hefði. Þeir sem andvígir voru tilgreindu ýmis rök gegn frumvarpinu. Í fyrsta lagi væru eignir og ítök oft langt hvert frá öðru og frá eigendum og þess vegna væri erfitt fyrir þá að verja rétt sinn gagnvart þeim sem vildu sölsa undir sig eignir þeirra í skjóli hefðarlaga. Að auki vísaði frumvarpið almennt til danskra lagareglna um hefð án þess að ljóst væri hver ákvæði lögleiða ætti hér. Ef hin danska hefð fengi lagagildi hér á landi gegn vilja þjóðarinnar þá væri það band á komið sem ekki yrði seinna leyst. Einnig var bent á að ákvæði Jónsbókar hefði ekki valdið neinum ágreiningi eða misskilningi fyrr en á síðustu tímum þegar íslenskir lögfræðingar hefðu farið að meta íslensk lög minna en hin dönsku. Loks tóku þeir fram að búast mætti við málaferlum sem ekki yrði séð fyrir endann á og myndu valda ærnum kostnaði ef frumvarpið yrði samþykkt. Lyktir málsins urðu þær að frumvarpið var fellt með 16 atkvæðum gegn 8 og engin tilskipun sett.¹⁹

Þrátt fyrir að Landsyfirrættur hefði um árabíl dæmt eftir Dönsku og Norsku lögum fór að bera á efasemdum um gildi þeirra er leið á 19. öld. Loks var kveðið á um það í dómi 19. desember 1887 að enda þótt „eignar-hald á fasteign (possessio)“ hafi varað óátalið í 30–40 ár, veitti það eigi eignarheimild eftir íslenskum lögum.²⁰ Í dómi Landsyfirrættar frá 12. október 1896 var upprekstrarfélagi fjögurra hreppa í Mýrasýslu

¹⁸ *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga. Fyrsta þing 1. júlí til 5. ágúst 1845.* Reykjavík 1845. S. 2–12.

¹⁹ *Tíðindi frá Alþingi...1845*, s. 466.

²⁰ *Landsyfirrættardómar og hæstarjættardómar í íslenskum málum.* 3. b. (1886–1889) Reykjavík 1890. S. 236–241.

hins vegar dæmdur beinn eignarréttur að landsvæðinu Hellistungum á grundvelli uppreksturs „um ómuna tíð“ og með skírskotan til Jónsbókar, 26. kap. 11b. i.f.²¹

Samkvæmt framansögðu voru réttarreglur um hefð yfir fasteignum óljósar og lagaframkvæmd misvísandi allt til loka 19. aldar. Með setningu hefðarlaga, nr. 46/1905, fengust loks skýrar reglur á þessu sviði. Felld voru úr gildi þau ákvæði hér að lútandi sem löggjafinn taldi gildandi rétt, þ.e. ákvæði 26. kapitula landsleigubálks Jónsbókar sem og 16. gr. í erindisbréfi til biskupa frá 1. júlí 1746. Fleiri atriði tengd lögtöku hefðarlaga skipta og verulegu máli í þessu sambandi. Í greinargerð með frumvarpi til hefðarlaga segir svo:

Þar sem nú hefur fundizt ástæða til að leggja fyrir alþingi frumvarp til laga um hefð, þá byggist þetta ekki að eins á því, að eins og hefð er til í lögum allra siðaðra þjóða og hefur verið álitin nauðsynleg til að tryggja viðskiptalífíð, eins muni vera þörf á þessu rjettartæki hjer á landi, heldur miklu fremur á því, að svo að segja árlega eykst þörfin á því fyrir landbúnaðinn að hafa greið og góð lántökuskilyrði, en eitt aðalskilyrði fyrir því er, að eigendur jarðanna hafi formlega eignarheimild fyrir jörðum sínum. Nú er það vitanlegt, að hjer á landi hafa menn verið mjög skeytingarlausir með að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. Hefur löggjafinn fundið það vel, að þetta var óheppilegt fyrir viðskiptalífíð, og sjest það meðal annars af því, að með lögum 15. febr. 1895 var fasteignarsölugjaldið afnumið, til þess að fá menn því heldur til að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. ...

Auk framangreindra ástæðna fyrir því að lögleiða hefð hjer á landi, skal það einnig tekið fram, að með því að nú mun víðast vera búið að þinglýsa landamerkjum fyrir jörðum samkv. landamerkjälögum 17. marz 1882, þá er þar viss grundvöllur á að byggja um eignarhaldið milli jarðanna innbyrðis, og virðast því að miklu leyti burtfallnar ástæður þær, er menn höfðu á móti hefðinni 1845...²²

Af þessu má ráða að setning laga um hefð 1905 hafi verið þáttur í viðleitni löggjafans í lok 19. aldar og byrjun þeirrar 20. að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna, sjá einnig í köflum 5.2. og 5.5. Þess er jafnframt að geta að eitt meginhlutverk hefðar er að styðja við og auka réttarvernd eignarréttinda sem eru lögmæt einnig af öðrum ástæðum.²³

Samkvæmt 1. gr. hefðarlaga má vinna hefð á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafé, er getur verið eign einstakra manna, án tillits til þess, hvort hann var áður einstaks manns eign eða opinber eign. Niðurlag ákvæðisins verður ekki skilið svo að

²¹ *Landsyfjrrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenzkum málum*. 5. b. (1895–1898) Reykjavík 1901. S. 327–330.

²² *Alþingistíðindi* 1905, A. Þingskjöl. Reykjavík 1905. S. 148, sbr. s. 426–428.

²³ *Alþingistíðindi* 1905, A, s. 140. Gaukur Jörundsson, 1982–1983: *Eignarréttur* II, s. 156, 159.

hefð verði ekki unnin á verðmætum sem ekki eru beinum eignarrétti háð. Þvert á móti verður að líta svo á að þar sem hægt er að hefða eign einstaklings eða hins opinbera sé því fremur hægt að hefða fasteignarréttindi sem ekki eru beinum eignarrétti háð.²⁴ Meginskilyrðið fyrir hefð á fasteign er 20 ára óslitið eignarhald sem fullnægir tilteknum huglægum og hlutlægum skilyrðum, sbr. 2. gr. laganna.

Ótvírætt er að virk yfirráð og bein hagnýting án löggernings eru veigamiklir þættir við mat á eignarhaldi samkvæmt hefðarlögum. Jafnframt hafa ráðstafanir að lögum, t.d. afsal eignar, veðsetning, stofnun ítaks og veiting leyfa til hagnýtingar eignar, verið taldar veigamikil vísbending um eignarhald. Þá getur viðhorf hefðanda og annarra aðila haft þýðingu í þessu sambandi, auk annarra atriða sem minna máli skipta.

Í Hæstarétti hafa gengið nokkrir dómar þar sem reynt hefur á hvort aðilar hafi hefðað beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkja jarða. Ber hér að nefna H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari), H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði). Í öllum tilvikum var eignarhefð talin ósönnuð en ekki örlar á ráðagerð um að eigendalaus svæði verði ekki hefðuð. Af þessum dómum er ljóst að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein sér. Jafnframt virðast ráðstafanir að lögum, svo sem sala tiltekinna réttinda, ekki hafa þýðingu við þetta mat. Samt sem áður verður af þessum dómum ráðið að ekki sé útilokað að hefða eignarrétt að slíku landsvæði. Skilyrði til þess eru hins vegar þröng.

Þá kemur til skoðunar hverjar séu kröfur dómstóla til eignarhefðar þegar um er að ræða land sem liggur innan merkja jarðar. Í H 1997 2792 (Laugavellir) var eignarhefð viðurkennd, enda þótt not hefðanda, sem jafnframt studdi rétt sinn við kaupsamning, hefðu verið sambærileg afréttarnotum, þ.e. beit og eftir atvikum önnur þrengri nýting. Í H 1939 28 (Einarsnes) taldist eignarhefð einnig fullnuð, enda þótt eignarheimild væri sögð glötuð og ekki annar grundvöllur fyrir hendi en takmörkuð not.

Þá er og ljóst að nýttar af þessu tagi hafa ekki nægt til að vinna eignarhefð með útrýmandi hætti innan marka jarðar svo sem þau hafa verið afmörkuð í landamerkjabréfi hennar, sbr. H 1991 1444 (Skógar og Brúsholt) og H 1995 2120 (Nefsholt og Gata).

Það er áður rakið að skýrum réttarreglum um hefð var ekki til að dreifa fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirkkt en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.

²⁴ Sbr. Gaukur Jörundsson: „Um afrétti og almenninga“ (óbirt fjölrit), s. 14–15.

Um þýðingu venjuréttar er það að segja að afnot lands sem ekki uppfylla skilyrði hefðarlaga til hefðarhalds, geta ekki stofnað til eignarréttinda yfir landinu. Hins vegar kann viðurkennd beiting tiltekinna eignarráða, sem styðjast við aðrar eignarheimildir, að hafa áhrif á mat á því hvers eðlis eignarráðin eru, t.d. um sönnunarbyrði fyrir gildi eða efni eignarheimildar. Þýðing venju er því sönnunarlegs eðlis fremur en að þar geti verið um að ræða sjálfstæða eignarheimild.

3.3. Lög

Þá verður hugað að stofnun eignarréttinda með lögum. Átjándi öldin hefur löngum verið talin eitt mesta harðindatímabil í sögu þjóðarinnar og fjöldi jarða lagðist í eyði. Viðbrögð stjórnvalda voru þau að senda til landsins þriggja manna nefnd (landsnefndina fyrri) til að kynna sér landshagi og leggja fram tillögur um úrbætur. Það var við þessar aðstæður sem nýbýlatilskipunin um landnám og byggingu eyðjarða var gefin út, 15. apríl 1776. Í henni fólst heimild til að byggja jarðir á óbyggðum svæðum, jafnvel innan eignarlanda. Tilgangurinn var að hamla gegn fólksfækkun og eyðingu jarða með því að hvetja ungt fólk til að stofna heimili og byggja upp hin eyddu býli.

Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar var skylt að taka í notkun „útlendi“ jarða sem lá notalaust og átti jarðeigandinn að hafa forgangsrétt til að byggja þar upp nýbýli. Ef hann gerði það ekki var öðrum látið það eftir. Á öðrum óbyggðum landsvæðum, þ. á m. „afréttaralmenningum“, höfðu allir jafnan rétt til að stofna nýbýli samkvæmt tilteknum reglum. Þetta gildi einnig um lönd og jarðir sem forðum voru í byggð en höfðu um langan aldur legið í eyði. Var þá litið svo á að enginn gæti lengur talist eigandi eða erfingi slíkra jarða.

Nýbýlatilskipunin var í gildi í rúm hundrað ár en ekki verður séð að hún hafi borið þann árangur sem til var ætlast. Þó er talið að um þrjátíu jarðir og hjáleigur hafi verið byggðar fyrstu tíu árin sem tilskipunin var í gildi, flestar að frumkvæði þeirra sem töldust eigendur þessara eyðjarða. Sjaldgæft er því að stofnað hafi verið til eignarréttinda á grundvelli nýbýlatilskipunar.²⁵

Í 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1897, sem við tóku af nýbýlatilskipuninni var kveðið á um að nýbýli mætti stofna á eyðijörðum og í öðrum óbyggðum löndum, er enginn gæti sannað sína eign. Í 2. gr. laganna var kveðið sérstaklega á um það að nýbýlingur skyldi láta vita um fyrirætlun sína ef hann vildi stofna nýbýli á eyðijörð eða í óbyggðu landi og var þá gefinn sex mánaða frestur ef einhver vildi gefa sig fram með heimildarskírteini fyrir landinu. Skilyrði til stofnunar nýbýla voru þannig þrengd

²⁵ Þorkell Jóhannesson, 1950: *Saga Íslendinga*. 7. b. Reykjavík. S. 254–255.

verulega og munu þess engin þekkt dæmi að nýbýli hafi verið reist á grundvelli þessara nýbýlalaga.²⁶

4. FLOKKUN LANDS

4.1. Almenn

Flokkun lands á grundvelli eignarhalds hefur verið með ýmsu móti í íslenskum rétti og hugtakanotkun ekki alltaf samræmd. Lengst af var að meginstefnu til greint á milli *jarða* og *afrétta*, auk *almenninga*. Þessi skipting kemur þegar fram í Grágás og má glögglega sjá í eftirfarandi ákvæði Jónsbókar:

Svá skulu almenningar vera sem at fornu hafa verit, bæði hit efra ok hit ytra; en ef menn skilr á, kallar annarr sér, annar afrétt eða almenning, þá festi sá lög fyrir er sér kallar ok stefni þing er menn eigu því máli at skipta, ok hafi haft upp þingboð fyrir fimt.²⁷

Hér má að auki nefna tilskipun um veiði á Íslandi 1849 og frumvarp til landbúnaðarlaga 1878.²⁸ Í nýbýlatilskipun 1776 og landamerkjälögum, bæði 1882 og 1919, er gengið út frá flokkun lands í jarðir og afrétti en hugtakið almenningur er ekki notað. Þess í stað er í nýbýlatilskipun talað um „afréttaralmenninga“ og í landamerkjälögum um „aðrar óbyggðar lendur“.²⁹ Á síðari tímum hefur þessi flokkun riðlast, ný hugtök komið fram og hin eldri verið notuð í fleiri en einni merkingu.

Með þjóðlendulögunum er komið á þeirri nýskipan að land er flokkað í tvennt, *eignarland* og *þjóðlendu*, sjá 1. gr. laga nr. 58/1998. Eignarland er skilgreint sem „landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.“ Þjóðlenda er skilgreind sem „landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lög-aðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.“ Hugtakið afréttur er ekki lengur notað sem lýsing á ákveðnu eignarformi lands og er skilgreint sem „landsvæði utan

²⁶ Þorkell Jóhannesson, 1948: *Alþingi og atvinnumálin. Landbúnaður og útvegsmál. Höfuðþættir.* (Saga Alþingis IV.) Reykjavík. S. 70.

²⁷ *Jónsbók* 1904, s. 185 (52. k. llb). Sbr. einnig *Grágás. Lagasafn íslenska þjóðveldisins.* Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson, Mördur Árnason sáu um útgáfuna. Reykjavík 1992. S. 342, 369 (46. k., 74. k. llb.).

²⁸ Frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland (álit meirihlutans), Reykjavík 1877. Frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland (álit minnihlutans). Reykjavík 1878. Sjá einnig 1.–2. gr. veiðitilskipunar frá 20. júní 1849 (*Lovsamling for Island.* 14. b. Kaupmannahöfn 1868. S. 316).

²⁹ Í nýbýlatilskipuninni er greint á milli víðátta í byggðum sveitum, eignarlanda, afréttaralmenninga og loks eyðilanda og eyðijarða í byggð (*Lovsamling for Island.* 4. b. Kaupmannahöfn 1854. S. 251–257). Sjá 1. gr. landamerkjälaga nr. 5/1882 og 41/1919.

byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé.“ Afréttur getur þannig verið hvort heldur er í eignarlandi eða þjóðlendu.

Hugtökin jörð, afréttur og almenningur samkvæmt hinni eldri flokkun hafa þýðingu við úrlausn mála á grundvelli þjóðlendulaga. Ræðst hún nánar af því hvernig þau falla að hugtökunum *eignarland* og *þjóðlenda*. Verður nú hugað að *jörðum*, *afréttum* og *almenninum* í þessu sambandi og einkanlega litið til stofnunar, nýtingar, afmörkunar og inntaks réttinda og skyldna. Óbyggðanefnd leggur þó áherslu á að sú flokkun er ekki fortakslaus og að dæmi finnist um landsvæði sem ekki verða felld í neinn framangreindra flokka, sbr. einnig umfjöllun í kafla 4.5.

4.2. Jörð

Komið hefur fram að helstu stofnunarhættir beins eignarréttar hér á landi eru nám, hefð og lög. Samkvæmt því sem í Landnámu greinir voru sum landnám í öndverðu mjög stór en var smám saman skipt niður í smærri einingar, jarðir. Um þetta eru ýmis dæmi, sbr. t.d. eftirfarandi frásögn af Skalla-Grími Kveldúlfssyni:

Skalla-Grímr var þar um vetrinn, sem hann kom af hafi, ok kannaði þá allt herað. Hann nam land útan frá Selalóni ok et efra til Borgarhrauns ok suðr allt til Hafnarfjalla, herað allt svá vítt sem vatnföll deila til sjóvar. ...Síðan skipaði hann heraðit sínum félagum, ok þar námu margir menn síðan land með hans ráði. Skalla-Grímr gaf land Grími enum háleyska fyrir sunnan fjörð á milli Andakílsár ok Grímsár; hann bjó á Hvanneyri. Úlfr hét son hans, faðir Hrólfs í Geitlandi.³⁰

Allt frá tíma Grágásar hafa íslensk lög gert ráð fyrir að landsvæði jarðar væri afmarkað með landamerkjum.³¹ Þannig er mælt fyrir um það í Jónsbók að við sölu lands skyldu aðilar „kveða á um merki með sér, um land ok skóga ok engjar ok reka, veiðar ok afréttu ef eru, ok allra gœða skulu þeir geta þeira, er því landi eigu at fylgja, þó at þat sé í önnur lönd, eða aðrir menn eigi þanneg 'tøk“. Jafnframt var seljanda jarðar skylt að ganga á merki innan tólf mánaða, með þeirri undantekningu m.a. að eigi var „skylt at ganga á merki þar er fjöll þau eru, er vatnföll deilaz millum heraða, ok eigi er skylt at ganga ór búfjargangi á fjöll upp, kveða skal þar á merki“³². Væri uppi ágreiningur um eignarhald á tilteknu landsvæði og „kallar annarr sér, annarr afrétt eða almenning“ skyldi leysa úr því máli eftir ákveðnum reglum. Í því fólst m.a. að sá „er sér kallar þá jörð“ þurfti að leiða fram vitni máli sínu til stuðnings. Svardagi

³⁰ *Landnámabók* 1986, s. 71, sbr. einnig s. 139–146, 230–232.

³¹ *Grágás* 1992, s. 342 (46. k. lþ.).

³² *Jónsbók* 1904, s. 124 (6. k. lbb). Samkvæmt ákvæðum Jónsbókar voru menn einnig í vissum tilvikum skyldir til að gera svokallaðan „löggarð“ um töðuvöll sinn, engjar og einnig bæja á milli, sbr. bls. 159–163 (31.–32. k. llb.).

vitnis skyldi vera á þessa leið: „þat hefir ek heyrt, at þar skilr mark á meðal eignar bónda ok almennings eða afréttar...“³³

Með landamerkjalogum, nr. 5/1882, var þó fyrst kveðið á um almenna skyldu landeiganda eða umráðamanns jarðar til að setja glögg landamerki fyrir jörð sinni, þar sem þau voru ekki fyrir, halda þeim við og skrásetja, sbr. 1.–3. gr. Samsvarandi ákvæði eru í 1.–3. gr. núgildandi landamerkjalaga, nr. 41/1919.

Þá kemur til skoðunar hver hafi verið réttur jarðeiganda innan merkja jarðar sinnar. Þar verður einna helst litið til þeirra landsnytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. beitar, veiði, vatns, reka og jarðefna. Síðar verður vikið að hliðstæðum atriðum varðandi afrétti.

Frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hefur landeigandi átt beit og annan jarðargróður á jörð sinni, sjá nánar í kafla 4.7. Hann hefur sjálfur stjórnað því hvenær, hversu lengi og hvaða fjölda fjár þar væri beitt.

Á sama tíma hefur að meginreglu verið kveðið á um einkarétt jarðeiganda til veiði fugla, fiska og annarra nytjadyra á jörð sinni.³⁴ Í sumum tilvikum hefur beinlínis verið tekið fram að rétt landamerki jarðar hvorrar skyldu ráða veiði á landi.³⁵

Hér má að auki nefna þá meginreglu vatnalaga, nr. 15/1923, að vatnsréttindi fylgi landareign hverri, sbr. ákvæði 2. gr.³⁶ Regla þessi á rætur að rekja til ákvæða Grágásar og Jónsbókar.³⁷ Um vatnsréttindi voru þó að sönnu fábrotin fyrirmæli lengst af í íslenskri löggjöf og lutu þá fyrst og fremst að notum vatns til neyslu og áveitu. Stóð um það nokkur fræðilegur ágreiningur í hvaða mæli vatnsréttindi tilheyrðu viðkomandi fasteign og endurspeglast sá ágreiningur m.a. í viðhorfum innan Fossanefndarinnar svokölluðu sem lagði drögin að gildandi löggjöf um vatnsréttindi, vatnalögum nr. 15/1923.³⁸ Með þeim var sú tilhögun þó óumdeilanlega staðfest að allir

³³ *Jónsbók* 1904, s. 186 (52. k. llb.).

³⁴ Sjá t.d. *Jónsbók* 1904, s. 188–192 (56.–57. k. llb.); 1. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 1. mgr. 121. gr. vatnalaga, nr. 15/1923; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/1932; 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 112/1941; 1. mgr. 2. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957; 1. mgr. 2. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, og 2. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

³⁵ Sjá t.d. 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 1. mgr. 4. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954 og 1. mgr. 4. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966.

³⁶ Sjá nú einnig 2.–3. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

³⁷ Sjá t.d. *Grágás* 1992, s. 324–325, 350–351 (34., 35. og 52. k. lb.). *Jónsbók* 1904, s. 188–190 (56. k. llb.).

³⁸ Ólafur Lárusson sýnist þó hafa verið þeirrar skoðunar að vatnsréttindi, þ.m.t. réttur til grunnvatns, hafi jafnan fylgt landareign og studdi þá skoðuna sína m.a. túlkun ákvæða Grágásar og Jónsbókar þ.a.l., sbr. Ólafur Lárusson, *Skrifaðir kaflar úr hlutarétti, Vatnsrjettur*, Reykjavík 1929. Í H 1963 173 segir

helstu þættir vatnsréttinda og vatnsnota tilheyrðu þeirri fasteign sem land ætti undir vatninu, þ.m.t. orkunýtingarrétturinn, sbr. 49. gr. laganna. Hefur það enn frekar verið staðfest með síðari niðurstöðum Hæstaréttar, sbr. t.d. H 1955 431 og H 1963 173. Með lögtöku laga nr. 57/1998 var jafnframt staðfest að eigandi fasteignar færi með eignarráð þess grunnvatns sem undir fasteign hans myndist.

Á sama hátt hefur sú meginregla gilt að hver maður ætti reka fyrir sínu landi.³⁹ Rekabálkur Jónsbókar er að stærstum hluta enn í gildi, sjá nánar í kafla 4.9.

Af ákvæðum Grágásar um rétt leiglendings til mótaks í leigulandi og Jónsbókar um sams konar rétt til torfskurðar verður jafnframt ályktað að jarðeigandi hafi átt einkarétt til jarðefna á jörð sinni.⁴⁰ Sama meginregla virðist koma óslitið fram í síðari tíma löggjöf.⁴¹ Framangreind lagaákvæði miðast við og endurspegla tilganginn með stofnun hveirrar jarðar, að stunda þar búskap og nýta þannig landið til viðurværis.

Þá hafa eigendur og ábúendur jarða átt sérstökum lögákvæðnum skyldum að gegna. Nefna má að samkvæmt ákvæðum Grágásar og Jónsbókar skyldu þeir bera boð um þinghald milli bæja.⁴² Höfuðskyldan hefur þó fyrir og síðar falist í skattgreiðslum.

Elsta dæmi um jarðamat á Íslandi er að finna í tíundarlögunum 1096/97.⁴³ Tíund var í reynd 1% eignarskattur sem lagður var á jarðnæði bænda og flestar aðrar eigur landsmanna. Með jarðabókum á 17. öld og síðar leituðust stjórnvöld við að fá sem gleggsta hugmynd um skattskyldar jarðeignir í landinu og verðmæti þeirra og eru dæmi um að reynt hafi verið að meta jarðir að nýju til að komast sem næst raunvirði þeirra. Sjá nánar í kafla 5.2.

Notkun hugtaksins *jörð* í löggjöf hefur verið breytileg og á stundum óljós. Þannig bregður fyrir hugtakinu *aðalbóli* í Grágás og *höfuðbóli* í Jónsbók þegar rætt er um þær jarðir sem síst skyldi farga undan ættargóssi. Hugtakið *staður* er einnig víða notað í heimildum um sérstakan flokk kirkjujarða. Það táknaði fyrst og fremst full eignarráð kirkjustofnunar yfir heimalandi sínu.⁴⁴

síðan beinlínis að það sé forn regla í íslenskum rétti að hver maður eigi vatn og veiði fyrir sinni jörð, sbr. 56. kap. IIb. Jónsbókar.

³⁹ Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 134–136, 194–196 (6. og 60. k. IIb.).

⁴⁰ Sjá *Grágás* 1992, s. 345 (48. k. Ibb.). *Jónsbók* 1904, s. 135–136 (6. og 7. k. IIb.).

⁴¹ Sjá 3. k., 8.–10. gr. tilskipunar frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi (*Lovsamling for Island*. 5. b. Kaupmannahöfn 1855. S. 454–455), 1. mgr. 3. gr. og 13. gr. námulaga, nr. 61/1907, 1. gr. námulaga, nr. 24/1973 og 3. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998.

⁴² *Grágás* 1992, s. 182 (42. k. um fjárleigur). *Jónsbók* 1904, s. 106–108, 110–112 (29. og 32. k. ffb.).

⁴³ Sjá einnig t.d. lög um fasteignamat, nr. 22/1915, 3/1938, 70/1945, 28/1963, 94/1976, 6/2001.

⁴⁴ Sbr. Magnús Stefánsson 2000: *Staðir og staðamál. Studier i islandske egenkirkelige og beneficialrettslige forhold i middelalderen*. I. Bergen. S. 35.

Í Grágás og Jónsbók er ekki minnst á hjáleigur enda var leiguliða óheimilt að leigja út frá sér nema með leyfi landeiganda.⁴⁵ Ekkert virðist þó hafa verið því til fyrirstöðu að sjálfseignarbóndi leigði öðrum skika af landi sínu. Sjálft hugtakið *hjáleiga* kemur ekki fyrir í heimildum fyrr en í byrjun 15. aldar.⁴⁶ Fram að þeim tíma voru önnur hugtök notuð eins og *heimalönd*, *smálönd* og *hjábyli*.⁴⁷ Hjáleigubýggð mun fyrst hafa myndast á 13. öld en vaxið mjög á 14. öld.⁴⁸

Sumar hjáleigur urðu til í sellöndum þegar reynt var að breyta selstæði í varanlegan bústað.⁴⁹ Á grundvelli nýlegra rannsókna hefur þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Þar er jafnframt dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta. Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan komist í einkaeigu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra.⁵⁰ Um þetta verður þó varla fullyrt nema hvert tilvik sé skoðað sérstaklega.

Hvernig sem til hjáleigubúskapar var stofnað í öndverðu var lengi ekki gert ráð fyrir að hjáleigur væru tíundaðar sérstaklega í jarðabókum. Það er ekki fyrr en í tilskipun um nýtt jarðamat frá 1. september 1848 að kveðið er á um að hjáleigur skuli metnar sem sérstakar jarðir ef þær hafi sín sérstöku landmerki og virðist þeirri reglu hafa verið fylgt í löggjöf eftir þann tíma.

Lögbyli var annað hugtak yfir jörð og þá gjarnan notað til að greina á milli *heimajarðar* og hjáleigu. Elstu dæmi þess í Orðabók Háskólans eru frá 16. öld. Í Grágás kemur þó fyrir hugtakið *lögþú* þegar rætt er um þá menn sem rétt sé að kveðja til búakviðar, en merkingin er að öðru leyti óljós. Í Jarðabók Árna og Páls má einnig sjá þess merki að lögþúli hafi verið skilgreint sem jörð er ætti skyldurekstur á afrétt.⁵¹ Þau

⁴⁵ Grágás 1992, s. 344 (48. k. lþ.).

⁴⁶ *Íslenskt fornbréfasafn*. 3. b. Kaupmannahöfn 1896. S. 660 (árið 1401). Ólafur Lárusson (1944) telur elstu öruggu heimildina þar sem *hjáleiga* kemur fyrir vera frá 1431 (*Byggð og saga*. Reykjavík. S. 55).

⁴⁷ Árni Daníel Júlíusson, 1996: *Bønder i pestens tid. Landbrug, godsdrift og social konflikt i senmiddelalderens islandske bondesamfund*. Kaupmannahöfn. S. 94.

⁴⁸ Helgi Þorláksson, 1991: *Vaðmál og verðlag*. Reykjavík. S. 462–463.

⁴⁹ Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 4. b. Kaupmannahöfn 1925 og 1927. S. 398. *Jarðabók Árna og Páls* 5 (Kph. 1931–1933), s. 98. *Jarðabók Árna og Páls* 6 (Kph. 1938), s. 231. *Jarðabók Árna og Páls* 7 (Kph. 1940), s. 232. *Jarðabók Árna og Páls* 8 (Kph. 1926), s. 382, 398, 431. *Jarðabók Árna og Páls* 9 (Kph. 1930), s. 335. *Jarðabók Árna og Páls* 10 (Kph. 1943), s. 4, 298. *Jarðabók Árna og Páls* 11 (Kph. 1943), s. 13, 66, 96, 98, 111, 123, 148, 153, 225, 252, 257, 272, 280, 333, 347, 368.

⁵⁰ Hitzler, Egon 1979: *Sel – Untersuchungen zur Geschichte des isländischen Sennwesens seit der Landnahmezeit*. Ósló. S. 213–215, 226.

⁵¹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 13. b. *Fylgiskjöl*. Reykjavík. S. 24.

hugtök sem hér hefur verið gerð grein fyrir lýsa mismunandi tegundum jarða en veita ekki frekari vitneskju um eignarréttarlega þýðingu hugtaksins jörð í samanburði við hugtökin afréttur og almenningur.

Þá kemur til athugunar hvort land innan jarðar geti haft mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Hugtakið *heimaland* kemur víða fyrir í heimildum, ekki síst máldögum. Í Jónsbók birtist það fyrst í fyirsögn 53. kafla landsleigubálks: „Um afréttarfé ef það gengur í heimaland.“ Einnig er minnst á það í réttarbót Hákonar Magnússonar konungs árið 1305:

Þat er góðr vilji várr um geldfé at þat sé sektalaust í heimalöndum ef hreppstjórar og grannar lofa ok gefa enga sök á því.⁵²

Hér sýnist *heimaland* merkja jörð aðskilda frá því landsvæði þar sem geldfé gengur að jafnaði, þ.e. afrétti.

Í máldögum er heimaland haft um þá jörð sem kirkja stóð á, stundum til aðgreiningar frá öðrum jörðum sem eignaðar voru kirkjunni. Í yngri heimildum eru þó dæmi um að heimaland hafi verið sérstök bújörð, aðskilin frá þeirri jörð sem hún heyrði undir. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir t.d. um jörðina Íshól í Ljósavatnshreppi að hún sé eign staðarins í Laufási og kallist „heimaland þess staðar“, þó að þaðan liggja næstum hálf önnur þingmannaleið, eða 50 km, til Íshóls.⁵³

Einnig hefur verið bent á að í heimildum frá 18. öld virðist *heimaland* stundum vera haft um „einskonar millistig á milli lögbýlis og hjáleigu, þó skyldara hjáleigu“. Býli sem á þennan hátt nefnist heimalönd í fyrrgreindum heimildum séu einatt mjög forn hjálönd eða hjáleigur sem byggst hafi áður en kom til hinnar eiginlegu hjáleigubýggðar. Venjuleg merking orðsins heimaland sé önnur, þ.e. afmörkuð landareign ákveðinnar, einstakrar jarðar heima fyrir, gagnstætt afrétti.⁵⁴

Hugtök þau sem hér hefur verið fjallað um koma víða fyrir í fjallskilareglugerðum án þess að þau séu skilgreind nánar. Þó er að finna undantekningar eins og fjallskilareglugerð fyrir Mýrasýslu, nr. 88/1892, en þar segir meðal annars svo í 4. gr.:

Heimalönd. Heimaland jarðar liggur umhverfis bæ hennar og út frá túni, og er hvergi sundur skorið af annarri landareign. Sumra jarða heimalandi utanhúss má aftur skipta í tvennt:

⁵² *Jónsbók* 1904, s. 292.

⁵³ *Jarðabók Árna og Páls* 11, s. 143.

⁵⁴ Björn Teitsson, 1973: *Eignarhald og ábúð á jörðum í Suður-Þingeyjarsýslu 1703–1930*. Reykjavík. S. 78–79.

a. *Búfjárhagar* er sá hluti af landareign jarðar, er búpeningur hennar gengur jafnaðarlega í árið um kring. Hér með teljast og engjar í heimalöndum. Flestra jarða heimaland heyrir allt undir þennan staflið.

b. *Útlenda* kallast hér sá hluti af heimalandi jarðar, er liggur út frá búfjárhögum hennar á eina hlið eða fleiri, og verður sökum fjarlægðar eða afstöðu eigi varinn almennings fé, eða notaður stórum meir til sumarbeitar af ábúanda þeirrar jarðar en mörgum öðrum. Þetta á aðeins við um landmiklar jarðir, er liggja við afrétt.⁵⁵

Í tilvitnaðri fjallskilareglugerð er gert ráð fyrir að útlenda sé hluti heimalands. Sami eða svipaður skilningur kemur reyndar fram í nýbýlatilskipuninni 15. apríl 1776 þegar fjallað er um „útlendi“ eignarlanda en þar skyldi jarðeigandinn hafa forgangsrétt til að byggja upp nýbýli. Einnig er rétt að benda á það sem Þorvaldur Thoroddsen segir í riti sínu *Lýsing Íslands* að útlendur „[heiti] þeir hlutir af heimalandi, er liggja út frá búfjárhögum“.⁵⁶

Í löggjöf tuttugustu aldar gætir þess í sívaxandi mæli að þær fasteignir eða fasteignaréttindi sem áður höfðu án sundurgreiningar verið felld undir jarðarhugtakið séu flokkaðar og skipt upp með nýjum hætti. Í fjölda laga er vikið að hugtökunum jörð, lögbýli, landareign lögbýla, eyðijarðir og heimaland jarða. Settar eru fram ýmsar skilgreiningar, sem oft vísa til annarra laga að einhverju leyti.⁵⁷

Niðurstaða óbyggðanefndar er sú að almennt megi gera ráð fyrir því að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámmum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Tilgangurinn með stofnun hvernar jarðar hefur verið að stunda þar búskap árið um kring. Samt sem áður getur að sjálfsögðu verið land innan jarðar sem ekki verður nýtt til landbúnaðar, enda getur setning merkja hæglega hafa tekið mið af öðrum atriðum. Nýting landsins hefur ráðist af búskaparháttum og umfangi bús á hverjum tíma. Innan merkja jarðar sinnar hefur eigandi farið með umráð og hagnýtingu, ráðstafanir með löggerningum, veðsett jörðina og látið hana ganga að erfðum, á sama hátt og gildir um eignarland almennt.

Landsvæði hvernar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Óbyggðanefnd telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Heimaland jarðar sýnist að jafnaði hafa tekið til alls lands henni tilheyrandi, gagnstætt hins vegar afréttum. Ekki virðist almennt hafa verið gert ráð fyrir skiptingu jarðar í heimaland, undirorpið sérstakri og meiriháttar nýtingu, og annað land, úthaga eða afréttarland, í takmarkaðri notum. Einstök dæmi um slíka skiptingu finnast þó og eins kann það í öðrum tilvikum að valda nokkrum vafa þegar undir einstakar jarðir lá

⁵⁵ *Stjórnartíðindi fyrir Ísland árið 1892*. B-deild. Reykjavík 1892. S. 140.

⁵⁶ Þorvaldur Thoroddsen, 1919: *Lýsing Íslands*. 3. b. Kaupmannahöfn. S. 189.

⁵⁷ Sjá t.d. vatnalög, lög um lax- og silungsveiði, jarðalög, ábúðarlög og lög um fasteignamat.

eða liggur sjálfstætt afréttur, sjá einnig kafla 4.4. og 4.5. Í slíkum tilvikum er þó oft fyrir að fara glöggum og óumdeildum merkjum milli heimajarðar og afréttar, sbr. t.d. afréttina Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði. Af slíkum einstökum dæmum verða hins vegar engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar. Sýnist þvert á móti mega leggja þá meginreglu til grundvallar að heimaland jarðar nái til alls lands henni tilheyrandi, nema sérstök frávik leiði til annars.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum er eða hefur verið jörð eða hluti hennar sé beinum eignarrétti háð.

Þó svo að hugtakanotkun hafi ekki fyrir og síðar verið samræmd milli einstakra laga á þessu sviði, er ekki þar með sagt að hún stangist á. Mestu máli skiptir í þessu sambandi að við það mat sem fram fer fyrir óbyggðanefnd sýnist eftir sem áður mega líta til hinnar fornu og almennu skiptingar í *jarðir*, *afrétti* og *almenninga*, þar sem *jörð* hefur þá réttarstöðu og réttarsögulegu stöðu, sem hér hefur verið gerð grein fyrir.

4.3. Almenningar

Hugtakið almenningur hefur haft margræða merkingu í löggjöf fyrir og síðar. Hefðbundin greining gerir ráð fyrir að almenningar séu á landi, hafi og í vötnum en hugtakið hefur allt eins verið notað um ítaksrétt, t.d. rétt til nytja af skógi eða fjöru.⁵⁸ Eftirfarandi umfjöllun miðast fyrst og fremst við landalmenninga, þ.e. afmarkað landsvæði. Um slík landsvæði giltu tilteknar reglur sem einkum vörðuðu rétt til beitar, veiði og reka.

Fræðimenn hefur greint á um hvernig háttað sé eignarrétti að almenningum og hvort þá sé fyrst og fremst að finna inn til lands eða út við haf.⁵⁹ Sett hefur verið fram sú kenning að land sé annað hvort eignarland eða almenningur. Almenningar séu svæði inn til lands sem fjórðungsmenn hafi átt saman á grundvelli Grágásar og síðar Jónsbókar. Þar væri um að ræða sektarfé til fjórðungsmanna, land sem varð eftir þegar farið var að setja merki á milli býla, eða ónumið land.⁶⁰ Eignarrétturinn hefði flust yfir til ríkisins ekki síðar en við gildistöku nýbýlatilskipunarinnar 1776. Hugtakið afréttur fæli einvörðungu í sér ítaksrétt í almenningssland, þ.e. ríkisland, að þeim tilvikum

⁵⁸ Sjá t.d. *Íslenskt fornbréfasafn*. 2. b. Kaupmannahöfn 1893. S. 305, 310, 620, 708, 866, 868–869. *Íslenskt fornbréfasafn*. 4. b. Kaupmannahöfn 1897. S. 141. *Íslenskt fornbréfasafn*. 9. b. Reykjavík 1909–1913. S. 642.

⁵⁹ Sbr. Þorvaldur Thoroddsen 1919, s. 187–189.

⁶⁰ Bjarni Jónsson frá Vogu, 1917–1919: *Almenningar og afrjettir*. Nefndarálit meiri hluta Fossanefndar (B). S. 20–22, 24. Sjá hins vegar Eggert Briem, 1917: „Um afrjettir og almenninga.“ *Lögrjetta* 11. apríl 1917. S. 61–62.

undanskildum þegar um beitiland tilheyrandi einstökum jörðum væri að ræða.⁶¹ Ítaksrétturinn fæli fyrst og fremst í sér rétt til beitar og veiði. Þessum sömu sjónarmiðum var haldið fram af hálfu ríkisins í H 1981 1584 (Landmannaafreittardómur síðari) en var hafnað.

Einnig hafa komið fram gerólíkar kenningar um almenninga. Almenningar hafi legið við sjó og verið veiðistöðvar en ekki grasnytjar eða upprekstrarlönd til fjalla. Þeir hafi orðið til löngu eftir að landið var numið, með samkomulagi við landeiganda. Alþýða manna í fjórðungnum hafi þá öðlast þar þau réttindi sem lög gerðu ráð fyrir í almenningum, yfirleitt gegn greiðslu tolls.⁶²

Helsta ákvæði Grágásar um almenninga hljóðar svo:

Það er mælt að almenningar eru á landi hér. Það er almenning er fjórðungsmenn eiga allir saman. Þar eiga menn að fiskja og fygla svo að koma þangað er mánaður lifir vetrar og vera þar sjö mánaði. Þá skal almenning liggja fimm mánaði svo að sá einn skal þá beita er næstur býr. Þar eiga menn að höggva við og telgja og færa til skips eða búða, og er þá heilagur viðurinn.⁶³

Helsta ákvæði Jónsbókar um almenninga hljóðar svo:

Þat eru almenningar er at fornu hafa verit. Sætr má hverr þeira gera er þann almenning eigu er vill at sitja í sumarsetri, ef þat er ór búfjargangi. En ef tveir menn ganga báðir í eina sláttu senn, hafi báðir þat er þeir slá. En ef þá skilir á, hvár þeira fyrri orti á, hafi sá sitt mál er sannar með einseiði, nema hinn hafi fleiri vátta í móti. Fiskivotn ǫll i almenningi eru ǫllum jafnheimil; þar megu menn fiskja ok fygla. Engi skal beita almenning frá krossmessu á vár ok til Bótólfsvöku; þar eigu menn at telgja við ok færa til skips eða búða, ok er þá heilagur viðrinn. Nú koma menn þar ǫðru skipi ok fá eigi þar farm, en aðrir hafa meirr en farm sínu skipi, hvárt er þat er viðr eða hvalr, þá er rétt at þeir taki farm sínu skipi, ok bæti hinum fyrir starf sitt. Nú kemr hvalr, þá er menn eru í almenningi, þá skal boð upp skera sá er næstr býr ok láta fara alla vega sem dagr deiliz; sekr er hann sex aurum við konung, ef hann skerr eigi boð upp, en eyri hverr er fellir, nema nauðsyn banni...⁶⁴

Samkvæmt Jónsbók var gerður sá meginmunur á almenningum og afréttum að í þeim fyrrnefndu mátti slá og gera sel en í þeim síðarnefndu ekki.⁶⁵

Því hefur verið haldið fram að ýmis ákvæði Jónsbókar um almenninga upp til fjalla miðist við aðstæður í Noregi en ekki á Íslandi.⁶⁶ Í því sambandi hefur verið bent

⁶¹ Bjarni Jónsson frá Vogu 1917–1919, s. 27–30.

⁶² Eggert Briem 1917, s. 61–62.

⁶³ Grágás 1992, s. 369 (74. k. lbp.).

⁶⁴ Jónsbók 1904, s. 193–194 (59. k. llb.).

⁶⁵ Jónsbók 1904, s. 176, 193 (46. og 59. k. llb.).

á beina samsvörun tveggja helstu ákvæða Jónsbókar um þetta efni, í 52. og 59. k. llb., við norsk lög.⁶⁷ Óvíst er því að hve miklu leyti þau hafa haft raunverulega þýðingu hér á landi, a.m.k. er ljóst að afréttarsvæði er að finna víða um land en almenninga „hið efra“ sér lítinn stað. Að löggjöf frátalinni eru heimildir um þá ekki aðrar en örnefni á stöku stað. Heimildir um almenninga við sjávarsíðuna eru hins vegar allnokkrar. Þá sjaldan vísað er í fyrnefnt ákvæði Jónsbókar virðist hafa verið um slíka almenninga að ræða.⁶⁸ Hins vegar verður ekki séð að almenningur hafi almennt verið notað um óbyggð svæði sem enginn hafði nýtt af. Um slík svæði virðist fremur hafa verið notað orðið óbyggðir, stundum e.t.v. einnig öræfi.⁶⁹

Þess eru samt sem áður ýmis dæmi í síðari tíma löggjöf að fjallað sé um almenninga.⁷⁰ Hugtakið er þá oft notað í mun víðtækari merkingu en áður. Þannig er gert ráð fyrir að almenningar séu landsvæði sem enginn aðili geti talið til einstaklings-eignarréttinda yfir.⁷¹ Ekki er þá gerður greinarmunur á annars vegar almenningum skv. hinum eldri skilningi hugtaksins, og hins vegar öræfasvæðum, sem engar hefðbundnar nýttjar eru af.⁷²

Óbyggðanefnd telur að heimildir bendi ekki til að hér á landi hafi verið að finna afmörkuð landsvæði inn til landsins sem lotið hafi reglum um almenninga. Hafi einhvern tíma svo verið, hefur munur á þeim og afréttum orðið lítill eða enginn er tímar liðu fram.⁷³ Heimildir skortir hins vegar um hvernig það kann að hafa gerst. Í

⁶⁶ Eggert Briem 1917, s. 61–62.

⁶⁷ Sjá eldri Frostapingslög (k. XIV, 7 og 8) og landslög Magnúsar Hákonarsonar (llb., 61. k.) í *Norges gamle love indtil 1387*. 1. b. Christiania 1846. S. 250–251. *Norges gamle love indtil 1387*. 2. b. Christiania 1848. S. 144–145.

⁶⁸ Sjá t.d. *Íslenskt fornbréfasafn*. 8. b. Reykjavík 1906–1913. S. 485. Að vísu kemur hugtakið almenningur fyrir sem afmarkað beitiand í svonefndum Þjósártungudómi, en um sanngildi hans leikur vafi. Sbr. Aðalgeir Kristjánsson og Stefán Karlsson, 1979: „Fimm hundruð ára dómur eða fals?“ *Gripla* III. S. 104–114.

⁶⁹ Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 43.

⁷⁰ Sjá t.d. 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1879 ásamt fylgiskjölum þeirra laga, 4. gr laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969, 4. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.

⁷¹ Gaukur Jörundsson, 1982–1983: *Eignarréttur* II, s. 133. Þorgeir Örlygsson: „Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 576. Sjá einnig 2. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954; 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966; 1. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994; 8.–1. gr. tilskipunar frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi. Sjá einnig 1. gr. nánulaga, nr. 50/1909.

⁷² Sbr. t.d. 1. gr. landamerkjálaga, nr. 5/1882, 1. mgr. 1. gr. landamerkjálaga, nr. 41/1919.

⁷³ Ólafur Lárusson, 1950: *Eignarréttur*. Reykjavík. S. 83.

Því sambandi má benda á að í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns eru jöfnum höndum notuð orðin afréttur og almenningur eða almenningsafrétt, þegar um er að ræða afrétt sem margir nota sameiginlega.⁷⁴ Þá er ljóst að stærstur hluti lands utan einstakra jarða hefur fyrr og síðar verið í afréttarnotum. Samkvæmt þessu verður ekki talið að hugtakið almenningur hafi mikið sjálfstætt gildi við mat á grunn-eignarrétti á landi sem verið hefur í slíkum notum. Ekki er þó útilokað að slík landsvæði finnist og eins getur hugtakið haft þýðingu við mat á takmörkuðum eignarréttindum.

4.4. Afréttir

Uppruni hugtaksins *afréttur* er óljós en sett hefur verið fram sú kenning að afréttur hafi í upphafi merkt þá athöfn að reka geldfé úr heimahögum til fjarlægara beitilands. Síðar hafi það að auki farið að merkja réttinn til að reka fé í þetta beitiland. Loks hafi þriðja merkingin komið við hlið hinna, þ.e. svæðið sem rekið var á.⁷⁵

Afréttur hefur oft verið skilgreindur sem afmarkað landsvæði, að jafnaði utan byggðar, sem að fornu og/eða nýju hefur verið nýtt sem sumarbeitiland.⁷⁶ Þessi skýring virðist komast einna næst því sem sagt er um afrétti í Grágás og Jónsbók.⁷⁷

Allt frá tíma Grágásar hafa íslensk lög fyrst og fremst gert ráð fyrir að afréttur væri afmarkaður frá aðliggjandi jörðum, fremur en að þess gerðist þörf að hann væri skýrt afmarkaður í heild sinni. Í kafla 4.2. var gerð grein fyrir ákvæðum Jónsbókar um úrlausn ágreinings er „kallar annarr sér, annarr afrétt eða almenning“ og merkjalýsingu (eða merkjagöngu) við sölu lands. Sá er næstur þjó afrétt gat stefnt þeim við sig til garðlags er afréttinn áttu, að tilteknum skilyrðum uppfylltum.⁷⁸ Ákvæði Grágásar voru mjög keimlík því sem hér hefur verið lýst en ekki eins ítarleg. Í landamerkjalogum, nr. 5/1882, er einungis kveðið á um að landamerkjum afrétta og annarra óbyggðra lendna skuli haldið við „að því leyti því verður við komið“. Skylda jarðeigenda til merkjasetningar, viðhalds merkja og skrásetningar þeirra er hins vegar afdráttarlaus. Landamerkjalog, nr. 41/1919, sem enn gilda, verður að skilja svo að landamerki afrétta skuli skrásett. Hins vegar kemur skýrt fram að einungis skuli setja merki og halda við merkjum ef sá krefst þess sem land á að afrétti. Enn sem fyrr

⁷⁴ Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 12. b. Atriðisorðaskrá. Reykjavík 1990. S. 7 (almenningsafrétt, almenningur).

⁷⁵ Bjarni Jónsson frá Vogu 1917–1919, s. 43.

⁷⁶ Efnislega svo í lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. Sjá jafnframt 1. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998.

⁷⁷ *Jónsbók* 1904, s. 176–177, 187 (46. og 54. k. llb.). Sbr. einnig Grágás 1992, s. 330–331, 340, 342 (38., 44. og 46. k. lþp.).

⁷⁸ *Jónsbók* 1904, s. 187 (54. k. llb.).

miðast því ákvæði landamerkjálaga fyrst og fremst við að afmarka lönd jarða. Síður er talin þörf á að afmarka afrétti í heild sinni með skýru móti. Sjá nánar í kafla 5.5.

Ætla má að sum afréttarlönd hafi legið innan upphaflegra landnáma. Önnur hafa legið utan þeirra. Sú kenning hefur verið sett fram að réttur til afrétta hafi í upphafi orðið til með afnotanami á landi sem hvorki var háð eignarrétti einstaklinga né ríkis.⁷⁹ Af heimildum verður hins vegar ekki ráðið að landnámsmenn hafi numið land til annars en fullrar eignar. Afréttir virðast þannig hafa orðið til á þrennan hátt. Í fyrsta lagi er mögulegt að landsvæði hafi verið numið, gengið kaupum og solum og fyrr eða síðar verið lagt til afréttar. Í öðru lagi getur verið um það að ræða að land hafi verið numið en beinn eignarréttur ekki yfirfærst og fallið niður. Í aldanna rás hafi menn óatalið farið að nýta svæðið sem afrétt. Í þriðja lagi kann ónumið landsvæði að hafa verið tekið til afnota sem afréttur, enda þótt með óformlegum hætti væri.

Með tilliti til uppruna afrétta má flokka þá í þrennt. Í fyrsta lagi er um þá afrétti að ræða sem kalla má *samnotaafrétti*. Þar er um að ræða afrétti sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Sýnast afréttir þeir sem lögbækurnar tóku til einkum falla í þennan flokk. Óhætt sýnist að álykta sem svo að hluti þeirra landsvæða, a.m.k., sem viðkomandi afréttir taka og/eða tóku til hafi legið utan þeirra svæða sem numin voru en eignarheimildir snemma fallið niður, hafi svo verið. Rétturinn til þeirra hafi orðið til með því að íbúar byggðarlagsins hafi tekið viðkomandi landsvæði, sem legið hefur utan þáverandi byggðarmarka, til sumarþeirrar fyrir búþening og eftir atvikum annarra takmarkaðra nota.

Í öðru lagi er um að ræða *afrétti einstakra jarða og stofnana*, en þar er um þá afrétti að ræða sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Rekstur annarra aðila var þá heimill skv. venjum og samningum, en gegn greiðslu afréttartolls. Umræddir afréttir eru að meginstefnu til skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða í sumum tilvikum af öðrum fasteignum. Tilurð þessara afrétta er ekki með öllu ljós en þeim skýringum hefur m.a. verið hreyft að umræddir afréttir hafi verið hluti af landnámi einstakra landnámsjarða, en vegna legu sinnar, landkosta og búskaparháttanna verið nýttir til upprekstrar.

Í þriðja lagi er svo um það að ræða að land eða hluti lands einstakra jarða hafi verið lagt til afréttar.

Eignarréttarleg þýðing hugtaksins í löggjöf hefur verið á reiki. Hefðbundin greining gerir ráð fyrir að afréttir verið flokkaðir í þrennt. Í fyrsta lagi er um að ræða afrétti sem eru fullkomið eignarland, t.d. þegar lönd jarðar hafa verið lögð til afréttar. Í öðru lagi geta afréttir verið í afréttareign, og hún eingöngu talin fela í sér þrengri eignarráð, fyrst og fremst beitarrétt og veiði. Í þriðja og síðasta lagi er um að ræða

⁷⁹ Þórður Eyjólfsson: „Um afrétti og réttindi, sem afréttareign fylgja.“ September 1970 (ópr. fjölr.). S.1.

afréttarítök sem felast þá í rétti jarðar eða jarða til uppreksturs á afrétt tilheyrandi annarri jörð eða stofnun, oftast gegn gjaldi. Sá afréttur getur verið hvort heldur er háður beinum eignarrétti eða einungis afréttareign, sbr. fyrri flokkana tvo. Hugtakið afréttareign getur svo haft víðtækari skírskotun, þ.e. framangreint afbrigði takmarkaðra eignarréttinda að landi.

Þá kemur til skoðunar hver hafi verið réttur manna til landsnytja innan afrétta (og almenninga). Þar verður einna helst litið til þeirra landsnytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. beitar, reka, veiði, vatns og jarðefna, sbr. kafla 4.2.

Frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hefur verið kveðið á um það í löggjöf hverjir mættu reka á afrétt, hvenær, hversu lengi mætti beita þar og hverjar skorður yrðu settar við fjölda fjár. Ákvæði Grágásar og Jónsbókar miðuðust við afrétt er menn „eigu tveir eða fleiri saman.“ Samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969 áttu „allir búfjáreigendur, sem landsafnot hafa í hreppi eða á félagssvæði...“ upprekstrarrétt á afrétt hrepps eða annars upprekstrarfélags. Um upprekstrarrétt á afréttarland, sem lá undir einstaka jörð eða stofnun, fór hins vegar eftir fornri venju eða samningum. Sömu reglur er að finna í núgildandi lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.⁸⁰ Sjá nánar í kafla 4.7.

Ákvæði lögbókanna um beit í almenningi voru rýmri en varðandi afréttina. Enn fremur var tekið fram að hver sem vildi mætti gera sel í almenningi, en það var bannað í afréttum, og öllum var heimilt að nýta sér reka í almenningi, hvort heldur var viður eða hvalur, svo framarlega sem hann hafði ekki áður verið öðrum merktur, sjá nánar í kafla 4.9.⁸¹

Í Grágás er kveðið á um rétt manna til að veiða í almenningum.⁸² Sams konar ákvæði voru í gildi samkvæmt Jónsbók.⁸³ Ekki er minnst á afrétti sérstaklega í þessu sambandi. Árið 1849 er gefin út tilskipun um veiði á Íslandi og réttur til veiði á afréttum, sem fleiri eigi saman, bundinn við þá menn sem afrétt heyri til en í almenningum er veiði öllum mönnum jafnheimil.⁸⁴ Með lögum nr. 63/1954 eru reglur um fuglaveiðar rýmkaðar mjög og öllum íslenskum ríkisborgurum heimilaðar fuglaveiðar í almenningum og afréttum utan landareigna lögbýla, enda gæti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Heimild til dýraveiða í almenningum og afréttum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra, er veitt íslensk-

⁸⁰ *Jónsbók* 1904, s. 176–177 (46. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 330–331 (38. k. lbp.). Lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969, 7.–8. gr., og nr. 6/1986, 7.–8. gr.

⁸¹ *Jónsbók* 1904, s. 193–194 (59. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 369 (74. k. lbp.).

⁸² *Grágás* 1992, s. 349, 369 (50. og 74. k. lbp.).

⁸³ *Jónsbók* 1904, s. 193–194 (59. k. llb.).

⁸⁴ Sjá 2. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

um ríkisborgurum og erlendum ríkisborgurum með lögheimili hér á landi með lögum nr. 64/1994.⁸⁵

Engin sérákvæði hafa verið í íslenskri löggjöf um vatnsréttindi á afréttum og almenningum. Miklar deilur urðu um það í byrjun síðustu aldar hvernig eignarrétti að vatni væri háttað, í tilefni af auknum möguleikum til nýtingar vatnsorku. Lyktir urðu þær að í vatnalögum, nr. 15/1923, er sett sú almenna regla að vatnsréttindi fylgi eignarrétti að landi. Þess skal þó getið að við undirbúning vatnalaganna var Fossanefndin svokallaða sammála um að ríkið ætti öll vatnsréttindi utan landareigna einstakra manna.⁸⁶

Með vatnalögum, nr. 15/1923, var heimild til veiða í vötnum á afréttum og almenningum, sem héruð ættu eða notuðu með löglegri heimild og væru ekki einstaks manns eign, bundin við héraðsmenn. Öllum var hins vegar heimil veiði í vötnum á afréttum og almenningum og öðrum lendum utan landareigna lögbýla, enda gæti enginn sannað einstaklingsréttar heimild til þeirra. Umrædd regla þótti ekki fyllilega skýr og var það fyrst með dómi Hæstaréttar í Landmannaafréttarmálinu, H 1955 108 og með gildistöku 5. gr. lax- og silungsveiðilaga nr. 53/1957 sem tekið var af skarið um það, og án tillits til þess hvort að fyrir lægi sönnun um eignarrétt að viðkomandi landsvæði, að veiði í vötnum á afrétti tilheyrði búendum sem upprekstrarrétt ættu á afréttinn til búsparfa á sama hátt sem verið hefði enda væri veiðiréttur í þeim vötnum ekki í einkaeign, sbr. nú 5. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Allt að einu þykir verða að skýra 5. gr. lax- og silungsveiðilaga til samræmis við eignarhald viðkomandi afréttar/landsvæðis og að hún samkvæmt hljóðan sinni taki fyrst og fremst til samnotaafréttar. Lúti viðkomandi landsvæði, þ.e. afréttur beinum eignarrétti er veiðirétturinn að sama skapi á hendi þess sama aðila og fer með hinar beinu eignarréttarheimildir, skv. meginreglu 1. mgr. 2. gr. laga nr. 76/1970, einstaklinga, sveitarfélaga eða annarra. Sé afréttarland ekki undirorpið beinum eignarrétti, en allt að einu í afréttareign ákveðinna aðila, sbr. flokkunin í afrétti kirkna og stofnana hér að framan og afréttareignin eftir atvikum verið framseld sem slík, þá er ástæða til þess að ætla að veiðiréttur sé á hendi þess aðila sem er handhafi afréttar-eignarinnar. Á öðrum þeim landsvæðum sem hvorki falla í flokk afréttar né sýnt verði

⁸⁵ Sjá 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954, 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966 og 1. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

⁸⁶ Nefndarálit minnihluta Fossanefndar, bls. IV og 32 og Nefndarálit meirihluta Fossanefndar, sbr. 16. og 17. gr. þess frumvarps og athugasemdir við þær greinar.

fram á tilvist einstaklingseignarréttarheimilda til veiði þá tilheyrir veiðiréttur, að óbreyttu, íslenska ríkinu, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 58/1998.⁸⁷

Í Grágás og Jónsbók er ekki fjallað um rétt til jarðefna utan eignarlanda. Með tilskipun frá árinu 1878 er mælt fyrir um heimild hvers og eins til hagnýtingar tilgreindra jarðefna á fjöllum, þjóðvegum og öðrum stöðum, sem einskis eign væru. Árið 1907 er kveðið á um það í lögum að landssjóður teljist námueigandi í „afrjettum, almenningum og öræfum, sem ekki eru metin til dýrleika“.⁸⁸

Skyldur þeirra er hagsmuna hafa átt að gæta á afréttum hafa fyrst og síðast falist í að fylgja lagareglum, samþykktum eða samningum um tilhögun nýtingarinnar. Heimildir benda ekki til þess að afréttir hafi verið tíundaðir sérstaklega til skatts fyrir en á 20. öld. Sjá nánar í kafla 5.2.

Frá tíma nýbýlatilskipunarinnar 1776 má, a.m.k. framan af, merkja þann mun á samnotaafréttum og afréttum einstakra jarða og stofnana að löggjafinn hefur talið sig hafa rýmri heimildir til að skipa málum á hinum fyrrnefndu.⁸⁹ Í nýbýlatilskipuninni er einn flokkur óbyggðra landsvæða nefndur *afréttaralmenningur*, sbr. kafla 4.3. Það hugtak á sér eldri sögu og kemur m.a. fyrir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns í svipaðri merkingu og *samnotaafréttur*. Í nýbýlatilskipuninni virðist ekki gert ráð fyrir að afréttaralmenningar séu háðir beinum eignarrétti en viðurkennt að eigendur og ábúendur nærliggjandi jarða kunni að eiga þar einhvern nýtingarrétt.

Í 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1897, sem við tóku af nýbýlatilskipuninni segir svo: Nýbýli má stofna á eyðijörðum og í öðrum óbyggðum löndum, er enginn getur sannað sína eign. Svo má og stofna nýbýli í afrjettum, er sveitarfélög eiga, og almenningum, ef sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga er afrjettina eiga eða eiga

⁸⁷ Sjá 123. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, lög um lax- og silungsveiði, nr. 61/1932; lög um lax- og silungsveiði, nr. 112/1941; 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957 og 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

⁸⁸ Sbr. tilskipun frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi, 8.–10. gr.; 13. gr. námulaga, nr. 61/1907; og 1. gr. námulaga, nr. 50/1909. Í síðari löggjöf um þetta efni er ekki fjallað sérstaklega um afrétti og almenninga.

⁸⁹ Skýr dæmi um þetta má sjá í 1. og 4. gr. nýbýlalaga frá 1897, hugsanlega 2. gr. veiðitilskipunar frá 20. júní 1849, 1. og 13. gr. námulaga nr. 61/1907, 1. mgr. 12. gr. laga um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28/1963, 7. og 8. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, sbr. greinargerð með upphaflegu frumvarpi til þeirra laga. Auk þess má benda á þau gögn sem lágu til grundvallar þingsályktunartillögum frá 1917 og 1919 og svo sjálfum vatnalögunum frá 1923. Það veldur þó vafa að í viðkomandi lögum eru ekki alltaf gerðir fyrirvara vegna þeirra landsvæða eða afrétta sem sveitarfélög hafa eignast á síðari tímum og eiga hugsanlega fullkomnar eignarheimildir fyrir.

hagsmuna að gæta í almenningnum, leyfa það, og sýslunefndin veitir til þess samþykki sitt.

Í 2. gr. laganna er kveðið sérstaklega á um það að nýbýlingur skuli láta vita um fyrirætlun sína ef hann vilji stofna nýbýli á eyðijörð eða í óbyggðu landi og var þá gefinn sex mánaða frestur ef einhver vildi gefa sig fram með heimildarskírteini fyrir landinu.

Í upphaflegu frumvarpi til nýbýlalaga var ekki miðað við afrétti sveitarfélaga heldur afrétti ótilgreint. Stjórnarráðið taldi það hins vegar ekki ætlun þingsins að lögin tækju til afrétta sem væru eign einstakra aðila, jarða eða kirkna og því var orðalagi ákvæðisins breytt til þessa horfs.

Á sama tíma sýnast afréttir einstakra jarða og stofnana hafa verið aðgreindir frá samnotaafréttum og þá yfirleitt ekki neinir fyrirvarar gerðir varðandi grunn-eignarrétt jarðeigandans. Sama afstaða endurspeglast og í þeim söllum ríkisjarða sem áttu sér stað á fyrstu áratugum aldarinnar en þá voru afréttir einstakra jarða og stofnana seldir, að því er virðist sem bein og fyrirvaralaus eignarlönd.⁹⁰ Breytingar má þó merkja í síðari tíma löggjöf þar sem ekki virðist gerður neinn grundvallarmunur á samnotaafréttum og afréttum einstakra jarða og stofnana.⁹¹

Dómstólar hafa frá árinu 1955 fjallað um eignarréttartilkall einstaklinga, sveitarfélaga og ríkis til einstakra afrétta.⁹² Í H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri) og H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari) var tekist á um eignarréttartilkall að Landmannaafrétti. Í fyrra málinu var beinu eignarréttartilkalli afréttarhafa hafnað, enda voru þeir ekki taldir hafa sýnt fram á tilvist slíks réttar, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti. Afnot sem falist hefðu í sumarheit fyrir sauðfé, veiði og öðrum takmörkuðum notum styddu ekki eignarréttartilkall í beinni merkingu. Í H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur), H 1971 1137 (Reyðarvatn) um afrétt Lundarreykjadalshrepps austan Reyðarvatns, H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði) var eignarréttartilkalli afréttarhafa í öllum tilvikum hafnað.

Auk þeirra atriða sem réðu tilhögun sönnunarbyrði í Landmannaafréttardóminum fyrri sýnast lega, staðsetning og landshættir hafa áhrif, sem og upplýsingar sem raktar verða til Landnámu og þá eru gerðar kröfur um heimildir varðandi órofa framsal réttinda yfir viðkomandi afréttum. Afsöl og/eða aðrar eignarheimildir sýnast þá ekki heldur duga einar og sér heldur eru þær kröfur gerðar að meintur réttihafi sýni fram á að sá sem afsalaði hafi í raun verið réttilega komin að umræddum réttindum. Í

⁹⁰ Sjá H 1994 2227 (Geitland) og H 1997 1162 (Auðkúluheiði).

⁹¹ Í dæmaskyni má benda á að samkvæmt ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 33/1966 um fuglaveiði og fuglafriðun og 2. gr. nánulaga nr. 24/1973, sbr. athugasemdir með þeirri grein, sýnist sönnunarbyrðin um beinan eignarrétt að afrétti í öllum tilvikum hvíla á þeim aðila, sem heldur slíkum rétti fram.

⁹² Sjá jafnframt Lyfrd. eldri VII-223 og Lyfrd. yngri V-327.

H 1971 1137 (Reyðarvatn) var eignarréttur Andakílsahrepps að afrétti sínum staðfestur en til afréttarins hafði sérstaklega verið lögð Gullberastaðatunga, úr landi jarðarinnar Gullberastaða. Til athugunar í því sambandi er einnig niðurstaðan í H 1975 55, landamerkjamáli á Arnarvatnsheiði, þar sem engir fyrirvarar voru a.m.k. gerðir um eignarrétt Hálsa- og Reykholtshreppa að afrétti sínum, landsvæði sem fyrrum hafði verið skipt út úr jörðinni Kalmanstungu.

Séu framangreindir dómur skoðaðir með hliðsjón af því sem áður greindi um flokkun afrétta með tilliti til uppruna virðist óhætt að fella Landmannaafrétt undir *samnotaafrétt*, sbr. H 1955 108 og H 1981 1584. Þá sýnast afréttir Lundarreykjadalshrepps austan Reyðarvatns, Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði verða felldir undir flokkinn *afréttir einstakra jarða og stofnana*, sbr. H 1971 1137, H 1997 1162, H 1997 1183 og að auki H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur). Loks virðast Gullberastaðatunga við Reyðarvatn og Kalmanstunguland á Arnarvatnsheiði dæmi um það að *lönd eða hluti lands einstakra jarða hafi verið lögð til afréttar*, sbr. H 1971 1137 og H 1975 55.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að landsvæði sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum eru samnotaafréttir hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti. Samhengi eignarréttar og sögu liggur hins vegar ekki fyrir. Nýting landsins hefur fyrr og síðar fyrst og fremst falist í sumarheit fyrir búfénað. Reglur um afmörkun á afréttum hafa verið mun rýmri en varðandi jarðir og fyrst og fremst miðast við hagsmuni eigenda aðbyggjandi jarða. Þá er ljóst að löggjafinn hefur ráðstafað eignarréttindum á afréttum til annarra en afréttarhafa og ekki lagt á þá sömu skyldur og eigendur jarða. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðrar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum er samnotaafréttur sé þjóðlend.

Að því er varðar afrétti einstakra jarða og stofnana, virðist munurinn sá að réttindi einstakra jarða til landsvæðisins og tilheyrsla þess í því sambandi eru meiri en varðandi samnotaafréttina. Jafnframt hefur löggjafinn ekki ráðstafað eignarréttindum á slíkum svæðum á sama hátt og á samnotaafréttum. Hvort tiltekinn afréttur einstakrar jarðar eða stofnunar er undirorpin beinum eða óbeinum eignarrétti heimajarðar er hins vegar ekki einhlítt og verður að meta í hverju tilviki fyrir sig. Kröfur dómstóla til sönnunar að því er varðar annars vegar afrétti einstakra jarða og stofnana og hins vegar samnotaafrétti virðast þó sambærilegar.

Um lönd eða hluta lands einstakra jarða sem lagt hefur verið til afréttar vísast til kafla 4.2. um hugtakið *jörð*, sbr. einnig H 1971 1137 (Reyðarvatn) og H 1975 55 (Arnarvatnsheiði).

4.5. Jörð eða afréttur?

Hér hefur að framan verið gerð grein fyrir þeirri flokkun lands sem byggt var á fram að gildistöku þjóðlendulaga og fól í sér skiptingu í jarðir, afrétti og almenninga. Í kafla 4.2. kemur fram að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámmum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Um hugtakið jörð segir einnig að þó svo hvorki verði ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt sé gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu, annars vegar heimaland, undirorpið sérstakri og meiriháttar nýtingu, og hins vegar annað land, úthagi eða afréttarland í takmarkaðri notum, þá finnst allt að einu einstök dæmi um slíka skiptingu. Af slíkum dæmum verði þó engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar.

Afrétti hefur óbyggðanefnd flokkað í þrennt á grundvelli uppruna, sbr. kafla 4.4. Í fyrsta lagi samnotaafrétti, þ.e. þá afrétti sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Í öðru lagi afrétti einstakra jarða og stofnana, sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Umræddir afréttir eru að meginstefnu skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða, í sumum tilvikum, af öðrum fasteignum. Í þriðja lagi er um að ræða jarðir sem að hluta eða öllu leyti hafa verið lagðar til afréttar og gilda þar um sambærilegar sönnunarkröfur og um eignarhald að landi jarða yfirleitt.

Til viðbótar og fyllingar þessum meginforsendum er óhjákvæmilegt að huga nokkru nánar að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka. Innan merkja jarða kunna að finnast svæði sem kölluð eru afréttur en hafa þó ekki sjálfstæða afmörkun. Jafnvel er sá möguleiki fyrir hendi að þau séu á einhvern hátt afmörkuð. Hér má einnig nefna svæði sem kölluð eru afréttarland, fjallhagi, beitoland, upprekstrarland eða eru auðkennd með sambærilegum hætti. Í þessu þarf ekki að felast mismunandi eignarréttarleg staða lands innan jarðarinnar. Hugsanlegt er að vísað sé til gamalgróinnar notkunar á viðkomandi jarðarhluta sem beitarlandi. Þýðing hugtaksins afréttur hefur lengi verið á reiki og ekki ósennilegt að notkun þess í tímans rás sé með einhverjum afbrigðum, e.t.v. tengdum staðháttum. Í sveitarfélögum þar sem ekki finnast afréttir samkvæmt þeirri flokkun sem óbyggðanefnd hefur lagt til grundvallar kann það jafnvel að vera notað um fjalllendi jarða á svæðinu almennt. Það er mat óbyggðanefndar að slík aðstaða ein og sér, og þá einkum ef svæði er kallað afréttur án sjálfstæðrar afmörkunar, raski ekki þeim eignarréttarlegu forsendum, þ.m.t. sönnunarstöðu, sem óbyggðanefnd hefur byggt á viðvíkjandi réttarstöðu jarða. Gera þarf hins vegar skýran greinarmun á tilvikum af þessu tagi og afréttum einstakra jarða eða stofnana sem eru skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða öðrum fasteignum.

Í þessu samhengi skal það rifjað upp að land jarða kann að vera nýtt sem beitoland með svipuðum hætti og afréttir, jafnvel þannig að viðkomandi landsvæði sé

alfarið tekið undir fjallskilaframkvæmd. Eins og fram kemur í almenntri umfjöllun óbyggðanefndar um fjallskil, sbr. kafla 4.7., gefur slík tilhögun ein og sér hins vegar enga vísbendingu um eðli eignarhalds að því landi. Í sögulegu ljósi getur það þó haft þýðingu við sönnunarmat um tilvist eignarréttar ef einstök landsvæði, sem gert er tilkall til sem hluta jarðar, hafa verið nýtt sem upprekstrarland af einhverju tagi af eigendum og ábúendum annarra jarða. Einstök tilvik af þessum toga verður að meta sérstaklega.

4.6. Jöklar

Í Landnámu er þess hvergi getið að menn hafi numið jökla til eignar, og kann því að hafa verið trúað að þar byggju hálftröll eða goðumlíkar persónur (sbr. frásagnirnar um Bárð Snæfellsás og Hallmund í Balljökli). Enda þótt jöklar séu ekki nefndir sérstaklega í lögbókunum fornu verður sú ályktun dregin að lögsaga þjóðveldisins hafi einnig náð til þeirra; sakamenn voru a.m.k. ekki óhultir á „fjöllum“ og í „óbyggðum“.⁹³ Ef marka má frásögn Grettis sögu hafa grið milli manna tekið jafnt yfir fjöll og jökla sem byggðar lendum.⁹⁴

Því hefur verið haldið fram að einhverjir hinna norsku landnámsmanna hafi þekkt jökla af eigin raun úr heimkynnum sínum. Hins vegar er erfitt að segja til um hversu nákvæm og víðtæk þekking þeirra á jöklum var.⁹⁵ Elsta lýsing á jöklum á Íslandi er í riti Saxo Grammaticus (Saxa hins málsþaka), *Gesta Danorum*, sem samið var um 1200. Þar er í fyrsta skipti lýst hreyfingu skriðjökla, nánar tiltekið hverfihreyfingu, þegar neðri hluti jökulsins hverfist upp á yfirborðið.⁹⁶ Saxi lýsir þessu sem furðufregn, og er alls ekki víst að frumbyggjar Íslands hafi í öndverðu verið betur að sér en hann um þann eiginleika skriðjökla að færast úr stað.⁹⁷ Hér er einnig ástæða til að benda á það sem stendur í formála Guðmundar sögu Arasonar eftir Arngrím ábóta Brandsson (rituð um 1350):

⁹³ Sbr. Grágás 1992, s. 472. Jónsbók 1904, s. 43, 272–273.

⁹⁴ *Íslendinga sögur*. 6. b. Guðni Jónsson bjó til prentunar. [Reykjavík] 1953. S. 233 (72. k.): „Nú skulum vér vera sáttir ok sammála hverr við annan í huga góðum, hvárt sem vér finnumst á fjalli eða fjöru, skipi eða skíði, jörðu eða jökli, í hafi eða á hestbaki...“

⁹⁵ Sigurður Þórarinnsson, 1960: „Glaciological Knowledge in Iceland before 1800. A Historical Outline.“ *Jökull. Ársrit Jöklarannsóknafélags Íslands*. S. 1–2, 15.

⁹⁶ Sigurður Þórarinnsson 1960, s. 14–15.

⁹⁷ Sbr. Saxo Grammaticus, 1985: *Danmarks Krønike*. Kaupmannahöfn. S. XXII–XXIII.

Á sjánum liggja þeir hafísar, at með sínum ofvægilegum vexti taka þeir at fylla norðrhöfin, en yfir háfjöll landsins svo *óbræðiligir jöklar* með yfirvættis hæð og vídd, at þeim mun ótrúligt þykkja, sem fjarri eru fæddir.⁹⁸

Landsmenn áttu eftir að komast að því, þótt síðar yrði, að stærð jökla var ekki föst og óbreytanleg heldur gátu þeir hlaupið fram í náttúruhamförum eins og gerðist við eldgosíð í Knappafellsjökli 1362. En hægfara breytingar gátu einnig átt sér stað, og má nefna sem dæmi að um 1700 var landnámsbærinn Fell (Fjall) við Breiðá kominn undir jökul.⁹⁹ Um svipað leyti (1695) lauk Þórður Þorkelsson Vídalín Skálholtsrektor við ritgerð sína um jökulfjöll á Íslandi þar sem hann, sennilega fyrstur manna, setti fram frostþenslukeninguna svonefndu til skýringar á jöklaskriði.¹⁰⁰ Þá er þess að geta að jökulhlaup voru eitt af því sem Árni Magnússon og Páll Vídalín áttu að gefa sérstakan gaum að þegar þeir voru sendir í rannsóknarleiðangur um landið í byrjun 18. aldar.¹⁰¹

Jökull hefur verið skilgreindur sem massi af ís og snjó sem orðinn er þjáll og hreyfanlegur og hnígur og skríður undan eigin fargi.¹⁰² Í aðdraganda að setningu vatnalaga í byrjun 20. aldar var ágreiningur um eignarrétt að vatni og eignarhæfi þess. Niðurstaðan varð sú að í vatnalögum, nr. 15/1923, er ekki kveðið á um eignarrétt landeiganda að vatni á landi sínu heldur felst í þeim að landeigandi á aðeins þann rétt sem lögin heimila honum sérstaklega. Þar var raunar um að ræða allar helstu hagnýtingarheimildir vatns.¹⁰³ Vatnalögin gera mun á mismunandi afbrigðum vatns en um jökla er ekki fjallað sérstaklega.

Eignarréttarleg staða jökulsvæða hefur ekki verið til sérstakrar umfjöllunar í íslenskri lögfræði. Jöklar hafa einna helst verið nefndir sem dæmi um óbyggð svæði sem enginn hafi nýtt af, eða landalmenninga samkvæmt síðari tíma flokkun. Með því hefur þó alls ekki verið útilokað að jökull geti fallið innan eignarlands og jafnvel gerður skýr fyrirvari um að sá möguleiki væri fyrir hendi.¹⁰⁴

⁹⁸ *Byskupa sögur*. 3. b. Hólabyskupar. Guðni Jónsson bjó til prentunar. [Reykjavík] 1953. S. 150. (Skáletur óbn.)

⁹⁹ *Landnámabók* 1986, s. 233 (1. nmgr.).

¹⁰⁰ *Dissertationcula de montibus Islandiæ chrySTALLINIS* (Smárit um jökulfjöll Íslands) (sbr. Sigurður Þórarinnsson 1960, s. 16–17).

¹⁰¹ *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 38.

¹⁰² Minnisblað Odds Sigurðssonar, jöklafræðings, til óbyggðanefndar, dags. 13.1.2003.

¹⁰³ Um aðdragandann að setningu vatnalaganna, sjá t.d. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur I*. Reykjavík. S. 43.

¹⁰⁴ Sbr. þessi orð Sigurðar Línals: „Auk afrétta og almenninga kunna að vera til lönd inni á hálendinu, til dæmis öræfa- og jökulsvæði, sem enginn einstaklingur getur leitt heimildir að eða skírskotað til sérrettinda yfir né heldur neinn almennaréttur er bundinn við“ („Eignaréttur á landi og orkulindum.“ *Sérprentun úr skýrslu aðalfundar Sambands íslenskra rafveitna* 1983. S. 18). – Sbr. einnig Þorgeir Örlygsson: „Landalmenningur er landsvæði, sem enginn aðili telur til einstaklingseignaréttinda yfir. Nú á tímum er erfitt að benda á staði, sem ótvírætt verða taldir til landalmenninga, þótt e.t.v. sé það

Í almennum athugasemdum við frumvarp til þjóðlendlaga kemur fram að byggt sé á nokkrum meginatriðum, m.a. þessum:

Tekið verði upp nýtt hugtak fyrir landsvæði utan eignarlanda, þjóðlenda. Þetta hugtak taki til þeirra landsvæða sem nú eru ýmist nefnd afréttur, almenningur, óbyggðir eða hálendi utan eignarlanda. Jökla, sem ekki teljast innan eignarlanda, falli undir flokk þjóðlendna.¹⁰⁵

Um jökla er ekki fjallað að öðru leyti í greinargerðinni og þeir eru ekki nefndir í ákvæðum laganna.

Um ákvörðun eignarmarkna/landamerkja að eða á jökli hefur ekki verið tekið af skarið í íslenskri réttarframkvæmd. Jaðrar jökla taka breytingum, ýmist ganga fram eða hopa. Meginálitaefnið er hvernig með skuli fara þegar landamerki virðast miðuð við jökuljaðar og merkjum jarðar að jökli því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi.

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 er vikið að mörkum afréttar innan þjóðlendu við jökul og talið að með hliðsjón af því að um einhliða ákvörðun afréttarmarkna sé að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands sé fullnægjandi að miða við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna, enda eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðist af gróðurfari og hafi ekki þýðingu í öðru sambandi. Engin afstaða er tekin til þessa álitamáls að því er eignarland varðar, enda ekki gefið að sömu reglur eigi að gilda.¹⁰⁶ Verður nú hugað nánar að því atriði.

Í grein sinni „Landamerki fasteigna“ reifar Tryggvi Gunnarsson þrjár leiðir sem til álita komi um mörk eignarlanda við jökul. Í fyrsta lagi mætti hugsa sér að merkin væru breytileg og miðuðust við jökulbrún á hverjum tíma. Í öðru lagi gætu þau náð að elstu þekktu jökulbrún, sbr. reglu vatnalaga um „fornan miðjan farveg“ í ám. Loks væri í þriðja lagi hægt að taka mið af jökulbrún á þeim tíma þegar landamerkin voru skráð eða þau ákveðin með öðrum hætti.¹⁰⁷ Taka ber fram að grein þessi er rituð fyrir gildistöku þjóðlendlaganna 1998. Niðurstaða Tryggva er sú að réttast sé að landamerkin séu breytileg og miðist við jökulbrúnina eins og hún er á hverjum tíma. Telur Tryggvi að þeir sem völdu jökul sem landamerkjaviðmiðun hafi

ekki útilokað. Miðað við landnýtingu og búskaparhætti síðustu áratugi má ætla, að erfitt sé að finna landsvæði utan fullkominna eignarlanda og sérstakra friðlanda, sem ekki hafa að einhverju marki verið nýtt til sauðfjárbeitar eða sauðfé farið þar um á sumrin og verið smalað að hausti. Ekki er þó hægt að útiloka, að slík svæði finnist inni á hálendinu. Jökla landsins, að því marki sem þeir falla ekki innan fullkominna eignarlanda, teljast að öllum líkindum almenningar“ („Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík 1994. S. 592).

¹⁰⁵ Þskj. 598. Alþtíð. 1997–1998, 122. lögþ. A: 2598.

¹⁰⁶ Sjá t.d. kafla 12.10. í máli nr. 5/2000 hjá óbyggðanefnd.

¹⁰⁷ Tryggvi Gunnarsson, 1994: „Landamerki fasteigna.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 510–512.

gert sér grein fyrir því að jökulbrúnn færðist til. Með vísan til reglna íslensks réttar varðandi breytingu á fjöru og landauka sem þar myndast sé ástæða til að ætla að dómstólar beiti hliðstæðri reglu varðandi breytingar á landamerkjum þar sem jökulbrún færist til og landamerki í samræmi við breytingar á jökulbrúnni. Sérstök sjónarmið kunni síðan að koma upp, ef jökull hverfi með öllu þar sem hann hafi áður skilið að fasteignir.

Ástæða er til að huga hér nánar að reglum um merki sjávarjarða til hafsins, sjá einnig kafla 4.9. Þau hafa ýmist verið miðuð við neðri mörk fjöru eða netlög.¹⁰⁸ Fjaran er svæðið á milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls. Netlög eru í ýmsum lögum skilgreind sem sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjörumáli landareignar. Dómstólar hafa lagt til grundvallar að eigandi sjávarjarðar eignist landauka til sjávar.¹⁰⁹ Fjara jarðarinnar og netlög færast út og inn í samræmi við landauka eða landtap, þ.e. breytt stórstraumsfjörumál, og landamerki hennar þar með. Með lögum nr. 73/1990 voru auðlindir hafsbotnsins utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 1. gr. Netlög eru þar skilgreind með sama hætti og áður, sbr. 3. mgr. 2. gr., og ekki verður talið að ætlunin hafi verið að afnema til frambúðar áðurgreindan rétt sjávarjarða til landauka og fastsetja þar með í eitt skipti fyrir öll mörk sjávarjarða til hafsins. Vilji löggjafans til slíkrar breytingar hefði þurft að koma skýrt fram. Gildistaka laga nr. 73/1990 hafði þannig ekki í för með sér að merki sjávarjarða til hafsins væru endanlega fastsett.

Samkvæmt ákvæði 1. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, er eignarhaldi á landi skipt í tvo flokka, eignarlönd og landsvæði utan eignarlanda, þ.e. þjóðlendur. Um leið eru þjóðlendur lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 2. gr. Í greinargerð með frumvarpi til þjóðlendulaganna kemur skýrt fram að jökull getur hvort heldur er verið í eignarlandi eða þjóðlendu, sbr. þá athugasemd sem að framan greindi. Þetta bendir ótvírætt til þess að löggjafinn hafi ekki álitnið að jökulrönd væri í eðli sínu afmörkun á eignarlandi og þjóðlendu. Breytingar á stöðu jökuls ættu því ekki að hafa í för með sér að eignarland breyttist í þjóðlendu og öfugt. Um eignarréttarlega stöðu þess lands sem hulið er jökli fer þannig eftir sömu reglum og um önnur landsvæði. Gildistaka þjóðlendulaganna hafði í för með sér endanlega skiptingu lands í annars vegar eignarland og hins vegar þjóðlendur. Hér skilur á milli laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins og þjóðlendulaga. Í fyrra tilvikinu er gert ráð fyrir að nýtt land, þ.e. landauki, eigi eftir að verða til og merki eða eignamörk því ekki fastsett. Í síðara tilvikinu er hins vegar fjallað um allt land sem við gildistöku laganna var ofan sjávar, þ.m.t. landsvæði undir jökli, og merki endanlega fastsett. Land sem kemur undan jökli er þannig ýmist

¹⁰⁸ Í H 1996 2518 og 2525 er talinn vafi um beinan eignarrétt fasteignareiganda í netlögum.

¹⁰⁹ Sbr. H 1946 345. Sjá einnig Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I. Reykjavík. S. 45. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* II. Reykjavík. S. 136.

eignarland eða þjóðlenda, um það fer ekki eftir reglunni um merki sjávarjarða til hafsins.

Vatnsréttindi á jökulsvæðum í eignarlandi og túlkun vatnalaga í því sambandi er ekki til úrlausnar fyrir óbyggðanefnd. Tilkall annarra en íslenska ríkisins til vatnsréttinda á jökulsvæðum í þjóðlendum verður að meta í hverju tilviki fyrir sig.

Kemur þá til skoðunar hvort taka skuli mið af elsta þekktu jökuljaðri, legu jökuls þegar landamerki voru skráð, við gildistöku þjóðlendulaganna eða einhverju öðru, í þeim tilvikum að landamerki virðast miðuð við jökuljaðar.

Vísindamenn hafa slegið því föstu að jöklar landsins séu stærri nú en á landnámstíma.¹¹⁰ Hafi landnám náð að jökli hefur það land sem horfið hefur undir jökul tilheyrt aðliggjandi jörðum. Þar getur jafnvel verið um að ræða heilar jarðir sem lítið eða ekkert er vitað um í dag. Lega jökuls á landnámstíma verður ekki ákvörðuð með nokkurri vissu. Töluvert er hins vegar vitað um stöðu jökuls við lok níttjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu, þegar sett höfðu verið landamerkjalog og ætla má að flest landamerkjabréf hafi verið gerð. Jöklar voru þá stærstir á sögulegum tíma en síðan hafa þeir almennt hopað, þó ekki alla leið aftur til stöðu sinnar um landnám. Innan þess jökuljaðars sem miðað kann að hafa verið við í kringum 1900 er í sumum tilvikum jökullaust land nú. Við gildistöku þjóðlendulaga 1998 lá jökuljaðarinn þannig á milli upphaflegra landnámsmarka og stöðu við gerð flestra landamerkjabréfa um aldamótin 1900, almennt séð þó nær hinni síðarnefndu. Óhætt er þannig að slá fastri þeirri meginreglu að land sem komið hefur undan jökli á tímabilinu frá því landamerkjalog eru sett 1882 og þar til þjóðlendulög taka gildi 1998 var jökullaust við landnám.

Óljóst er hvort landnámsmenn hafa gert sér grein fyrir því að jökuljaðar væri breytingum undirorpinn en ekki fer á milli mála að um aldamótin 1900 var löngu orðið ljóst að svo væri. Jaðar jökulsins hefur að sjálfsögðu afmarkað það landsvæði sem nýtanlegt hefur verið og með honum eru dregin glögg skil frá náttúrunnar hendi. Eðli máls samkvæmt er hins vegar erfitt að finna þar fastan viðmiðunarpunkt. Mun þetta ástæða þess að merkjum er oft lýst „í jökul“ ótilgreint eða kennileiti skammt undan jökli. Sums staðar á landinu hagar þannig til að ein og sama jörðin liggur milli sjávar og jökuls. Jafnlagg merki af völdum náttúrunnar kunna að hafa verið talin svo sjálfsögð viðmiðun að ekki þyrfti umfjöllunar við í landamerkjalykingu. Gagnvart

¹¹⁰ Sjá eftirfarandi greinar Odds Sigurðssonar jarðfræðings: „Útbreiðsla jökla á Íslandi á sögulegum tíma.“ Greinargerð, júlí 2001. „Minnispunktar um breytingar jökla frá landnámi Íslands“, dags. 7.6.2002. „Variations of termini of glaciers in Iceland in recent centuries and their connection with climate.“ Óbirt handrit, ódags. Minnisblað Odds Sigurðssonar, jarðfræðings, um hugtakið jökul o.fl., dags. 13.1.2003. – Helgi Björnsson, 1979: „Glaciers in Iceland.“ *Tímaritið Jökull. Jöklarannsóknafélag Íslands*. 29. árg. – Sigurður Þórarinnsson, 1974: „Ofgnótt jökla.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 43–48.

jöklinum sjálfum er þá engri landamerkjalinu lýst. Ekki verður talið að viðkomandi jarðeigandi hafi þar með lýst því yfir að hann gæfi eftir eignarrétt eða afsalaði sér tilkalli til þess lands sem í tímans rás hefur horfið undir jökul. Líkur eru hins vegar á að í flestum tilvikum sé útilokað að afmarka það. Óbyggðanefnd ber að draga mörk á milli eignarlanda og þjóðlendna, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998, og niðurstaðan hverju sinni hlýtur að ráðast af tiltækum heimildum og almennum sönnunarreglum. Staðhættir og sönnunarstaða geta því leitt til sambærilegrar niðurstöðu og ef eignarréttur hefði verið gefinn eftir.

Ef líkindi eru fyrir því að land hafi verið numið inn til jökla styður það þá niðurstöðu að land sem jökullinn hefur skilað frá gerð landmerkjabréfanna falli til aðliggjandi jarða. Ekki verður talið að jökull hafi hoptað svo hratt undanfarna rúma öld að komið sé í ljós að ráði land jarða sem ofar kunna að hafa legið, enda staða jökuls 1998 nær því sem var um 1900 en um landnám. Tilkall til lands sem komið hefur undan jökli kann jafnframt að byggjast á hefðarreglum. Til skoðunar koma þá almenn atriði eins og tímalengd, yfirráð, hagnýting, ráðstafanir að lögum, viðhorf hefðanda og annarra aðila o.fl. Staðhættir kunna að vera með þeim hætti að um eðlilegt framhald tiltekinnar jarðar sé að ræða, líkt og landauki til hafs, og nýting annarra útilokuð. Frávik frá þessum almennu ályktunum eru þó að sjálfsögðu möguleg og verður að skoða hvert tilvik fyrir sig. Jafnframt hlýtur réttur þessi að takmarkast við land sem komið var undan jökli við gildistöku þjóðlendulaga 1998, þegar löggjafinn kvað á um eignarhald ríkis á öllu því landi sem ekki væri sannanlega undirorpið beinum eignarrétti. Mögulegar væntingar jarðeigenda um rétt til þess lands sem kemur undan jökli eftir þann tíma njóta ekki réttarverndar sem eignarréttindi í skilningi 72. gr. stjórnarskrár. Þá ber þess að geta að frá gildistöku þjóðlendulaganna er ekki unnt að öðlast eignarréttindi innan þjóðlendna fyrir nám eða hefð, sbr. 8. mgr. 3. gr.

Niðurstaða óbyggðanefndar er því sú að gildistaka þjóðlendulaga hafi undir þessum kringumstæðum haft það í för með sér að merki jarða gagnvart jökli væru fastsett, án tillits til síðari breytinga á jökuljaðrinum. Sú niðurstaða er jafnframt í eðlilegu samræmi við markmið og tilgang löggjafarinnar. Þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi ber þannig að miða við stöðu jökuljaðarsins 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll., enda sé jökullinn í þjóðlendu. Lega jökuljaðarsins kann þó að virðast óljós þar sem smájökklar eða fannir liggja aðskilið frá meginjöklinum. Í þeim tilvikum þar sem eignarland liggur að jökli í þjóðlendu verður að telja eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem þannig kann að vera fyrir hendi. Óbyggðanefnd telur því eðlilegt að í slíkum tilvikum miðist þjóðlendulína við jaðar meginjökuls, eins og hann er skilgreindur af sérfræðingum á því sviði. Smájökklar og fannir verða þá innan eignarlands á sama hátt og jökulsker eða annað land umlukið jökli verður innan þjóðlendu.

Sé jökulsvæði innan merkja jarðar gilda hins vegar þau almennu sjónarmið um túlkun landamerkja sem óbyggðanefnd hefur áður gert grein fyrir. Ljóst er að enda þótt lega jökuljarðarsins verði ákvörðuð með landfræðilegum gögnum er hann óhentug viðmiðun vegna lögunar sinnar og breytileika. Önnur og e.t.v. heppilegri útfærsla er hins vegar ekki á valdsviði óbyggðanefndar, en sá möguleiki fyrir hendi að ríkisvaldið og einstakir jarðeigendur nái um slíkt samkomulagi, eftir atvikum með nauðsynlegri aðkomu löggjafarvalds, sbr. ákvæði 40. gr. stjórnarskrár og II. kafla þjóðll.

4.7. Fjallskil

Af dómsúrlausnum má ráða að fyrirkomulag og tilhögun fjallskila og smölunar og nýting því tengd kunni að hafa áhrif við mat á eðli og inntaki eignarréttar að viðkomandi landi og þá þannig að litið sé til þess hvort með land hefur verið farið sem eignarland varðandi fjallskil eða ekki.

Lagafyrirmæli um smölun og fjallskil hafa haldist í hendur við byggð og búskap í landinu. Í þjóðveldislögunum, Grágás, voru allmörg ákvæði um afrétti, almenninga og ágang búfjár og munu þau flest hafa verið tekin upp í Jónsbók. Þá voru ennfremur tekin upp ákvæði í þessa veru í Réttarbót Eiríks konungs frá 1294. Þessi ákvæði giltu, a.m.k. að formi til, allt til þess að sett voru lög nr. 42/1969, um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

Í Jónsbók kemur skýrt fram að landeigandi eða leiguliði hans átti einn beit á jörð sinni og skyldi greiða honum bætur, áverkabót og landnám, ef þessi réttur var brotinn.¹¹¹ Í réttarbót Hákonar konungs frá 1305 er þó mælt til þess að geldfé sé sektarlaust í heimalöndum ef hreppstjórar og grannar lofa og gefa enga sök á því.¹¹² Jarðeigandi átti einnig gróður á jörð sinni að því undanskildu að sá sem átti engi á annars manns landi mátti eiga þar rifhrís.¹¹³

Í Grágás og Jónsbók giltu mjög svipaðar reglur um hvenær mætti fara með búfé í sel, almenninga og afrétti og hvaða leiðir skyldu farnar. Markmiðið var hvort tveggja að vernda nærliggjandi bújarðir fyrir ágangi upprekstrarfjár og tryggja hagsmuni allra þeirra sem hlut áttu í afréttinum. Meginreglan var sú að allir þeir sem afrétt áttu skyldu reka fé sitt í miðjan afrétt er átta vikur voru af sumri en úr afrétti er fjórar vikur lifðu sumars. Tekið var sérstaklega fram að menn skyldu ekki reka málnytu sína í afrétt nema ítala væri. Samkvæmt Grágás máttu þeir menn er næstir bjuggu afrétti beita þangað búfé sínu yfir vetrarmánuðina en í Jónsbók var þetta bundið því skilyrði að þeir ættu hlut í afréttinum. Afréttareiganda var vetrararbeit því

¹¹¹ Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 134–136, 144–145 (6. og 18. k. llb.).

¹¹² *Jónsbók* 1904, s. 292.

¹¹³ *Jónsbók* 1904, s. 152–154 (24. k. llb.).

aðeins heimil að hann þyrfti ekki að reka fé sitt yfir land annarra. Þó skyldi ævinlega hvíla afrétt í tvær vikur, frá því er sex vikur voru af sumri til áttundu viku.¹¹⁴

Fleiri ákvæði voru sett til að vernda hina sameiginlegu beit afréttareigenda; t.d. mátti ekki gera sel og slá í afrétti.

Um lögréttir á haust og fjallgöngur sagði svo m.a. í 49. kapítula landsleigu-bálks Jónsbókar:

Eigi skulu réttir fyrr vera en .iiii.[þ.e. fjórar] vikur lifa sumars. Hverr maðr er sauði á skal ganga eitt sinn á fjall, ok um landeign sína hvert sinn er lögrétt skal vera, skipa svá ǫðrum göngum sem þeir ráða. Sekr er sá hálfri mörk við konung er eigi gengr um landeign sína, ok ábyrgiz sauði við þá er eigu, alla þá er í hans landi váru sénir þá er hann átti gönguna.

Síðan er kveðið á um það hvað gert skuli við óskilafé. Í tilvitnaðri grein er gert ráð fyrir að hver maður smali sitt eigið land jafnframt því sem hann gangi á fjall að hausti ásamt öðrum afréttareigendum. Ef afréttarfé gekk í land bónda var honum heimilt að reka það í miðjan afrétt. Hann gat einnig haft það áfram í sínu eigin landi eða rekið það heim til þess manns sem féð átti. Í Jónsbók er ekki fjallað um aðra afrétti en þá sem voru í sameign tveggja manna eða fleiri. Í heimildum frá miðöldum má þó finna dæmi um beitarlönd sem kölluð voru afréttir og töldust í einkaeign. Var þá greint á milli „eignar sérlegrar“, sem var í einkanotum, og „afréttar“, sem tilteknir bændur höfðu heimild til að nýta gegn ítölu.¹¹⁵

Ákvæði lögbókanna um beit í almenningi voru að því leyti frábrugðin því sem hér hefur verið greint frá að nýtingartími þeirra var annar. Samkvæmt Grágás var heimilt að beita almenning frá því er mánuður lifði vetrar og næstu sjö mánuði en með lögtöku Jónsbókar virðist beit hafa verið leyfð í almenningi allan ársins hring nema frá krossmessu á vor (3. maí) til Bótólfsvöku (17. júní). Í Grágás var þeim sem næstur bjó almenningi heimilað að beita almenning þá fimm mánuði sem hann annars átti að liggja ónýttur en um slíkt er ekki getið í Jónsbók. Enn fremur var tekið fram að hver sem vildi mætti gera sel í almenningi, en það var bannað í afréttum, og öllum var heimilt að nýta sér reka í almenningi, hvort heldur var viður eða hvalur, svo framarlega sem hann hafði ekki áður verið öðrum merktur.¹¹⁶

Í tilskipun um sveitarstjórn 4. maí 1872, 39. gr., var svo fyrir mælt að sýslunefnd skyldi semja reglugerðir um notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur o.fl. Fóru sýslunefndir eftir það að semja fjallskilareglugerðir. Voru í fjallskilareglugerðunum sett ítarleg ákvæði um þessi efni er byggðu að mestu á ákvæðum Jónsbókar. Í mörgum tilvikum voru ákvæði þessara reglugerða misvísandi og í öðrum tilvikum stönguðust

¹¹⁴ Jónsbók 1904, s. 176–177 (46. k. llb.). Grágás 1992, s. 330–331 (38. k. lþp.).

¹¹⁵ Íslenskt fornbréfasafn. 8. b. Reykjavík 1906–1913. S. 149.

¹¹⁶ Jónsbók 1904, s. 193–194 (59. k. llb.). Grágás 1992, s. 369 (74. k. lþp.).

þau beinlínis á við gildandi rétt. Af fjallskilareglugerðum verða ekki dregnar almennar ályktanir um það efni sem hér er til úrlausnar, en einstaka reglugerð, sett með stoð í tilskipuninni frá 1872 eða síðari löggjöf, getur vissulega skipt máli að því er tekur til mats einstakra svæða.

Um afréttamálefni og fjallskil voru fyrst sett heildarlög hér á landi árið 1969, lög nr. 42/1969, um afréttamálefni, fjallskil o.fl. Voru þau lög síðar endurútfengin með áorðnum breytingum sem núgildandi lög nr. 6/1986. Það var þannig fyrst með löggjöf þessari sem hin dreifðu ákvæði í landsleigubálki Jónsbókar og réttarbót Eiríks konungs frá 1294 voru leyst af hólmi. Ákvæði gildandi laga taka í ýmsu mið af reglum eldri löggjafar.

Ef litið er til helstu fyrirmæla gildandi laga er ljóst þegar af 3. og 4. gr. laganna að fyrirmæli þeirra taka að meira eða minna leyti til afrétta, annarra sameiginlegra sumarbitilanda og heimalanda. Skulu nánari fyrirmæli sett í fjallskilasamþykktir fyrir einstök svæði, sbr. 3. gr. Í 4. gr. er skilgreint það land sem fjallskil taka til og það greint í annars vegar afrétti og hins vegar heimalönd. Samkvæmt lögunum er stjórn afréttamálefna og fjallskila í höndum héraðsnefndar. Í II. kafla laganna er fjallað um afrétti og notkun þeirra og þá greint á milli sameiginlegra afrétta hreppa eða upprekstrarfélaga, sbr. 7. gr., afréttarlanda, sem liggur undir einstaka jörð eða stofnun, sbr. 8. gr., og loks beitolanda einstakra jarða sem notað sé sameiginlega til beitar með líkum hætti og afréttir, sbr. 12. gr., og skuli reglum laganna um afrétti beitt um þau svæði eftir því sem við geti átt. Í V. kafla laganna eru síðan fyrirmæli um göngur og réttir, í VI. kafla er fjallað um smölun heimalanda eftir réttir og í VII. kafla er fjallað um eftirleitir og öræfaleitir.

Í meginatriðum má greina lagareglur þessar á þann veg að þar er í fyrsta lagi fjallað um notkun afrétta og rétt til þeirra nota. Í annan stað er síðan fjallað um smölun afréttanna og fyrirkomulag smölunar sem og skiptingu þess sameiginlega kostnaðar sem af hlýst og falla í þann flokk lönd þeirra einstöku jarða sem fjallað er um í 12. gr. laganna. Allt að einu er í lögunum, sbr. einkum ákvæði V. og VI. kafla, fjölþætt ákvæði sem taka til heimalanda einstakra jarða og kveða m.a. á um skyldu til vor-smölunar, sbr. 36. gr., skyldu jarðeiganda til smölunar heimlands samhliða leitum á afrétti, sbr. 39. gr., skyldu til smölunar heimalanda eftir réttir, sbr. 52. gr. o.s.frv. Um smölun eyðijarða er svo ákvæði í 41. gr. laganna. Að meginstefnu til er hins vegar gert ráð fyrir því að smölun heimlands annist jarðeigandinn sjálfur og beri af henni allan kostnað. Sinni eigandi ekki þeirri skyldu skal honum gert að greiða kostnað eftir mati. Í 2. mgr. 40. gr. laganna er svo sérstök regla þess efnis að heimilt sé að ákveða í fjallskilasamþykkt að haustsmölun heimalanda verði metin til aðalfjallskila, að meira eða minna leyti, eftir því sem til hagar á hverjum stað.

Þá mun nokkuð víða háttá þannig til að bændur sammælist um smölun heimalanda sinna og standa sameiginlega að smölun í landi tveggja eða fleiri jarða. Slík

samvinna um smölun fellur þó alla jafna algjörlega utan þeirra lögbundnu fjallskila sem um er fjallað í lögum og fjallskilasamþykkt.

Af öllu þessu má sjá að löggjafinn hefur um langan aldur mælt fyrir um skyldur landeigenda til að smala jarðir sínar, sbr. upphaflega fyrirmæli 49. kapítula landsleigubálks Jónsbókar. Þá sýnist líka beinlínis hafa verið gengið út frá því að land einstakra jarða sé nýtt sem beitiland með svipuðum hætti og afréttir, jafnvel þannig að viðkomandi landsvæði sé alfarið tekið undir fjallskilaframkvæmd. Í slíkum tilvikum gefa fjallskil þannig alls enga vísbendingu um eðli eignarhalds að því landi.

Í dómum Hæstaréttar Íslands hefur svo sem fyrr segir verið litið til þess í nokkrum tilvikum hvernig fjallskilum hefur verið háttað á landsvæði því sem þá er til eignarréttarlegrar meðferðar. Í þessum dómum hefur ekki verið talið sannað að um beinan eignarrétt væri að ræða að viðkomandi landsvæði og sú niðurstaða þá m.a. rökstudd með vísan til þess að ekki hafi verið sýnt fram á eða í ljós leitt að með viðkomandi land hafi verið farið sem eignarland varðandi fjallskil. Verður ekki annað ráðið af dómum þessum en að fjallskil geti út af fyrir sig haft þýðingu um úrlausn máls en verði þó ekki ráðandi um niðurstöðu. Í dómum eru vísbendingar fremur í þá átt að framkvæmd fjallskila gæti hugsanlega stutt eignartilkall en að eignarréttur sem talin verður sannaður á grundvelli annarra gagna verði vefengdur á grundvelli þess hvernig framkvæmd fjallskila hefur verið háttað.

Í ljósi alls þessa er það mat óbyggðanefndar að ekki verði dregnar víðtækar ályktanir um eignarrétt að landi af upplýsingum um framkvæmd fjallskila að fornu og nýju. Skiptir þar auðvitað mestu máli sú staðreynd að lengst af hefur smölun heimlanda, þ.e. lands einstakra jarða, ekki einungis verið háð lögbundnum skyldum og kvöðum um skyldur til smölunar, heldur hefur því jafnframt verið þannig háttað að lönd einstakra jarða hafa verið nýtt með sambærilegum hætti og afréttir og þá fallið í einu og öllu undir viðkomandi fjallskilaframkvæmd. Eftir sem áður hafa slík landsvæði ekki verið talin falla í flokk afrétta, þau óumdeilt legið innan landamerkja viðkomandi jarðar og eftir atvikum enginn ágreiningur verið uppi um eignarrétt að þeim. Þannig getur bæði háttað svo til að með öllu skorti á upplýsingar um fjallskilaframkvæmd og/eða smölun á viðkomandi landsvæði eða að forsendur séu með einhverju því sérstaka móti sem nú hefur verið gerð grein fyrir. Hvað sem þessu líður verður þó ekki útilokað fyrirfram að upplýsingar í þessa veru geti haft eitthvert vægi við eignarréttarlegt mat. Það þarfnast þá sérstakrar skoðunar í hverju einstöku tilviki þar sem glöggar upplýsingar um tilhögun og forsendur fjallskila liggja á annað borð fyrir.

4.8. Ítök

Í íslenskum rétti hafa ítök eða ítaksréttindi verið skilgreind sem réttindi er veiti réttihafa tiltekin þröng umráð og takmörkuð not fasteignar sem er í eigu og umráðum

annars eða annarra aðila.¹¹⁷ Réttindi af þessum toga eiga sér langa sögu hér á landi og verður fyrst vikið að því hvað ráða megi af eldri rétti um ítök og inntak ítaksréttinda.

Í lögbókunum Grágás og Jónsbók er hugtakið *ítak* ekki skilgreint sérstaklega, en af einstökum ákvæðum má ráða í merkingu þess. Í landabrigðisþætti Grágásar er fjallað um þær réttarathafnir sem fram áttu að fara þegar maður vildi brigða öðrum land. Þar segir m.a. að brigðandi skyldi kveðja sér kviðar (væntanlega búakviðar) til að ganga úr skugga um hvort unnt væri að selja leiguból „eða ítök í annarra manna löndum“ áður en til þess kæmi að aðalbólið væri selt.¹¹⁸

Kaflinn um landamerki og lagakaup í Jónsbók (6. k. landsbrigðabálks) hefst á þessa leið:

Nú vill maðr selja land sitt við verði, þá skulu þeir kveða á um merki með sér, um land ok skóga ok engjar ok reka, veiðar ok afréttu ef eru, ok allra gæða skulu þeir geta þeira, er því landi eigu at fylgja, þó at þat sé í önnur lönd, eða aðrir menn eigi þanneg ítök; síðan skulu þeir takaz í hendr ok kaupa með vátum tveim eða fleirum.¹¹⁹

Annars staðar í lögbókinni er nánar rætt um sams konar réttindi án þess þó að tekið sé fram að um ítök sé að ræða. Þannig er fjallað um skóg, beituteig, fjöru, veiði og engi í annars jörðu en síður eða jafnvel ekki notuð orðin skógar-, beitar-, fjöru-, veiði- og engjaitak.¹²⁰ Ákvæði lögbókanna leiðir því til þeirrar niðurstöðu að ítak sé „réttur til ákveðinna nytja á landi annars“,¹²¹ og fær það vel samrýmst hinni lögfræðilegu skilgreiningu hugtaksins nú á dögum.

Til ítaka var stofnað með ýmsum hætti. Ítakaeign mun t.d. hafa orðið til við tímabundin lán hlunninda, kaup og ítakaskipti.¹²² Elsta skjallega heimildin um ítaka-eign mun vera máldagi Stafholtskirkju sem talinn hefur verið frá miðri 12. öld.¹²³ Þar er greint frá því að prestur nokkur, Steini Þorvarðsson, hafi gefið kirkjunni m.a. þrjá hluti laxveiðar í Þverá, kerveiði í Norðurá undir fossi, Engines á Ströndum norður „ok

¹¹⁷ Þorgeir Örlygsson, 1998: *Kaflar úr eignarétti* I. Reykjavík. S. 28 (hdr.). Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* I, s. 6. Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 13.

¹¹⁸ Sbr. Grágás 1992, s. 288.

¹¹⁹ Jónsbók 1904, s. 124. Sambærilegur kafli er í Grágás (1992, s. 290) án þess að orðið *ítak* sé þar notað.

¹²⁰ Sbr. Grágás 1992, s. 296, 321, 329. Jónsbók 1904, s. 147–148, 150.

¹²¹ Grágás 1992, s. 537. Sbr. Magnús Már Lárusson, 1981: „Jordejendom. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 7. b. Kaupmannahöfn. D. 671.

¹²² Páll Sigurðsson, 1992: „Kirknaítök. Saga þeirra og réttarþróun.“ *Svipmyndir úr réttarsögu. Þættir um land og sögu í ljósi laga og réttarframkvæmdar*. Reykjavík. S. 277.

¹²³ *Íslenskt fornbréfasafn*. 1. b. Kaupmannahöfn 1857–76. S. 178–180. Sbr. Páll Sigurðsson 1992, s. 279.

reki með“ og selför í Þverárdal upp frá Kvíum. Í máldaganum er lýst einum algengasta stofnunarhætti kirknaítaka sem var gjöf í sáluhjálparskyni. Þannig hefur frá fyrstu tíð byggðar hér á landi verið stofnað til ítaka með beinni yfirfærslu eða afhendingu tiltekinna réttinda.

Frá 13. öld hafa varðveist nokkrar skrár um ítök, einkum reka, m.a. elsta reka-skrá Skálholtskirkju frá um 1270. Bendir það til þess að á þeim tíma hafi ítök verið orðin eftirsótt gæði sem ekki síst kirkjulegar stofnanir sóttust eftir.¹²⁴ Ítökum fjölgaði síðan jafnt og þétt, og í byrjun 18. aldar, þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var tekin saman, hafði myndast þéttriðið net ítaka um land allt.¹²⁵

Ljóst er að ítakaeign skipti í margar aldir verulegu máli fyrir afkomu landsmanna og mun að einhverju leyti hafa stuðlað að jafnari dreifingu landgæða. Á sumum stöðum á landinu hagaði þannig til að jörð sem ekki átti mikilvæg hlunnindi eins og upprekstrarland, skóg eða fjörunytjar eða gat ekki nýtt þau í eigin landi vegna staðháttu fékk þau sem ítök í öðru landi. Nefna má sem dæmi að í Þórisdal í Lóni áttu nokkrar jarðir skógarítak. Ein þeirra var Efri-Fjörður í Lóni. Hún átti skógarítak í Skálahvömmum í Þórisdal eða Laxárdal, en í staðinn var heimilað útræði frá Klifunum (Þorgeirsstaðaklif).¹²⁶ Slík ítakaskipti munu víðar hafa tíðkast, ekki síst á þeim svæðum þar sem útræði var gott. Hraunskarð undir Jökli átti t.d. „frí kolatak í Hrískóg og raptvidahögg í jörðunne til upheldis“ í staðinn fyrir uppsátur og „ítaksbúðir“ í Hraunskarðsjörð.¹²⁷ Annars staðar þar sem ekki var um ítök eða ítakaskipti að ræða var venjulega greitt ákveðið gjald fyrir útræðið, svonefndur vertollur.¹²⁸

Mörg ítök gengu smám saman úr sér ýmist af völdum eyðingaraflla náttúrunnar, ofnýtingar eða vegna breyttra búskaparháttu og urðu því ekki annað en inntakslaus réttur sem setti ákveðnar hömlur á eignarrétt fasteigna.¹²⁹ Um miðbik nýliðinnar aldar var því svo komið að fjölmörg þeirra ítaka sem á jörðum hvíldu komu ítakshafanum að litlu sem engu gagni auk þess sem ýmis þeirra virtist augljóslega

¹²⁴ *Íslenskt fornbréfasafn* 1, s. 67–76. Tímasetning rekaskrárinnar er ekki örugg. Sbr. einnig sama rit, s. 4, 246–248 (ítakaskrá Viðeyjarklausturs [1284]), 248–251 (reka- og landamerkjaskrá Þingeyraklausturs [1285]).

¹²⁵ Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 12. b. (Atriðisorðaskrá), undir *afrétt, beit/beitarítak, melaslægja/meltak, lax/laxveiði, fugl/fuglatekja, eggjatak/eggjatekja/eggver, skógur/skógarítak, hrís/hrísrif/hrístak, torf, mósкурður/mótak, engjatak/engjaitak, reki/rekaítak*.

¹²⁶ Þetta kom fram í vitnisburði Vilhjálms Geirs Þórhallssonar, eiganda Efra-Fjarðar, við skýrslutöku 9.9. 2002 í máli nr. 5/2001 hjá óbyggðanefnd. Sbr. einnig vitnisburð Þorsteins Geirssonar á Reyðará við sömu skýrslutöku.

¹²⁷ *Íslenskt fornbréfasafn*. 3. b. Kaupmannahöfn 1896. S. 141. Fleiri dæmi eru um slík ítakaskipti í þessari heimild sem talin er frá um 1360.

¹²⁸ Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 12, undir *naust, uppsátur, útræði, verbúð, vertollur*.

¹²⁹ Sbr. hugtakið *servitut* í merkingunni *ítak eða ískylda*.

hagkvæmara að nýta samhliða nýtingu á viðkomandi jörð. Lagasetning frá þeim tíma ber skýran vott um þá stefnu löggjafans að tryggja það, að eðlileg gæði fasteigna fylgi þeim sjálfum og séu nytjuð í sambandi við notkun þeirra.¹³⁰ Það var einkum gert með því að banna að tiltekin hlunnindi, sem fasteign fylgdu, væru frá henni skilin auk þess sem eigendum fasteigna sem ítök hvíldu á var gert kleift að leysa þau af eignum sínum gegn fjárgreiðslu. Þannig var t.d. lausn veiðitaka í ám og vötnum heimiluð með lögum nr. 40/1942, sbr. nú lög nr. 76/1970 og lausn skógarítaka af jörðum með lögum nr. 100/1940, sbr. nú lög nr. 3/1955, sbr. lög nr. 76/1984. Þá fjalla lög nr. 13/1956 um sölu kirkjuítaka. Veigamesti þátturinn í þessari viðleitni löggjafans var þó setning laga nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum en þau taka til allra ítaka í jarðir annarra en lax- og silungsveiðitaka í ám og vötnum og skógarítaka, sbr. 2. og 3. gr. laganna.¹³¹ Með þeim var sú skylda lögð á þá sem töldu sig eiga slík ítök að lýsa þeim í samræmi við efni laganna. Væri það ekki gert féll ítakið úr gildi. Lögin hafa enn fremur að geyma reglur um það hvernig eigandi jarðar, sem ítak er í, eldra en 25 ára, getur leyst það af jörð sinni. Þrátt fyrir þessa viðleitni löggjafans er þó ljóst að enn kunna að finnast gild ítök hér á landi.

Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaks í fasteign bendi fremur til þess að svæði það sem ítakið er á sé eða hafi einhvern tíma verið eignarland.¹³² Þannig hafi réttur yfir viðkomandi landsvæði verið nauðsynlegur grundvöllur undir stofnun ítaks á því og ítakshafinn öðlast rétt sinn innan marka þess réttar sem handhafi hinna beinu eignarréttinda átti.

Þrátt fyrir þetta kunna að finnast ítök í landsvæðum sem ekki eru undirorpin beinum eignarrétti nú og ekki unnt að sýna óyggjandi fram á að hafi nokkurn tíman verið það. Sem dæmi um slíkt má nefna ákvæði í máldögum um takmörkuð réttindi kirknanna í Biskupstungum á Biskupstungnaafretti. Þannig segir í máldaga kirkjunnar á Torfastöðum frá 1331 að hún eigi „skógarteig í Sandvatnshlíð“.¹³³ Hið sama kemur fram í Vilkinsmáldaga frá 1397¹³⁴ og Gíslamáldaga frá 1570.¹³⁵ Þá segir í

¹³⁰ Þegar um miðja 19. öld tók að gæta þeirrar tilhneigingar löggjafans að sporna við frekari stofnun ítaka, sbr. 4. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

¹³¹ Í 1. gr. laga nr. 113/1952 segir að ítak merki í lögnum hvers konar afnot fasteignar, sem eigi séu samfara vörslum hennar eða þess hluta hennar, sem afnotin taki til, enda sé réttur til afnotanna byggður á heimild einkaréttareðlis. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að umræddum lögum segir í athugasemdum að fylgt sé hinni venjulegu fræðilegu skýringu á því hvað ítak sé.

¹³² Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 113/1952 er í athugasemdum tekið fram að lögin taki ekki til ítaka í kaupstaðarlóðir eða í afretti, sem sveitarfélög eiga. Í lögnum er þannig gert ráð fyrir því að unnt sé eða hafi verið að stofna til ítaka í afrettarlöndum. Með hliðsjón af hinni almennu lögfræðilegu skilgreiningu á hugtakinu ítak verður þó að ætla að með því sé átt við afrettarlönd sem undirorpin eru beinum eignarrétti eða hafi verið það á þeim tíma þegar til ítaksins var stofnað.

¹³³ *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 669.

¹³⁴ *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 49.

Gíslamáldaga um kirkjuna í Bræðratungu að hún eigi „Skógartungu undir Bláfelli“.¹³⁶ Í máli nr. 4/2000, Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi, komst óbyggðanefnd að þeirri niðurstöðu að Framafréttur Biskupstungna, það landsvæði sem framangreind réttindi kirknanna náðu til, væri þjóðlenda. Nefndin útilokaði þó ekki að umrætt landsvæði hefði einhvern tíma verið undirorpið beinum eignarrétti en taldi umrædda máldaga eina og sér ekki veita næga sönnun í þeim efnum. Í slíkum tilvikum kann þó að vera um annars konar réttindi að ræða en ítök í hinni hefðbundnu lögfræðilegu merkingu hugtaksins.

4.9. Fjörur og rekaeign

Eignarréttur að fasteign sem liggur að sjó nær einnig til fjörunnar fram af henni, þ.e. svæðisins á milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls.¹³⁷ Undir yfirborði sjávar taka við svokölluð netlög, sem í ýmsum lögum eru skilgreind sem sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjörumáli landareignar, sjá nánar síðar í þessum kafla.¹³⁸ Óumdeilt er að netlög fylgi sjávarjörðum en um hitt hefur fremur verið ágreiningur hvort eignarráð fasteignareiganda feli í sér beinan eignarrétt eða séu bundin við þau réttindi sem sérstaklega er mælt fyrir um í einstökum lögum.¹³⁹

Kemur þá til skoðunar hver hafi verið réttur landeigandans í fjöru og netlögum jarðar sinnar. Þar verður helst litið til þeirra fjörunytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. reka og veiði.

Rekinn hefur verið helsta verðmæti fjörunnar. Elstu ákvæði laga um reka eru í Grágás. Þau voru síðan tekin upp lítið breytt í rekabálg Jónsbókar, og er sá bálgur enn í gildi ásamt viðbótum um skotinn hval og skotmannshlut sem gefnar voru út í konungsbréfum 1778 og 1779.¹⁴⁰ Meginreglan var sú að jarðeigandi átti reka fyrir landi sínu. Í Jónsbók er reki nánar skilgreindur með svofelldum hætti: „Hverr maðr á reka allan fyrir sínu landi viðar ok hvala, sela ok fiska, fugla og þara, nema lögum sé frá komit.“¹⁴¹ Eignarréttur jarðeiganda á viðar- eða hvalreka var þó því aðeins hafinn

¹³⁵ Íslenskt fornbréfasafn 15, s. 647.

¹³⁶ Íslenskt fornbréfasafn 15, s. 648.

¹³⁷ Ólafur Lárússon, 1950: *Eignaréttur* I, s. 45. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* I, s. 37. Þorgeir Örlygsson, 1998: *Kaflar úr eignarétti* I, s. 57.

¹³⁸ Sjá t.d. 3. mgr. 2. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998; 1. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994; og 1. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

¹³⁹ Í H 1996 2518 og 2525 er talinn vafi um beinan eignarrétt fasteignareiganda í netlögum.

¹⁴⁰ Sbr. opið bréf um rekatilkall á Íslandi frá 4. maí 1778, 5. gr., og konungsbréf (til stiftamtmanns) um landshlut af flutningshvölum á Íslandi frá 23. júní 1779, 1.–2. gr.

¹⁴¹ *Jónsbók* 1904, s. 194.

yfir vafa að hann merkti sér rekann eða kæmi böndum á hann.¹⁴² Allan reka utan *reka-marka* var hverjum manni heimilt að flytja að landi, marka sér og slá eign sinni á, en landeigandi skyldi eiga alla aðra flutninga hvals og viðar.¹⁴³

Sú skýring hefur verið gefin á rekamarki að það sé „sá hluti fjöru og hafs sem bóndi eða rekamaður má nýta á allan reka“.¹⁴⁴ Lúðvík Kristjánsson taldi hins vegar rekamark vera sömu merkingar og fjörumark og tákna merki milli deilda reka.¹⁴⁵ Í Staðarhólsbók Grágásar er rekamark við það miðað „að sjá mundi mega þaðan fisk á borði ef eigi bæri land fyrir“.¹⁴⁶ Lýsing Konungsbókar á rekamarki er nokkru ítarlegri, og er hún sambærileg við skilgreiningu Jónsbókar á *fiskhelgi*:

Maður á að flytja við þann er hann finnur á floti fyrir utan það er fisk sér af borði, óflattan, fyrir annars manns landi. Það skal þorskur vera, sá skal svo mikill vera að hann sé álnar í öxarþærum flattur [álnarbreiður milli þunnildisnefja]. Sá fiskur heitir gildingur. Á því borði skal sjá þann fisk er til lands veit, þaðan úr fjöru er fyrir [fellur út] utast.¹⁴⁷

Fiskhelgi í þessu samhengi táknar svæðið út að rekamörkum sem að sínu leyti miðast við að óflattur þorskur sé í sjónmáli frá ströndinni.¹⁴⁸

Síðar, sennilega snemma á 14. öld, var kveðinn upp svofelldur alþingisdómur um rekamark til lands:

Rekamarck til landz sem leingst ut fiarar. og flod geingur leingst i logne. þa hvorke æser brim nie vindur.

Það var logtekid um rekamark a Auxararþijngi af badum lögmdönnunum og allri logriettunne a dogum Hákonar kongz. sem væri i almennelegu flædarmäle þa siör rædur sier. Enn hvad hann æser brim edur vindur. edur kastar yfer Mälarkamp. edur eírantanga. so sem i logbok utvijsar. edur a land

¹⁴² Grágás 1992, s. 351–352. Sbr. Jónsbók 1904, s. 194–195.

¹⁴³ Grágás 1992, s. 353–354. Jónsbók 1904, s. 196–197. Á öðrum stað í Jónsbók (s. 203) segir þó að þess hvals sem fluttur sé, eigi flytjendur þriðjung en landeigandi tvo hluti nema skot finnist í, þá eigi skotmaður þriðjung. Þetta ákvæði virðist eiga sér nokkra samsvörun í 71. k. landabrigðisþáttar Grágásar (Grágás 1992, s. 365).

¹⁴⁴ Grágás 1992, s. 552. Í Jónsbók virðist einnig gert ráð fyrir að rekamark geti tekið til hafsvæðis út fyrir netlög, sbr. þetta orðalag: „Ef maðr veiðir hval í rekamarki, þar er fisk sér á borði ok fyrir utan netlög, þá á sá allan er veiðir“ (Jónsbók 1904, s. 206 sbr. einnig s. 197).

¹⁴⁵ Lúðvík Kristjánsson, 1980: *Íslenzkir sjávarhættir*. 1. b. Reykjavík. S. 219.

¹⁴⁶ Grágás 1992, s. 353 (Staðarhólsbók). Skilgreining Konungsbókar er ítarlegri (sbr. Grágás 1992, s. 353–354). Samkvæmt Jónsbók 1904 (s. 206) var rekamark „þar er fisk sér á borði“.

¹⁴⁷ Grágás 1992, s. 353–354. Sbr. Jónsbók 1904, s. 203 og 206 (6. og 8. k. rekabálks).

¹⁴⁸ Sbr. Magnús Már Lárusson, 1981: „Hvalfangst“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 7. Kaupmannahöfn. D. 169.

upp. þar sem so vid vijkur. þa eignast það landeigande hvort það er trie edur hvalur.¹⁴⁹

Hér virðist lögrétta skilgreina það sem í síðari löggjöf er nefnt stórstraumsflóðmál.

Algengt var á miðöldum og síðar að fjara innan merkja tiltekinnar jarðar væri nýtt frá annarri jörð. Eigandi hinnar síðarnefndu nefndist þá *rekamaður* eða *fjörumaður*, en rétturinn var þó bundinn jörð hans en ekki persónu. Landeigandi og fjörumaður skiptu með sér fjörugögnum eftir ákveðnum reglum. Um þetta segir í Jónsbók:

Ef maðr kaupir reka af landi manns at loqmáli réttu, ok skilja þeir þat eigi gjørr en svá, þá á landeigandi af fjöru þeiri álnarlöng kefli öll ok smæri, en rekamaðr á þar við allan annan útelgdan er þar rekr upp, ok svá hvali alla er þar hlaupa kvikir á land, nema menn valdi, og svá á hann þá hvali er þar rekr. Sá maðr er land á, hann á þara allan ok fugla alla, sela alla ok rostunga, ok svá ef maðr drepr sel; hann á þar at hafa hnísur ok háskerðinga, ok fiska alla, nema þar reki fleiri senn á land en .v. [5], þá á rekamaðr.¹⁵⁰

Rekamaður átti einnig allan ómerktan við og hval sem menn fluttu úr almenningi¹⁵¹, ef þeir fylgdu ekki festum eins og skylt var, og að auki allt það sem flaut í netlögum. Landeigandi átti hins vegar veiði alla í netlögum, flutninga hvals og viðar og allt það sem flaut utan netlaga og að rekamörkum og aðrir höfðu ekki áður eignað sér.¹⁵² Enn fremur skyldi landeigandi en ekki fjörumaður (rekamaður) varðveita vogrek, þar til eigandi kæmi fram en eignast ella, og skotmannshlut og fá ágóða af og hafa þriðjung af öllum þeim hvölum „er fyrir mönnum hlaupa á land“.¹⁵³ Í heimildum frá miðöldum eru einnig mörg dæmi um að rekinn væri ekki miðaður við ákveðið svæði heldur tiltekið magn af viði sem ýmist var kallað afdráttur eða afreiðsla.¹⁵⁴

Af því sem hér hefur verið rakið má álykta að fjörueign í landi annarrar jarðar hafi fyrst og síðast verið ítak en ekki falið í sér eignarrétt á landinu sjálfu.¹⁵⁵ Í því sambandi má benda á þau orð Hans Kuhn að fjörüitök séu í elstu máldögum og skráum

¹⁴⁹ *Íslenskt fornbréfasafn* 11, s. 1–2.

¹⁵⁰ *Jónsbók* 1904, s. 196–197.

¹⁵¹ Í *Jónsbók* er landeiganda eignaður allur flutningur (*Jónsbók* 1904, s. 197).

¹⁵² *Grágás* 1992, s. 354–355, 365. *Jónsbók* 1904, s. 196–197. Sambærilegt ákvæði um rétt rekamanns til flutninga úr almenningi er ekki í *Jónsbók*.

¹⁵³ *Grágás* 1992, s. 354. *Jónsbók* 1904, s. 197, 201–203, 208–209.

¹⁵⁴ Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 220. Sjá einnig *Íslenskt fornbréfasafn* 3, s. 56–57.

¹⁵⁵ Sbr. einnig hugtakið *ítaksreki* um þann reka jarða eða hluta hans sem gengið hafði undan jörðinni (Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 204).

aðeins kölluð fjörur eða rekafjörur.¹⁵⁶ Hér verður þó að hafa á þann fyrirvara að rekamanni tilheyrði ekki einvörðungu fjaran í merkingunni fjöruítak heldur einnig *reka-grunnurinn*, enda missti hann ekki rétt sinn til rekans þótt orpinn væri sandi eða grjóti.¹⁵⁷ Þegar þess er gætt að fjörur (reki) voru í mörgum tilvikum ítak í landi annarra en þeirra sem áttu rekann, þarf ekki að koma á óvart að fjörumörk og landamerki jarða til sjávar fóru ekki alltaf saman eins og t.d. landamerkjabréf jarða í Örafum vitna um. Samkvæmt lögum um lausn ítaka af jörðum, nr. 113/1952, féllu önnur ítök en skógarítök og lax- og silungsveiðiítök úr gildi væri ítaksrétti ekki lýst með tilteknum hætti, sjá nánar í kafla 4.8.

Í lögbókunum er einnig gert ráð fyrir að fjörur geti verið almenningur og heimildir um almenninga við sjávarsíðuna eru allnokkrar.¹⁵⁸ Þar skyldu fjórðungsmenn eiga reka allan nema þann sem skot var í. Þá skyldu þeir menn varðveita „er lönd eigu næst“.¹⁵⁹ Samkvæmt þessu virðist ekki gert ráð fyrir því að almenningsfjara sé ítak í eignarlandi, en dæmi um slíkt kunna þó að finnast.¹⁶⁰

Netlögum má líkja við „fiskveiðilögsögu“ sjávarjarða. Þau eru skilgreind á þessa leið í fornlögum:

Þar eru netlög utast í sæ er selnet stendur grunn, tuttugu möskva djúpt, af landi eða af skeri og komi flár [þ.e. flotholt] upp úr sjánum að fjöru þá er þinur [þ.e. teinn á neti] stendur grunn. En fyrir það utan á hver að veiða að ósekju er vill.¹⁶¹

Landeigandinn átti einn alla veiði í netlögum og í fjörunni, og gildi einu þó að annar hefði eignast aðrar nytjar í fjöru og netlögum.¹⁶² Eins og áður hefur komið fram virðist fiskhelgi samkvæmt Jónsbók hafa verið miðuð við rekamörk og verður því ekki í öllum tilvikum lögð að jöfnu við netlög.

¹⁵⁶ Kuhn, Hans, 1943–1948: „Hátúningamelur og Gnúpverjahreppur.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*. S. 73. Austfirðingar nota orðið *sandur* um það sem Sunnlendingar kalla fjöru (Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 218).

¹⁵⁷ Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 203.

¹⁵⁸ Sjá nánar í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar um hugtakið almenningar.

¹⁵⁹ Grágás 1992, s. 369. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 193–194.

¹⁶⁰ Af þessu yfirliti má sjá að samkvæmt lögbókunum, Grágás og Jónsbók, áttu nokkrir aðilar lögverndaðan rétt til hvals eftir ákveðnum reglum: Í fyrsta lagi var það landeigandinn, í öðru lagi rekamaður, ef rekinn hafði verið seldur undan jörð, í þriðja lagi skotmaður, sem átti hálfan hval sem hann náði ekki að festa í fjöru og loks fjórðungsmenn ef um almenningsfjöru var að ræða. Fleiri áttu einnig sinn rétt til rekahvals að uppfylltum ákveðnum skilyrðum eins og leiglendingur og sá sem fyrstur kom að hval er fluttur hafði verið úr almenningi (sbr. „finnandaspik“). Sbr. Grágás 1992, s. 356, 365. *Jónsbók* 1904, s. 135.

¹⁶¹ Grágás 1992, s. 354. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 196.

¹⁶² *Jónsbók* 1904, s. 197.

Ekki er ljóst af lögbókunum hversu langt til sjávar netlög náðu enda mun það að nokkru hafa farið eftir aðstæðum eins og grunnsævi við sjávarstrendur. Lúðvík Kristjánsson getur sér þess til að netlög hafi verið miðuð við 6 þumlunga selmöskvalegg, og hefur því mesta dýpt netlaga um fjöru verið 120 þumlungar eða 6 álnir.¹⁶³ Alin jafngilti um 47,7 sm svo að netlög hafa náð út að 2,9 m dýpi.

Í skipan goðorðsmannsins Sæmundar Ormssonar um almenninga í Hornafirði, sem talin er frá um 1245, er því lýst yfir að land og fjöru skyldi helga 30 faðma þaðan frá sem efst féll í meðalflæðum. Rekald þar fyrir utan skyldi vera *almeningur*.¹⁶⁴ Talið hefur verið að Sæmundur hafi í skipan sinni verið að lýsa netlögum.¹⁶⁵ Í löggjöf frá miðbiki 19. aldar var miðað við 60 faðma (u.þ.b. 112 metra) frá stórstraumsfjörumáli.¹⁶⁶ Í 20. aldar löggjöf hefur fyrst og fremst verið við það miðað að netlög séu 115 metrar á haf út miðað við stórstraumsfjörumál.¹⁶⁷ Sýnist nú óhætt að miða þau mörk sem meginreglu, þó svo önnur viðmið gildi vissulega skv. þeim eldri lögum sem enn eru í gildi.

Merki sjávarjarða til hafsins miðast annað hvort við ytri mörk fjöru eða netlaga. Um þetta álitafni er ekki þörf ítarlegrar umfjöllunar hér, enda fjalla þjóðlendlögin einungis um land ofan sjávar. Ljóst er að strandlengja landsins tekur breytingum, á einum stað kann að verða landrof en á öðrum landauki. Dómstólar hafa lagt til grundvallar að eigandi sjávarjarðar eignist þann landauka sem til verður í fjöru og netlögum fyrir landi hans.¹⁶⁸ Það á a.m.k. við um þann landauka sem til verður af náttúrulegum ástæðum eða fyrir tilverknað þriðja manns.¹⁶⁹

Með lögum nr. 73/1990 voru auðlindir hafsbotnsins utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 1. gr. Netlög eru þar skilgreind með sama hætti og áður, sbr. 3. mgr. 2. gr., og ekki verður talið að ætlunin hafi verið að afnema til frambúðar áðurgreindan rétt sjávarjarða til landauka og fastsetja þar með í eitt skipti fyrir öll mörk sjávarjarða til hafsins. Vilji löggjafans

¹⁶³ Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 203.

¹⁶⁴ *Íslenskt fornbréfasafn* 1, s. 536.

¹⁶⁵ Sbr. Þorgeir Örlygsson, 1993: „Er Hornafjörður almenningur?“ *Tímarit Háskóla Íslands*. 6. árg. nr. 6. Reykjavík. S.33.

¹⁶⁶ Sbr. t.d. 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

¹⁶⁷ Sjá t.d. 3. mgr. 2. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998; 1. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, og 1. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

¹⁶⁸ Sbr. H 1946 345. Sjá einnig Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 45 og Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* II, s. 136.

¹⁶⁹ Ekki verður ráðið af fyrirbyggjandi réttarheimildum og fræðiskrifum að greinarmunur sé í þessu sambandi gerður á landauka sem til verður fyrir tilstilli fasteignareigandans sjálfs. Á það er þó bent að réttur fasteignareiganda í þessa veru geti ekki, í ljósi tækniframfara og nýrra viðhorfa, verið án takmarkana. Þær takmarkanir helgast þá af hagsmunum íslenska ríkisins, fullveldisrétti þess og eignarétti, sbr. t.d. lög nr. 73/1990.

til slíkrar breytingar hefði þurft að koma skýrt fram. Gildistaka laga nr. 73/1990 hafði þannig ekki í för með sér að merki sjávarjarða til hafsins væru endanlega fastsett. Fjara og netlög færast út og inn í samræmi við landauka eða landtap, þ.e. breytt stórstraumsfjörumál, og landamerki þar með.

5. HEIMILDIR UM EIGNARHALD

5.1. Almenn

Í köflunum „Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru“ undir „Gögn og gagnaöflun“ í hverjum úrskurði fyrir sig kemur fram hvaða flokkar frumheimilda, útgefinna og óútgefinna, voru yfirfarnir á vegum óbyggðanefndar í þeim tilgangi að fullnægja rannsóknarskyldu nefndarinnar, sbr. einnig sérstakan kafla í hverjum úrskurði um það efni. Hér verður gerð nánari grein fyrir nokkrum mikilvægum heimildum og þýðingu þeirra fyrir úrlausnarefni óbyggðanefndar.

5.2. Jarðamöt og jarðabækur

Elsta dæmi um jarðamat á Íslandi er að finna í tíundarlögunum 1096/97. Jarðir voru metnar til hundraða en eitt hundrað á landsvísu jafngilti 120 álnum vöruvaðmáls eða einu kýrverði. Í tilefni af sölu konungsjarða á 17. öld var ákveðið að hvert jarðarhundrað skyldi jafngilda tveimur hundruðum á landsvísu (kúgildum).¹⁷⁰

Lítið er vitað um matsreglur eða viðmiðanir þegar jarðamatið fór upphaflega fram. Þegar elsta varðveitta jarðabókin var gerð 1639, um jarðeignir konungs, var við það miðað að dýrleiki skyldi vera tuttuguföld landskuld. Sama var gert í jarðabókinni 1686 en hún er elsta varðveitta jarðabókin sem hefur að geyma jarðir í einkaeign. Í jarðabókinni 1695 var aftur snúið til hins gamla mats enda jafnan við það stuðst í fasteignaviðskiptum.¹⁷¹ Þó ber að taka fram að í þessari jarðabók var eignarhlutur kirkju í heimalandi yfirleitt ekki reiknaður með í jarðamatinu og þess vegna var dýrleiki sumra kirkjujarða ekki í fullu samræmi við raunvirði þeirra.¹⁷²

Á árunum 1702–1712 var gerð hér á landi ný og mjög nákvæm jarðabók. Jarðabók þessi er jafnan kennd við þá tvo menn sem unnu mest að henni, Árna Magnússon og Pál Vídalín. Jarðabókin þykir mjög traust heimild og skýrist það einkum af því hvernig að verki var staðið. Þeir Árni og Páll eða umboðsmenn þeirra ferðuðust um nær land allt að boði konungs og reyndu að kynna sér aðstæður á hverjum stað en jafnframt höfðu þeir þann háttinn á að boða bændur í héraði til fundar

¹⁷⁰ Sbr. *Lovsamling for Island*. 1. b. Kaupmannahöfn. S. 356.

¹⁷¹ Sbr. Björn Lárússon, 1967: *The Old Icelandic Land Registers*. Lundi. S. 18. Björn Lárússon, 1982: *Íslands jordebok under förindustriell tid*. Lundi. S. 18.

¹⁷² Björn Lárússon 1967, s. 63.

og láta hvern ábúanda gera vandlega grein fyrir jörð sinni. Þetta var jafnharðan skráð niður og í lokin staðfest af áreiðanlegum mönnum í sveitinni. Þrátt fyrir það voru brögð að því að vitnisburður manna um jarðir sínar væri ekki nákvæmur, t.d. að meira væri gert úr landsþjóllum en efni stóðu til eða að ekki væri samræmi á milli þess sem landeigendur sögðu og leiguliðar þeirra. En þá var stundum hægt að leiðrétta misræmið með samiburði við jarðabréf sem þeir Árne og Páll söfnuðu einnig á ferðum sínum. Í tengslum við jarðabókarverkið voru samdar tillögur að nýju jarðamati. Í tillögunum var gert ráð fyrir að grundvöllur matsins væri fóðurgildi jarðar, þ.e. hversu mörg kúgildi hún gæti borið í meðalári. Afréttur, útigangur, sellönd og ýmis hlunnindi skyldu metin til hundraða eftir ákveðnum reglum og greiða af þessu bæði tíund og landskyld. Frá því var horfið að ráðast í nýtt jarðamat hér á landi. Í stað þess lögðu þeir Árne og Páll hið forna jarðamat til grundvallar og höfðu hliðsjón af „almúgans tilsögn og undirrjettingu“ í votta viðurvist. Þó má sjá þess merki að reynt hafi verið í einhverjum mæli að leggja nýtt mat á jarðirnar, einkum þegar getið er sérstaklega um heyfóður og nýtingu úthaga, afrétta og hlunninda.

Tillögur þær sem hér hefur verið vikið að eru að verulegu leyti í samræmi við svonefnda „Bergþórsstatútu“ sem sögð var frá fyrri hluta 12. aldar. Í statútunni var þó reiknað með að ákveðið hlutfall væri á milli fóðurgildis jarðar og stærðar hennar; eins kýreldis tún væri 140 norskir faðmar að stærð. Afrétti og heiðalönd skyldi meta til helmings á við beit í heimalandi og virðast því tún hafa verið sex sinnum verðmætari miðað við hverja einingu lands en afréttir.¹⁷³ Þess skal getið að samkvæmt Jónsbók var meðalkýr lögð að jöfnu við sex ær „og fæði lömb sín, órotnar, loðnar og lembdar.“¹⁷⁴

Flestum fræðimönnum ber saman um að Bergþórsstatúta sé fölsuð. Hún getur því ekki talist heimild um annað en það hvernig menn töldu á sínum tíma eðlilegt að meta jarðir og hlunnindi þeirra. Engu að síður má ætla að fóðurgildið, bæði af heyfeng og hagbeit, hafi upphaflega verið lagt til grundvallar jarðamatinu og þá ef til vill reiknað sem ákveðið hlutfall af smjörfjórðungum.¹⁷⁵ Þessu til stuðnings má nefna að skerðing á engi jarðar gat lækkað dýrleika hennar verulega og einnig eru dæmi um að selland hafi verið metið sérstaklega til tíundar.¹⁷⁶ Á sama hátt er svo að sjá sem afréttur einstakra jarða hafi, að minnsta kosti í sumum tilvikum, verið reiknaður með í jarðamatinu, einkum ef þær höfðu tekjur af upprekstrartollum.

¹⁷³ Halldór Einarsson, 1833: *Om Værdie-Beregning paa Landsviis og Tiende-Ydelsen i Island*. Kaupmannahöfn. S. 165–175.

¹⁷⁴ *Jónsbók* 1904, s. 215 (6. k. kb.).

¹⁷⁵ Björn Lárusson 1982, s. 17.

¹⁷⁶ Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 10. b. Kaupmannahöfn 1943. S. 177. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 4. b. Kaupmannahöfn 1925 og 1927. S. 317.

Dýrleikinn var mikilvægt auðkenni jarða og grundvöllur skattlagningar og erfðaskipta en ýmsar heimildir, einkum kaupbréf, benda til að dýrleikinn hafi ekki ævinlega sýnt raunvirði jarða. Úr því var reynt að bæta í byrjun 19. aldar þegar fram fór jarðamat um land allt á árunum 1800–1806. Viðmiðunarreglur voru þó hinar sömu og áður, þ.e. hversu mörg kúgildi hver jörð gat borið, en jafnframt skyldu ýmis hlunnindi og útigangur metin sérstaklega til dýrleika.¹⁷⁷ Árið 1848 kom út jarðatal kennt við J. Johnsen en þar var nær einvörðungu farið eftir gömlu jarðamati. Sama ár, 27. maí, gaf konungur út tilskipun um nýtt jarðamat á Íslandi og skyldi hver jörð metin til peningaverðs „að því sem slíkar jarðir verða sanngjarnlega seldar eptir gæðum sínum“.¹⁷⁸ Hjáleigur voru ekki metnar sérstaklega til dýrleika fyrr en 1848 og því ekki getið um dýrleika þeirra í jarðamötum fyrr en eftir þann tíma. Jarðamat þetta var gefið út 1861 undir heitinu *Ný jarðabók fyrir Ísland*. Hinni fornu verðeiningu, hundraði, er haldið, en að baki henni stóð ekki lengur kúgildi heldur slegin mynt og seðlar.

Með lögum um fasteignamat nr. 22/1915, var kveðið svo á í 1. gr., að allar jarðeignir, lóðir og hús á landinu skyldi meta til peningaverðs tíunda hvert ár. Hér var um að ræða mikla breytingu frá því óreglulega fasteignamati sem tíðkast hafði, oft með löngu millibili.

Heimildir segja ekki ótvírætt til um það hvort afréttir hafi verið tíundaðir sérstaklega til skatts þó að sjá megi viðleitni í þá veru í þeim tillögum um nýjar jarðamatsreglur frá byrjun 18. aldar sem Árni Magnússon og Páll Vídalín virðast hafa ætlað að fara eftir og áður er getið. Þær tillögur tóku þó aldrei gildi. Í reglugerð rentukammers um nýtt jarðamat 1. sept. 1848 er gert ráð fyrir að tún og engjar, hagi og útbeit séu metin og einnig hlunnindi jarða en ekki er þar minnst á afrétti. Það mun ekki hafa verið fyrr en með fasteignalögunum nr. 22/1915 sem kveðið var skýrt á um að afréttir skyldu teknir til greina við jarðamat. Í 7. gr. laganna segir á þessa leið:

Afrjettarlönd þau, sem eru eign sveita og einungis notuð til uppreksturs, skal eigi meta sjerstaklega, en aftur á móti ber að taka upprekstrarrjettinn til greina við mat jarða þeirra, er hann eiga.

Prætulönd milli jarða skulu metin sjer í lagi.

Óbyggðanefnd telur að jarðamöt sýni tilvist sjálfstæðrar jarðar á þeim tíma sem um ræðir. Dýrleiki jarðar sé hins vegar fyrst og fremst heimild um landgæði fyrr á tímum, einkum grasfeng og útigang, en miklu síður um stærð jarða eða víðáttu. Jarðabækur og jarðamöt geta þannig gefið vísbendingar um eignarréttindi, landnýtingu og í einstaka tilvikum jafnvel um landamerki.

¹⁷⁷ *Lovsamling for Island*. 6. b. Kaupmannahöfn 1856. S. 475–481.

¹⁷⁸ *Lovsamling for Island*. 14. b. Kaupmannahöfn 1868. S. 175.

5.3. Máldagar og vísitasúr

Hugtakið *máldagi* var í fornu máli haft um hvers kyns samninga, munnlega og skriflega, en í þrengri merkingu var máldagi samningur sem gerður var við stofnun kirkju. Máldaginn kvað á um réttindi og skyldur allra þeirra sem hagsmuna áttu að gæta, en hann var jafnframt skrá yfir eignir viðkomandi kirkju. Í kristinna laga þætti Grágásar segir svo:

Þar er maður leggur fé til kirkju, hvort sem það er í löndum eða lausum aurum, í búfé eða tíundum af þeim bólstöðum er héraðsmenn skulu þangað inna, og skal sá maður er kirkju varðveitir láta gera þann máldaga á skrá allan, hvað hann hefir fjár gefið þangað, eða aðrir héraðsmenn til þeirrar kirkju. Þann máldaga er honum rétt að lýsa að Lögbergi eða í lögréttu eða á vorþingi því er hann heyr, hvað þar liggur fjár til þeirrar kirkju. Hann skal láta ráða [lesa] skrá og lýsa þann máldaga heima að kirkju um sinn [einu sinni] á tólf mánuðum hverjum, þá er menn hafa þangað tíðasókn flestir.¹⁷⁹

Ákvæði þetta er talið vera frá biskupsárum Gissurar Ísleifssonar (1082–1118) og að líkindum sett í kjölfar tíundarlaganna 1096/1097.¹⁸⁰ Eins og fram kemur í tilvitnuðu ákvæði öðlaðist máldagi gildi um leið og honum hafði verið þinglýst á alþingi eða vorþingi.

Máldagi var í reynd samningur milli þriggja aðila: kirkjubónda, biskups og safnaðar. Bóndinn lagði kirkjunni til ákveðið stofnfé í samráði við biskup og nefndist það *heimanfylgja* hennar. Ávöxtur stofnfjár, svonefnd *afvinna*, ásamt tíund átti að duga fyrir rekstri kirkju en að auki bættust smám saman við gjafir af ýmsum toga, bæði í föstu og lausu, sem kirkjubóndinn eða einhver annar, er biskup skipaði til þess, hafði umsjón með. Sóknarfólkið greiddi tíund en fékk í staðinn kirkjulega þjónustu, sálusorgun og sakramenti í kirkju sinni. Hlutverk biskups var fyrst og síðast fólgið í því að gæta þess að kirkjan væri ekki hlunfarin. Það gerði hann einkum í árlegum vísitasíuferðum sínum.¹⁸¹

Eins og flest opinber skjalagögn frá miðöldum fylgdi efnisskipan máldaga ákveðinni reglu sem var þáttur í trúverðugleika skjalsins. Venja var að greina fyrst frá stofnfé kirkjunnar. Engin eign var kirkju mikilvægari en grunnurinn sem hún stóð á og þess vegna var yfirleitt byrjað á því að tilgreina hversu stóran hlut kirkjan átti í heimalandi, þ.e. þeirri jörð sem hún stóð á. Hvorki aðrar fasteignir, eins og útjarðir (þ.e. jarðir utan heimajarðar kirkjunnar), né heldur afréttir gátu myndað þann grundvöll sem kirkja þurfti til að geta talist myndug og sjálfstæð, m.ö.o. *staður* að

¹⁷⁹ Grágás 1992, s. 12.

¹⁸⁰ Magnús Stefánsson, 1999: „Die isländischen Stiftungsurkunden – Kirkjumáldagar.“ *Karl von Amira zum Gedächtnis*. Peter Lang. Europäischer Verlag der Wissenschaften. S. 134–135.

¹⁸¹ Hólabiskup átti að fara um allt umdæmi sitt á einu ári en Skálholtsbiskup á þremur árum.

skilningi kirkjulaga. Þetta kom skýrt fram í svokölluðum *staðamálum* á síðari hluta 13. aldar.¹⁸² Jafnframt gildi sú regla að kirkjueign mátti aldrei láta af hendi hvorki að hluta til né í heild sinni, nema önnur jafngóð kæmi í staðinn.¹⁸³

Því næst voru aðrar eignir kirkjunnar taldar upp, fasteignir, fríður peningur og hlunnindi, síðan kirkjugripir, messuskrúði og bækur sem notaðar voru við helgihaldið. Að lokum var lýst kvöðum sem hvíldu á kirkjueigninni, ef nokkrar voru, og greint frá tíundarumdæmi eða upphæð tíundar um tiltekinn tíma. Þessi niðurröðun gat raskast af ýmsum ástæðum. Það gerðist t.d. þegar ný eign var færð inn í máldaga neðan við þann texta sem fyrir var í stað þess að skrifa hann allan upp að nýju. Í máldögum má því stundum sjá fasteignir nefndar á fleiri en einum stað ef þær voru lagðar til kirkju á mismunandi tímum.

Í kristinna laga þætti Grágásar var tekið fram að máldaginn skyldi lesinn upp við kirkju á þeim degi þegar tíðasókn þangað var mest. Trúlega hefur það verið á vígsludegi kirkjunnar eða einhverjum öðrum hátíðisdegi. Á þann hátt var reynt að tryggja hagsmuni kirkju og sóknarbarna í viðurvist vitna jafnframt því sem réttargildi heimildarinnar var endurnýjað. Ákvæði þetta hélst að mestu óbreytt í nýjum kristinrétti sem samþykktur var fyrir Skálholtsbiskupsdæmi 1275 og síðar (1354) einnig fyrir Hólabiskupsdæmi.¹⁸⁴ Þar var hins vegar ekki lengur tekið fram að máldaga skyldi lýst á alþingi (Lögbergi, lögréttu) eða vorþingi. Líklega hefur staðfesting biskups í viðurvist votta þá verið talin nægja til löggildingar máldaga. Um líkt leyti hafa biskupar eða skrifarar þeirra farið að skrá máldaga í sérstakar máldagabækur sem geymdar voru á biskupsstólunum. Á vísitasíuferðum hefur biskup síðan borið saman máldaga einstakra kirkna við það sem áður hafði verið skráð í máldagabók embættisins og var máldagabókin talin að öllu jöfnu hafa meira réttargildi. Elsta varðveitta máldagasafnið er frá 1318, kennt við Auðun rauða Þorbergsson biskup á Hólum.¹⁸⁵

Máldagar eru flestir varðveittir í afskriftum frá 17. öld og eru þeir birtir í Íslensku fornbréfasafni. Sú útgáfa er með þeim annmörkum að þar hefur máldagasöfnum verið sundrað og einstakir máldagar tímasettir af mismikilli nákvæmni. Engu að síður hafa máldagar verið taldir með mikilvægustu heimildum okkar frá fyrri tíð. Til marks um það má geta þess að í íslensku lagasafni er enn að finna konungsbréf frá 5. apríl 1749 þar sem kveðið er á um að máldagi Gísla biskups Jónssonar (frá um 1575) sé auk máldagabókar Vilkins biskups (frá 1397) „áreiðanlegt og authentískt“

¹⁸² Sjá t.d. Magnús Stefánsson, 1978: „Frá goðakirkju til biskupskirkju.“ *Saga Íslands*. 3. b. Reykjavík. S. 123–126, 223–226.

¹⁸³ Sjá *Álitsgerð kirkjueignanefndar*. Fyrri hluti. 1984. S. 40–49.

¹⁸⁴ *Norges gamle love indtil 1387*. 5. b. Christiania, 1895. S. 35.

¹⁸⁵ Magnús Már Lársson, 1981: „Máldagi.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 11. b. Kaupmannahöfn. D. 265.

kirkjuregistur.¹⁸⁶ Eftir siðaskipti tóku vísitasúbækur við af máldagabókum og voru þær lögboðnar með konungsbréfi 1. júlí 1746.¹⁸⁷

Sagnfræðingar hafa yfirleitt ekki séð ástæðu til að efast um heimildargildi máldaga þó að sjálfsagt þyki að kynna sér varðveislusögu þeirra, aldur og samsetningu. Af úrlausnum dómstóla má ráða að heimildargildi máldaga og vísitasía um tilvist eignarréttinda er metið með mikilli varfærni en að þessar heimildir geti þó, ásamt öðru, haft nokkra þýðingu.

5.4. Lögfestur

Í íslenskum réttarheimildum kemur hugtakið *lögfesta* fyrst fyrir í Jónsbók (1281) en mun þangað komið úr landslögum Magnúsar lagabætis. Lögfesta var að fornu notuð um lögformlega athöfn sem átti að tryggja tiltekin réttindi í fasteign. Leiguliði gat lögfest ábúðarrétt sinn gagnvart landeiganda (IIb. 4), heimilt var að lögfesta landamerki milli jarða, beitarrétt og önnur ítök o.s.frv. (IIb. 16, 26). Í öllum þessum tilvikum beindist lögfestan gegn ákveðnum einstaklingum (IIb. 26). Einnig var unnt að lögfesta réttindi í þeim tilgangi að hún gildi almennt, en þá skyldi henni lýst við kirkju eða á þingi. Slík lögfesta gildi aðeins í 12 mánuði (IIb. 17).¹⁸⁸

Í Jónsbók er ætlast til að lögfestu sé fylgt eftir með dómsmáli, að öðrum kosti falli hún úr gildi (IIb. 52). Í 26. kafla landsleigubálks segir í upphafi:

Alt þat er menn skilr á um áverka á akri eða eng, holti eða haga, skóga, eða reka, þá skal lögfesta fyrir. Sá leggi fimtarstefnu er heldr þykkiz þurfa; hann skal svá mæla: Ek lögfesti eign þessa er N. heitir eða þar liggr, bú ok lóð, og alt þat er þar má til gagns af hafa, þar til er dómr fellur á, at lögmáli réttu...

Að vísu er ekki alls staðar tekið fram þar sem fjallað er um lögfestur að þeim skuli fylgt eftir með málsókn en gera verður ráð fyrir að til þess hafi verið ætlast. Páll Vídalín lögmaður skýrir þetta svo að lögfesta sé „að festa lög, lofa lögum“, þ.e. fylgja máli eftir til laga.¹⁸⁹ Fleiri dæmi má nefna um að löglærðir menn hafi lagt þennan sama skilning í ákvæði Jónsbókar um lögfestur. Ólafur Árnason á Höfðaströnd í Jökulfjörðum greinir t.d. frá því í bréfi 10. apríl 1704 að hann hafi 12. apríl 1686 lögfest 6 hundruð í Neðrabakka. Lögmaðurinn hafi hins vegar sagt sér í lögréttu (á Alþingi) að hafa lagasókn á eigninni eftir landabrigðum. Ólafur hafði enn ekki komið lagasókninni í verk með heimstefnu, þegar hann ritaði fyrirnefnt bréf, „sökum

¹⁸⁶ *Lagasafn. Íslensk lög 1. október 1995*. S. 513–514.

¹⁸⁷ Björn K. Þórólfsson, 1956: *Biskupsskjalasafn*. Skrár Þjóðskjalasafns 3. Reykjavík. S. 47–48.

¹⁸⁸ Sbr. Sigurður Lindal, 1982: „Foreløpige rettsmidler. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 21. b. Kaupmannahöfn. D. 175–176.

¹⁸⁹ Páll Vídalín, 1854: *Skýringar yfir Fornyrði Lögbókar þeirrar, er Jónsbók kallast...* Reykjavík. S. 165.

harðinda, fjúka og óveðráttu“. Hann varð því að sjá af þessum 6 hundruðum í Neðrabakka.¹⁹⁰ Annað dæmi er fimmtarstefna og dómsúrskurður sem fylgdi í kjölfar lögfestu Sigurðar Sigurðssonar landþingsskrifara fyrir jörðinni Háeyri.¹⁹¹

Hér má einnig geta þess að á Alþingi 1751 var langvarandi hefð eigenda Holts í Flóa á engjaplássinu Ljósateigi dæmd áreiðanlegri eignarheimild en einhliða lögfesta ráðsmannsins í Skálholti.¹⁹² Þrátt fyrir fleiri dæmi af sama toga¹⁹³ virðist sú skoðun hafa verið almenn að lögfesta hafi nægt sem eignarheimild ef enginn hreyfði við andmælum.

Dómstólar hafa lagt lítið upp úr lögfestum sem sönnunargögnum um tilvist eignarréttinda en ekki er þó útilokað að þær geti, ásamt öðru, haft nokkra þýðingu.

5.5. Jarðabréf og landamerkjabréf

Fyrir gildistöku landamerkjalaga, nr. 5/1882, voru í gildi ákvæði Jónsbókar um að gera skyldi skriflegan samning við jarðakaup.¹⁹⁴ Fjöldi jarðabréfa hefur varðveist frá fyrri tíð en jafnljóst er að mikið hefur glatast auk þess sem ekki er víst að slíkir samningar hafi ævinlega verið gerðir við jarðakaup þrátt fyrir ákvæði laganna. Jarðabréfin eru einnig með þeim annmörkum að í þeim er sjaldan lýst umfangi jarða eða landamerkjum. Á vegum óbyggðanefndar fór fram athugun á rúmlega 1500 útgefnum jarðabréfum frá ýmsum tímum, einkum 17. og 18. öld. Niðurstaðan var sú að í 72 þeirra (um 5%) er landamerkjum lýst, stundum ítrekað um sömu jörð. Tekið skal fram að hér er ekki einungis um kaupbréf að ræða, heldur jarðabréf af hvers kyns toga, svo sem testamentisbréf, eignayfirlýsingar og vísitasíur. Jarðir voru gjarnan seldar „með öllum þeim gögnum og gæðum, landsnytjum og ítökum sem fylgt hefur og fylgja ber að fornu og nýju í ystu landamerki“ eða álíka orðalagi. Gera verður ráð fyrir að samningsaðilum hafi verið kunnugt um landamerkin, hvort sem þau voru til skráð eða einvörðungu varðveitt í munnlegri geymd.

Frá 1847 og til setningar landamerkjalaga 1882 komu ítrekað fram á Alþingi mál er vörðuðu nauðsyn þess að landamerki jarða hér á landi yrðu skýrð og skráð.¹⁹⁵ Af umfjöllun þingsins má ráða það almenna álit þingmanna að landamerki víða um

¹⁹⁰ *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 303. Sbr. *Jarðaskjöl frá 16. og 17. öld. Útdráttir*. Reykjavík 1993. S. 162.

¹⁹¹ *Alþingisbækur*. 15. b. Reykjavík 1982. S. 519–521.

¹⁹² Sjá *Alþingisbækur*. 14. b. Reykjavík 1977. S. 17, 28. Sbr. einnig *Alþingisbækur* 15, s. 300.

¹⁹³ Sjá t.d. *Alþingisbækur*. 10. b. Reykjavík 1967. S. 179.

¹⁹⁴ Sjá *Jónsbók* 1904, s. 222 (12. k. kb.).

¹⁹⁵ Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* 1847, s. 67–68; 1849, s. 26, 261–263. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 515–516; 1879 (fyrri partur), s. 24–28; 1881 (síðari partur), s. 118.

land væru í ólestri.¹⁹⁶ Þingmenn virtust sammála um að eignarrétturinn væri að sama skapi óviss og brýn þörf úrbóta. Gera þyrfti mönnum mögulegt að vernda eignarréttindi sín til fasteigna landsins. Koma þyrfti fastri og áreiðanlegri skipan á landamerki og fyrirbyggja óvissu eftirleiðis.¹⁹⁷ Skyldu landeigenda til að gera landamerkjalyásingar var líkt við að skipa mönnum að merkja fé sitt, svo sem lögskipað hefði verið frá ómunatíð.¹⁹⁸ Þá var nefnt að slík skrásetning skapaði hentugan grundvöll fyrir nýtt fasteignamat.¹⁹⁹ Af þessu má ráða að setning landamerkjalaga 1882 hafi verið þáttur í viðleitni löggjafans í lok níttjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna, sjá einnig í köflum 3.3. og 5.2.

Í lögum um landamerki, nr. 5/1882, var í fyrsta skipti í íslenskri löggjöf kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Skyldi einnig getið ítaka eða hlunninda annarra í viðkomandi jörð svo og meðfylgjandi henni í annarra manna lönd. Eigendur aðliggjandi lands sem og aðilar ítaka skyldu rita samþykki sitt á bréfið, enda væru þeir sammála efni þess. Auk þinglesturs á næsta manntalsþingi var varðveisla landamerkjaskráa nú tryggð með færslu í landamerkjabók sýslumanns. Skrásetningu landamerkja, merkjasetningu og þinglýsingu landamerkjaskráa skyldi lokið innan fimm ára frá gildistöku laganna, að viðlögðum sektum. Kveðið var á um eftirlit sýslumanns með því að menn uppfylltu skyldur sínar í þessu efni. Ágreining skyldi útkljá fyrir merkjadómi.

Skylda til að halda við glöggum landamerkjum gildi því aðeins um afrétti og aðrar óbyggðar lendur „að því leyti því verður við komið“, sbr. 1. gr., í stað afdráttarlausrar skyldu jarðeigenda. Í ákvæði 2. gr. um skyldu til merkjasetningar virðist miðað við mörk milli tveggja jarða og skylda til skrásetningar landamerkja hvíldi á eiganda eða umráðamanni „hverrar jarðar“, sbr. 3. gr. Ekkert er minnst á afrétti eða aðrar óbyggðar lendur í því sambandi. Lögunum virtist þannig fyrst og fremst ætlað að fjalla um landamerki milli jarða.

Landamerkjalögin frá 1882 þóttu ekki ná tilgangi sínum til hlítar. Landamerkjaskrár voru ekki gerðar fyrir allar jarðir á landinu og margar einungis að

¹⁹⁶ Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* 1849, s. 28–29, 31, 337 *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 516–518; 1879 (fyrri partur), s. 197, 485; 1879 (síðari partur), s. 763–764, 766; 1881 (fyrri partur), s. 553; 1881 (síðari partur), s. 408, 422.

¹⁹⁷ Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* 1849, s. 29, 31, 261, 274–275, 281, 513. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 517; 1879 (síðari partur), s. 763–764, 766, 783; 1879 (fyrri partur), s. 485. Sjá ennfr. *Alþingistíðindi* 1919 A I, s. 172.

¹⁹⁸ Sjá *Alþingistíðindi* 1879 (síðari partur), s. 766.

¹⁹⁹ Sbr. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 516–518; 1879 (síðari partur), s. 783. Sjá ennfr. *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 172.

nafninu til, án samþykkis allra hlutaðeigandi. Af þessum ástæðum þótti nauðsynlegt að endurskoða lögina og lauk þeirri vinnu með setningu núgildandi laga um landamerki o.fl., nr. 41/1919.²⁰⁰ Í 1. gr. þeirra laga er kveðið á um skyldu eigenda eða fyrirvarsmanna jarða til merkjasetningar. Jafnframt segir svo í ákvæðinu: „Sama er um merki milli jarða og afrjetta eða annara óbygðra lendna, ef sá krefst þess, er land á að afrjetti eða lendu.“ Í ákvæði laganna um viðhald merkja segir að eiganda eða fyrirvarsmanni „lands“ sé skylt að halda við löglega settum merkjum að sömu tiltölu sem í 1. gr. segi um merkjagerð, sbr. 3. gr. Þá virðist ákvæði laganna um skyldu til skrásetningar landamerkja rýmra en ákvæði eldri laga að því leyti að þar er nú fjallað um „land“ í stað „jarðar“ og „fyrirvarsmann“ í stað „umráðamanns“, sbr. 2. gr. laga nr. 41/1919 og 3. gr. laga nr. 5/1882. Eðlilegt virðist að túlka ákvæðið þannig að afréttir falli þar undir eins og önnur landsvæði. Sú skylda kemur þó ekki skýrt fram. Samkvæmt þessu skyldi skrásetja fyrirliggjandi landamerki afrétta en einungis setja merki og halda við merkjum ef sá krafðist þess sem land átti að afrétti. Enn sem fyrr miðast því ákvæði landamerkjalaga fyrst og fremst við að afmarka lönd jarða. Þessi ákvæði eru enn í gildi.

Þá er kveðið á um það í 6. gr. að jafnskjótt sem lögina komi til framkvæmda skyldu valdsmenn, hver í sínu umdæmi, rannsaka það hvort merkjaskrá þar hafi verið þinglýst. Komi í ljós að merkjaskrá hafi ekki verið þinglýst eða að samþykki sumra aðilja vanti á þinglýsta merkjaskrá, skyldi valdsmaður gefa til þess ákveðinn frest, að viðlögðum sektum, sbr. 7. gr. Jafnframt var kveðið á um að valdsmaður skyldi af sjálfsdáðum kveðja aðila fyrir dóm þegar hann fengi vitneskju um ágreining eða vafa þeirra á meðal um landamerki eða merkjaskrá væri eigi afhent til þinglýsingar, sbr. 8. gr.

Ljóst er að landamerkjalögina mæla fyrir um formsatriði, svo sem hvernig landamerki skuli úr garði gerð og hvað skuli koma fram í landamerkjaskrá.²⁰¹ Orðin landamerkjalyking og -bréf hafa einnig verið notuð um þessa löggæringa. Lögina kveða hins vegar ekki á um efnisleg atriði, þ.e. hvar mörk skuli dregin eða hvaða réttindi fylgja í lönd annarra. Í samræmi við þetta felur landamerkjabréf ekki í sér sönnun um beinan eignarrétt yfir því landsvæði sem afmarkað er.

Gildi landamerkjabréfs er komið undir ýmsum atriðum. Þannig dregur augljóslega úr vægi þess ef eigendur eða fyrirvarsmenn aðliggjandi lands hafa ekki áritað um samþykki sitt. Samanburður við landamerkjabréf þeirra, séu þau fyrir hendi, ætti þó að geta leitt í ljós hvort þar var um ágreining að ræða. Þá gat verið vandkvæðum bundið að afla tilskilinna áritana ef menn áttu mörk til óbyggða. Eignarhald á slíku svæði eða fyrirvar vegna þess var e.t.v. óljóst eða ekki á neins manns hendi. Væri um afrétt að ræða verður að telja hreppsnefnd í fyrirvari, en samkvæmt

²⁰⁰ Sjá *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 172.

²⁰¹ Sbr. *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 174.

17. gr. tilskipunar um sveitastjórn á Íslandi frá 4. maí 1872 skyldi hreppsnefnd sjá um „notkun afrjetta, fjallskil, fjárheimtur og ráðstafanir til að eyða refum,...“ Þess eru enda ýmis dæmi í kjölfar landamerkjaganna að fyrirvarsmenn hreppa áriti landamerkjabréf jarða sem liggja að afrétti og að gerð séu sérstök landamerkjabréf fyrir afrétti.

Auk þess að uppfylla formskilyrði þarf viðkomandi bréf að vera lögmætt að efni til. Þannig er ljóst að með gerð landamerkjabréfs máttu menn ekki einhliða auka við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Því dregur úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót. Á sama hátt eykur það gildi landamerkjabréfs ef því má finna stuðning í eldri heimildum.

Samkvæmt ákvæðum landamerkjaganna 1882 og 1919 skyldi sýslumaður hafa eftirlit með því að menn uppfylltu skyldu sínar til skrásetningar merkja. Hafi bréf verið þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki tiltekinnar jarðar, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágranna eða sveitarfélag, virðist það benda til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Í þessu sambandi ber þess að geta að könnun óbyggðanefndar á dómum Landsyfirréttar á tímabilinu 1886–1920 bendir ekki til þess að í kjölfarið á setningu landamerkjaganna hafi komið upp umtalsverður ágreiningur milli sveitarfélaga og eigenda efstu jarða um mörk jarða og afrétta. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Ljóst virðist af úrlausnum dómstóla í einkamálum að við mat á gildi landamerkjabréfs skiptir máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði. Þegar um hefur verið að ræða svæði sem áður höfðu legið innan landamerkja jarða en verið keypt af hreppsfélögum og lögð til afrétta hefur landamerkjabréf verið talið ákvarða mörk eignarlands, sbr. H 1971 1137 (Reyðarvatn) og H 1975 55 (Arnarvatnsheiði).²⁰²

Hafi svæði hins vegar ekki legið innan landamerkja jarðar hefur landamerkja-bréf haft aðra þýðingu. Litið hefur verið til margra atriða, svo sem Landnámu, staðháttu, gróðurfars og nýtingar, og komist að þeirri niðurstöðu að beinn eignarréttur væri ekki fyrir hendi. Tilvist landamerkjabréfs hefur ekki breytt þeirri niðurstöðu en bréfið talið ákvarða mörk afréttareignar, sbr. H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði).

Hæstiréttur hefur hins vegar í þremur refsimálum sýknað menn af ákæru um ólöglegar fuglaveiðar á eignarlandi, þrátt fyrir að veiðarnar færu örugglega fram innan landamerkja jarðar samkvæmt landamerkjabréfi, sbr. H 1999 2006 (Sandfellshagi), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), og H 1994 2227 (Geitland).²⁰³ Í öllum tilvikum var um að ræða jarðir með mörk til óbyggða. Taldi Hæstiréttur að vafi léki á um beinan

²⁰² Ennfremur til athugunar í þessu sambandi er H 1997 2792.

²⁰³ Þess ber þó að geta að Geitland hefur ekki verið nýtt sem jörð um langan aldur.

eignarrétt yfir viðkomandi landsvæði. Í tveimur þessara mála var um það að ræða að eldri heimildir en landamerkjabréf jarðarinnar voru ekki fyrir hendi, sbr. H 1999 2006 (Sandfellshagi) og H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur). Staðhættir, gróðurfar og nýting þóttu hins vegar ekki benda til að stofnast hefði til beins eignarréttar yfir landsvæðinu. Sömu sjónarmið voru uppi í H 1999 111 (Gilsá), auk þess sem vafi var um hvar ákærði var við veiðarnar og hvar hann náði bráð sinni. Í H 1994 2227 (Geitland) var hins vegar um það að ræða að eldri heimildir voru taldar valda vafa um hvort landið væri eignarland. Niðurstöður Hæstaréttar í þessum málum ber að skoða í ljósi þeirrar meginreglu refsiréttar að vafa beri að meta ákærða í hag. Tekið er sérstaklega fram í H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá) að vafi sé um að stofnast hafi að lögum til beins eignarréttar „þrátt fyrir“ umrætt landamerkjabréf.

Í málum þessum var til úrlausnar hvort brotið hefði verið gegn einkarétti landeiganda til fuglaveiða og vafi um beinan eignarrétt nægði til sýknu. Með hliðsjón af því að dómstólar hafa ekki tekið óbyggjandi afstöðu til þess að einkarétti hvernig jarðir skuli afmarkaðar gagnvart öðrum landsvæðum, fyrst og fremst óbyggðum, er skiljanlegt að í refsimálum hafi verið talinn vafi á ferðum. Það er hins vegar verkefni óbyggðanefndar að úrskurða að einkarétti um slík mörk þar sem vafi er á ferðum. Óbyggðanefnd telur því að almennar eða bindandi ályktanir um eignarréttarlega þýðingu landamerkjabréfa verði ekki dregnar af umræddum fjórum refsidómum.

5.6. Afsals- og veðmálabækur

Samkvæmt Grágás þurfti ekki að lýsa landakaupum á þingi en ýmsum kvöðum (lög-málum), svo sem forkaupsrétti og veði, skyldi lýsa að Lögbergi.²⁰⁴ Samkvæmt 11. og 12. kapítula kaupabálks Jónsbókar var skylt að gera kaupbréf þegar menn keyptu jarðir. Ekki þurfti að lýsa gerningunum en áfram skyldi lesa lög mála á Alþingi, sbr. 8.–9. kapítula landsbrigðapáttar í Jónsbók.²⁰⁵

Í 28. gr. 3. kapítula 5. bókar Dönsku laga, um kaup og sölu og makaskipti, sagði m.a. að afsöl á húsum og jörðum skyldu fram fara á þingi þar sem jörðin væri og skyldi lesa og árita öll afsalsbréf á fyrsta eða öðru þingi. Réttarfarsákvæði Norsku laga Kristjáns V. voru lögleidd hér með opnu bréfi 2. maí 1732. Í 1. bók, 10. gr. 3. kafla, voru ákvæði um störf manntalsþinga en á þeim skyldu fara fram þinglýsingar. Landsmenn hirtu ekki nægilega um skyldu þessa og var hún áréttuð með úrskurðum kansellisins 3. nóvember 1766 og 22. apríl 1790. Var stiftamtmani falið að áminna menn um að láta lesa, áskrifa og bóka öll eignarskjöl og veðbréf en við það var miðað að þinglýsingar færu fram við lögþingsrétt. Áminning þessi kom fram með auglýsingu í lögþingsbókinni 1793. Ekki voru nánari reglur um hvernig skyldi standa að

²⁰⁴ Grágás 1992, s. 300 (14. k. lbp.).

²⁰⁵ Jónsbók 1904, s. 127–128 (8.–9. k. lbb.), 221–222 (11.–12. k. kb.).

þinglýsingu jarðakaupa-, gjafa- og veðbréfa og var um það mikil óvissa hvar skyldi þinglýsa heimildarbréfum. Með tilskipun frá 24. apríl 1833, um afsalsbréf og pantsetningar á Íslandi, voru settar ítarlegri reglur um þetta efni. Var þar kveðið svo á að efni heimildarbréfs um fasteign skyldi lesast á því þingi sem eigindómurinn heyrði til. Eftir gildistöku laga nr. 30/1928, um þinglýsing skjala og aflýsing, fóru þinglýsingar fram á manntalsþingi, en í Reykjavík bæjarþingi. Hætt var lestri sérhvers skjals en þess í stað voru ákvæði um lestur skrár yfir skjöl sem borist höfðu til þinglýsingar. Lög þessi tóku nær eingöngu til framkvæmdar þinglýsinga en snertu ekki efnisatriði nema í litlum mæli. Þau lög giltu fram að setningu núgildandi þinglýsingalaga nr. 39/1978.

Þinglýsingareglur fjölluðu fyrir gildistöku núgildandi þinglýsingalaga ekki um þýðingu þinglýsingar. Engu að síður var litið svo á að registur samkvæmt tilskipuninni frá 1833 ættu að veita hverjum sem hafa vildi „áreiðanlega skírslu um heimild að fasteignum, ískyldur þær (ítök, veðsetningar o.s.frv.) er þeim fylgja, og hvört nokkuð það sé á þingi birt sem verið geti umráðum eigandans til tálmunar ...“²⁰⁶ Þá var talið að í gildistíð laga nr. 30/1928 mætti binda nokkurt traust við þær upplýsingar sem fá mátti í afsals- og veðmálabókum ásamt tilheyrandi skráum þeirra.²⁰⁷ Nær engin ákvæði fjölluðu þó um réttaráhrif þinglýsingar og var það m.a. yfirlýst hlutverk með frumvarpi því, sem varð að þinglýsingalögum nr. 39/1978, að bæta úr brýnni þörf að því leyti.²⁰⁸

Eins og áður segir virðist hafa verið brotalöm í framkvæmd þinglýsinga fram undir lok 18. aldar og að þá hafi verið um það óvissa hvort lesa ætti heimildarbréf að fasteignum á manntalsþingum eða lögþingsréttinum (á Alþingi, síðar Landsyfirréttnum). Eftir gildistöku tilskipunarinnar frá 1833 voru skjöl einungis lesin við undirrétt (manntalsþing) og hefur þá verið miðað við að það teldist til dómstarfa. Sama gegndi um þinglýsingar í gildistíð laga nr. 30/1928 og síðan núgildandi þinglýsingalaga nr. 39/1978 þangað til lög nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, öðluðust gildi 1. júlí 1992. Þá var kveðið svo á að störf við þinglýsingar teldust til stjórnýslu. Enda þótt þinglýsing teldist til dómstarfa til ársins 1992, var viðurkennt að þau væru frábrugðin venjulegum dómstörfum þar sem um væri að ræða skráningu í bækur, samningu á skráum og framlagningu þeirra.²⁰⁹ Það girti ekki fyrir dómsmeðferð ágreinings um efnisatriði skjala, þótt þeim hefði áður verið þinglýst og hafði þinglýsingin þannig ekki gildi sem dómur um það sem í skjalinu fjallaði. Einskorðaðist starf við þinglýsingu við formkönnun skjala.

²⁰⁶ Jón Johnsen, 1840: *Hugvekja um þinglýsingar, jarðakaup, veðsetningar og peningabrákun á Íslandi*. Kaupmannahöfn. S. 57.

²⁰⁷ Þorgeir Örlygsson, 1993: *Þinglýsingar. Mistök í þinglýsingum. Réttarreglur*. Reykjavík. S. 29.

²⁰⁸ *Alþingistíðindi A 1977–1978*, s. 1382.

²⁰⁹ Þorgeir Örlygsson 1993, s. 46.

Lestur skjala á þingi og skrásetning skjala í registur og síðar þinglýsingabækur hefur verið gerð í þeim tilgangi að skrá réttindi manna yfir viðkomandi eign. Skrár þessar hafa því verið réttindaskrár en þeim hefur aldrei verið ætlað það hlutverk að lýsa eiginleikum eignar eða ástandi á hverjum tíma.²¹⁰ Vissum skjölum hefur þó verið ætlað sérstakt hlutverk, svo sem jarðabréfum og landamerkjabréfum, en um þau hefur áður verið rætt. Þinglýsing slíkra skjala hefur þá haft svipað gildi og yfirlýsing gagnvart aðliggjandi jörðum eða svæðum, í því skyni að draga fram hugsanlegan ágreining um landamerki, en í þinglýsingunni fólst ekki staðfesting á efni skjalanna um stærð, legu eða annan eiginleika jarðanna.

5.7. Aðrar heimildir

Upplýsingar um eignarréttindi getur einnig verið að finna í ýmsum öðrum heimildum en þeim sem að framan greinir. Má þar fyrst nefna eldri dóma. Í því sambandi ber að líta til þess að vafi getur leikið á því hvort um frumrit sé að ræða, seinni tíma uppskrift eða jafnvel fölsun. Auk þess kann að vera vafi um upprunalegt gildi dómsins skv. þá-gildandi lögum. Þá er viðfangsefnið oft greiðsla afréttartolla, skylda til upprekstrar o.þ.h. Af úrlausnum verður sjaldan ráðið hvort til grundvallar er lagður beinn eða óbeinn eignarréttur að viðkomandi landsvæði, enda ekki ljóst í hvaða mæli hugtök eignarréttar voru notuð í sambærilegri merkingu og í dag. Almennt gildi eldri dóma verður því að teljast takmarkað en einstakir dómur hljóta að koma til athugunar á þeim svæðum sem þeir fjalla um. Hlýtur aldur dóms að skipta nokkru máli og óhjákvæmilegt annað en að gildir dómur sem gengið hafa í gildistíð samtíma réttarskipunar okkar verði eftir því sem við á lagðir til grundvallar efnislegru niðurstöðu um einstök álitaefni.

Heimildir um stjórnslu veraldlegra yfirvalda er að finna í bréfa- og gerðabókum sýslumanna og hreppstjóra og enn fremur í skjalasöfnum æðstu embættismanna þjóðarinnar. Um hendur þeirra fóru m.a. flest erindi sem snertu sölu kirkju-egna.

Heimildir um eignaumsýslu kirkjunnar eru umtalsverðar. Áður var gerð grein fyrir máldögum og vísitasíum en fleiri má nefna. Bréfabækur biskupa eru einhliða heimildir en styðjast þó oft við eldri gögn að því leyti sem lýst er eignum og ítökum kirkna. Þá voru við flestar kirkjur sérstakar bækur sem nefndust kirkjustóll. Í þær voru skráðar eignir kirknanna og annað efni eftir skoðunargerð biskups eða prófasts. Skjalaflokkurinn klausturumboð veitir einnig mikilsverðar upplýsingar um eignir þeirra jarða sem á miðöldum heyrðu undir klaustrin en konungur lagði hald á eftir siðbreytingu.

²¹⁰ Þorgeir Örlygsson 1993, s. 19.

Hér hefur verið fjallað um þær heimildir sem óbyggðanefnd telur almennt ástæðu til að kanna í hverju máli. Auk þeirra getur að sjálfsögðu verið sérstök ástæða til að kanna önnur prentuð eða óprentuð frumgögn. Jafnframt geta eftirheimildir á borð við almenn uppláttarrit og ítarefni um svæðið, svo sem byggðar- og héraðs-lýsingar, t.d. sýslu- og sóknarlýsingar frá 19. öld og landfræðisaga Þorvaldar Thoroddsens, árbækur, o.s.frv. haft nokkra þýðingu. Loks geta fornleifarannsóknir varpað ljósi á búsetusögu viðkomandi svæðis.

Af úrlausnum dómstóla má ráða að heimildir af því tagi sem hér hefur verið gefið ágrip af, geti ásamt öðru haft nokkra þýðingu við mat á tilvist eignarréttinda.

6. NIÐURSTAÐA

Af úrlausnum dómstóla fyrir gildistöku Þjóðlendulaga 1998 var ljóst að tiltekin landsvæði á hálendi Íslands væru ekki í eigu sveitarfélaga eða ríkis. Jafnframt mátti ætla að svipað ætti við um fleiri landsvæði en þau sem komið höfðu til umfjöllunar dómstóla. Réttarstaða þessara landsvæða var því að miklu leyti óljós. Þörfin á skýrum reglum um eignarráð og forræði jókst hins vegar með aukinni og fjölbreyttari nýtingu.

Þjóðlendulögin voru sett til að leysa úr þessum vanda. Með þeim er íslenska ríkið lýst eigandi slíkra svæða, þau kölluð þjóðlendur og óbyggðanefnd falið að greina á milli þeirra og eignarlanda. Jafnframt er gert ráð fyrir að innan þjóðlendu geti einstaklingar eða lögaðilar átt takmörkuð eignarréttindi og óbyggðanefnd falið að úrskurða um þau.

Hlutverk óbyggðanefndar er skilgreint í 7. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Samkvæmt því skal óbyggðanefnd:

- a. Kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b. Skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c. Úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Verkefni óbyggðanefndar er þannig lögbundið og felst í að upplýsa um mörk eignarlanda og þjóðlendna og skilgreina óbein eignarréttindi innan þjóðlendu. Við úrlausn verkefnis síns hlýtur óbyggðanefnd að byggja annars vegar á heimildum um eignarréttindi og hins vegar almennum sönnunarreglum. Það er ekki á valdsviði óbyggðanefndar að ákvarða frá grunni mörk, eftir atvikum ný mörk, svo sem á grundvelli hæðarlínu eða annarra almennra viðmiðana af því tagi, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Óbyggðanefnd hefur ekki heimild til að svipta menn eignarlöndum sínum eða skerða eignarréttindi þeirra á annan hátt. Í vafa- og takmarkatilvikum er þó óhjákvæmilegt annað en að ætla nefndinni nokkurt svigrúm við mat á mörkum eignarlanda og þjóðlendna, í samræmi við þær sönnunarreglur íslensks réttar sem nefndin er bundin af og grein er gerð fyrir í forsendum þessum. Þá telur nefndin að heimildir

hennar til afmörkunar og ákvörðunar marka afrétta innan þjóðlendu séu eðli málsins samkvæmt rýmri en þegar um fyrrgreind mörk eignarlanda og þjóðlendna er að ræða.

Frumstofnun eignarréttar hér á landi hefur farið fram með landnámi, hefð og lögum, sbr. löggjöf um nýbýli og þjóðlendur.

Landnáma er grundvallarheimildin um landnám Íslands en heimildargildi hennar er umdeilt meðal fræðimanna. Óbyggðanefnd telur að Landnáma lýsi a.m.k. þeirri skiptingu lands sem menn töldu rétta eða voru ásáttir um á ritunartíma einstakra gerða hennar. Af frásögnum þar og rannsóknum á sviði sagnfræði, fornleifafræði og náttúrufræði virðist jafnframt óhætt að draga þá almennu ályktun að landnám hafi víða náð lengra inn til landsins en byggð á síðari tímum. Óbyggðanefnd telur jafnframt að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar. Af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verða hins vegar engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.

Hefð er annar frumstofnunarháttur eignarréttar. Dómstólar hafa hafnað því að eignarhefð verði unnin á grundvelli hefðbundinna afréttarnota af landi utan landamerkja jarða. Eignarhefð hefur hins vegar verið viðurkennd á grundvelli sambærilegra nota innan landamerkja jarðar. Jafnframt er ljóst að nytjar af þessu tagi hafa ekki nægt til að vinna eignarhefð með útrýmandi hætti innan marka jarðar svo sem þau hafa verið afmörkuð í landamerkjabréfi hennar. Óbyggðanefnd telur að við mat á því hvort tekist hafi að fullna eignarhefð yfir landsvæði skipti máli hvort það er innan eða utan landamerkja jarðar. Skilyrði fyrir því að eignarhefð verði unnin á landsvæði utan landamerkja jarðar eru þröng, þó að ekki sé slíkt útilokað.

Þá telur óbyggðanefnd það ekki á færi sínu, þrátt fyrir lögbundna rannsóknarskyldu nefndarinnar, að ákvarða einstökum aðilum réttindi á grundvelli réttarskapandi úrræðis sem hefðar, án þess að til komi beint og ótvírætt tilkall viðkomandi aðila um ákveðin og afmörkuð eignarréttindi og að hann eftir atvikum beri fyrir sig og byggi rétt á hefð.

Lög eru þriðji frumstofnunarháttur eignarréttar. Stofnun nýbýla á grundvelli nýbýlatilskipunar frá 15. apríl 1776 eða laga um nýbýli frá 6. nóvember 1897 virðist þó ekki hafa mikla almenna þýðingu í þessu sambandi enda fátíð, þó ekki sé hún dæmalaus.

Fram að gildistöku þjóðlendulaga var land að meginstefnu flokkað á grundvelli eignarhalds í *jarðir*, *afrétti* og *almenninga*. Þýðing þeirrar flokkunar nú ræðst af því hvernig hún fellur að hugtökunum *eignarland* og *þjóðlenda*.

Óbyggðanefnd telur að almennt megi gera ráð fyrir að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámu, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Tilgangurinn með stofnun hvernar jarðar hefur verið að stunda þar búskap árið um kring. Samt sem áður getur að sjálfsögðu verið land innan jarðar sem ekki verður nýtt til landbúnaðar, enda getur setning merkja hæglega hafa tekið

mið af öðrum atriðum. Nýting landsins hefur verið í samræmi við búskaparhætti og umfang bús á hverjum tíma. Land hvefrrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Innan merkja jarðar sinnar hefur eigandi almennt séð farið með umráð og hagnýtingu, gert ráðstafanir með löggerningum, veðsett jörðina og látið hana ganga að erfðum, á sama hátt og gildir um eignarland yfirleitt. Óbyggðanefnd telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Staðhættir, gróðurfar og nýtingarmöguleikar verða ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Einstök dæmi um slíka skiptingu finnast þó og eins kann það í öðrum tilvikum að valda nokkrum vafa þegar afréttur liggur eða lá sjálfstætt undir einstakar jarðir. Þá kunna að finnast svæði innan merkja jarða sem kölluð eru afréttur, e.t.v. með vísan til þess að sá hluti hennar hafi helst verið nýttur til beitar, án þess þó að eignarréttarleg staða þess landsvæðis hljóti að vera önnur. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er eða hefur verið jörð sé beinum eignarrétti háð. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem öðru heldur fram.

Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaks í fasteign bendi fremur til þess að svæði það sem ítakið er á sé eða hafi einhvern tíman verið eignarland. Þannig hafi réttur yfir viðkomandi landsvæði verið nauðsynlegur grundvöllur undir stofnun ítaks á því og ítakshafinn öðlast rétt sinn innan marka þess réttar sem handhafi hinna beinu eignarréttinda átti. Þrátt fyrir þetta kunna að finnast ítök í landsvæðum sem ekki eru undirorpin beinum eignarrétti nú og ekki unnt að sýna fram á að hafi nokkurn tíman verið það. Í slíkum tilvikum kann þó að vera um annars konar réttindi að ræða en ítök í hinni hefðbundnu merkingu hugtaksins.

Óbyggðanefnd telur að heimildir bendi ekki til að hér á landi hafi verið að finna afmörkuð landsvæði inn til landsins sem lotið hafi reglum um almenninga svo óyggjandi sé. Hafi einhvern tíma svo verið, hefur munur á þeim og afréttum orðið lítill eða enginn er tímar liðu fram. Þá er ljóst að stærstur hluti lands utan einstakra jarða hefur fyrr og síðar verið í afréttarnotum. Samkvæmt þessu verður ekki talið að hugtakið almenningur hafi mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi sem verið hefur í slíkum notum. Það getur hins vegar haft þýðingu við mat á takmörkuðum eignarréttindum og eins verður ekki útilokað að slík landsvæði finnast.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að landsvæði sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum eru samnotaafréttir hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti. Samhengi eignarréttar og sögu liggur hins vegar ekki fyrir. Nýting landsins hefur fyrr og síðar fyrst og fremst falist í sumarheit fyrir búfénað. Reglur um afmörkun á afréttum hafa verið mun rýmri en varðandi jarðir og fyrst og fremst miðast við hagsmuni eigenda aðliggjandi jarða. Þá er ljóst að löggjafinn hefur ráðstafað eignarréttindum á afréttum til annarra en afréttarhafa og ekki lagt á þá sömu skyldur og eigendur jarða. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða,

hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðrar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum er samnotaafréttur sé þjóðlenda. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem öðru heldur fram.

Að því er varðar afrétti einstakra jarða og stofnana, virðist munurinn sá að réttindi einstakra jarða til landsvæðisins og tilheyrsla þess í því sambandi eru meiri en varðandi samnotaafréttina. Jafnframt hefur löggjafinn ekki ráðstafað eignarréttindum á slíkum svæðum á sama hátt og á samnotaafréttum. Hvort tiltekinn afréttur einstakrar jarðar eða stofnunar er undirorpinn beinum eða óbeinum eignarrétti heimajarðar er hins vegar ekki einhlítt og verður að meta í hverju tilviki fyrir sig. Kröfur dómstóla til sönnunar að því er varðar annars vegar afrétti einstakra jarða og stofnana og hins vegar samnotaafrétti virðast þó sambærilegar.

Um lönd eða hluta lands einstakra jarða sem hefur verið lagt til afréttar vísast til umfjöllunar um hugtakið *jörð*.

Landfræðileg afmörkun fasteigna var ekki skráð á samræmdan máta fyrr en í lok 19. aldar. Fram er komið að fyrir þann tíma eru heimildir um mörk jarða fágætar. Þá liggur fyrir að heimildargildi Landnámu er umdeilt og lýsingar hennar oft ónákvæmar. Úrskurður um eignarland eða þjóðlendu verður ekki byggður á þeim einum.

Með setningu laga um landamerki, nr. 5/1882, var í fyrsta skipti í íslenski löggjöf kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Tilgangur löggjafans með setningu laga um landamerki 1882 og laga um hefð 1905 var sá að koma fastri skipan á afmörkun fasteigna og heimildir til þeirra. Hér má einnig nefna lög um fasteignamat 1915 þar sem kveðið var á um reglubundið mat fasteigna á tíu ára fresti. Með þessu móti leitaðist löggjafinn við að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna.

Samkvæmt ákvæðum landamerkjalaganna skyldi sýslumaður hafa eftirlit með því að menn uppfylltu skyldur sínar til skrásetningar merkja. Hafi bréf verið þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki tiltekinnar jarðar, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágranna eða sveitarfélag, virðist það benda til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Séu bréf aðliggjandi jarða samhljóða hlýtur það að benda til hins sama. Könnun óbyggðanefndar á dómum Landsyfirréttar á tímabilinu 1886–1920 bendir ekki til þess að í kjölfarið á setningu landamerkjalaganna hafi komið upp umtalsverður ágreiningur milli sveitarfélaga og eigenda efstu jarða um mörk jarða og afrétta. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur hafa haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar

rétt lýst. Ennfremur hlýtur gildistaka hefðarlaga árið 1905 að styrkja eignartilkall slíkra aðila.

Ljóst virðist af úrlausnum dómstóla að við mat á gildi landamerkjabréfs, skiptir máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði. Hafi gögn máls þótt bera með sér að afréttarlandsvæði væri einungis óbeinum eignarréttindum háð hefur tilvist landamerkjabréfs ekki breytt þeirri niðurstöðu. Í slíkum tilvikum hafa landamerkjabréf einungis verið talin ákvarða mörk afréttareignar. Hins vegar hafa dómstólar í einkamálum talið landamerkjabréf ákvarða mörk eignarlands í tilvikum þar sem um var að ræða landsvæði sem áður höfðu legið innan landamerkja jarða.

Með vísan til tilgangs landamerkjalaga 1882, síðari tíma löggjafar og úrlausna dómstóla, telur óbyggðanefnd að leggja verði til grundvallar að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi, sé beinum eignarrétti háð. Útilokað er að fullyrða um rétta afmörkun og órofa yfirfærslu eignarréttinda allt frá landnámi og til dagsins í dag. Í þeim tilvikum þar sem einstaklingar eða lögaðilar hafa samkvæmt elstu heimildum farið með þau réttindi og skyldur sem í beinum eignarrétti felast, verður að telja eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem fyrir hendi kann að vera. Einstaklingar og lögaðilar hafa haft réttmætar ástæður til að vænta þess að beinn eignarréttur væri fyrir hendi og getað leitað til handhafa opinbers valds honum til verndar. Hins vegar er þó ljóst að meta verður sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Þannig dregur úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót.

Á hinn bóginn telur óbyggðanefnd að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum hefur ekki með einum eða öðrum hætti tilheyrt jörð, hafi ekki orðið beinum eignarrétti háð fyrr en með setningu þjóðlendlaga. Ekki er hægt að útiloka að þessi landsvæði hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti en samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem slíku heldur fram.

Um eignarréttarlega stöðu þess lands sem hulið er jökli fer eftir sömu reglum og um önnur landsvæði. Þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi ber þannig að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendlaga, 1. júlí 1998, enda sé jökullinn í þjóðlendu. Sé jökulsvæði innan merkja jarðar gilda hins vegar almenn sjónarmið um túlkun landamerkja. Merki sjávarjarða til hafsins fylgja breytingum á stórstraumsfjörumáli og landamerki færast inn og út í samræmi við landauka eða landtap.

7. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 5

7.1. Almenn atriði og dómafordæmi í þjóðlendumálum²¹¹

[...]

Á þeim tíma sem liðinn er frá því *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og viðauki við þær [sbr. kafla 1–6 hér að framan] birtist hefur Hæstiréttur kveðið upp nokkurn fjölda dóma sem fela í sér afstöðu réttarins til atriða sem almenna þýðingu hafa við efnislega úrlausn þjóðlendumála. Skal þar fyrst getið um dóm Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005, sem fjallað var um í inngangi að niðurstöðum óbyggðanefndar í málum á svæði 4 [mál nr. 1–6/2004]. Svo sem þar segir verður sú ályktun af honum dregin, sbr. nú einnig dóm Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006, að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr máli á þeim grundvelli. Í tilvikum ríkisjarða hefur því þó verið lýst yfir af hálfu íslenska ríkisins að í þjóðlendukröfu felist ekki afsal á eignarlandi og því eigi niðurstaða óbyggðanefndar, að því leyti sem hún tekur til ríkisjarða, að ráðast af sömu atriðum og lögð séu til grundvallar um annað eignarland. Aðrir dómur varða fremur heimildamat og sönnunarkröfur, nánar tiltekið tveir dómur Hæstaréttar frá 21. október 2004 (mál nr. 47 og 48/2004); þrír dómur frá 11. maí 2006 (mál nr. 496/2005, 454/2005 og 345/2005); tveir dómur frá 28. september 2006 (mál nr. 497/2005 og 498/2005); tveir dómur frá 5. október 2006 (mál nr. 67/2006 og 133/2006) og nú síðast þrír dómur frá 16. maí 2007 (mál nr. 448/2006, 536/2006 og 24/2007).

[...]

Hér á eftir verður fyrst lagt mat á hvort dómur gefi tilefni til að herða sönnunarkröfur til landamerkjabréfa jarða og að því loknu fjallað almennt um stofnun heiðarbyggðar á Norðausturlandi. [...]

7.1.1. Gildi landamerkjabréfa jarða²¹²

Í forsendum dóms Hæstaréttar í máli nr. 48/2004, sem birtur er í dómasafni þess árs á bls. 3796, tók rétturinn almenna afstöðu til mats á gildi landamerkjabréfa, annars vegar jarða og hins vegar annarra landsvæða, og inntaks eignarréttar á svæði, sem lýst er í landamerkjabréfi jarðar, sbr. einnig tilvísanir í síðari dómum í þjóðlendumálum, t.d. máli nr. 345/2005. Orðrétt segir svo:

Við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði, sem þar er lýst, skiptir almennt máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði, en þekkt er að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig til dæmis afrétti, sem ekki tengjast sérstaklega tiltekinni

²¹¹ Kafli 6.1. í málum nr. 1–5/2005 (svæði 5).

²¹² Kafli 6.1.1. í málum nr. 1–5/2005 (svæði 5).

jörð. Felur landamerkjabréf fyrir jörð í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega.

Einnig kemur fram það álit réttarins að áritun um samþykki eigenda aðliggjandi jarða, þinglýsing og innfærsla í landamerkjabók auki sönnunargildi landamerkjabréfs. Sama máli gegnir ef ekki hefur verið ágreiningur um merki viðkomandi jarðar. Hins vegar verði ekki litið fram hjá þeirri staðreynd að fyrir gildistöku laga nr. 58/1998 hafi engum verið til að dreifa sem gat sem handhafi beins eignarréttar gert samninga um mörk þess lands sem nú nefnist Þjóðlenda. Þá verði þess að gæta að með því að gera landamerkjabréf gátu menn ekki einhliða aukið við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Verði til þess að líta hvort til séu eldri heimildir sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfi, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu lands.

Segja má einnig að í nýjustu dómum, sbr. mál nr. 536/2006 og 24/2007, hafi enn verið hnekk á þýðingu þess að landsvæði teljist innan merkja jarðar. Samkvæmt þessu er óbyggðanefnd rétt að leggja áfram áherslu á landamerkjabréf jarða, sbr. umfjöllun um þau í *Almennum niðurstöðum*, enda þótt með skýrum fyrirvörum sé.

Umfjöllun dómstóla um landamerkjabréf jarðanna Úthlíðar, Stafafells (hluta), Skaftafells og Hóla gefur þó tilefni til að huga sérstaklega að því hvort óbyggðanefnd beri að herða kröfur til sönnunar eignarlands innan landamerkjabréfa jarða, frá því sem lagt er til grundvallar í *Almennum niðurstöðum*. Viðkomandi landsvæði voru öll talin eignarlönd en í forsendum dóma samt sem áður lýst efasemdum um að svo væri að öllu leyti.

Í tilvikum Úthlíðar og þess hluta Stafafellslands sem liggur sunnan og vestan Jökulsár, sbr. mál nr. 48/2004 og 498/2005, lágu fyrir bæði landamerkjabréf og eldri heimildir um merki. Lýsingar þessar fengu vel samrýmst en beinn eignarréttur á hluta þeirra landsvæða sem afmörkuð voru þrátt fyrir það talinn vafa undirorpinn. Fram kemur að staðhættir og fyrirliggjandi heimildir um gróðurfar styðji ekki að þar hafi verið stofnað til beins eignarréttar með námi. Ekki voru þó talin skilyrði til að skilja þessi landsvæði undan eignarlandi jarðanna, einkum þar sem ekkert hefði komið fram af hálfu íslenska ríkisins sem leggja mætti til grundvallar við nánari afmörkun að þessu leyti. Varðandi umræddan hluta Úthlíðar var einnig tekið fram að ekki hefði verið sýnt fram á að landsvæðið hefði verið nýtt sem samnotaafréttur.

Í tilvikum Skaftafells og Hóla, sbr. mál nr. 496/2005 og 48/2004, voru landamerkjabréf fyrir hendi en engar eldri heimildir. Um landamerkjabréf Skaftafells, sem er ódagsett en var þinglesið á árinu 1890, segir svo í dómi Hæstaréttar:

Þótt landamerkjabréfið geti haft sönnunargildi um mörk eignarlands Skaftafells með því að það var áritað um samþykki af eigendum aðliggjandi jarða, þinglesið og fært í landamerkjabók, verður að líta til þess að ekki var á valdi eigenda jarðarinnar að auka með landamerkjabréfinu við land sitt eða

annan rétt umfram það, sem áður hafði verið. Getur landamerkjabréf þetta því ekki eitt og sér nægt gegn andmælum áfrýjanda til að sanna beinan eignarrétt eigenda Skaftafells II að landinu á Skeiðarársandi, sem deilt er um í málinu, heldur verða önnur atriði jafnframt að koma til, sem stutt geta sömu niðurstöðu, sbr. dóm Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 [sem fjallar m.a. um Hóla], sem birtur er í dómasafni þess árs á bls. 3796.

Hér skal einnig getið dóms í máli nr. 345/2004, varðandi jörðina Fell í Suðursveit. Þar lá fyrir skýr eldri heimild, nánar tiltekið lögfesta frá árinu 1851, þar sem merki inn til landsins voru m.a. miðuð við aðliggjandi jökul. Landamerkjabréf jarðarinnar frá árinu 1922 var mun óskýrara, náði skemur inn til landsins, þ.e. í átt að jökli, og gat ekki sérstaklega um merki gagnvart jöklinum. Fjallendið næst jökli var dæmt þjóðlenda og þannig fremur miðað við hina yngri heimild, þ.e. landamerkjabréfið, sem náði skemur en hin eldri. Þar höfðu þó önnur atriði einnig vægi.

Óbyggðanefnd hefur nú þegar kveðið upp úrskurði sem fjalla um fjölda jarða á sunnanverðu landinu, þ.e. svæðum 1–4, og heimilda um afmörkun og eignarréttindi á ágreiningssvæðum verið skipulega leitað, m.a. á Þjóðskjalasafni og hjá sýslumannsembættum. Séu þær skoðaðar heildstætt kemur í ljós að landamerkjabréf hátt í tvö hundruð jarða hafa verið könnuð sérstaklega. Í upp undir helmingi tilvika hefur það verið elsta lýsing á merkjum jarðar og beinn samanburður við eldri heimildir þannig ekki mögulegur. Því fer einnig fjarri að eldri heimildir séu almennt heildstæðar merkjalýsingar. Þvert á móti geta þær verið brotkenndar og jafnvel fremur falið í sér vísbendingar en ótvíræðar lýsingar. Loks eru tíu tilvik þar sem ekkert landamerkjabréf, í skilningi landamerkjalaga, er fyrir hendi og verður ekki séð að það hafi nokkurn tíma verið gert. Að því er varðar mikinn meirihluta jarða á svæðum 1–4, var niðurstaðan sú að aðrar heimildir um merki, væru þær til, ýmist styddu lýsingu bréfs eða mæltu henni ekki í mót. Merkjum væri því rétt lýst í landamerkjabréfi, svo sem óbyggðanefnd skýrði það. Tekið skal fram að sú skýring var í ákveðnum tilvikum önnur en málsaðila.

Svo sem að framan greinir virðast dómstólar þannig gera strangar kröfur til landamerkjabréfa jarða, þ. á m. að þau hafi stuðning af öðru og þá einkum eldri heimildum. Til þess ber þó að líta að fleiri atriði eru hér samofin og lögð til grundvallar niðurstöðu hverju sinni, þar á meðal mismunandi vægi eða trúverðugleiki einstakra heimilda, nýting, gróðurfar og staðhættir. Með hliðsjón af því og með tilliti til stjórnskipulegrar jafnræðisreglu telur óbyggðanefnd að fara beri varlega í að draga víðtækar ályktanir af þessari umfjöllun. Líta ber til þess að eftir að gengið hafði verið frá landamerkjabréfi, með tilheyrandi opinberri skráningu, hafði jarðeigandi síður ástæðu til að varðveita skjöl sem þar kann að hafa verið byggt á. Eðlilegt verður að telja að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem fyrir hendi kann að vera í slíkum tilvikum.

Niðurstaða óbyggðanefndar er því sú að ekki sé ástæða til að herða sérstaklega kröfur um sönnun eignarlands innan lýsingar í landamerkjabréfi jarðar, umfram það sem áður hefur verið lagt til grundvallar og samrýmist vel þeirri almennu afstöðu Hæstaréttar til landamerkjabréfa sem áður var lýst. Eftir sem áður er ljóst að dómstólar gera nokkuð strangar kröfur til sönnunar eignarlands, sbr. einnig þá meginreglu í íslenskum rétti að sá sem telur til eignarréttar yfir landi verður að færa fram heimildir fyrir eignartilkalli sínu. Jafnframt liggur fyrir að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005, þar sem segir svo:

...nær frá upphafi Íslandsbyggðar mörkuðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu manna. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda merkjum réttindanna við, hvers eðlis sem þau voru. Af framanrituðu þykir leiða að skýra verði hvaða réttindi það séu sem menn voru að skipta á milli sín.

7.1.2. Heiðarbýli á Norðausturlandi²¹³

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er gerð almenn grein fyrir þeirri stofnun eignarréttar sem heimilaður var í nýbýlatilskipun frá 15. apríl 1776, um landnám og byggingu eyðijarða, og síðar nýbýlalögum, nr. 15/1897.²¹⁴ Að því er varðar Norðausturland sérstaklega í þessu sambandi benda heimildir til að í kjölfar nýbýlatilskipunar og fram yfir miðja 19. öld hafi þar verið stofnað til heiðarbyggðar í meiri mæli en á þeim landshlutum sem áður hafa komið til umfjöllunar hjá óbyggðanefnd. Byggð þessi stóð að jafnaði stutt, oft slitrótt, og þegar komið var fram á miðja 20. öld var henni nær alveg lokið. Í kjölfar gildistöku landamerkjalaga voru ýmist gerð sérstök landmerkjabréf fyrir slík heiðarbýli eða þau felld innan landamerkjalýsingar tiltekinnar jarðar.

Samkvæmt ákvæðum nýbýlatilskipunar gat slík býlisstofnun hvort heldur er verið í landi jarðar eða utan þess. Kveðið var á um útmælingu viðkomandi landsvæðis undir stjórn sýslumanns og útgáfu amtmanns á byggingarbréfi til handa nýbýlingi, enda hefði skilyrðum verið fullnægt.

Í þeim tilvikum að stofnað var til nýbýlis í landi jarðar með lögformlegum hætti, sbr. einkum 2. gr. nýbýlatilskipunar, er ljóst að með því hefur ekki orðið breyting á eignarréttarlegri stöðu landsvæðisins. Hér gegnir sama máli og ef þar var stofnað til byggðar með öðrum hætti, svo sem leigu eða sölu hluta jarðar.²¹⁵ Um slík

²¹³ Kafli 6.1.2. í málum nr. 1–5/2005 (svæði 5).

²¹⁴ Sbr. kafla 3.3. [...].

²¹⁵ Sbr. kafla 4.2. [...].

landsvæði hlýtur því að fara eftir sömu sjónarmiðum og jarðir almennt, hvernig sem formlegum frágangi hefur verið háttað. Um jarðir almennt vísast nánar til *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*.

Hafi hins vegar tekist byggð utan jarðar, sbr. einkum 4. gr. nýbýlatilskipunar, verður að kanna hvort þar hafi verið stofnað til lögformlegs nýbýlis. Hafi svo verið, er ljóst að viðkomandi landsvæði er eignarland, þá þegar af þeirri ástæðu. Ella verður að líta svo á að ekki hafi verið stofnað til beins eignarréttar á grundvelli þeirrar löggjafar. Eignarréttarleg staða viðkomandi landsvæðis breyttist því ekki, hvernig sem henni var farið. Annað mál er að í kjölfarið kann að hafa stofnast þar eignarland á öðrum grundvelli, sbr. lög nr. 46/1905 um hefð.

Heiðarbyggð á Norðausturlandi er nefnd ýmsum nöfnum í heimildum, einkum nýbýli, afbýli, heiðarkot og hjáleiga. Notkun þessara hugtaka er misvísandi og tekur ekki endilega mið af ákvæðum nýbýlatilskipunar eða nýbýlalaga. Þannig kann tiltekið býli að vera nefnt nýbýli í heimildum án þess að byggingarbréf liggi fyrir. Málsmeðferð nýbýlaumsóknar getur þá af einhverjum ástæðum hafa lokið á einhverju stigi, svo sem eftir útmælingu, eða jafnvel ekki hafist yfirleitt. Á hinn bóginn getur verið að byggingarbréf hafi verið gefið út en býlið þrátt fyrir það nefnt annað en nýbýli, t.d. hjáleiga.

Útgáfa byggingarbréfs, sem stundum er nefnt nýbýlaleyfi, tekur af vafa um stofnun eignarlands og að landsvæði hafi frá þeim tíma öðlast stöðu jarðar að lögum. Að öðru leyti hlýtur að þurfa að leggja mat á eignarréttarlega stöðu viðkomandi landsvæðis áður en þar tókst byggð og hvort sú staða hafi tekið breytingum síðan. Í því sambandi ber að líta til þeirra krafna sem Hæstiréttur hefur gert til sönnunar eignarlands, sbr. kafla [7].1.1.

8. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 6

8.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum²¹⁶

[...]

Frá því óbyggðanefnd kvað upp [...] úrskurði [síðast], í málum nr. 1–5/2005 (svæði 5), hafa gengið níu Hæstaréttardómar sem tengjast fyrri svæðum. Nánar tiltekið eru þetta fimm dómar frá 14. júní 2007, þ.e. í málum nr. 22/2007 (Þórsmörk og Goðaland), nr. 23/2007 (Steinsholt), nr. 25/2007 (Almenningar), nr. 26/2007 (Merkurtungur), nr. 28/2007 (Stakkholt), einn dómur frá 4. október 2007, í máli nr. 27/2007 (Græna fjall/Fljótshlíðarafréttur), einn dómur frá 11. október 2007, í máli nr. 99/2007 (Skaftártunguafréttur) og loks tveir dómar frá 18. október 2007, í málum nr. 47/2007 (Núpsstaður og fleiri jarðir í Fljótshverfi) og 79/2007 (Mörtunga og Prestbakkajarðir).

²¹⁶ Kafla 6.1.2. í málum nr. 1–5/2007 (svæði 6).

Tveir hinir síðastnefndu dómar eru fremur til staðfestingar á [...] niðurstöðu [þeirri sem greinir í kafla 7.1.1.], þ.e. að ekki beri að herða sérstaklega kröfur til landamerkjabréfa jarða. Að öðru leyti telur óbyggðanefnd nauðsynlegt að taka til athugunar samhengi eldri og yngri dóma um eignarréttarlega stöðu tiltekinna afrétta einstakra jarða og/eða stofnana og hvort tilefni sé til breytinga á sönnunarmati óbyggðanefndar í sambærilegum tilvikum. Fer sú umfjöllun hér á eftir.

8.2. Afréttir einstakra jarða og stofnana²¹⁷

Um þýðingu hugtakanna jörð, afréttur og almenningur er rækilega fjallað í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* [...]. Að því er varðar hugtakið jörð er niðurstaðan sú að almennt megi gera ráð fyrir að slíku landi hafi upphaflega verið ráðstafað úr einstökum landnáum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Þannig eru taldar líkur á því að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi eða innan annarra ótvíræðra merkja, sé beinum eignarrétti háð. Tilvist landamerkjabréfs ein og sér ræður því ekki úrslitum um mat á eignarrétti, heldur staða landsvæðisins sem jarðar.

Afrétti hefur óbyggðanefnd flokkað í þrennt á grundvelli uppruna, sbr. kafla 4.4. og 4.5. í áðurnefndum *Almennum niðurstöðum*. Þar eru í fyrsta lagi samnota-afréttir, þ.e. þeir afréttir sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Í öðru lagi eru afréttir einstakra jarða og stofnana, sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Í þriðja lagi er um að ræða jarðir sem að hluta eða öllu leyti hafa verið lagðar til afréttar og gilda þar um sambærileg sjónarmið og að framan greindi um eignarhald á landi jarða yfirleitt.

Hafi umþrætt landsvæði ekki legið innan merkja jarðar hefur óbyggðanefnd talið að líkur séu á því að það hafi ekki orðið beinum eignarrétti háð fyrr en með setningu þjóðlendulaga. Tilvist landamerkjabréfs skiptir þá ekki grundvallarmáli en litið til atriða svo sem umfjöllunar í heimildum, nýtingar, staðháttu, gróðurfars og landnáms. Ekki er þó alltaf augljóst hvort landsvæði hefur stöðu jarðar eða afréttar. Á það álitaefni hefur sérstaklega reynt þegar undir einstakar jarðir og/eða stofnanir hafa legið svæði sem skilin hafa verið frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða, í sumum tilvikum, af öðrum fasteignum. eru aðstæður þá oft þær að landsvæðisins er getið með sérstökum hætti í heimildum, stundum beinlínis kallað afréttur og heimildir um afnot einskorðaðar við beit eða önnur þrengri og þá sambærileg not.

Til úrlausnar hjá óbyggðanefnd hefur komið nokkur fjöldi landsvæða sem fella má undir framangreinda lýsingu. Þessi landsvæði hafa verið úrskurðuð þjóðlendir og

²¹⁷ Kafli 6.1.3. í málum nr. 1–5/2007 (svæði 6).

afréttir/landsvæði í afréttareign, eftir atvikum með vísan til heimilda, legu, sögu, staðháttu, nota o.fl. Ber hér að nefna Afrétt norðan vatna í máli nr. 4/2000 (svæði 1), Hrunaheiðar í máli nr. 5/2000 (svæði 1); Hoffellslambatungur í máli nr. 4/2001 (svæði 2); Þórsmörk, Goðaland, Almenna, Teigstungur, Múlatungur, Merkurtungur, Stakkholt, Steinsholt, Hólatungur, Borgartungur og Skógafjall í máli nr. 5/2003 (svæði 3); Hvítmögu og Stórhöfða í máli nr. 6/2003 (svæði 3); Villingadal, Suðurfell og Múla í máli nr. 1/2005 (svæði 5); Steinvarartungu og Þorbrandsstaðatungur í máli nr. 3/2005 (svæði 5); Þverfellsland og sunnanverða Grímólfsártungu í máli nr. 4/2005 (svæði 5) og loks afréttarland á Hólsfjöllum í máli nr. 5/2005 (svæði 5).

Segja má að Hæstiréttur hafi einnig tekið skýra afstöðu til landamerkjabréfa annarra landsvæða en jarða, þegar í fyrstu dómum í þjóðlendumálum. Í forsendum réttarins í dómi frá 21. október 2004, máli nr. 48/2004, segir þannig svo:

Við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði, sem þar er lýst, skiptir almennt máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði, en þekkt er að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig til dæmis afrétti, sem ekki tengjast sérstaklega tiltekinni jörð. Felur landamerkjabréf fyrir jörð í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega.

Að auki segir svo í dómi réttarins frá 28. september 2006 í máli nr. 497/2005:

...nær frá upphafi Íslandsbyggðar mörkuðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu manna. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda merkjum réttindanna við, hvers eðlis sem þau voru. Af framanrituðu þykir leiða að skýra verði hvaða réttindi það séu sem menn voru að skipta á milli sín.

Þá hefur komið fram það skýra mat Hæstaréttar að sé ekki um jörð að ræða hafa landamerkjabréf takmarkaðra vægi sem „sönnunargagn um beinan eignarrétt“, sbr. dóm Hæstaréttar 14. júní 2007 í máli nr. 22/2007.

Úrskurðir óbyggðanefndar um þær þjóðlendar og afrétti/landsvæði í afréttareign sem áður voru tilgreindar hafa verið staðfestir efnislega með dómum Hæstaréttar að því er varðar Afrétt norðan vatna, Hoffellslambatungur, Hrunaheiðar, Þórsmörk, Goðaland, Steinsholt, Almenna, Merkurtungur og Stakkholt, sbr. dóma frá 21. október 2004, 28. september 2006, 5. október 2006 og 14. júní 2007 í málum nr. 47/2004, nr. 497/2005, nr. 133/2006, nr. 22/2007, nr. 23/2007, nr. 25/2007, nr. 26/2007 og nr. 28/2007. Í tilvikum Skógafjalls, Hvítmögu og Stórhöfða var sams konar niðurstöðum óbyggðanefndar á hinn bóginn snúið við og komist að þeirri niðurstöðu að þar væru eignarlönd en ekki þjóðlendar í afréttareign, sbr. dóma frá 16. maí 2007 í málum nr. 24/2007, nr. 536/2006 og nr. 448/2006. Önnur framangreind

landsvæði hafa ekki komið til kasta dómstóla en af dómum um eignarland frá því fyrir gildistöku Þjóðlendulaga ber að nefna Hrd. frá 29. febrúar 1996 (Hrd. 1996/696) um Blikdal í Esju og dóm aukadómþings Árnassýslu 23. febrúar 1980 um Tunguheiði í Biskupstungum.

Úrskurðir óbyggðanefndar um þjóðlendur í afréttareign á þessum svæðum eru þannig almennt í góðu samræmi við úrlausnir Hæstaréttar, fyrr og síðar, þó svo forsendur séu ekki einsleitar í öllum tilvikum og taki þess utan mið af sérstöðu einstakra svæða. Dómar Hæstaréttar um landskikana þrjá sunnan Mýrdalsjökuls, þ.e. Skógafjall, Hvítmögu og Stórhöfða, skera sig þar hins vegar nokkuð úr.

Framangreind úrlausnarefni eiga það sameiginlegt að viðkomandi landsvæði hefur legið undir einstaka jörð/jarðir eða stofnun, landfræðilega aðskilið frá henni/þeim með einum eða öðrum hætti, jafnan getið með sérstökum hætti í heimildum, stundum beinlínis kallað afréttur og afnot einskorðuð við beit eða önnur þrengri og þá sambærileg not.

Ef reynt er að taka saman þau sameiginlegu atriði sem leiða til niðurstöðu Hæstaréttar um eignarland í umræddum þremur undantekningartilvikum, þá sýnist landfræðileg lega, m.a. gagnvart aðliggjandi eignarlöndum og að einhverju marki almennir staðhættir, vega mjög þungt. Í tilvikum Hvítmögu og Skógafjalls var á því byggt að svæðin hefðu verið innan merkja jarða og að hvorki staðhættir né gróðurfar mæltu gegn því að þau hefðu verið numin, a.m.k. að einhverju leyti. Beinn eignarréttur hefði þannig stofnast. Um Stórhöfða segir að líkur séu fyrir því að hann hafi verið innan upphaflegs landnáms eins og aðliggjandi lönd. Hann hafi ekki verið talinn til samnotaafretta og ekkert sé komið fram í málinu sem stutt geti að munur verði að þessu leyti gerður á Stórhöfða og aðliggjandi landsvæðum. Nægilega sé því leitt í ljós að hann hafi frá landnámi verið háður beinum eignarrétti sem heiðaland jarðar.

Dómar Hæstaréttar um þjóðlendur í Þórsmörk, Goðalandi, Almenninum, Merkurtingum, Stakkholti og Steinsholti, eru kveðnir upp mánuði síðar en dómar um eignarlönd í Stórhöfða, Hvítmögu og Skógafjalli. Fyrstnefndu svæðin sex liggja norðan Eyjafjallajökuls og voru öll talin heyra undir einstaka jörð/jarðir sem þau eru landfræðilega aðskilin frá. Í forsendum Hæstaréttar er m.a. vísað til möguleikans á landnámi, legu og staðhátta, skorts á skriflegum eignarheimildum og samræmis milli þeirra innbyrðis. Tekið er sérstaklega fram að ekki sé sýnt fram á önnur not meintra rétthafa en hefðbundin afréttarnot til sumarþeirra fyrir búfé. Í öllum þessum sex tilvikum var dæmd þjóðlenda í afréttareign.

Sýnist þannig ekki vera fullt samræmi í mati réttarins að því er varðar hin tilgreindu atriði í annars vegar tilvitnuðum þremur dómum og hins vegar öðrum úrlausnum um sams konar landsvæði, auk eldri dóma um Hoffellslambatungur og Hrunaheiðar.

Draga má þá ályktun af framangreindum dómum að það séu fyrst og fremst staðbundnar aðstæður, þ.m.t. staðhættir, en þó einkum lega viðkomandi þriggja

landsvæða að eignarlöndum til annarra átta en gagnvart Mýrdalsjökli sem úrslitum ráði. Til þess ber þó að líta að fleiri atriði eru hér samofin og lögð til grundvallar hverju sinni. Þá liggja fyrir eldri dómar um þjóðlendur á landsvæðum með svipaða legu gagnvart annars vegar eignarlöndum og hins vegar þjóðlendum, sbr. einkum Hoffellslambatungur og Hrunaheiðar í Hrd. 28. september 2006 í máli nr. 497/2005 og Hrd. 5. október 2006 í mál nr. 133/2006. Ekki liggur fyrir skýr yfirlýsing Hæstaréttar um breytta afstöðu að þessu leyti. Með hliðsjón af framangreindu og að teknu tilliti til stjórnskipulegrar jafnræðisreglu telur óbyggðanefnd útilokað að líta svo á að umræddir þrír dómar, um Hvítmögu, Skógafjall og Stórhöfða, feli í sér að lega þrætusvæðis að eignarlandi eða eignarlöndum geti ein og sér vegið svo þungt að önnur sú sönnunarfærsla sem ella fer fram við slíkar kringumstæður hafi hverfandi þýðingu.

Óumdeilt er hins vegar að eignarréttarleg staða aðliggjandi svæða getur auk hefðbundinna og viðurkenndra eignarheimilda haft vægi við eignarréttarlegt mat og ásamt öðru leitt til þeirrar niðurstöðu að um eignarland sé að ræða. Má þar um vísa til dóms Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 varðandi efstu jarðir í Biskups-tungnahreppi, sbr. einnig úrskurð óbyggðanefndar um þau landsvæði. Hið sama má segja um eignarland í dómi Hæstaréttar 18. október 2007 í máli nr. 47/2007 um jarðir í Fljótshverfi, sbr. og úrskurð óbyggðanefndar um sama svæði.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að ekki séu forsendur til þess að breyta því sönnunarmati sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum tilvikum. Fyrir liggur að í málum nr. 4 og 5/2007 á svæði 6 hjá óbyggðanefnd snúa sérstök álitafni af þessum toga að eftirtöldum landsvæðum: Hálsmannatungur, Draflastaðakirkjuland á Gönguskarði, Tjarnahverfi á Gönguskarði, Finnsstaðadalur, Grímsland og Kambsmýrar í máli nr. 4/2007 og Upprekstrarland milli Höfðagilja og Eyvindará/Laufáshagi í máli nr. 5/2007.

9. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7A

9.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum²¹⁸

[...]

Við uppkvaðningu úrskurða í málum nr. 1–5/2008, á svæði 7 suður, liggja ekki fyrir nýir dómar Hæstaréttar í þjóðlendumálum en geta ber um ákvörðun Mannréttindadómstóls Evrópu frá 23. september 2008 í máli nr. 46461/06. Þar var því hafnað að taka til efnismeðferðar kærsmål sem varðaði dóm Hæstaréttar Íslands frá 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005. Kærumálið varðaði nánar tiltekið landsvæðin Fjall og Breiðármörk í Öraefum, sem Hæstiréttur hafði dæmt þjóðlendum, og til skoðunar

²¹⁸ Kafli 6.1.2. í málum nr. 1–5/2008 (svæði 7A).

voru ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, í 1. gr. 1. viðauka [Friðhelgi eignarréttar], 1. mgr. 6. gr. [Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi] og 14. gr. [Bann við mismunun]. Kvörtun málshefjenda til Mannréttindadómstólsins varðaði bæði lög nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, og meðhöndlun Hæstaréttar á umræddu máli, þar á meðal sönnunarkröfur.

Mannréttindadómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann ætti ekki við í umræddu máli þar sem umþrætt land teldist ekki eign kæranda í skilningi ákvæðisins. Í því sambandi tók dómstóllinn sérstaklega fram að þegar um kröfu til eignarréttinda er að ræða geti sá sem hana hefur uppi einungis átt lögættar væntingar til að um eign sé að ræða ef krafa hans hefur fullnægjandi stoð í landsrétti viðkomandi aðildarríkis, svo sem þegar fyrir hendi eru fordæmi dómstóla í þá veru. Þá kvað dómstóllinn Hæstarétt Íslands bæði hafa farið að viðeigandi lagaákvæðum og fylgt eigin fordæmum um að landamerkjabréf eitt og sér teljist ekki fullnægjandi sönnun ef eldri gögn mæla því í mót. Þannig taldi dómstóllinn að kærundur hefðu ekki sýnt fram á að þeir ættu lögættar væntingar til þess að umþrætt land teldist eign þeirra og þeir gætu því ekki notið verndar 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann að þessu leyti. Mannréttindadómstóllinn komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að ekkert benti til þess að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. eða 14. gr. sáttmálans í máli kæranda og taldi því ekki að á þá hefði verið lögð óhóflega þung sönnunarbyrði.

10. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7B

10.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum²¹⁹

[...]

Hér verður gerð grein fyrir þeim 22 dómum sem gengið hafa frá því óbyggðanefnd kvað síðast upp úrskurði. Sambærileg umfjöllun um eldri dóma í fyrri úrskurðum, að því marki sem hún hefur almenna þýðingu, hefur verið felld inn í framangreindar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vísast þangað.

Um er að ræða eftirfarandi 22 dóma Hæstaréttar: Dómur frá 24. september 2009 í máli nr. 102/2009 (Brú og Brúaröræfi); dómur frá 29. október 2009 í máli nr. 685/2008 (Afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna, Elliðavatn, Vatnsendi, Lækjarbotnar og Geirland); dómur frá 19. nóvember 2009 í máli nr. 69/2009 (Gunnarsstaðir); dómur frá 25. mars 2010 í máli nr. 409/2009 (Skríðuklaustur); tveir dómar frá 3. júní 2010, í málum nr. 198/2009 (Selvogs- og Ölfusafiréttur) og 184/2009 (Landsvæði aðliggjandi Ölfusafirétti); dómur frá 16. september 2010 í máli nr. 473/2009 (Krepputunga); sjö dómar frá 7. október 2010, í málum nr. 379/2009

²¹⁹ Kafli 6.1.2.1 í málum nr. 1–2/2009 (svæði 7B).

(Heiðarmúli), nr. 517/2009 (Grímólfsártunga), nr. 722/2009 (Hvammur), nr. 723/2009 (Laxárdalur), nr. 748/2009 (Vatnsendi), nr. 749/2009 (Þverfellsland) og nr. 750/2009 (Hvappur); dómur frá 11. nóvember 2010 í máli nr. 768/2009 (Afréttur Álftaneshrepps hins forna/norðaustanverður hluti Almennings-skóga Álftaness, Skógræktarsvæði norðan Krýsuvíkur og sunnan Garðakirkjulands og Garðakirkjuland vegna Selskarðs); dómur frá 10. febrúar 2011 í máli nr. 299/2010 (Valþjófsstaður í Fljótsdal); dómur frá 11. apríl 2011 máli nr. 199/2011 (Hofsafreittur); tveir dómar frá 22. september 2011 í málum nr. 293/2010 (Þorvaldsstaðir og Hamar) og nr. 294/2010 (Mælifell og Selsárvellir); og loks þrír dómar frá 29. september 2011, í málum nr. 40/2011 (Sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls), nr. 75/2011 (Grímsstaðir á Fjöllum) og nr. 56/2011 (Hvannstaðir).

Nítján af framangreindum 22 dómum fjalla um efnisleg atriði og í fjórtán þeirra var niðurstaða óbyggðanefndar staðfest í öllum meginatriðum. Í fimm tilvikum var henni hins vegar hnekkt og dæmt eignarland þar sem óbyggðanefnd hafði úrskurðað þjóðlendu. Nánar tiltekið er þar um að ræða landsvæðin Hvamm, Laxárdal, Vatnsenda, sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls og Hvannstaði.

Þau fimm mál, þar sem úrskurði óbyggðanefndar var hnekkt, varða í meginatriðum mat á efni og samhengi fyrirbyggjandi heimilda um viðkomandi landsvæði. Niðurstöður þeirra leiða ekki til breytinga á sönnunarmati í málum af þessu tagi almennt en hnykkja á fyrirbyggjandi meginreglum, sbr. *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* sem fylgja í viðauka með úrskurði þessum. Í næstu tveimur köflum er gerð nánari grein fyrir samhengi umræddra dóma og meginreglna.

10.2. Heimildir mæla í mót landamerkjabréfi jarðar²²⁰

Í tveimur dómum Hæstaréttar frá 7. október 2010, um eignarland Hvamms og Laxárdals í Svalbarðshreppi, er fjallað um land innan afmörkunar í þinglýstum landamerkjabréfum jarða. Slíkt land hefur að meginreglu verið dæmt og úrskurðað eignarland en óbyggðanefnd taldi að önnur afmörkun í tiltekinni eldri heimild leiddi til þeirrar niðurstöðu að innan bréfa Hvamms og Laxárdals væru þjóðlendu að hluta.

Það er ekki tilvist landamerkjabréfs ein og sér sem hefur ráðið úrslitum um mat á eignarrétti, heldur staða landsvæðisins sem jarðar. Mikilvægi landamerkjabréfa jarða felst í sönnunargildi þeirra en hvert og eitt bréf er metið sérstaklega. Hefur þá einkum verið til þess litið hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins. Mæli heimild í mót landamerkjabréfi jarðar, hvort heldur er afmörkun lands og/eða stöðu þess sem jarðar, þarf að meta hvort vægi hennar sé slíkt að það rýri sönnunargildi bréfsins að sama skapi.

²²⁰ Kafli 6.1.2.2 í málum nr. 1–2/2009 (svæði 7B).

Á svæðum 1-7A eru fimmtán tilvik þar sem óbyggðanefnd hefur úrskurðað að land innan landamerkjabréfs jarðar væri eignarland að hluta og þjóðlenda að hluta. Er þá miðað við yngra landamerkjabréf viðkomandi jarðar, hafi verið gerð tvö, og skýringu óbyggðanefndar á texta viðkomandi bréfs, en hún getur verið önnur en skýring málsaðila.

Pau fimmtán tilvik sem hér um ræðir eru eftirfarandi: Þingvellir; Mörtunga á Síðu; Fell í Suðursveit; Stafafell í Lóni; Skriðuklaustur og Valþjófsstaður í Fljótsdal; Brú á Jökuldal; Þorvaldsstaðir og Hamar í Selárdal; Gunnarsstaðir, Kverkártunga og Miðfjörður í Skeggjastaðahreppi; Hvammur og Laxárdalur í Svalbarðshreppi; Reykjahlíð í Mývatnssveit. Að undanskildum Hvammi og Laxárdal hafa þeir dómur Hæstaréttar sem gengið hafa um þessi tilvik staðfest niðurstöðu óbyggðanefndar í öllum meginatriðum. Umfjöllun um Kverkártungu og Miðfjörð í fyrrum Skeggjastaðahreppi og Reykjahlíð í Mývatnssveit er ólokið hjá dómstólum.

Í flestum þessara tilvika hafa legið fyrir eldri heimildir um afmörkun jarðarinnar, stundum eldri landamerkjabréf, sem mælt hafa í mót lýsingu landamerkjabréfs. Þetta er þó ekki einhlítt og mál Þingvallakirkjulands, Skriðuklausturs og Valþjófsstaðar í Fljótsdal vörðuðu fremur mat á heimildum um takmörkuð réttindi innan merkja. Loks getur hvort tveggja hafa verið fyrir hendi, eldri merkjalýsingar og heimildir um takmörkuð réttindi, sbr. einkum Stafafell í Lóni og Fell í Suðursveit.

Til viðbótar við framangreind fimmtán tilvik eru þess tvö dæmi á svæðum 1–7A að eignarréttur að jörð hafi verið gefinn upp eða glatast, sbr. dóma Hæstaréttar um Fjall og Breiðármörk frá 11. maí 2006.

Af framangreindu er ljóst að undantekningar frá meginreglunni um eignarland innan afmörkunar í landamerkjabréfi jarðar eru fáar og ríkar kröfur gerðar í því sambandi. Nýjar úrlausnir dómstóla um jarðirnar Hvamm og Laxárdal í Svalbarðshreppi áréttu þetta enn frekar. Þar taldi Hæstiréttur að land innan landamerkjabréfa annars vegar Hvamms og hins vegar jarðarinnar Laxárdals væri í heild sinni eignarland. Hafnað var þeirri röksemdafærslu óbyggðanefndar að önnur afmörkun í tiltekinni eldri heimild leiddi til þeirrar niðurstöðu að þar væru þjóðlendur að hluta.

Loks skal þess getið að ýmis dæmi eru um að uppi hafi verið álitafni af þeim toga sem hér um ræðir í málum sem lyktað hefur með niðurstöðu óbyggðanefndar um eignarland. Úrskurðum um eignarland hefur almennt verið unað og þeir því ekki komið til endurskoðunar hjá dómstólum. Sem dæmi um ríkt sönnunargildi landamerkjabréfs jarðar í slíku máli má nefna Hjaltadal og Kambfellskjálka í máli nr. 3/2007 á svæði 6.

10.3. Heimildir um legu jarða til forna²²¹

Eftir er þá að gera grein fyrir þremur nýjum dómum þar sem hnekkt var úrskurðum óbyggðanefndar um þjóðlendu, nánar tiltekið varðandi Vatnsenda í Svalbarðshreppi, sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls í Öxarfjarðarhreppi og Hvannstaði, einnig í Öxarfjarðarhreppi.

Í þessum málum er fjallað um þýðingu þess að landsvæði hafi upphaflega verið hluti jarðar. Slíkt land hefur að meginreglu verið úrskurðað og dæmt eignarland, svo sem áður sagði. Flokkun landsvæða í jarðir, afrétti(r) jarða, afrétti(r) kirkna og klaustra, samnotaafrétti(r) og annað land er þannig veigamikil atriði.

Landamerkjabréf hafa einnig verið gerð fyrir annars konar réttindasvæði en jarðir, svo sem ítök og afrétti(r). Slík bréf hafa takmarkaðra vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og að meginreglu hefur verið við það miðað í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum að svæði utan lands jarða sé þjóðlenda. Þá getur verið bæði jörð og afrétt(ur) innan sama bréfs, með eða án aðgreiningar af einhverju tagi, svo sem að framan greindi.

Jafnframt er ljóst að notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur ekki úrslitabýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Þessu til viðbótar er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Umfjöllun í landamerkjabréfi og notkun hugtaksins afrétt(ur) eru þannig dæmi um atriði sem veita ekki einhlít svör við því hvort tiltekið landsvæði sé jörð, afrétt(ur) jarðar, afrétt(ur) kirkju og klausturs, samnotaafrétt(ur) eða annað land. Þess utan kunna heimildir að vera óljósar og brotakenndar, afmörkun og nýting breytileg, réttindi jafnvel gefin upp eða glötuð.

Heimildir um legu jarða til forna, enda þótt takmarkaðar séu, geta hins vegar gefið mikilvægar vísbendingar um að landsvæði hafi upphaflega haft stöðu jarðar en síðar verið nýtt sem afrétt(ur). Í framangreindum þremur dómum Hæstaréttar, um Vatnsenda, sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls og Hvannstaði, felst áhersla á þetta atriði, enda þótt fleira komi þar til. Þar lagði dómstóllinn til grundvallar að umrædd landsvæði hefðu talist hluti af jörðinni Álandi, í tilviki Vatnsenda, og jörðinni Hólum, í tilvikum Fagradals, Víðirhóls, Hólssels, Nýhóls og Hvannstaða. Þau hefðu því verið háð beinum eignarrétti. Hafnað var þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að landsvæðin hefðu ekki stöðu jarðar að lögum.

²²¹ Kafli 6.1.2.3 í málum nr. 1–2/2009 (svæði 7B).

Sem dæmi um skyld álitafni í úrskurðum óbyggðanefndar þar sem niðurstaðan hefur verið eignarland má hér nefna Núpufellsdal og Þormódsstaðasel í máli nr. 1/2008 á svæði 7a, Gnýsstaði í máli nr. 3/2005 á svæði 5 og Háreksstaði í máli nr. 2/2005 á svæði 5.

11. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 8A

11.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum²²²

[...]

Hér verður gerð grein fyrir þeim tíu dómum sem gengið hafa frá því óbyggðanefnd kvað síðast upp úrskurði. Sambærileg umfjöllun um eldri dóma í fyrri úrskurðum, að því marki sem hún hefur almenna þýðingu, hefur verið felld inn í framangreindar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vísast þangað.

Um er að ræða eftirfarandi [10] dóma Hæstaréttar: Dómur frá 20. september 2012 í máli nr. 65/2012 (Reykjahlíð); dómur frá 27. september 2012 í máli nr. 350/2011 (vesturhluti Hofsafréttar og Lambatungur); dómur frá 21. febrúar 2013 í máli nr. 433/2011 (Steinvarartunga og hluti Mela); dómur frá 28. febrúar 2013 í máli nr. 432/2011 (Þorbrandsstaðatungur); dómur frá 19. september 2013 í máli nr. 656/2012 (Möðruvallaafréttur); dómur frá 26. september 2013 í máli nr. 411/2012 (Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár og mörk jarðanna Mjóadals, Kambfellskjálka, Hjaltadals og Sörlastaða); dómur frá 26. september 2013, í máli nr. 413/2012 (Bleiksmýrardalur vestan Fnjóskár); dómur frá 10. október 2013 í máli nr. 617/2012 (landsvæði sunnan Ölfusafréttar); dómur frá 28. nóvember 2013 í máli nr. 546/2012 (Eyvindarstaðaheiði og Hraunin) og loks dómur frá 18. september 2014 í máli nr. 24/2014 (Vaskárdalur).

Allir framangreindir dómur fjalla um efnisleg atriði og í átta þeirra var niðurstaða óbyggðanefndar staðfest í öllum meginatriðum. Í tveimur af dómunum var niðurstöðu nefndarinnar hins vegar hnekkt. Í öðrum þeirra var dæmt eignarland þar sem óbyggðanefnd hafði úrskurðað þjóðlendu. Nánar tiltekið er þar um að ræða þann dóm er varðar landsvæði sunnan Ölfusafréttar. Í máli því sem varðaði ágreining um eignarréttarlega stöðu Bleiksmýrardals austan Fnjóskár og mörk jarðanna Mjóadals, Kambfellskjálka, Hjaltadals og Sörlastaða í Þingeyjarsveit gagnvart þjóðlendu var aftur á móti hnekkt þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár væri eignarland og dæmt að um þjóðlendu væri að ræða. Þá var mörkum umræddra jarða gagnvart þjóðlendu breytt nokkuð, nánar tiltekið á þann veg að landsvæði sem óbyggðanefnd hafði talið innan marka jarðanna var dæmt þjóðlenda.

[...]

²²² Kafli 6.1.2.1 í málum nr. 1–4/2013 (svæði 8A).

11.2. Um túlkun landamerkjabréfa jarða og samspil við aðrar heimildir²²³

Af forsendum fyrir niðurstöðu dóms Hæstaréttar um mörk framangreindra jarða í Þingeyjarsveit gagnvart Þjóðlendu má ráða að það sé einkum tvennt sem ráði því að niðurstaða réttarins um afmörkun jarðanna er frábrugðin niðurstöðu óbyggðanefndar. Fyrira atriðið er að í tilvikum Hjaltadals ásamt Kambfellskjálka og Sörlastaða er afmörkun jarðanna til fjalla að nokkru leyti miðuð við almenna staðhætti sem einkenna fjalllendið á svæðinu en ekki ákveðin náttúruleg kennileiti eða örnefni sem unnt er að staðsetja með nákvæmum hætti. Nánar tiltekið er fjallað um „eyðigrót og sanda“ í landamerkjabréfi Sörlastaða og „fjallið“ og „öræfi“ í landamerkjabréfi Hjaltadals. Taldi óbyggðanefnd að þrátt fyrir að landamerkjabréf jarðanna væru óljós um afmörkun þeirra til suðurs fengi sú afmörkun jarðanna sem krefjendur beins eignarréttar héldu fram, stóð í landamerkjabréfum þeirra og öðrum heimildum um þær. Hæstiréttur leit aftur á móti svo á að kröfur eigenda jarðanna um merki þeirra ættu sér ekki stóð í landamerkjabréfum þeirra að þessu leyti.

Síðara atriðið sem veldur mismunandi niðurstöðu óbyggðanefndar og Hæstaréttar varðar samspil landamerkjabréfs og yngri heimildar um jörðina Mjóadal. Nánar tiltekið taldi Hæstiréttur að um merki Mjóadals til suðurs og vesturs yrði ekki byggt á landamerkjaskjali frá 1897 svo sem gert hafði verið í úrskurði óbyggðanefndar, þar sem leggja yrði til grundvallar að með því að eigandi jarðarinnar hefði látið útbúa og þinglýsa skrá yfir afréttarlönd árið 1904, sem tók m.a. til lands Mjóadals, hefði hann í raun fellt landamerkjaskjalið úr gildi að því leyti sem ekki gætti samræmis milli umræddra skjala. Óbyggðanefnd hafði aftur á móti lagt landamerkjabréfið til grundvallar um afmörkun Mjóadals og taldi að lýsing þess á vesturmerkjum Mjóadals samræmdu öðrum heimildum um merkin, þ.m.t. afréttarskránni. Í landamerkjabréfinu er vesturmerkjum Mjóadals lýst þannig að frá „hágrjóti“ liggi merkin norður háfjallið, eftir því sem vatnsföll deili sveita milli, norður gegnt upptökum Syðri-Bótarár. Í afréttarskránni er vesturmerkjunum lýst þannig að þeim ráði bein stefna vestan við öll drög er liggi að tilteknum ám að botni Syðri-Bótarár. Taldi óbyggðanefnd að samræmi væri milli þessara tveggja merkjalýsinga en Hæstiréttur ekki.

Í þessu samhengi skal þess ennfremur getið að þrátt fyrir að niðurstaða óbyggðanefndar og Hæstaréttar um mörk jarðarinnar Reykjahlíðar gagnvart Þjóðlendu væri hin sama má sjá af forsendum fyrir niðurstöðu dómsins að Hæstiréttur metur heimildir um tiltekinn hluta ágreiningssvæðisins með öðrum hætti en óbyggðanefnd gerði. Var þar um að ræða þann hluta ágreiningssvæðisins sem liggur handan við fjallgarðana sem liggja austan Mývatns og suður að línu sem liggur frá Veggjafelli í Bræðraklif í Hafragjá og þaðan beina stefnu til austurs í Jökulsá á Fjöllum. Umrætt

²²³ Kafli 6.1.2.2 í málum nr. 1–4/2013 (svæði 8A).

svæði er innan lýstra merkja Reykjahlíðar samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar en mat Hæstaréttar og óbyggðanefndar á tilteknum eldri heimildum um viðkomandi hluta ágreiningssvæðisins var ólíkt. Einkum voru það þrjú efnisatriði í þeim sem rétturinn taldi mæla gegn því að umræddur hluti ágreiningssvæðisins væri háður beinum eignarrétti. Í fyrsta lagi var þar um að ræða heimildir um að Möðrudal tilheyrðu tiltekin afnotaréttindi á svæðinu án þess að tiltekið væri að um væri að ræða ítak í landi annarra jarða. Í öðru lagi taldi rétturinn það sem fram kom í heimildunum um tilkall eigenda Reykjahlíðar til ómerkinga á svæðinu mæla gegn því að það væri háð beinum eignarrétti. Í þriðja lagi taldi rétturinn að umfjöllun í úrskurði frá 1506 um átölulaus afnot til rökstuðnings eignarrétti, m.a. með vísan til 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar, mælti gegn því að svæðið væri háð beinum eignarrétti.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar voru með úrskurðum á svæði 1 og fylgja í viðauka með úrskurði þessum er m.a. fjallað um sönnunargildi landamerkjabréfa. Fram kemur að ljóst virðist af úrlausnum dómstóla í einkamálum að við mat á gildi landamerkjabréfs skipti máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði. Með vísan til tilgangs landamerkjatala 1882, síðari tíma löggjafar og úrlausna dómstóla, telji óbyggðanefnd að leggja verði til grundvallar að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi, sé beinum eignarrétti háð. Hins vegar sé þó ljóst að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Þannig dragi úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót.

Í köflum 6.1.1 í úrskurðum óbyggðanefndar á svæði 5 er frekari umfjöllun um gildi landamerkjabréfa jarða og hefur sá kafli verið felldur inn í *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*. Þar er fjallað um nokkra dóma Hæstaréttar sem þá höfðu nýlega fallið og varða mat á sönnunargildi landamerkjabréfa jarða. Fram kemur það mat að í tilteknum dómum hafi enn verið hnykk á þýðingu þess að landsvæði teldist innan merkja jarðar. Samkvæmt þessu sé óbyggðanefnd rétt að leggja áfram áherslu á landamerkjabréf jarða, samanber umfjöllun um þau í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*, enda þótt með skýrum fyrirvörum sé. Lýst er þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að ekki sé ástæða til að herða sérstaklega kröfur um sönnun eignarlands innan lýsingar í landamerkjabréfi jarðar, umfram það sem áður hafi verið lagt til grundvallar og samrýmist vel almennri afstöðu Hæstaréttar til landamerkjabréfa. Eftir sem áður sé ljóst að dómstólar geri nokkuð strangar kröfur til sönnunar eignarlands, samanber einnig þá meginreglu í íslenskum rétti að sá sem telji til eignarréttar yfir landi verði að færa fram heimildir fyrir eignartilkalli sínu.

Afstaða óbyggðanefndar hefur samkvæmt framansögðu frá upphafi verið sú að þrátt fyrir meginregluna um að land sem afmarkað er í landamerkjabréfi jarðar sé háð beinum eignarrétti sé ljóst að meta þurfi sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Þannig dragi úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót. Dómarnir sem að framan er getið um mörk jarðanna Hjaltadals ásamt Kambfellskjálka, Sörlastaða, Mjóadals og Reykjahlíðar gagnvart Þjóðlendu fá að mati óbyggðanefndar

fullilega samræmst umræddri meginreglu, enda er hún háð tilteknum undantekningum. Mismunandi niðurstaða óbyggðanefndar og Hæstaréttar varðandi mörk Hjaltadals ásamt Kambfellskjálka og Sörlastaða gagnvart þjóðlendu skýrist af mismunandi túlkun á landamerkjabréfunum að því leyti sem merkjalýsingar þeirra eru óljósar. Þá skýrist mismunandi afstaða nefndarinnar og réttarins til tiltekinna hluta þeirra landsvæða sem eru innan lýstra merkja samkvæmt landamerkjabréfum Mjóadals og Reykjahlíðar af ólíkum ályktunum af öðrum heimildum um viðkomandi landsvæði. Forsendur og niðurstöður Hæstaréttar í þeim dómum sem hér hefur verið fjallað um kunna að kalla á breytt sönnunarmat óbyggðanefndar ef upp koma tilvik sem eru í öllum aðalatriðum sambærileg en kalla að mati nefndarinnar ekki, fremur er dómarnir sem raktir eru í köflum 6.1.1 í úrskurðum á svæði 5, á að nefndin herði almennt kröfur um sönnun þess að land sem afmarkað er í landamerkjabréfi jarðar teljist eignarland.

11.3. Áhrif fyrri lögskipta íslenska ríkisins og annarra vegna viðkomandi landsvæðis²²⁴

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 617/2012 snéri ágreiningurinn að því hvort tiltekið landsvæði sunnan Ölfusafréttar væri þjóðlenda eða eignarland. Umræddu ágreiningssvæði hafði verið skipt út úr landi tiltekinna jarða sunnan afréttarins og selt til Orkuveitu Reykjavíkur árið 1999. Íslenska ríkið var meðal seljenda. Í forsendum Hæstaréttar kemur fram að rétturinn túlkar landamerkjabréf umræddra jarða á þann veg að ágreiningssvæðið sé samkvæmt þeim innan merkja jarðanna. Rétturinn taldi hins vegar að eldri heimildir mæltu gegn því að land jarðanna hafi náð svo langt til norðurs áður en landamerkjabréf þeirra voru gerð á ofanverðri 19. öld.

Aftur á móti var litið til þess að íslenska ríkið var meðal þeirra sem gerðu kaupsamninga við Orkuveitu Reykjavíkur um landið. Í kaupsamningunum var vísað um afmörkun landsins til tiltekins uppdráttar þar sem mörk hins selda lands til norðurs og suðurs voru sýnd og þau jafnframt tilgreind nákvæmlega með hnitum. Að auki kom fram á uppdrættinum að ágreiningur væri um legu þverlínu á mörkum jarðanna til norðurs og í því sambandi voru sýndir tveir kostir. Í kaupsamningi íslenska ríkisins og Orkuveitunnar hafi þessu til viðbótar verið ákvæði þar sem fram hafi komið að báðum samningsaðilum væri kunnugt um að ágreiningur kynni að rísa um hvor þverlínan sem sýnd væri á uppdrættinum ætti að ráða merkjum jarðanna gagnvart Ölfusafrétti og tæki Orkuveitan alla áhættu af þeim ágreiningi. Í forsendum fyrir niðurstöðu Hæstaréttar kom fram að óhjákvæmilegt væri að líta svo á að fyrirvarinn hlyti a.m.k. öðrum þræði að hafa verið settur með tilliti til þess að lög nr. 58/1998 höfðu tekið gildi. Í samningsákvæðinu hafi aðeins verið getið um tvo hugsanlega kosti

²²⁴ Kafli 6.1.2.3 í málum nr. 1–4/2013 (svæði 8A).

um legu þverlínu á norðurmerkjum landsins og þeir hafi báðir reynst vera langt norðan við þá línu sem þjóðlendukrafa ríkisins miðaðist við. Tekið er fram að því hafi verið haldið fram af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur að aðrir jarðeigendur sem áttu í hlut hafi ekki viljað ljúka samningum um kaupin fyrr en ljóst væri hvort og þá að hvaða leyti íslenska ríkið myndi í tengslum við söluna til Orkuveitunnar draga í efa að land á þessu svæði væri háð beinum eignarrétti. Þessari staðhæfingu hefði íslenska ríkið ekki andmælt. Síðan segir í dómnum:

Með þessum gerðum viðurkenndi hann [þ.e. íslenska ríkið] ekki aðeins í lögskiptum sínum við áfrýjanda [þ.e. Orkuveitu Reykjavíkur] að landið, sem skipt hafði verið út úr jörðunum Kröggólfsstöðum og Þúfu og var sýnt sunnan við þverlínu 1 á uppdrætti Forverks ehf. frá október 1998, væri háð beinum eignarrétti, svo sem leiða mátti samkvæmt áðursögðu af landamerkjabréfum fyrir þær frá 4. og 9. júní 1890, heldur mátti honum og vera ljóst að aðrir jarðeigendur, sem hér áttu í hlut, myndu leggja traust á að það sama hlyti að eiga við um landareignir þeirra. Aðalkrafa stefnda íslenska ríkisins fyrir óbyggðanefnd um mörk þjóðlendu og eignarlanda á landsvæðinu, sem áfrýjandi keypti eftir að því var skipt út úr jörðunum [...], var þessu alls ósamrýmanleg, sbr. dóm Hæstaréttar 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005. Verður því að taka til greina kröfu áfrýjanda um að fellt verði úr gildi ákvæði í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 6/2004 um að landsvæðið á Hellisheiði sunnan Ölfusafréttar, sem um ræðir í máli þessu, sé þjóðlenda.

Af þessu má sjá að það eru fyrri athafnir íslenska ríkisins í lögskiptum við eigendur umræddra jarða sem ráða niðurstöðu Hæstaréttar um að ágreiningssvæðið sé eignarland en ekki þjóðlenda.

Óbyggðanefnd hafði áður úrskurðað að umrætt landsvæði væri þjóðlenda. Líkt og Hæstiréttur gerði síðar túlkaði óbyggðanefnd fyrirbyggjandi heimildir um jarðirnar á þann veg að ágreiningssvæðið teldist ekki vera innan þeirra. Nefndin hafnaði því aftur á móti að framangreindar athafnir íslenska ríkisins í lögskiptum við kaupendur landsins hefðu áhrif á niðurstöðuna. Var sú niðurstaða einkum rökstudd með því að eigandi fasteignar getur ekki afsalað víðtækari eignarréttindum en hann sjálfur er sannanlega kominn að. Aðild ríkisins að umræddum kaupsamningnum gæti ekki haft aðra þýðingu en að styðja mögulegar og réttmætar væntingar samningsaðila til inntaks þess eignarréttar sem ráðstafað var í umræddum samningum. Þess væri á hinn bóginn að gæta að umrædd lögskipti hafi átt sér stað eftir lögtöku þjóðlendulaga og afsalshafa í lófa lagið að hafa uppi alla þá eignarréttarlegu fyrirvara sem þörf var á við samningsgerðina í ljósi þess réttarástands sem skapað var við lögfestingu þjóðlendulaga á árinu 1998. Að þessu virtu var því hafnað að aðkoma ríkisins með þessum hætti hefði getað skapað neinar þær væntingar sem gætu haft efnisleg áhrif á mat eignarréttar á svæðinu.

Vert er að fjalla í þessu samhengi einnig um dóm Hæstaréttar frá 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005. Þar var m.a. deilt um landsvæði á Skeiðarársandi sem er innan merkja jarðarinnar Skaftafells II samkvæmt ódagsettu landamerkjabréfi sem var þinglesið árið 1890. Hæstiréttur taldi aftur á móti að eldri heimildir styddu ekki að landið sem ágreiningur var um hefði verið numið til eignar og þannig orðið hluti jarðarinnar. Til þess verði á hinn bóginn að líta að í tengslum við ráðagerðir um stofnun þjóðgarðs í Skaftafelli hafi tveir af þáverandi eigendum jarðarinnar gefið út afsal árið 1966 handa „Náttúruverndarráði vegna ríkissjóðs“ fyrir hluta jarðarinnar. Í afsalinu, sem m.a. hafi verið undirritað af menntamálaráðherra fyrir hönd kaupandans, hafi verið vísað í landamerkjabréfið og „landamerki við það miðuð við söluna“. Skeiðarársandur hafi verið undanskilinn við söluna. Þá hafi menntamálaráðherra og eigandi Skaftafells gert samning árið 1969 um að fela gerðardómi að draga landamerkjalinu samkvæmt fyrrnefndu afsali „til ríkissjóðs“ og að „framkvæma landskipti milli samningsaðila á öllu óskiptu landi jarðarinnar Skaftafells“. Við landskiptin, sem gerðardómurinn kvað á um sama ár, hafi stór hluti landsins, sem kom í hlut tiltekinna eigenda Skaftafells (annarra en íslenska ríkisins) og sé nú jörðin Skaftafell II, verið það sama og deilt var um í þessum þætti málsins. Þá liggi fyrir yfirlýsing Náttúruverndarráðs frá árinu 1987, þar sem fram komi að umrætt ágreiningssvæði liggi utan þjóðgarðsins og sé í eigu lögbýlisins. Var þar um merkin vísað til landamerkjabréfsins frá 1890. Síðan segir í dómnum:

Með þessum gerðum hafa menntamálaráðherra og Náttúruverndarráð, sem hafði meðal annars með höndum stjórn þjóðgarða samkvæmt ákvæðum þágildandi laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, ítrekað í orði og verki lagt til grundvallar í lögskiptum við þá, sem núverandi eigendur Skaftafells II leiða rétt sinn frá, að landið á Skeiðarársandi, sem hér er deilt um, sé eignarland þeirra, svo sem leitt verður af landamerkjabréfinu frá 1890. Dómkröfur áfrýjanda á hendur stefndu [...] eru þessu alls ósamrýmanlegar. Verður því staðfest niðurstaða héraðsdóms um sýknu þessara stefndu af kröfum áfrýjanda.

Af þessum forsendum fyrir niðurstöðu dómsins má ráða að hún hefði orðið önnur ef umræddar athafnir menntamálaráðherra og Náttúruverndarráðs í lögskiptum við eigendur jarðarinnar hefðu ekki komið til. Óbyggðanefnd hafði áður komist að þeirri niðurstöðu að umrætt ágreiningssvæði væri innan marka jarðarinnar Skaftafells og væri eignarland. Ekki var sérstaklega fjallað um umrædd lögskipti ríkisins og eigenda Skaftafells í rökstuðningi fyrir þeirri niðurstöðu nefndarinnar heldur voru það aðrar heimildir sem réðu niðurstöðunni.

Það vekur athygli að í báðum þeim dómum Hæstaréttar sem hér er um ræðir, þ.e. annars vegar um landsvæði sunnan Ölfusafréttar og hins vegar um landsvæði á Skeiðarársandi, ráða fyrri lögskipti handhafa ríkisvalds við eigendur viðkomandi jarða úrslitum um að umrædd landsvæði eru talin innan þeirra, jafnvel þótt viðkomandi

handhafar ríkisvalds hafi ekki verið bærir að lögum til að afsala landinu eða breyta eignarréttarlegri stöðu þess. Þau lögskipti sem um ræðir vegna landsvæðisins sunnan Ölfusafréttar áttu sér stað eftir gildistöku þjóðlendulaga og það var landbúnaðarráðherra sem undirritaði umrætt afsal fyrir hönd ríkisins. Framangreind lögskipti menntamálaráðherra og Náttúruverndarráðs við eigendur Skaftafells áttu sér aftur á móti stað fyrir gildistöku þjóðlendulaga. Af forsendum Hæstaréttar má ráða að rétturinn líti svo á að fyrir þann tíma hafi umrætt landsvæði á Skeiðarársandi verið eigendalaus en orðið undirorpið beinum eignarrétti vegna téðra lögskipta þrátt fyrir að þágildandi réttarreglur hafi ekki haft að geyma heimildir til handa menntamálaráðherra eða Náttúruverndarráði til að stofna til beins eignarréttar á eigendalausum svæðum.

Umræddir dómur Hæstaréttar kunna að leiða til breytts sönnunarmats óbyggðanefndar í tilvikum þar sem athafnir handhafa ríkisvalds í lögskiptum við hagsmunaaðila benda til að lítið hafi verið svo á að viðkomandi ágreiningssvæði sé háð beinum eignarrétti. Í slíkum tilvikum þarf að meta sérstaklega hvort þau lögskipti hafi áhrif á niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu svæðisins. [...] Aðrir fyrirbyggjandi dómur hafa að mati óbyggðanefndar ekki áhrif á sönnunarmat nefndarinnar að þessu leyti.²²⁵

11.4. Réttaráhrif og sönnunargildi eldri dómsúrlausna²²⁶

[...]

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 411/2012 kom til skoðunar hvaða þýðingu dómur Landsyfirréttar frá 25. júní 1855 í máli nr. 1/1855, um Bleiksmýrardal austan Fnjóskár, hefði fyrir úrlausn málsins. Afstaða Hæstaréttar til þýðingar umrædds dóms Landsyfirréttar var frábrugðin afstöðu óbyggðanefndar, sem varð til þess að Hæstiréttur hnekkti niðurstöðu nefndarinnar um að þar væri eignarland.

Í máli því sem lauk með umræddum dómi Landsyfirréttar deildu Munkaþverárklostur og eigendur Illugastaða um eignarrétt á svæðinu. Í dómi aukahéraðsréttar Þingeyjarsýslu, sem var að því leytinu til staðfestur af Landsyfirrétti, segir meðal annars:

Afrjettarlandið Bleiksmýrardalur allur fyrir austan Fnjóská frá Hamarslæk og sudur á öræfi, á ad tilheyra Munkaþverár klaustri, sem fullkomin og átölulaus eign, og eigindómur þess.

²²⁵ Auk framangreindra dóma hefur óbyggðanefnd skoðað sérstaklega m.t.t. þessa eftirfarandi dóma Hæstaréttar: Dóm frá 3. nóvember 1994 í máli nr. 247/1994 (Geitland), dóm frá 10. apríl 1997 í máli nr. 66/1996 (Auðkúluheiði), dóm frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur), dóm frá 28. september 2006 í máli nr. 498/2005 (Stafafell), dóm frá 18. október 2007 í máli nr. 79/2007 (Mörtunga), dóm frá 22. september 2011 í máli nr. 294/2010 (Mælifell), dóm frá 26. september 2013 í máli nr. 411/2012 (Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár) og loks dóm einnig frá 26. september 2012 í máli nr. 413/2012 (Bleiksmýrardalur vestan Fnjóskár).

²²⁶ Kafli 6.1.2.4 í málum nr. 1–4/2013 (svæði 8A).

Í máli nr. 3/2007 hjá óbyggðanefnd deildu íslenska ríkið og Þingeyjarsveit um eignarréttarlega stöðu svæðisins. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að um eignarland væri að ræða. Í úrskurði óbyggðanefndar kom m.a. fram að nefndin teldi ljóst að beinn eignarréttur hafi verið til úrlausnar í umræddum dómi Landsyfírréttar. Réð dómurinn niðurstöðu óbyggðanefndar um að um eignarland væri að ræða.

Í dómi Hæstaréttar er dregin sú ályktun af fyrirbyggjandi heimildum að réttur Munkaþverárklosturs yfir landsvæðinu hafi verið bundinn við óbein eignarréttindi. Tekið er fram að aðilar að því máli sem lauk með dómi Landsyfírréttar hafi ekki verið þeir sömu og málsaðilar fyrir Hæstarétti og þeir síðarnefndu hafi heldur ekki á báða vegu komið í stað þeirra fyrrnefndu, enda hafi íslenska ríkið ekki komið í stað eigenda Illugastaða þó svo að Þingeyjarsveit leiddi rétt sinn frá Munkaþverárklostri. Í skilningi einkamálaréttarfars hafi sakarefnið í því máli því ekki verið það sama. Dómur Landsyfírréttar hafi því ekki þau áhrif sem um ræði í 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála en hann hafi á hinn bóginn fullt sönnunargildi um þau málsatvik sem í honum greinir, þar til hið gagnstæða sé sannað, sbr. 4. mgr. sömu lagagreinar. Hæstiréttur komst síðan að þeirri niðurstöðu að þótt dómsorð héraðsréttarins, sem Landsyfírréttur létt standa óraskað, hafi kveðið á um að afréttarlandið Bleiksmýrardalur fyrir austan Fnjóská tilheyrði Munkaþverárklostri sem fullkomin og átölulaus eign hafi ekki að öllu leyti verið leyst úr því hvert inntak þessara réttinda væri. Dómur Landsyfírréttar geti því ekki haft sönnunargildi um það atriði skv. 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, sem vikið geti til hliðar þeirri ályktun, sem dregin var af öðrum fyrirbyggjandi heimildum í málinu, að Munkaþverárklostur hafi aðeins notið óbeinna eignarréttinda yfir Bleiksmýrardal fyrir austan Fnjóská.

Í dómi Hæstaréttar um Eyvindarstaðaheiði í máli nr. 546/2012 reyndi einnig á atriði tengd áhrifum eldri dómsúrlausnar. Var þar um að ræða dóm réttarins frá 10 apríl 1997 í máli nr. 67/1996 en í því máli deildu Bólstaðahlíðarhreppur, Lýtingsstaðahreppur og Seyluhreppur við Landsvirkjun um bótarétt vegna annars vegar fallréttinda (virkjunarréttinda) í Blöndu og hins vegar lands á heiðinni sem Landsvirkjun hafði fengið til ótímabundinna umráða og afnota vegna Blönduvirkjunar á grundvelli nánar tiltekins samnings við hreppana. Íslenska ríkinu var stefnt til réttargæslu. Hæstiréttur sýknaði Landsvirkjun af kröfum hreppana í umræddu máli og var sú niðurstaða reist á því að Eyvindarstaðaheiði væri ekki háð beinum eignarrétti.

Í máli nr. 546/2012 deildu annars vegar íslenska ríkið og hins vegar Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði og Sveitarfélagið Skagafjörður um eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar. Í dómi Hæstaréttar kom fram að Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði og Sveitarfélagið Skagafjörður væru komin í stað hreppana sem voru aðilar að fyrra málinu. Gagnaðili þeirra hafi á hinn bóginn verið Landsvirkjun en íslenska ríkið hafi aðeins átt þar hlut að máli á grundvelli 1. mgr. 21. gr. laga nr. 91/1991 (réttargæsluáðild) og hafi af þeim sökum ekki verið aðili

að því í skilningi 1. mgr. 116. gr. sömu laga. Þótt hrepparnir þrír hafi reist áður nefndar dómkröfur sínar í fyrra málinu á þeim grunni að þeir nyttu beins eignarréttar yfir Eyvindarstaðaheiði hafi þær snúið að viðurkenningu réttar hreppanna til bóta úr hendi Landsvirkjunar. Dómkröfur í þessu máli snéru á hinn bóginn að því hvort hnekktt yrði úrskurði óbyggðanefndar um að Eyvindarstaðaheiði og Hraunin séu þjóðlenda og eftir atvikum ákvörðun um hvers konar réttindi gagnaðilar íslenska ríkisins kynnu að njóta að þessum landsvæðum. Í skilningi einkamálaréttarfars væri sakarefnið málinu þannig ekki það sama og í fyrra dómsmálinu. Dómur Hæstaréttar í máli nr. 67/1996 hafi því ekki þau áhrif hér, sem um ræði í 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, en hann hafi á hinn bóginn fullt sönnunargildi um þau málsatvik, sem í honum greinir, þar til það gagnstæða sé sannað, sbr. 4. mgr. sömu lagagreinar.

Í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008, sem tók til landsvæðisins, kom fram að nefndin teldi ljóst að beinn eignarréttur hafi verið til úrlausnar í dómi Hæstaréttar í máli nr. 67/1996. Þannig lægi fyrir dómsúrlausn um eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar. Til þess beri þó að líta að dómurinn feli ekki í sér úrlausn um eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998 með síðari breytingum. Til athugunar hljóti því að koma hjá óbyggðanefnd hvaða áhrif aðild að málinu sem þá var til umfjöllunar hjá nefndinni, gögn eða önnur þau atriði sem dómstólar hafa ekki þegar tekið afstöðu til, hafi á eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar samkvæmt lögum nr. 58/1998. Síðan rakti nefndin að Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði (sem var í eigu Húnavatnshrepps) og Sveitarfélagið Skagafjörður væru komin í stað þeirra hreppa sem áttu aðild að umræddu máli hjá Hæstarétti. Í málinu lögju ekki fyrir nein gögn sem sýni fram á rýmri rétt annarra hreppa sem sameinuðust undir merkjum Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Húnavatnshrepps, til Eyvindarstaðaheiðar. Þá taldi nefndin, eftir að hafa borið skjalaskrá málsins saman við skjalaskrá Hæstaréttarmáls nr. 67/1996 að engin ný gögn væru komin fram í málinu sem skipt gætu máli að þessu leyti.

Af framangreindum dómi Hæstaréttar í máli nr. 411/2012 má ráða þá afstöðu réttarins að dómur Landsyfírréttar kunnir að vera bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila máls og þeirra sem þeir leiða rétt sinn til að uppfylltum þeim skilyrðum og fram koma í 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, með sambærilegum hætti og dómur þeirra dómstóla sem starfa samkvæmt núverandi réttarskipan. Samkvæmt ákvæðinu er dómur bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra sem koma að lögum í þeirra stað, um þær kröfur sem eru dæmdar þar að efni til. Í umræddu máli var um það að ræða að annar málaðilanna, þ.e. íslenska ríkið, átti ekki aðild að máli nr. 1/1855 fyrir Landsyfírrétti og leiddi ekki heldur rétt sinn til aðila þess máls. Dómurinn var því að mati Hæstaréttar ekki bindandi um úrslit sakarefnisins jafnvel þótt þar hafi verið dæmt um að svæðið væri „fullkomin og átölulaus eign“ þess aðila sem krefjendur eignarréttar í máli nr. 411/2012 leiddu rétt sinn til.

Með sambærilegum hætti var dómur Hæstaréttar í máli nr. 67/1996 ekki bindandi um úrslit sakarefnisins í máli nr. 546/2012 þar sem íslenska ríkið átti ekki aðild að fyrrnefnda málinu auk þess sem dómkröfur voru ekki hinar sömu. Gilti einu í því sambandi þótt krefjendur beins eignarréttar í máli nr. 546/2012 leiddu rétt sinn til aðila sem Hæstiréttur hafði í máli nr. 67/1996 í reynd hafnað að ættu beinan eignarrétt á svæðinu. Er það í aðalatriðum í samræmi við þá afstöðu óbyggðæfndar til áhrifa hins eldra dóms sem fram kemur í forsendum fyrir niðurstöðu nefndarinnar í máli nr. 5/2008, enda lagði nefndin sjálfstætt mat á sönnunargildi dómsins en taldi hann ekki bindandi um úrslit sakarefnisins í skilningi 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991.

Fyrir liggja nokkrir dómar Hæstaréttar í þjóðlendumálum þar sem eldri dómsúrlausnir hafa verið taldar bindandi um niðurstöðu málsins. Í fyrsta lagi má nefna dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 þar sem íslenska ríkið og Bræðratungukirkja deildu um eignarréttarlega stöðu Tunguheiðar. Í málinu lá fyrir dómur aukadómþings Árnassýslu frá 23. febrúar 1980 í eignardómsmáli þar sem Bræðratungukirkja og íslenska ríkið deildu um eignarrétt á landinu. Viðurkennt var að Bræðratungukirkja ætti beinan eignarrétt á landinu. Í forsendum fyrir niðurstöðu dóms Hæstaréttar í máli nr. 48/2004 kemur fram að umræddur dómur aukadómþings Árnassýslu sé bindandi um úrslit sakarefnisins og hafi hlotið að vekja réttmætar væntingar Bræðratungukirkju um að eignarréttur kirkjunnar á landinu væri óumdeildur. Kröfugerð ríkisins í þjóðlendumálinu fengi ekki samrýmst þeirri afstöðu íslenska ríkisins að una dómi aukadómþingsins.

Í máli því sem lauk með dómi Hæstaréttar 11. nóvember 2010 í máli nr. 768/2009 (Afréttur Álfthaneshrepps hins forna) lá fyrir dómur landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar frá 14. desember 1971 þar sem skorið var úr um hver væru mörk Krýsuvíkur til norðurs og Garðakirkjulands til suðurs. Málið var rekið sem eignardómsmál og íslenska ríkið var þar meðal málsaðila. Aðildin að máli því sem lauk með dómi Hæstaréttar í máli nr. 768/2009 var að nokkru leyti önnur en í landamerkjadómnum. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að dómur landamerkjadómsins hafi fullt sönnunargildi um þau atvik sem þar var ráðið til lykta og feli í sér „bindandi úrslit sakarefnisins jafnt fyrir áfrýjendur sem aðra“. Dómurinn var því lagður til grundvallar um afmörkun þjóðlendunnar.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 294/2010, sem kveðinn var upp 22. september 2011, kom til skoðunar hvaða þýðingu dómur Héraðsdóms Austurlands frá 8. janúar 2004 í eignardómsmáli hefði varðandi eignarréttarlega stöðu Mælifells og Selsárvalla. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að þeir sem fengu eignardóminn hafi orðið eins settir og ef gefin hefði verið út skiptayfirlýsing um ráðstöfun viðkomandi réttinda. Þá segir að slík skiptayfirlýsing hefði í engu breytt réttarstöðu dómhafanna og áfrýjenda sem leiddu rétt sinn til þeirra gagnvart ákvæðum laga nr. 58/1998 og leiði þá af sjálfu sér að dómurinn frá 8. janúar 2004 geri það ekki heldur.

Þær forsendur fyrir niðurstöðum Hæstaréttar í málum nr. 411/2012 og 546/2012 sem að framan eru raktar kunna að hafa áhrif á mat óbyggðanefndar á þýðingu eldri dómsúrlausna um eignarréttarlega stöðu landsvæða ef upp koma sambærileg tilvik. [...] Aðrir fyrirbyggjandi dómar Hæstaréttar gefa að mati óbyggðanefndar ekki tilefni til breytinga á sönnunarmati nefndarinnar. Niðurstaðan af framangreindri skoðun er í meginatriðum sú að meta þurfi áhrif eldri dómsúrlausna af varfærni. Þær geta haft sönnunargildi um þau atvik sem þar greinir en fela aftur á móti ekki í sér bindandi niðurstöðu um úrslit sakarefnisins nema milli aðila viðkomandi máls og þeirra sem leiða rétt sinn frá þeim með beinum hætti, sé sakarefnið það sama. Auk þess má draga þá ályktun að eldri dómsúrlausn feli því aðeins í sér bindandi niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu landsvæðis ef þar hefur ótvírætt verið tekin afstaða til inntaks viðkomandi eignarréttinda.

FYLGISKJÖL

- I. Kort
- II. Aðilaskrá
- III. Skjalaskrá

II. Aðilaskrá

Þjóðlendum	Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins
Arnarvatnsheiði	Sjálfseignastofnun um Arnarvatnsheiði og Geitland
Arnarvatnsheiði Geitland	Borgarbyggð Sjálfseignastofnun um Arnarvatnsheiði og Geitland
Geitland	Borgarbyggð
Gilsbakki	Ólafur Magnússon
Kalmanstunga I	Ástríður Sigurðardóttir
Kalmanstunga I	Ólafur Kristófersson
Kalmanstunga II	Bryndís J. Jónsdóttir
Kalmanstunga II	Db. Kalmans Stefánssonar
Langjökull	Bláskógabyggð
Útskipt land Þorvaldsstaða	Sjálfseignastofnun um Arnarvatnsheiði og Geitland
Þorvaldsstaðir	Halldór Sigurðsson

III. Skjalaskrá³³⁷

Lagt fram af Andra Árnasyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

- 1 Kröfulýsing, dags. 10.12.2013.
 - 1(1) Skjalaskrá, dags. 10.12.2013, og viðbótar skjalaskrá, dags. 12.12.2013.
- a-b
 - 1(2) Tilvísanaskrá, dags. 10.12.2013.
 - 1(3) Bréf lögmans fjármála- og efnahagsráðherra til óbyggðanefndar um kröfulýsingu íslenska ríkisins vegna þjóðlendna á svæði 8B, dags. 10.12.2013.
 - 1(4) Bréf óbyggðanefndar til fjármála- og efnahagsráðherra um meðferð á svæði 8B hjá óbyggðanefnd, dags. 30.1.2013.
 - 1(5) Afrit af bréfi óbyggðanefndar til Akraneskaupstaðar varðandi frest fjármála- og efnahagsráðherra til að lýsa hugsanlegum þjóðlendukröfum á svæði 8B hjá óbyggðanefnd, dags. 26.2.2013.
 - 1(6) Bréf lögmans ríkisins til óbyggðanefndar. Beiðni um að frest til að skila kröfulýsingum vegna svæðis 8B, dags. 21.5.2013.
 - 1(7) Bréf óbyggðanefndar til lögmans ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfulýsingafresti samþykkt, dags. 4.6.2013.
 - 1(8) Bréf lögmans ríkisins til óbyggðanefndar. Beiðni um að frest til að skila kröfulýsingum vegna svæðis 8B, dags. 11.7.2013.
 - 1(9) Bréf óbyggðanefndar til lögmans ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfulýsingafresti samþykkt, dags. 19.8.2013.
 - 1(10) Bréf lögmans ríkisins til óbyggðanefndar. Beiðni um að frest til að skila kröfulýsingum vegna svæðis 8B, dags. 14.10.2013.
 - 1(11) Bréf óbyggðanefndar til lögmans ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfulýsingafresti samþykkt, dags. 15.10.2013.
 - 1(12) Tölvupóstur óbyggðanefndar til lögmans ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfulýsingafresti samþykkt, dags. 2.12.2013.
 - 1(13) Dómur Landsyfirréttar í máli nr. 11/1896, Hellistungur, bls. 327-330.
 - 1(14) Dómur Hæstaréttar í máli nr. 294/2004, dags. 16.12.2004. Geitland (eignarréttur).
 - 1(15) Dómur Hæstaréttar í máli nr. 247/1994, dags. 3.11.1994. Geitland (Fuglaveiðar), bls. 2227-2232.
 - 1(16) Dómur Hæstaréttar í máli nr. 65/1971, dags. 28.1.1975. Kalmanstunga, bls. 55-72.
 - 1(17) Dómur Hæstaréttar í máli nr. 67/2006, dags. 5.10.2006. Skjaldbreiður.
 - 1(18) Greinargerð, dags. 5.6.2014.
 - 1(19) Endanlega kröfugerð, dags. 12.12.2014.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 2 Yfirlit/heildaskilabréf Þjóðskjalasafns Íslands yfir heimildaleit í óprentuðum (A-skjöl) og prentuðum (B-skjöl) frumgögnum, dags. 4.10.2016.

Landamerkjabækur (skjalaflokkur A.I.):

 - 2(1) Kalmanstunga, dags. 24.4.1897. *Merkt 29 a-c.*
 - 2(2) Kalmanstunga, ódags. en þingl. 12.5.1975. *Merkt 30 a-b.*
 - 2(3) Afréttur á Arnarvatnsheiði, dags. 26.1.1886. *Merkt 31 a-c.* Einnig frá héraðsskjalasafni Borgarfjarðar: Eintak landamerkjabréfsins sem lagt var fram í landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðasýslu í sept. 1969 og óstaðfest uppskrift.
 - 2(4) Fljótstunga, 11.6.1889. *Merkt 36 a-b.*

³³⁷ Skjölum er raðað undir efnisflokka og þau því ekki í réttri númeraröð að öllu leyti. Sjá einnig í kafla 4.2.

-
- 2(5) Gilsbakki, dags. 20.8.1889. *Merkt 39 a-e.*
- 2(6) Þorvaldsstaðir, dags. 1.2.1923. *Merkt 70.*
- 2(66) Víðidalstunga í Þorkelshólshreppi í Húnavatnssýslu ásamt Bakkakoti, Litluhlíð og Stóruhlíð og Víðidalstunguheiði, dags. 23.3.1890. *Merkt 92 a-b.*
- 2(70) Víðidalstunguheiði, dags. 22.8.1902. *Merkt 93.*
- 2(71) Auðkúluheiði, dags. 31.12.1963. *Merkt 94.*
- 2(72) Aðalból, ódags. en þinglýst 7.6.1892. *Merkt 95 a-b.*
- 2(120) Hraunáss, Húsafell og Geitland, ódags. en þingl. 7.6.1898. *Merkt 16 a-b.*
- 2(121) Reykholt, dags. 12.3.1898. *Merkt 15 a-c.*
- 2(146) Afréttarland Hvítársíðunhrepps, Þverárhlíðarhrepps og hluta jarða í Norðurárdals- og Stafholtstunguhreppum, dags. 10.4.1890, með athugasemd 7.2.1913. *Merkt 32.*
- 2(153) Efranúpsheiði, dags. 16.2.1891. *Merkt 96 a-b.*
- Jarðabréf á Þjóðskjalasafni (skjalaflokkur A.2.):*
- 2(7) Lögfesta fyrir Kalmanstungu, landamerkja getið, ásamt uppskrift, dags. a-b 5.6.1773. *Merkt 1.*
- 2(8) Lögfesta fyrir Fljótstungu í Hvítársíðu, landamerkja getið, dags. 23.10.1830. a-b *Merkt 2 a-b.*
- Afsals og veðmálabækur (skjalaflokkur A.3.):*
- 2(131) Reykholt. Síða úr veðmálaregistri veðmálabókar Borgarfjarðar- og Mýrasýslu 1906-1937. *Merkt 22.*
- 2(132) Geitlönd. Síða úr veðmálaregistri veðmálabókar Borgarfjarðar- og Mýrasýslu 1906-1937. *Merkt 23.*
- 2(133) Húsafell. Síða úr veðmálaregistri veðmálabókar Borgarfjarðar- og Mýrasýslu 1906-1937. *Merkt 24.*
- Fasteigna- og jarðamöt (skjalaflokkur A.5.):*
- 2(9) Jarðamat 1804: Húsafell (Geitland sagt eign kirkjunnar í Reykholti). *Merkt 8.*
- 2(10) Fasteignamat 1916-1918 undirnat: Reykholt, Melar, Kalmanstunga, Þorvaldsstaðir, Fljótstunga, Gilsbakki, Húsafell. *Merkt 26 a-b, 38-43.*
- 2(122) Jarðamat 1849-1850: Húsafell, Kalmanstunga, Fljótstunga, Þorvaldsstaðir, Gilsbakki, Reykholt. *Merkt 1 og 53.*
- Bréfabækur, bréfasöfn og gerðabækur sýslumanna, hreppa og sáttanefnda (skjalaflokkur A.6.):*
- 2(53) Á manntalsþingi Reykholtshrepps, dags. 8.6.1898, var þinglesið bann gegn allri a-b silungaveiði, eggja- og álftatekju í landi því er selt var undan Kalmanstungu þann 17.5.1880. Var þessu banni mótmælt, ásamt uppskrift. *Merkt 13 a-b.*
- 2(54) Á manntalsþingi Hálsahrepps, dags. 7.6.1898, var þinglesið bann gegn allri a-b silungaveiði, eggja- og álftatekju í landi því er selt var undan Kalmanstungu þann 17.5.1880. Var þessu banni mótmælt, ásamt uppskrift. *Merkt 12 a-b.*
- 2(55) Á manntalsþingi að Sámsstöðum, dags. 14.6.1879, var þinglesin lögfesta fyrir a-b Kalmanstungu, ásamt uppskrift, dags. 28.5.1879. *Merkt b 20 a-b.*
- 2(56) Á manntalsþingi að Sámsstöðum, dags. 28.5.1880, var þinglesið afsalsbréf fyrir a-b Kalmanstungulandi innan þar ákveðinna ummerkja, ásamt uppskrift, dags. 17.5.1880. *Merkt b 21 a-b.*
- 2(57) Politiréttur. Vitnaleiðslur um rekstur á sauðfé og hrossum suður yfir Hvítá í a-b Geitlöndin, sumarið 1880, ásamt uppskrift, dags. 25.5.1881. *Merkt b 22 a-d.*
- 2(58) Manntalsþing að Sámsstöðum, dags. 30.6.1810. Lýst lögfestu Árna Þorleifssonar a-b á eignar og ábýlisjörð hans Kalmanstungu, ásamt uppskrift, dags. 3.6.1793. *Merkt b 23.*
- 2(59) Manntalsþing að Norðtungu, dags. 22.5.1834. Lesin upp lögfesta fyrir a-b Kalmanstungu, ásamt uppskrift, dags. 4.5.1834. *Merkt b 24.*
- 2(60) Manntalsþing að Sámsstöðum, dags. 16.5.1860. Upplesin lögfesta séra a-b Vernharðs Þorkelssonar fyrir Geitlandi. Ásmundur Þorsteinsson bóndi í Kalmanstungu mótmælir lögfestunni og hafnar því að Reykholtskirkja eigi allt

-
- land á milli Geitár og Hvítár og segir kirkjuna ekki eiga land lengra en að Hafursgili, ásamt uppskrift, dags. 14.5.1860. *Merkt b 25 a-c.*
- 2(61) a-b Manntalsþing að Sámstöðum, dags. 20.5.1863. Um upprekstur á trippum. Lesið hreppstjórabréf þar að lútandi. Þeir sem land eiga að Arnarvatnsheiði semja um að þeir á þessu sumri og næstu 3 komandi ár, taki utansveitartrippi til uppreksturs og hagagöngu yfir sumartímann., ásamt uppskrift, dags. 20.4.1863. *Merkt b 26 a-b.*
- 2(62) a-b Manntalsþing að Sámstöðum, dags. 23.5.1872. Þinglesið kaupbréf fyrir 8 hundruðum og 76 álum í Kalmanstungu. Kaupverðið 600 ríkisdalir, ásamt uppskrift. *Merkt b 27 a-b.*
- 2(63) a-b Bréf amtmanns til sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um upprekstur sauðfjár og hrossa í kirkjuland Reykholtskirkju, Geitlönd og heimaland Húsafells, ásamt uppskrift, dags. 9.12.1880. *Merkt d 1 a-b.*
- 2(79) a-b Byggingarbréf fyrir Kalmanstungu, dags. 12.5.1857. M.a. getið um skógarnytjar á jörðinni, ásamt uppskrift. *Merkt c 14 a-d.*
- 2(143) a-b Manntalsþing að Sámstöðum, dags. 16.5.1860. Lesin lögfesta fyrir Geitlandi, dags. 14.5.1860, og mótmælti bóndinn á Kalmanstungu lögfestunni þannig að Reykholtskirkja eigi ekki allt land milli Geitár og Hvítár, þ.e. ekki lengra en að Hafursgili, ásamt uppskrift. *Merkt b 157 a-c.*
- 2(144) Manntalsþing að Búrfelli, dags. 28.5.1889. Lesið forboð bændanna á Húsafelli, Stóraási og fleiri jörðum í Hálsahreppi „gegn rjúpnaveiði í löndum þeirra.“ Engin takmörk eða sérstök svæði er varða bannið eru tilgreind frekar en hér kemur fram. *Merkt b 160 a.*
- 2(145) Manntalsþing að Sámstöðum, dags. 19.5.1910. Þinglesið afsalsbréf útgefið 18.5.[1909] f. á. af ráðherra Íslands til séra Magnúsar Andréssonar fyrir jörðinni Gilsbakka, kaupverð 5.500kr. *Merkt b 132 a.*

Kirknaskjöl (skjalaflokkur A.7.):

- 2(11) Lögfesta fyrir eignum og ítökum Reykholtskirkju. Lögfestir m.a. Geitland, Þóreyjartungur, Sauðatungur, selför í Kjör, Pétursskógur í Sanddal, afrétt á Hrutafjarðarheiði, Ósstemmu á Rauðavatnsósi, dags. 20.5.1739. *Merkt 37 a-b.*
- 2(12) a-b Lögfesta fyrir eignum og ítökum Reykholtskirkju. M.a. Geitland, selför í Kjör, Pétursskógur í Sanddal, veiðiítök á Arnarvatnsheiði, dags. 27.4.1837, ásamt uppskrift. *Merkt 38 a-b.*
- 2(13) Lögfesta fyrir Geitlandi, ítaki í Grímsá og Ósstemmu að Rauðavatnsósi, dags. 24.5.1860. *Merkt 41 a-b.*
- 2(14) Lögfesta fyrir Geitlandi, dags. 24.5.1860. *Merkt 42.*
- 2(15) Lögfesta fyrir eignum og ítökum Reykholt, m.a. Geitlandi, veiðiítökum Húsafells á Arnarvatnsheiði, dags. 14.5.1869. *Merkt 43 a-c.*
- 2(16) Lögfesta fyrir eignum og ítökum Reykholt, m.a. Geitlandi, Sauðatungur, Þóreyjartungur, land við Reyðarvatn, veiði í Grímsá, veiðiítök á Arnarvatnsheiði, dags. 3.6.1876. *Merkt 44 a-d.*
- 2(17) Byggingarbréf fyrir Geitlandi. Þórarinn Kristjánsson prestur að Reykholti byggir Þorsteini Jakobssyni eign Reykholtskirkju Geitland allt milli Hvítár og Geitár, dags. 30.6.1868. *Merkt 45.*
- 2(118) a-b Afskrift af lögfestu fyrir Gilsbakka, dags. 8.5.1808. Landamerkja getið, ásamt uppskrift. *Merkt 1 a-c.*
- 2(119) a-b Lögfesta, dags. 3.6.1876, fyrir eignum og ítökum Reykholt, m.a. Geitlandi, Sauðatungur, Þóreyjartungur, land við Reyðarvatn, veiði í Grímsá, veiðiítök á Arnarvatnsheiði, ásamt uppskrift. *Merkt 44 a-d.*
- 2(130) a-b Prestur að Reykholti tilkynnir að hann hefur eftirlátið og byggt eign Reykholtskirkju Geitland allt milli Hvítár og Geitár, fardagaárið 1868–1869, dags. 30.6.1868, ásamt uppskrift. *Merkt 45.*
- 2(118) b Uppfærð uppskrift af skjali: Afskrift af lögfestu fyrir Gilsbakka, dags. 8.5.1808. Landamerkja getið, ásamt uppskrift. *Merkt 1 a-c.*
- 2(148) Lögfesta á eignum og ítökum Reykholtstaðar. Lögfestir m.a. Sauðatungur og

Póreyjartungur, Pétursskóg í Sanddal, afrétt á Hrútafjarðarheiði, land við Reyðarvatn, selför í Kjör o. fl., dags. 18.5.1837. *Merkt 39 a-d.*

Vísitasíubækur biskupa (skjalaflokkur A.8.):

- 2(80) a-b Reykholt, dags. 30.7.1643. Geitland, Pétursskógur í Norðurárdal, selför í Kjör, afrétt í Hrútafjarðarheiði, Faxadalur. Vísitasíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar um Vestfirðingafjórðung og Þverárþing 1639-1671, ásamt uppskrift. *Merkt 9 a-b.*
- 2(81) a-b Húsafell, dags. 29.8.1644. Geitland. Vísitasíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar um Sunnlendingafjórðung ásamt Þverárþingi vestan Hvítár og Þórsnesþingi 1642-1670, ásamt uppskrift. *Merkt 29 a-b.*
- 2(82) a-b Reykholt, dags. 22.6.1725. Breiðabólstaður, Hríis, Geitland, Selför í Kjör, afrétt í Hrútafjarðarheiði. Vísitasíubók Jóns biskups Árnasonar 1723-1733, ásamt uppskrift. *Merkt 88 a-c.*
- 2(83) a-b Reykholt, dags. 9.6.1732. Breiðabólstaður, Hríis, Geitland, selför í Kjör, afrétt í Hrútafjarðarheiði, Faxadalur, skógur í Norðurárdal. Vísitasíubók Jóns biskups Árnasonar 1723-1733, ásamt uppskrift. *Merkt 96 a-c.*
- 2(84) a-b Reykholt, dags. 12.8.1751. Breiðabólstaðir, Geitland, Selför í Kjör, afrétt í Hrútafjarðarheiði, Faxadalur, skógur í Norðurárdal. Vísitasíubók Ólafs biskups Gíslasonar 1748-1752, ásamt uppskrift. *Merkt 100 a-c.*
- 2(85) a-b Reykholt, dags. 7.9.1759. Breiðabólstaðir, Geitland, Selför í Kjör, afrétt í Hrútafjarðarheiði, Faxadalur, skógur í Norðurárdal. Vísitasíubók Finns biskups Jónssonar og Hannesar biskups Finnssonar 1756-1778, ásamt uppskrift. *Merkt 126 a-c.*
- 2(86) a-b Reykholt, dags. 12.6.1781. Breiðabólstaður, hálf Hríis, Geitland, skógur í Norðurárdal, selför í Kjör, afrétt í Hrútafjarðarheiði. Vísitasíubók Hannesar biskups Finnssonar 1780-1788, ásamt uppskrift. *Merkt 134 a-c.*
- 2(87) a-b Reykholt, dags. 31.6.1827. Breiðabólstaður, hálf Hríis, Geitland, skógur í Norðurárdal, selför í Kjör, afrétt í Hrútafjarðarheiði og landamerki. Vísitasíubók Hannesar biskups Finnssonar og Geirs Vídalín um Vestfirðinga- og Sunnlendingafjórðung 1790-1800 og Steingríms biskups Jónssonar 1826-1827, ásamt uppskrift. *Merkt 153 a-f.*
- 2(88) a-b Gilsbakki, dags. 1.8.1643. Lambatungur, afrétt Hvítsíðinga. Vísitasíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar um Vestfirðingafjórðung og Þverárþing 1639-1671, ásamt uppskrift. *Merkt 10 a-c.*
- 2(89) a-b Kalmanstunga, dags. 3.8.1653. Land að Vellankötlu. Vísitasíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar um Vestfirðingafjórðung og Þverárþing 1639-1671, ásamt uppskrift. *Merkt 15.*
- 2(90) a-b Kalmanstunga, dags. 19.8.1681. Land að Vellankötlu. Vísitasíubók Þórðar biskups Þorlákssonar 1675-1695, ásamt uppskrift. *Merkt 49.*
- 2(91) a-b Gilsbakki, dags. 20.8.1681. Lambatungur. Vísitasíubók Þórðar biskups Þorlákssonar 1675-1695, ásamt uppskrift. *Merkt 50 a-b.*
- 2(92) a-b Gilsbakki, dags. 1.9.1702. Lambatungur. Vísitasíubók Jóns biskups Vídalín um Vestfirðingafjórðung og Sunnlendingafjórðung 1699-1705 og 1710-1719, ásamt uppskrift. *Merkt 69 a-b.*
- 2(93) a-b Kalmanstunga, dags. 1.9.1702. Vellankatla. Vísitasíubók Jóns biskups Vídalín um Vestfirðingafjórðung og Sunnlendingafjórðung 1699-1705 og 1710-1719, ásamt uppskrift. *Merkt 70 a-b.*
- 2(94) a-b Reykholt, dags. 3.9.1702. Breiðabólstaðir. Vísitasíubók Jóns biskups Vídalín um Vestfirðingafjórðung og Sunnlendingafjórðung 1699-1705 og 1710-1719, ásamt uppskrift. *Merkt 71.*
- 2(95) a-b Húsafell, dags. 31.8.1713. Veiði í Sesseljuvík á Arnarvatni, Húsafellsskógur? Vísitasíubók Jóns biskups Vídalín um Vestfirðingafjórðung og Sunnlendingafjórðung 1699-1705 og 1710-1719, ásamt uppskrift. *Merkt 73 a-b.*
- 2(96) a-b Húsafell, dags. 5.8.1739. Veiði í Sesseljuvík í Arnarvatni stóra fram á heiði. Vísitasíubók Jóns biskups Árnasonar 1723-1742, ásamt uppskrift. *Merkt 75 a-b.*

-
- 2(97) a-b Kalmanstunga, dags. 6.8.1739. Kirkjan á land að Vellankötlu. Vísitasíubók Jóns biskups Árnasonar 1723-1742, ásamt uppskrift. *Merkt 76.*
- 2(98) a-b Gilsbakki, dags. 24.9.1725. Lambatungur, Hrótafjarðarheiði. Vísitasíubók Jóns biskups Árnasonar 1723-1733, ásamt uppskrift. *Merkt 94 a-c.*
- 2(99) a-b Kalmanstunga, dags. 22.9.1725. Kirkjan á land að Vellankötlu, landamerkja getið. Vísitasíubók Jóns biskups Árnasonar 1723-1733, ásamt uppskrift. *Merkt 95 a-c.*
- 2(100) a-b Kalmanstunga, dags. 14.8.1751. Kirkjan á land að Vellankötlu. Vísitasíubók Ólafs biskups Gíslasonar 1748-1752, ásamt uppskrift. *Merkt 101 a-b.*
- 2(101) a-b Gilsbakki, dags. 14.8.1751. Tungur, Hrótafjarðarheiði. Vísitasíubók Ólafs biskups Gíslasonar 1748-1752, ásamt uppskrift. *Merkt 102 a-c.*
- 2(102) a-b Kalmanstunga, dags. 9.9.1759. Kirkjan á land að Vellankötlu. Vísitasíubók Finns biskups Jónssonar og Hannesar biskups Finnssonar 1756-1778, ásamt uppskrift. *Merkt 121 a-b.*
- 2(103) a-b Gilsbakki, dags. 10.9.1759. Hrótafjarðarheiði. Vísitasíubók Finns biskups Jónssonar og Hannesar biskups Finnssonar 1756-1778, ásamt uppskrift. *Merkt 122 a-c.*
- 2(104) a-b Kalmanstunga, dags. 14.8.1783. Kirkjan á land að Vellankötlu. Vísitasíubók Hannesar biskups Finnssonar 1780-1788, ásamt uppskrift. *Merkt 142 a-b.*
- 2(105) a-b Gilsbakki, dags. 15.8.1783. Hrótafjarðarheiði. Vísitasíubók Hannesar biskups Finnssonar 1780-1788, ásamt uppskrift. *Merkt 143 a-d.*
- 2(106) a-b Gilsbakki, dags. 1.8.1827. Hrótafjarðarheiði. Vísitasíubók Hannesar biskups Finnssonar og Geirs Vídalín um Vestfirðinga- og Sunnlendingafjórðung 1790-1800 og Steingríms biskups Jónssonar 1826-1827, ásamt uppskrift. *Merkt 154 a-c.*

Skjalasöfn presta og prófesta (skjalaflokkur A.9.):

- 2(73) a-b Máldagi Gilsbakkakirkju. Kirkjan á veiði m.a. í Úlfsvatni að helmingi, grunnvötnum o.fl., dags. 12.6.1748, ásamt uppskrift. *Merkt 1 a-c.*
- 2(74) a-b Lögfesta fyrir öllu Gilsbakkakirkjulandi, einnig veiði m.a. að helmingi í Úlfsvatni, öll Grunnvötn o.fl., dags. 16.5.1848, ásamt uppskrift. *Merkt 2 a-b.*
- 2(75) a-b Bann séra Magnúsar Sigurðssonar við því að íbúar Hvítársíðuhrepps reki fé sitt í land kirkjunnar á Tvídægru, dags. 26.5.1849, ásamt uppskrift. *Merkt 3*
- 2(76) a-b Afskriftir af lögfestum séra Hjartar Jónssonar, dags. 8.5.1808 og séra Magnúsar Sigurðssonar, dags. 16.5.1848. Aftan við er vitnisburður séra Magnúsar Sigurðssonar á Gilsbakka, dags. 7.2.1850 um að báðar lögfesturnar séu rétt skrifaðar eftir frumritinu, ásamt uppskrift. *Merkt 4 a-c.*
- 2(77) a-b Sáttargerð á milli séra Magnúsar Sigurðssonar og hreppstjóra Hvítársíðu-, Þverárhliðar-, Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppa um heiðarland norðan Kjararár, dags. 12.11.1850, ásamt uppskrift. *Merkt 5 a-c.*
- 2(78) a-b Vitnisburðir frá árinu 1850 um heiðarland Gilsbakkakirkju fyrir norðan Kjarará, ásamt uppskrift. *Merkt 6 a-c.*
- 2(107) a-b Vitnisburður góðra manna um Geitland og þess ummerki, 1663, ásamt uppskrift. *Merkt 88.*
- 2(108) a-b Samningur á milli séra Halldórs Jónssonar í Reykholti og Sturlureykjarmanna um upprekstur í Geitland, dags. 27.10.1666, ásamt uppskrift. *Merkt 89 a-b.*
- 2(109) a-b Byggingarbréf fyrir Húsafelli, dags. 6.4.1698, ásamt uppskrift. *Merkt 90 a-c.*
- 2(110) a-b Lögfesta fyrir Geitlandi, án ártals en á milli skjala frá 10.6.1708 og 18.7.1708., ásamt uppskrift. *Merkt 91 a-b.*
- 2(111) a-b Lögfesta fyrir Reykholti, dags. 3.5.1709, landamerkja jarðeigna og ítaka getið, ásamt uppskrift. *Merkt 92 a-e.*
- 2(112) a-b Kirkna- og prestakallaregistur, lýsing Reykholts, dags. 1.4.1710, ásamt uppskrift. *Merkt 93 a-d.*
- 2(113) a-b Kirkna- og prestakallaregistur, lýsing Húsafells, dags. 2.3.1710, ásamt uppskrift. *Merkt 94 a-b.*

-
- 2(114) Afhending Gilsbakka, fyrir 7.6.1701, ásamt uppskrift. *Merkt 98 a-d*.
a-b
- 2(115) Skýrslur presta um háttalag prestakalla, lýsing Gilsbakka, 1710, ásamt uppskrift.
a-b *Merkt 100 a-c*.
- 2(116) Registur prestakalla í Mýrasýslu 1710, lýsing Gilsbakka. Þetta er skýrsla
a-b prófasts, unnin upp úr skýrslum prestanna, ásamt uppskrift. *Merkt 104 a-c*.
- 2(117) Afhending Gilsbakka, dags. 16.6.1719, ásamt uppskrift. *Merkt 109 a-c*.
a-b
- 2(123) Úttekt á stað og kirkju í Reykholti, dags. 6.6.1783, ásamt uppskrift. *Merkt 84 a-*
a-b *e*.
- 2(124) Úttekt á stað og kirkju í Reykholti, dags. 20.7.1872, ásamt uppskrift. *Merkt 86 a-*
a-b *c*.
- 2(125) Byggingarbréf Reykholtsprests vegna býlis á Breiðabólstað, ásamt upprekstri í
a-b Getilandsskógi dags. 20.5.1666. *Merkt 87*.
- 2(134) Prófastsvísitasía að Kalmannstungu. Kirkjan á m.a. Geitland allt, ásamt
a-b uppskrift, dags. 1720. *Merkt 115 a-d*.
- 2(135) Úttekt Reykholtskirkju. Kirkjan á m.a. Geitland það er land allt milli Hvítár og
a-b Geitár, ásamt uppskrift, dags. 20.7.1872. *Merkt 126 a-c*.
- 2(136) Úttekt Reykhólts. Kirkjan á m.a. Geitland allt með skógi. Skógurinn eyddur,
a-b ásamt uppskrift, dags. 23.5.1908. *Merkt 128 a-e*.
- 2(137) Prófastsvísitasía að Kalmannstungu. Kirkjan á m.a. land að Vellinkótlum, ásamt
a-b uppskrift, dags. 9.10.1695. *Merkt 134 a-c*.
- 2(138) Prófastsvísitasía að Kalmannstungu. Kirkjan á m.a. land að Vellinkótlum, ásamt
a-b uppskrift, dags. 10.10.1737. *Merkt 140 a-b*.
- 2(139) Prófastsvísitasía að Kalmannstungu. Kirkjan á m.a. land að Vellinkótlum, ásamt
a-b uppskrift, dags. 5.6.1744. *Merkt 145 a-b*.
- 2(140) Prófastsvísitasía að Gilsbakka. Kirkjan á m.a. veiði í ám og vötnum, ásamt
a-b uppskrift, dags. 12.6.1748. *Merkt 153 a-c*.
- 2(141) Prófastsvísitasía að Kalmannstungu. Kirkjan á m.a. land að Vellinkótlum, ásamt
a-b uppskrift, dags. 16.12.1791. *Merkt 155 a-b*.
- 2(142) Prófastsvísitasía að Kalmannstungu. Kirkjan á m.a. land að Vellinkótlum og
a-b landamerkja getið, ásamt uppskrift, dags. 22.9.1725. *Merkt 172 a-b*.
- 2(149) Prófastsvísitasía að Gilsbakka. Kirkjan á m.a. Lambatungur, dags. 10.10.1737,
a-b ásamt uppskrift. *Merkt 139 a-b*.
- 2(150) Prófastsvísitasía að Gilsbakka, kirkjan á m.a. Lambatungur, dags. 18.7.1744,
a-b ásamt uppskrift. *Merkt 147 a-b*.
- 2(151) Prófastsvísitasía að Gilsbakka, kirkjan á m.a. Lambatungur, dags. 18.7.1746,
a-b ásamt uppskrift. *Merkt 151*.
- 2(152) Kirknaregistur Reykhólts, dags. 1.4.1710, ásamt uppskrift. *Merkt 113 a-d*.
a-b

Skjalasöfn Stjórnarráðs Íslands og dansk-íslenskar stjórnarsýslu (skjalaflokkur A.11.):

- 2(18) Eftirrit landamerkjalyýsingar Húsafells, fjallað um veiðiúttök Húsafells á
Arnarvatnsheiði, ódags. en þinglesið 7.6.1898. *Merkt 1 a-c*.
- 2(19) Afrit landamerkja Geitlands, Torfabæli undantekið, ódags. en þinglesið
7.6.1898. *Merkt 13 a-c*.
- 2(20) Lýsing hreppstjóra Hálsahrepps á útlendunni Geitlandi, dags. 23.11.1918, ásamt
staðfestingu Stjórnarráðs Íslands á lýsingunni, dags. 7.1.1919. *Merkt 14 a-b*.
- 2(34) Afsalsbréf fyrir Húsafelli. 30 vallardagsláta skóglund undanskilið sölunni, dags.
21.10.1909. *Merkt 15 a-b*.
- 2(126) Jarðalýsing Gilsbakka 1908. Um afrétt, hlunnindi og Lambatungur, ásamt
a-b uppskrift. *Merkt 3 a-g*.

Önnur óprentuð frumgögn (skjalaflokkur A.16.):

- 2(67) Afrit af leigusamning um útlenduna Geitland, landamerkja getið, dags. 9.6.1924.

-
- Merkt 5.*
- 2(68) Bréf Hreppsnefndar Hálsahrepps til Stjórnarráðs Íslands þar sem óskað er kaupa á Geitlandi, dags. 5.5.1925. *Merkt 6 a-b.*
- 2(69) Afsal fyrir afréttarlandinu Geitlandi, dags. 27.5.1926. *Merkt 7 a-b.*
- 2(127) Leigusamningur um útlenduna Geitland, dags. 9.6.1924. Afrit. Hreppstjóri Hálsahrepps leigir Ólafi Stefánssyni á Kalmanstungu útlenduna Geitland til 10 ára. Landmerkja getið, ásamt uppskrift. *Merkt 5 a.*
- 2(128) Hreppsnefnd Hálsahrepps óskar þess við Stjórnarráð Íslands að fá að kaupa a-b Geitland, afréttarland Reykholtskirkju, og lýsir fjallskilum og refaveiðum á svæðinu, dags. 5.5.1925, ásamt uppskrift. *Merkt 6 a-b.*
- 2(129) Afsal fyrir afréttarlandinu Geitlandi. Hreppsnefnd Hálsahrepps kaupir af a-b Kirkjujarðasjóði, dags. 27.5.1926, ásamt uppskrift. *Merkt 7 a-b.*
- Jarðabréf og máldagar og fleira úr Íslensku fornbréfasafni (skjalaflokkur B.1):*
- 2(22) Máldagi kirkjunnar í Reykjaholti, um 1185. Kirkjan á m.a. afrétt á Hrótafjarðarheiði og Geitland með skógi. Í.f. I. b., bls. 279-280. *Merkt 36 a-b.*
- 2(23) Máldagi kirkjunnar í Reykjaholti, 1224. Kirkjan á m.a. hluta í Grímsá, afrétt á Hrótafjarðarheiði, ítök í Faxadal og Geitland með skógi. Í.f. I. b., bls. 466-472. *Merkt 37 a-g.*
- 2(24) Máldagi kirkjunnar í Reykholti, 1358. Kirkjan á m.a. hálf Geitland allt með skógi, Pétursskóg í Norðurárdal og afrétt á Hrótafjarðarheiði. Í.f. III. b., bls. 122-123. *Merkt 38 a-b.*
- 2(25) [Vilchinsmáldagi]. Máldagi Reykjaholtskirkju í Reykholtsdal, 1397. Kirkjan á m.a. Geitland allt með skógi, Pétursskóg í Norðurárdal, afrétt á Hrótafjarðarheiði og beit í Faxadal. Í.f. IV. b., bls. 119-120. *Merkt 39 a-b.*
- 2(26) Máldagi Reykjaholtskirkju, 1478. Kirkjan á m.a. Geitland allt með skógi, Pétursskóg í Norðurárdal, afrétt á Hrótafjarðarheiði og beit í Faxadal. Í.f. IV. b., bls. 173-174. *Merkt 40 a-b.*
- 2(27) Máldagar Gísla biskups Jónssonar, 1570 og síðar. Kirkjan í Reykjaholti á m.a. Geitland allt með skógi, Pétursskóg í Norðurárdal, afrétt á Hrótafjarðarheiði og beit í Faxadal. Í.f. XV. b., bls. 623-624. *Merkt 41 a-b.*
- 2(28) Máldagi Bæjarkirkju, 1553-54. Kirkjan á m.a. afrétt í Hvarfsártunum og veiði í Flókadalsá að helmingi við Varmlækina. Í.f. XII. b., bls. 666. *Merkt 47 c.*
- 2(29) Máldagi Gilsbakkakirkju, 1306. Kirkjan á m.a. Lambatungur, skóg í Húsafellshrauni. Talin eru upp réttindi og eignir í vatnsföllum og vötnum á heiðum. Í.f. II. b., bls. 358-359. *Merkt 49 a-b.*
- 2(30) [Vilchinsmáldagi]. Máldagi Gilsbakkakirkju, 1397. Kirkjan á m.a. Lambatungur og skóga, veiði í ám og vötnum og vötn. Í.f. IV. b., bls. 121-123. *Merkt 50 a-c.*
- 2(31) Máldagi kirkjunnar á Gilsbakka í Hvítársíðu, 1499. Fyrri máldagi staðfestur. Í.f. VII. b., bls. 442-443. *Merkt 51 a-b.*
- 2(32) Máldagar Gísla biskups Jónssonar. Um 1570 og síðar. Kirkjan á Gilsbakka á m.a. Lambatungur, skóg í Húsafellshrauni og skóga, veiði í ám og vötnum og vötn. Í.f. XV. b., bls. 553-554. *Merkt 52 a-b.*
- 2(33) Máldagi Galmanstungukirkju, 1575. Kirkjan á Galmanstungu á m.a. „Land að Wellankautlu“. Í.f. XV. b., bls. 552-553. *Merkt 55 a-b.*
- 2(35) Máldagi Húsafellskirkju, 1478. Ekki minnst á land- og jarðeignir. Í.f. VI. b., bls. 172. *Merkt 125.*
- 2(36) Samþykkt tólf klerka um svör við ordinarziunni og annað fleira. Galmanstunga (Kalmanstunga) dæmd ævinleg eign Skálholtsbiskupsstóls, dags. 31.7.1538. Í.f. X. b., bls. 374-376. *Merkt 126 a-c.*
- 2(37) Sættargerð biskupanna Ögmundar og Jóns m.a. um að halda kirkjustað að Kalmanstungu, dags. 1527-1528. Í.f. IX. b., bls. 411-412. *Merkt 127 a-b.*
- 2(38) Máldagar Galmanstungu (Kalmanstungu) og Gilsbakkakirkju, 1367, eftir Hítardalsbók. Kirkjan á Gilsbakka á heimaland allt og Lambatungur allar og

-
- skóg í Húsafellshrauni. Í.f. III. b., bls. 214-215 og 224. *Merkt 128 a-c.*
- 2(39) Afsalsbréf um hálfa Kalmanstungu ofl. Landamerkja getið. Eins getið um ítök Gilsbakka og Fljótstungu, dags. 2.6.1497. Í.f. VII. b., bls. 346-347. *Merkt 130 a-b.*
- 2(40) Skjal ritað í *Kalmanstungu undir jöklum*. Innihald skjals snertir ekki Kalmanstungu sjálfa, dags. 26.1.1512. Í.f. VIII. b., bls. 364-365. *Merkt 131 a-b.*
- 2(41) Jarðakaupabréf um Galmanstungu (Kalmanstungu) og Fljótstungu. Landamerkja ekki getið, dags. 24.4.1527. Í.f. IX. b., bls. 403-404. *Merkt 132 a-b.*
- 2(42) Gjafabréf fyrir Galmanstungu (Kalmanstungu) með öllum gögnum og gæðum sem jörðinni fylgir og fylgt hefur að fornu og nýju, dags. 24.8.1540. Í.f. X. b., bls. 552. *Merkt 133.*
- 2(43) Samþykki biskups á gjafabréfi Kalmanstungu frá 24.8.1540, dags. 5.9.1541. Í.f. X. b., bls. 661-662. *Merkt 134 a-b.*
- 2(44) Erfðardómur um m. a. hálfa Kalmanstungu, dags. 30.6.1542. Í.f. XI. b., bls. 139-140. *Merkt 135a-b.*
- 2(45) Vitnisburður Ólafs byskups Hjaltasonar um landamerki Kalmanstungu, dags. 29.6.1558/30.4.1569. Í.f. XIII. b., bls. 314-315. *Merkt 136 a-b.*
- 2(46) Staðarreikningur Gilsbakka (Gilsbakkakirkju), 1463, þegar Guðmundur prestur Narfason slepti, en Þorbjörn prestur Ámundason tók við. Þessi reikningur kallaður máldagi. Ekkert kemur fram um ítök eða önnur réttindi kirkjunnar. Í.f. V. b., bls. 403-404. *Merkt 137 a-b.*
- 2(47) Skrá um jarðir Ögmundar biskups er teknar voru undir konungsvaldið, 1541, þar á meðal eru Fljótstunga og Þorvaldsstaðir, dags. Í.f. X. b., bls. 678-680. *Merkt 138 a-b.*
- 2(48) Sakargiftaskrá Kristjáns skrifara á hendur Jóni byskupi og sonum hans. Þar á meðal er sakargift um að þeir feðgar hafi dregið jörðina Fljótstungu í Borgarfirði undir sig, dags. 6.11.1550. Í.f. XI. b., bls. 810-813 og 816. *Merkt 139 a-d og 140 a-b.*
- 2(49) Veitingabréf Kristjáns konungs fyrir nokkrum jörðum leigulaust, m.a. Fljótstungu, dags. 10.3.1553. Í.f. XII. b., bls. 522-523. *Merkt 141 a-b.*
- 2(50) Fógetareikningar á Bessastöðum 1548-9 um konungstekjur af leigum, landskyldum og skreiðargjaldi. Þorvaldsstaðir þar sagðir vera konungsjörð. Í.f. XII. b., bls. 130-131. *Merkt 143 a-b.*
- 2(51) Afgjaldsreikningur Kristjáns skrifara og sjávarútgerðarbók sama 1550. Þorvaldsstaðir þar sagðir vera konungsjörð. Í.f. XII. b., bls. 166-167. *Merkt 144 a-b.*
- 2(52) Fógetareikningur um konungstekjur af leigum, landskyldum og skreiðargjaldi Jónsmessna í milli 1551-2. Þorvaldsstaðir þar sagðir vera konungsjörð, dags. 24.6.1552. Í.f. XII. b., bls. 391-392. *Merkt 145 a-b.*
- 2(28) Viðbót við skjal. Máldagi Bæjarkirkju, 1553-54. Kikjan á m.a. afrétt í Hvarfsártunum og veiði í Flókadalsá að helmingi við Varmlækinga. Í.f. XII. b., bls. 667. *Merkt 47 d.*
- 2(64) Vilchinsmáldagi 1397. Máldagi Galmanstungukirkju (Kalmanstungukirkju). Kirkjan á land að Vellankötlu. Í.f. IV. b., bls. 124. (*Merkt 53*).
- 2(65) Skrá um eignir kirkjunnar í Kalmanstungu, 1469. Í.f. V. b., nr. 496, bls. 556-557. (*Merkt 54 a-b*).
- 2(147) Skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi, um 1200. Í.f. XII. b., bls 1-15. *Merkt 103 a-o.*
- Alþingisbækur Íslands (skjalaflokkur B.9.):*
- 2(21) Dómur lögmanns um upprekstur Reykholtskirkju í Geitland, dags. 15.5.1596. *Merkt 13 a-b.*

Afsals- og veðmálabækur (skjalaflokkur A.3.):

- 4(45) Kalmanstunga I-II, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar

-
- Borgarfjarðarsýslu.
- 4(46) Þorvaldsstaðir, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Borgarfjarðarsýslu.
- 4(53) Reykholt, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.
- 4(61) Geitlönd, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Borgarfjarðarsýslu.
- 4(68) Sala og afsal á Geitlandi, dags. 27.5.1926.
- 4(69) Kaupsamningur, dags. 26.6.1923 og afsal, dags. 28.1.1926, fyrir Kalmanstungu.
- 4(70) Skifting á landi Kalmanstungu, dags. 29.4.1932.
- 4(71) Sala og afsal til Reykholtsdalshreppsveitarfélags og Hálsahreppi fyrir hluta af Kalmanstungulandi, dags. 18.4.1884.
- 4(72) Kaupsamningur. Reykholtsdals- og Hálsahreppsveitarfélög kaupa allt Kalmanstunguland norðan Norðlingafljóts með merkjum skv. landamerkjabréfi Kalmanstungu frá 27.4.1897, dags. 6.7.1901. Sjá einnig skjal nr. 4(41).
- 4(73) Geitland. Spjald úr Afsals- og veðmálabók Borgarfjarðarsýslu.
- 4(74) Kaupsamningur fyrir Kalmanstungu, landamerkja getið, dags. 17.5.1880.
- 4(75) Kaupsamningur og afsal fyrir Kalmanstungu II, dags. 11.7.1960.
- 4(76) Kaupsamningur og afsal fyrir Kalmanstungu I, dags. 22.11.1972.
- 4(82) Kaupsamningur. Lambatungur seldar hreppsfélögum Hvítársíðu-, Þverárhlíðar-, Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppa handa Þverárréttar upprekstrarfélagi. Landamerkja getið, dags. 15.4.1912. Afsal fyrir Lambatungum, dags. 15.5.1913.

Fornleifaskráning (skjalaflokkur A.14.):

- 4(12) Menningarminjar á miðhálandi Íslands. Svæðisskráning. Fornleifastofnun Íslands 1996, bls. 3–27, 56–59 og 115–132.

Önnur óprentuð frumgögn (skjalaflokkur A.16.):

- 4(1) Símskeyti Fossanefndar til allra sýslumanna um vatnsréttindi í afréttum, dags. 3.4.1918.
- 4(2) Bréf Stjórnarráðs Íslands til allra sýslumanna þar sem beðið er um skýrslu um svæði sem talin eru til almenninga eða afrétta, dags. 29.12.1919.
- 4(3) Svarbréf sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýsla, dags. 8.7.1920, í tilefni af bréfi Stjórnarráðs Íslands, dags. 29.12.1919.
- 4(4) Svarbréf hreppstjóra Hvítársíðuhrepps til sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um almenninga og afrétti, dags. 9.2.1920.
- 4(5) Svarbréf hreppstjóra Hálsahrepps til sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um almenninga og afrétti, dags. 31.1.1920.
- 4(6) Svarbréf hreppstjóra Reykholtsdalshrepps til sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um almenninga og afrétti, dags. 17.1.1920.
- 4(7) Fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins til sveitarfélaga um afrétti og upprekstarrétt, dags. 20.2.1989.
- 4(8) Svarbréf hreppsnefndar Hvítársíðuhrepps, ásamt fylgigögnum, dags. í október 1989, í tilefni fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins um afrétti og upprekstarrétt, dags. 20.2.1989.
- 4(9) Svarbréf hreppstjóra Þverárhlíðarhrepps, dags. 29.3.1989, í tilefni fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins um afrétti og upprekstarrétt, dags. 20.2.1989.
- 4(10) Svarbréf oddvita Reykholtsdalshrepps og Hálsahrepps, dags. 21.11.1989, í tilefni fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins um afrétti og upprekstarrétt, dags. 20.2.1989.
- 4(11) Svar sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um afréttarmálefni, fjallskil o.fl, dags. 13.11.1985, ásamt afréttarskrá um afréttarlönd í Mýrasýslu, ódags. og skrá um afrétt Lunddæla og Andkílina innan Lundarreykjadalshrepps e. Ingimund Ásgeirsson, dags. 1.6.1980.
- 4(47) Gróðurfarsúttekt á Húsafellsskógi og Geitlandi 2010. Skýrsla til Umhverfisstofnunar. Náttúrustofa Vesturlands.
- 4(48) Landamerki og mörk sveitarfélaga í Borgarfjarðarhéraði frá Skarðsheiði og

Botnsheiði að Hvítá, 1996.

- 4(81) Skýring Þjóðskjalasafns Íslands á skráningu landamerkjabréfs Þorvaldsstaða, dags. 21.8.2015

Önnur óprentuð frumgögn (skjalaflokkur A.16.): Gögn frá Héraðsskjalasafni Borgarfjarðar:

- 4(39) Upprekstarfélag Hálssveitunga og Reykdæla gera samning við bóndann í Kalmanstungu um not Geitlands, dags. 1.5.1927.
- 4(40) Afsal fyrir hluta Kalmanstungu til Reykholtaldalshrepps að 2/3 hlutum og Hálsahrepps að 1/3 hluta, dags. 18.4.1884. (Skjalið er að hluta illa farið).
- 4(41) Kaupsamningur. Reykholtaldal- og Hálsahreppsveitarfélög kaupa allt Kalmanstunguland norðan Norðlingafljóts með merkjum skv. landamerkjabréfi Kalmanstungu frá 27.4.1897, dags. 6.7.1901. Sjá einnig skjal nr. 4(72).
- 4(42) Niðurjöfnun vegna kaupa Reykholtaldalshrepps á hluta Arnarvatnsheiðar, dags. 13.9.1880.
- 4(43) Leyfi hreppsnefndar Reykholtaldalshrepps til bóndans á Hurðarbaki að veðsetja 2/3 hluta Arnarvatnsheiðar, dags. 15.6.1882.
- 4(44) Kafli úr „Extract af vísitasíu Kalmanstungu Kyrkju, sál. Herra Biskupsins Mag. Jóns Árnasonar anno 1725“, dags. 16.6.1885.
- 4(54) Útskrift úr landamerkjabók Mýrasýslu. Landamerki fyrir Þorvaldsstöðum, ódags. en þingl. 20.5.1889.
- 4(57) Samantekt um sölu og merki Kalmanstungu á Arnarvatnsheiði, ódags.
- 4(63) Konungsbréf um sölu á Kalmanstungu, ásamt uppskrift, dags. 16.2.1791. Einnig fylgir óstaðfest þýðing Auðar Hauksdóttur.
- 4(64) Kaupsamningur og afsal. Hálsa- og Reykholtaldalshreppum seld spilda af Þorvaldsstöðum austan við tún úr Árnegili. Landamerkjum lýst, dags. 10.6.1913. og 4.1.1914.
- 4(77) Verk- og girðingarsamningur milli hreppsnefnda Reykholtaldal- og Hálsahreppa og Guðmundar Pálssonar um girðingu úr Geitárgljúfri áleiðis upp í Hádegisfell, dags. 1.7.1975.
- 4(78) Landleigusamningur milli Hálsa- og Reykholtaldalshrepps og Langjökuls h.f. um hluta af Geitlandi, dags. 10.12.1973.
- 4(79) Mótmaeli réttindahafa í upprekstrarfélagi Reykholtaldal- og Hálsahrepps um ótakmörkuð réttindi til ferðamannaþjónustu í Geitlandi, ódags.
- 4(80) Yfirlýsing Reykholtaldal- og Hálsahreppa um einkaleyfi Langjökuls hf. á þjónustu og rekstri viðkomandi ferðamönnum í Geitlandi, dags. 28.5.1973.
- 4(83) Leigusamningur. Prófastur og sóknarprestur að Gilsbakka leigir Hálsasveit og Reykholtaldalhreppi heiðarland Gilsbakkakirkju er Lambatungur nefnist. Landamerkja getið, dags. 21.7.1891.

Jarðabréf og máldagar og fleira úr Íslensku fornbréfasafni (skjalaflokkur B.1.):

- 4(35) Vitnisburður Ólafs biskups Hjaltasonar um landamerki Kalmanstungu, dags. 30.6.1558 og 30.4.1569. Í.f. XIII. b., bls. 314-315.
- 4(38) Kaupbréf fyrir Kalmanstungu. Landamerkja getið, dags. 28.2.1398. Í.f. III. b., bls. 624-626.

Prentuð fasteigna- og jarðamöt (skjalaflokkur B.2.):

- 4(13) Ný jarðabók 1861, bls. 44-59.
- 4(49) Jarðatal J. Johnsens 1847, bls. 105, 114-120, 124-133 og 136-140.
- 4(50) Fasteignabók 1921, bls. 21, 28-41.
- 4(51) Fasteignabók 1932, bls. 27, 30-35
- 4(52) Fasteignabók 1942-1944, bls. 1-6.

Fjallaskilareglugerðir (skjalaflokkur B.4.):

- 4(15) Fjallaskilareglugjörð fyrir Borgarfjarðarsýslu nr. 80/1896, B-deild, bls. 81-95.
- 4(16) Reglugjörð um viðauka við fjallaskilareglugjörð Borgarfjarðarsýslu 23.6.1986, nr. 74/1903, B-deild, bls. 166-169.

-
- 4(17) Fjallaskilareglugjörð fyrir Borgarfjarðarsýslu, nr. 87/1914, B-deild, bls. 141-153.
- 4(18) Reglugjörð um breytingu á fjallaskilareglugjörð Borgarfjarðarsýslu frá 9.8.1920, nr. 64/1929, B-deild, bls. 184.
- 4(19) Reglugerð um breytingu á fjallaskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu frá 9.8.1920, nr. 45/1936, B-deild, bls. 118.
- 4(20) Auglýsing um breytingu á fjallaskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu nr. 74 frá 9.8.1920, nr. 50/1939, B-deild, bls. 61.
- 4(21) Fjallaskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu, nr. 174/1952, B-deild, bls. 328-339.
- 4(22) Reglugerð um breytingu á fjallaskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu nr. 174 frá 25.8.1952, nr. 161/1957, B-deild, bls. 283-285.
- 4(23) Fjallaskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstað, nr. 297/1973, B-deild, bls. 547-558.
- 4(24) Reglugerð um breytingu á fjallaskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstað, nr. 297 frá 10.10.1973, B-deild, bls. 618.
- 4(25) Fjallaskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstað, nr. 374/1986, B-deild, bls. 802-812.
- 4(26) Reglugerð um breytingu á fjallaskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstað, nr. 374 frá 21.7.1986, nr. 396/1988, B-deild, bls. 910.
- 4(27) Reglugjörð um breytingar á reglugjörð fyrir Mýrasýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettir og refaveiðar, frá 25.7.1892, nr. 91/1912, B-deild, bls. 184.
- 4(28) Reglugjörð um breytingar á reglugjörðum fyrir Mýrasýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettir og refaveiðar, frá 25.7.1892 og 3.8.1912, nr. 93/1913, B-deild, bls. 156.
- 4(29) Reglugerð um breytingu á fjallaskilareglugerð frá 2.6.1921 fyrir Mýrasýslu, nr. 57/1930, B-deild, bls. 133-134.
- 4(30) Auglýsing um breytingu á fjallaskilareglugerð fyrir Mýrasýslu nr. 60 2.6.1921, nr. 49/1939, B-deild, bls. 61.
- 4(31) Fjallaskilareglugerð fyrir Mýrasýslu nr. 175/1952, B-deild, bls. 339-351.
- 4(32) Fjallaskilareglugerð fyrir Mýrasýslu, nr. 377/1975, B-deild, bls. 725-739.
- 4(65) Reglugjörð fyrir Mýrasýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettir og refaveiðar, nr. 88/1892, B-deild, bls. 139-157.

Fjallaskilareglugerðir (skjalaflokkur B.4.): Gögn frá sveitarfélaginu Borgarbyggð:

- 4(55) Fjallskilasamþykkt fyrir Mýrasýslu, nr. 360/1992, B-deild, dags. 4.9.1992.
- 4(56) Fjallskilasamþykkt fyrir Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstað, nr. 110/2006, B-deild, dags. 19.1.2006.

Fjallaskilareglugerðir (skjalaflokkur B.4.): Gögn frá Héraðsskjalasafni Borgarfjarðar:

- 4(58) Fjallskilagjörð fyrir Mýrasýslu, dags. 2.6.1921.
- 4(59) Reglugjörð um notkun afrétta, réttir, fjallskil o.fl. í Mýrasýslu 1879.
- 4(60) Breytingar og viðauki við reglugjörð fyrir Borgarfjarðarsýslu 5.9.1885 um notkun afrétta o. s. frv.
- 4(62) Fjallskilareglugjörð fyrir Borgarfjarðarsýslu, dags. 9.8.1920.

Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja ásamt

Stjórnartíðindum (skjalaflokkur B.6.):

- 4(33) Samþykkt um girðingu milli heimalanda og aðliggjandi afrétta og útlendna á svæðinu frá Norðlingafljóti að Norðurá, dags. 17.12.1945, nr. 209/1945, B-deild, bls. 400-402.
- 4(34) Arðskrá fyrir Veiðifélag Hvítár og Norðlingafljóts, dags. 10.2.1976, nr.35/1976, B-deild, bls. 41-42.
- 4(67) Auglýsing um friðlýsingu Geitlands í Borgarfirði, ásamt uppdrætti, dags. 3.6.1988. B-deild, nr. 283/1988.

Landnáma (skjalaflokkur B.7):

- 4(14) Landið og Landnáma: Vestfirðingfjórðungur og Sunnlendingafjórðungur vestri, bls. 92- 112 og 115-149, ásamt korti.
- 4(66) Landnámabók, fyrri hluti, (1968), bls. 70-95.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Langjökuls innan Bláskógarbyggðar:

- 5 Kröfulýsing, dags. 15.4.2014.
- 5(1) Greinargerð, dags. 11.7.2014.

Lagt fram af Óskari Sigurðssyni hrl. vegna Geitlands, Arnarvatnsheiðar og útskipts lands Þorvaldsstaða, Kalmanstungu I og II og Þorvaldsstaða:

- 6 Kröfulýsing, dags. 16.4.2014.
- 6(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Geitlandi, dags. 25.6.2014.
- 6(2) Þinglýsingarvottorð fyrir Þorvaldsstaði, dags. 25.6.2014.
- 6(3) Þinglýsingarvottorð fyrir Kalmanstungu I, dags. 25.6.2014.
- 6(4) Þinglýsingarvottorð fyrir Kalmanstungu II, dags. 25.6.2014.
- 6(5) Þinglýsingarvottorð fyrir Arnarvatnsheiði, dags. 25.6.2014.
- 6(6) Greinargerð Arnarvatnsheiðar og útskipts lands Þorvaldsstaða, dags. 8.7.2014.
- 6(7) Greinargerð Geitlands, dags. 8.7.2014.
- 6(8) Greinargerð Kalmanstunga I og II, dags. 8.7.2014.
- 6(9) Greinargerð Þorvaldsstaða, dags. 8.7.2014.
- 6(10) Skjalaskrá, dags. 8.7.2014.
- 6(11) Skjalaskrá, dags. 25.8.2014.
- 6(12) Auglýsing um friðlýsingu Geitlands í Borgarfirði, dags. 3.6.1988. Stjr.tíð. B, nr. 283/1988.
- 6(13) Orðskýringar er varða landareign Kalmanstungu í Borgarfirði, dags. 21.4.1972. Lagt fram í Hæstarétti 19.10.1973.
- 6(14) Afrit úr þingbók landamerkjadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, dags. 16.1.1971.
- 6(15) Skýrsla Sveinbjörns Jónssonar, hrl. um mörk afréttarlands er Reykjadalshreppur og Hálsahreppur keyptu, dags. 27.4.1967.
- 6(16) Um stærðarbreytingar jökla á Íslandi síðan land byggðist með sérstöku tilliti til Langjökuls og nærliggjandi jökla, e. Sigurð Þórarinsson, dags. 16.2.1970.
- 6(17) Bréf Sigurðar Ólafssonar hrl. til Guðmundar Jónssonar, dómara, um eignarrétt ríkisins að jöklum og hálendisauðnum landsins svo og almenningum vatna og vatnsbotna, dags. 30.11.1970.
- 6(18) Geitland. Útprint af fasteignamatsupplýsingum, dags. 3.7.2014.
- 6(19) Máldagar úr Íslensku fornbréfasafni.
- 6(20) Samningur um umsjón náttúruvættisins Kalmanshellis, dags. 19.8.2011.
- 6(21) Samningur Ísgangna ehf. og Sjálfseignarstofnunar Arnarvatnsheiðar og Geitlands um umferð um Geitland vegna ísgangagerðar í Langjökli, óundirritaður og ódags.
- 6(22) Greinargerð Freysteins Sigurðssonar, jarðfræðings: *UM GEITLAND: Afréttur eða eignarland*, dags. 17.2.1995.-
- 6(23) Útprint frá Íslenskri erfðagreiningu sem rekja annars vegar tengsl Jóns Gilssonar til Teits Þorleifssonar og hins vegar tengsl Jóns Gilssonar til Magnúsar Björnssonar, ódags.
- 6(24) Bréf Ögmundar biskups í Skálholti til allra manna í Vestfirðingafjórðungi, þar sem hann lýsir Teit Þorleifsson sinn mann og heilagrar Skálholtskirkju og tekur hann og hans góss í vernd, frið og forsvar, dags. 1525. Í.f. IX. b., bls. 291-292.
- 6(25) Kaupsamningur fyrir hálfri Kalmanstungu, dags. 31.3.1528. Í. f. IX. b., bls. 445-446.
- 6(26) Óstaðfest uppskrift af lögfestu Kalmanstungu, dags. 28.5.1879.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 7 7(1) Fundargerð 1. fyrirtöku, dags. 5.5.2014.
- 7(2) Fundargerð 2. fyrirtöku, dags. 5.6.2014.
- 7(2) Fundargerð 3. fyrirtöku, dags. 8.7.2014.
- 7(4) Fundargerð 4. fyrirtöku, dags. 14.8.2014.
- 7(5) Fundargerð 5. fyrirtöku, dags. 29.9.2014.
- 7(6) Fundargerð 6. fyrirtöku, dags. 6.10.2014.
- 7(7) Fundargerð 7. fyrirtöku, dags. 12.12.2014.
- 7(8) Fundargerð aðalmeðferðar, dags. 26.8 og 15.12.2014.
- 7(9) Fundargerð endurupptöku, dags. 29.8.2016.
- 7(10) Fundargerð endurupptöku, dags. 5.10.2016.
- 7(11) Fundargerð lokafyrirtöku, dags. 7.10.2016.
- 8 Greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands um sögu jarða og annarra landsvæða, drög, dags. 4.7.2014.
- 11 Minnisblað Veðurstofu Íslands um upptök og vatnaskil nokkurra vatnsfalla vegna máls nr. 4/2014, hjá óbyggðanefnd, dags. 19.8.2015.

Lagt fram af málsaðilum:

- 9 Yfirlitskort, mælikvarði 1:50.000 í A1. Mál nr. 4/2014. Kröfulínur allra málsaðila, dags. 5.10.2016.

Lagt fram af Páli Arnóri Pálssyni hrl. vegna Gilsbakka:

- 10 Kröfulýsing, dags. 15.4.2014.
- 10(1) Gilsbakki. Útrent af fasteignamatupplýsingum, dags. 22.3.2014.
- 10(2) Óstaðfestar uppskriftir af gögnum um Gilsbakka og Gilsbakkakirkju.
- 10(3) Greinargerð, dags. 16.7.2014.

Lagt fram af Borgarbyggð:

- 12 Kröfulýsing vegna Arnarvatnsheiðar og Geitlands, dags. 5.9.2016.

Hliðsjónargögn:

Lagt fram til hliðsjónar af Andra Árnasyni hrl. f.h. fjármála- og efnahagsráðherra:

- Ónr. Byggðir Borgarfjarðar II. b. Borgarfjarðarsýsla og Akranes, bls. 10, 85, 151, 211-221, 249, 254, 260, 270, 275, 291, 344, 357, 361 og 392.
- Ónr. Byggðir Borgarfjarðar IV. b. Ábúendatal 1880-1995. Nafnaskrár I.-IV. b., bls. 298 og 208.
- Ónr. Göngur og réttir II. b. Húna-, Hegranes- og Vaðlaþing, bls. 345.
- Ónr. Úr byggðum Borgarfjarðar e. Kristleif Þorsteinsson, bls. 16.
- Ónr. Árbók Ferðafélags Íslands 1954, e. Harald Sigurðsson. Borgarfjarðarsýsla norðan Skarðsheiðar, bls. 96-97.
- Ónr. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 4. b., bls. 18, 274, 230-231, 258-265, 270, 277-292, 299-312, 315-335, 337-343, 345-349, 351-420, 422-423, 428-429 og 456-461.
- Ónr. Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, e. Guðrúnu Á. Grímsdóttur og Björk Ingimundardóttur 2005. Mýra- og Borgarfjarðarsýslur, bls. 50-51, 68-69, 90-91, 114-115, 128-129, 142-143, 148-149, 212-213, 238-239, 256-257, 270-271, 288-289 og 294-295.
- Ónr. Um sveitarfélagið Borgarbyggð af heimasíðu sveitarfélagsins, dags. 11.12.2013.

Lagt fram til hliðsjónar af óbyggðanefnd:

- Ónr. Ísafold, 15. tbl., dags. 3.7.1877, bls. 60 „Auglýsingum geldfjárrekstur úr hinum

-
- kláðagrunuðu sveitum“. Tilskipun til fjáreigenda sem upprekstur eiga í afréttarland það, sem er fyrir sunnan Ok, Kaldadal og Geitlandsjökul, og takmarkast af Hvítá og Deildargili vestanmegin, en Brúará austan megin, að reka geldfé sitt í miðjan þann afrétt.
- Ónr. *Fróði*, 3. árg. 84. tbl., dags. 21.9.1882, bls. 277-279. Þess getið að efri hreppar Borgarfjarðarsýslu hafi nú fengið gott og mikið afréttarland fyrir norðan Hvítá, sem þá hafi svo mjög vanhagað um“.
- Ónr. *Ísafold*, 19. árg. 12. tbl., dags. 10.2.1892, bls. 45. Einar B. Guðmundsson: Um félagsskap bænda í Reykholtsdals- og Hálsasveit, sem snöruðu út 3000 krónum fyrir afréttarlandi, sem þeir keyptu á Arnarvatnsheiði af Stefáni bónda í Kalmanstungu. „Nokkur orð enn um brýr“.
- Ónr. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, 8. árg., 1893, bls. 74-80. Um Kalmanstungu, Geitland og nágrenni. Brynjólfur Jónsson, „Nokkur bæjanöfn í Landnámu í ofanverðri Hvítár síðu og Hálsasveit“.
- Ónr. Skýrslur í máli nr. 4/2014 hjá óbyggðanefnd (30 bls., skrifaðar upp eftir hljóðupptöku).
- Ónr. Örnefnaskrá fyrir Kalmanstungu, Skráð af Ara Gíslasyni eftir Kristófer Ólafssyni, bónda í Kalmanstungu.
- Ónr. Örnefnaskrá Örnefnastofnunar fyrir Arnarvatnsheiði.
- Ónr. Örnefnaskrár Örnefnastofnunar fyrir Kalmanstungu. Ari Gíslason skráði.
- Ónr. Örnefnaskrá Örnefnastofnunar fyrir Geitland. Ari Gíslason skráði.
- Ónr. Skýringar Guðvarðar Más Gunnlaugssonar, sérfræðings á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, á Reykholtsmáldaga frá árinu 1185, dags. 9.3.2016.

Lagt fram af Óskari Sigurðssyni hrl. til hliðsjónar vegna Geitlands, Arnarvatnsheiðar, Þorvaldsstaða og Kalmanstungu I og II:

- Ónr. Goðorð og goðorðsmenn, e. Lúðvík Ingvarsson, 1986. 2.b., bls. 370-419.
- Ónr. Um sagnfræði: Þróun sagnaritunar. Heimspækikenningar um sögu. Heimildafraeði, e. Þórhall Vilmundarson, 1969, bls. 94-139.
- Ónr. Eignarhald á afréttum og almenningum: Sögulegt yfirlit, e. Gunnar F. Friðriksson, 1981, bls. 11-73.
- Ónr. Íslendinga saga: I. Þjóðveldisöld, e. Jón Jóhannesson, bls.46-49.

Lagt fram af óbyggðanefnd til upplýsinga fyrir aðila:

- Ónr. Almennar niðurstöður óbyggðanefndar með viðaukum, dags. 22.9.2011.
- Ónr. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll. nr. 58/1998, með síðari breytingum, dags. 26.2.2013.
- Ónr. Umsögn Gunnars F. Guðmundssonar sagnfræðings varðandi vörslu jarðabréfa, dags. 3.9.2007, ásamt fyrirspurn Ólafs Björnssonar hrl. um hvort íslensk jarðaskjöl gætu verið varðveitt í erlendum skjalasöfnum, dags. 22.8.2007.
- Ónr. Útprintun af tölvupósti Gunnars F. Guðmundssonar sagnfræðings varðandi gagnaöflun óbyggðanefndar. Ritað af tilefni greinar Einars Gunnars Péturssonar í Morgunblaðinu, dags. 5.6.2007: „Um vinnubrögð í þjóðlendumálum.“
- Ónr. Efnisyfirlit Björns Teitssonar o.fl. „Heimildaskráning jarða“, fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslur.